28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	1 000	
5,8	Gjöld samtals	1 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 000	
28–471	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög ríkissjóðs	4 500	
4,7	Tekjur samtals	4 500	
	Mismunur		4 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	4 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	111 450	
52–57	Önnur rekstrargjöld	171 440	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 041 700	
571	Fjármagnskostnaður	617	
51–57	Viðhald	16 430	
593	Afskriftir	16 430	
5,8	Gjöld samtals	1 358 067	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 991 297	
48	Fjármunatekjur	3 360	
49	Aðrar tekjur	440	
4,7	Tekjur samtals	3 995 097	
	Mismunur		2 637 030
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	95 000	
26	Afborgun lána	8 460	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	2 550 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 430	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 637 030	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	39 750	
52–57	Önnur rekstrargjöld	26 350	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	165 350	
571	Fjármagnskostnaður	26 310	
593	Afskriftir	4 380	
5,8	Gjöld samtals	262 140	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	255 050	
48	Fjármunatekjur	28 000	
4,7	Tekjur samtals	283 050	
	Mismunur		20 910

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	10 000	
26	Afborgun lána	3 290	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	12 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 380	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 910	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	18 720	
52–57	Önnur rekstrargjöld	10 290	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	657 000	
51–57	Viðhald	770	
593	Afskriftir	310	
5,8	Gjöld samtals	687 090	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	681 570	
48	Fjármunatekjur	560	
49	Aðrar tekjur	4 930	
4,7	Tekjur samtals	687 060	
	Mismunur		−30
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	280	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	310	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−30	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	8 170	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 240	
51–57	Viðhald	2 850	
593	Afskriftir	1 100	
5,8	Gjöld samtals	19 360	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 260	
4,7	Tekjur samtals	19 260	
	Mismunur		−100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–932	**Borgartún 7**		
51	Laun	4 360	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 500	
571	Fjármagnskostnaður	7	
51–57	Viðhald	3 290	
5,8	Gjöld samtals	11 157	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	11 117	
48	Fjármunatekjur	40	
4,7	Tekjur samtals	11 157	
29–934	**Tollstöðvarhús**		
51	Laun	7 410	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 570	
51–57	Viðhald	6 500	
5,8	Gjöld samtals	21 480	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 480	
4,7	Tekjur samtals	21 480	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Laun	4 560	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 290	
5,8	Gjöld samtals	7 850	
48	Fjármunatekjur	22 400	
4910	Framlög ríkissjóðs	100 000	
4,7	Tekjur samtals	122 400	
	Mismunur		114 550
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	105 000	
32	Annað	72 270	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	62 720	
39	Ráðstöfun eigin fjár	114 550	
29–981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	3 600	
52–57	Önnur rekstrargjöld	12 480	
51–57	Viðhald	16 430	
5,8	Gjöld samtals	32 510	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	32 510	
4,7	Tekjur samtals	32 510	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	1 414 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	985 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	171 920	
571	Fjármagnskostnaður	74 000	
51–57	Viðhald	26 830	
593	Afskriftir	567 210	
5,8	Gjöld samtals	3 240 260	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 106 420	
48	Fjármunatekjur	109 760	
49	Aðrar tekjur	182 870	
4,7	Tekjur samtals	3 399 050	
	Mismunur		158 790
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	425 000	
26	Afborgun lána	101 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	200 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	567 210	
39	Ráðstöfun eigin fjár	158 790	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	96 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	98 550	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	328 500	
571	Fjármagnskostnaður	842	
51–57	Viðhald	82 130	
593	Afskriftir	27 380	
5,8	Gjöld samtals	633 402	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	638 247	
4,7	Tekjur samtals	638 247	
	Mismunur		4 845
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
26	Afborgun lána	2 225	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	27 380	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 845	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	121 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	101 220	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	21 540	
571	Fjármagnskostnaður	41 595	
51–57	Viðhald	18 940	
593	Afskriftir	46 660	
5,8	Gjöld samtals	351 155	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	241 950	
48	Fjármunatekjur	5 190	
4910	Framlög ríkissjóðs	138 306	
4,7	Tekjur samtals	385 446	
	Mismunur		34 291
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	7 500	
26	Afborgun lána	73 451	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	46 660	
39	Ráðstöfun eigin fjár	34 291	
30–331	**Vitamálastjórn, áhaldahús og Seljavegur 32**		
51	Laun	16 190	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 570	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 290	
5,8	Gjöld samtals	26 050	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 050	
4,7	Tekjur samtals	26 050	
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 100	
571	Fjármagnskostnaður	5 963	
59	Yfirfærslur	12 000	
5,8	Gjöld samtals	19 063	
48	Fjármunatekjur	8 230	
4910	Framlög ríkissjóðs	15 000	
4,7	Tekjur samtals	23 230	
	Mismunur		4 167

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	9 764	
26	Afborgun lána	13 663	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	19 260	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 167	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	5 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 500	
571	Fjármagnskostnaður	347	
51–57	Viðhald	6 180	
593	Afskriftir	1 140	
5,8	Gjöld samtals	16 167	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	14 300	
48	Fjármunatekjur	620	
4910	Framlög ríkissjóðs	4 868	
4,7	Tekjur samtals	19 788	
	Mismunur		3 621
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	4 400	
26	Afborgun lána	361	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 140	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 621	
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	7 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 100	
571	Fjármagnskostnaður	47	
51–57	Viðhald	5 480	
593	Afskriftir	1 640	
5,8	Gjöld samtals	16 067	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	14 380	
4910	Framlög ríkissjóðs	819	
4,7	Tekjur samtals	15 199	
	Mismunur		−868

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	772	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 640	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−868	
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	1 680	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 200	
571	Fjármagnskostnaður	25	
593	Afskriftir	110	
5,8	Gjöld samtals	3 015	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 880	
4910	Framlög ríkissjóðs	447	
4,7	Tekjur samtals	3 327	
	Mismunur		312
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	422	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	110	
39	Ráðstöfun eigin fjár	312	
30–672	**Sérleyfissjóður**		
51	Laun	1 020	
52–57	Önnur rekstrargjöld	680	
5,8	Gjöld samtals	1 700	
4910	Framlög ríkissjóðs	3 000	
4,7	Tekjur samtals	3 000	
	Mismunur		1 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–673	**Ferðaskrifstofa ríkisins**		
51	Laun	20 080	
52–57	Önnur rekstrargjöld	12 770	
571	Fjármagnskostnaður	939	
51–57	Viðhald	920	
593	Afskriftir	750	
5,8	Gjöld samtals	35 459	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	34 559	
48	Fjármunatekjur	840	
4,7	Tekjur samtals	35 399	
	Mismunur		−60
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	690	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	750	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−60	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	135 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	112 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	41 120	
571	Fjármagnskostnaður	38 400	
51–57	Viðhald	45 000	
593	Afskriftir	56 400	
5,8	Gjöld samtals	428 220	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	437 710	
49	Aðrar tekjur	1 640	
4,7	Tekjur samtals	439 350	
	Mismunur		11 130
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 060	
26	Afborgun lána	47 600	
32	Annað	1 870	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	56 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 130	
31–233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	49 260	
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	22 940	
571	Fjármagnskostnaður	1 020	
51–57	Viðhald	710	
593	Afskriftir	8 540	
5,8	Gjöld samtals	93 470	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	97 481	
48	Fjármunatekjur	180	
4,7	Tekjur samtals	97 661	
	Mismunur		4 191

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 240	
26	Afborgun lána	4 901	
32	Annað	5 590	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	8 540	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 191	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	247 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	265 650	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	908 300	
571	Fjármagnskostnaður	47 040	
593	Afskriftir	288 420	
5,8	Gjöld samtals	1 757 210	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 490 120	
48	Fjármunatekjur	26 210	
49	Aðrar tekjur	23 100	
4,7	Tekjur samtals	1 539 430	
	Mismunur		−217 780
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	175 000	
26	Afborgun lána	10 640	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	288 420	
26	Tekin lán	100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−217 780	
32	Annað	15 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 100	
571	Fjármagnskostnaður	537 824	
59	Yfirfærslur, sveitarafvæðing	10 000	
59	Yfirfærslur, einkarafstöðvar	3 000	
5,8	Gjöld samtals	551 924	
48	Fjármunatekjur	456 730	
4910	Framlög ríkissjóðs	297 690	
4,7	Tekjur samtals	754 420	
	Mismunur		202 496

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	10 000	
26	Afborgun lána	510 432	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	50 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	367 930	
39	Ráðstöfun eigin fjár	202 496	
32	Annað	6	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1987 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1987 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1987 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

1.4 Að greiða hlut Íslands í kostnaði vegna fyrirhugaðra sameiginlegra hafsbotnsrannsókna Íslendinga og Dana á Hatton-Rockall-svæðinu að jafnvirði allt að 500 þúsund bandaríkjadölum.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1987 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf aðflutningsgjalda og sölugjalds

3.1 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar), þ.e. í þeim iðngreinum sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til stofnlína fyrir 132 kV spennu og hærri svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.3 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði og efni til mengunarvarna sem sett er upp að kröfu Siglingamálastofnunar ríkisins:

a. Fleytibúnaði til þess að ná upp olíu sem flýtur á sjó.
b. Flotgirðingum til að hefta útbreiðslu olíu sem flýtur á sjó.
c. Svokölluðum dreifiefnum sem eru sérstaklega gerð til að sundra olíuflekk sem flýtur á sjó (koma í veg fyrir að olíu reki á land og vernda fuglalíf á sjó).

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.5 Að endurgreiða sölugjald af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollskrárnúmeri 87.02.43 svo og af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnaði og tækjum í sjúkrabifreiðar svo og bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.6 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjúkra- og leitarbifreiðum í eigu björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða,

reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær og öðrum sérbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.7 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarsveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB). Framangreindar heimildir gilda einnig vegna sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða) og snjóbifreiða sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparsveita og rauðakrossdeilda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.9 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérhæfðum tækjum, þ.e. hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum sem sérstaklega eru framleidd fyrir sjónvarps- og útvarpsstarfsemi, svo og filmum, myndböndum og hljóðböndum sem flutt er inn af aðiljum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar hér á landi í atvinnuskyni. Heimildin tekur einnig til búnaðar (Decoder) sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpsendingu slíkra leyfðra útvarpsstöðva. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.10 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kunna að kaupa á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.11 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til fóðuriðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.12 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til byggingar saltverksmiðju á Reykjanesi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.14 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af innanhússsímum fyrir sjúkrahús og aðrar hjúkrunarstofnanir. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.15 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af neyðar- og kallkerfum sem sett verða upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.16 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði til björgunarsveita:

a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum til nota við björgun manna úr sjávarháska.
b. Utanborðsvélum á slöngubáta sem notaðir eru við leitar- og björgunarstörf.
c. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir hafa verið af Siglingamálastofnun ríkisins, vegna bátsverja slöngubáta og fjöruborðsmanna við björgun frá strönduðum skipum.
d. Sérhönnuðum neyðarleifturljósum (strobe-lights) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
e. Sérhönnuðum björgunarbátum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.17 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af farsímum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3.18 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af skíðalyftum.
3.19 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af orgelum til notkunar í kirkjum.
3.20 Að undanþiggja sölugjaldi sölu Listasafns Íslands á 30 glermyndum eftir Leif Breiðfjörð.
3.21 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt. Enn fremur að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af byggingarefni og sölugjald af jarðvinnu vegna framkvæmda við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt. Ofangreind heimild nær ekki til bifreiða og gaffallyftara. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.
3.22 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum og vélum til byggingar hveitimyllu á vegum Fóðurblöndunnar hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3.23 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af reiðhjólum í tollskrárnúmeri 87.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3.24 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af hljóðfærum, svo og hlutum til þeirra, í tollskrárnúmerum 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00 og 92.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3.25 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21 sem verða tollafgreidd á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3.27 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af aðaldælu fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.
3.28 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af steindum gluggum sem setja á upp í Tjarnarkirkju í Svarfaðardal.
3.29 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af línuhraðli sem keyptur verður vegna K-byggingar á landspítalalóð.
3.30 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjótroðara sem keyptur hefur verið fyrir svonefnt Bláfjallasvæði svo og snjótroðara sem keyptur verður vegna skíðasvæðisins í Skálafelli.
3.31 Að endurgreiða björgunarsveitinni Víkverjum aðflutningsgjöld og sölugjald af vatnabifreið sem hún hefur keypt til nota við björgunarstörf.
3.32 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af borverkum og aðföngum til orkurannsóknaborana til vinnslu jarðvarma. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.
3.33 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérhæfðum hjarta- og gjörgæslubúnaði fyrir Borgarspítalann.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds

4.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

4.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa og endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

4.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna

5.1 Að selja húseignina Brautarholt 6, Reykjavík.

5.2 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

5.3 Að selja húseignina Kópavogsbraut 9, Kópavogi.

5.4 Að selja fasteignina Tunguholt í Fáskrúðsfirði.

5.5 Að selja íbúð á 1. hæð að Hörðuvöllum 6 og húseignina Hrísholt 8, Selfossi.

5.6 Að selja fasteignina Suðurgötu 8, Hafnarfirði.

5.7 Að selja húseignina Lagarás 4, Egilsstöðum.

5.8 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegi 1, Reykjavík.

5.9 Að selja húseignina Ægisbraut 7, Búðardal.

5.10 Að selja húseignina Hvanneyrarbraut 27, Siglufirði.

5.11 Að selja húseignina Strandgötu 35, Eskifirði.

5.12 Að selja Andakílsárvirkjun u. þ. b. 2 km langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.

5.13 Að selja húseign Ríkisútvarpsins að Norðurgötu 2b á Akureyri.

5.14 Að selja geymsluhúsnæði Rafmagnsveitna ríkisins að Lyngási á Egilsstöðum.

5.15 Að selja 1. hæð húseignar Póst- og símamálastofnunarinnar í Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

5.16 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.

5.17 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík.

5.18 Að selja fasteignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

5.19 Að selja íbúðarhús í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.

5.20 Að selja vitaskipið Árvakur og verja andvirðinu að hluta til kaupa á krana og tækjabúnaði til vitaþjónustu.

5.21 Að selja Umferðarmiðstöðina að Vatnsmýrarvegi 10 í Reykjavík.

5.22 Að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 í Reykjavík og jarðhús í Ártúnsbrekku við Suðurlandsbraut í Reykjavík og leggja andvirðið í sjóð er stofnaður var með 4. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1985.

5.23 Að selja eignarhlut Kristnesspítala í fasteigninni Geislagötu 12, Akureyri.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

6.1 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Vatnsleysustrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.

6.2 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Skútustaðahreppi og taka til þess nauðsynleg lán.

6.3 Að kaupa eignir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
6.4 Að kaupa 5. hæð hússins Laugavegur 105, sem er í eigu Bjargráðasjóðs, og taka til þess nauðsynleg lán.
6.5 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
6.6 Að kaupa jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem Reykjavíkurborg á þar og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
6.7 Að kaupa fasteignina Lyngás 7—9, Garðabæ, til skólahalds.
6.8 Að kaupa húsnæði til að nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
6.9 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
6.10 Að kaupa húsnæði að A-götu 6 á Hvanneyri og taka til þess nauðsynleg lán.
6.11 Að kaupa húsnæði að Bíldshöfða 16 í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.12 Að kaupa húseignina Laugarholt 3a á Húsavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.13 Að kaupa húseign Verslunarskóla Íslands að Þingholtsstræti 37 í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.14 Að kaupa hluta fasteignarinnar Glæsibæjar við Álfheima 74 í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.15 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.
6.16 Að taka lán til kaupa á hluta húseignar að Álfheimum 72, Reykjavík (98 m^2 geymsluhúsnæði).

7.1 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í skólastjórabústað á Flateyri og sambærilegum hluta í fjölbýlishúsi.
7.2 Að hafa makaskipti á 180 m^2 skemmu Vegagerðar ríkisins á Þórshöfn á Langanesi og 100 m^2 skemmu Kaupfélags Langnesinga ásamt tilheyrandi lóðum.
8.1 Að taka lán til kaupa á skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands.
8.2 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi kjörum að mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar.
8.3 Að taka lán til kaupa á húseignum í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík.

Ýmsar heimildir

9.1 Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd útgjöld til að bæta fjarskipti ef til fækkunar loftskeytamanna á stórum togurum kemur.
9.2 Að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða gegn frekari dreifingu slíkra efna.
9.3 Að semja um, bæta tjón og greiða kostnað að hluta með Framleiðnisjóði landbúnaðarins vegna sauðfjársjúkdóma.
9.4 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.
9.5 Að fella niður allt að 10 m. kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
9.6 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs lán sem tekin kunna að verða til kaupa á dýpkunarskipi, enda liggi fyrir áætlanir samgönguráðuneytisins um líkleg verkefni fyrir slík skip, svo og áætlanir um rekstur þess.
9.7 Að semja við fráfarandi þjóðgarðsvörð í Skaftafelli um húsnæðismál þjóðgarðsvarðar.
9.8 Að semja við Akraneskaupstað um byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1 Inngangur

Fjárlagafrumvarp það, sem nú er lagt fram, einkennist um margt af almennu efnahagsástandi í landinu. Það mikilvægasta við niðurstöður þessa frumvarps er að þær samræmast því markmiði ríkisstjórnarinnar að ná sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd á næsta ári. Þá er gengið út frá að önnur útgjöld þjóðarbúsins fari ekki fram úr því sem gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Ríkisfjármálin verða því áfram veigamikill þáttur í að koma á og viðhalda efnahagslegu jafnvægi í landinu þó að hvorki sé í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni heildarskattheimtu né niðurskurði á framlögum til velferðar- og menntamála.

Í byrjun þessa árs voru gerðir samningar um kaup og kjör launafólks þar sem kauphækkunum var stillt í hóf, útflutningsatvinnuvegunum tryggð viss gengisfesta og ákveðið var að ríkisfjármálum skyldi beitt til þess að halda niðri verðlagshækkunum innanlands.

Um langt árabil hefur þjóðin ekki búið við jafn litla verðbólgu og á þessu ári, atvinna hefur verið næg og afkoma útflutningsgreinanna verið góð. Afkoma ríkissjóðs hefur ráðist af því að ákveðið var, til lausnar á kjaradeilu í ársbyrjun, að ríkissjóður drægi verulega úr skattheimtu og yki niðurgreiðslur á vöruverði.

Horfur eru nú á að afkoma ríkissjóðs 1986 verði nokkru lakari en að var stefnt við endurskoðun á ríkisfjármálunum í febrúar 1986 í kjölfar kjarasamninganna. Þá var reiknað með að halli á ríkissjóði næmi um 1,5 milljarði króna. Launahækkanir opinberra starfsmanna á árinu og ýmsar launatengdar bótagreiðslur valda því að nú eru horfur á að halli á ríkissjóði verði um 2,2 milljarðar króna sem jafngildir um 1,5% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 1986. Leitað hefur verið til Seðlabanka um að fjármagna þennan viðbótarhalla til áramóta. Jafnframt er í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 leitað heimildar til langtímalántöku í þessu skyni. Af þessum aðstæðum mótast stefna og horfur í ríkisfjármálum á árinu 1987.

Á árinu 1987 er áformað að halda áfram á þeirri braut að draga úr erlendum lántökum opinberra aðila. Rekstarhalli á ríkissjóði, um tæpan 1,6 milljarð króna, veldur því að leitað verður allra ráða til innlendrar fjármögnunar. Í öðru lagi er með þessu frumvarpi stefnt að því að umsvif ríkisins verði svipuð og á þessu ári. Í þriðja lagi eru gerðar nokkrar breytingar á skattheimtu ríkissjóðs. Dregið er úr tekjuskatti í samræmi við markaða stefnu þrátt fyrir mjög þröngan fjárhag ríkissjóðs en til þess að koma í veg fyrir þensluáhrif vegna aukins halla á rekstri ríkissjóðs þykir óhjákvæmilegt að afla nokkurra tekna með gjaldi á innfluttar olíuvörur. Af sömu ástæðu standa ekki efni til annars en að framlengja ákvæði um svonefnt húsnæðisgjald sem er ein prósenta af núverandi 25% söluskatti. Loks er að nefna að stefnt er að aðhaldi í útlánum fjárfestingarlánasjóða enda er bankakerfið nú mun betur undir það búið að fjármagna rekstur og fjárfestingu atvinnuveganna en verið hefur. Í samræmi við stöðu ríkissjóðs og afkomuhorfur atvinnuveganna þarf að marka stefnuna í peningamálum. Frumvarp til lánsfjárlaga er lagt fram jafnhliða þessu frumvarpi. Skoða þarf þessi tvö frumvörp sem eina heild þegar hugað er að stefnunni í opinberum fjármálum.

Fjárlagafrumvarpið er miðað við sömu forsendur og þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár að því er varðar þróun verðlags, launa og gengis. Svigrúm aðila vinnumarkaðarins til launaákvarðana á næsta ári ræðst af markmiðum þjóðhagsáætlunar um þjóðarútgjöld og lækkun verðbólgu. Tekjur ríkissjóðs svo og launa- og rekstrarliðir í fjárlagafrumvarpinu er því sett fram á áætluðu verðlagi í árslok 1986. Almennir kjarasamningar í landinu gilda

velflestir til næstu áramóta. Við gerð kjarasamninga fyrir árið 1987 er ljóst að ekki verður svigrúm til aðgerða í opinberum fjármálum með sama hætti og var á þessu ári.

Það er markmið ríkisstjórnarinnar að jafna halla á ríkissjóði þannig að aðhaldsaðgerðir komi til áhrifa á nokkru tímabili. Fyrsta skrefið er stigið á árinu 1987 með því að lækka halla ríkissjóðs um sem nemur fjórðungi frá því sem spáð er að verði í ár. Þrátt fyrir þetta er lagt til í þessu frumvarpi að ýmsar stefnumarkandi ákvarðanir komi til framkvæmda á árinu 1987. Hjá því verður þó ekki komist að ýmsar þarfar framkvæmdir á vegum ríkisins og áform um ýmsar grundvallarbreytingar á fjármálum ríkisins verða að bíða.

Í frumvarpinu er lagt til að skref verði stigið í átt til lækkunar tekjuskatts af launatekjum. Miðað er við að ríkissjóður lækki tekjur sínar af þessum skatti um 300 m.kr. Útfærsla þessarar lækkunar mun koma fram í sérstöku frumvarpi í þingbyrjun. Í annan stað er samstaða um það meðal stjórnarflokkanna að leggja á innfluttar olíuvörur gjald og er fjáröflun með þessum hætti áformuð 600 m.kr. Í þingbyrjun verður lagt fram frumvarp í þessum tilgangi. Til þessa hefur þjóðarbúið hagnast á lækkun verðs á innfluttum olíuvörum sem nemur um 2 milljörðum króna. Ávinningurinn af þessari lækkun hefur til þessa allur komið fram í bættum fjárhag atvinnufyrirtækja og einstaklinga.

Á haustþingi munu lögð fram frumvörp til breytinga á ýmsum veigamiklum þáttum tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs. Unnið er að undirbúningi á upptöku virðisaukaskatts. Þá verður á næstunni lagt fram frumvarp til breyttra tollalaga og álagningar vörugjalds. Þetta eru málefni sem hafa verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Loks er unnið að athugun á staðgreiðslukerfi skatta.

Í útgjaldaáætlun ríkisins hefur þeirri stefnu verið fylgt að beita aðhaldi, þó þannig að rekstrarfé til starfsemi stofnana sé miðað við raunverulegt umfang. Annað leiðir aðeins til aukinnar ásóknar í aukafjárveitingar þegar líða tekur á árið. Meðal annars af þessum sökum hafa einstök ráðuneyti átt meiri þátt en oft áður í undirbúningi frumvarpsins. Leitað var eftir samvinnu við ráðuneytin um samdrátt í útgjöldum og raunsæja áætlanagerð. Jafnhliða þessu felst einnig aukin ábyrgð á því að framkvæmd fjárlaga verði í samræmi við fjárframlög. Framlögum til framkvæmdaverkefna er stillt í hóf. Í mörgum tilvikum er miðað við það að framkvæmdafjárhæðir séu óbreyttar í krónum talið frá árinu 1986. Í því felst raunlækkun útgjalda. Framlög til skólamannvirkja, hafnargerðar og sjúkrahúsa hækka nokkuð að raungildi frá því sem er í ár. Á sviði menningarmála er mikilvægust hækkun á framlagi til Kvikmyndasjóðs. Framlög til atvinnuvegasjóða og annarra fjárfestingarlánasjóða hafa farið lækkandi á liðnum árum. Ekki er gert ráð fyrir breytingu hér á.

Á árinu 1987 mun ríkissjóður þurfa að afla 4,8 milljarða króna lánsfjár og verður samið við Seðlabanka Íslands um skuldbreytingu á 960 m.kr. afborgunum af umsömdum lánum á því ári. Stefnt er að því að afla með sölu spariskírteina 500 m.kr. umfram innlausn á eldri bréfum. Auk þess er gengið út frá að lánastofnanir kaupi verðbréf ríkissjóðs fyrir 1.650 m.kr en hér er farið inn á nýjar brautir í lánsfjáröflun á innlendum markaði.

Í greinargerð frumvarpsins felst sú nýjung að gerð er grein fyrir fjárhag ríkisfyrirtækja með fyllri hætti en áður. Í ríkisstjórninni hefur verið rætt um að fyrir afgreiðslu fjárlaga verði sérstaklega fjallað um fjármál þessara fyrirtækja, fjárfestingu þeirra, rekstrarumsvif og verðlagningu á næsta ári. Þannig er ríkisstjórnin reiðubúin að leggja sitt af mörkum til þess að verðbreytingar á árinu 1987 verði innan viðunandi marka.

2 Fjárlagafrumvarp 1987, yfirlit

Athugasemdir með þessu frumvarpi eru nú settar fram með svipuðu sniði og gert var fyrir árið 1986, en þá voru gerðar ýmsar grundvallarbreytingar á gerð og framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings.

Greinargerð frumvarpsins er í nokkrum aðalköflum. Á eftir inngangi er í 2. kafla gefið yfirlit um helstu þætti og stefnuatriði frumvarpsins. Þá eru 3. og 4. kafli greinargerðarinnar um tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Í 5. kafla er fjallað sérstaklega um fjárhag B-hluta fyrirtæka og sjóða. Í 6. kafla er lýst heildarskuldbindingum ríkissjóðs, formi lána og veittra ábyrgða. Í þessum kafla er byggt á grunni frá frumvarpi ársins 1986. 7. kafli er um fjárfestingar- og lánsfjármál opinberra aðila og annarra. Að lokum er í 8. kafla gerð grein fyrir horfunum í ríkisfjármálum á næstu árum. Þá eru tvö fylgiskjöl, annað um kostnað og stöðu framkvæmda á sviði heilbrigðismála, hitt um veittar aukafjárveitingar frá ársbyrjun til loka sepember. Loks eru ýmis töfluyfirlit.

2.1 Verðforsendur frumvarpins

Fjárlagafrumvarp og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 byggja í öllum meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis. Kjarasamningar flestra launþega eru lausir um næstkomandi áramót og þróun launa á árinu 1987 því óráðin. Af þessu leiðir að óvissa ríkir um þróun verðlags á því ári og því er frumvarpið sett fram á áætluðu verðlagi um næstkomandi áramót.

Við gerð kjarasamninga í ársbyrjun 1986 var stefnt að gengisfestu út árið. Bandaríkjadalur hefur farið lækkandi á erlendum gjaldeyrismörkuðum og gagnvart íslensku krónunni á árinu. Ýmsar aðrar myntir, sem vega þungt í innflutningi, hafa aftur á móti styrkst. Gengi dalsins hefur t.d. lækkað gagnvart íslensku krónunni um 3,5% frá ársbyrjun til septemberloka meðan gengi þýska marksins hefur hækkað um 15,7%, japanska yensins um 26,3% og svissneska frankans um 20,0%. Gengishreyfing helstu viðskiptamynta skiptir verulegu máli, ekki aðeins fyrir afkomu útflutningsgreina og fyrir almennt innflutningsverðlag í landinu, heldur einnig fyrir tekjur og gjöld ríkissjóðs. Hvorki er spáð fyrir um innbyrðishreyfingu erlendra mynta á árinu 1987 né um gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu myntum en reiknað er með óbreyttu gengi frá því sem var í september 1986 til ársloka. Spár um verðbólgu á næsta ári í helstu viðskiptalöndum okkar fela í sér um 3% hækkun milli áranna 1986 og 1987. Auk þess er í tekjuáætlun frumvarpsins reiknað með 1—2% aukningu á viðskiptaveltu.

Laun á innlendum markaði hafa hækkað meira en reiknað var með við gerð kjarasamninga. Lætur nærri að launahækkun allra starfsmanna í þjónustu ríkisins nemi um 25,5% frá upphafi til loka árs 1986 og um 30—32% milli áranna 1985 og 1986. Hækkun þessi er breytileg eftir starfshópum. Launabreyting á almennum markaði liggur ekki eins ljóst fyrir. Talið er að kauptaxtar almennt hafi hækkað um 20—21% frá upphafi til loka árs. Við þetta bætist launaskrið þannig að heildarhækkun launa á almennum markaði gæti legið á bilinu 24—25% frá upphafi til loka árs eða svipað og hjá opinberum starfsmönnum. Óljóst er hver raunveruleg þróun þessara mála hefur orðið hjá einstökum starfsstéttum. Sérkjarasamningar við fjölmenna starfshópa á almennum markaði leiða til tekjuhækkunar hjá launþegum vegna vinnutímabreytinga, hagræðingar í rekstri fyrirtækja o.fl.

Innlent verðlag hefur hækkað mun minna en laun. Við gerð kjarasamninganna var við það miðað að verðbreyting frá upphafi til loka árs yrði um 8½%. Samkvæmt síðustu spám er talið að þessi breyting verði um 11% en í því felst um 21% verðhækkun að meðaltali á milli áranna 1985 og 1986. Loks er við það miðað að vísitala byggingarkostnaðar hækki um 15% frá upphafi til loka árs 1986.

Á þessum forsendum er áætlun um tekjur og gjöld byggð en nánari grein er gerð fyrir einstökum verðlagsþáttum í almennum athugasemdum hér að neðan.

2.2 Afkomuhorfur ríkissjóðs 1986 og 1987, samanburður

Samhliða gerð kjarasamninga í febrúar s.l. voru ákveðnar ýmsar aðgerðir sem áhrif hafa á fjárhag ríkissjóðs, sbr. lög nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og

lánsfjármálum 1986. Í lögunum var fjármálaráðherra m.a. heimilað að lækka ríkisútgjöld um 860 m.kr. og tekjur ríkissjóðs um 2.510 m.kr. Auk þess hafa önnur ákvæði laganna áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Í tímans rás á árinu 1986 hafa að auki orðið tilteknar breytingar á fjárhagsáætlun ríkissjóðs. Fjárlög og endurskoðun fjárlaganna skal nú skoðuð í samhengi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1987.

Rekstrarafkoma ríkissjóðs er nú talin verða lakari en áætlað var eftir gerð kjarasamninganna. Skýrist það bæði af því að útgjöld eru talin verða hærri en áður var áætlað og einnig hitt að tekjur hafa þróast með öðrum hætti en áætlað var. Í 3. kafla um tekjuhlið frumvarpsins og 4. kafla um gjaldahlið þess er fjallað nánar um einstaka liði. Hér er lögð áhersla á heildarniðurstöður.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlunartölur fjárlagafrumvarpsins 1987 samanborið við fjárlög 1986 (afgreidd á Alþingi í des. 1985), endurskoðaða áætlun í mars 1986, sbr. lög nr. 3/1986, og nýja áætlun um afkomu ríkissjóðs út árið frá í september sem er hluti af gerð og undirbúningi fjárlaga fyrir árið 1987. Sérstaklega skal tekið fram að til samanburðar við árið 1987 eru lagðar til grundvallar tekjur og gjöld og aðrar fjárheimildir skv. lögum nr. 3/1986 enda eru það fjárlögin eins og þau eru í framkvæmd:

	Fjárlög 1986 M.kr.	Fjárlög, sbr. lög 3/1986 M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1986 M.kr.	Frumvarp 1987	Breyting %	
	(1)*	(2)	(3)	(4)	(4/2)	(4/3)
1. Tekjur	37.854	35.344	37.000	40.001	13,2	8,1
2. Gjöld	37.691	36.830	39.177	41.584	12,9	6,1
3. Jöfnuður	**163**	**−1.486**	**−2.177**	**−1.583**		
4. Lánahreyfingar, útstreymi						
Afborganir, nettó	2.559	2.409	2.409	1.510		
Veitt lán	960	960	1.004	1.370		
Hluta- og stofnfjárframlög	100	100	100	80		
Viðskiptareikningar	1.150	1.150	1.150	300		
5. **Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs, brúttó**	**4.606**	**6.105**	**6.840**	**4.843**		
6. Lántökur:						
Innlend lán	2.100	3.575	3.575	3.150		
Erlend lán	2.550	2.550	2.594	1.700		
Yfirdráttur hjá Seðlabanka	—	—	671	—		
7. Greiðsluafkoma	44	20	0	7		

*Allur samanburður við fjárlög 1986 miðast við fjárlögin eins og þau voru eftir aðgerðir í ríkisfjármálum, sbr. lög nr. 3/1986. Dálkur 1 er því aðeins birtur til þess að sýna áhrif efnahagsaðgerðanna á fjárhag ríkissjóðs.

Allar horfur eru taldar á því að ríkisútgjöld 1986 verði um 39.177 m.kr. en það eru 6,4% hærri niðurstaða en fjárlög, sbr. lög nr. 3/1986, gerðu ráð fyrir. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið um 37.000 m.kr. en það er um 4,7% hærri fjárhæð en í fjárlögum eins og þau voru afgreidd með breytingum í febrúar 1986. Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs verður samkvæmt yfirlitinu 691 m.kr. verri en að var stefnt. Þetta á sér ýmsar skýringar sem nú skulu tilgreindar.

Tekjur hækka um tæpar 1.660 m.kr., þar af beinir skattar um 850 m.kr., en álagning og þar með innheimta beinna skatta á árinu er áætluð hærri en áður var talið. Skýrist þetta fyrst og fremst af meiri hækkun atvinnutekna milli áranna 1984 og 1985 en reiknað var með. Að öðru leyti skýrist hækkun tekna ríkissjóðs aðallega af nokkru meiri tekjum af óbeinum sköttum. Verður þessi hækkun fyrst og fremst rakin til meiri veltu og viðskipta en áætlað hafði verið.

Á hinn bóginn skýrist verri afkoma ríkissjóðs af breytingu á gjaldahlið. Útgjöld eru alls talin hækka um tæpar 2.350 m.kr. Þyngst í þessari hækkun vega hærri launagreiðslur vegna áhrifa sérkjarasamninga og niðurstöðu kjaradóms. Alls er talið að launaútgjöld aukist um 640 m.kr. umfram fjárlög. Þá hækka bætur lífeyristrygginga og útgjöld vegna sjúkratrygginga af sömu ástæðu um 500 m.kr. Á fyrri hluta árs var ákveðið að greiða niður áburðarverð til bænda og var það liður í því að draga úr verðhækkun á búvörum. Útgjöld vegna þessa nema 170 m.kr. Þá er að nefna að veitt var aukaframlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna að fjárhæð 258 m.kr. Útsala á kindakjöti í ágúst og september leiddi til 81 m.kr. aukaútgjalda. Þá eru ýmsar aðrar greiðslur taldar geta numið um 700 m.kr.

Litlar breytingar eru taldar verða á lánahreyfingum ríkissjóðs frá því sem áætlað var skv. lögum nr. 3/1986. Veitt lán hækka um 44 m.kr. og er það vegna þess að ríkissjóður annast lántökur erlendis og endurlánar nokkrum aðilum utan A- og B-hluta ríkissjóðs. Ekki var miðað við slík lánaumsvif í fyrri áætlun. Fjáröflun innanlands var áætluð alls 3.575 m.kr., þar af var ráðgert að afla 2.100 m.kr. með sölu spariskírteina, 850 m.kr. með verðbréfakaupum bankakerfisins og 625 m.kr. með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Innlausn spariskírteina var áætluð um 1.720 m.kr. og var því nettó fjáröflun með þessum hætti áætluð 380 m.kr. á árinu 1986. Þrátt fyrir lækkun vaxta innanlands og harða samkeppni um sparifé hefur sala spariskírteina numið 1.977 m.kr. í lok september og er það 576 m.kr. umfram innlausn á sama tímabili. Nú hefur sölu nýrra skírteina á innlendum markaði verið hætt um tíma og geta aðeins þeir sem eiga innleysanleg skírteini skipt á nýjum bréfum á móti. Þá hafa verðbréfakaup lífeyrissjóða og bankakerfis haldist nokkurn veginn í takt við áætluð kaup þeirra á árinu. Að svo stöddu þykir því ekki ástæða til að endurskoða tölur fyrir innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1986.

Áformað er að leita til Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs, þ.e. 671 m.kr. Jafnframt er í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir 1987 leitað heimildar til langtímalántöku í þessu skyni. Lánsfjármál ríkissjóðs 1986 og 1987 eru skýrð sérstaklega síðar í greinargerðinni.

Tekjur ársins 1987 eru alls taldar verða 40.001 m.kr. en það er hækkun um 8,1% frá því sem talið er að verði í ár. Tvö meiri háttar stefnuatriði felast í tekjuáætlun ársins 1987. Í fyrsta lagi er reiknað með lækkun á skatti af tekjum einstaklinga um 300 m.kr. Þetta er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum. Í öðru lagi er samstaða meðal stjórnvalda um að leggja gjald á innfluttar olíuvörur. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar 600 m.kr. Þessi gjaldtaka er nauðsynleg til þess að styrkja fjárhag ríkissjóðs enda má benda á að allur hagur af lækkun olíuverðs á síðastliðnum mánuðum hefur komið í hlut fyrirtækja og heimila.

Gjöld ríkissjóðs 1987 eru alls talin verða 41.584 m.kr. en það er hækkun um 2.407 m.kr. eða um 6,1% hækkun frá endurskoðaðri áætlun í ár. Hækkun gjalda er því minni en hækkun tekna enda dregur úr rekstrarhalla ríkissjóðs.

Nokkra útgjaldaliði er sérstök ástæða til að nefna en jafnframt eru þeir skýrðir frekar í greinargerðinni hér á eftir.

Fyrst er til að taka að framlög ríkissjóðs til húsbyggingarsjóða eru alls 1.300 m.kr. en voru 1.600 m.kr. á árinu 1986. Er þetta í samræmi við markaða stefnu í þessu efni.

Í öðru lagi er að nefna að útgjöld til þýðingarmikilla framkvæmdaflokka svo sem hafnargerðar, skólabygginga og sjúkrahúsa hækka frá því sem er í ár, enda hafa þessir liðir verið lækkaðir umtalsvert á liðnum árum. Nú er svo komið að ekki þykir fært að ganga lengra á þeirri braut.

Í þriðja lagi er að nefna að vaxtagjöld og afborganir af lánum taka aukið vægi í fjármálum ríkisins. Þannig er talið að vextir og afborganir nemi alls 7.945 m.kr. 1986 eða um 21,5% af heildartekjum ríkissjóðs það ár. Í frumvarpinu er sambærilegt hlutfall 16,9%. Hlutfallsleg lækkun 1987 kemur einkum til af frestun afborgana í Seðlabankanum og

skuldbreytingum lána erlendis á þessu ári. Þá hefur lækkun vaxta á erlendum lánsfjármörkuðum komið ríkissjóði vissulega til góða en á móti vegur að raunvextir á innlendum markaði eru þrátt fyrir allt háir og tiltölulega stuttur lánstími. Í 7. kafla er gerð grein fyrir horfum í vaxta- og afborgunarmálum ríkissjóðs.

Í fjórða og síðasta lagi er þess að geta að skil ríkissjóðs á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru lækkuð sérstaklega um 130 m.kr. til viðbótar 177 m.kr. skerðingu lögbundinna skila, en sambærileg skerðing hefur gilt um tveggja ára skeið. Viðbótarlækkun þessi er til bráðabirgða og mun standa þar til stjórnvöld og samtök sveitarfélaga hafa tekið ákvörðun um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Nú eru starfandi nefndir sem um þetta fjalla og er þess vænst að þær skili áliti á næstu vikum þannig að fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 verði ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu.

Ríkisumsvif má mæla með ýmsum hætti. Ein leið er að sýna tekjur, gjöld og lántökur sem hlutfall af landsframleiðslu. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður A-hluta ríkissjóðs sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 %	Endurskoðuð áætlun 1986 %	Frumvarp 1987 %
Tekjur	25,1	25,9	25,9
Gjöld	26,2	27,4	27,0
Rekstrarhalli	−1,1	−1,5	−1,1
Lánsfjárþörf, brúttó	4,3	4,8	3,1*
Lánsfjárþröf, nettó	1,3	1,8	1,0

* Væri endurgreiðsla til Seðlabanka 960 m.kr meðtalin næmi hlutfallið 4%

Annar kostur er sá að skoða áhrif opinberra fjármála með því að skipta þeim eftir hagrænu eðli eins og gert er í uppgjöri þjóðhagsreikninga. Greinarmunur er þá gerður á því hvort til útgjalda er stofnað vegna eiginlegs rekstrar á stofnunum og starfsemi ríkisins eða hvort fé er veitt til annarra aðila í hagkerfinu, t.d. atvinnuvega, samtaka eða einstaklinga, til endanlegrar ráðstöfunar. Í því frumvarpi, sem hér er kynnt, er nokkrum vandkvæðum bundið að gera samanburð sem þennan vegna ýmiss konar formbreytinga. Í frumvarpi fyrir árið 1987 eru t.d útgjöld þorra sjúkrahúsa í landinu færð sem laun, rekstrargjöld o.s.frv. og flokkast því sem samneysla. Á árinu 1986 eru þessi útgjöld aftur á móti talin sem tilfærslur. Í yfirlitinu hér á eftir hafa skilgreiningar verið samræmdar auk þess sem breytingartölurnar taka til ríkissjóðs og annarra opinberra aðila í víðara samhengi en einungis A-hluta ríkissjóðs:

Ár	Samneysla[1]	Fjárfesting hins opinbera[2]	Einkaneysla	Fjárfesting alls	Verg landsframleiðsla
1980*	4,0	18,2	3,5	9,5	5,5
1981*	7,2	1,0	4,7	1,0	2,6
1982*	5,5	−0,5	1,4	−0,5	−0,3
1983*	5,5	−12,3	−8,3	−12,3	−5,0
1984*	0,1	7,8	3,0	7,8	3,4
1985*	4,5	0,0	5,0	0,0	3,1
1986, áætlun	3,0	−8,8	5,0	0,0	5,0
1987, þjóðhagsáætlun	1,7	6,0	1,5	2,2	2,2

1) Til samneyslu teljast launagreiðslur, rekstrarfé og viðhaldsgjöld ríkis og sveitarfélaga.
2) Það er fjárfesting ríkissjóðs, opinberra fyrirtækja og sveitarfélaga.
* Skv. þjóðhagsuppgjöri Þjóðhagsstofnunar.

2.3 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborgarnir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfingar á skammtímakröfum.

Afborganir, nettó. Heildarafborganir af teknum lánum ríkissjóðs nema 3.335 m.kr. Þar af er talið að innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs nemi 1.000 m.kr. Mat á þessum þætti er jafnan háð mikilli óvissu en í ljósi reynslu síðustu ára og þeirra kjara, sem útistandandi bréf bera, er innlausn spariskírteina áætluð. Afborganir ríkissjóðs af erlendum og gengisbundnum lánum nema alls 1.420 m.kr. og er það um 43% af heildarafborgunum ríkissjóðs. Aborganir af lánum innanlands nema þannig 1.915 m.kr. Loks er þess að geta að leitað mun til Seðlabankans um skuldbreytingu á afborgunum af skuldabréfaskuldum í bankanum, alls að fjárhæð 960 m.kr.

Innheimtar afborganir nema alls 1.825 m.kr. Þær eru lægri, sem nemur um 300 m.kr. en annars væri, vegna ákvörðunar um að ríkissjóður yfirtaki hluta af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þetta er gert í framhaldi af ákvörðun um niðurfellingu verðjöfnunargjalds af raforku, sbr. lög nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl.

Veitt lán. Til veittra lána teljast þau lán sem ríkissjóður hefur beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta fyrirtæki og sjóði. Lán þessi eru til flugstöðvarbyggingar í Keflavík 520 m.kr., Lánasjóðs íslenskra námsmanna 750 m.kr. og Rafmagnsveitna ríkisins 100 m.kr. Að auki munu veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar í 6. kafla og athugasemdum með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Hluta- og stofnfjárframlög. Hluta- og stofnfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 80 m.kr. á árinu 1987. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbanka Íslands í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7,5 m.kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta sjötta greiðsla af tólf.
2. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur 27,4 m.kr. Hér er um að ræða lokagreiðslu af 75 m.kr. heildarframlagi til þróunaraðstoðar sem aðildarríki Alþjóðabankans ákváðu.
3. Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutafjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984—86 hafa árlega verið greiddar 11,9 m.kr. Lokagreiðsla, 11,9 m.kr., fer fram á árinu 1987 og er greiðslum vegna þessa þar með lokið.
4. Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að, alls 33 m.kr.

Viðskiptareikningar. Á undanförnum árum hafa breytingar á ýmsum skammtímakröfum ríkissjóðs numið hærri fjárhæðum en þær kröfur sem á ríkissjóði standa. Ávallt er um nokkurt útstreymi á viðskiptareikningum að ræða, svo sem skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda, innheimtukröfur o.fl. Hér af leiðir tímabundið fjárútstreymi úr ríkissjóði sem þarf að fjármagna. Áætlað nettóútstreymi af þessum reikningum nemur alls 300 m.kr.

Í heild nema lántökur A-hluta ríkissjóðs 4.850 m.kr., þar af verða 1.370 m.kr. endurlánaðar til fyrirtækja og sjóða í B-hluta fjárlaga. Með þessum heildarlántökum næst greiðslujöfnuður á ríkissjóði. Í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði er ráðstöfun lánsfjárins skýrð. Taka ber fram að lánsfjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna telst ekki til lánsfjármála ríkissjóðs. Litið er á þessa sjóði sem

lánastofnanir enda fara lántökur þeirra hjá lífeyrissjóðunum ekki um ríkissjóð heldur taka þeir lán til starfsemi sinnar beint og endurlána til einstaklinga og fyrirtækja.

Heildarlántökur innanlands nema þannig 3.150 m.kr. samanborið við 3.575 m.kr. á árinu 1986. Á árinu 1986 er sala spariskírteina ríkissjóðs alls talin 2.100 m.kr. en einungis 1.500 m.kr. 1987. Á hitt ber einnig að líta að í ár er talið að bankakerfið kaupi skuldabréf ríkissjóðs fyrir 850 m.kr. en á árinu 1987 verði innlánsstofnunum boðnar til kaups 1.650 m.kr. í verðbréfum ríkissjóðs til skemmri eða lengri tíma. Loks er ekki gert ráð fyrir skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af ríkissjóði á árinu 1987 en áformuð kaup í ár verða 625 m.kr. Til fyllri skýringa um lánamálin í heild vísast til 6. kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun í heild.

2.4 Lagabreytingar

Með sama hætti og í frumvarpi fyrir árið 1986 er hér sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að tekju- og gjaldahlið frumvarpsins standist. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um nauðsynlegar breytingar á lögum til skerðingar og heimildir til innlendrar og erlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess er þar leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins

Lög um tekju- og eignarskatt. Á því er byggt í frumvarpinu að lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, ásamt síðari breytingum, verði breytt þannig að innheimtur tekjuskattur lækki um 300 m.kr.

Sérstakur barnabótaauki. Lög nr. 112/1985, um sérstakan barnabótaauka, verði framlengd.

Húsnæðisgjald. Ákvæði 1. gr. laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, verði framlengd.

Lög um almannatryggingar. Ákvæði laga um álagningu sjúkratryggingagjalds verði framlengd, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, lög nr. 95/1975 og lög nr. 105/1985.

Lög um tollskrá o.fl. nr. 120/1976. Ákvæði laganna um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta verði framlengd.

Lög um vörugjald. Lög nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, verði framlengd a.m.k um eitt ár.

Orkugjald. Sett verði lög sem kveði á um sérstakt gjald sem verði lagt á bensín og olíuvörur. Áætlað er að afla um 600 m.kr. tekna með þessu á árinu 1987.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 22,2 m.kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1984, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki fara yfir 4,7 m.kr. og er framlagið eingöngu vegna vaxta og afborgana af lánum sem ríkissjóður er skuldbundinn til að standa straum af.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs að viðbættum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 100 m.kr. á árinu 1987. Ógreiddar markaðar tekjur frá árinu 1985 falla jafnframt niður.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinar 1987 fremur en 1985 og 1986.

Hafnabótasjóður. Um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 69/1984. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki nema hærri fjárhæð en 15 m.kr. á árinu 1987.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, sbr. lög nr. 52/1986, verður framlag ríkissjóðs á árinu 1987 eigi hærri fjárhæð en 25 m.kr.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, verður framlag ríkissjóðs ekki hærra en 15 m.kr. á árinu 1987.

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 55 m.kr. á árinu 1987.

Félagsheimilasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hæri fjárhæð en 12 m.kr. á árinu 1987.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 7,9 m.kr. á árinu 1987.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, skulu framlögin falla niður.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 722,5 m.kr.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, skal heildarframlag ríkissjóðs skv. 4. gr. fjárlagafrumvarpsins ekki nema hærri fjárhæð á árinu 1987 en 428 m.kr.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986 og 1987 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð.

2.5 Horfur í ríkisfjármálum 1987—1990

Fjármálaráðherra er skylt samkvæmt lögum að leggja fram með fjárlagafrumvarpi hvers árs áætlun um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára. Ákvæði 12. gr. laga nr. 84/1985 kveða svo á að í áætlun þessari skuli sýna meðal annars meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1986 var lögð fram allítarleg greinargerð um þetta efni og líkleg þróun tekna og útgjalda sýnd. Í annað sinn er nú leitast við að gefa yfirlit um líklegar horfur í ríkisfjármálum næstu ára, þó svo að fjölmargir veigamiklir liðir tekna og útgjalda ríkissjóðs séu verulega háðir efnahagsframvindu í landinu og stjórnmálaákvörðunum hverju sinni. Áhersla hefur verið lögð á samræmi við þjóðhagshorfur til næstu ára sem Þjóðhagsstofnun leggur fram og er hluti af þjóðhagsáætlun. Tekjur eru metnar út frá þeim tekjustofnun sem ríkissjóður hefur yfir að ráða samkvæmt þessu frumvarpi, auk þess sem fylgt er stefnumörkun stjórnvalda í skattamálum. Útgjöld ríkissjóðs eru metin út frá þeim útgjaldaáformum sem uppi eru 1987, að teknu tilliti til lagaákvæða sem gagngert hafa áhrif til breytinga á næstu árum. Um útgjaldahorfur er m.a. tekið mið af fólksfjölgun að því er tekur til útgjalda í trygginga- og fræðslumálum og aukinnar framleiðni í opinberri starfsemi almennt. Þá er líkleg þróun vaxtagjalda og afborganir af lánum hvort tveggja metið út frá líklegu vaxtastigi, áhvílandi skuldum og þeirri viðbót sem líklegt er að stofnað verði til, bæði vegna endurlána til verklegra framkvæmda og óhjákvæmilegs halla á rekstri ríkissjóðs.

Horfur í ríkisfjármálum á næstu árum eru eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, sbr. einnig 8. kafla hér síðar í greinargerðinni:

	Frumvarp M.kr.	Hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu			
	1987	1987	1988	1989	1990
Tekjur	40.001	25,9	25,9	25,6	25,5
Gjöld	41.584	27,0	26,7	26,5	26,4
Rekstrarafkoma	−1.583	−1,1	−0,8	−0,9	−0,9
Lánsfjárþörf, brúttó	4.843	3,1	3,3	3,7	4,3
Lánsfjárþörf, nettó	1.508	1,0	0,7	0,6	0,7

3 Tekjuhlið

Áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 er sem fyrr gerð í Þjóðhagsstofnun. Miðað er við áætlaða afstöðu verðlags, kauplags og gengis í árslok 1986 og endurskoðaða áætlun um innheimtu tekna ríkissjóðs árið 1986. Á þessum forsendum er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 40 milljarðar króna samanborið við 37 milljarða í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1986 eða 8,1% hækkun. Að frátöldum vaxtatekjum af langtímalánum hækka heildartekjur ríkissjóðs úr 35,3 í 38,6 milljarða króna milli áranna 1986 og 1987 eða um 9,5%.

	1981	1982	1983	1984	1985	Endurskoðuð áætlun 1986	Frumvarp 1987
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.[1])	5.995	9.577	15.144	20.771	27.110	35.268	38.632
Hækkun frá fyrra ári, %	62,9	59,7	58,1	37,2	30,5	30,1	9,5

1) Heildartekjur ríkissjóðs án vaxtatekna af langtímalánum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu tekjustofnum ríkissjóðs á þessu ári og horfum fyrir árið 1987. Rétt er að vekja athygli á því að í þessari umfjöllun er yfirleitt borið saman við endurskoðaða fjárlagaáætlun frá því í marsmánuði s.l., sbr. lög nr. 3/1986, en hún miðaðist við forsendur kjarasamninganna í ársbyrjun og efnahagsaðgerðir tengdar þeim. Þessi áætlun er eðlilegri viðmiðun en fjárlögin sem afgreidd voru í desember í fyrra og byggðust á öðrum og hærri verðlags- og gengisforsendum.

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1986 tæpum 550 m.kr. sem er 37,2% hækkun frá árinu áður. Þar af nam álagður eignarskattsauki rúmum 52 m.kr. Heildarálagning eignarskatts á félög hækkaði heldur minna, eða um 35%, og er áætluð um 416 m.kr. á þessu ári. Þar af nemur álagður eignarskattsauki 87 m.kr. Álagning eignarskattsauka var ákveðin með lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, en með lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, var gjaldtaka eignarskattsaukans framlengd óbreytt til ársins 1989. Gert er ráð fyrir að innheimtur eignarskattur einstaklinga, að meðtöldum eignarskattsauka og eftirstöðvum fyrri ára, nemi 507 m.kr. á þessu ári miðað við heldur betri innheimtu í ár en í fyrra sem var óvenju slök. Innheimtur eignarskattur félaga er talinn verða 310 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1986.

Álagning eignarskatta á árinu 1987 er miðuð við þá meginforsendu að skattbyrði milli áranna 1986 og 1987 haldist óbreytt. Í því felst að skattvísitala og aðrir þættir, sem álagninguna varða, verði ákveðnir í samræmi við það, m.a. með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Í ljósi þessa er áætlað að álagning eignarskatta hækki um 6—7% á árinu 1987, miðað við verðlag í árslok 1986. Að meðtalinni innheimtu eftirstöðva hækkar innheimtan meira en álagning milli ára eða um rúmlega 11% hjá einstaklingum og 14½% hjá félögum. Innheimta eignarskatts einstaklinga er áætluð 564 m.kr. á árinu 1987 en innheimta eignarskatts félaga 355 m.kr. miðað við svipað innheimtuhlutfall og í ár. Athygli er vakin á því að álagningargrunnur eignarskatta á næsta ári gæti hins vegar hækkað um allt að 25% miðað við áætlaða hækkun byggingarvísitölu milli áranna 1985 og 1986.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts af skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði 120 m.kr. eða óbreytt frá fjárlögum. Áætlunin fyrir árið 1987 er reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin og er reiknað með að innheimtan verði 145 m.kr. 1987 að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára.

Innheimta erfðafjárskatts fyrstu átta mánuði ársins 1986 bendir til þess að fjárlagaáætlunin, 45 m.kr., gangi eftir. Árið 1987 er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti geti orðið 48 m.kr. en um þennan tekjustofn ríkir alltaf mikil óvissa.

Tekjuskattar. Á fjárlögum fyrir árið 1986, sem samþykkt voru í desember 1985, var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga, nettó, gætu numið 2.615 m.kr. Sú áætlun var reist á þeirri forsendu að tekjur einstaklinga hækkuðu um nálægt 36% á mann að meðaltali milli áranna 1984 og 1985. Á grundvelli þessa var skattvísitala ársins ákveðin 136 stig (miðað við 100 1985). Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, var ákveðin sérstök lækkun á tekjuskatti einstaklinga til samræmis við breyttar tekjuforsendur í því skyni að auðvelda gerð nýrra kjarasamninga. Talið var að þessi ráðstöfun hefði í för með sér um það bil 150 m.kr. tekjutap, nettó, fyrir ríkissjóð á þessu ári.

Niðurstöður úrtaksathugunar Þjóðhagsstofnunar úr skattframtölum ársins 1986, sem lágu fyrir í aprílmánuði s.l., bentu til þess að tekjur einstaklinga hefðu hækkað talsvert meira á árinu 1985 en áður var talið eða um og yfir 40%. Endurskoðuð áætlun um beina skatta á þessum breyttu tekjuforsendum benti til 400 m.kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð á árinu 1986.

Tölur um frumálagningu ársins lágu fyrir um miðjan júlímánuð. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra var álagður tekjuskattur einstaklinga, brúttó, 5.927 m.kr., eða 51,2% hærri en á árinu 1985. Hins vegar hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur aðeins um 32,1% milli áranna 1985 og 1986 sem gerði það að verkum að álagður tekjuskattur einstaklinga, nettó, hækkaði um 64,6%.

Sérstök athygli skal vakin á lakari innheimtu tekjuskatts á síðasta ári en undanfarin ár, sem veldur því að óvenju mikið var útistandandi í ársbyrjun 1986 eða tæplega einn milljarður króna. Þessi inneign mun að öllum líkindum skila sér í aukinni innheimtu á þessu ári umfram fyrri áætlanir en innheimtuhlutfallið á þessu ári er þó óvisst, ekki síst vegna þyngri skattbyrði á síðari helmingi ársins. Enn fremur kann innheimtustofninn að reynast rýrari en oft áður vegna þess að tekjur við frumálagningu 1986 hafa verið áætlaðar hjá óvenju mörgum einstaklingum. Slíkar áætlanir lækka alla jafna við kærur og endurúrskurði. Með fyrirvara um betri innheimtu í ár en í fyrra og að teknu tilliti til viðbótarinnheimtu eftirstöðva er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti, nettó, verði 3.065 m.kr. á árinu 1986, eða 600 m.kr. umfram áætlun í mars.

Tekjuskattsálagning einstaklinga brúttó árið 1987 er miðuð við tekjustig í árslok 1986. Í því felst að brúttóálagning hækkar í samræmi við áætlaða hækkun tekna frá meðaltali til loka árs 1986 eða um 11½% að meðtalinni áætlaðri fjölgun framteljenda. Nettóálagning tekjuskatts hækkar þó mun minna, eða um 3%, þar sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að lækka tekjuskatt einstaklinga um allt að 300 m.kr. á árinu 1987. Álagningargrunnur tekjuskatts hækkar þó mun meira, eða um og yfir 30% miðað við síðustu áætlanir um launabreytingar milli áranna 1985 og 1986, en skattbyrðin ræðst sem endranær af ákvörðunum stjórnvalda um skattvísitölu, persónuafslátt og barnabætur. Samkvæmt þessu gæti innheimta ríkissjóðs á tekjuskatti einstaklinga, nettó, að meðtöldum eftirstöðvum orðið 3.390 m.kr. á árinu 1987 eða um 10½% hærri en á þessu ári. Þá er miðað við svipaða innheimtu á næsta ári og gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1986. Þessi ráðstöfun kallar á lagabreytingu. Því er ekki að finna í frumvarpinu tillögu um skattvísitölu fyrir árið 1987.

Áætlun um álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1987 er reist á sömu tekjuforsendum og álagning tekjuskatts en einnig á óbreyttri skattbyrði frá árinu 1986 og svipaðri innheimtu. Innheimta gjaldsins ásamt eftirstöðvum gæti numið 305 m.kr. árið 1987, samanborið við 265 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1986. Hækkunin milli ára er rúmlega 15%.

Tekjur ríkissjóðs af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra eru taldar verða um 99 m.kr. á þessu ári. Á næsta ári er áætlað að þessi skattur skili ríkissjóði um 115 m.kr. í innheimtum tekjum.

Tekjuskattur félaga hækkaði verulega í ár samanborið við árið 1985 eða um 57,5%. Þessa miklu hækkun má vafalaust rekja bæði til betri afkomu fyrirtækja á síðasta ári en árin á undan og hertrar skattheimtu og skatteftirlits, en einnig var álagningin óvenju lág í fyrra. Sem endranær ríkir óvissa um endanlegan tekjuskatt félaga á þessu ári en reynsla undangenginna ára sýnir að fyrstu álagningartölur lækka oft töluvert við meðferð eftir kærur og endurúrskurði. Áætlað er að nettóinnheimta tekjuskatts félaga, þ.e. að frádregnum sérstökum skatti á innlánsstofnanir frá fyrra ári, geti numið um 849 m.kr. árið 1986, eða 50% hærri en árið áður, miðað við svipaða innheimtuhlutfall bæði árin. Bankaskatturinn, sem í raun var fyrirframgreiðsla innlánsstofnana á tekju- og eignarskatti, var felldur niður um síðustu áramót. Að svo stöddu er ekki ljóst hvernig fyrirframgreiðslu þeirra á beinum sköttum verður háttað á næsta ári.

Áætluð tekjuskattsálagning félaga næsta ár byggir á forsendum um óbreytta skattbyrði frá árinu 1986 miðað við verðlag í árslok 1986. Gengið er út frá því að tekjur og gjöld hækki svipað, eða um nálægt 8%, sem er áætluð meðaltalshækkun almenns verðlags og

atvinnutekna frá ársmeðaltali þessa árs til ársloka. Miðað við svipaða innheimtu og á þessu ári gæti innheimtur tekjuskattur félaga orðið 1.040 m.kr. á árinu 1987, eða 22-% meiri en á árinu 1986. Þessi mikla hækkun stafar m.a. af því að á næsta ári kemur bankaskatturinn ekki lengur til frádráttar. Rétt er að ítreka óvissar innheimtutölur fyrir árið 1986 en á þeim hvílir áætlun um tekjuskatt félaga í fjárlagafrumvarpi 1987. Þar getur brugðið til beggja vona.

Gjöld af innflutningi. Á fjárlögum ársins 1986 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 3.540 m.kr. Í mars s.l. voru gerðar stórfelldar breytingar á tollskrárlögum en þær voru liður í aðgerðum stjórnvalda til að greiða fyrir gerð kjarasamninganna. Þessar breytingar fólu í sér umtalsverðan tekjumissi fyrir ríkissjóð. Mest munar um lækkun tolla á fólksbifreiðum úr 70% í 10% en einn þáttur í samkomulagi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins var að smásöluverð bifreiða skyldi lækka um að minnsta kosti 30% eða sem svaraði til 1½% lækkunar vísitölu framfærslukostnaðar í marsbyrjun. Í kjölfar þessarar lækkunar á bílverði jókst bifreiðainnflutningur mjög mikið. Fyrstu átta mánuði ársins voru fluttar inn tæplega 11 þúsund bifreiðar fyrir rúmlega 2 milljarða króna, samanborið við 4.700 bifreiðar sömu mánuði 1985. Þrátt fyrir þessa aukningu nema áætlaðar tolltekjur af bílainnflutningi fyrstu átta mánuði ársins 1986 aðeins 350—400 m.kr., en á sama tíma í fyrra voru þær 600 m.kr., enda var tollur af fólksbifreiðum þá 90% í stað 10% nú. Á móti kemur tekjuauki af innflutningsgjaldi.

Tollar á matvælum, hjólbörðum og heimilistækjum lækkuðu einnig talsvert. Þessu til viðbótar kemur síðan mikil lækkun bensínverðs á heimsmarkaði sem veldur lægri tolltekjum hjá ríkissjóði þar sem 50% tollur er lagður á innflutningsverð bensíns. Í áætlun, sem gerð var í ljósi fyrrgreindra tollskrárbreytinga og lækkandi olíuverðs í mars s.l., var talið að tekjur ríkissjóðs af almennum tollum yrðu 2.790 m.kr. á þessu ári. Með hliðsjón af innheimtu aðflutningsgjalda fyrstu átta mánuði ársins er nú reiknað með að tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofni verði talvert meiri eða 2.830 m.kr. Þessar tölur verður að taka með fyrirvara vegna óvissu um endanleg áhrif tollabreytinganna. Þess má geta að hækkun tollhlutfalls, þ.e. hlutfallsins milli tolltekna og innflutningsverðmætis um eina prósentu, gæti lauslega áætlað, hækkað tekjur ríkissjóðs um allt að 400 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1986.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum nemi 2.785 m.kr. á árinu 1987, eða um 1½% minna en á þessu ári. Gert er ráð fyrir að bensínverð verði nálægt 10% lægra í árslok en að meðaltali á árinu. Enn fremur er reiknað með að innflutningur fólksbifreiða verði mun minni árið 1987 en í ár en á móti er talið að annar almennur innflutningur aukist lítillega. Nú eru uppi áform um að leggja fram frumvarp að nýjum tollskrárlögum sem gert hafði verið ráð fyrir að lagt yrði fram á síðast liðnu ári. Enn er ýmislegt óráðið um framkvæmd þessa og verður því að svo stöddu reiknað með óbreyttri skipan mála, enda við það miðað að nettóáhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs verði óveruleg.

Áhrifa meiri bílainnflutnings gætir einnig í innheimtu innflutningsgjalds af bifreiðum. Við endurskoðun í mars voru tekjur af þessu gjaldi áætlaðar 200 m.kr. á þessu ári en nú er gert ráð fyrir að þær verði um 260 m.kr. Þessi hækkun stafar annars vegar af auknum bifreiðainnflutningi á árinu og hins vegar af meiri verðlags- og gengisbreytingum en gert var ráð fyrir. Þá var gjaldinu breytt í tengslum við lækkun bifreiðatolla. Nú er það eingöngu lagt á fólksbifreiðar og er hærra af kraftmeiri og þyngri bifreiðum. Ólíklegt er að bílainnflutningur á næsta ári verði jafnmikill og í ár. Ekki er fjarri lagi að ætla að hann verði svipaður og á árunum 1981 og 1982 eða um 10 þúsund bílar. Miðað við svipað gjaldhlutfall og á þessu ári er áætlað að tekjur af innflutningsgjaldi fólksbifreiða geti numið 200 m.kr. á árinu 1987.

Innflutningsgjald af bensíni hefur haldist óbreytt frá 1. október 1985, þ.e. 9,54 kr. á hvern lítra. Á fjárlögum 1986 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi gætu orðið 1.365 m.kr., að því gefnu að heimildarhækkanir yrðu nýttar. Í mars s.l. var sú áætlun

endurskoðuð þar sem sýnt þótti að aukinn innflutningur bifreiða og lægra bensínverð mundi leiða til meiri sölu á bensíni. Að því gefnu, að bensíngjaldið héldist óbreytt allt þetta ár, var reiknað með að tekjur yrðu 1.320 m.kr. Þessi áætlun hefur að mestu gengið eftir, þó að bensínsala aukist líklega heldur minna en reiknað var með. Tekjur ríkissjóðs af bensíngjaldi eru því taldar verða 1.310 m.kr. á árinu 1986. Miðað við að bensínsalan aukist um 2% á næsta ári og að gjaldið hækki um nálægt 6%, eða sem nemur áætlaðri hækkun byggingarvísitölu frá ársmeðaltali til ársloka 1986, má ætla að tekjur af bensíngjaldi geti orðið 1.410 m.kr.

Í heild eru tekjur af innflutningi áætlaðar 4.925 m.kr. á þessu ári, samanborið við 4.705 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fjárlaga frá því í mars s.l. Meginhluta þessarar hækkunar má rekja til meiri tekna ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum bifreiða en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun, auk viðbótartekna af fóðurgjaldi og nýjum kartöfluskatti.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að heildartekjur af innflutningi verði 5.533 m.kr. eða rúmlega 600 m.kr. meiri en á þessu ári. Þessi hækkun stafar fyrst og fremst af sérstöku innflutningsgjaldi af olíu og bensíni sem áformað er að skili ríkissjóði 600 m.kr. á árinu 1987. Samkvæmt því yrðu innflutningsgjöld tæplega 14½% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1987, að vaxtatekjum af langtímalánum undanskildum, eða hálfri prósentu hærri en á þessu ári. Árið 1985 var þetta hlutfall rúmlega 15½% en á tímabilinu 1981—1984 að meðaltali um 18%. Þessi lækkun hlutfallsins á vitaskuld rætur að rekja til tollalækkana á ýmsum vöruflokkum undangengin ár, ekki síst á bifreiðum.

Söluskattur. Heildartekjur af söluskatti voru áætlaðar 14.500 m.kr. í fjárlögum þessa árs eftir endurskoðun í mars, þar af var hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 770 m.kr. Nú er hins vegar áætlað að söluskattstekjurnar verði 15.030 m.kr. árið 1986 eða rúmlega 3½% meiri en áður var gert ráð fyrir. Meginskýring þessarar hækkunar er að velta í landinu hefur aukist nokkru meira en reiknað hafði verið með en þá þróun má rekja til aukins kaupmáttar. Þessi auknu umsvif koma ekki síst fram í sölu nýrra fólksbifreiða og þeirra vöruflokka sem tollabreytingarnar snertu. Á næsta ári er gert ráð fyrir að heildartekjur af söluskatti verði 16.250 m.kr. á verðlagi í árslok 1986. Þar af hefði hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga orðið 853 m.kr. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að lækka hlut hans sérstaklega í heildarsöluskattstekjum um 130 m.kr. á næsta ári, eða í 723 m.kr. Reiknað er með að velta aukist um 2—2½% á árinu 1987, meðal annars með hliðsjón af 2% aukningu þjóðarútgjalda, 3½% aukningu almenns vöruinnflutnings og að einkaneysla aukist um 1½%. Hér er við það miðað að söluskattur verði óbreyttur á næsta ári eða 25%. Í því felst að ákvæði 1. gr. laga nr. 48/1986, um sérstaka fjáröflun til húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, verði framlengd. Að öðrum kosti lækkar áætluð innheimta söluskatts um ríflega 600 m.kr. á næsta ári frá því sem nú er reiknað með.

Skattar af launagreiðslum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða tekjur af launatengdum gjöldum 2.474 m.kr. á þessu ári eða um 9,8% lægri en í fjárlögum. Þessa lækkun má að mestu rekja til breytinga á lögum um launaskatt sem var liður í aðgerðunum í tengslum við gerð kjarasamninga á fyrstu mánuðum ársins. Þær fólust m.a. í því að ákveðið var að undanþiggja frá launaskatti fiskverkun og allar greinar iðnaðar sem veldur því að launaskattsstofninn lækkar um allt að þriðjung. Meiri launabreytingar á þessu ári en reiknað hafði verið með hafa þó dregið úr áhrifum þessa að einhverju marki. Ekki þykir ástæða til að breyta áætlaðri innheimtu launatengdra gjalda, annarra en launaskatts, frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1986. Áætlað er að skattar af launagreiðslum skili tæplega 2.900 milljónum króna í ríkissjóð árið 1987 á verðlagi í árslok 1986. Þessi tala er þó mjög óviss.

Rekstrarhagnaður ÁTVR. Í endurskoðun fjárlaga fyrir árið 1986 í mars var áætlað að rekstrarhagnaður ÁTVR yrði 2.332 m.kr. á þessu ári. Sú áætlun virðist ætla að standast þó að samdráttar gæti í sölu tóbaks fyrstu sex mánuði ársins og sala áfengis hafi aukist óverulega á sama tímabili. Á næsta ári er gert ráð fyrir að ÁTVR skili í ríkissjóð 2.550 m.kr. af hagnaði sínum eða um 9½% meira en í ár.

Skattar af framleiðslu. Skattar af framleiðslu eru taldir munu verða 2.048 m.kr. á þessu ári eða 70 m.kr. lægri en áætlun í mars gerði ráð fyrir. Hér er um að ræða álgjald, vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald. Þessa lækkun má að einhverju leyti rekja til tollabreytinganna í vor. Auk þess var reiknað með að vörugjald af innlendum brauðvörum skilaði ríkissjóði um 100 m.kr. tekjuauka. Framkvæmd gjaldtökunnar varð hins vegar ekki eins og ráðgert hafði verið og það hefur skert áætlaðar tekjur. Í áætlun fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að heildartekjur af þessum framleiðslugjöldum geti numið 2.180 m.kr. Þessi áætlun er þó gerð með fyrirvara um óbreytta álagningu vörugjalda á næsta ári en áformað er að taka upp nýtt vörugjald í tengslum við ný tollskrárlög og verða þá ákvæði um önnur eldri felld niður.

Skattar af bifreiðum. Í endurskoðaðri tekjuáætlun 1986 eru tekjur af bifreiðasköttum taldar verða 840 m.kr. eða lítið eitt lægri en reiknað var með í mars þrátt fyrir mikla aukningu bifreiðainnflutnings. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er áætlað að þessar tekjur verði 887 m.kr. eða rúmlega 5½% hærri en á þessu ári.

Aðrir óbeinir skattar. Óbeinir skattar, aðrir en þeir sem þegar hefur verið getið, eru nú áætlaðir 1.834 m.kr. á árinu 1986, samanborið við 1.702 m.kr. í mars. Einn þáttur í fyrrnefndum aðgerðum stjórnvalda, sbr. lög nr.3/1986, var niðurfelling verðjöfnunargjalds af raforku en reiknað hafði verið með að það skilaði 440 m.kr. á þessu ári. Áætlað er að tekjur af öðrum óbeinum sköttum verði um 1.756 m.kr. á árinu 1987. Hér vega þyngst tekjur af stimpilgjaldi og af sölu á erlendum gjaldeyri.

Vextir. Í áætlun fyrir árið 1986 eru vaxtatekjur taldar verða 2.481 m.kr. eða nánast óbreyttar frá endurskoðun í mars. Mikil óvissa ríkir þó um innheimtu þeirra. Tekjur af dráttarvöxtum fyrstu átta mánuði ársins gefa vísbendingu um heldur meiri vaxtatekjur en áður var ætlað en á móti koma minni vaxtatekjur af langtímalánum. Í áætlun fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs nemi 2.119 m.kr. á verðlagi í árslok 1986. (Sjá einnig 6. kafla um lánamál ríkissjóðs).

Arðgreiðslur. Áætlað er að tekjur af arðgreiðslum nemi 527 m.kr. á þessu ári. Þar vega þyngst arðgreiðslur af starfsemi Fríhafnarinnar og hluti af hagnaði Seðlabankans og Póst- og símamálastofnunarinnar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er áætlað að tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum verði 562 m.kr. á árinu 1987, eða heldur meiri en í ár.

Ýmsar tekjur. Ýmsar tekjur eru áætlaðar röskar 52 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1987 er gert ráð fyrir að þessir tekjustofnar skili sömu tekjum og í ár.

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 samkvæmt þessu frumvarpi og samanburður við fjárlög 1986 og endurskoðaðar áætlanir fyrir árið 1986.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1986—1987
Innheimtar tekjur

	Fjárlög 1986 m.kr.	Mars-áætlun 1986 m.kr.	September-áætlun 1986 m.kr.	Frumvarp 1987 m.kr.	Hlutfallsleg breyting frá september áætlun 1986 til frumvarps 1987 %	Hlutfallsleg skipting tekna: Fjárlög 1986 %	Mars-áætlun 1986 %	September-áætlun 1986 %	Frumvarp 1987 %
Eignarskattar	985	985	982	1.112	13,2	2,6	2,8	2,6	2,8
Tekjuskattar	3.575	3.425	4.278	4.850	13,4	9,4	9,7	11,6	12,1
Gjöld af innflutningi	5.471	4.705	4.925	5.533	12,3	14,5	13,3	13,3	13,8
Skattar af framleiðslu og innflutningi	2.221	2.118	2.048	2.180	6,4	5,9	6,0	5,5	5,5
Sölugjald, nettó	14.335	13.730	14.230	15.528	9,1	37,9	38,9	38,4	38,8
Rekstrarhagnaður ÁTVR	2.430	2.332	2.332	2.550	9,3	6,4	6,6	6,3	6,4
Skattar af launagreiðslum	2.744	2.474	2.474	2.871	16,0	7,2	7,0	6,7	7,2
Skattar af bifreiðum	842	852	840	887	5,6	2,2	2,4	2,3	2,2
Aðrir óbeinir skattar	2.067	1.702	1.834	1.756	−4,3	5,5	4,8	5,0	4,4
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	3.184	3.021	3.061	2.734	−10,7	8,4	8,5	8,3	6,8
Heildartekjur ríkissjóðs	37.854	35.344	37.004	40.001	8,1	100,0	100,0	100,0	100,0
þ.a. beinir skattar	4.560	4.410	5.260	5.962	13,3	12,0	12,5	14,2	14,9
þ.a. óbeinir skattar	30.110	27.913	28.683	31.305	9,1	79,6	79,0	77,5	78,3
þ.a. aðrar tekjur	3.184	3.021	3.061	2.734	−10,7	8,4	8,5	8,3	6,8

4 Gjaldahlið

Greinargerð um gjaldahlið frumvarpsins er með svipuðu sniði og var í frumvarpi ársins 1986. Fyrst er gerður samanburður við fjárlög 1986 og afkomuhorfur ríkissjóðs það ár. Síðan er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna A-hluta ríkissjóðs. Á eftir fylgir greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði sem er nýmæli.

4.1 Samanburður á frumvarpi 1987 og útgjaldahorfum 1986

Fjárlögum, sem afgreidd voru á Alþingi í desember 1985, var breytt með lögum nr. 3/1986, um ríkisfjármál o.fl. Í þeim samanburði, sem gerður er hér að neðan, er að öllu jöfnu gengið út frá þeim fjárhæðum sem ákveðnar voru með umræddum lögum. Breytingin frá fjárlögum, sem afgreidd voru í desember til þeirra fjárlaga sem gilda í ár, felst fyrst og fremst í niðurfærslu verðlags í kjölfar kjarasamninganna í febrúar. Ýmsum tekjuliðum ríkissjóðs, svo og framlögum til niðurgreiðslna og heimildum til lántöku, var einnig breytt.

Gjöld ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga 1987 nema alls 41.584 m.kr. Þetta er 2.407 m.kr. hærri niðurstaða en talið er að verði lokatala á árinu 1986 eða um 6,1%. Útgjöld ríkissjóðs 1986 og 1987 skiptast í aðalatriðum sem hér segir í milljónum króna:

	Fjárlög 1986* (1)	Fjárlög sbr. lög nr. 3/1986 (2)	Endurskoðuð áætlun 1986 (3)	Frumvarp 1987 (4)
1. Rekstrarliðir:	**11.738**	**11.411**	**12.553**	**16.812**
Laun	9.049	8.846	9.486	13.356
Önnur gjöld	3.820	3.647	4.152	5.242
−Sértekjur	−1.131	−1.082	−1.085	−1.786
2. Rekstrar- og neyslu- tilfærslur:	**16 272**	**16 155**	**17 220**	**15 053**
Lífeyristryggingar	4.813	4.717	4.881	5.676
Sjúkratryggingar	4.944	4.798	5.005	3.862
Niðurgreiðslur á vöruverði	870	1.090	1.220	1.090
Lánasjóður íslenskra námsmanna	865	865	1.123	865
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	600	600	654	700
Verðjöfnunargjald af raforku	440	405	405	0
Útflutningsuppbætur	720	720	720	720
Niðurgreiðsla á rafhitun	220	220	220	145
Annað	2.800	2.740	2.992	1.995
3. Vaxtagjöld	**3.807**	**3.550**	**3.690**	**3.440**
4. Viðhald	**1.003**	**962**	**962**	**1.103**
5. Fjárfesting	**4.871**	**4.752**	**4.752**	**5.176**
Stofnkostnaður	1.857	1.776	1.776	2.396
Fjármagnstilfærlsur	3.014	2.976	2.976	2.780
Samtals	37.691	36.830	39.177	41.584

* Fjárlög afgreidd í desember 1985.
Hlutfallsbreyting milli ára er ekki sýnd vegna tilfærslna milli gjaldategunda.

Útgjaldabreyting milli ára á sér bæði skýringar almenns eðlis og einnig vegna sérstakra ákvarðana. Hér skulu hinar helstu tilgreindar.

Laun. Launaliðir fjárlaganna frá því í desember 1985 voru lækkaðir með lögum nr. 3/1986 um sem nemur 2,2%. Þannig var reiknað með 14—15% launahækkun frá upphafi til loka árs 1986 eftir breytingu. Þessi hækkun var í samræmi við almennar kauphækkanir samkvæmt kjarasamningunum í febrúar 1986.

Launaliður fjárlagafrumvarpsins fyrir 1987 hækkar alls um 4.510 m.kr. frá fjárlögunum skv. lögum nr. 3/1986 og um 3.870 m.kr. frá áætlaðri niðurstöðu ársins 1986. Þessi hækkun á sér þrjár meginskýringar:

Í fyrsta lagi hefur sú breyting verið gerð að 13 sjúkrahús, sem áður voru á daggjöldum, fá nú framlög á fjárlögum með öðrum hætti. Því teljast launagjöld, rekstrarfé og önnur útgjöld og tekjur þessara stofnana með hlutaðeigandi útgjaldategundum. Útgjöld þessara stofnana voru áður færð sem tilfærslur til sjúkratrygginga. Fjögur sjúkrahús voru á svokölluðum föstum fjárlögum 1986 en þau voru Landakotsspítali, Fjórðungsjúkrahúsið á Akureyri, Sólvangur í Hafnarfirði og sjúkrahúsið í Vestmannaeyjun. Nú teljast framlög til þessara húsa með launum, rekstrargjöldum o.s.frv. en töldust til tilfærslna í fjárlögum 1986 eins og áður sagði. Í töflunni hér fyrir neðan eru áhrif þessarar formbreytingar sýnd í samandreginni mynd:

	Frumvarp 1987 m.kr.	Sjúkrahús, breytt framsetning m.kr.	Mismunur m.kr.
Laun	13.356	−2.371	10.985
Önnur gjöld m. vaxtagjöldum	8.682	−1.211	7.471
Tilfærslur	15.053	+3.283	18.336
Viðhald	1.103	−38	1.065
Stofnkostnaður	5.176	−53	5.123
−Sértekjur	−1.786	+390	−1.396
Samtals	41.584	–	41.584

Að formbreytingum frátöldum hækkar launaliðurinn um 24,2% frá gildandi fjárlögum og um 15,8% frá áætlaðri niðurstöðu launagjalda 1986.

Í öðru lagi hækka launagjöld frumvarpsins vegna aukinnar starfsemi og fjölgunar ríkisstarfsmanna. Stærstu liðir af þessum toga eru eftirfarandi: Vegna aukinnar kennslu í grunnskólum vaxa útgjöld um 19 m.kr. og fjölgun nemenda í framhaldsskólum er talin auka kennsluútgjöld um 20 m.kr. Einnig fjölgar starfsmönnum við háskólann um 16 sem leiðir til um 10 m.kr. hækkunar á launalið. Þá er áætlað fyrir starfsemi við nýja unglingageðdeild ríkisspítalanna, þ.e. 8 stöðugildi frá 1. maí 1987, alls 6 m.kr., og reiknað er með því að við sjúkrahúsið á Akureyri taki til starfa hjúkrunardeild frá 1. júni 1987 með 11 starfsmönnun en sá rekstur er talinn kosta 5,3 m.kr. í launum. Starfsfólki á heilsugæslustöðvum fjölgar og eykur það útgjöld um 18 m.kr. á launalið, þó svo um tilflutning af sjúkratryggingum sé að ræða. Þá er að nefna að teknar eru inn 9 nýjar stöður við lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli vegna öryggisgæslu en launagjöld vegna þessa eru 6,5 m.kr. Við stofnanir fatlaðra er áætlað fyrir 33,59 nýjum stöðugildum og útgjöldum sem nema um 22 m.kr. Aðrar breytingar þykir ekki ástæða til að tíunda enda koma þær fram í greinargerðinni um einstakar stofnanir. Óhjákvæmilegt hefur verið að fjölga starfsmönnum hjá örfáum stofnunum ríkisins enda hefur þess að jafnaði verið gætt að lausamönnun fækki á móti. Þá hefur í fjórum tilvikum verið gerð leiðrétting á áætlun um launagjöld og rekstrarfé stofnana. Þessar stofnanir eru ríkisspítalar, lögreglustjórinn í Reykjavík, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og Bifreiðaeftirlit ríkisins. Launaliður ríkisspítala misreiknaðist í fjárlögum 1986 um

50 m.kr. sem nú er leiðrétt. Þá lætur nærri að hækkun launaliðar vegna leiðréttinga á eftirlitsstofnunum þremur nemi um 60 m.kr. Þannig fæst skýring á hækkun launaliðarins sem nemur 217 m.kr.

Þriðji liðurinn til skýringar á hækkun launa, og sá veigamesti, er breyting á töxtum og röðun starfsmanna ríkisins í launaflokka frá því sem áætlað var í fjárlögum ársins 1986. Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutfallshækkun launa helstu samningsaðila ríkisins:

	Hlutfallsleg hækkun launa		
	BSRB	BK	BHMR
Febrúar	5,0	4,5⋆	—
	6,0[1])⋆	—	—
Mars	—	5,0	5,0
	—	9,0⋆	9,0[2])⋆
Júní	3,06	3,06	3,06
September	3,39	3,39	3,39
Desember	2,5	5,5⋆	5,5⋆
Hækkun launa frá upphafi til loka árs 1986	21,5	34,5	28,5
Meðalhækkun launa 1985—1986	30,0	38,0	31,0

1) Hækkun launa einstakra starfshópa var á bilinu 3—9%. Þá hafa sérhópar, svo sem löggæslumenn, fengið launahækkun sem hefur annan gildistíma en hér er tilgreint.
2) Niðurstaða kjaradóms er metin á bilinu 6—12%, mismunandi eftir félögum og starfsheitum.
⋆ Sérkjarasamningar/dómsorð kjaradóms.

Launahækkun opinberra stafsmanna milli áranna 1985 og 1986 er metin þannig að laun aðildarfélaga BSRB hækki um 30%, BHM félaga um 31% og félaga í Bandalagi kennara um 38%.

Laun ríkisstarfsmanna hækka misjafnlega á árinu 1986. Þess gætir að félagsmenn BSRB hafa almennt fengið launahækkanir fyrr á árinu heldur en félagar í BHMR. Þá hafa einstakar starfsstéttir hjá ríkinu fengið mismikla hækkun launa á árinu 1986. Laun félaga í Bandalagi kennara hækka þannig um 35% frá upphafi til loka árs. Svipuðu máli gegnir um laun lögreglumanna en laun þeirra hækka um 37,8%. Í júlí 1986 féll kjaradómur í máli fjármálaráðuneytis og BHMR. Niðurstaða þess dóms var að laun félaga í BHMR hækkuðu almennt um 6—12% frá og með 1. mars auk áfangahækkunar 1. desember sem nemur einum launaflokki. Áður höfðu aðilar samið um breytingu á starfsaldursreglum. Frá og með 1. desember n.k. mun tekin upp svokölluð prófaldursviðmiðun.

Samanburður á þróun launa opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði liggur ekki jafnljós fyrir. Að því er næst verður komist hækka kauptaxtar almennt um 20—21% frá upphafi til loka ársins. Launaskrið er talið geta jafngilt um 3—4% þannig að laun hækka á bilinu 24—25% á árinu eða svipað og hjá opinberum starfsmönnun í heild. Áður er sagt að ekki liggi fyrir mat á áhrifum vinnutímabreytingar eða annarra ráðstafana sem metnar verða launþegum til tekna. Út frá þekktum launabreytingum er talið að laun sem VSÍ og ASÍ semja um, hækki að meðaltali um 29% milli áranna 1985 og 1986.

Launaútgjöld ríkissjóðs á árinu 1986 hækka um 640 m.kr. frá gildandi fjárlögum og er það nær eingöngu vegna niðurstöðu kjaradóms og kjarasamninga á árinu. Í stað tæplega 15% launahækkunar frá upphafi til ársloka 1986 eru horfur á að breytingin nemi 25—27%. Á árinu 1987 skýra launaforsendur um einn milljarð króna af hækkun launaliðar frumvarpsins. Alls hafa þá verið skýrðir tæpir 3,6 milljarðar króna af hækkun launaliðarins.

Rekstrargjöld. Rekstrarfé er áætlað á sama hátt og laun á verðlagi í árslok 1986. Framlög hafa því verið færð upp um 9,5% frá verðlagi í ársbyrjun 1986. Nokkrir rekstrarliðir stofnana hafa lítið hækkað og raunar hafa t.d. útgjöld vegna orku lækkað frá ársbyrjun. Rekstrarfé stofnana er í fjárlögum 1986 áætlað á meðalverðlagi ársins. Lætur nærri að verðlag hækki um 4—5% frá meðaltali 1986 til ársloka. Að frádregnum tilfærslum milli gjaldategunda hækka rekstrargjöld um 3,8%.

Sértekjur. Sértekjur stofnana hafa markvisst farið hækkandi á síðari árum. Tekjur eru nú alls áætlaðar 1.786 m.kr. og hækka um 65% frá fjárlögum. Að teknu tilliti til tilfærslna á gjaldaliðum hækka sértekjur um 29%. Um 390 m.kr. sértekna eru tekjur sjúkrahúsa og um 260 m.kr. eru tekjur rannsóknarstofnana.

Rekstrar- og neyslutilfærslur. Þessi veigamikli útgjaldaliður ríkissjóðs nemur alls 15.053 m.kr. og lækkar um tæplega 7% frá fjárlögum og rúm 12% frá áætlaðri niðurstöðu ársins 1986. Að teknu tilliti til tilfærslu milli gjaldategunda hækka tilfærslurnar um 6,5% frá áætlaðri útkomu ársins 1986. Vísað er í athugasemdirnar hér á eftir til skýringar á einstökum tilfærsluliðum.

Vaxtaútgjöld. Vaxtaútgjöld eru samkvæmt þessu frumvarpi 3.440 m.kr. en það jafngildir 8,3% af heildargjöldum þess. Til samanburðar er áætlað að vaxtagjöld verði um 9,4% gjalda 1986. Vextir af skuldum eru hér áætlaðir samkvæmt áætluðu gengi og verðlagi í árslok n.k. Vextir af erlendum skuldum, sem bera breytilega vexti, eru reiknaðir 7%, en um helmingur erlendra skulda ríkissjóðs ber breytilega vexti. Aðrar erlendar skuldir bera fasta vexti. Vextir af innlendum skuldum bera fasta umsamda vexti auk þess sem áætlað er að vextir af óteknum en áformuðum lánum 1986 beri 6,5% raunvexti. Í 6. kafla er gerð grein fyrir skuldum ríkissjóðs auk þess sem vaxtaútgjöld og afborganir ríkissjóðs eru sundurliðuð og skýrð.

Viðhald. Um þennan lið þarf ekki að fjölyrða. Um 80% útgjaldanna eru vegna vegaviðhalds og hækkar framlagið um 7,6% frá fjárlögum 1986. Til viðhalds húseigna og annarra eigna ríkisins eru áætlaðar 225 m.kr. og hækkar það framlag um rúmlega 50% frá fjárlögum.

Fjárfesting. Þessi gjaldaliður skiptist í stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Framlög til fjárfestingar hækka um 8,9% og nema alls 5.176 m.kr. Hluta fjárhæðarinar er varið til kaupa á tækjum og ýmiss konar stofnbúnaði en meiri hlutinn telst til framkvæmda. Í töflu 7 í töfluviðauka er sýnd skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna. Eftirfarandi yfirlit sýnir í grófum dráttum flokkun á fjárfestingarútgjöldum:

	Fjárlög 1986 sbr. lög nr. 3/1986 m.kr.	Frumvarp 1987 m.kr.	Breyting m.kr.
Stofnkostnaður:	**1.776**	**2.396**	**620**
Vegamál	915	961	46
Sjúkrahúsbyggingar	60	133	73
Skólabyggingar	307	384	77
Flugvellir	58	70	12
Framkvæmdasjóður fatlaðra	76	100	24
Aðrar byggingarframkvæmdir	132	407	275
Tækjakaup	228	341	113
Fjármagnstilfærslur:	**2.976**	**2.780**	**−196**
Byggingarsjóður ríkisins	1.300	1.000	−300
Byggingarsjóður verkamanna	300	300	—
Framkvæmdasjóður aldraðra	95	115	20
Hafnarframkvæmdir	110	193	83
Orkusjóður	192	297	105
Ríkisábyrgðasjóður	177	100	−77
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	82	120	38
Sýslu- og þéttbýlisvegafé	120	199	79
Annað	600	456	−144
Samtals	**4.752**	**5.176**	**424**

Eins og áður segir er nú talið að vísitala byggingarkostnaðar verði um 6% hærri í árslok en að meðaltali 1986. Að framlögum til vegamála og húsnæðismála frátöldum nema framkvæmdaframlög alls 2.915 m.kr. og er það um 30% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1986.

Verður nú vikið að skýringum á einstökum fjárlagaliðum.

4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum í gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1986. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1986.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	261.345	328.526	67.181	25,7
Samtals	261.345	328.526	67.181	25,7

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

101 Embætti forseta Íslands

Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar úr 18.681 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 21.918 þús.kr. eða um 17,3%. Launagjöld undir viðfangsefninu *yfirstjórn* hækka úr 6.889 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 8.005 þús.kr. eða um 16,2%. Ráðninganefnd heimilaði nýtt stöðugildi fulltrúa á árinu. Áætlað var fyrir því stöðugildi í fjárlögum 1986. Til viðfangsefnisins *opinberar heimsóknir* eru ætlaðar 3.988 þús.kr. en var í fjárlögum 1986 1.910 þús.kr. Til *viðhalds* á forsetasetrinu að Bessastöðum eru veittar 3.896 þús.kr. Ætlunin er m.a. að endurnýja gólf á árinu 1987 og er það áfangi í endurnýjun húsa á setrinu.

201 Alþingi

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 199.914 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 224.826 þús.kr. eða um 12,5%. Launagjöld hækka úr 102.982 þús.kr. í 115.371 þús.kr. eða um 12,0%. Önnur gjöld hækka úr 70.565 þús.kr. í 78.410 þús.kr. eða um 11,1%. Viðfangsefnið *viðhald fasteigna* hækkar úr 2.388 þús.kr. í 5.500 þús.kr. Viðfangsefnið *ýmis stofnkostnaður* verður 18.000 þus.kr. Fé þessu verður varið til að kaupa öryggiskerfi, endurnýja húsgögn í þingsölum og halda áfram tölvuvæðingu Alþingis. Til frekari skýringar eru fjárveitingar til hinna ýmsu viðfangsefna sýndar í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Þingfararkaup alþingismanna	61.454	70.208	8.754	14,2
Starfskostnaður	22.922	27.202	4.280	18,7
Skrifstofu- og alþingiskostnaður	57.973	63.335	5.362	9,3
Yfirskoðunarmenn	632	646	14	2,2
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	13.319	12.440	−879	−6,6
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	6.822	7.085	263	3,9
Rekstrarkostnaður fasteigna	3.709	6.242	2.533	68,3
Hús Jóns Sigurðssonar	1.798	2.192	394	21,9
Þingmannasamtök NATO	1.056	1.107	51	4,8
Þingmannanefndir Evrópuráðsins	1.697	1.732	35	2,1
Norðurlandaráð	6.482	6.618	136	2,1
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	1.543	1.095	−448	−29,0
Alþjóðaþingmannasamtökin	929	1.424	495	53,3
Viðhald fasteigna	2.388	5.500	3.112	130,3
Ýmis stofnkostnaður	17.190	18.000	810	4,7
Samtals	199.914	224.826	24.912	12,5

Eins og sést af þessari töflu hækka viðfangsefni mismikið og sum lækka jafnvel. Skýringin er fyrst og fremst sú að tekið er mið af reikningstölum 1985 við áætlun gjalda.

202 Ríkisendurskoðun

Þetta er nýr fjárlagaliður undir æðstu stjórn ríkisins en ríkisendurskoðun hefur verið sérstakt ráðuneyti. Með lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, er ákveðið að stofnunin starfi á vegum Alþingis og skal hún vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna frá því sem verið hefur, 38 mönnum. Fjárveiting til ríkisendurskoðunar hækkar úr 32.556 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 43.394 þús.kr. eða um 33,3%. Hækkun umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar má einkum rekja til 3.300 þús.kr. fjárveitingar til að ráða óháða löggilta endurskoðendur til að vinna að einstökum verkefnum, sbr. 4. gr. fyrrnefndra laga. Launagjöld hækka um 23,9% og verða 32.646 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 76,3% og verða 10.266 þús.kr. Veittar eru 500 þús.kr. til kaupa á tölvubúnaði en í fjárlögum 1986 eru veittar 382 þús.kr. til þeirra kaupa.

301 Ríkisstjórn

Framlag ríkissjóðs nemur 24.975 þús.kr. en var 30.991 þús.kr. í fjárlögum 1986 og lækkar því um 19,4%. Laun lækka um 7,7% og verða 19.991 þús.kr. og önnur gjöld lækka úr 9.342 þús.kr. í 4.984 þús.kr. eða um 46,6%. Skýring á þessari lækkun er sú að laun ráðherrabílstjóra og rekstrarkostnaður vegna bifreiða ráðherra flyst af þessum fjárlagalið á aðalskrifstofur viðkomandi ráðuneyta. Nú er áætlað fyrir launum tíu ráðherra og níu aðstoðarmanna ráðherra en aðstoðarmennirnir voru sjö í fjárlögum 1986.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	37.128	47.641	10.513	28,3
Annað	105.677	110.735	5.058	4,8
Samtals	142.805	158.376	15.571	10,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofu hækkar úr 37.128 þús.kr. í 47.641 þús.kr. eða um 28,3%. Launagjöld hækka um 25,8%, úr 10.635 þús.kr. í 13.379 þús.kr. Auk almennra launahækkana skýrist þessi hækkun af aukinni yfirvinnu. Launaliður viðfangsefnisins *yfirstjórn* hækkar einnig sérstaklega vegna nýrrar stöðu ráðherrabílstjóra sem flyst frá viðfangsefninu *ríkisstjórn* eins og áður hefur verið sagt frá. Launaliður viðfangsefnisins *stjórnarráðshús* hækkar úr 1.610 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 2.594 þús.kr. eða um 61,1%. Hækkun þessi er vegna ákvörðunar um að auka öryggisgæslu í stjórnarráðshúsinu. Önnur gjöld hækka úr 11.406 þús.kr. í 12.337 þús.kr. eða um 8,2%. Hækkunin skýrist af því að tillit er tekið til ríkisreiknings 1985 við áætlun rekstrargjalda. Viðfangsefnið *yfirstjórn* hækkar þó sérstaklega um 2.000 þús.kr. vegna fíkniefnanefndar og um 590 þús.kr. vegna reksturs ráðherrabifreiðar sem flyst af viðfangsefninu *ríkisstjórn*. Fíkniefnanefnd var sett á fót samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og er henni ætlað að vera framkvæmdanefnd til að samhæfa aðgerðir opinberra aðila í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna hér á landi. Undir viðfangsefninu *yfirstjórn* er áætlað fyrir verkefninu *framtíðarspá*. Í fjárlögum 1986 nam áætlaður kostnaður 2.460 þús.kr. en í frumvarpinu eru veittar 1.000 þús.kr. til að ljúka verkefninu og til kynningar á niðurstöðum. Til viðhalds eigna er áætlað að verja samtals 2.842 þús.kr. Til viðhalds á stjórnarráðshúsi er áformað að verja 2.254 þús.kr., þar af eru 1.254 þús.kr. til viðgerðar á gluggum og til frágangs á lóð og 1.000 þús.kr. til endurbóta innanhúss. Til viðhalds á ráðherrabústað við Tjarnargötu verður varið 588 þús.kr. vegna viðgerðar á gólfi og endurnýjunar á innréttingum. Loks er að geta 300 þús.kr. stofnkostnaðar vegna tölvukaupa hjá aðalskrifstofu.

102 Þjóðhagsstofnun

Endurnýjað hefur verið samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands um að skipta kostnaði af starfi Þjóðhagsstofnunar. Áður greiddi Seðlabankinn 50% af öllum rekstrarkostnaði stofnunarinnar og var það framlag fært sem sértekjur hennar. Samkvæmt hinu nýja samkomulagi greiðir Seðlabankinn nú allan húsnæðiskostnað og ýmsa aðra þjónustu en einungis 40% af öðrum rekstrarkostnaði. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að Þjóðhagsstofnun flyst í húsnæði Seðlabankans á næsta ári. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar hækkar úr 15.256 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 18.412 þús.kr. eða um 20,7%. Launagjöld hækka um 6,0% og stafar það af almennum launabreytingum. Rekstrargjöld lækka um 3.064 þús.kr. eða um 33,0% og sértekjur lækka einnig eða um 27,0%. Þá eru áætlaðar 650 þús.kr. til að kaupa og endurnýja skrifstofubúnað vegna fyrrgreindra flutninga.

171 Byggðastofnun, framlag

Samkvæmt lögum nr. 64/1985 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar eigið fé, framlög í fjárlögum og lánsfé eftir því sem ákveðið er í lánsfjárlögum. Á árinu 1986 er framlag ríkissjóðs 80.000 þús.kr. Byggðastofnunar er ekki getið í B-hluta fjárlagafrumvarps því að litið er á hana sem hverja aðra lánastofnun.

901 Húsameistari ríkisins

Fjárveiting til embættis húsameistara ríkisins lækkar úr 2.463 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 1.017 þús.kr. Eins og áður er starfsemi embættisins nær eingöngu kostuð af sértekjum. Launagjöld hækka úr 13.696 þús.kr. í 19.609 þús.kr. eða um 43,2% og rekstrargjöld hækka um 37,8%. Lækkun framlags er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að þjónustustofnanir standi í auknum mæli undir eigin rekstri. Ljóst er að minna verður um verkefni á vegum embættisins þegar framkvæmdum við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli lýkur á næsta ári.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd

Framlag til þjóðgarðsins hækkar úr 7.958 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 11.306 þús.kr. eða um 42,1%. Launagjöld hækka um 15,7% og rekstrargjöld um 69,6%. Skýring á hækkun rekstrargjalda er sú að tekið er tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1985. Til viðhalds girðinga, tjaldstæða og ýmissa mannvirkja verður varið 1.000 þús.kr. Til stofnkostnaðarverkefna verður samtals varið 3.250 þús.kr. og skiptist upphæðin þannig: Til viðfangsefnisins *aðalskipulag, hönnun* verður varið 2.000 þús.kr. en á árinu 1987 hefst úrvinnsla gagna og gerðar verða frumtillögur að skipulagi. Til *lífríkisrannsókna í Þingvallavatni* verður varið 1.000 þús.kr. og til *annars stofnkostnaðar* 250 þús.kr. Er þar um að ræða kostnað við kortagerð vegna endurskoðunar sumarhúsabyggðar.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	54.728	75.745	21.017	38,4
Fræðslumál	5.071.602	6.053.863	982.261	19,4
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	402.955	580.076	177.121	44,0
Samtals	5.529.285	6.709.684	1.180.399	21,4

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirfarandi: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands er 22.500 þús.kr. og hækkar um 1.190 þús.kr. frá fjárlögum 1986. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilasjóðs, verður 39.500 þús.kr. og hækkar um 2.500 þús.kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 500 þús.kr. og verður 6.500 þús.kr. Verður nú fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Heildarfjárveiting nemur 75.745 þús.kr. og hækkar um 38,4% frá fjárlögum 1986. Áætlun launa byggist á 44 heimiluðum stöðugildum en þau voru 43 áður. Staða

bifreiðastjóra ráðherra bætist við en fyrir kostnaði vegna bifreiðar ráðherra var áður áætlað undir aðalskrifstofu forsætisráðuneytis. Er nú gert ráð fyrir þessum kostnaði á aðalskrifstofum viðkomandi ráðuneyta og er talið að tilfærslan hafi samtals í för með sér um 1.200 þús.kr. kr. kostnaðarauka fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta. Skýrir þessi tilfærsla hluta launahækkunar á aðalskrifstofu og hluta af hækkun annars rekstrarkostnaðar. Önnur skýring á hækkun umfram almennar launa- og verðlagshækkanir er 1.250 þús. kr. framlag til undirbúnings háskólakennslu á Akureyri. Á vegum ráðuneytisins er nú starfandi nefnd sem vinnur að athugun og tillögugerð um tilhögun æðri menntunar á Akureyri. Að svo komnu máli hefur engin ákvörðun verið tekin um námsgreinar eða skipulag þessarar fræðslu en Alþingi og fjárveitinganefnd verður fljótlega gerð grein fyrir áformum í þessu efni. Framlagið er fært undir aðalskrifstofu ráðuneytisins en verður fært á hlutaðeigandi fjárlagalið þegar fyrir liggur hvernig skólastarfinu verður háttað. Að frátöldum þessum tveim skýringum hækka laun um 28% frá fjárlögum 1986 og er áætlað fyrir nokkurri aukningu yfirvinnu í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka sem næst 36% frá fjárlögum. Hefur verið tekið tillit til niðurstöðutalna ársins 1985 og fyrstu mánaða ársins 1986. Helstu liðir sem hækka eru húsaleiga, risna og ýmis þjónusta.

201 Háskóli Íslands

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar úr 498.154 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986 í 589.273 þús.kr. eða um 18,3%. Launagjöld hækka um 27,8% og verða 463.636 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 142.790 þús.kr. í 163.062 þús.kr. eða um 14,2%. Fjárveiting til viðhalds fasteignum, tækjakaupa og byggingarframkvæmda nemur 90.000 þús.kr. en er 105.050 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 13,3% og verða 127.425 þús.kr., þar af nema áætlaðar tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands 90.000 þús.kr. Fjárveiting til háskólans á árinu 1987 tekur að nokkru leyti mið af tillögum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í janúar 1985 til að fjalla um fjárlaga- og þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands 1986-1989. Nefndin skilaði áliti í júní 1986 undir heitinu „Virkjun þekkingar". Þar kemur m.a. fram að leggja beri aukna áherslu á fjölgun fastráðinna kennara og sjálfsnám nemenda, rannsóknir við háskólann skuli efldar, bókasafn skólans styrkt og leitað leiða til úrbóta í húsnæðismálum hans. Í samræmi við tillögur nefndarinnar er í frumvarpinu gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna háskólans um sextán (11.445 þús.kr.), dregið er úr fjárveitingu til stundakennslu (1.225 þús.kr.), auknu fé er veitt til rannsóknasjóðs skólans (6.300 þús.kr.) og til Háskólabókasafns er veitt auknu fé til kaupa á bókum og tímaritum (2.750 þús.kr.). Auk þess er gert ráð fyrir flutningi á 9,5 stöðum frá Hjúkrunarskóla Íslands til námsbrautar í hjúkrunarfræðum við háskólann (6.161 þús.kr.) og stofnunar fræðaseturs tengdu nafni Sigurðar Nordals við heimspekideild (1.200 þús.kr.). Í tilefni af 75 ára afmæli háskólans nýverið var ákveðið að veita auknu fé til rannsóknasjóðs skólans. Með tilliti til þessa þarf að endurskoða framlag til skólans fyrir afgreiðslu fjárlaga. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting 16 nýrra stöðuheimilda á deildir háskólans:

1.01	Yfirstjórn:	Deildarstjóri fyrir verkfræði- og raunvísindadeild
1.02	Sameiginleg útgjöld:	Sex tímabundnar lektorsstöður
1.15	Viðskiptadeild:	Dósent í stærðfræði, tölfræði og hagfræði
1.16	Heimspekideild:	Prófessor í almennri bókmenntafræði
1.17	Verkfræðideild:	Prófessor á tölvusviði
1.18	Félagsvísindadeild:	Dósent í aðferðafræði og lektor í stjórnmálaheimspeki
1.20	Háskólabókasafn:	Tveir bókaverðir og fulltrúi
1.25	Raunvísindadeild:	Prófessor í kennilegri eðlisfræði

Byggingarframkvæmdir, viðhald fasteigna og tækjakaup

Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi alls 90.000 þús.kr. á árinu 1987. Það jafngildir áætluðum tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjármögnun og ráðstöfun fjár samkvæmt fjárlögum 1986 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 þús.kr.	Frumvarp 1987 þús.kr.
Fjármögnun:	**105.050**	**90.000**
Framlag H.H.Í.	90.725	90.000
Fjárveiting úr ríkissjóði	14.325	-
Ráðstöfun:	**105.050**	**90.000**
A. Almenn verkefni	**35.050**	**32.000**
Viðhald húsa og lóða	14.325	15.000
Tækjakaup deilda	5.000	6.000
Breytingar á húsnæði	3.000	5.000
Tækjakaup vegna nýiðnaðarverkefna	6.000	-
Annað	6.725	6.000
B. Nýbyggingar	**70.000**	**58.000**
Framkvæmdir á háskóla- og landspítalalóð	70.000	48.000
Hús Raunvísindastofnunar háskólans við Dunhaga	-	10.000

202 Tilraunastöð háskólans að Keldum

Fjárveiting til Tilraunastöðvar háskólans að Keldum hækkar úr 17.285 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986 í 22.789 þús.kr. eða um 31,8%. Launagjöld hækka um 33% og verða 23.245 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 17.514 þús.kr. í 22.338 þús.kr. eða um 27,5%. Sértekjur hækka um 34,5% milli ára og verða 26.394 þús.kr. Veittar eru 1.600 þús.kr. til tækjakaupa en engin slík fjárveiting er í fjárlögum fyrir árið 1986. Til viðhalds húseignum tilraunastöðvarinnar eru ætlaðar 2.000 þús.kr. samanborið við 1.910 þús.kr. á árinu 1986. Með lögum nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, var ákveðið að sérstök deild með sjálfstæðan fjárhag skyldi opnuð í Tilraunastöð háskólans að Keldum og þar yrði sinnt rannsóknum á fisksjúkdómum og reglubundnu eftirliti með heilbrigði hrogna, seiða og alifiska. Í lögunum er gert ráð fyrir að sértekjur þessarar deildar nemi um 2/3 hlutum af kostnaði við starfsemi hennar og framlag ríkissjóðs um 1/3. Í samræmi við ákvæði laganna hefur Tilraunastöð háskólans að Keldum verið skipt í tvö viðfangsefni og þrír af starfsmönnum stofnunarinnar fluttir undir hið nýja viðfangsefni. Fjárveitingar til stofnunarinnar hækka heldur meira milli ára en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og skýrist það að nokkru af auknum umsvifum með tilkomu þessarar nýju deildar, þó svo að starfsmönnum stofnunarinnar fjölgi ekki við þessa breytingu. Að öðru leyti skýrist hækkun framlags umfram verðlagsforsendur af fjárveitingu til eignakaupa.

203 Raunvísindastofnun háskólans

Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar nemur 55.913 þús.kr. og hækkar um 29,4% frá fjárlögum fyrir árið 1986. Gert er ráð fyrir auknum umsvifum frá því sem fram hefur komið í fjárlögum fyrri ára þar sem meira tillit er nú tekið til hinna ýmsu söluverkefna stofnunarinnar. Ekki er þó gert ráð fyrir breytingu á fjölda fastra stöðugilda frá því sem verið hefur en þau eru 40,16. Launagjöld hækka um 40,9% frá fjárlögum 1986, önnur gjöld vegna rekstrar um 26,8% og sértekjur um 107,7%. Helstu söluverkefni

eru fyrir Hval hf., Lýsi hf. og Járnblendifélagið hf. Hækkun framlags umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist að mestu leyti með því að gert er ráð fyrir 2.300 þús.kr. framlagi til byggingar hæðar ofan á hús stofnunarinnar að Dunhaga 3. Til viðbótar framlagi ríkissjóðs til byggingarframkvæmdanna kemur geymt fé stofnunarinnar frá fyrri árum að fjárhæð 6.000 þús.kr. og áætlað 10.000 þús.kr. framlag frá Háskóla Íslands. Á árinu 1987 er ráðgert að reisa nýtt stigahús og byggja þakhæð. Kostnaður á árinu er áætlaður 18.300 þús.kr.

205 Stofnun Árna Magnússonar

Fjárveiting nemur 18.042 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum 1986 um 28,6%. Á viðfangsefninu *yfirstjórn* er helsta breyting sú að önnur gjöld hækka umfram almennar verðlagshækkanir. Sérstakt framlag, 1.100 þús.kr., til kaupa á filmum og spólum skýrir þó hluta hækkunarinnar. Mjög mikil hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði stofnunarinnar hin síðustu ár og var á árinu 1985 veitt aukafjárveiting til þess að rétta af fjárhag hennar. Er þess vænst að með hækkun áætlunar nú náist jafnvægi í rekstri.

206 Orðabók háskólans

Heildarframlag nemur 7.336 þús.kr. Vegna launa eru áætlaðar 6.404 þús.kr. og byggir það á óbreyttri starfsemi. Önnur gjöld nema 932 þús.kr. og hækka um 50,3% frá fjárlögum 1986. Skýring er kostnaður vegna tölvuvinnslu í Reiknistofnun háskólans.

207 Íslensk málstöð

Framlag nemur 3.955 þús. kr. og er að krónutölu svo til óbreytt frá fjárlögum 1986. Launatala byggir á þrem heimiluðum stöðugildum en framlag vegna lausráðinna starfsmanna fellur niður. Önnur gjöld eru miðuð við óbreytta starfsemi og sértekjur hækka frá áætlun í fjárlögum 1986.

231 Náttúrufræðistofnun

Heildarframlag til stofnunarinnar er 14.337 þús.kr. Þar af er 2.500 þús.kr. framlag til stofnkostnaðar. Af því er 1.100 þús.kr. ætlað til framkvæmda við sýningarsali en 1.400 þús.kr. eru til ýmissa eignakaupa. Framlag til rekstrar er 11.837 þús.kr. Til launa eru áætlaðar 9.609 þús.kr. og byggist áætlunin á 11 heimiluðum stöðum. Hækkun frá fjárlögum skýrist af stöðu náttúrufræðings sem sagt var frá í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1986 en launaáætlun þá var ekki hækkuð sem nemur kostnaði við þessa stöðu. Fjárlög 1986 eru því vanáætluð hvað þetta snertir. Önnur gjöld hækka umfram verðlagshækkanir eða um 24,5% en sértekjur hækka á móti og nema alls 1.770 þús.kr. Stofnunin hefur í auknum mæli útvegað sér verkefni sem hafa aflað henni tekna.

232 Rannsóknaráð ríkisins

Fjárveiting til ráðsins hækkar úr 8.659 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 13.102 þús.kr. eða um 51,3%. Launagjöld hækka um 35,3% og verða 6.367 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 4.781 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 9.000 þús.kr. eða um 88,2%. Þessi hækkun skýrist að miklu leyti af 2.500 þús.kr. fjárveitingu til að kosta vinnu að skipulagi fyrir Keldur og Keldnaholtsland samkvæmt samningi ríkisins og Reykjavíkurborgar um makaskipti á landi Keldna í Grafarvogi. Að öðru leyti skýrist hækkun gjaldaliða umfram verðlagsforsendur af hækkun húsaleigugjalda, hækkun framlags til erlendra samskipta og auknum umsvifum vegna söluverkefna. Á móti kemur hækkun sértekna um 73,4% frá fjárlögum 1986 og verða þær 2.265 þús.kr. Ekki er gert ráð

fyrir fjölgun staða frá þeim sjö sem heimilaðar eru. Sú breyting er gerð á viðfangsefnum stofnunarinnar að viðfangsefnið *langtímaáætlun* er fellt niður. Í staðinn er áætlað fyrir útgjöldum tengdum gerð langtímaáætlunar og ýmsum öðrum verkefnum í starfi ráðsins á viðfangsefninu *rannsóknir og þróunarstarfsemi*. Fjárveitingar til rannsóknastofnana, sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar háskólans og Tilraunastöðvar háskólans að Keldum, hækka alls um 15,6%. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að styðja við og efla rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra stofnana í fjárlögum 1986 og fjárlagafrumvarpi 1987 og breyting milli ára:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Tilraunastöð háskólans að Keldum	17.285	22.789	5.504	31,8
Raunvísindastofnun háskólans	43.226	55.913	12.687	29,4
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	53.920	68.658	14.738	27,3
Veiðimálastofnunin	15.857	18.801	2.944	18,6
Hafrannsóknastofnun	167.049	182.201	15.152	9,1
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	26.833	35.718	8.885	33,1
Iðntæknistofnun Íslands	48.175	51.274	3.099	6,4
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	24.478	28.366	3.888	15,9
Orkustofnun	129.066	144.264	15.198	11,8
Samtals	525.889	607.984	82.095	15,6

Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

233 Rannsóknasjóður

Styrkjum hefur tvisvar verið úthlutað úr sjóði sem komið var á laggirnar við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1985 til eflingar rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu. Styrkjum hefur verið úthlutað til ýmiss konar verkefna, einkum á sviði líf- og lífefnatækni og á sviði fiskeldis. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til sjóðsins verði óbreytt frá því sem er í fjárlögum fyrir árið 1986 eða 50.000 þús.kr. Fjárveitinganefnd verður gerð grein fyrir skiptingu styrkja á árunum 1985 og 1986.

301—307 Menntaskólar

Heildarframlag til þessara skóla nemur 329.263 þús. kr. Framlag til rekstrar nemur samtals 307.563 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 28,1%. Gert er ráð fyrir um 3800 nemendum í þessum skólum en áætlun fyrir árið 1986 byggði á 3700 nemendum. Fjölgunin er öll áætluð í skólum utan höfuðborgarsvæðisins, þ.e. í menntaskólunum á Akureyri, Laugarvatni, Ísafirði og á Egilsstöðum. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli gjaldategunda og breyting frá fjárlögum líðandi árs:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Laun	216.190	276.123	59.933	27,7
Önnur gjöld	31.802	39.019	7.217	22,7
Stofnkostnaður	8.788	21.700	12.912	146,9
Samtals	256.780	336.842	80.062	31,2
Sértekjur	−7.834	−7.579	255	−3,3
Mismunur	248.946	329.263	80.317	32,3

Launahækkun er í samræmi við launabreytingar kennara á þessu tímabili. Önnur gjöld hækka nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir og er það aðallega í þeim skólum sem nemendafjölgun á sér stað, m.a. vegna kostnaðar við heimavistir. Ekki er áætlað fyrir meiri háttar viðhaldi hjá skólunum en undir fjárlagalið 02-319 er óskipt fjárhæð til viðhalds, 5.000 þús.kr. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög vegna endurbóta á húseignum: Til Menntaskólans í Reykjavík 700 þús.kr., til Menntaskólans á Akureyri 1.500 þús.kr., til Menntaskólans á Laugarvatni 2.000 þús.kr., til Menntaskólans við Hamrahlíð 1.000 þús.kr. og til Menntaskólans við Sund 1.500 þús.kr. Vegna nýbygginga eru 4.000 þús.kr. til Menntaskólans á Ísafirði til innréttinga á kennsluhúsnæði og 11.000 þús.kr. eru til byggingar kennsluhúsnæðis fyrir Menntaskólann á Egilsstöðum.

308, 351—360 Fjölbrautaskólar

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut, og Verkmenntaskóli Austurlands, sem áður hét Framhaldsskólinn í Neskaupstað, eru fjölbrautaskólar. Hér er fjallað um þá ásamt öllum öðrum skólum sem bera það nafn. Heildarframlag til þessara skóla nemur 514.618 þús.kr. að stofnkostnaðarframlögum meðtöldum. Til rekstrar eru áætlaðar 452.818 þús.kr. en samsvarandi upphæð í fjárlögum líðandi árs er 341.372 þús.kr. Hækkun er því um 32,6%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram sundurliðun milli gjaldategunda og samanburður við fjárlög í ár:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Laun	310.137	411.414	101.277	32,7
Önnur gjöld	31.235	41.404	10.169	32,6
Stofnkostnaður	43.454	61.800	18.346	42,2
Samtals	384.826	514.618	129.792	33,7

Talið er að nemendum fjölgi um 200 frá áætlun fyrir 1986 og hækka því laun og önnur rekstrargjöld umfram almennar launa og verðlagshækkanir. Starfsemi öldungadeilda og meistaraskóla eykst einnig á nokkrum stöðum. Áætlað er að hefja starfsemi meistaraskóla við Fjölbrautaskólann á Selfossi og við Verkmenntaskólann á Akureyri er áætlað að hefja kennslu í öldungadeild og meistaraskóla. Ríkissjóður greiðir 1/3 hluta kostnaðar við öldungadeildir og meistaraskóla á móti 1/3 hluta nemenda og 1/3 hluta sveitarfélaga. Þetta eru helstu skýringar á hækkun launa í þessum skólum en samningsbundnar hækkanir á launum kennara hafa einnig verið miklar á þessu tímabili. Rekstrargjöld hækka vegna fjölgunar nemenda og aukinnar starfsemi en einnig virðist vera mikil hækkun rekstrargjalda milli ára í flestum þessara skóla, í mörgum tilvikum langt umfram almennar verðlagsbreytingar. Skiptist rekstrarkostnaður til helminga milli ríkis og viðkomandi sveitarfélaga og liggur uppgjör fyrra árs oft ekki fyrir þegar unnið er að fjárlagagerð. Loks er þess að geta að margir skólanna eru enn í mótun og nægir að minna á Verkmenntaskólann á Akureyri, Verkmenntaskóla Austurlands og Fjölbrautaskólann á Selfossi sem flyst trúlega í nýtt húsnæði á árinu 1987. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til Menntaskólans í Kópavogi, fjölbraut, 500 þús.kr. vegna endurbóta, til Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1.000 þús.kr., framlag vegna uppgjörs frá fyrri árum, og til Fjölbrautaskólans á Akranesi eru ætlaðar 4.800 þús. kr. vegna uppgjörs á lokaáfanga heimavistarhúss. Til Framhaldsskólans í

Vestmannaeyjum er lagt til að veittar verði 1.200 þús.kr. vegna uppgjörs og 300 þús.kr. vegna tækjabúnaðar. Til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki eru veittar 2.800 þús.kr. vegna uppgjörs og 7.200 þús.kr. vegna heimavistarbyggingar og til Fjölbrautaskólans á Selfossi 18.000 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda. Þá er að nefna að til Verkmenntaskóla Austurlands eru ætlaðar 6.000 þús.kr. til undirbúnings og fyrsta áfanga fyrirhugaðrar byggingar heimavistarhúss og til Verkmenntaskólans á Akureyri er framlag 16.300 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda og 1.700 þús.kr. vegna kaupa á vélhermi. Loks er 2.000 þús.kr. framlag til Fjölbrautaskólans í Garðabæ vegna húsakaupa.

319 Framhaldsskólar, almennt

Fjárveiting nemur samtals 51.699 þús.kr. að meðtöldu 5.000 þús. kr. framlagi til viðhalds framhaldsskóla og 4.000 þús. kr. framlagi til tölvukaupa. Að þessu frátöldu nemur framlag 42.699 þús.kr. og hækkar um 8,5% frá fjárlögum. Útgjaldategundir hækka mismikið og er það fyrst og fremst vegna tilfærslna milli útgjaldategunda eins og kemur fram í texta hér á eftir. Verkefni undir launalið eru eftirfarandi: 1) Sameiginleg þjónusta, 2) laun prófdómara, 3) orlof kennara, 4) forfallakennsla, 5) sérkennsla, 6) almenn þróunarverkefni, 7) réttindanám skipstjórnarmanna (var í fjárlögum 1986 flokkað undir tilfærslur), 8) framlag vegna óvissu um nemendafjölda í framhaldsskólum (var í fjárlögum 1986 flokkað undir önnur gjöld) og 9) námsefnisgerð. Síðast talda verkefnið er nýtt undir þessum fjárlagalið. Í því felst kennslubókargerð fyrir framhaldsskólastigið samsvarar framlagið lausn kennsluskyldu fyrir tvo kennara. Stefnt er að betra skipulagi á starfseminni með því að hafa sérstakt framlag í fjárlögum tengt þessu starfi. Framlag til annarra gjalda er 548 þús. kr. vegna tölvuvinnslu og 4.380 þús. kr. til uppgjörs samrekstrarskóla en framlag til þess var 6.500 þús.kr. í fjárlögum 1986. Tilfærslur eru vegna endurmenntunarnámskeiða framhaldsskólakennara.

321 Kennaraháskóli Íslands

Heildarfjárveiting nemur 103.902 þús.kr. Framlag til rekstrar nemur 97.052 þús.kr. og hækkar um 30% frá fjárlögum líðandi árs. Laun nema 83.823 þús.kr. og að frátöldu viðbótarframlagi um 1.350 þús.kr. vegna framhaldsnáms í sérkennslufræðum hækka laun rúmlega 33%. Í áætlun launa er byggt á föstum launum 44,8 stöðuheimilda. Er það fjölgun um eina stöðuheimild frá fjárlögum 1986. Þó er ekki um beina aukningu að ræða vegna þess að viðkomandi staða, kennslu- og æfingastjóri, var á öðrum dagvinnulaunum og er því um tilfærslu að ræða. Stundakennsla og yfirvinna eykst nokkuð. Hækkun launa til kennara er hátt í 30% og felst fyrst og fremst í launaflokkatilfærslum en ákvæði í kjarasamningum um starfsaldurshækkanir vega einnig mjög þungt í launaútgjöldum þessa skóla. Hækkun annarra gjalda er í hátt við almennar verðlagshækkanir á tímabilinu. Til viðhalds fasteignar eru ætlaðar 1.250 þús.kr. og framlag til stofnkostnaðar er samtals 5.600 þús.kr. Þar af eru 3.000 þús.kr. vegna lyftu og lóðar, 2.000 þús.kr. til kennslubúnaðar og 600 þús.kr. framlag er vegna endurbyggingar gamla kennaraskólans við Laufásveg.

322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands

Fjárveiting til skólans nemur 23.068 þús.kr. og er 1.000 þús.kr. framlag til viðhalds húseignar meðtalið. Framlag til rekstrar nemur 22.068 þús.kr. og hækkar um 30,7% frá gildandi fjárlögum. Fyrst og fremst eru það laun sem hækka mikið en sú hækkun er þó í samræmi við ákvæði kjarasamninga kennara á þessu tímabili. Stór hluti kennara í

þessum skóla tók áður laun samkvæmt aðalkjarasamningi BSRB en nú samkvæmt aðalkjarasamningi Bandalags kennara (BK). Er hér áætlað fyrir óbreyttri starfsemi frá því sem er í fjárlögum 1986.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Framlag til rekstrar nemur samtals 9.454 þús.kr. og hækkar um 21,8% frá gildandi fjárlögum. Laun nema 8.130 þús.kr. og hækka um 28,3% frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir um 10% aukningu kennslu og hækka önnur gjöld af sömu ástæðu svo og vegna stækkunar húsnæðis. Hækkun á sértekjum er vegna leigutekna af nýja íþróttahúsinu. Framlag til stofnkostnaðar er 8.700 þús.kr. og skiptist svo: 1.300 þús.kr. eru vegna uppgjörs á útboðsverki 2, 4.400 þús.kr. eru vegna kaupa á gólfefni og 3.000 þús. kr. eru vegna búnaðar og frágangs.

422 Námsgagnastofnun

Framlag til stofnunarinnar er 91.903 þús.kr. sem er hækkun um 6.419 þús.kr. eða 7,5% frá fjárlögum 1986. Fjárveitingin jafngildir um 2.480 kr. á hvern nemanda í skyldunámi. Miðað er við að umfang starfseminnar verði sem næst óbreytt frá því sem er í fjárlögum 1986. Áætlun launa byggist á 40,15 stöðugildum, þar af 25,4 föstum heimiluðum stöðum og 15,65 sem ráðið er í vegna sérstakra verkefna. Til útgáfu eru ætlaðar 63.072 þús.kr. eða um 1.700 kr. á nemanda í skyldunámi og til kaupa á myndböndum eru ætlaðar 3.011 þús.kr. eða um 81 kr. á hvern nemanda.

423 Námsstjórn og þróunarverkefni

Heildarfjárveiting nemur 14.448 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum um 26,7%. Fyrst og fremst er það hækkun annarra gjalda en launa sem er umfram almennar verðlagshækkanir og er skýringin 770 þús.kr. framlag vegna flutninga. Starfsemin flytur seinni hluta árs 1986 úr húsnæði að Ingólfsstræti 5 í hús fasteigna ríkissjóðs að Skipholti 37.

501 Tækniskóli Íslands

Heildarfjárveiting er 61.565 þús.kr. Þar af er 2.500 þús.kr. stofnkostnaðarframlag vegna tækjakaupa. Til rekstrar eru áætlaðar 59.065 þús.kr. og hækkar fjárveiting frá fjárlögum líðandi árs um 29,9%. Framlagið miðast við óbreytta starfsemi að frátalinni aukningu sem verður vegna röntgentæknináms. Það var tekið upp í fyrsta sinn í áætlun fyrir árið 1986 og kemur nú með fullum þunga, enda um tveggja ára nám að ræða.

506 Vélskóli Íslands

Heildarfjárveiting nemur 29.596 þús.kr. Framlag til rekstrar er 26.596 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir enda gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans. Framlag til stofnkostnaðar er 3.000 þús.kr. og er til kaupa á vélhermi sem ákveðin voru af Alþingi á árinu 1985.

514—516 Iðnskólar

Áætlun um iðnskóla gerir ráð fyrir nokkurn veginn óbreyttri starfsemi þeirra skóla. Þó er fremur samdráttur í starfsemi utan Reykjavíkur. Framlag til rekstrar er samtals 129.490 þús.kr. og hækkar um 25,7% frá fjárlögum 1986. Laun hækka um tæplega 26% í heild. Hækkun annarra gjalda en launa í Iðnskólanum í Reykjavík er nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar en á móti kemur hækkun sértekna. Til viðhalds fasteigna Iðnskólans í Reykjavík eru ætlaðar 2.000 þús.kr. Skipting stofnkostnaðarframlags undir fjárlagalið 02-516 er þannig: Til Iðnskólans í Reykjavík

4.800 þús.kr. Þar af 2.000 þús.kr. vegna lagfæringa á Vörðuskóla, 1.800 þús.kr. vegna gluggaviðgerða og 1.000 þús.kr. vegna tækjakaupa. Til Iðnskólans í Hafnarfirði er 1.000 þús.kr. framlag til kaupa á tækjabúnaði og jafnhátt framlag er til kaupa á tækjabúnaði fyrir Iðnskólann á Ísafirði.

517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Heildarfjárveiting til skólans nemur 10.885 þús.kr. Þar af er 1.450 þús.kr. stofnkostnaðarframlag og eru 500 þús.kr. vegna tækjakaupa og 950 þús.kr. framlag vegna fyrirhugaðs flutnings skólans að Laugarvatni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans.

518 Fiskvinnsluskólinn

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans og er framlag til rekstrar í samræmi við það. Til nýbyggingarframkvæmda eru ætlaðar 26.500 þús.kr. Þar af eru 5.800 þús.kr. vegna uppgjörs á því útboðsverki sem nú er unnið að. Næsti byggingaráfangi er útboð á innréttingum og frágangi innanhúss. Kostnaðaráætlun við það verk nemur 35.000 þús.kr. Reiknað er með að verkið taki a.m.k. tvö ár og er framlag vegna ársins 1987 ætlað 20.700 þús.kr.

521 Hjúkrunarskóli Íslands

Framlag til Hjúkrunarskóla Íslands nemur alls 1.473 þús. kr. Framlagið er ætlað til ýmissa frágangsverkefna sem fyrirsjáanlegt er að ekki verður lokið fyrir árslok 1986. Engin kennsla verður í skólanum en verið er að ganga frá námsgögnum svo og öðrum gögnum er tengjast sögu skólans.

553 Hússtjórnarskólar

Heildarframlag til hússtjórnarskóla nemur 13.117 þús.kr. Þar af er framlag til viðhalds samtals 3.000 þús.kr. Framlag til rekstrar er því 10.117 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum um 16,6%. Ákveðið hefur verið að hætta rekstri skólanna að Laugum, Laugarvatni og að Varmalandi. Launagjöld lækka því um 30,3% frá fjárlögum en gert er ráð fyrir að nokkurt fjármagn þurfi vegna upphitunar, minni háttar viðhalds o.fl. svo að önnur gjöld vegna rekstrar lækka ekki strax á árinu 1987. Kennsla, sem eftir er í hússtjórnarskólum, er fyrst og fremst í formi sjálfstæðra námskeiða svo og kennsla í hússtjórnargreinum fyrir aðra skóla. Heimiluð stöðugildi eru samtals 8,35, þar af 3,6 í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, 2,75 á Hallormsstað og 2 á Ísafirði.

562 Leiklistarskóli Íslands

Heildarframlag nemur 12.265 þús.kr. Þar af nemur framlag til rekstrar 9.265 þús.kr. og hækkar um 16,2% frá fjárlögum 1986. Til stofnkostnaðar eru áætlaðar 3.000 þús.kr. og eru 2.300 þús.kr. til að ljúka innréttingum og 700 þús.kr. til tækjakaupa. Skólinn og söngmálastjóri þjóðkirkjunnar fluttu í september 1986 í landssmiðjuhúsið við Sölvhólsgötu og hefur þessum stofnunum nú verið fundinn staður sem þeim ætti að duga um langa hríð. Báðar stofnanirnar hafa um árabil verið á hrakhólum.

563 Tónlistarfræðsla

Heildarframlag nemur 127.537 þús.kr. Þar af eru stofnkostnaðarstyrkir 1.400 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1986. Rekstrarframlag er 126.137 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum líðandi árs um 42,7%. Helstu skýringar á þessari hækkun er aukið kennslumagn og hækkun launa. Miklar flokkatilfærslur hafa átt sér stað í kjölfar samninga og einnig starfsaldurshækkanir. Það var trúlega vanmetið í fjárlögum 1986.

601—610 Héraðsskólar

Hér verður fjallað um öll framlög til héraðsskóla. Samtals nema þau 99.280 þús.kr. en að stofnkostnaðar- og viðhaldsframlögum frátöldum eru samtals 81.380 þús.kr. ætlaðar til rekstrar. Áætlanir eru uppi um að leggja starfsemi niður í héraðsskólunum að Laugarvatni og á Núpi í Dýrafirði. Verður það þó ekki fyrr en haustið 1987 og er þessi áætlun miðuð við það. Heildarframlög til rekstrar eru sýnd í eftirfarandi töflu ásamt samanburði við fjárlagatölur 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Laun	50.041	60.922	10.881	21,7
Önnur gjöld	22.971	23.527	556	2,4
Viðhald	3.343	3.500	157	4,7
Stofnkostnaður	10.505	14.400	3.895	37,1
Samtals	86.860	102.349	15.489	17,8
Sértekjur	−2.529	−3.069	−540	21,4
Mismunur	84.331	99.280	14.949	17,7

Til viðhalds skólanna eru áætlaðar 3.500 þús.kr. og til stofnkostnaðar eru 14.400 þús.kr. Af því eru 8.000 þús.kr. til Héraðsskólans í Reykholti vegna áframhaldandi byggingaframkvæmda mötuneytishúss. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu framlags milli einstakra héraðsskóla.

621 Skálholtsskóli

Heildarframlag nemur 5.007 þús.kr. og er 900 þús.kr. framlag til viðhalds húseigna þar meðtalið. Til rekstrar áætlast 4.107 þús.kr. og byggist áætlun á óbreyttri starfsemi skólans frá fjárlögum 1986.

700—720 Grunnskólar, rekstur

Hér verður fjallað um rekstur gunnskólastigsins bæði rekstrarframlög til grunnskólastarfs í fræðsluumdæmum og á liðnum *Grunnskólar, almennt*. Heildarkostnaður er áætlaður 2.109.360 þús.kr. sem er hækkun um 383.582 þús.kr. eða 22,2% frá fjárlögum 1986. Launagjöld eru 1.890.375 þús.kr. og hækka um 358.027 þús.kr. eða 23,4% frá fjárlögum 1986. Launagjöld í frumvarpinu fyrir 1987 skiptast í aðalatriðum þannig:

		Frumvarp 1987 þús.kr.
Fræðsluskrifstofur		10.554
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta		12.244
Almennur kennslukostnaður		1.457.692
þar af almenn kennsla	1.437.306	
einkaskólar	13.499	
annað	6.887	
Stuðningskennsla		72.036
Forfallakennsla		47.263
Orlof kennara		13.283
Önnur laun		159.796
þar af gæsla í skólum	15.450	
mötuneyti í grunnskólum	31.263	
mötuneyti í héraðsskólum	7.096	
önnur laun, kvótastörf	105.987	
Sérkennsla		79.199
Námsstjórar í fræðsluumdæmum		2.854
Framhaldsdeildir grunnskóla		31.106
Stjórnskipaðir prófdómarar		4.348
Samtals		1.890.375

Auk launahækkana í kjölfar kjarasamninga skýrist hækkun launagjalda fyrst og fremst af eftirtöldum atriðum:

- Almennur kennslukostnaður hækkar um 14.200 þús.kr. vegna fjölgunar nemenda og óhagkvæmari skiptingar nemenda í bekkjardeildir.
- Sérkennsla hækkar um 4.700 þús.kr. vegna aukinnar starfsemi.
- Safnakennsla hækkar um 325 þús.kr. vegna fjölgunar um hálft stöðugildi.

Önnur gjöld grunnskólastigsins nema alls 182.151 þús.kr. Hækkun þeirra nemur 11% frá gildandi fjárlögum. Að gefnu tilefni þykir rétt að sýna skiptingu rekstrargjalda í frumvarpinu sérstaklega:

		Þús kr.
Rekstrargjöld fræðsluumdæma		178.062
Akstur skólabarna	127.497	
Húsaleiga, heilsugæsla og tryggingar	31.263	
Annað	19.302	
Rekstrargjöld grunnskóla, almennt		4.420
	Samtals	182.491

Eignakaup eru 5.000 þús. kr. vegna kaupa á tölvum og hugbúnaði. Tilfærslur eru alls 31.494 þús. kr. sem er hækkun um 6.999 þús. kr. eða 28,6%. Þessi liður skiptist þannig í aðalatriðum:

	Þús. kr.
Lögbundin framlög til fræðsluskrifstofa	6.429
Sundskylda í skólum	20.000
Höfundagreiðslur	4.715
Annað	350
Samtals	31.494

Með tilfærslum teljast lögbundin framlög til fræðsluskrifstofa 6.429 þús.kr. nema framlag til Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis sem nemur 3.183 þús.kr. og skiptist á launa- og rekstrargjaldalið. Þar af eru 1.260 þús.kr. umfram lagaskyldu vegna sérstaks samnings milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um rekstur fræðsluskrifstofunnar. Á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta og í samvinnu við sveitarfélögin er nú unnið að endurskoðun á skipan og kostnaðarskiptum sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Nú liggur ekki fyrir hvaða verkefni og útgjaldaþættir muni færast til sveitarfélaganna en menntamálaráðherra hefur lagt til að akstur skólabarna á grunnskólastigi og ýmis annar kostnaður, er tengist starfi grunnskóla, færist til sveitarfélaganna. Í þessu frumvarpi er að svo komnu máli áætlað fyrir þeim útgjaldaþáttum grunnskólanna sem kemur til álita að flytja til. Aftur á móti hafa skil ríkissjóðs á söluskattstekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verið lækkuð sérstaklega um 130 m.kr. Náist samkomulag um tilfærslu verkefna verða fjármál jöfnunarsjóðsins endurskoðuð.

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra

Framlag nemur samtals 185.500 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 70.571 þús.kr. eða rúmlega 61%. Af fjárveitingunni eru 5.500 þús.kr. ætlaðar til uppgjörs við tvo skóla, þ.e. 3.000 þús. kr. til Ísafjarðar vegna byggingarframkvæmda við grunnskóla og 2.500 þús.kr. tilLaugaskóla í Dalasýslu. Þá er þess að geta að á árinu 1986 hafa verið gerðir samningar um byggingu grunnskóla á Akranesi og í Bessastaðahreppi. Fjárveitinganefnd Alþingis mun að venju gera tillögu um skiptingu fjárveitingar til einstakra framkvæmda.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Liðurinn hækkar um 25.819 þús.kr. eða 23,3% frá fjárlögum 1986 og verður 151.057 þús.kr. Eina nýja starfsemin, sem gert er ráð fyrir, er svo nefnt starfsleiknínám og er það starfsnám tengt námi í sérkennslufræðum á vegum Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður er áætlaður 1.799 þús.kr. og miðast við 3,6 reiknuð stöðugildi. Gert er ráð fyrir að í Öskjuhlíðarskóla fjölgi nemendum um 9 frá fyrra skólaári. Í þjálfunarskólum ríkisins fjölgar nemendum um 26 og eru það allt nemendur í fullorðinsfræðslu en hlutfallslega fleiri nemendur búa við meiri fötlun en áður var talið og er það aðallega vegna nákvæmari mælinga á greindarskerðingu en áður hefur tíðkast. Þessi atriði valda aukningu á áætluðu kennslumagni og þar með nokkurri fjölgun kennara. Þær stöður, sem tilgreindar eru í yfirlitinu hér á eftir, eru reiknaðar stöður án tillits til samþykktra heimilda. Flestar eru stöðurnar kennarastöður nema 10 stöðugildi annarra en kennara eru við Öskjuhlíðarskóla (voru 10,5 en 0,5 stöðugildi hefur verið flutt til fjölskylduheimilisins að Reynilundi 4) og engin kennarastaða er við fjölskyldu- og skóladagheimilin. Skipting reiknaðra stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	Sértekjur	Fjárveiting
Öskjuhlíðarskóli	51,65	8.885		38.885
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	3,85	3.295		3.295
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	4,03	2.844		2.844
Þjálfunarskólar ríkisins	90,04	64.152		64.152
Þjálfunarskóli Kópavogshæli	21,77	15.805		15.805
— Sólheimum	2,0	1.580		1.580
— Hringsins	10,0	7.110		7.110
— Bjarkarási	9,01	16.346		6.346
— Safamýri	31,2	21.792		21.792
— Tjaldanesi	2,31	11.369		1.369
— Akureyri	13,75	10.150		10.150
Dagvistun forskólabarna	1,0	18.438		18.438
Sameiginleg þjónusta	3,6	22.424	1.075	21.349
Starfsleikninám	3,6	1.799		1.799
Fargjöld		506		506
Tannlækningar		340	96	244
Akstur skólabarna		10.320		10.320
Dvalarkostnaður, vistanir		6.074	979	5.095
Sumardvöl		3.385		3.385
Almennt		2.094		2.094
Forfallakennsla		1.239		1.239
Orlof		756		756
Bliss-nefnd		99		99
Samtals	154,17	152.132	1.075	151.057

799 Heyrnleysingjaskólinn

Heildarfjárveiting nemur 29.869 þús.kr. Framlag til stofnkostnaðar er 100 þús.kr. vegna símakerfis og framlag til viðhalds er 440 þús.kr. vegna viðgerða á skólahúsi, málningarvinnu og til uppbyggingar á tónstofu. Framlag til rekstrar er 29.329 þús.kr. og er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir enda ekki gert ráð fyrir breytingu á starfsemi skólans.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Framlag er 20.000 þús.kr. en var 39.200 þús.kr. í fjárlögum 1986.

871 Unglingaheimili ríkisins

Framlag til heimilisins nemur 6.490 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Í greinargerð um B-hluta fyrirtæki er fjallað um stafsemi og fjárhag heimilisins.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1986 eða 865.000 þús.kr. Umfjöllun um Lánasjóð íslenskra námsmanna er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

881 Náms- og fræðimenn, framlög

Framlag nemur samtals 11.852 þús.kr. en var 13.834 þús.kr. í fjárlögum 1986. Viðfangsefni eru þau sömu og í fjárlögum 1986. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á framlögum í frumvarpi og framlögum í fjárlögum 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	1.729	2.077	348	20,1
Menningarstofnun Bandaríkjanna	120	125	5	4,2
Styrkur til útgáfustarfa	1.200	1.400	200	16,7
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	600	623	23	3,8
Félagsstofnun stúdenta	3.300	3.427	127	3,9
Stúdentagarðar, viðhald	6.685	4.000	−2.685	−40,2
Hjónagarðar, hönnun	200	200	-	-
Samtals	13.834	11.852	—1.982	—14,3

Framlag til viðhalds stúdentagarða er miðað við greiðslu af áhvílandi láni sem Félagsstofnun stúdenta hefur tekið til framkvæmdanna. Ekki er gert ráð fyrir framlagi umfram þetta enda hefur fjárveitinganefnd Alþingis árlega fjallað um þennan lið sérstaklega.

883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla

Framlag nemur samtals 1.337 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum líðandi árs um 73,2%. Skýring þeirrar hækkunar er ný staða kennara í íslensku við Lundúnaháskóla og er framlag vegna þess um 300 þús.kr.

885 Fullorðinsfræðsla

Heildarframlag nemur 1.284 þús.kr. en var 1.155 þús.kr. í fjárlögum 1986. Framlag til félagsmálanámskeiða fellur niður og önnur framlög breytast eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Bréfaskólinn	550	642	92	16,7
Námsflokkar	150	175	25	16,7
Félagsmálanámskeið	125	-	−125	.
Heimilisiðnaðarskólinn	180	292	112	62,2
Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	150	175	25	16,7
Samtals	1.155	1.284	129	11,2

901 Landsbókasafn Íslands

Framlag til Landsbókasafns Íslands nemur 19.748 þús.kr. Af því er 2.500 þús.kr. stofnkostnaðarframlag og eru 2.300 þús.kr. til bókakaupa en 200 þús.kr. vegna kaupa á ljósritunarvél. Framlag til rekstrar nemur 17.248 þús.kr. og hækkar um 18,6% frá fjárlögum 1986. Byggir áætlunin á óbreyttri starfsemi safnsins.

902 Þjóðminjasafn Íslands

Heildarfjárveiting til safnsins nemur 22.743 þús.kr. Til rekstrar áætlast 17.743 þús.kr. sem er um 18,5% hækkun frá framlagi til rekstrar í fjárlögum 1986. Sú breyting er á áætlun launa að niður fellur framlag fyrir staðgengil forstöðumanns þjóðháttadeildar en á móti bætist við ein staða verkefnaráðins sérfræðings. Í heild litið er miðað við

óbreytta starfsemi bæði í áætlun launa og annarra gjalda. Til utanhússviðgerðar á safnhúsinu eru 4.000 þús.kr. og 1.000 þús.kr. er til viðhalds gamalla bygginga í vörslu Þjóðminjasafns. Á árinu 1987 er stefnt að því að Listasafn Íslands flytji í nýtt húsnæði við Fríkirkjuveg en safnið hefur haft til afnota eina hæð í Þjóðminjasafnshúsinu.

903 Þjóðskjalasafn Íslands

Framlag nemur samtals 16.008 þús.kr. og eru 4.000 þús.kr. ætlaðar til innréttinga í nýju húsnæði að Laugavegi 164 og 1.000 þús.kr. til tækjabúnaðar. Framlag til rekstrar nemur 11.008 þús.kr. og hækkar um 17,6% frá fjárlögum 1986. Áætlunin byggist á óbreyttri starfsemi safnsins.

905 Listasafn Ásgríms Jónssonar

Framlag til safnsins nemur 1.448 þús.kr. Þar af er 260 þús. kr. fjárveiting til kaupa á viðvörunarkerfi og ljósritunarvél. Framlag til rekstrar byggist á óbreyttri starfsemi safnsins.

906 Listasafn Einars Jónssonar

Heildarfjárveiting nemur 2.812 þús.kr. Til rekstrar eru áætlaðar 1.812 þús.kr. og er þetta smávegis hækkun frá fjárlögum 1986 fyrst og fremst vegna aukinnar gæslu í tengslum við höggmyndagerð. Til viðhalds safnhússins eru ætlaðar 1.000 þús. kr.

907 Listasafn Íslands

Heildarfjárveiting til safnsins er 59.359 þús.kr. Framlag til rekstrar nemur 11.859 þús.kr. og hækkar um 23% frá fjárlögum líðandi árs. Hækkun launa umfram almennar launahækkanir er vegna einnar stöðu húsvarðar og stöðu gæslumanna sem nemur 1,8 stöðugildi og áætlað er fyrir vegna flutnings í nýtt húsnæði við Fríkirkjuveg. Heimild til fjölgunar er bundin því að ekki verði ráðið í stöðurnar fyrr en flutt verður í nýtt húsnæði en í áætlun er miðað við heils árs útgjöld. Stofnkostnaðarframlag er 47.500 þús.kr. Þar af eru 3.000 þús.kr. til *listaverkakaupa* og 44.500 þús. kr.til framkvæmda við nýtt safnahús við Fríkirkjuveg. Þar af renna 26.000 þús.kr. til þess útboðsverks sem nú er unnið að og á að skila 1. maí 1987. Afgangurinn, 18.500 þús.kr., er til kaupa á lyftum og nauðsynlegum búnaði til að geta tekið húsið í notkun.

908 Kvikmyndasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins verður 2.563 þús.kr. en var 1.245 þús.kr. í fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 87,8% og rekstrargjöld um 56%. Hækkun launa er vegna yfirvinnu sem ekki var áætluð í fjárlögum 1986. Hækkun annarra gjalda er m.a. vegna hærri leigugjalda. Sértekjur lækka um 77,3%. Þær hafa að meginhluta til verið framlög fyrirtækja og stofnana til viðgerða á gömlum kvikmyndum. Forráðamenn Kvikmyndasafns telja ekki líkur á slíkum tekjum á næsta ári.

931 Náttúruverndarráð

Heildarfjárveiting til Náttúruverndarráðs nemur 14.449 þús.kr. og hækkar úr 12.083 þús.kr. eða um 19,6%. Launagjöld hækka um 20,8% og önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 32,2. Rekstrarviðfangsefni voru sjö í fjárlögum 1986 en eru nú átta talsins. Viðfangsefninu *rannsóknastörf við Mývatn* er skipt í tvö viðfangsefni. Annars vegar *rannsóknastörf við Mývatn* með framlag að fjárhæð 1.473 þús.kr. og hins vegar *eftirlit við Mývatn og Laxá* en til þess eru veittar 622 þús.kr. Sértekjur viðfangsefnisins *rannsóknastörf við Mývatn* eru áætlaðar 2.360 þús.kr. þannig að samtals verður varið

4.455 þús.kr. á næsta ári til rannsókna á lífríki Mývatns og áhrifum kísilgúrtöku á það. Til viðhalds eru ætlaðar 800 þús.kr. og til meiri háttar stofnkostnaðar 2.650 þús.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að til rannsóknastöðvar við Mývatn eru áætlaðar 1.000 þús.kr., til hreinlætisaðstöðu við tjaldstæðin í Skaftafelli 650 þús.kr. og til endurnýjunar girðinga við Jökulsárgljúfur 1.000 þús.kr.

973, 974 Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Umfjöllun um þessar tvær stofnanir er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Vísast því til þeirra greinargerða undir viðfangsefnanúmerum 22-973 og 22-974. Framlag til Þjóðleikhússins verður alls 82.970 þús.kr. og til Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru ætlaðar 33.160 þús.kr. Sambærilegar tölur í fjárlögum 1986 voru 64.241 þús.kr. og 25.985 þús.kr. Framlag til Þjóðleikhússins hækkar þannig um 29,2% og til Sinfóníuhljómsveitar um 27,6%.

975 Vísindasjóður

Framlag nemur 2.000 þús.kr. og hækkar um 1.300 þús.kr. frá fjárlögum. Hækkunin er vegna sérstaks framlags til viðhalds húseignar sjóðsins að Bárugötu 3.

976 Menningarsjóður

Tekjur menningarsjóðs eru samkvæmt lögum gjald af aðgöngumiðum af kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 6.500 þús.kr. en að auki eru veittar 1.400 þús.kr. til sjóðsins upp í endurgreiðslu á 3.200 þús.kr. láni sem sjóðurinn tók til útgáfustarfa. Þá er að nefna að geymd fjárveiting sjóðsins frá árinu 1985 nemur 1.476 þús.kr.

977 Þjóðarbókhlaða

Samkvæmt lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, skal á árunum 1987-89 lagður á sérstakur eignarskattur er renni óskiptur til byggingar þjóðarbókhlöðu. Áætlað er að innheimta af álagningu ársins 1987 nemi 95.000 þús.kr. Þrátt fyrir áætlaðar tekjur þá er áformað að verja eigi hærri fjárhæð en 45.000 þús.kr. til framkvæmda á árinu 1987 og eru framlög úr ríkissjóði miðuð við það.

981 Kvikmyndasjóður

Framlag til sjóðsins nemur 55.000 þús.kr. og hækkar úr 16.000 þús.kr. framlagi í fjárlögum 1986. Auk framlagsins 1986 var sjóðnum aflað lánsfjár að upphæð 16.000 þús.kr. Af framlagi ársins 1987 eru 8.000 þús.kr. ætlaðar til kaupa á hentugu húsnæði fyrir Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Talið er rétt að framlög til kvikmyndamála, þ.e. Kvikmyndasafns og Kvikmyndasjóðs, færist undir sama fjárlagalið. Fyrir afgreiðslu fjárlaga mun leitað eftir endurskoðun á þessu atriði frumvarpsins.

982 Listir, framlög

Heildarframlag nemur 74.446 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum líðandi árs um 11%. Framlagið skiptist á eftirfarandi hátt:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Launasjóður rithöfunda	8.385	-	−8.385	.
Starfslaun listamanna	-	23.340	23.340	.
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	206	222	16	7,8
Rithöfundasjóður Íslands	4.021	4.851	830	20,6
Þýðingarsjóður	2.604	2.918	314	12,1
Leikfélag Reykjavíkur	5.200	5.602	402	7,7
Leikfélag Akureyrar	4.700	4.901	201	4,3
Leiklistarstarfsemi	4.800	-	−4.800	.
Bandalag íslenskra leikfélaga	625	-	−625	.
Önnur leiklistarstarfsemi	1.750	9.435	7.685	439,1
Leiklistarráð	125	-	−125	.
Alþýðuleikhús	1.650	-	−1.650	.
Norrænt leiklistarþing	250	-	−250	.
Kynning á íslenskri list erlendis	1.550	1.634	84	5,4
Íslenska óperan	3.750	4.085	335	8,9
Íslenski dansflokkurinn	750	794	44	5,9
Tónlistarstarfsemi, styrkir	2.250	2.334	84	3,7
Listasöfn, styrkir	1.725	1.832	107	6,2
Myndlistaskólinn í Reykjavík	1.250	1.342	92	7,4
Myndlistaskólinn á Akureyri	2.000	2.124	124	6,2
Samband íslenskra myndlistarmanna	625	665	40	6,4
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	500	531	31	6,2
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	4.125	4.429	304	7,4
Listamannalaun	4.107	-	−4.107	.
Starfslaun listamanna	4.692	-	−4.692	.
Bandalag íslenskra listamanna	50	58	8	16,0
Listkynning, styrkir	185	198	13	7,0
Lista- og menningarmál, ýmis	3.000	3.151	151	5,0
Leikfélög, skuldagreiðslur	2.200	-	−2.200	.
Samtals	67.075	74.446	7.371	11,0

Helstu breytingar eru þær að niður falla framlög til viðfangsefnanna: *launasjóður rithöfunda, listamannalaun* og *starfslaun listamanna* en nýtt viðfangsefni *1.12 Starfslaun listamanna* er tekið upp í staðinn og fjárframlag sameinað undir því viðfangsefni. Einnig falla niður viðfangsefnin *1.22 Leiklistarstarfsemi, 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga, 1.25 Leiklistarráð* og *1.26 Alþýðuleikhúsið* en framlag til viðfangsefnisins *1.24 Önnur leiklistarstarfsemi* hækkar tilsvarandi.

984 Norræn samvinna

Heildarframlag er 9.036 þús.kr. og hækkar úr 5.163 þús.kr. í fjárlögum 1986. Nýtt viðfangsefni *1.21 Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni* er tekið upp og erframlagið vegna norrænnar þátttöku í alþjóðlegu verkefni á sviði hafsbotnsrannsókna. Að öðru leyti skiptast framlög samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Norrænt samstarf	400	426	26	6,5
Norræna félagið	125	134	9	7,2
Samstarf á sviði menningarmála skv. norrænni fjárhagsáætlun	4.063	7.204	3.141	77,3
Menningarsamskipti við Færeyinga	275	292	17	6,2
Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO	300	478	178	59,3
Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	-	502	502	.
Samtals	5.163	9.036	3.873	75,0

985 Félagsheimilasjóður

Framlag til sjóðsins er samtals 12.000 þús.kr. og er óbreytt frá fjárlögum 1986. Leitað verður heimildar til skerðingar lögboðins framlags í frumvarpi til lánsfjárlaga.

986 Íþróttasjóður

Heildarframlag nemur 30.277 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1986 um 1.949 þús.kr. Rekstrarstyrkir nema 2.077 þús.kr. samanborið við 2.000 þús.kr. í fjárlögum. Framlag til byggingar íþróttamannvirkja er 28.000 þús.kr. og lækkar um 2.026 þús.kr. frá fjárlögum líðandi árs.

988 Æskulýðsmál

Fjárveiting nemur alls 11.484 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum 1986 um 9,1%. Viðfangsefni eru hin sömu og skiptist fjárveitingin samkvæmt eftirfarandi yfirliti sem sýnir einnig samanburð við fjárlög 1986. Bent skal á að Bandalag íslenskra skáta fékk sérstaka hækkun á framlagi í fjárlögum 1986 vegna alþjóðlegs skátamóts á Íslandi. Nú er hins vegar hækkun á framlagi til starfsemi skátahreyfingarinnar að Úlfljótsvatni vegna uppbyggingar á aðstöðu þar.

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Æskulýðsráð ríkisins	750	817	67	8,9
Æskulýðssamband Íslands	180	187	7	3,9
Ungmennafélag Íslands	5.250	5.485	235	4,5
Bandalag íslenskra skáta	2.850	1.984	−866	−30,4
Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfljótsvatns	300	1.751	1.451	483,7
Íslenskir ungtemplarar	200	210	10	5,0
Starfsemi KFUM og KFUK	1.000	1.050	50	5,0
Samtals	10.530	11.484	954	9,1

989 Ýmis íþróttamál

Fjárveiting nemur samtals 33.053 þús.kr. og hækkar um 5.638 þús.kr. eða 20,6% frá fjárlögum 1986. Þrjú viðfangsefni falla niður, *farkennsla í íþróttum, útgáfa handbóka um skólaíþróttir* og *Bridgesamband Íslands*. Eitt viðfangsefni bætist við *íþróttastarfsemi, almenn*. Af framlagi til Íþróttasambands Íslands eru 2.500 þús.kr. sérstaklega

ætlaðar til Handknattleikssambands Íslands vegna þátttöku í Ólympíuleikunum í Seoul. Liðurinn *stórmeistarar í skák* hækkar vegna fjölgunar þeirra sem væntanlega fá laun þessi á árinu 1986. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Íþróttasamband Íslands	22.500	26.258	3.758	16,7
Ólympíunefnd	1.500	1.575	75	5,0
Ólympíunefnd fatlaðra	500	525	25	5,0
Íþróttamál fatlaðra	1.500	1.575	75	5,0
Farkennsla í íþróttum	100	-	−100	.
Útgáfa handbóka um skólaíþróttir	50	-	−50	.
Skáksamband Íslands	250	263	13	5,2
Stórmeistarar í skák	700	2.250	1.550	.
Skákmót, styrkir	300	315	15	5,0
Bridgesamband Íslands	15	-	−15	.
Íþróttastarfsemi, almenn	-	292	292	.
Samtals	27.415	33.053	5.638	20,6

991 Húsfriðun

Framlag nemur samtals 10.054 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1986 um 3.199 þús.kr. Eitt viðfangsefni bætist nú við þennan fjárlagalið og er það *Hið íslenska fornleifafélag*. Í fjárlögum 1986 var áætlað fyrir 175 þús.kr. framlagi til þess undir fjárlagalið 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Viðfangsefnið *Húsið, Eyrarbakka* fellur niður og einnig fellur niður framlag til Viðeyjarstofu en framlög breytast frá gildandi fjárlögum eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Húsfriðunarsjóður	1.803	1.650	−153	−8,5
Viðeyjarstofa og Nesstofa	2.500	-	−2.500	.
Nesstofa	-	500	500	.
Húsið, Eyrarbakka	450	-	−450	.
Byggða- og minjasöfn	6.500	5.900	−600	−9,2
Sjóminjasafn Íslands	2.000	1.800	−200	−10,0
Hið íslenska fornleifafélag	-	204	204	.
Samtals	13.253	10.054	−3.199	−24,1

999 Ýmislegt

Heildarframlag nemur 17.556 þús.kr. en var 12.454 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun er því um 41%. Viðfangsefni sem falla niður eru eftirfarandi: *Söfn, styrkir, félög, styrkir, vísindastyrkir Atlantshafsbandalagsins, Náttúrugripasafn Vestmannaeyja, sædýrasafn, og Hlíðardalsskóli, viðhald*. Ný viðfangsefni eru *tónlistarsaga Íslands, útflutnings- og markaðsskólinn, útvarpsréttarnefnd* og *Norræna húsið, kaup á sýningarmunum*. Framlag skiptist eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu	150	163	13	8,7
Reykholtsstaður	250	268	18	7,2
Landssamband hjálparsveita skáta	900	957	57	6,3
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	1.500	1.587	87	5,8
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	1.850	1.961	111	6,0
Til Cornell- og Manitobaháskóla	100	105	5	5,0
Söfn, styrkir	900	-	−900	.
Félög, styrkir	250	-	−250	.
Ýmis framlög	2.500	4.085	1.585	63,4
Kvenfélagasamband Íslands	750	794	44	5,9
Iðnsaga Íslands	2.179	2.451	272	12,5
Vísindastyrkir Atlantshafsbandalagsins	100	-	−100	.
Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	125	-	−125	.
Safnastofnun Austurlands	600	1.500	900	150,0
Hlíðardalsskóli, viðhald	300	-	−300	.
Tónlistarsaga Íslands	-	1.167	1.167	.
Útflutnings- og markaðsskólinn	-	1.500	1.500	.
Útvarpsréttarnefnd	-	700	700	.
Norræna húsið, kaup á sýningarmunum	318	318	.	.
Samtals	12.454	17.556	5.102	41,0

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	73.579	83.403	9.824	13,4
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	68.738	93.169	24.431	35,5
Sendiráð	151.314	173.357	22.043	14,6
Alþjóðastofnanir	101.114	102.986	1.872	1,9
Samtals	394.745	452.915	58.170	14,7

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á breyttum framlögum til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Framlög til rekstrar aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 5.242 þús.kr. eða 8,6% og verða 66.105 þús.kr. Auk þess er gert ráð fyrir 500 þús.kr. framlagi vegna áframhaldandi tölvuvæðingar á skrifstofuhaldi ráðuneytisins. Í töflu hér fyrir neðan er gerð nánari grein fyrir skiptingu framlagsins eftir viðfangsefnum:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	45.096	53.156	8.060	17,9
Kjörræðismenn	461	547	86	18,7
Samningar við erlend ríki	440	631	191	43,4
Alþjóðaráðstefnur	7.088	8.760	1.672	23,6
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	1.697	2.190	493	29,1
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	1.125	821	−304	−27,0
Markaðsmál	4.956	-	−4.956	.
Samtals	60.863	66.105	5.242	8,6

Við aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 24 stöðugildi starfsmanna í föstu starfi. Auk þess starfa lausráðnir gæslumenn hjá aðalskrifstofunni sem jafngildir einu stöðugildi. Stöðufjöldi er óbreyttur frá gildandi fjárlögum. Hækkun launaliðar um 22,5% skýrist því annars vegar af umsömdum taxtabreytingum og flokkatilfærslum og hins vegar því að tekið hefur verið tillit til raunverulegs umfangs yfirvinnu og launagreiðslna fyrir nefndarstörf. Í fjárlagaáætlun ráðuneytisins er aukin áhersla lögð á að beina fé til *upplýsinga- og kynningarstarfsemi*. Þá er þess sérstaklega að geta að ekki eru ætluð framlög til *markaðsmála* en framlag til þess viðfangsefnis nam 4.956 þús.kr. í fjárlögum ársins 1986. Þessu framlagi hefur aðallega verið varið til að kosta störf markaðsfulltrúa í London og í New York. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um *Útflutningsráð Íslands*, sbr. fjárlagalið 12-910 undir viðskiptaráðuneytinu.

102 Varnarmálaskrifstofa

Framlög til varnarmálaskrifstofu hækka um 4.560 þús.kr. eða 37,3% og verða 16.798 þús.kr. Nánar vísast til meðfylgjandi yfirlits varðandi talnalegar breytingar:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Varnarmálaskrifstofa	10.619	13.768	3.149	29,7
Fulltrúi í Brussel	1.619	3.030	1.411	87,2
Samtals	12.238	16.798	4.560	37,3

Eins og yfirlitið hér að ofan ber með sér hækka framlög til viðfangsefna varnarmálaskrifstofu nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stöðugildi á varnarmálaskrifstofu verði 9 sem er einu fleira en er í gildandi fjárlögum. Er þar um að ræða stöðugildi fulltrúa og skýrir sú breyting hækkun fjárveitingar um 552 þús.kr. Einnig er gert ráð fyrir nokkurri raunaukningu rekstrargjalda enda hafa umsvif skrifstofunnar aukist ört undanfarin ár. Varðandi framlög til fulltrúa í Brussel er það að segja að nú er áætlað fyrir húsaleigu þar auk hækkunar staðaruppbótar.

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Útgjöld vegna lögreglustjóraembættisins eru alls áætluð 93.169 þús.kr. og hækkar framlag um 24.431 þús.kr. Þetta er meiri hækkun en gengur og gerist og skýrist einkum af tvennu. Í fyrsta lagi er nú áætlað fyrir átta nýjum stöðugildum öryggisvarða í flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Áætlað er að launaútgjöld vegna þessa hækki um 4.800 þús.kr. Önnur gjöld hækka um 1.095 þús.kr. vegna þessarar fjölgunar stöðugilda. Á móti er gert ráð fyrir hækkun sértekna er nemur 1.829 þús.kr. Einnig er gert ráð fyrir einni stöðu löggæslumanns vegna ratsjárstöðvar á Stokksnesi. Kostnaður vegna þessa er áætlaður 600 þús.kr. Að auki er gert ráð fyrir launagreiðslum vegna fjögurra verkefnaráðinna manna er annast hafa hliðgæslu um árabil samkvæmt sérstöku samkomulagi við varnarliðið. Launaliður hækkar um 1.670 þús.kr. vegna þessa. Á móti eru sértekjur hækkaðar um álíka upphæð. Um árabil hafa útgjöld embættisins verið meiri en fjárlög hafa gefið tilefni til. Í samráði við og að ósk utanríkisráðuneytis hefur verið reynt að meta fjárþörf embættisins með hliðsjón af verkefnum þess og núverandi umsvifum. Í því sambandi hefur ráðuneytið ákveðið að breyta fyrirkomulagi í ýmsum efnum og stuðla þannig að hagræðingu og sparnaði í rekstri. Þá hefur verið ákveðið að skilja á milli innheimtufjár annars vegar og rekstrarfjár hins vegar. Þetta hefur þegar verið gert þar sem sýslumenn og bæjarfógetar eiga í hlut, sbr. greinargerðir með fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1985 og 1986. Í þessu frumvarpi er einnig lagt til að sami háttur verði hafður á varðandi lögreglustjórann í Keflavík og lögreglustjórann í Reykjavík. Samkvæmt þessari tilhögun skila embættin öllum tekjum óskertum til ríkissjóðs en fá framlög til rekstrar í samræmi við fjárlög hverju sinni. Framlög til viðfangsefna embættisins skiptast þannig:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	6.153	8.774	2.621	42,6
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	27.087	34.886	7.799	28,8
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	34.781	46.344	11.563	33,3
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	717	765	48	6,7
Rekstrarviðfangefni	68.738	90.769	22.031	32,1
Stofnkostnaður	0	2.400	2.400	
Samtals	68.738	93.169	24.431	35,5

Áformað er að veita 500 þús.kr. til endurnýjunar á símakerfi en það mun úr sér gengið. Þá eru 1.900 þús.kr. ætlaðar til endurnýjunar tveggja bifreiða en viðhaldskostnaður bifreiða hefur verið langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

301—313 Sendiráð Íslands erlendis

Lagt er til að fjárveiting til rekstrar sendiráða Íslands erlendis verði 165.657 þús.kr. og hækki um 21.028 þús.kr. frá gildandi fjárlögum. Það jafngildir 14,5% hækkun. Nánari sundurliðun eftir sendiráðum kemur fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	9.755	11.285	1.530	15,7
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	11.325	12.975	1.650	14,6
Sendiráð Íslands í London	12.893	13.963	1.070	8,3
Sendiráð Íslands í Moskvu	11.492	12.650	1.158	10,1
Sendiráð Íslands í Ósló	10.705	11.018	313	2,9
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	14.488	15.373	885	6,1
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	9.263	10.052	789	8,5
Sendiráð Íslands í Washington	16.577	16.717	140	0,8
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður í New York	20.619	21.701	1.082	5,3
Fastanefnd Íslands hjá Evrópubandalaginu		7.891	7.891	.
Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO	13.505	15.279	1.774	13,1
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og hjá EFTA í Genf	14.007	16.753	2.746	19,6
Samtals	144.629	165.657	21.028	14,5

Hækkanir dreifast þannig eftir tegundum að laun hækka um 13,9% og önnur gjöld um 15,7%. Nánari sundurliðun eftir tilefnum til hækkunar kemur fram í töflu hér að neðan:

	Laun	Önnur gjöld	Samtals
Almennar gengis-, launa- og verðlagsbreytingar	5.779	5.539	11.318
Skrifstofa fastanefndar hjá Evrópubandalaginu	5.103	2.788	7.891
Hækkun vegna kjaradóms	1.819	-	1.819
Samtals	12.701	8.327	21.028

Breytingar rekstrarliða orsakast annars vegar af gengis-, launa- og verðlagsþróun og hins vegar af auknum umsvifum í rekstri. Langmestur hluti af tilkostnaði við starfsemi sendiráðanna fellur til í mynt þess lands þar sem sendiráðið er. Við áætlun annarra gjalda og launa starfsfólks sem ráðið er á staðnum er tekið tillit til verðlags og launaþróunar í viðkomandi landi eftir því sem mögulegt er. Einnig er miðað við að kaupmáttur launa starfsmanna, sem sendir eru að heiman, sé óbreyttur milli ára. Launa- og gjaldatölur eru umreiknaðar í íslenskar krónur samkvæmt gengistöflu 15. september 1986. Vegna mismunandi hreyfinga á gengi helstu mynta er verulegur munur á breytingum framlaga til einstakra sendiráða samanborið við gildandi fjárlög. En að öllu samanlögðu hækka heildarframlög vegna gengis-, launa- og verðlagsþróunar um 11.318 þús.kr. Um breytt fyrirkomulag er það að nefna að á árinu 1986 tekur til starfa skrifstofa fastanefndar hjá Evrópubandalaginu. Starfsmenn verða þrír. Heildarkostnaður vegna starfseminnar er áætlaður 7.891 þús.kr. á árinu 1987. Ekki er gert ráð fyrir þessari starfsemi í gildandi fjárlögum. Launaliður sendiráðanna hækkar um 1.819 þús.kr. vegna sérstakrar leiðréttingar launa sendiherra í kjölfar kjaradóms snemma árs 1985. Sá dómur fól í sér aukið vægi fastra launa á kostnað staðaruppbótar þessara aðila. Vegna skattalegrar meðhöndlunar fastra launa orsakaði þetta nokkra kjararýrnun og er nú leiðrétt. Til meiri háttar viðhalds eru ætlaðar 5.000 þús.kr. Samsvarandi upphæð í gildandi fjárlögum nemur 3.820 þús.kr. Til stofnkostnaðar eru ætlaðar 2.700 þús.kr. Samsvarandi upphæð í gildandi fjárlögum er 2.865 þús.kr.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Framlag er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Ekki liggur fyrir tillaga um skiptingu fjárins en mun væntanlega lögð fyrir fjárveitinganefnd á síðari stigum umfjöllunar.

399 Ýmis utanríkismál

Breytingar á fjárveitingum samkvæmt þessum lið koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Lögberg-Heimskringla	184	232	48	26,1
Samskipti við Vestur-Íslendinga	166	162	−4	−2,4
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	6.125	8.462	2.337	38,2
Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	4.800	-	−4.800	.
Tækniaðstoð við Kólumbíu	970	-	−970	.
Samtals	12.245	8.856	−3.389	−27,7

Framlög til *Lögbergs-Heimskringlu* eru nú miðuð við að samsvara 8.000 kanadískum dölum og hækka þannig nokkuð að raungildi. Framlag til *samskipta við Vestur-Íslendinga* verður sem næst 5.600 kandadískum dölum sem er sama upphæð og í gildandi fjárlögum. Raungildi framlags er þannig lítt breytt þrátt fyrir lækkun í íslenskum krónum. Viðfangsefnin *matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar* og *tækniaðstoð við Kólumbíu* falla niður. Framlög til jarðhitadeildar *háskóla Sameinuðu þjóðanna* hækka um rúm 38% eða 2.337 þús.kr. Þar af eru 800 þús.kr. ætlaðar til endurnýjunar á bifreið skólans.

401 Alþjóðastofnanir

Framlög til alþjóðastofnana hækka um 5.261 þús.kr. og verða 70.130 þús.kr. Viðfangsefni eru þau sömu og í gildandi fjárlögum nema ekki er gert ráð fyrir framlögum til *norrænnar nefndar um neytendamál*. Framlög til þess viðfangsefnis námu 10 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Framlögum á þessum lið má skipta í tvennt eftir því hvort um skyldugreiðslu er að ræða eða frjáls framlög. Með aðild sinni að ýmsum alþjóðastofnunum og samningum hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að greiða ákveðið hlutfall af rekstrarkostnaði eða öðrum kostnaði viðkomandi stofnunar. Ekki er hægt að komast hjá slíkum greiðslum nema íslenska ríkið taki aðild sína að viðkomandi stofnun til endurskoðunar. Frjáls framlög eru hins vegar ákvörðunaratriði ríkisstjórnar og Alþingis. Þannig er lagt til í þessu frumvarpi að framlög til *þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna* og *Alþjóðabarnahjálparsjóðsins* hækki annars vegar úr 5.000 þús.kr. í 6.000 þús.kr. og hins vegar úr 500 þús.kr. í 800 þús.kr. Í báðum tilvikum eru upphæðir ákvarðaðar í íslenskum krónum. Langflest framlaga samkvæmt þessum fjárlagalið eru aftur á móti ákvörðuð í erlendri mynt. Viðmiðunargengi frumvarpsins er samkvæmt gengistöflu 15. september 1986. Gengi nokkurra mynta var lægra þá en áætlað meðalgengi þeirra er í gildandi fjárlögum. Því lækkar framlag til nokkurra stofnana mælt í íslenskum krónum, þó svo að hin erlenda upphæð sé óbreytt. Auk gengisbreytinga hafa í sumum tilvikum orðið lítils háttar breytingar á framlagi í erlendri mynt, ýmist vegna breytinga á umsvifum eða breyttrar kostnaðarskiptingar. Slíkar breytingar eru þó óverulegar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	25.734	30.178	4.444	17,3
Búnaðarmál	1.233.767	1.244.216	10.449	0,9
Skólar	82.417	98.413	15.996	19,4
Samtals	1.341.918	1.372.807	30.889	2,3

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting á árinu 1987 verður 20.392 þús.kr. en var 15.340 þús.kr. í fjárlögum 1986. Er því um 32,9% hækkun að ræða á milli ára. Fyrir dyrum stendur að ráðuneytið flytji starfsemi sína í annað húsnæði á árinu 1987 og til að mæta kostnaði þar að lútandi er varið 1.100 þús.kr.

171 Jarðeignir ríkisins

Framlag verður 7.786 þús.kr. sem er 914 þús.kr. lækkun frá fjárlögum 1986. Framlag þetta er ætlað til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 Jarðasjóður

Veittar eru 2.000 þús.kr. til sjóðsins sem er 306 þús.kr. hækkun frá fjárlögum 1986. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar úr 53.920 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 68.658 þús.kr. eða um 27,3%. Launagjöld hækka um 41,0% og verða 49.436 þús.kr. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist með því að nú er áætlað fyrir stöðu sérfræðings sem féll niður fyrir nokkrum árum, 580 þús.kr. Starfsmannahald miðast við 52 menn í föstu starfi auk þess sem ráðið er í 4,5 störf til að sinna sérstökum verkefnum alls 56,5 stöður. Auk þess hefur áætlun um yfirvinnu verið endurskoðuð og hækkuð frá fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 19.498 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 20.412 þús.kr. eða um 4,7% og er það í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 14,0% og verða 6.390 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru veittar 1.200 þús.kr. samanborið við 1.051 þús.kr. í fjárlögum 1986. Veittar eru 1.500 þús.kr. til byggingar fjóss að Stóra-Ármóti og 500 þús.kr. til byggingar fjóss að Möðruvöllum. Þá eru veittar 2.000 þús.kr. til tækjakaupa fyrir deildir og tilraunastöðvar. Samtals eru því veittar 4.000 þús.kr. til framkvæmda og tækjakaupa samanborið við 3.916 þús.kr. í fjárlögum 1986. Skipulagi stofnunarinnar og framsetningu í fjárlögum hefur verið breytt á þann veg að í stað 11 deilda kemur nú viðfangsefnið *rannsóknasvið* auk þess sem viðfangsefnið *útgáfa* hefur verið sameinað *yfirstjórn*. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting starfsmanna á viðfangsefni og fjárveiting í fjárlögum 1986 og frumvarpi til fjárlaga 1987:

	Starfsmenn	Fjárlög 1986	Frumvarp 1987	Breyting %
Yfirstjórn	6,0	7.119	8.702	22,2
Rannsóknasvið	39,0	36.857	47.663	29,3
Korpa og Þormóðsdalur	1,0	1.603	1.720	7,3
Stóra-Ármót	1,0	904	1.155	27,8
Tilraunabúið Hesti	2,0	1.517	2.041	34,5
Tilraunastöðin Reykhólum	1,0	1.199	1.366	13,9
Tilraunastöðin Möðruvöllum	2,0	1.705	2.358	38,3
Tilraunastöðin Skriðuklaustri	2,0	1.767	2.198	24,4
Tilraunastöðin Sámsstöðum	2,5	1.886	2.645	40,2
Viðhald	.	1.051	1.200	14,2
Stofnkostnaður	.	3.916	4.000	2,2
Samtals	56,5	59.524	75.048	26,1
Sértekjur	.	5.604	6.390	14,0
Fjárveiting	.	53.920	68.658	27,3

231 Skógrækt ríkisins

Skógrækt ríkisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa á árunum 1985 og 1986 unnið að endurskoðun á skipulagi og rekstri stofnunarinnar. Í samræmi við niðurstöður hennar var ákveðið að sýna raunverulegt rekstrarumfang stofnunarinnar í fjárlögum 1987. Tekjur stofnunarinnar sem hlutfall af heildargjöldum hefur legið á bilinu 30 til 40% og er stefnt að því að það verði 45 til 50%. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar verður 36.467 þús.kr. sem er 16,5% hækkun frá fjárlögum 1986. Þar af er sérstaklega gert ráð fyrir 560 þús.kr. fjárveitingu til tímabundinnar ráðningar starfsmanns vegna skógræktaráætlunar. Slík áætlun er talin forsenda fyrir öflugu og markvissu skógræktarstarfi í framtíðinni. Þá er undir launalið áætlað fyrir 160 þús.kr. til úrvinnslu gagna og birtingar niðurstaðna um árhringi og vöxt trjáa. Að þessu úrvinnsluverkefni hefur verið unnið undanfarin ár. Þá eru 700 þús.kr. ætlaðar til ýmissa viðhaldsverkefna og 4.480 þús.kr. til stofnkostnaðar, þar af 2.480 þús.kr. vegna nýframkvæmda og vegur þar þyngst 1.500 þús.kr. framlag til byggingar gróðurhúss að Mógilsá. Til endurnýjunar vélum og tækjum er varið 1.000 þús.kr. og 750 þús. til landakaupa. Auk þess eru veittar 250 þús.kr. til að kaupa tölvur.

235 Landgræðsla ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er nú 28.017 þús.kr. sem er 13,8% hækkun frá fjárlögum 1986. Þrátt fyrir tiltölulega litla heildarhækkun á milli ára verða töluverðar breytingar á útgjaldategundum, þ.e. launalið og öðrum rekstrargjöldum. Þannig hækkar launaliður um 41,0% en rekstrargjöld lækka um 3,8%. Ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað stöðu skrifstofustjóra hjá stofnuninni frá og með 1. janúar 1987 en hann hefur um árabil verið lausráðinn. Þá er gert ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki um 21% frá fjárlögum 1986. Til viðhalds eru ætlaðar 2.150 þús.kr., þar af 500 þús.kr. til fasteigna í Gunnarsholti, 650 þús.kr. til skoðunar flugvéla og 1.000 þús.kr. til viðhalds girðinga. Stofnkostnaðarframlag nemur 2.200 þús.kr. sem ætlað er annars vegar til framkvæmda við starfsmannahús, 1.200 þús.kr., og hins vegar til endurnýjunar á bifreiðum, 1.000 þús.kr.

242 Mat á landbúnaðarafurðum

Fjárveiting nemur 3.195 þús.kr. sem er 14,1% hækkun frá fjárlögum 1986 og miðast við að starfsemi verði með sama hætti og undanfarin ár.

243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag nemur alls 28.911 þús.kr. sem er 5,4% hækkun frá fjárlögum 1986. Launaliður er samtals að upphæð 8.653 þús.kr. og hækkar um 21,8% hækkun frá fjárlögum 1986. Hjá stofnuninni eru 8 starfsmenn í 7 heimiluðum stöðugildum og auk þeirra starfar töluverður fjöldi við endurnýjun, viðhald og lagningu nýrra girðinga. Reiknað er með svipuðum launagjöldum vegna þessa og í fjárlögum 1986. Rekstrarfé er 2.387 þús.kr. sem er 13,3% hækkun frá fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir 16.221 þús.kr til bótagreiðslna vegna búfjárniðurskurðar og til aðgerða honum tengdum. Til viðhalds sauðfjárveikivarnagirðingum víðs vegar um landið eru ætlaðar 1.650 þús.kr.

246 Veiðimálastofnunin

Fjárveiting til Veiðimálastofnunarinnar hækkar úr 15.857 þús.kr. á árinu 1986 í 18.801 þús.kr. eða um 18,6%. Launagjöld hækka um 41,7% og verða 12.118 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna frá þeim 12 sem nú er heimild fyrir. Hækkun umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist með því að áætlun um yfirvinnu er hækkuð í ljósi reynslu síðustu ára. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 9,8% og verða 5.443 þús.kr. Á móti hækkun launa- og rekstrargjalda kemur 93,3% hækkun sértekna og eru þær áætlaðar 2.360 þús.kr. á árinu 1987. Stofnunin leiðbeinir landeigendum og öðrum í ýmsum málum er lúta að ræktun og eldi fiska í ám og vötnum. Því sýnist sjálfsagt, og er lagt til eins og fram kemur í áætluðum sértekjum, að stofnunin endurskoði stefnu sína í gjaldskrármálum. Framlag til Fiskræktarsjóðs er áætlað 550 þús.kr. samanborið við 600 þús.kr. á árinu 1986. Veittar eru 1.150 þús.kr. til tækjakaupa, þar á meðal er gert ráð fyrir kaupum á bifreið fyrir Austurlandsdeild stofnunarinnar. Þá er gert ráð fyrir því að hafin verði bygging húss að Hólum í Hjaltadal fyrir starfsmann Norðurlandsdeildar. Fjárveiting til byggingarframkvæmda nemur 1.900 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði. Í fjárlögum 1986 voru veittar 2.400 þús.kr. til stöðvarinnar. Skiptist fjárveitingin þannig að 800 þús.kr. voru ætlaðar til greiðslu afborgana af lánum og 1.600 þús.kr. til að bæta stofnuninni það tjón sem hún varð fyrir þegar slátra þurfti seiðum vegna sjúkdóms. Tekjur stöðvarinnar á árinu 1986 munu reynast mun meiri en áætlað var vegna þess hve heimtur á laxi frá stöðinni hafa verið góðar. Fjárhagsstaða á árinu 1987 er þó ótrygg enda hætt við sveiflum í endurheimtu á laxi. Laxeldisstöðin í Kollafirði sinnir fyrst og fremst rannsóknum í fiskeldi og virðist rétt að leitað sé til einstaklinga og fyrirtækja í þeirri atvinnugrein um fjárframlög og annan stuðning áður en ríkissjóði er ætlað að fjármagna rekstur stöðvarinnar að fullu.

247 Yfirdýralæknir

Heildarframlag til embættisins nemur 31.766 þús.kr. sem er 40,9% hækkun frá fjárlögum 1986. Launaliður nemur samtals 25.943 þús.kr. og er það 46,1% hækkun. Hækkun umfram almennar launahækkanir skýrist af því að hjá yfirstjórn hefur verið ráðið í hálfa stöðu ritara sem hefur í för með sér 310 þús.kr. hækkun launaliðar. Þá bætist við einn nýr dýralæknir, þ.e. í Hreppaumdæmi, og eru útgjöld vegna þess áætluð 750 þús.kr. Hækkun launa skýrist að öðru leyti af almennum kjara- og sérkjarasamningum. Gengið er út frá því að 28 stöður séu setnar. Í lögum nr. 77/1981 er kveðið á um að héraðsdýralæknar skuli vera alls 31. Um viðfangsefnið *dýralæknir fisksjúkdóma* er það að segja að launaliður hækkar verulega frá fjárlögum 1986. Orsökin er að þar sem um nýja starfsemi var að ræða í fjárlögum 1986 og kostnaður ekki ljós voru launagjöld vanáætluð en rekstrargjöld hins vegar ofáætluð. Vegna þessa lækka önnur rekstrargjöld þessa embættis nú sem svarar hækkun launaliðar. Önnur

rekstrargjöld stofnunarinnar nema í heild 3.946 þús.kr. sem er 8,3% hækkun frá fjárlögum 1986. Fjárveiting til viðhalds dýralæknabústaða er 2.000 þús.kr. en var 1.910 þús.kr. í fjárlögum 1986. Fjárveiting til byggingar dýralæknabústaða er 1.400 þús.kr. en var 287 þús.kr. í fjárlögum 1986. Ráðgert er átak í viðhaldi og lokafrágangi á húsum sem verið hafa í byggingu um árabil. Framlag til viðfangsefnisins *búfjársjúkdómar* hækkar úr 124 þús.kr. 1986 í 246 þús.kr. og framlag til *eftirlits og eftirlitsferða* hækkar úr 199 þús.kr. 1986 í 230 þús.kr.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar er 51.718 þús.kr. samanborið við 49.864 þús.kr. í fjárlögum 1986. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárins á einstök verkefni:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Landgræðsluáætlun, RALA	3.641	3.813	172	4,7
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	5.895	6.173	278	4,7
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	28.459	29.800	1.341	4,7
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	1.342	1.405	63	4,7
Fyrirhleðslur	8.600	8.600	-	-
Sjóvarnargarðar	1.927	1.927	-	-
Samtals	49.864	51.718	1.854	3,7

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Framlag ríkissjóðs að fjárhæð 22.200 þús.kr. rennur til *Lífeyrissjóðs bænda*. Framlag í fjárlögum 1986 nam 41.580 þús.kr. og var varið á sama hátt en reyndist ofáætlað miðað við útgjöld lífeyrissjóðsins. Í lánsfjárlögum mun verða leitað heimildar til þess að víkja frá gildandi lögum um framlag til deildarinnar.

288 Jarðræktarlög, framlög

Fjárveiting nemur 150.719 þús.kr. en var 139.376 þús.kr. í fjárlögum 1986. Fjárhæð til viðfangsefnisins *ráðunautar* er 20.719 þús.kr. en var 15.226 þús.kr. í fjárlögum 1986 og hækkar því um 36,1%. Af þessum lið eru greidd laun 36 búfjárráðunauta. Viðfangsefnið *jarðræktarframlög o.fl.* verður 130.000 þús.kr. en var 124.150 þús.kr. í fjárlögum 1986.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Með lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1986-1990 skuli varið fé í þágu landbúnaðarins sem svarar til 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Á árinu 1987 verður framlag ríkissjóðs 720.000 þús.kr. sem skiptist þannig að til greiðslu *uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir* verður varið 480.000 þús.kr. sem jafngildir 6% og til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* verður varið 240.000 þús.kr. sem jafngildir 3%.

291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973

Framlag nemur nú 23.939 þús.kr. og hækkar um 5,7% frá fjárlögum 1986. Launagjöld vegna 34 frjótækna hækka um 12,2% og verða 11.939 þús.kr. Tilfærslur, þ.e. ýmsir styrkir og verðlaun vegna búfjárræktar, verða 12.000 þús.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1986.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Framlag nemur 2.393 þús.kr. en var 32.424 þús.kr. í fjárlögum 1986. Lækkun á milli ára er 30.031 þús.kr. og er til komin vegna þess að viðfangsefnið *lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982* fellur niður þar sem lánið hefur verið greitt upp. Framlag til *tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands* er 292 þús.kr. en var 275 þús.kr. í fjárlögum 1986. Framlag til *Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu* er 175 þús.kr. en var 165 þús.kr. í fjárlögum 1986. *Skógræktarfélagi Íslands* eru ætlaðar 175 þús.kr. en fékk 330 þús.kr. í fjárlögum 1986. Að endingu eru ætlaðar 1.751 þús.kr. til viðfangsefnisins *ýmis verkefni* en samsvarandi fjárhæð var 1.300 þús.kr. í fjárlögum 1986. Af fjárveitingu þessa viðfangsefnis eru 500 þús.kr. ætlaðar til samtakanna Landverndar.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Heildarframlag til skólans er 45.014 þús.kr. sem er 12,9% hækkun frá fjárlögum 1986 en þá var framlagið 39.884 þús.kr. Launagjöld vegna reksturs hækka úr 21.127 þús.kr. í 27.303 þús.kr. eða um 29,2%. Hækkun umfram almenna hækkun kauptaxta má rekja til endurmats á greiðslum vegna sumarafleysinga. Önnur rekstrargjöld lækka á milli ára, sérstaklega varðandi yfirstjórn og búrekstur. Af heildarframlaginu verður 2.000 þús.kr. varið til viðhalds fasteigna og 9.550 þús.kr. til stofnkostnaðarverkefna. Stofnkostnaður skiptist þannig að 1.000 þús.kr. fara til ýmiss konar endurbóta á fasteignum og umhverfi, 4.550 þús.kr. til rannsóknahúss, 3.500 þús.kr. til kaupa á tækjum og búnaði í rannsóknahús og 500 þús.kr. til kaupa á tækjum vegna búreksturs. Bygging rannsóknahúss er nú senn lokið og með 4.550 þús.kr. á að vera hægt að greiða skuldir og kosta lokafrágang. Tækjakaupafé er til kaupa á nauðsynlegum búnaði til þess að starfsemi geti gengið með eðlilegum hætti.

502 Bændaskólinn á Hólum

Fjárveiting til skólans er 30.950 þús.kr. en var 25.008 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun á milli ára er 5.942 þús.kr. Hlutur skólareksturs er 21.950 þús. kr. en var 17.349 þús.kr. í fjárlögum 1986. Starfsemi skólans hefur vaxið undanfarin ár og er búist við að svo haldi áfram. Ákveðið hefur verið að gera átak í viðhaldi mannvirkja og verja til þess 3.900 þús.kr. Skiptist fjárveitingin þannig að 2.400 þús.kr. skal verja til endurbóta á vélahúsi, 1.100 þús.kr. verði varið til endurbóta á smíðalofti sem skólahúsnæði og að 400 þús.kr. verði notaðar til að kosta málun húsa. Varðandi stofnkostnaðarverkefni eru 4.050 þús.kr. ætlaðar til anddyrisbyggingar og 1.050 þús.kr. til tækjakaupa, þar af 850 þús.kr. vegna búnaðar fyrir fiskeldiskennslu og 200 þús.kr. til tölvukaupa.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Gert er ráð fyrir að verja 22.449 þús.kr. til skólans nú en 17.525 þús.kr. var varið til hans í fjárlögum 1986. Framlagið hækkar því milli ára um 4.924 þús.kr. Hér er um að ræða hækkun umfram eðlilegar verðlagshækkanir og er hún til komin vegna fjölgunar nemenda og vegna aukinnar starfsemi á ýmsum sviðum garðyrkjunnar, ásamt því að kostnaður hefur aukist vegna tilrauna- og rannsóknastarfa. Til viðhalds á gróðurhúsum og skólamannvirkjum eru ætlaðar 2.000 þús.kr., til endurbyggingar gróðurhúsa 3.300 þús.kr. og 500 þús.kr. til kaupa á tækjum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld til málaefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	21.749	29.113	7.364	33,9
Útvegsmál	927.585	1.061.447	133.862	14,4
Annað	26.666	34.898	8.232	30,9
Samtals	976.000	1.125.458	149.458	15,3
Þar af markaður tekjustofn	14.500	-	−14.500	.

Með lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var m.a. ákveðið að fella úr gildi lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum. Hluti af þessu útflutningsgjaldi hefur runnið í ríkissjóð og verið markaður tekjustofn sjávarútvegsráðuneytisins. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins hækkar úr 21.749 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 29.113 þús.kr. eða um 33,9%. Af þessari hækkun má rekja um 1.200 þús.kr. til þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að færa laun bifreiðastjóra og reksturskostnað bifreiða ráðherra á aðalskrifstofur ráðuneytanna. Áætlun um yfirvinnu starfsmanna er hækkuð örlítið frá fjárlögum 1986 en að öðru leyti er ekki um breytingar á starfsemi aðalskrifstofunnar að ræða. Starfsmenn aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 16 í föstum störfum og ráðið í sem svarar 0,21 af starfi til að sinna sérstökum verkefnum.

201 Fiskifélag Íslands

Framlag til Fiskifélags Íslands hækkar úr 22.583 þús.kr. á árinu 1986 í 28.949 þús.kr. eða um 28,2%. Með lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins lagður niður en Fiskifélag Íslands annaðist afgreiðslur sjóðsins skv. ákvæðum laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að ríkissjóður taki á sig ýmsan kostnað við gagnavinnslu og skýrslugerð sem áður var greiddur af Aflatryggingasjóði. Því hækkar framlag til Fiskifélagsins umfram það sem ella væri.

202 Hafrannsóknastofnunin

Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar úr 167.049 þús.kr. á árinu 1986 í 182.201 þús.kr. eða um 9,1%. Það sem skýrir litla hlutfallshækkun er einkum tvennt. Í fyrsta lagi sérstakt 3.000 þús.kr. uppgjör í fjárlögum 1986 vegna skulda fyrri ára. Í öðru lagi hefur verð á brennsluolíu, sem vegur þungt í rekstri skipa stofnunarinnar, lækkað um 42% frá því sem gert var ráð fyrir í verðlagsforsendum fjárlaga 1986. Ætla má að lækkun annarra gjalda vegna þessa sé um 9.000 þús.kr. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 27,2% milli ára sem skýrist af almennum launataxta- og flokkahækkunum auk fjölgunar yfirvinnustunda frá því sem áætlað hefur verið í fjárlögum fyrri ára. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á starfsmannafjölda stofnunarinnar. Að undanskildum áhöfnum rannsóknaskipanna er starfsmannahald miðað við 54 menn í föstu starfi og ráðið í sem svarar 11,2 stöðum til að sinna sérstökum verkefnum. Gert er ráð fyrir að hálf staða ritara verði flutt frá útibúinu á Húsavík til aðalskrifstofunnar í

Reykjavík. Þá er reiknað með launum stjórnanda útibús í Vestmannaeyjum en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var ákveðið að þar skyldi opnað útibú undir lok ársins 1986. Launagjöld útibúsins hækka af þessum sökum úr 164 þús.kr. á árinu 1986 í 986 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs lækka um 5,3% frá fjárlögum 1986 og verða 80.781 þús.kr. Þessi lækkun milli ára stafar eingöngu af verðlækkun brennsluolíu. Gert er ráð fyrir 200 daga úthaldi á hverju skipa stofnunarinnar, r/s Bjarna Sæmundssyni, r/s Árna Friðrikssyni og r/s Dröfn. Undir viðfangsefninu *annar skiparekstur* kemur fram kostnaður við „togaraverkefnið" svokallaða og er hann áætlaður 16.000 þús.kr. Leigutekjur af skipi stofnunarinnar, r/s Hafþóri, sem nú stundar rækjuveiðar, eru áætlaðar 14.976 þús.kr. Til viðhalds á skipum, tækjum og fasteignum eru veittar 12.000 þús.kr. samanborið við 12.521 þús.kr. í fjárlögum 1986. Til kaupa á tækjabúnaði eru veittar 14.010 þús.kr. samanborið við 15.367 þús.kr. á árinu 1986. Á síðustu tveimur árum hefur höfuðáhersla verið lögð á endurnýjun á tækjabúnaði í skipum stofnunarinnar en nú er gert ráð fyrir að leggja meiri áherslu á endurnýjun tækja í landi.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Framlag til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hækkar um 33,2% og verður 35.718 þús.kr. Launagjöld hækka úr 24.752 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 36.464 þús.kr. eða um 47,3%. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist að mestu leyti af aukinni vinnu við söluverkefni og 1.500 þús.kr. framlagi til tímabundinnar ráðningar á tveimur starfsmönnum undir viðfangsefninu *yfirstjórn*. Verkefni þeirra er að byggja upp verkbókhald og skipuleggja tölvumál stofnunarinnar. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 24,1% og verða 13.093 þús.kr. en á móti kemur 71,9% hækkun sértekna og verða þær 17.839 þús.kr. Framlag til tækjakaupa er hækkað úr 1.910 þús.kr. á árinu 1986 í 4.000 þús.kr. svo að stofnunin geti endurnýjað tæki til mælinga á magni þungmálma í útfluttum sjávarafurðum. Skipulagi stofnunarinnar hefur verið breytt þannig að viðfangsefnin *efnafræðideild*, *gerladeild* og *tæknideild* eru sameinuð undir viðfangsefninu *rannsóknasvið*.

216 Ríkismat sjávarafurða

Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1984, um ríkismat sjávarafurða, þar sem lagt er til að stofnunin hætti ferskfiskmati í núverandi mynd. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag sem felur í sér að ferskfiskmat verði fært í verulegum mæli til atvinnugreinarinnar sjálfrar. Við þessa breytingu fækkar stöðuheimildum stofnunarinnar um 43,6 og verða þær 37,6. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar úr 69.790 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 48.001 þús.kr. eða um 31,2%. Launagjöld lækka um 31,8% milli ára og verða 34.785 þús.kr. Lækkunin stafar alfarið af fækkun starfsmanna. Gert er ráð fyrir launagreiðslum til starfsmanna, sem sagt verður upp, í þrjá mánuði á árinu 1987. Önnur gjöld vegna reksturs lækka um 16,1% og verða 22.426 þús.kr. Aftur á móti hækka sértekjur um 33,3% milli ára og verða 11.210 þús.kr. enda er öflun sértekna óháð ferskfiskmati. Gert er ráð fyrir 2.000 þús.kr. framlagi til kaupa á ýmsum tækjum, svo sem nýrri símstöð, en ekkert slíkt framlag er í fjárlögum 1986.

221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Fjárveiting til Verðlagsráðs sjávarútvegsins stendur nánast í stað frá fjárlögum 1986 og verður 3.416 þús.kr. samanborið við 3.297 þús.kr. Er þá tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrri ára sem og því að ákveðið hefur verið að hluti af þjónustu Þjóðhagsstofnunar í þágu Verðlagsráðs verði því að kostnaðarlausu.

272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Til viðbótar launum húsvarðar eru nú veittar 5.000 þús.kr. til viðhalds húsinu að Skúlagötu 4. Nánari grein er gerð fyrir áætluðum framkvæmdum í þeim kafla greinargerðarinnar sem fjallar um fjárreiður B-hluta fyrirtækja og sjóða.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Lagt er til að veittar verði 700.000 þús.kr. til endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi. Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 600.000 þús.kr. til þessa verkefnis.

290 Veiðieftirlit

Fjárveiting til veiðieftirlitsins nemur 23.066 þús.kr. samanborið við 17.916 þús.kr. á árinu 1986. Hækkun milli ára er 28,8%. Launagjöld hækka um 38,8% og verða 15.968 þús.kr. Hækkunin skýrist af umsömdum launataxtabreytingum auk þess sem veiðieftirlitsmenn hafa fengið tveggja launaflokka hækkun á árinu 1986. Þá er gert ráð fyrir aukinni yfirvinnu frá því sem áætlað er í fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs standa nánast í stað milli ára og verða 6.318 þús.kr. samanborið við 6.412 þús.kr. í fjárlögum 1986. Lækkunin skýrist af áætluðum samdrætti í notkun bílaleigubíla en á móti eru veittar 780 þús.kr. til kaupa á bifreiðum fyrir eftirlitsmenn. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri veiðieftirlitsins og fjöldi starfsmanna er óbreyttur frá fjárlögum 1986 (14,21).

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu

Þessi fjárlagaliður er ætlaður til greiðslu á kostnaði við ýmis verkefni á sviði sjávarútvegs. Gert er ráð fyrir að veittar verði 6.128 þús.kr. til þessara verkefna samanborið við 5.900 þús.kr. á árinu 1986.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Helstu breytingar á þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1986 eru þær að fjárveiting vegna *norrænnar fiskimálaráðstefnu* sem haldin var á árinu 1986 fellur niður. Þá eru viðfangsefnin *sjóvinnukennsla* og *sjóvinnu- og rannsóknabátur* sameinuð enda starfsemin samtvinnuð. Fjárveiting til *námskeiða fyrir fiskvinnslufólk* hækkar úr 5.000 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 16.900 þús.kr. Þessi hækkun er í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra í febrúar 1986 um að hann mundi beita sér fyrir því að ríkissjóður greiddi kostnað við þjálfunar- og fræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk og var það hluti af samkomulagi Verkamannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna við síðustu kjarasamninga. Kostnaður við námskeiðshaldið verður mestur á árunum 1986 og 1987 og þegar hefur verið heimiluð 11.850 þús.kr. aukafjárveiting til þessa verkefnis á árinu 1986. Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1986 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	3.491	6.788	3.297	94,4
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	200	204	4	2,0
Norræn fiskimálaráðstefna	1.146	-	−1.146	.
Stjórn fiskveiða	4.000	4.668	668	16,7
Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	5.000	16.900	11.900	.
Samtals	13.837	28.560	14.723	106,4

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Framlag til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna hækkar úr 26.666 þús.kr. á árinu 1986 í 34.898 þús.kr. eða um 30,9%. Það er einkum tvennt sem skýrir hækkun fjárveitingar umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Í fyrsta lagi eru veittar 3.000 þús.kr. til viðhalds húsum rannsóknastofnana á Keldnaholti samanborið við 573 þús.kr. framlag í fjárlögum 1986. Í öðru lagi hækka önnur gjöld vegna viðfangsefnisins *yfirstjórn* um 1.200 þús.kr. vegna tengingar með beinni línu við SKÝRR og stóraukins skýrsluvélakostnaðar við bókhaldsþjónustu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Launagjöld hækka um 26,5% og verða 10.968 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í starfsmannahaldi frá því sem verið hefur. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 17.968 þús.kr. á árinu 1986 í 21.474 þús.kr. eða um 19,5%. Til meiri háttar eignakaupa eru veittar 400 þús.kr. samanborið við 430 þús.kr. á árinu 1986.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	30.201	38.739	8.538	28,3
Dómgæsla, lögreglumál o.fl	1.478.004	1.907.211	429.207	29,0
Þjóðkirkjan	160.196	203.477	43.281	27,0
Samtals	1.668.401	2.149.427	481.026	28,8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag nemur 31.413 þús.kr. sem er hækkun frá fjárlögum 1986 um 8.024 þús.kr. eða 34,3 %. Launaliður er áætlaður 21.728 þús.kr. og hækkar um 37,5%. Heimiluð stöðugildi voru 23,66 í fjárlögum 1986 en eru nú 27,66. Í fjárlögum er þegar áætlað fyrir stöðu fulltrúa í sifjamáladeild, fulltrúa vegna löggæslumála og fulltrúa vegna eftirlits og fjármálaumsýslu. Ráðninganefnd ríkisins hefur nú staðfest þessar stöður. Umrædd fjölgun leiðir því ekki til hækkunar útgjalda miðað við fjárlög 1986. Hins vegar flyst staða ráðherrabílstjóra til aðalskrifstofu af fjárlagaliðnum *ríkisstjórn* og hækkar launaliður af þeim sökum sérstaklega. Skýring á hækkun launaliðar umfram almennar launahækkanir er fyrst og fremst að teknar hafa verið upp gæsluvaktir í ráðuneytinu auk þess sem yfirvinna hefur reynst meiri en gert hefur verið ráð fyrir. Önnur rekstrargjöld nema 8.455 þús.kr. og hækka um 17,6%. Rekstrargjöld hækka vegna þess að rekstrarkostnaður ráðherrabifreiðar flyst yfir á ráðuneytið auk þess sem leigugjöld og almennur kostnaður vex. Til meiri háttar eignakaupa verður samtals varið 900 þús.kr., þar af 300 þús.kr. til endurnýjunar á bifreið og 600 þús.kr. til húsbúnaðar og innréttinga vegna stækkunar húsnæðis.

201 Hæstiréttur

Fjárveiting til embættisins hækkar úr 7.647 þús.kr. í 10.941 þús.kr. eða um 43,0%. Launagjöld hækka um 25,6% vegna almennra launahækkana. Rekstrargjöld hækka hins vegar um 40,7%. Skýring á þessari hækkun rekstrargjalda er að framlög til viðfangsefnanna *útgáfa Hæstaréttardóma* og *ljósprentun Hæstaréttardóma* eru aukin sérstaklega til þess að hraða útgáfu þeirra. Sértekjur stofnunarinnar vegna sölu á Hæstaréttardómum koma að jöfnu á móti útgjöldum og hækka um 48,6% miðað við fjárlög 1986. Til viðhalds og meiri háttar eignakaupa verður samtals varið 900 þús.kr. Skiptist fjárhæðin þannig að 250 þús.kr. eru ætlaðar til að mála stigagang og bæta lýsingu í húsakynnum Hæstaréttar og 650 þús.kr. eru ætlaðar til kaupa á ritvinnslubúnaði, dómaraskikkjum o.fl.

202 Ríkissaksóknari

Framlag til embættisins hækkar úr 13.921 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 18.816 þús.kr. eða um 35,2%. Laun hækka um 25,2% en rekstrargjöld um 31,0%. Rekstrargjöld hækka vegna þess að gert er ráð fyrir að embættið greiði nú leigu og rekstrarkostnað fyrir allt viðbótarhúsnæðið að Hverfisgötu 6 sem er 221 fermetri en í fjárlögum 1986 var talið að dómsmálaráðuneytið fengi 40% af því til afnota. Til kaupa á húsgögnum, skápum og símaskiptiborði eru ætlaðar 1.700 þús.kr.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Framlag til borgarfógetaembættisins hækkar úr 29.012 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 37.528 þús.kr. eða um 29,3%. Launagjöld hækka um 30,1% og nema alls 27.545 þús.kr. Áætlað er fyrir einum starfsmanni til tímabundinna verkefna við tölvuvæðingu og verða starfsmenn sem ráðnir eru til sérstakra verkefna þá samtals 5. Útgjöld vegna þessa starfsmanns nema 600 þús.kr. Föst stöðugildi verða eftir sem áður 30. Rekstrargjöld hækka um 62,5% og skýrist hækkunin af því að á árinu 1987 hefst tölvuvinnsla veðmálabóka. Leiga fyrir símalínur og tölvubúnað hjá SKÝRR er áætluð 1.308 þús.kr. Rekstrargjöld hækka einnig almennt vegna þess að tillit er tekið til reikningsniðurstöðu 1985. Umfangsmiklum skiptamálum hefur fjölgað mjög hjá embættinu síðast liðin tvö ár. Hefur þetta óhjákvæmilega leitt til aukinna útgjalda. Til áframhaldandi vinnu við tölvuvæðingu á veðmálabókum embættisins er áætlað að verja 900 þús.kr.

205 Sakadómur Reykjavíkur

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 22.586 þús.kr. í 27.512 þús. kr. eða um 21,8%. Laun hækka um 15,6% og rekstrargjöld um 16,3%. Engin breyting er áformuð á starfsemi Sakadóms frá því sem er 1986. Fjárveiting til meiri háttar eignakaupa er nú 1.200 þús.kr. en var engin í fjárlögum 1986. Ákveðið er að kaupa nýja símstöð fyrir embættið. Vegagerð ríkisins kostar kaupin að hluta en að auki eru áætlaðar 700 þús.kr. til þessa verkefnis. Til kaupa á ritvinnslubúnaði eru áætlaðar 500 þús.kr.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Fjárveiting til embættisins nemur alls 354.744 þús.kr. og hækkar um 117.706 þús.kr. eða 49,6%. Undanfarin ár hefur mikið ósamræmi verið milli fjárveitinga til embættisins og reikningsniðurstöðu. Í þessu frumvarpi er gerð breyting hér á. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hafa áætlanir embættisins verið yfirfarnar og er nú ætlast til að ekki verði ósamræmi milli fjárveitinga og rekstrarumsvifa. Niðurstaðan er

að rekstrargjöld hækka verulega umfram almennar verðlagshækkanir eða um 90,0% og launaliður hækkar um 37,7%. Þá er ákveðið að skilja að innheimtu embættisins á ýmsum tekjum fyrir ríkissjóð og rekstrarfjárútgjöld. Miðað er við að sú breyting taki gildi í upphafi árs 1987. Varðandi hækkun launaliðar ber þess sérstaklega að geta að áætlunin gerir ráð fyrir að yfirvinna lækki samfara breyttu vaktaskipulagi lögreglumanna enda byggjast nýgerðir kjarasamningar lögreglumanna á þeirri forsendu. Þá mun haldið áfram endurskipulagningu á starfsemi lögreglunnar í Reykjavík í framhaldi af athugun norskra ráðunauta sem hér störfuðu síðla árs 1985. Ekki er talin ástæða til þess að fjalla sérstaklega um hvert einstakt rekstrarviðfangsefni. Undantekningu verður þó að gera um *almenn löggæslu*. Heimiluðum stöðum fjölgar þar um 4 og verða þær nú alls 238. Fíkniefnalögreglumönnum fjölgar um fjóra vegna aukins eftirlits. Framlög til lögreglunnar í Reykjavík skiptast annars á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	14.595	25.590	10.995	75,3
Sími og fjarskipti	1.982	3.760	1.778	89,7
Almenn löggæsla	209.383	302.783	93.400	44,6
Eftirlit á vegum	2.268	2.277	9	0,4
Fangaklefar	5.409	7.166	1.757	32,5
Eftirlit með vínveitingahúsum	1.827	2.335	508	27,8
Lögregluskóli	1.397	2.470	1.073	76,8
Útlendingaeftirlit	3.238	5.660	2.422	74,8
Mötuneyti	5.773	6.828	1.055	18,3
Aðallögreglustöð við Hverfisgötu	7.898	15.192	7.294	92,4
Viðhald	1.653	4.560	2.907	175,9
Stofnkostnaður	5.253	6.980	1.727	32,9
Samtals	260.676	385.601	124.925	47,9
Sértekjur	23.638	30.857	7.219	30,5
Fjárveiting	237.038	354.744	117.706	49,7

Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur alls 6.330 þús.kr. og skiptist þannig að til *endurnýjunar á lögreglubifreiðum* verður varið 5.830 þús.kr. og til undirbúnings vegna tölvuvinnslu 500 þús.kr. Til viðhalds á aðalstöð lögreglunnar verður varið 4.560 þús.kr. Er þar um að ræða viðgerðir á steinskemmdum, þakviðgerð og endurnýjun hitakerfis auk málningarvinnu.

208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 58.612 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 78.392 þús.kr. eða um 33,7%. Laun hækka um 35,2%. Heimiluð stöðugildi eru 51 eða jafnmörg og í fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir að yfirvinna lækki miðað við reikningstölur en verði óbreytt miðað við fjárlagatölur 1986. Er það gert í samráði við dómsmálaráðuneytið. Rekstrargjöld hækka um 33,6% eða talsvert umfram almennar verðlagshækkanir. Ástæðan er sú að rekstrargjöld voru vanáætluð í endurskoðuðum fjárlögum enda hefur stofnunin þegar á þessu ári fengið 3.500 þús.kr. í aukafjárveitingu. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur 2.290 þús.kr. sem skiptist þannig að 900 þús.kr. eru áætlaðar til endurnýjunar bifreiða, 500 þús.kr. til kaupa á

stólum og pappírstætara, 210 þús.kr. til kaupa á fjarskiptatækjum og 680 þús.kr. til ýmissa tækjakaupa vegna tæknideildar. Til viðhalds húsnæðis embættisins eru áætlaðar 1.300 þús.kr. sem skiptist þannig að 800 þús.kr. eru áætlaðar til viðgerðar á þaki og 500 þús.kr. til úrbóta vegna alkalískemmda.

211—237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Framlög til rekstrarliða embætta sýslumanna og bæjarfógeta hækka um 116.236 þús.kr. eða 20,6% og verða 680.278 þús.kr. Viðhalds- og stofnkostnaðarliðir hækka um 27.429 þús.kr. og verða 100.935 þús.kr. Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir áætlaðri þróun einstakra gjaldategunda:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Laun:				
Yfirstjórn	169.251	210.129	40.878	24,2
Löggæsla	225.496	295.751	70.255	31,2
Hreppstjórar	7.277	8.348	1.071	14,7
Laun samtals	**402.024**	**514.228**	**112.204**	**27,9**
Önnur gjöld með eignakaupum:				
Yfirstjórn	68.447	69.978	1.531	2,2
Löggæsla	104.195	107.175	2.980	2,9
Hreppstjórar		633	633	
Önnur gjöld samtals	**172.642**	**177.786**	**5.144**	**3,0**
Sértekjur	**−10.624**	**−11.736**	**−1.112**	**10,5**
Rekstrarviðfangsefni samtals	**564.042**	**680.278**	**116.236**	**20,6**
Viðhaldsviðfangsefni samtals	**4.775**	**6.500**	**1.725**	**36,1**
Stofnkostnaðarviðfangsefni samtals	**68.731**	**94.435**	**25.704**	**37,4**
Samtals	**637.548**	**781.213**	**143.665**	**22,5**

Eins og fram kemur í töflunni hækkar launaliður um 26% en önnur gjöld um 3%. Stöðugildum fjölgar um eitt. Er þar um að ræða nýja stöðu aðalvarðstjóra löggæslu í Grindavík. Skýrir það hækkun launaliðar um 972 þús.kr. Aðrar efnisbreytingar eru ekki undir launalið. Rétt er að vekja athygli á mikilli hækkun launaliðar löggæslu en hana má rekja til almennra hækkana launa aðildarfélaga BSRB og til nýlegs sérkjarasamnings fjármálaráðuneytisins og Félags lögreglumanna. Samkvæmt samningnum dregur úr yfirvinnugreiðslum. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hefur verið metið hve mikil þessi lækkun sé. Í eftirfarandi töflu er gefið yfirlit yfir fjölda stöðugilda hjá embættunum:

Embætti		Yfirstjórn	Löggæsla
212	Akranes	8,75	11,00
213	Borgarnes	7,50	5,00
214	Stykkishólmur	8,50	9,00
215	Búðardalur	3,00	0,50
216	Patreksfjörður	6,00	4,00
217	Bolungarvík	3,00	2,00
218	Ísafjörður	11,00	12,00
219	Hólmavík	3,00	-
221	Blönduós	7,50	4,00
222	Sauðárkrókur	8,00	7,00
223	Siglufjörður	5,00	6,00
224	Ólafsfjörður	2,50	2,00
225	Akureyri	28,50	32,00
226	Húsavík	11,00	8,00
227	Seyðisfjörður	7,25	3,00
228	Neskaupstaður	4,00	2,00
229	Eskifjörður	9,00	6,00
230	Höfn í Hornafirði	4,50	3,00
231	Vík í Mýrdal	3,00	-
232	Hvolsvöllur	6,00	4,00
233	Vestmannaeyjar	9,00	10,00
234	Selfoss	16,00	20,00
235	Keflavík	23,00	31,00
236	Hafnarfjörður	31,50	39,00
237	Kópavogur	23,00	24,00
	Samtals	249,50	244,50

Yfirlitið ber með sér að heildarfjöldi stöðugilda við embætti sýslumanna og bæjarfógeta sé 494,00. Fjallað hefur verið um öll þessi stöðugildi í ráðninganefnd ríkisins að 1,5 stöðugildi undanskildu. Þar er um að ræða 0,5 stöðugildi við yfirstjórn á Eskifirði. Áætlað var fyrir þeirri stöðu í gildandi fjárlögum án þess að sótt hafi verið um heimild til að nýta hana. Ekki hefur ráðninganefnd heldur fjallað um þá stöðu aðalvarðstjóra í Grindavík sem nefnd var sem ný staða hér á undan. Önnur gjöld með eignakaupum hækka heldur minna en verðlagsforsendur frumvarpsins segja til um. Það ber sérstaklega að nefna að nú er í fyrsta skipti áætlað fyrir starfskostnaði hreppstjóra en samkvæmt reglugerð útgefinni af dómsmálaráðuneyti er hreppstjórum ætlaður starfskostnaður í gefnu hlutfalli við launagreiðslur til þeirra.

Viðhaldsviðfangsefni. Embættisbústaðir sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur eru 19 talsins. Í gildandi fjárlögum var tekin upp sá háttur að áætla fyrir viðhaldi þessara bústaða undir einum fjárlagalið er dómsmálaráðuneyti ráðstafar. Þetta fyrirkomulag þykir hafa gefist vel.

Stofnkostnaðarviðfangsefni. Helstu stofnkostnaðarframkvæmdir eru sem hér segir:

Fjárl.nr.	Viðfangsefni	Þús.kr.
211-6.10	Fjarskiptabúnaður	9.000
213-6.01	Bifreiðageymsla, Borgarnesi	856
215-6.10	Embættisbústaður, Búðardal	680
215-6.50	Stjórnsýsluhús, Búðardal	2.000
223-6.10	Lögreglustöð, Siglufirði	5.000
225-6.01	Skrifstofuhúsnæði, Akureyri	2.479
225-6.51	Lögreglustöð, Dalvík	2.210
226-6.01	Skrifstofa og lögreglustöð, Húsavík	14.000
229-6.21	Lögreglustöð, Egilsstöðum	7.000
231-6.01	Bifreiðageymsla, Vík	100
232-6.20	Lögreglustöð, Hvolsvelli	500
233-6.10	Stjórnsýsluhús, Vestmannaeyjum	11.380
234-6.51	Lögreglustöð, Selfossi	15.000
235-6.01	Skrifstofuhúsnæði, Keflavík	12.700
236-6.50	Lögreglustöð, Hafnarfirði	7.000
237-6.50	Skrifstofuhúsnæði, Kópavogi	2.500
	Samtals	92.405

Nokkrar skipulagsbreytingar eiga sér nú stað á embætti lögreglustjórans í Reykjavík eins og rakið er á öðrum stað í greinargerðinni. Liður í þeirri endurskipulagningu er uppbygging fjarskiptamála embættisins. Þá er einnig þörf endurbóta í fjarskiptamálum víða úti um land og eru 9.000 þús.kr. ætlaðar til þess verkefnis. Dómsmálaráðuneytið mun fjalla um ráðstöfun þessa fjár. Í Borgarnesi stendur til að rífa ónýta bifreiðageymslu og byggja nýja. Í Búðardal hefur verið keyptur embættisbústaður fyrir sýslumann og er hér áætlað fyrir lokagreiðslum vegna þeirra kaupa. Þá er fyrirhugað áframhald á vinnu við stjórnsýsluhús í Búðardal en því verkefni lýkur senn. Í Siglufirði er lögreglustöð í húsnæði sem ekki þykir uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til heilbrigðis og hollustu. Hér er lagt til að fé verði veitt til kaupa á hentugu húsnæði. Á Akureyri er enn unnið að innréttingum á skrifstofuhúsnæði bæjarfógeta. Áætlað er að unnt verði að ljúka byggingu lögreglustöðvar á Dalvík á næsta ári. Á Húsavík er unnið að byggingu skrifstofuhúss og lögreglustöðvar. Það verk hefur verið boðið út til lokafrágangs. Stefnt er að því að taka þann hluta hússins sem hýsir lögreglustöð í notkun á miðju ári 1987. Verkinu á öllu að vera lokið á árinu 1988. Á Egilsstöðum er gert ráð fyrir að hús verði keypt til nota sem lögreglustöð. Í Vík í Mýrdal er enn unnið að byggingu bifreiðageymslu, þriðja árið í röð. Þá eru ætlaðar 500 þús.kr. vegna lokafrágangs lögreglustöðvar á Hvolsvelli. Í Vestmannaeyjum er fjárveiting til innréttinga á húsinu að Heiðarvegi 15. Hönnun hefur dregist þannig að framkvæmdir hefjast naumast fyrr en seint á árinu 1986. Til framkvæmda á árinu 1986 eru ætlaðar 11.460 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Á Selfossi er ætlað að hefja byggingu lögreglustöðvar. Í Keflavík verður lokið endurbótum á skrifstofuhúsnæði embættisins. Í Hafnafirði er stefnt að því að ljúka byggingu lögreglustöðvar. Fjárveitingin skiptist þannig að 5.000 þús.kr. eru ætlaðar til að ljúka byggingunni og 2.000 þús.kr. eru ætlaðar til kaupa á skrifstofuhúsgögnum og öðrum búnaði. Loks eru 2.500 þús.kr. ætlaðar til frágangs á lóð og bílageymslu við húsnæði bæjarfógetans í Kópavogi. Auk ofangreindra framkvæmda eru ætlaðar 2.030 þús.kr. í ýmis önnur stofnkostnaðarverkefni. Stærsti liður þar er 1.000 þús.kr. vegna kaupa á tölvubúnaði til embættanna.

238 Dómstóll í ávana- og fíkiefnamálum

Framlag til dómstólsins hækkar úr 3.543 þús.kr. í gildandi fjárlögum 1986 í 4.968 þús.kr. eða um 40,2%. Launagjöld hækka um 42,4%. Ástæða þess að launaliður hækkar umfram almennar launahækkanir er að yfirvinna hækkar um 141% miðað við fjárlög 1986. Yfirvinna hefur verið vanáætluð undanfarin ár. Á sama tíma hefur auk þess málum fjölgað mjög mikið hjá embættinu. Rekstrargjöld hækka hins vegar um 5,0% eða í takt við almennar forsendur frumvarpsins um hækkanir.

241—244 Vinnuhæli, hegningarhús og fangelsi

Eðlilegt þykir að gera sameiginlega grein fyrir fjárveitingum til stofnana sem hafa að markmiði að vista og hafa eftirlit með brotamönnum eða þeim sem grunaðir eru um lögbrot. Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður milli fjárveitinga til þessara stofnana samkvæmt gildandi fjárlögum 1986 og samkvæmt frumvarpi 1987:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Hegningarhúsið í Reykjavík	13.319	20.160	6.841	51,4
Vinnuhælið að Litla-Hrauni	44.464	60.031	15.567	35,0
Vinnuhælið að Kvíabryggju	9.813	10.634	821	8,4
Fangelsi við Síðumúla	11.359	15.166	3.807	33,5
Skilorðseftirlit ríkisins	2.170	2.774	604	27,8
Samtals	81.125	108.765	27.640	34,1

Eins og sést af þessari töflu hækka útgjöld allra fangelsanna nema *vinnuhælisins að Kvíabryggju* verulega umfram almennar verðlagshækkanir. Ástæður þessara hækkana er mjög ólíkar. Skýring á mikilli hækkun útgjalda hjá *fangelsi við Síðumúla* og *hegningarhúsinu í Reykjavík* er fyrst og fremst fjölgun fanga. Hækkun vegna vinnuhælisins að Litla-Hrauni er hins vegar vegna þess að sértekjur voru ofáætlaðar í fjárlögum 1986. Heimilaðar hafa verið stöður tveggja fangavarða til næstu tveggja ára. Auk þess hækka framlög til meiri háttar stofnkostnaðar og viðhalds verulega frá síðasta ári en brýn þörf er talin á úrbótum í ýmsum málum staðarins. Til kaupa á nýrri vörubifreið og innréttingum og húsgögnum í nýtt húsnæði verður varið 3.600 þús.kr. Einnig er fyrirhugað að mála fangelsið að utan og mun sú framkvæmd kosta 1.000 þús.kr. Hækkun á framlagi til Skilorðseftirlits ríkisins á sér hins vegar þær skýringar að yfirvinna eykst og gerðir hafa verið nýir aksturssamningar við starfsmenn.

251 Landhelgisgæsla Íslands

Framlag hækkar úr 250.030 þús.kr. í 277.898 þús.kr., eða um 11,1%. Forsendur um rekstur skipa og flugvéla eru óbreyttar frá fjárlögum 1986. Þannig er gert ráð fyrir 12 mánaða úthaldi varðskipanna Ægis og Týs og 9 mánaða úthaldi Óðins. Gert er ráð fyrir 1.200 flugtímum fyrir loftför stofnunarinnar en hún hefur nú til umráða eina Fokker flugvél (TF-SÝN) og tvær þyrlur (TF-SIF og TF-GRÓ). Launagjöld hækka um 29% og verða 139.228 þús.kr. Þessi hækkun er heldur meiri en hækkanir kauptaxta starfsmanna gefa tilefni til. Helsta ástæða umframhækkunar eru ákvæði samninga sjómanna um uppgjör vegna frídaga en útgjöld vegna þessa hafa reynst of lágt metin í fjárlögum 1986. Áætlun um yfirvinnu, vaktagreiðslur, dag- og fæðispeninga og önnur launagjöld hefur verið endurskoðuð gaumgæfilega. Önnur gjöld vegna

rekstrar lækka úr 135.455 þús.kr. í 124.375 þús.kr. eða um 8,2%. Tvennt veldur þessari lækkun. Í fyrsta lagi hefur verð á brennsluolíu lækkað um rúmlega 42% frá því sem áætlað var í fjárlögum 1986 og verð á flugvélaeldsneyti (flugsteinolíu) um rúmlega 27%. Vegna þessa dragast útgjöld saman um u.þ.b. 17.000 þús.kr. milli ára. Í öðru lagi var í fjárlögum 1986 gert ráð fyrir greiðslu iðgjalds af húftryggingu þyrlunnar TF-SIF fyrir tímabilið nóvember 1985 til desember 1986, eða 14 mánuði, samanborið við 12 mánuði í fjárlagafrumvarpi 1987. Að auki hefur gengi dollars lækkað frá því sem áætlað var við gerð fjárlaga 1986 og hefur það áhrif á iðgjaldagreiðslur sem miðaðar eru við þá mynt. Til þessa má rekja rúmlega 4.000 þús.kr. Á móti lækkun útgjalda koma aukin framlög til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna, eða 17.245 þús.kr., samanborið við 9.360 þús.kr. í fjárlögum 1986. Veittar eru 11.245 þús.kr. til meiri háttar viðhalds á flugskýli stofnunarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Ráðgert er m.a. að steypa nýtt gólf í skýlið, ryðverja burðarvirki og setja upp nýtt hitakerfi. Þá eru veittar 6.000 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði og er hér einkum um að ræða eldvarna- og slökkvibúnað og ýmis björgunartæki í skip stofnunarinnar.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Heildarfjárveiting til embættisins nemur 96.733 þús.kr. en það var 44.208 þús. kr. í fjárlögum 1986 og hækkar því um 118,8 %. Verulegt ósamræmi hefur verið milli fjárveitinga í fjárlögum og rekstrar stofnunarinnar. Í þessu fjárlagafrumvarpi er ætlunin að breyting verði hér á. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hefur verið ákveðið að hækka launalið stofnunarinnar um 90,5%. Hækkunin er vegna þess að nú er í fyrsta sinn áætlað fyrir 12 af 23,5 óheimilum stöðum hjá embættinu. Föst stöðugildi verða eftir sem áður 50,66 en 12 stöðugildi verða fyrir starfsmenn sem vinna að sérstökum verkefnum. Yfirvinna er einnig hækkuð. Rekstrargjöld hækka um 25,0% og er þá tekið mið af reikningstölum 1985. Fjárveitingar til meiri háttar stofnkostnaðar nema alls 20.280 þús.kr. sem skiptist þannnig: Til endurnýjunar bifreiða verður varið 1.800 þús.kr., til innréttinga á húsnæði á Húsavík 600 þús.kr. og til innréttinga og tækjakaupa í leiguhúsnæði að Bíldshöfða 8 eru ætlaðar 17.880 þús.kr. Auk þess er geymd fjárveiting, 5.500 þús.kr. vegna Bíldshöfða 8, sem notuð verður til framkvæmda á árinu 1986 og 1987. Með þeim breytingum á að verða unnt að bæta aðstöðu til skoðunar bæði fyrir viðskiptavini og starfsmenn.

253 Almannavarnir ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 8.405 þús.kr. samkvæmt fjárlögum 1986 í 11.167 þús.kr. eða um 32,8%. Launagjöld hækka um 33%. Ástæðan er sú að yfirvinna hækkar til samræmis við reikningstölur en auk þess hækka önnur dagvinnulaun, þ.e. ræsting og afleysing, fyrst og fremst vegna vanáætlunar í fjárlögum. Ekki er því áætlað fyrir neinum nýjum stöðugildum hjá stofnuninni og eru heimiluð stöðugildi eftir sem áður fjögur. Rekstrargjöld hækka um 33,1% og tekur sú hækkun mið af reikningstölum 1985. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar er 1.500 þús.kr. og til viðhalds er áætlað að verja 500 þús.kr. vegna skipta á loftnetsköplum sem kosta 150 þús.kr. og skipta á asbestsklæðningu í stjórnstöð sem kostar 350 þús.kr.

255 Umferðarráð

Framlag nemur alls 8.264 þús.kr. og hækkar um 30% frá fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 46,2% og rekstrargjöld um 14,7%. Skýringin á þessari hækkun er eingöngu að fallist er á að taka mið af reikningstölum 1985 við áætlun gjalda. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur alls 500 þús.kr. til þess að tölvuvæða slysaskrá.

281 Dómsmál, ýmis starfssemi

Framlag er samtals 24.644 þús.kr. og hækkar um 3.716 þús.kr. eða um 17,8%. Tvö ný viðfangsefni eru tekin upp: *próf skjalaþýðenda,* 194 þús.kr., en þau eru haldin annað hvert ár, *próf fasteignasala*, 112 þús.kr., samkvæmt nýjum lögum um fasteignasölu. Stofnkostnaðarviðfangsefnið *dómsmál, ýmis starfssemi* er vegna ýmissa tölvuverkefna á vegum dómsmálaráðuneytisins. Til skýringar er sýndur samanburður við fjárlög í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Málskostnaður	10.600	10.889	289	2,7
Meðdómsmenn	2.639	2.999	360	13,6
Setu-og varadómarar	1.069	1.372	303	28,3
Siglingadómur	250	334	84	33,6
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	1.543	1.879	336	21,8
Próf málflytjanda	162	202	40	24,7
Próf skjalaþýðenda	-	233	233	.
Próf fasteignasala	-	134	134	.
Útgáfa norræns lagasafns	142	185	43	30,3
Tölvunefnd	694	1.165	471	67,9
Matsnefnd eignarnámsbóta	639	829	190	29,7
Orator, almenn lögfræðiaðstoð	118	138	20	17,0
Norræn samvinna á sviði sakfræði	177	190	13	7,3
Aðgerðir gegn fíkniefnum	985	1.095	110	11,2
Dómsmál, ýmis starfsemi	1.910	3.000	1.090	57,1
Samtals	20.928	24.644	3.716	17,8

301 Biskup Íslands

Fjárveiting til embættisins hækkar um 1.021 þús.kr. og verður 11.126 þús.kr. Er það hækkun um 10,1%. Viðfangsefni eru fjögur eins og í fjárlögum 1986. *Yfirstjórn, æskulýðsstarf, biskupsbústaður* og *biskupsbústaður, viðhald.* Heimiluð stöðugildi á viðfangsefninu yfirstjórn voru 4,5 í fjárlögum 1986 en verða nú 5. Staða fjármálastjóra verður nú heilt stöðugildi. Stöðugildi undir fjárlagaliðnum verða þá alls níu, þ.e. fimm undir *yfirstjórn* og fjögur undir *æskulýðsstarfi.* Fjárveiting til meiri háttar viðhalds nemur 250 þús.kr. vegna almenns viðhalds embættisbústaðar biskups.

302 Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar

Fjárveiting hækkar úr 3.812 þús.kr. í 6.274 þús.kr. eða um 64,5%. Launagjöld hækka um 17,7% og rekstrargjöld um 45,4%. Skýringin á hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagshækkanir er m.a. að stofnunin flytur í nýtt og stærra húsnæði að Sölvhólsgötu 13 á árinu, gamla landssmiðjuhúsið. Rekstrarkostnaður, þ.m.t. leigugjöld, hækka af þeim sökum. Undir viðfangsefninu *yfirstjórn* eru einnig áætlaðar 400 þús.kr. til minni háttar eignakaupa vegna þessa flutnings, svo sem kaupa á skápum og öðrum húsgögnum og síma. Að öðru leyti er ástæða hækkunarinnar að tekið er mið af reikningstölum 1985.

303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við endurskoðuð fjárlög 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Prestar og prófastar	100.724	127.779	27.055	26,9
Byggingar á prestssetrum	-	7.000	7.000	
Kaup á eignum á kirkjujörðum	1.433	1.600	167	11,7
Viðhald embættisbústaða	17.763	20.000	2.237	12,6
Byggingareftirlit	198	273	75	37,9
Samtals	120.118	156.652	36.534	30,4

Á viðfangsefninu *prestar og prófastar* er áætlað fyrir nýju stöðugildi prests í Reykjavík. Samtals eru heimiluð stöðugildi 122 en auk þess er áætlað fyrir nýrri stöðu prests í Reykjavík og lausráðnum presti í London. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp *byggingar á prestssetrum* 7.000 þús.kr. en engu fé var veitt til byggingar prestsbústaða í fjárlögum 1986. Fé þessu verður varið til kaupa á embættisbústöðum.

304 Ýmis kirkjuleg málefni

Framlag er samtals 16.437 þús.kr. og hækkar um 1.264 þús.kr. eða um 8,3%. Til skýringar er sýndur samanburður við endurskoðuð fjárlög í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Húsmæðraskólinn á Löngumýri	749	518	−231	−30,8
Kirkjugarðaeftirlit	659	1.018	359	54,5
Ýmislegt	4.980	6.076	1.096	22,0
Skálholtsstaður	560	600	40	7,1
Hallgrímskirkja	8.000	8.000	-	.
Hólar í Hjaltadal	225	225	-	.
Samtals	15.173	16.437	1.264	8,3

373 Kristnisjóður

Fjárveiting nemur alls 9.742 þús.kr. og hækkar um 1.352 þús.kr. eða 16,1%. Þar af nemur framlag til að standa undir afborgunum af skuldabréfum vegna kaupa á kirkjuhúsi við Suðurgötu 2.172 þús.kr. Framlag til sjóðsins 1987 verður því hærra en gert er ráð fyrir í 20 gr. laga nr. 35/1970.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	18.787	27.986	9.199	49,0
Húsnæðismál	1.600.000	1.300.000	−300.000	−18,8
Önnur félagsmál	651.388	707.832	56.444	8,7
Samtals	2.270.175	2.035.818	−234.357	−10,3
Þar af markaðir tekjustofnar	809.000	73.000	−736.000	−91,0

Markaðir tekjustofnar félagsmálaráðuneytisins breytast mikið frá fjárlögum 1986 þar sem lög nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun til húsnæðismála, falla úr gildi í árslok 1986. Samkvæmt þeim runnu tekjur af húsnæðisgjaldi, sem nam 1% af söluskattsstofni, tekjur af eignarskattsauka og tekjur af sérstakri hækkun áfengis og tóbaks til húsnæðismála. Þessar mörkuðu tekjur eru áætlaðar 747.000 þús.kr. á árinu 1986. Á árinu 1987 verða markaðar tekjur félagsmálaráðuneytisins þessar: Tekjur af skipulagsgjaldi, sem renna til skipulagsstjóra ríkisins, 25.000 þús.kr., og tekjur af erfðafjárskatti, sem renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra, 48.000 þús.kr. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins hækkar úr 18.787 þús.kr. á árinu 1986 í 27.986 þús.kr. eða um 49,0%. Þrennt skýrir þessa miklu hækkun milli ára. Í fyrsta lagi er nú áætlað fyrir launagjöldum bifreiðastjóra ráðherra og reksturskostnaði bifreiða þeirra á aðalskrifstofum ráðuneytanna en ekki undir einum lið undir forsætisráðuneyti eins og verið hefur. Viðbótarútgjöld aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins vegna þessa eru áætluð um 1.200 þús.kr. Föst störf á aðalskrifstofunni verða því alls 14,9. Í öðru lagi hefur aðsetur aðalskrifstofunnar verið flutt úr Arnarhváli í Hafnarhúsið við Tryggvagötu. Þar hefur aðalskrifstofan rýmra húsnæði til afnota en í Arnarhváli og því hækka leigugjöld og annar reksturskostnaður húsnæðis meira en verðlagsforsendur gefa tilefni til. Viðbótarútgjöld vegna þessa eru áætluð um 1.500 þús.kr. Í þriðja lagi eru veittar 500 þús.kr. til kaupa á fullkominni ljósritunarvél og öðrum skrifstofubúnaði. Í fjórða lagi eru veittar 500 þús.kr. til að þróa gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar.

271, 272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986, um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 77/1985, var gerð umtalsverð breyting á útlánareglum og fjármögnun byggingarsjóðanna. Í fjárlögum 1986 nemur framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna 1.600.000 þús.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið á árinu 1987 nemi 1.300.000 þús.kr. Nánar er fjallað um sjóðina í kaflanum um fjárreiður B-hluta fyrirtækja og sjóða.

301 Skipulagsstjóri ríkisins

Fjárveiting til embættis skipulagsstjóra ríkisins hækkar úr 20.404 þús.kr. á árinu 1986 í 24.329 þús.kr. eða um 19,2%. Þar af hækka tilfærslur til sveitarfélaga vegna vinnu við skipulagsmál úr 5.500 þús.kr. í 5.800 þús.kr. eða um 5,5%. Launagjöld hækka um 39,5% og verða 8.077 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir að föstum störfum fjölgi frá þeim 7,61 sem heimildir eru fyrir en hins vegar hefur áætlun um yfirvinnu verið hækkuð frá fjárlögum 1986 í ljósi reynslu síðustu ára. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 9.115 þús.kr. á árinu 1986 í 10.452 þús.kr. eða um 14,7%. Með þessari hækkun hefur fullt tillit verið tekið til niðurstöðu ríkisreiknings 1985. Áætlaðar tekjur af skipulagsgjaldi, en þeim skal varið til að greiða kostnað við embætti skipulagsstjóra ríkisins, eru 25.000 þús.kr.

302 Ríkissáttasemjari

Framlag til embættis ríkissáttasemjara hækkar um 17,2% og verður 8.640 þús.kr. Launagjöld hækka úr 4.808 þús.kr. á árinu 1986 í 5.981 þús.kr. eða um 24,4%. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsmannahaldi og hækkun milli ára skýrist alfarið af umsömdum launahækkunum starfsmanna. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 14,2% og verða 2.659 þús.kr.

399 Vatnsveitur

Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga hækkar úr 9.900 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 10.000 þús.kr.

700—708 Málefni fatlaðra

Heildarkostnaður vegna þessara liða hækkar úr 395.710 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 454.834 þús.kr. eða um 19,9%. Laun hækka um 71.420 þús.kr. og verða 310.109 þús.kr. og er það hækkun um 29,9%. Reiknuð stöðugildi í þessu frumvarpi eru 435,77 og fjölgar frá fjárlögum 1986 um 33,59, þar af 12,4 vegna tveggja nýrra heimila. Þessi nýju heimili eru Vistheimili við Holtaveg, en fullbyggðu húsi verður skilað 1. júlí 1987 samkvæmt verksamningi, og Sambýli einhverfra, sem væntanlega verður hafinn rekstur á um mitt næsta ár. Kostnaður við þessa fjölgun á stöðum um 33,59 stöðugildi er um 22.000 þús.kr. Sé þessi fjölgun starfsmanna ekki talin með er hækkun launa frá fjárlögum 1986 um 20,7%. Önnur gjöld verða 116.209 þús.kr. og er það 9,2% hækkun frá fjárlögum 1986. Tilfærslur eru í frumvarpinu 60.854 þús.kr. en voru í fjárlögum 1986 76.257 þús.kr. og lækka því um 15.403 þús.kr. eða 20,2%. Skýring lækkunarinnar er sú að í fjárlögum 1986 var í viðfangsefninu 700-1.04 *kostnaður samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra*, talin með skuld við lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að fjárhæð 25.429 þús.kr. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins hefur annast greiðslur á bótum til einstaklinga samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Um er að ræða bætur til þeirra fatlaðra barna á aldrinum 0-18 ára sem dveljast í heimahúsum eða njóta takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar. Að frátalinni þessari skuld hækka tilfærslurnar um 10.026 þús.kr. eða 19,7%. Viðhald er áætlað 350 þús.kr. vegna Sambýlis að Drekavogi og stofnkostnaður 900 þús.kr. til bifreiðakaupa að Sólheimum. Sértekjur verða 33.588 þús.kr. og hækka um 7.922 þús.kr. eða 30,9%. Breytingar á viðfangsefnum eru þessar: Áður er getið tveggja nýrra viðfangsefna í Reykjavík, þ.e. Vistheimilis við Holtaveg og Sambýlis einhverfra, og eru það einu nýju viðfangsefnin. Við afgreiðslu fjárlaga 1986 tók fjárveitinganefnd inn Sambýli á Sauðárkróki en þeirri starfsemi hefur verið breytt í Leikfangasafn (705-1.42). Undir viðfangsefninu 707-1.01 *svæðisstjórn* eru veittar 250 þús.kr. til greiðslu eftirstöðva af verði bifreiðar sem keypt var á árinu 1986. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu á fjárveitingum og stöðugildum á viðfangsefni:

		Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals Þús.kr.	Sértekjur Þús.kr.	Fjárveiting skv. frv. Þús.kr.
700	**Málefni fatlaðra**			**46.938**		**46.938**
	Stjórnarnefnd			745		745
	Samráðsnefnd			675		675
	Samráðsnefnd um ferlimál			945		945
	Kostnaðar skv. 10. gr.			37.811		37.811
	Kostnaður skv. 19. gr.			3.993		3.993
	Vistanir			1.206		1.206
	Starfsþjálfun			1.563		1.563
701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**117,77**	**21,3**	**110.625**	**5.310**	**105.315**
	Svæðisstjórn	3,5	3,5	4.682		4.682
	Sambýli Drekavogi 16	4,0	4,0	3.138		3.138
	Sambýli Akurgerði 20 (Reykjavíkurborg)			1.739		1.739
	Sambýli Háteigsvegi 6	1,51		1.295		1.295
	Sambýli Sigluvogi 5	3,19		2.119		2.119
	Sambýli Auðarstræti 15	4,07		3.359		3.359
	Sambýli Víðihlíð 11	4,92		4.007		4.007
	Sambýli Víðihlíð 7	3,01		2.479		2.479
	Sambýli Víðihlíð 5	2,08		1.910		1.910
	Vinnustofan Ás	4,0		9.159	4.484	4.675
	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins			2.494		2.494
	Dagvistun Lækjarási	12,0		9.519		9.519
	Dagvistun Bjarkarási	14,0		12.632		12.632
	Dagvistun Lyngási	24,9		17.479		17.479
	Skammtímavistun Víðihlíð 9	6,39		6.115	826	5.289
	Skammtímavistun Dalbraut 12 (Reykjavíkurborg)			4.627		4.627
	Trönuhólar 1 (einhverf börn)	13,8	13,8	13.380		13.380
	Sambýli Sóleyjargötu	4,0		3.365		3.365
	Sambýli einhverfra (1/2 ár)	5,4		3.589		3.589
	Vistheimili við Holtaveg (1/2 ár)	7,0		1.748		1.748
	Atvinnuleit			1.440		1.440
	Sambýli Drekavogi 16 (viðhald)			350		350
702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**116,35**	**18,75**	**109.525**	**5.754**	**103.771**
	Svæðisstjórn	3,0	2,5	3.728		3.728
	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	6,55	3,65	5.299		5.299
	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	4,0	3,0	3.250		3.250
	Sambýli Garðabæ	4,8		3.907		3.907
	Örvi, verndaður vinnustaður Kópavogi	5,5	3,0	9.636	3.658	5.978
	Leikfangasafn Keflavík	0,6	0,6	444	70	374
	Skammtímavistun	7,4	3,0	6.379	953	5.426
	Dagvistun Keflavík	5,0	3,0	4.464	212	4.252
	Vistheimilið Skálatúni	57,0		51.392	861	50.531
	Vistheimilið Tjaldanesi	21,7		18.694		18.694
	Gistiheimili Þroskahjálpar Kópavogi	0,8		1.515		1.515
	Atvinnuleit			817		817
703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**14,5**	**6,5**	**15.110**	**2.568**	**12.542**
	Svæðisstjórn	2,0	2,0	2.469		2.469
	Sambýli Akranesi	7,5	4,0	5.238		5.238
	Verndaður vinnustaður Akranesi	2,0		4.662	2.464	2.198
	Leikfangasafn Borgarnesi	0,5	0,5	680	104	576
	Dagvistun Akranesi	2,5		2.061		2.061

	Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals Þús.kr.	Sértekjur Þús.kr.	Fjárveiting skv. frv. Þús.kr.
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	**18,5**	**8,25**	**18.011**	**694**	**17.317**
Svæðisstjórn	1,25	1,25	2.119		2.119
Þjónustumiðstöð Bræðratungu	17,25	7,0	15.892	694	15.198
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	**10,5**	**6,0**	**10.024**	**439**	**9.585**
Svæðisstjórn	2,0	2,0	2.956		2.956
Sambýli Siglufirði	4,5	2,0	3.468		3.468
Leikfangasafn Siglufirði	1,0	1,0	862	135	727
Leikfangasafn Blönduósi	1,0	1,0	929	146	783
Leikfangasafn Sauðárkróki	1,0		894	158	736
Sumardvöl Egilsá	1,0		915		915
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	**86,1**	**35,1**	**96.864**	**9.105**	**87.759**
Svæðisstjórn	2,5	2,5	4.366		4.366
Sambýli Byggðavegi 91	5,0	2,3	3.288		3.288
Sambýli Borgarhlíð 3	4,0	1,1	2.413		2.413
Sambýli Vanabyggð 4 c	4,0	1,6	2.562		2.562
Iðjulundur, verndaður vinnustaður	7,0	3,0	15.664	7.132	8.532
Bjarg, verndaður vinnustaður			5.164		5.164
Leikfangasafn Akureyri	0,6	0,6	542	85	457
Vistheimilið Sólborg	63,0	24,0	61.233	1.888	59.345
Sumarbúðir í Botni			1.632		1.632
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	**26,5**	**10,3**	**24.854**	**2.036**	**22.818**
Svæðisstjórn	2,0	1,8	2.973		2.973
Sambýli Egilsstöðum	5,0	3,0	3.393		3.393
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	2,0		4.454	1.947	2.507
Leikfangasafn	0,5	0,5	583	89	494
Vonarland, þjónustumiðstöð	17,0	5,0	13.451		13.451
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	**45,5**	**14,0**	**56.471**	**7.682**	**48.789**
Svæðisstjórn	2,5	2,5	2.833		2.833
Sambýli Ásvegi 8, Selfossi	4,0	4,0	3.492		3.492
Verndaður vinnustaður Selfossi	2,0	2,0	2.630	590	2.040
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2,0		6.197	5.240	957
Leikfangasafn Vestmannaeyjum	0,5	0,5	586	90	496
Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi	6,0	5,0	5.090	224	4.866
Vistheimilið Sólheimum	28,5		34.743	1.538	33.205
Vistheimilið Sólheimum, bifreiðakaup			900		900
Samtals	435,72	120,2	488.422	33.588	454.834

750 Greiningarstöð ríkisins

Í fjárlögum 1986 er gert ráð fyrir 17,3 stöðugildum, þar af eru 4 talin með öðrum dagvinnulaunum, auk hálfs stöðugildis lækna í hlutastörfum. Ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað þessi 17,3 stöðugildi sem fastar stöður hjá Greiningarstöð ríkisins. Til viðbótar þessum stöðum er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 gert ráð fyrir 3 stöðugildum sem ráðið er í til að sinna ákveðnum verkefnum og eru laun vegna þeirra talin með öðrum dagvinnulaunum. Auk þessara þriggja staðna er á öðrum dagvinnulaunum gert ráð fyrir launum til þriggja lækna í hlutastöðum eða samtals 0,5 stöðugildi. Þessar þrjár stöður á öðrum dagvinnulaunum hækka launaliðinn um rúmlega 2.100 þús.kr. frá fjárlögum 1986. Launaliðurinn í heild verður 13.320 þús.kr. og hækkar um 4.152 þús.kr. en þar af eru 2.100 þús.kr. vegna nýrra staðna sem fyrr er getið. Í heild hækkar liðurinn úr 12.577 þús.kr. í 17.896 þús.kr. eða um 42,3%.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er áætluð 100.000 þús.kr. samanborið við 76.400 þús.kr. á árinu 1986. Hækkunin nemur 30,9%. Tekjur af erfðafjárskatti renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 35. og 44. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Áætlaðar tekjur af skattinum á árinu 1987 eru 48.000 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs til sjóðsins þarf að vera 52.000 þús.kr. til þess að heildarfjárhæðinni verði náð.

951 Brunamálastofnun ríkisins

Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til reksturs Brunamálastofnunar ríkisins fremur en fyrri ár og er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður að öllu leyti með tekjum af brunavarnagjaldi sem tryggingafélög í landinu greiða. Í fjárlögum fyrir árið 1986 var gert ráð fyrir nýrri stöðu verkfræðings við stofnunina en ráðninganefnd ríkisins heimilaði stofnuninni að ráða tvo brunaeftirlitsmenn í stað verkfræðings. Alls er því gert ráð fyrir átta starfsmönnum við stofnunina. Launagjöld hækka um 39,3% milli ára og verða 6.619 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 5.402 þús.kr. í 5.964 þús.kr. eða um 10,4%. Gert var ráð fyrir 478 þús.kr. útgjöldum á árinu 1986 til kaupa á ýmsum tækjabúnaði en ekki er gert ráð fyrir slíku á árinu 1987.

953 Jafnréttisráð

Framlag til Jafnréttisráðs hækkar um 39,9% frá árinu 1986 og verður 3.443 þús.kr. Hækkunin er meiri en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til enda er gert ráð fyrir vaxandi umsvifum ráðsins eftir setningu laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsmannahaldi en starfsmannaheimildir eru tvær. Launagjöld hækka um 48,3% frá 1986 og verða 2.135 þús.kr. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist af flokkahækkunum starfsmanna. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 1.020 þús.kr. á árinu 1986 í 1.308 þús.kr. eða um 28,2%.

954 Vinnueftirlit ríkisins

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir framlagi til Vinnueftirlits ríkisins fremur en í fjárlögum fyrri ára. Útgjöld stofnunarinnar hækka um 43,2% og er það meira en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til. Tvennt skýrir þessa hækkun útgjalda. Í fyrsta lagi er tekið tillit til reynslu síðustu ára við áætlun yfirvinnu og annarra gjalda vegna reksturs. Og í öðru lagi er gert ráð fyrir um 4.000 þús.kr. endurgreiðslu Vinnueftirlitsins í ríkissjóð á árinu 1987 vegna lána til húsnæðiskaupa stofnunarinnar að Bíldshöfða 16. Á móti kemur að stjórn Vinnueftirlitsins, sem skipuð er fulltrúum vinnuveitenda og launþega, hefur samþykkt hækkun á vinnueftirlitsgjaldinu, sem er helsti tekjustofn stofnunarinnar, vegna húsnæðiskaupanna. Félagsmálaráðherra hefur þegar staðfest hækkunina fyrir árið 1986. Launagjöld hækka um 30,8% milli ára og verða 28.614 þús.kr. Miðað er við óbreyttan fjölda starfsmanna frá því sem er í fjárlögum 1986, þ.e. 29 mönnum í föstum stöðum og ráðið verður í 3,33 stöður til að sinna sérstökum verkefnum. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 12.142 þús.kr. á árinu 1986 í 15.877 þús.kr. eða um 30,8%. Framlag til meiri háttar eignakaupa nemur 6.020 þús.kr. og þar af eru 4.000 þús.kr. til greiðslu á skuld við ríkissjóð vegna húsakaupa. Auk þess er gert ráð fyrir kaupum á bifreiðum fyrir skoðuðunarmenn utan Reykjavíkur og öðrum tækjabúnaði fyrir stofnunina.

972 Bjargráðasjóður Íslands

Fjárveiting til sjóðsins er 4.700 þús.kr. og miðast við afborganir og vexti af lánum sem tekin voru 1980-1982 vegna harðæris og þungra búsifja. Fjárveiting í fjárlögum 1986 nemur 18.240 þús.kr.

981 Vinnumál

Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar úr 18.512 þús.kr. í 19.534 þús.kr. eða um 5,5% og er það í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar frá meðalverðlagi 1986 til ársloka. Ekki þykir ástæða til að fjalla um önnur viðfangsefni en viðfangsefnið *ýmislegt*. Gert er ráð fyrir að fjárveiting undir þeim lið skiptist eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti og til samanburðar er sýnd skipting í fjárlögum 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi	3.122	3.278	156	5,0
ASÍ, vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu	2.200	2.310	110	5,0
Félagsmálaskóli alþýðu	3.003	3.153	150	5,0
Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMS, BSRB og BHM	2.660	2.793	133	5,0
ASÍ, vegna norræna verkalýðsskólans í Genf	75	79	4	5,3
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	850	892	42	4,9
Fræðslumál BSRB	730	766	36	4,9
Fræðslumál BHM	120	126	6	5,0
Fræðslumál annarra	120	126	6	5,0
Upplýsingastarfsemi um kjaramál	230	242	12	5,2
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	620	651	31	5,0
Samtals	13.730	14.416	686	5,0

982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota

Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 5.000 þús.kr. til þessa fjárlagaliðar. Ljóst er að útgjöld á árinu munu verða þó nokkru hærri. Erfitt er að áætla endanlega fjárhæð þar sem óvíst er hversu mikið af útgjöldum ríkissjóðs fæst endurgreitt úr þrotabúum. Ákveðið hefur verið að tvöfalda fjárveitinguna á árinu 1987 og nemur hún því 10.000 þús.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Helsta breytingin undir þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1986 er að tvö viðfangsefni, *varnargarður við Höfðabrekkujökul* og *Markarfljót, varnargarðar*, falla niður. Önnur viðfangsefni hækka yfirleitt í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Helstu undantekningarnar eru viðfangsefnin *meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga*, þar sem áætlaðar kröfur á árinu 1986 samanborið við fjárveitingu gefa tilefni til lækkunar áætlunar, og *meðlög skv. lögum nr. 9/1981*, þar sem í fjárveitingu 1986 var gert ráð fyrir sérstöku 25.980 þús.kr. uppgjöri við Tryggingastofnun ríkisins vegna skulda frá fyrri árum. Hins vegar hafa viðfangsefnin *kvennaathvarf í Reykjavík* og *snjóflóða- og skriðufallavarnir* verið hækkuð meira en verðlagsforsendur gefa tilefni til. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna á árinu 1986, í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 og breytingin milli ára:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	3.251	2.984	−267	−8,2
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	63.549	34.519	−29.030	−45,7
Slysavarnafélag Íslands	4.625	4.806	181	3,9
Sjómannastofur	440	460	20	4,6
Félagasamtök, styrkir	4.700	4.887	187	4,0
Kvennaathvarf í Reykjavík	2.034	2.500	466	22,9
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	2.000	3.000	1.000	50,0
Ýmis framlög	1.250	1.300	50	4,0
Varnargarður við Höfðabrekkujökul	573	-	−573	.
Markarfljót, varnargarðar	2.388	-	−2.388	.
Samtals	84.810	54.456	−30.354	−35,8

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	24.204	32.309	8.105	33,5
Tryggingamál	9.989.913	10.297.310	307.397	3,1
Heilbrigðismál	3.700.305	6.541.976	2.841.671	76,8
Annað	23.746	26.863	3.117	13,1
Samtals	13.738.168	16.898.458	3.160.290	23,0
Þar af markaðir tekjustofnar	1.206.441	1.490.120	283.679	23,5

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 1.050.000 þús.kr. og hækkar um 190.000 þús.kr. frá fjárlögum 1986, slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda verða 178.000 þús.kr. og hækka um 45.779 þús.kr. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 30.600 þús.kr. og verður 142.600 þús.kr. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra verður 115.000 þús.kr. og hækkar um 20.000 þús.kr. Hlutur Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er 1.500 þús.kr. og hækkar um 300 þús.kr. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta er 20 þús.kr. og er óbreytt frá fjárlögum 1986 og sömuleiðis eru tekjur af samúðarskeytum Landssímans óbreyttar eða 3.000 þús.kr. Sérlyfjagjald fellur niður sem markaður tekjustofn og er áætlað sem sértekjur Lyfjanefndar. Verður nú fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofu er 32.309 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum um 7.405 þús.kr. ef stofnkostnaður er frátalinn. Laun nema 19.433 þús.kr. og er áætlað fyrir 18,5 stöðum á föstum launum auk annarra launa. Ein staða bætist við frá fjárlögum 1986 og er það staða bifreiðastjóra ráðherra sem áætlað hefur verið fyrir á aðalskrifstofu forsætisráðuneytis hin síðari ár. Tímabundið verkefni sem unnið hefur verið í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um greiningu og eftirlit með langvinnum sjúkdómum er framlengt um eitt ár. Önnur gjöld ásamt minni háttar eignakaupum eru áætluð 12.811 þús.kr. og hækka nokkuð umfram verðlag, m.a. vegna kostnaðar við

bifreið ráðherra, en alls eru útgjöld vegna þeirrar tilfærslu talin 1.200 þús.kr. Sértekjur eru áætlaðar 1.208 þús.kr. og framlag til eignakaupa 1.273 þús.kr. er vegna lokaáfanga í tölvuvæðingu á skrifstofuhaldi ráðuneytisins.

271 Tryggingastofnun ríksins

Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins nema samtals 9.813,0 m.kr. Viðfangsefni eru fjögur og renna framlögin til lífeyristrygginga, sjúkratrygginga, slysatrygginga og svo til almenns rekstrar og stjórnunar stofnunarinnar. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1986:

Almannatryggingar 1986 og 1987

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 M.kr.	Frumvarp 1987 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Yfirstjórn	100	107	7	7,0
Lífeyristryggingar	4.717	5.676	959	20,3
Sjúkratryggingar	4.669	3.862	−807	−17,3
Slysatryggingar	129	168	39	30,2
Samtals	9.615	9.813	198	2,1

Almennt gilda sömu forsendur um framlög til almannatrygginga og við eiga um laun og verðlag í frumvarpinu. Heilbrigðisráðherra mun gera ráðstafanir til lækkunar lyfjakostnaðar um 100 m.kr. og almenns lækniskostnaðar um 50 m.kr. eða samtals til 150 m.kr. Er þetta í samræmi við markaða stefnu stjórnvalda. Verður nú fjallað um hvert viðfangsefni fyrir sig.

1.01 Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar nemur 106.984 þús.kr. samanborið við 100.176 þús.kr. í fjárlögum 1986. Launaáætlun er byggð á launagreiðslum 112,7 stöðugilda ásamt öðrum launagreiðslum. Kostnaðarhlutdeild atvinnuleysistrygginga og ýmissa sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar koma fram sem sértekjur á þessu viðfangsefni.

1.10 Lífeyristryggingar. Heildarframlag nemur 5.676 m.kr. og hækkar um 20,3% frá fjárlögum 1986. Eins og fram kemur annars staðar í þessu frumvarpi er áætlað að framlög til lífeyristrygginga 1986 verði í raun um 160 m.kr. hærri en í fjárlögum 1986, eða um 4.880 m.kr. Hækkun frá þeirri tölu er því 16,3%. Við áætlun fyrir árið 1987 var tekið mið af hækkun bóta fyrr á þessu ári ásamt almennum launahækkunum. Undir einum lið, mæðra- og feðralaunum, er sérstök hækkun vegna lagabreytingar um greiðslu mæðralauna til 18 ára aldurs barna í stað 16 ára. Vaxtagreiðslur eru áætlaðar 70 m.kr. en voru ekki áætlaðar í fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir að bótaþegum fjölgi í samræmi við aldurssamsetningu þjóðarinnar og út frá reynslu síðustu ára. Að meðaltali er um 3% aukningu að ræða en því er misjafnlega skipt á hina ýmsu bótaþætti og má nefna sem dæmi aukna tekjutryggingu og heimilisuppbót. Í eftirfarandi yfirliti má sjá áætluð útgjöld lífeyristrygginga sundurliðuð á hina ýmsu bótaþætti ásamt samanburði við fjárlög líðandi árs:

Lífeyristryggingar 1986 og 1987

		Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 M.kr.	Frumvarp 1987 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Gjöld					
101-103	Lífeyrir og örorkubætur	4.009	4.740	802	20,0
	Elli- og örorkulífeyrir	1.650	1.915	265	16,1
	Tekjutrygging	1.670	2.000	330	19,8
	Uppbót	390	460	70	18,0
	Heimilisuppbót o.fl.	169	210	41	24,3
	Örorkustyrkur	130	155	25	19,2
104	Barnalífeyrir	104	120	16	15,4
105,107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	95	110	15	15,8
106	Mæðra- og feðralaun	259	340	81	31,3
108	Fæðingarorlof	250	296	46	18,4
120	Meðlög	400	490	90	22,5
171	Vextir	-	70	70	.
	Samtals	5.117	6.166	1.049	20,5
Tekjur					
180	Framlög ríkissjóðs	4.717	5.676	959	20,3
181	Meðlög, sveitarfélög	400	490	90	20,0
	Samtals	5.117	6.166	1.049	20,5

Bótahækkanir á árinu 1986 eru eftirfarandi: Frá 1. mars hækkuðu allar bætur um 5%, frá 1. júní um 3,06%, 1. september um 3,4% og áætluð hækkun 1. desember er 2,5%. Lífeyrisuppbætur, til samræmis við kjarasamninga, voru greiddar út í apríl og júní, samtals um 100 m.kr. Hækkanir þessar eru í samræmi við breytingar á almennum kauptöxtum en auk þess hafa laun hækkað samkvæmt sérkjarasamningum og er áætlað fyrir hækkun lífeyrisbóta umfram kauptaxtahækkanir.

1.20 Sjúkratryggingar. Fjárveiting nemur 3.862,0 m.kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði sem hér segir:

Sjúkratryggingar 1986 og 1987

		Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Gjöld					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	3.045	1.964	−1.081	−35,5
302	Heimaþjónusta við aldraða	44	55	11	25,0
303	Hjálpartæki	134	126	−8	−6,0
305	Útgjöld skv. 39. gr. tryggingalaga	58	73	15	25,9
310	Lækniskostnaður	427	500	73	17,1
311	Tannlæknakostnaður	181	257	76	42,0
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður	360	470	110	30,6
315	Lyfjakostnaður	900	1.030	130	14,4
316	Sjúkradagpeningar	103	132	29	28,2
370	Rekstrarkostnaður	53	71	18	34,0
	Samtals	5.305	4.678	−627	−11,8
Tekjur					
380	Hlutur ríkissjóðs	4.668	3.862	−806	−17,3
	Hlutur sveitarfélaga	637	816	179	28,1
	Samtals	5.305	4.678	−627	−11,8

Sem sjá má lækka framlög um 627 m.kr. og er lækkunin öll á vistgjöldum sjúkrastofnana. Sú breyting er nú gerð að 13 sjúkrahús, sem hafa fengið greidd daggjöld, eru flutt af sjúkratryggingum og verða framvegis sérstök viðfangsefni í fjárlögum undir fjárlagaliðum 08-384 og 08-388. Til stóð að gera þessa breytingu við fjárlagagerð 1986 en heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frestaði því um eitt ár. Í beinu framhaldi af því var skipuð nefnd til þess að undirbúa tillögur um samræmt rekstrarfyrirkomulag vegna undirbúnings fjárlaga 1987. Við gerð fjárhagsáætlana var leitað samráðs við stjórnendur sjúkrahúsanna og þróun launa- og rekstrarkostnaðar athuguð fyrir hvert þeirra. Eru þetta öll helstu sjúkrahús landsins og vísast til viðkomandi greinargerða varðandi nöfn og framlög til þeirra. Hlutur sveitarfélaga í rekstrarkostnaði þessara sjúkrahúsa, sem verið hefur um 5-10% fyrir einstök hús, fellur nú niður en á móti hækkar hlutur þeirra í öðrum þáttum sjúkratrygginga. Í áætlun vistgjalda er innifalið um 350 m.kr. framlag til uppgjörs á halla ársins 1986 til þessara sjúkrahúsa. Eftirfarandi hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrargjalda sjúkrahúsa á árinu 1986: 1. janúar varð 1% hækkun, 1. mars 4,6% hækkun, 1. júní 1,9% hækkun og 1. september varð 10% hækkun en hluti af þeirri hækkun var vegna afturvirkra sérkjarasamninga. Þann 1. desember er áætlað að laun hækki um 2,5%. Daggjöld hafa því hækkað um rúmlega 21% frá upphafi til loka árs 1986. Ekki er áætlað fyrir nýrri starfsemi. Aðrir útgjaldaþættir sjúkratrygginga hækka misjafnlega mikið, mest þeir sem hreyfast að fullu með launum og hefur verið tekið mið af greiðslum síðustu mánaða. Loks er í áætluninni gert ráð fyrir 150 m.kr. sparnaði á liðunum lyf og læknishjálp.

1.30 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 168 m.kr. auk 10 m.kr. hlutdeildar í yfirstjórn. Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 206/1985 er áætluð 178 m.kr. skv. 3. gr. frumvarpsins.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Framlag til sjóðsins er áætlað 427.788 þús.kr. og hækkar um 29,4% frá framlagi í fjárlögum 1986. Samkvæmt lögum nr. 10/1985 rýmkast réttur til atvinnuleysisbóta og má búast við aukningu vegna þessa. Framlag atvinnurekenda og sveitarfélaga skal vera til jafns við framlag ríkissjóðs. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er leitað heimildar til takmörkunar á framlagi ríkissjóðs þannig að heildarframlag verði ekki hærri fjárhæð en 427.788 þús.kr. á árinu 1987.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Framlag til sjóðsins verður 56.548 þús.kr. sem er hækkun um 29,1% frá gildandi fjárlögum eða um 12.753 þús.kr. Framlagið er í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1985 um framlengingu á greiðslum bóta til ársloka 1989.

301 Landlæknir

Heildarframlag til landlæknisembættisins nemur 11.391 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 12,6%. Viðfangsefnin *læknaráð* og *lækningaferðir sérfræðinga* hækka eilítið umfram almennar verðlagshækkanir og hefur verið tekið tillit til þess að lækningaferðum hefur fjölgað og kostnaður aukist vegna ritaraaðstoðar hjá læknaráði. Framlag til yfirstjórnar embættisins er miðað við óbreytta starfsemi frá því sem er í fjárlögum 1986 og byggir launatala á 6,25 heimiluðum stöðum.

324 Heyrnar- og talmeinastöð

Heildarframlag nemur 29.703 þús.kr. Að frátöldum meiri
háttar stofnkostnaði hækkar framlagið um 34%. Fyrst og fremst stafar þetta af hækkun framlags til heyrnartækjakaupa en hún nemur 5.504 þús.kr. eða 64,8% frá gildandi fjárlögum. Laun hækka um 33,5% og er áætlun nú byggð á 18 stöðugildum. Hefur þá verið bætt við hálfu stöðugildi starfsmanns í útibúi stöðvarinnar á Akureyri. Framlag til stofnkostnaðar, 200 þús. kr., er einnig vegna útibúsins svo að starfsemi geti hafist þar í ársbyrjun 1987. Að öðru leyti er áætlunin byggð á óbreyttri starfsemi.

325 Hollustuvernd ríkisins

Sú breyting hefur orðið frá gildandi fjárlögum að starfsemi Geislavarna ríkisins hefur verið greind frá mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins og gerð að sjálfstæðri stofnun samkvæmt lögum nr. 117/1985. Viðfangsefni stofnunarinnar eru því fjögur í stað fimm í fjárlögum 1986. Fjárveiting til stofnunarinnar í heild nemur 26.088 þús.kr., þar með talið framlag til óskipts stofnkostnaðar 500 þús.kr. Þrátt fyrir fækkun viðfangsefna hækkar framlag til rekstrar um 21,3% frá fjárlögum 1986. Munar þar mest um hækkun annarra rekstrargjalda en launa. Sú hækkun er fyrst og fremst vegna hærri húsaleigu og annars kostnaðar vegna stærra húsnæðis sem stofnunin fékk til afnota á árinu 1986. Að teknu tilliti til fækkunar starfsmanna vegna flutnings Geislavarna ríkisins hækka laun í samræmi við almennar launahækkanir og byggist launaáætlun á 23,3 stöðuheimildum.

326 Sjónstöð Íslands

Framlag til rekstrar nemur 6.733 þús.kr. og hækkar um 15,7% frá fjárlögum 1986. Laun hækka í samræmi við almennar launahækkanir og eru heimilaðar stöður við stofnunina 4,5 talsins. Önnur rekstrargjöld hækka umfram almennar verðlagshækkanir eða um 54,7% enda um nýja starfsemi að ræða sem fékk í fyrsta sinn heils árs framlag í fjárlögum 1986.

327 Geislavarnir ríkisins

Samkvæmt lögum nr. 117/1985 er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins sé sérstök stofnun undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Útgjöld fyrir stofnunina eru því áætluð undir sérstökum fjárlagalið en hún heyrði áður undir Hollustuvernd ríkisins. Framlag til rekstrar nemur 3.276 þús.kr. Laun eru áætluð 3.397 þús.kr. og eru stöðuheimildir 3,5 talsins. Auk þess er 700 þús.kr. framlag fyrir launum deildareðlisfræðings til eins árs. Til annarra rekstrargjalda eru áætlaðar 2.239 þús.kr. og sértekjur eru áætlaðar 2.360 þús.kr. Framlag til tækjabúnaðar er 850 þús.kr. og er vegna tækja til eftirlits með geislavirkum efnum og geislatækjum.

350 Málefni fatlaðra

Tilfærslur undir þessum fjárlagalið eru til þeirra stofnana sem sjá um læknisfræðilega endurhæfingu fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Heildarframlag er 19.386 þús.kr. og hækkar um 3.503 þús.kr. eða 22,1% frá fjárlögum 1986. Þrjú ný viðfangsefni bætast nú við, *1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands, 1.60 Gigtarfélag Íslands* og *MS-félag Íslands*. Skipting framlags og samanburður við fjárlög 1986 kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	5.324	5.718	394	7,4
Sjálfsbjörg Akureyri	3.403	3.618	215	6,3
Sumardvalarheimili í Reykjadal	4.156	5.382	1.226	29,5
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	-	875	875	.
Gigtarfélag Íslands	-	2.334	2.334	.
MS-félag Íslands	-	292	292	.
Önnur starfsemi	3.000	1.167	−1.833	−61,1
Samtals	15.883	19.386	3.503	22,1

371 Ríkisspítalar

Heildarfjárveiting nemur 2.644.582 þús.kr. Til rekstrar eru 2.429.282 þús.kr. og er það 17,7% hækkun frá framlagi til rekstrar í fjárlögum 1986. Gengið er út frá óbreyttri starfsemi að því frátöldu að framlag er til starfsemi unglingageðdeildar frá 1. maí 1987. Nýjar stöður vegna þessa eru 8 talsins en aðrar stöður vegna starfseminnar verða fluttar til innan spítalanna. Aukning þessi kemur öll á viðfangsefni *1.20 Geðdeild* og nemur samtals 13.700 þús.kr., þar af 6.000 þús.kr. vegna launa og 7.700 þús.kr. vegna annarra gjalda. Stöðuheimildum vegna núverandi starfsemi fjölgar um fjórar. Eru það þrír starfsmenn við Kópavogshælið og ein staða skurðlæknis við barnadeild. Auk þess er 2.500 þús.kr. framlag vegna stöðubreytinga. Á móti þessari fjölgun fækkar um 12 stöður vegna útboðs á matargerð á Kópavogshæli. Sú breyting átti ekki að leiða til uppsagna starfsfólks og hefur verið tekið tillit til þess að með því að fækka ekki stöðugildum fyrr en frá 1. janúar 1987. Stöðuheimildir við spítalana eru samtals 2.038,4 og skiptast sem hér segir:

Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	932,3
Geðdeild	433,7
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	182,2
Stoðdeildir, rannsóknastofur	222,3
Þjónustudeildir	267,9

Í heild nemur framlag vegna launa 1.788.170 þús.kr. og hækkar um 24,6% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram almennar launahækkanir skýrist af framangreindum stöðum vegna núverandi og nýrrar starfsemi svo og vegna vanreiknaðra launa við fjárlagagerð 1986 sem leiðrétt hefur verið með 50.000 þús.kr. aukafjárveitingu á þessu ári. Önnur gjöld vegna rekstrar nema 868.669 þús.kr. og sértekjur eru 227.557 þús.kr. Í eftirfarandi töflu sést skipting rekstrarframlags á hvert viðfangsefni og breyting frá fjárlögum 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	982.244	1.165.053	182.809	18,6
Geðdeild	334.322	415.508	81.186	24,3
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	115.810	135.343	19.533	16,9
Stoðdeildir, rannsóknastofur	154.199	189.525	35.326	22,9
Þjónustudeildir	477.943	523.853	45.910	9,6
Samtals	2.064.518	2.429.282	364.764	17,7

Hækkun er mismikil enda um tilfærslur að ræða á milli viðfangsefna og því ekki fyllilega sambærilegt milli ára. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 35.000 þús.kr. og eru 15.000 þús.kr. af því til úrbóta í eldvarnamálum spítalanna. Til almennra eignakaupa og lækningatækja eru áætlaðar 57.000 þús.kr. Minni háttar eignakaup eru hins vegar áætluð á hvert rekstrarviðfangsefni fyrir sig. Til framkvæmda við K-byggingu eru ráðgerðar samtals 73.300 þús.kr. Þar af eru 12.100 þús.kr. vegna kaupa á línuhraðli, 9.200 þús.kr. vegna útboðsverks 2 en í því verki fest að steypa upp um það bil 1/3 hluta alls hússins. Því verki lýkur um n.k. áramót. Næsti framkvæmdaáfangi er innrétting hússins og tekur verkið a.m.k. tvö ár. Til þessa verks eru alls áætlaðar 50.000 þús.kr. Til stjórnunar eru ætlaðar 2.000 þús. kr. Að lokum er 50.000 þús.kr. framlag vegna endurbyggingar hússins að Ármúla 1a sem keypt var á árinu 1986 fyrir rannsóknastofur ríkisspítala og Háskóla Íslands ásamt fleiri stofnunum.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Framlag til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða nemur nú 120.000 þús.kr. en var 82.130 þús.kr. í fjárlögum 1986. Styrkur til rekstrar heilsuverndarstöðva nemur 3.267 þús.kr. sem er nokkurn veginn sama krónutala og í fjárlögum 1986 en þessi liður dregst nú jafnt og þétt saman eftir því sem uppbyggingu heilsugæslustöðva miðar áfram. Byggingarstyrkir til DAS í Hafnarfirði og St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi falla niður en þeir námu 6.494 þús.kr. og 6.685 þús.kr. í fjárlögum 1986. Í sérstöku fylgiskjali er yfirlit um byggingarmál heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

384 Borgarspítalinn í Reykjavík

Að tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er áætlun um rekstur Borgarspítalans í Reykjavík sett fram sem sérstakt viðfangsefni í fjárlögum og þannig færð af daggjaldakerfi sjúkratrygginga. Jafnframt verða 12 önnur sjúkrahús flutt af sjúkratryggingum á föst fjárlög. Vísast til greinargerðar um Tryggingastofnun ríkisins, vegna þessarar ákvörðunar. Vegna stærðar og sérstöðu í samanburði við önnur sjúkrahús er áætlun Borgarspítalans sett fram á sérstökum fjárlagalið en áætlun allra annarra sjúkrahúsa er á fjárlagalið 08-388 ásamt Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum og Sólvangi í Hafnarfirði en þau tvö voru flutt af daggjaldakerfinu í ársbyrjun 1986. Áætlun fyrir Borgarspítalann nær til Borgarspítalans í Fossvogi, hjúkrunardeildar á Heilsuverndarstöð við Barónsstíg, Hvítabandsins við Skólavörðustíg (bæði hjúkrunardeildar og göngudeildar), Arnarholts á Kjalarnesi, Endurhæfingardeildar við Grensásveg og dagvistun geðdeildar við Eiríksgötu. Áætlunin byggist á 1.010,5 föstum stöðugildum fyrir rúmlega 430 rúm, auk dagvistunar og göngudeilda. Auk þess er gert ráð fyrir um 20 stöðum sjúkraliðanema við spítalann. Framlag til launa nemur alls 828.224 þús.kr., til annarra rekstrargjalda eru áætlaðar samtals 469.027 þús.kr. og sértekjur 205.497 þús.kr. Vegna meiri háttar viðhalds áætlast 15.000 þús.kr. og til meiri háttar tækjakaupa 25.000 þús.kr. Hvort tveggja hefur fram til þessa verið fjármagnað af rekstrardaggjöldum. Framlag til byggingarframkvæmda er áætlað eins og áður undir fjárlagalið 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Minni háttar eignakaup og almennt rekstrarviðhald er áætlað með öðrum rekstrargjöldum.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra nemur 115.000 þús.kr. en var 95.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Miðað er við að gjald í sjóðinn hækki um 10,5% og nemi 1.105 kr. á hvern skattgreiðanda.

386 St. Jósefsspítali, Landakoti

Heildarfjárveiting til spítalans nemur nú 552.870 þús.kr. Í fjárlögum 1986 var framlag til spítalans sett fram sem tilfærsla og ekki greint á milli launa og annarra gjalda. Vegna uppfærslu á launalið er nauðsynlegt að greina á milli og er því framsetningu breytt aftur til fyrra horfs. Til rekstrar eru áætlaðar 537.170 þús.kr. sem er hækkun um 16,6% frá gildandi fjárlögum. Laun vegna rekstrar nema 405.528 þús.kr. og hækka um 18,1%. Byggist áætlunin á 430,7 grunnheimildum auk launa sérfræðinga sem taldir eru 31 við spítalann. Skiptast heimildir þannig að 36,7 heimildir eru vegna hjúkrunardeildar í Hafnarbúðum en spítalinn tók við rekstri hennar í ársbyrjun 1986. Á Landakotsspítala teljast hins vegar 394 heimildir auk sérfræðinga. Stöðum fjölgar um eina frá gildandi fjárlögum og er það staða aðstoðarlæknis sem leiða á til lækkunar yfirvinnu. Önnur gjöld vegna rekstrar eru 191.630 þús.kr. og hækka um 14% frá gildandi fjárlögum. Sértekjur eru áætlaðar 59.988 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 5.700 þús.kr. og til ýmissa meiri háttar eignakaupa 10.000 þús.kr.

387 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Framlagi til sjúkrahússins er nú skipt í laun og önnur gjöld og er það í samræmi við skýringar við fjárlagalið 08-386 hér að framan. Heildarframlag til sjúkrahússins nemur 477.266 þús.kr. Þá er meðtalið framlag til nýbyggingar 10.000 þús.kr., framlag til meiri háttar eigna- og tækjakaupa 8.000 þús.kr. og framlag til meiri háttar viðhalds 6.000 þús.kr. Framlag til nýbygginga er að hluta til ætlað til lokauppgjörs á þeim verkefnum sem unnið hefur verið að á árunum 1985 og 1986. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins annast eftirlit og upgjör þessa verks. Framlag til rekstrar nemur 453.266 þús.kr. og er það um 20% hækkun frá gildandi fjárlögum. Laun eru 326.912 þús.kr. og hækka um 21,7% frá fjárlögum 1986. Aukin starfsemi er fyrirhuguð frá og með 1. júní vegna stækkunar hjúkrunardeildar í Seli og fjölgar stöðuheimildum við spítalann um 11,4 stöður vegna þessa. Einnig hefur verið heimiluð staða yfirlæknis við rannsóknadeild sjúkrahússins. Samtals eru stöðuheimildir því 383,5 við sjúkrahúsið. Til annarra gjalda eru áætlaðar 165.524 þús.kr. og sértekjur áætlaðar 39.170 þús.kr.

388 Ýmis sjúkrahús

Í greinargerð um Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar, kemur fram að öll helstu sjúkrahús landsins flytjast nú af daggjaldakerfi og verða þess í stað sérstök viðfangsefni í fjárlögum og vísast til þeirrar greinargerðar þar sem þessi tilflutningur er nánar skýrður. Tvö sjúkrahús, Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og Sólvangur í Hafnarfirði, voru sérstök viðfangsefni á þessum fjárlagalið í fjárlögum 1986 en nú bætast 13 sjúkrahús við. Fjárhagsáætlanir byggja á ákveðnum stöðufjölda fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu álagshlutfalli á föst laun fyrir afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.s.frv. Við áætlun annarra rekstrargjalda var stuðst við og höfð hliðsjón af ársreikningum fyrir nokkur ár. Áætlun fyrir önnur rekstrargjöld en laun felur í sér almennt rekstrarviðhald og minni háttar tækjakaup sem fjármögnuð hafa verið af daggjaldatekjum til þessa. Áætlunin byggist á óbreyttri starfsemi sjúkrahúsanna nema hvað varðar nýja hjúkraunardeild á Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki sem felst í áætluninni. Nefndin gerði einnig tillögu um óskiptan viðhaldslið til meiri háttar viðhalds 11.500 þús.kr. og verður honum skipt í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjöldi stöðugilda að tillögu nefndarinnar og skipting framlaga á hvert sjúkrahús:

	Laun Þús.kr.	Önnur gjöld Þús.kr.	Sértekjur Þús.kr.	Alls Þús.kr.	Fjöldi stöðugilda
Sjúkrahúsið Akranesi	133.697	67.179	17.249	183.627	160
Sjúkrahúsið Húsavík	75.359	34.146	9.912	99.593	91
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	84.994	36.483	4.803	116.674	84
Sjúkrahúsið Siglufirði	40.267	19.309	2.596	56.980	53
Sjúkrahúsið Ísafirði	46.620	20.739	6.110	61.249	61
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	58.823	32.995	8.927	82.891	68
Sjúkrahúsið Neskaupstað	50.022	27.208	2.628	74.602	58
Sjúkrahúsið Keflavík	57.870	29.015	14.756	72.129	66
Sjúkrahúsið Patreksfirði	19.902	13.753	944	32.711	27
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	20.693	12.771	1.212	32.252	26
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	30.994	13.339	767	43.566	39
Sjúkrahúsið Selfossi	72.537	33.628	9.757	96.408	87
Héraðshælið Blönduósi	41.623	17.347	3.151	55.819	56
Sólvangur, Hafnarfirði	76.420	26.731	2.456	100.695	120
Samtals	809.821	384.643	85.268	1.109.196	996

391 Heilsugæslustöðvar

Nafnbreyting hefur orðið á þessum fjárlagalið en hann hét áður Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar. Heildarframlag nemur 228.315 þús.kr., þar af 6.000 þús.kr. til viðhalds heilsugæslustöðva. Til rekstrar eru áætlaðar 222.315 þús.kr. sem er um 37,7% hækkun frá fjárlögum 1986. Laun og önnur gjöld hækka umfram almennar launa- og verðlagshækkanir og eru skýringar eftirfarandi: Áætlað er fyrir 117 stöðum lækna en þær voru 106 í fjárlögum 1986. Þrjár nýjar stöður hafa verið heimilaðar í Reykjavík á árinu 1986, þar af ein með tilflutningi frá heimilislæknakerfi. Tvær stöður til viðbótar eru til ráðstöfunar frá 1. janúar 1987. Loks fjölgar læknisheimildum um 2 stöður heilsugæslulækna í Kópavogi og 4 stöður heilsugæslulækna í Hafnarfirði. Hér er um tilfærslur að ræða úr sjúkratryggingakerfinu og telst þá ákvæðum laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, fullnægt hvað varðar heilsugæsluslustöðvar og starfsemi þeirra á þessum tveimur stöðum. Einnig fjölgar stöðum hjúkrunarfræðinga um tíu,þar af um þrjár í Reykjavík vegna tilfærslu úr heilsuverndarkerfi í heilsugæslustöðvar. Ein ný stöðuheimild er á heilsugæslustöð á Seyðisfirði og önnur á heilsugæslustöð á Hvolsvelli. Aðrar fimm eru ekki staðbundnar heldur til ráðstöfunar síðar. Samtals er því áætlað fyrir 243,4 stöðum á heilsugæslustöðvum, 117 stöðum lækna og 126,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Önnur gjöld eru fyrst og fremst kostnaður við námsferðir lækna, svo og ferðakostnaður innanlands í tengslum við starfið. Báðir þessir liðir hafa hækkað mikið og var við síðustu fjárlagagerð ekki séð fyrir mikilli hækkun á samningsbundnum bifreiðastyrk. Hefur þegar verið veitt aukafjárveiting vegna þess kostnaðar á árinu 1986.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting þessa fjárlagaliðar og samanburður við fjárlög 1986. Eitt nýtt viðfangsefni bætist nú við *1.85 Heilbrigðisáætlun*. Á viðfangsefni *1.90 Ýmis framlög* er áætlað fyrir 4.000 þús. kr. greiðslu til Norræna heilsugæsluskólans vegna skuldar sem myndast hefur vegna þátttöku íslenskra heilbrigðisstétta á undanförnum árum. Í fjárlögum 1986 eru 3.000 þús.kr. til greiðslu upp í skuld þessa og stefnt er því að greiða hana upp á þrem árum.

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Eiturefnanefnd	871	1.152	281	32,3
Daggjaldanefnd	1.050	1.405	355	33,8
Framkvæmdastjórn WHO	347	–	−347	.
Manneldisráð	719	839	120	16,7
Áfengis- og fíkniefnanefnd	620	219	−401	−64,7
Krabbameinsfélag Íslands	15.000	15.778	778	5,2
Minningarsjóður Landspítalans	3.000	3.000	0	0,0
Hjartavernd	4.300	4.528	228	5,3
Norrænt átak gegn krabbameini	1.000	1.050	50	5,0
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	722	804	82	11,4
Atvinnusjúkdómar	200	–	−200	.
Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	2.388	2.469	81	3,4
Matvælarannsóknir	260	269	9	3,5
Blóðrannsóknir	743	–	−743	.
Reykingavarnir	3.600	3.785	185	5,1
Rhesusvarnir	764	–	−764	.
Ljósmæðralaun	2.699	1.860	−839	−31,1
Sjúkraflug	1.500	–	−1.500	.
Heilbrigðisáætlun	-	2.334	2.334	.
Ýmis framlög	4.500	7.002	2.502	55,6
Kvartananefnd	124	165	41	33,1
Samtals	44.407	46.659	2.252	5,1

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	78.451	94.121	15.670	20,0
Toll-og skattheimta	346.153	426.186	80.033	23,1
Lífeyrissjóðir, styrktarfé o.fl.	468.753	516.874	48.121	10,3
Annað	552.100	455.663	−96.437	−17,5
Samtals	1.445.457	1.492.844	47.387	3,3
Þar af markaður tekjustofn	35.000	45.000	10.000	28,6

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Hið almenna ráðuneyti

Framlag til aðalskrifstofu hækkar úr 38.079 þús.kr. í 43.807 þús.kr. eða um 15,0%. Þar af hækka laun um 18,5% en rekstrargjöld um 11,6%. Áætlað er fyrir 31,17 föstum stöðugildum og sem svarar 11,16 stöðum til að sinna sérstökum verkefnum eða samtals 42,33 stöðum.

103 Ríkisbókhald

Fjárveiting til ríkisbókhalds hækkar úr 28.571 þús.kr. í 34.211 þús.kr. eða um 19,7%. Launagjöld hækka um 33,6% og verða 25.310 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 18,8% og verða 20.151 þús.kr. Sértekjur hækka hins vegar á móti um 61,1%, úr 7.326 þús.kr. í 11.800 þús.kr. Heimiluð stöðugildi eru nú 26,5 því að á árinu 1986 voru staðfestar 8 nýjar stöður af ráðninganefnd ríkisins.

104 Ríkisfjárhirsla

Framlag til embættis ríkisféhirðis hækkar úr 9.035 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 11.348 þús.kr. eða um 25,6%. Launagjöld hækka um 41,4% og verða 8.046 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs lækka hins vegar úr 3.344 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 3.302 þús.kr. eða um 1,3%. Skýringin á hækkun launagjalda umfram almennar launahækkanir er að nú er áætlað fyrir launum starfsmanna til að sinna sérstökum verkefnum sem svara til 1,5 starfs. Heimiluð stöðugildi fastráðinna starfsmanna eru eftir sem áður 8,17. Alls er því áætlað fyrir launum fyrir störf sem samsvara 9,67 stöðum.

105 Ríkislögmaður

Með lögum nr. 51/1985 var stofnað embætti ríkislögmanns og tóku lögin gildi um síðustu áramót. Jafnframt flutti embættið í húsnæði að Sölvhólsgötu 7. Framlag til embættisins hækkar úr 2.766 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 4.755 þús.kr. eða um 71,9%. Launagjöld hækka um 119,6% og verða 4.208 þús.kr. Hækkun umfram almennar launahækkanir skýrist af fjölgun starfsmanna um einn fulltrúa og vegna þess að áætlað er fyrir aukinni yfirvinnu. Þannig er áætlað fyrir þremur föstum stöðugildum og launum eins ritara undir öðrum dagvinnulaunum. Rekstrargjöld hækka um 47,0% og verða 547 þús.kr. Þessi hækkun er eingöngu vegna þess að kostnaður, sem áður var færður á aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis, flyst á embætti ríkislögmanns, svo sem húsnæðis- og ferðakostnaður.

201 Ríkisskattstjóri

Framlag nemur alls 53.461 þús.kr. eða 30,6% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 30,8% og verða 42.369 þús.kr. Rekstrargjöld hækka úr 8.534 þús.kr. í 11.092 þús.kr. eða um 30,0%. Þar af nema minni háttar eignakaup 770 þús.kr. Rekstrargjöld hækka umfram almennar verðlagshækkanir vegna hækkunar húsaleigu og aukins húsnæðis. Auk þess eru liðirnir ferðakostnaður og sérfræðiþjónusta hækkaðir sérstaklega vegna aukinnnar starfsemi rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Heimiluð stöðugildi eru óbreytt frá fjárlögum, 45,5, og auk þess er áætlað fyrir tveimur starfsmönnum til að sinna sérstökum verkefnum eða samtals 47,5 stöðum.

202—212 Skattstofur

Heildarframlag til skattstofanna nemur 188.745 þús.kr. og hækkar um 35.749 þús.kr. frá fjárlögum 1986 eða 23,4%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstakar skattstofur. Engar breytingar hafa orðið á fjölda stöðuheimilda á skattstofunum og eru þær 159,77:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Skattstofan í Reykjavík	50.509	61.885	11.376	22,5
Skattstofa Vesturlands	8.017	9.555	1.538	19,2
Skattstofa Vestfjarða	5.907	6.991	1.084	18,4
Skattstofa Norðurlands vestra	7.140	7.883	743	10,4
Skattstofa Norðurlands eystra	14.012	16.747	2.735	19,5
Skattstofa Austurlands	7.328	10.019	2.691	36,7
Skattstofa Suðurlands	8.300	9.560	1.260	15,2
Skattstofa Vestmannaeyja	3.541	4.135	594	16,8
Skattstofa Reykjaness	21.268	24.756	3.488	16,4
Skattstofur, sameiginleg útgjöld	26.974	37.214	10.240	38,0
Samtals	152.996	188.745	35.749	23,4

Hækkun á framlagi til skattstofanna stafar fyrst og fremst af almennum launahækkunum auk þess sem tekið er mið af rekstrartölum ríkisreiknings 1985. *Skattstofa Austurlands* sker sig þó úr vegna mikillar hækkunar útgjalda. Ástæðan er sú að skattstofan flytur á árinu 1986 úr 82 fermetra leiguhúsnæði í húsnæði sem er 400 fermetrar að stærð. Rekstrarkostnaður, þ.m.t. ræstingakostnaður, húsaleiga, umhirða lóðar o.fl., eykst því að sama skapi. Um stofnkostnað og meiri háttar viðhaldsviðfangsefni er vart að ræða á skattstofunum en veittar eru 300 þús.kr. til viðhalds á embættisbústað skattstjóra Vestfjarða og 1.000 þús.kr. til kaupa á tölvum undir liðnum *skattstofur, sameiginleg útgjöld.*

214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd

Útgjöld ríkissjóðs hækka úr 7.465 þús.kr. í 9.255 þús.kr. eða um 24,0%. Launagjöld hækka um 27,2% og verða 7.878 þús.kr. Rekstrargjöld um hækka 4,0% milli ára. Undir minni háttar eignakaupum eru áætlaðar 320 þús.kr. til kaupa á tölvum. Heimiluð stöðugildi eru 6,5 í gildandi fjárlögum 1986 en nú er áætlað fyrir launum sjö starfsmanna því að ráðninganefnd heimilaði á árinu 1986 hálft stöðugildi ritara.

251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Gjaldheimtan í Reykjavík er rekin af ríki og Reykjavíkurborg. Framlag til stofnunarinnar hækkar úr 22.115 þús.kr. í 31.616 þús.kr. eða um 43,0%. Launagjöld hækka um 54,5% og verða 31.915 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 23.568 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 31.318 þús.kr., eða um 32,9%. Sértekjur hækka hins vegar á móti um 43,0% milli ára. Launagjöld hækka vegna viðurkenningar á meiri yfirvinnu og öðrum launagreiðslum til samræmis við raunverulega starfsemi. Sama gildir einnig um áætlun rekstrargjalda.

261 Tollstjórinn í Reykjavík

Framlag nemur 55.794 þús.kr. en var 50.433 þús.kr. í fjárlögum 1986 og hækkar því um 10,6%. Launagjöld hækka um 18,4% en rekstrargjöld lækka um 9,9%. Skýring á lækkun rekstrargjalda er að þau voru ofáætluð í fjárlögum 1986. Heimiluð stöðugildi eru óbreytt frá fjárlögum 1986 eða 65 að tölu auk þriggja starfsmanna sem ráðnir eru til að sinna sérstökum verkefnum eða samtals 68 starfsmenn. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar er 720 þús.kr. sem skiptist þannig að til kaupa á húsgögnum og skrifstofuvélum eru áætlaðar 300 þús.kr. og 420 þús.kr. til kaupa á nýrri bifreið.

263 Tollgæsla

Fjárveiting til tollgæslunnar nemur 75.415 þús.kr. og hækkar um 19,7% frá fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 17,2% og verða 64.919 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 10.201 þús.kr. í 13.686 þús.kr. eða um 34,2%. Hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagshækkanir skýrist af hækkun húsaleigu í tollstöðvarhúsinu auk þess sem reikningstölur 1985 gefa tilefni til leiðréttingar. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur 940 þús.kr. og er til endurnýjunar á bifreið og til tækjakaupa.

282 Tollamál

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður*. Hækkar fjárveiting til þessa liðar um 41,5% og verður 6.250 þús.kr. Er hér um að ræða kostnað vegna endurskoðunar tollskrár og útgjöld vegna greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningsskýrslna, upplýsingabæklinga og tollskrár. Auk þess greiðast af þessum lið útgjöld vegna Tollvarðaskólans. Hitt viðfangsefnið *tölvuvæðing* er til kaupa og uppsetningar á tölvukerfi við tollafgreiðslu en frá árinu 1981 hefur verið unnið að þessu máli. Fjárveiting til liðarins nemur 5.650 þús.kr. sem er hækkun um 875 þús.kr. frá fjárlögum.

381 Uppbætur á lífeyri

Útgjöld nema alls 516.874 þús.kr. en samsvarandi upphæð í fjárlögum 1986 er 468.753 þús.kr. Hækkunin er því 48.121 þús.kr. eða 10,3%.

402 Fasteignamat ríkisins

Framlag hækkar úr 19.362 þús.kr. í 23.421 þús.kr. eða um 21,0%. Launagjöld hækka um 26,8% og verða 25.572 þús.kr. Heimiluð stöðugildi í fjárlögum 1986 eru 27,5 en nú er áætlað fyrir launum fyrir 28,5 störf. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði nýtt stöðugildi matsmanns á Norðurlandi eystra á árinu 1986. Launagjöld hækka einnig vegna aukinnar yfirvinnu. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 11.875 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 14.159 þús.kr. eða um 19,2%. Er þá tekið mið af reynslu liðinna ára. Sértekjur eru áætlaðar 17.110 þús.kr. og hækka um 25,1% milli ára. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur alls 800 þús.kr. sem skiptast þannig að 300 þús.kr. eru veittar til kaupa á húsgögnum, 350 þús.kr. til kaupa á tölvum og 150 þús.kr. til ýmissa tækjakaupa.

481 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum

Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna heimildarákvæða samkvæmt 6. grein frumvarpsins svo og útgjöldum sem ríkissjóði er gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum en ekki var hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Fjármálaráðherra hefur árlega verið veitt heimild til þess að greiða fé úr ríkissjóði vegna uppgjöra af ýmsum toga, vegna húsakaupa fyrir ríkisstofnanir og til ýmiss konar bótagreiðslna, svo sem vegna búfjársjúkdóma. Framlag á árinu 1987 er alls 120.000 þús.kr. en var 28.650 þús.kr. í fjárlögum 1986. Auk þess sem þegar er sagt um þennan fjárlagalið er einkum tvennt sem skýrir hækkun á fjárframlaginu. Nú er tekinn upp í 6. gr. frumvarpsins nýr liður sem veitir fjármálaráðherra heimild til húsakaupa og nauðsynlegrar lántöku fyrir ríkisstofnanir þegar fullreynt þykir að það er talið hagkvæmara en að leigja húsnæði. Leitað hefur verið leiguhúsnæðis fyrir ýmsar stofnanir, t.d. Verðlagsstofnun, Lyfjanefnd, skipulagsstjóra, Hollustuvernd ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins. Viðunandi

leigukjör hafa ekki boðist. Í fjárlögum síðari ára hefur verið heimild til kaupa á húsnæði fyrir Stjórnarráðið. Nokkur ráðuneytanna eru nú í dýru leiguhúsnæði. Leigusamningur fyrir húsnæði Hagstofu Íslands rennur senn út og þá verður nauðsynlegt að endurnýja samninginn, leita að nýju leiguhúsnæði eða falast eftir húsnæði til kaups. Þá er þess að geta að bætur vegna búfjársjúkdóma hafa fyrst og fremst verið vegna niðurskurðar á riðuveiku fé. Samkvæmt nýgerðum samningi stjórnvalda og hagsmunasamtaka bænda um verðábyrgð á framleiðslu mjólkur og kindakjöts mun Framleiðnisjóður landbúnaðarins greiða á næstu árum fyrir búháttabreytingum, þar á meðal með því að bæta bændum niðurskurð á búfé. Ósamið er um hver verður hlutur ríkissjóðs í bótagreiðslum vegna niðurskurðar á búfé en ætla verður að úr ríkissjóði þurfi að inna af hendi greiðslur vegna niðurskurðar sem var ákveðinn og framkvæmdur áður en samkomulagið var gert.

901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins starfar skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Stofnunin annast eftirlit með verklegum framkvæmdum og undirbýr verkútboð og gerð verksamninga. Nefnd, sem fyrrverandi fjármálaráðherra skipaði til þess að kanna starfsemi framkvæmdadeildar annars vegar og Innkaupastofnunar ríkisins hins vegar, hefur skilað áliti. Þar er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum um starfsemi beggja stofnananna. Nú er unnið að fjárhagsuppgjöri og skilagreinum um ýmsar opinberar byggingar, sbr. yfirlit í frumvarpinu um sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

971 Ríkisábyrgðasjóður

Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1987 nemur alls 100.000 þús.kr., þar af er áhættugjald ríkisábyrgða 45.000 þús.kr., en það er markaður tekjustofn sjóðsins. Áætlað er að meginhluti framlagsins gangi til greiðslu af lánum sem hvíla á svonefndum raðsmíðaskipum umfram söluverð þeirra. Þá er reiknað með að greiðslur kunni að falla á sjóðinn vegna samgöngufyrirtækja og e.t.v. annarra aðila sem hafa fengið ríkisábyrgðir.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö stofnkostnaðarviðfangsefni. Til viðfangsefnisins *Laugavegur 166* er áætlað að verja 5.500 þús.kr. og til byggingar *stjórnsýsluhúss á Ísafirði* 17.000 þús.kr. Framlag til Laugavegar 166 er ætlað til þess að ljúka ýmsum frágangi utanhúss. Óráðið er um nýtingu þriðju, fjórðu og fimmtu hæðar hússins en Námsgagnastofnun eru ætlaðar fyrsta og önnur hæð til starfsemi sinnar. Ríkissjóður stendur að rúmlega 30 hundraðshlutum byggingar stjórnsýsluhúss á Ísafirði. Þar er áformað að hýsa m.a. skrifstofu bæjarfógeta, skattstofu, lögreglustöð og fulltrúa verðlagsstjóra. Framlagið er miðað við kostnaðarhluta ríkissjóðs í næsta byggingaráfanga en þá verður lokið við framkvæmdir utanhúss og vinna hafin við innréttingu.

989 Launa- og verðlagsmál

Þessi fjárlagaliður var áætlaður 100.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Liðurinn fellur nú brott.

999 Ýmislegt

Fjárveiting lækkar úr 215.953 þús.kr. í 189.742 þús.kr. eða um rúmlega 12%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar til einstakra viðfangsefna:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Símakostnaður og burðargjöld	20.511	18.702	−1.809	−8,8
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	21.559	22.097	538	2,5
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	27.506	28.689	1.183	4,3
Kjarasamningar	1.385	1.434	49	3,5
Tryggingabætur skv. kjarasamningum	659	766	107	16,2
Kjararannsóknir	210	233	23	11,0
Bókhaldskerfi ríkisins	1.624	1.642	18	1,1
Ýmis sameiginlegur kostnaður	9.837	10.387	550	5,6
Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar	17.381	16.400	−981	−5,6
Lífeyrissjóðir sjómanna	690	724	34	4,9
Lífeyrissjóður bænda	32.200	33.843	1.643	5,1
Milliþinganefndir	100	117	17	17,0
Dómkröfur og málskostnaður	9.073	5.475	−3.598	−39,7
Ýmis innheimtukostnaður	8.595	15.987	7.392	86,0
Þungaskattsálagning með ökumælum	1.280	1.446	166	13,0
Endurgreiðsla söluskatts vegna snjómoksturs	12.000	12.000	-	.
Til útgáfumála skv. ákvörðum þingflokka	9.800	9.800	-	.
Óviss útgjöld	38.200	10.000	−28.200	-73,8
Bókhaldskerfi ríkisins, stofnkostnaður	3.343	-	−3.343	.
Samtals	215.953	189.742	−26.211	−12,1

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	15.177	22.756	7.579	49,9
Póst- og símamál	100.000	-	−100.000	.
Vegamál	1.957.851	2.135.000	177.149	9,1
Önnur samgöngumál	867.383	1.036.145	168.762	19,5
Samtals	2.940.411	3.193.901	253.490	8,6
Þar af markaðir tekjustofnar	2.112.346	2.260.000	147.654	7,0

Tekjur af mörkuðum tekjustofnum samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir: Tekjur af þungaskatti hækka úr 675.000 þús.kr. í 725.000 þús.kr. Tekjur af innflutningsgjaldi af bensíni eru áætlaðar 1.410.000 þús.kr. samanborið við 1.320.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Samtals nema tekjur af þessum tekjustofnum 2.135.000 þús.kr. en 1.995.000 þús.kr. á árinu 1986. Tekjur af vitagjaldi hækka úr 15.000 þús.kr. í 15.500 þús.kr. Tekjur af skipaskoðunargjaldi eru áætlaðar 4.500 þús.kr. samanborið við 4.346 þús.kr. í fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir að tekjur af flugvallaskatti verði 102.000 þús.kr. en þær voru áætlaðar 95.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Tekjur af sérleyfisgjaldi, sem renna í Sérleyfissjóð, eru áætlaðar óbreyttar frá fjárlögum 1986 eða 3.000 þús.kr.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins hækkar úr 15.177 þús.kr. á árinu 1986 í 22.756 þús.kr. eða um 49,9%. Það er fernt sem skýrir þessa hækkun. Í fyrsta lagi er nú áætlað fyrir launum bifreiðastjóra ráðherra og reksturskostnaði ráðherrabifreiðar undir þessum fjárlagalið í stað fjárlagaliðar undir forsætisráðuneyti. Viðbótarútgjöld aðalskrifstofunnar af þessum sökum eru um 1.200 þús.kr. Í öðru lagi vega nefndalaun þungt í launagjöldum aðalskrifstofunnar og þóknun fyrir nefndastörf hefur hækkað meira en almennir launataxtar. Í þriðja lagi er áætlað fyrir launum ritara ráðherra en það var ekki gert í fjárlögum 1986. Útgjöld vegna þessa nema um 700 þús.kr. Loks er gert ráð fyrir 300 þús.kr. fjárveitingu til kaupa á tölvubúnaði en engin slík fjárveiting var í fjárlögum 1986.

102 Póst- og símamálastofnunin

Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 100.000 þús.kr. til Póst- og símamálastofnunarinnar undir þessum fjárlagalið. Hér er um að ræða skil á tekjum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) til Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir ýmsa þjónustu í þágu millilandaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Í fjárlögum 1986 er jafnframt gert ráð fyrir því að Póst- og símamálastofnunin greiði 180.000 þús.kr. arð í ríkissjóð. Þetta hefur stofnunin ekki gert og því er lagt til að stofnuninni verði ekki skilað hlut hennar í greiðslum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Fjárlagaliðurinn fellur því niður. Nánar er fjallað um fjárreiður Póst- og símamálastofnunarinnar í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

211 Vegagerð ríkisins

Framlag til Vegagerðar ríkisins hækkar úr 1.957.851 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 2.135.000 þús.kr. eða um 9,0%. Framlagið er miðað við áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegamála, bensíngjaldi og þungaskatti, en þær eru áætlaðar 2.135.000 þús.kr. Því er ekki gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi af almennum skatttekjum.

321 Strandferðir, framlög

Framlög undir þessum lið nema samtals 211.606 þús.kr. samanborið við 190.850 þús.kr. á árinu 1986. Hækkunin er 10,9%. Fjárveiting til Skipaútgerðar ríkisins hækkar úr 117.550 þús.kr. á árinu 1986 í 138.306 þús.kr. eða um 17,7%. Með þessari fjárveitingu getur fyrirtækið staðið við skuldbindingar sínar vegna reksturs og fjármagnskostnaðar á árinu 1987. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í kaflanum um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Fjárveiting til viðfangsefnisins *flóabáta og vöruflutninga* nemur 73.300 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1986. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögu um skiptingu fjárins þegar fjallað verður um frumvarpið á Alþingi.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Fjárveiting til vita- og hafnamálaskrifstofunnar hækkar um 26,3% og verður 20.273 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri skrifstofunnar og mannahald miðað við 25 starfsmenn eins og verið hefur. Launagjöld hækka úr 17.561 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 24.389 þús.kr. eða um 38,9%. Að hluta til skýrist þessi hækkun með almennum launataxta- og flokkahækkunum en einnig er gert ráð fyrir meiri vinnu við söluverkefni en í fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 3,5% frá árinu 1986 og verða 8.464 þús.kr. Þá er gert ráð fyrir 400 þús.kr. framlagi til kaupa á tækjabúnaði á skrifstofuna. Sértekjur hækka um 26,6% og nema 12.980 þús.kr. og skýrist hækkun þeirra af auknum verkefnum á árinu 1987.

332 Vitastofnun Íslands

Framlag til stofnunarinnar hækkar úr 52.878 þús.kr. á árinu 1986 í 61.001 þús.kr. eða um 15,4%. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri stofnunarinnar frá því sem verið hefur og mið tekið af niðurstöðu ríkisreiknings 1985. Úthald vitaskips er miðað við 50 daga eins og er í fjárlögum 1986. Til vitabygginga eru veittar 12.600 þús.kr. en 13.370 þús.kr. á árinu 1986. Framlagið er fyrst og fremst ætlað til rafvæðingar vita.

333 Hafnamál

Fjárveiting til hafnamála hækkar um 83.672 þús.kr. eða 70,9% frá fjárlögum 1986 og verður 201.611 þús.kr. Munar hér mest um stóraukið framlag til hafnaframkvæmda frá því sem er á árinu 1986. Framlag til landshafnar í Þorlákshöfn er eingöngu til greiðslu skuldar vegna dýpkunar í höfninni á árinu 1986. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Hafnarannsóknir og mælingar	8.117	8.284	167	2,1
Ferjubryggjur	3.700	3.293	−407	−11,0
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	74.000	160.000	86.000	116,2
Sjóvarnargarðar	10.000	8.900	−1.100	−11,0
Landshafnir, endurgreiðsla lána	4.622	1.734	−2.888	−62,5
Landshöfn Rifi	900	-	−900	.
Landshöfn Þorlákshöfn	4.000	4.400	400	10,0
Landshöfn Keflavík-Njarðvík	600	-	−600	.
Hafnabótasjóður, framlag	12.000	15.000	3.000	25,0
Samtals	117.939	201.611	83.672	71,0

341 Siglingamálastofnun ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 4,8% milli ára og verður 30.492 þús.kr. Þessi hækkun er minni en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og skýrist það af því að gert er ráð fyrir aukinni þátttöku skipaeigenda í rekstri stofnunarinnar með hækkun gjaldskrár. Því er gert ráð fyrir hækkun sértekna úr 4.274 þús.kr. á árinu 1986 í 9.472 þús.kr. eða um 121,6%. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri stofnunarinnar og mannahald er miðað við 39,5 fastar stöður. Launagjöld hækka um 25,9% milli ára og verða 27.229 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 10,1% og verða 11.535 þús.kr. Veittar eru 1.200 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjum samanborið við 1.248 þús.kr. á árinu 1986.

342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Í lögum nr. 21/1986, um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, er kveðið á um skipun sérstakrar nefndar fimm kunnáttumanna er rannsaki orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast, öll slys þar sem manntjón verður og önnur sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka. Þessi nefnd er kölluð rannsóknanefnd sjóslysa og kemur hún í stað sjóslysanefndar. Því breytist heiti fjárlagaliðarins. Veittar eru 900 þús.kr. til *rannsóknanefndar sjóslysa* samanborið við 1.026 þús.kr. fjárveitingu til sjóslysanefndar í fjárlögum 1986. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til viðfangsefnanna *björgunarbúnaður Sigmunds* og *öryggismál og sjómannanámskeið* en samtals voru veittar 5.600 þús.kr. til þessara verkefna á árinu 1986.

471 Flugmálastjórn

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 11,7% frá fjárlögum 1986 og verður 348.342 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í starfi stofnunarinnar og starfsmannahald miðað við 177,25 fastar stöður og 16,5 stöður fyrir lausráðna starfsmenn. Launagjöld hækka úr 163.276 þús.kr. á árinu 1986 í 199.805 þús.kr. eða um 22,4%. Hækkun launagjalda skýrist einkum af því að flugumferðarstjórar fengu flokkahækkanir á árinu 1986 auk þess sem álagsgreiðslur voru rangt reiknaðar í fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 0,9% frá árinu 1986 og verða 135.561 þús.kr. Skýring á þessari litlu hækkun milli ára er lækkun olíuverðs sem hefur áhrif á reksturskostnað flugvalla um allt land. Þá lækka afnotagjöld af fjarskiptalínum eftir að Póst- og símamálastofnunin tók alfarið við rekstri á símasambandi við útlönd. Sértekjur eru áætlaðar 57.024 þús.kr. en 43.884 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkunin er 29,9%. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem birst hefur í fjárlögum síðustu ára að notendur þjónustu greiði sem stærstan hluta hennar. Í apríl s.l. heimiluðu samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið flugmálastjórn af hefja framkvæmdir við tengingu ratsjár á Stokksnesi við flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík en slík tenging mun auka öryggi flugumferðarstjórnar á svæðinu austur af landinu. Kostnaður við verkið er áætlaður um 30.000 þús.kr. og verður endurgreiddur af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) á næstu tíu árum. Á árinu 1986 hefur þegar verið veitt 7.000 þús.kr. aukafjárveiting til verkefnisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veittar verði 10.000 þús.kr. til þessa verkefnis á árinu 1987. Veittar eru 60.000 þús.kr. til almennra framkvæmda á flugvöllum landsins samanborið við 61.000 þús.kr. á árinu 1986.

485 Ýmis framlög

Nokkrar breytingar verða á þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1986. Þannig falla nú niður viðfangsefnin *fræðsluefni um öryggismál sjómanna, sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip* og *ferðamálasamtök* en framlag til þeirra nam alls 1.650 þús.kr. Eitt nýtt viðfangsefni, *rannsóknanefnd flugslysa*, er tekið upp. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi yfirlits:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Flugbjörgunarsveitir	750	794	44	5,9
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	3.600	4.201	601	16,7
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	500	-	−500	.
Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip	900	-	−900	.
Ferðamálasamtök	250	-	−250	.
Rannsóknanefnd flugslysa	-	750	750	.
Samtals	6.000	5.745	−255	−4,3

651 Ferðamálaráð

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 18.901 þús.kr. á árinu 1986 í 19.809 þús.kr. eða um 4,8%. Framlag til reksturs skrifstofunnar í Reykjavík hækkar um 30,8% og verður 4.809 þús.kr. Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem er í fjárlögum 1986, 4 fastráðnum mönnum. Í fjárlögum 1986 eru veittar 223 þús.kr. til kaupa á tölvu og telex-tæki en engin fjárveiting er til meiri háttar eignakaupa á árinu 1987. Rekstur skrifstofunnar í Reykjavík kemur fram á viðfangsefninu *Ferðamálaráð* og er miðað við að hann sé alfarið greiddur úr ríkissjóði. Á viðfangsefninu *ferðamál*

skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 kemur fram fjárhæðin er Fríhöfnin í Keflavík skilar til Ferðamálaráðs en henni skal varið í samræmi við 8. gr. fyrrnefndra laga. Leitað er heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 til skerðingar á lögbundnum skilum Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs.

652 Veðurstofa Íslands

Framlag til Veðurstofu Íslands hækkar úr 102.624 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 117.008 þús.kr. eða um 14,0%. Helstu breytingar í rekstri stofnunarinnar eru þær að *fjarskiptadeild* er lögð niður og starfsemin flutt á aðrar deildir. Eftir standa þá 15 viðfangsefni (9 deildir) og þar af eru nokkur með einungis einn eða tvo starfsmennum. Launagjöld hækka um 22,5% sem skýrist alfarið af almennum launabreytingum milli ára. Föst störf eru 61,17 og ráðið í 2,5 til að sinna sérstökum verkefnum. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 38.508 þús.kr. í 39.903 þús.kr. eða um 3,6%. Hækkunin er heldur minni en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og er skýringin lækkun á fjarskipta- og símagjöldum til Póst- og símamálastofnunarinnar frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1986. Veittar eru 5.100 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði samanborið við 4.995 þús.kr. á árinu 1986. Stærsti hluti fjárins rennur til kaupa á tölvu sem Veðurstofan hefur haft á kaupleigusamningi síðustu ár og ýmsum öðrum tölvubúnaði.

656 Landmælingar Íslands

Fjárveiting til Landmælinga Íslands hækkar um 43,0% og verður 16.358 þús.kr. Hækkun milli ára umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar skýrist að mestu leyti af ofáætlun sértekna stofnunarinnar í fjárlögum 1986. Veitt hefur verið 4.000 þús.kr. aukafjárveiting til leiðréttingar á þessu á árinu 1986. Þannig hækka sértekjur stofnunarinnar minna milli ára en útgjöld hennar. Launagjöld hækka um 41,0% og verða 18.443 þús.kr. Starfsmannahald er miðað við 19,25 föst störf og 2,0 sem lausráðið er í. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 19,6% og verða 27.793 þús.kr. Sértekjur hækka úr 28.694 þús.kr. á árinu 1986 í 33.478 þús.kr. eða um 16,7%. Veittar eru 3.600 þús.kr. til tækjakaupa samanborið við 3.820 þús.kr. í fjárlögum 1986.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	17.335	21.923	4.588	26,5
Iðnaðarmál	297.086	326.274	29.188	9,8
Orkumál	1.015.638	637.590	−378.048	−37,2
Samtals	1.330.059	985.787	−344.272	−25,9
Þar af markaðir tekjustofnar	131.000	44.000	−87.000	−66,4

Í fjárlögum 1986 eru áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofnum ráðuneytisins 131.000 þús.kr. sem skiptist þannig: Verðjöfnunargjald af raforku 110.000 þús.kr. (gjaldið var fellt niður frá og með 1. mars 1986) og rafmagnseftirlitsgjald 21.000 þús.kr. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á mörkuðum tekjustofnum ráðuneytisins. Verðjöfnunargjald af raforku

var fellt niður með ákvæði í lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986. Á árinu 1987 er áætlað að tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi nemi 37.000 þús.kr. í stað 21.000 þús.kr. í fjárlögum 1986 og tekjur af byggingariðnaðarsjóðsgjaldi 7.000 þús.kr.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins hækkar úr 17.335 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 21.923 þús.kr. eða um 26,4%. Hækkun umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar má rekja til þeirrar ákvörðunar að áætla fyrir launum bifreiðastjóra ráðherra og reksturskostnaði ráðherrabifreiðar á aðalskrifstofu ráðuneytanna en ekki á fjárlagalið undir forsætisráðuneyti. Útgjöld aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins hækka af þessum sökum um 1.200 þús.kr. frá fjárlögum 1986. Veittar eru 500 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði samanborið við 382 þús.kr. á árinu 1986. Sértekjur hækka um 67,3% og verða 4.290 þús.kr. Hér er aðallega um að ræða tekjur vegna skráningar vörumerkja.

201 Iðntæknistofnun Íslands

Framlag til Iðntæknistofnunar Íslands hækkar um 6,5% frá fjárlögum 1986 og verður 51.274 þús.kr. samanborið við 48.175 þús.kr. á árinu 1986. Launagjöld hækka úr 37.000 þús.kr. í 49.440 þús.kr. eða um 33,6%. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 2,3% og verða 41.313 þús.kr. Þessi hækkun er minni en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og stafar það af því að sérstöku, tímabundnu verkefni stofnunarinnar lýkur í árslok 1986. Sértekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 47.879 þús.kr. samanborið við 35.885 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkunin er 33,4%. Sértekjur standa undir rúmlega 48% af útgjöldum stofnunarinnar. Til kaupa á tækjabúnaði eru veittar 8.400 þús.kr. samanborið við 6.685 þús.kr. á árinu 1986 og er hér um að ræða ýmiss konar rannsóknatæki. Í lok ársins 1986 lýkur sérstöku verkefni, framleiðniátaki, sem heimilað var og fé veitt til í fjárlögum 1985 og 1986. Hins vegar er ráðgert að hefja nýtt tveggja ára verkefni *vöruþróun í iðnaði* á árinu 1987. Af þessum sökum lækka útgjöld á viðfangsefninu *nýiðnaðarrannsóknir* um 47,2% milli ára en áætlað er fyrir nýja verkefninu á sérstöku viðfangsefni. Þessi breyting hefur ekki áhrif á starfsmannafjölda stofnunarinnar frá því sem verið hefur. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting stöðugilda stofnunarinnar á viðfangsefni og fjárveitingar til viðfangsefna í fjárlögum 1986 og frumvarpi til fjárlaga 1987:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	12,0012.888	14.254	10,6	
Iðntækniþjónusta	32,0011.904	11.247	−5,5	
Nýiðnaðarrannsóknir	7,6010.219	5.392	−47,2	
Verkstjórnarnámskeið	1,00931	850	−8,7	
Námskeið í stjórn vinnuvéla	0,67988	906	−8,3	
Eftirmenntun í iðju og iðnaði	2,004.560	4.805	5,4	
Vöruþróun í iðnaði	3,00-	5.420	.	
Tækjabúnaður	.	6.685	8.400	25,7
Samtals	58,2748.175	51.274	6,4	

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 24.478 þús.kr. í 28.366 þús.kr. eða um 15,8%. Gert er ráð fyrir að fjölga um 3,6 stöðugildi sem ráðið er í til að sinna ákveðnum verkefnum og verða þau nú 7,6. Starfsmenn í föstum störfum eru 36. Á móti kostnaði við fjölgun starfsmanna kemur hækkun sértekna. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 39,7% og verða 36.394 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 25,1% og verða 14.186 þús.kr. Hækkun umfram almennar verðlagsbreytingar endurspeglast í hækkun sértekna. Sértekjur hækka úr 16.239 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 27.214 þús.kr. eða um 67,6%. Veittar eru 5.000 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjum samanborið við 3.343 þús.kr. á árinu 1986.

221 Lánasjóðir iðnaðarins

Í fjárlögum 1986 eru veittar 28.000 þús.kr. til Iðnlánasjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til sjóðsins verði 25.000 þús.kr. Heimildar verður leitað til að víkja frá ákvæðum 9. gr. laga nr. 55/1984, um breyting á lögum um Iðnlánasjóð. Þar segir að framlag ríkisjóðs skuli nema 4/7 hlutum af áætluðum tekjum af iðnlánasjóðsgjaldi en þær eru áætlaðar um 75.000 þús.kr. á árinu 1987.

235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög

Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 4.500 þús.kr. til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Með lögum nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, voru felld úr gildi lög nr. 14/1971, um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Þessi fjárlagaliður fellur því niður. Fjárveiting til Útflutningsráðs Íslands er á fjárlagalið undir viðskiptaráðuneyti.

289 Jöfnunargjald

Hér eru færðir til gjalda 2/3 hlutar af áætluðum tekjum af jöfnunargjaldi í iðnaði, en þær nema 290.000 þús.kr., sbr. 3. gr. fjárlagafrumvarps. Fjárveiting á árinu 1987 nemur 193.000 þús.kr. samanborið við 165.000 þús.kr. á árinu 1986.

299 Iðja og iðnaður, framlög

Framlag til verkefna undir þessum fjárlagalið hækkar um 5% og verður 14.634 þús.kr. samanborið við 13.933 þús.kr. í fjárlögum 1986. Þessa hækkun má alfarið rekja til almennra verðlagsbreytinga. Engar sérstakar breytingar eru ráðgerðar á einstökum viðfangsefnum og því þykir ekki ástæða til að fjalla um þau.

301 Orkustofnun

Framlag til Orkustofnunar hækkar úr 129.066 þús.kr. í 141.264 þús.kr. eða um 9,4%. Launagjöld hækka um 24,7% og verða 128.496 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir að fjölga heimildum til að ráða starfsmenn frá því sem verið hefur og er fjárveiting miðuð við 89,75 föst störf auk 22,25 starfa til að anna tímabundnum verkefnum. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 73.163 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 96.868 þús.kr. eða um 32,4%. Á móti hækka sértekjur um 68,3% og verða 84.100 þús.kr. Veittar eru 3.000 þús.kr. til tækjakaupa samanborið við 2.865 þús.kr. í fjárlögum 1986.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Fjárveiting til Rafmagnseftirlits ríkisins hækkar úr 20.022 þús.kr. í 39.936 þús.kr. eða um 99,5%. Starfsemi stofnunarinnar hefur ávallt verið umfangsmeiri en fram kemur í fjárlögum og nú er lagt til að fjárlögin gefi rétta mynd af umfangi stofnunarinnar.

Starfsmannahald er miðað við 21 mann í föstu starfi og 4 í tímabundnu starfi. Alls er því gert ráð fyrir 25 starfsmönnum við stofnunina. Auk þess hefur áætlun um yfirvinnu verið tvöfölduð frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1986 og miðast við 13.300 klst. á árinu. Launagjöld hækka því um 58,8% milli ára og verða 23.026 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 6.195 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 14.918 þús.kr. eða um 140,8%. Til kaupa á ýmsum tækjabúnaði eru veittar 2.320 þús.kr. samanborið við 334 þús.kr. á árinu 1986. Til samanburðar við fjárveitingu til Rafmagnseftirlitsins má nefna að áætlaðar tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi á árinu 1987 eru 37.000 þús.kr.

371 Orkusjóður

Framlag til Orkusjóðs nemur 299.390 þús.kr. samanborið við 194.604 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkunin er 53,8%. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitingar í fjárlögum 1986 og frumvarpi 1987 á einstök viðfangsefni og breyting milli ára. Þar sem ríkissjóður hefur yfirtekið hluta af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við Orkusjóð þarf að endurskoða fjármál sjóðsins fyrir afgreiðslu fjárlaga. Nánar er fjallað um fjárreiður Orkusjóðs í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Rekstur Orkusjóðs	904	1.000	96	10,6
Notendur utan samveitna	1.700	1.700	-	-
Lánagreiðslur, framlög	139.000	223.690	84.690	60,9
Lán til jarðhitaleitar	10.000	10.000	-	-
Sveitarafvæðing	10.000	10.000	-	-
Styrking dreifikerfis í sveitum	30.000	50.000	20.000	66,7
Lán til einkarafstöðva	3.000	3.000	-	-
Samtals	194.604	299.390	104.786	53,9

380 Verðjöfnunargjald af raforku

Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, var ákveðið að fella úr gildi lög nr. 114/1985, um breyting á lögum nr. 120/1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu. Frá 1. mars s.l. hafa því orkukaupendur í landinu ekki þurft að greiða verðjöfnunargjald af raforku en tekjurnar af því hafa runnið til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Nú hefur verið ákveðið að ríkissjóður yfirtaki hluta af skuldum þessara orkufyrirtækja og greiði þar með afborganir og vexti af þeim eins og hverjum öðrum skuldum ríkissjóðs. Því fellur þessi fjárlagaliður niður í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987. Í fjárlögum fyrir árið 1986 voru veittar 405.000 þús.kr. í þessu skyni. Sjá ennfremur umfjöllun um Rafmagnsveitur ríkisins í greinargerð um B-hluta frumvarpsins.

382 Olíunotkun til húshitunar, styrkur

Í fjárlögum 1986 eru veittar 34.946 þús.kr. til greiðslu olíustyrkja. Hinn 6. september 1986 tilkynnti iðnaðarráðuneytið að frá og með 4. ársfjórðungi 1986 féllu olíustyrkir til húshitunar niður enda hefur verð á olíu lækkað verulega á árinu. Því fellur þessi fjárlagaliður niður í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987.

399 Ýmis orkumál

Fjárveiting lækkar úr 232.000 þús.kr. á árinu 1986 í 154.000 þús.kr. eða um 33,6%. Framlög til aðgerða á sviði orkusparnaðar lækka úr 10.000 þús.kr. í 8.000 þús.kr. og framlög til setlagarannsókna lækka úr 2.000 þús.kr. í 1.000 þús.kr. Framlög til niðurgreiðslu á rafhitun nema 145.000 þús.kr. samanborið við 220.000 þús.kr. á árinu 1986. Rafhitunartaxtar Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hafa um nokkurt skeið verið greiddir niður sem svarar um 32 aurum á kílóvattstund eða um 16% af áætluðum framleiðslukostnaði. Fyrirhugað er að leita leiða til að draga úr útgjöldum vegna þessa á árinu 1987.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka viðskiptaráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	23.467	30.421	6.954	29,6
Niðurgreiðslur	1.090.000	1.090.000	-	-
Annað	27.124	37.930	10.806	39,8
Samtals	1.140.591	1.158.351	17.760	1,6

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis. Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á framlagi til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til skrifstofunnar er 30.421 þús.kr. en var 23.467 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun á milli ára er 29,6%. Fjárveitingin skiptist þannig að til *yfirstjórnar* er veitt 27.502 þús.kr. sem er 27,3% hækkun frá fjárlögum 1986. Áætlað er fyrir nýrri stöðu fulltrúa og nemur kostnaður við hana 600 þús.kr. Starfsmannaheimildir yrðu þannig 14 talsins. Til viðfangsefnisins *samstarfsráðherra Norðurlanda* eru veittar 2.519 þús.kr. sem er 35,5% hækkun frá fjárlögum 1986. Framlag til þessa verkefnis hækkar miðað við reynslu síðustu ára. Til kaupa á skrifstofubúnaði eru nú ætlaðar 400 þús.kr. en 334 þús. kr. voru veittar til þessa í fjárlögum 1986.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Fjárveiting undir þessum fjárlagalið er 1.090.000 þús.kr. eða sama fjárhæð og í fjárlögum 1986 eins og þau voru afgreidd í febrúar skv. lögum nr. 3/1986. Heildarframlag skiptist þannig að til Lífeyrissjóðs bænda renna 112.000 þús.kr. og 978.000 þús.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvernig niðurgreiðslum á einstökum vöruflokkum verður háttað á árinu 1986.

902 Verðlagsstofnun

Framlag nemur 31.670 þús.kr. en var 25.925 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun á milli ára er 22,2%. Til reksturs er veitt 30.070 þús.kr. sem er 18,2% hækkun frá fjárlögum 1986. Þá er 800 þús.kr. veitt til endurnýjunar húsnæðis og 800 þús.kr. til kaupa á bifreið fyrir embættið. Stofnunin býr við þrengsli og er nú unnið að úrbótum í því efni.

910 Útflutningsráð Íslands

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, eru tekjur ráðsins þessar: Tekjur af útflutningsgjaldi sjávarafurða (sem hafði reyndar þegar verið afnumið, sbr. 17. gr. laga nr. 24/1986), tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984, árgjöld, þóknun fyrir veitta þjónustu, sérstök framlög og framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs nemi 5.000 þús.kr. á árinu 1987. Starfsemi ráðsins er enn ekki fullmótuð enda tóku lögin ekki gildi fyrr en 1. október 1986. Ríkissjóður hefur styrkt útflutnings- og markaðsstarfssemi með ýmsum hætti á liðnum árum. Þannig hefur utanríkisráðuneytið fengið fjárveitingu til þess að kosta markaðsfulltrúa í London auk þess sem greiddur hefur verið hluti af kostnaði við starfsemi markaðsfulltrúa í New York. Þá voru veittar 4.500 þús.kr. til *Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins* í fjárlögum 1986 en sú stofnun leggst nú af samkvæmt fyrrnefndum lögum. Á næstu vikum mun tilhögun útflutnings- og markaðsmála verða til umfjöllunar hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum og skipan starfseminnar mótuð.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 36.352 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 46.561 þús.kr. eða um 28,1%.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu hækkar úr 26.230 þús.kr. á árinu 1986 í 34.691 þús.kr. eða um 32,3%. Launagjöld hækka um 40,4% og verða 22.605 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 10.222 þús.kr. í 12.124 þús.kr. eða um 18,6%. Á móti hækkun launa- og annarra gjalda kemur 70,1% hækkun sértekna og eru þær áætlaðar 1.298 þús.kr. á árinu 1987. Veittar eru 1.260 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði samanborið við 669 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986. Féð skiptist þannig að 350 þús.kr. renna til kaupa á húsgögnum, 710 þús.kr. til greiðslu á eftirstöðvum af verði símstöðvar, sem keypt var á árinu 1986, og 200 þús.kr. til kaupa á ýmiss konar skrifstofubúnaði. Starfsmenn aðalskrifstofunnar eru 22 í föstum störfum og ráðið er í 5,6 störf til að anna ýmsum verkefnum. Það er einum starfsmanni fleira en áætlað var í fjárlögum 1986. Kostnaður vegna þessa er um 750 þús.kr. Hækkun annarra gjalda vegna reksturs umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af hækkun rafreikniþjónustu og útgáfukostnaðar frá fjárlögum 1986 enda er ráðgert að vinna af kappi við úrvinnslu gagna úr manntalinu frá 1981.

102 Þjóðskráin

Framlag hækkar úr 10.122 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 11.870 þús.kr. eða um 17,3%. Umsvif hafa aukist á síðustu árum með vaxandi eftirspurn eftir þjónustu á þessu sviði og gert er ráð fyrir að svo verði einnig á árinu 1987. Starfsmenn eru 8 í föstum störfum og ráðið er í 6,5 störf til að anna tímabundnum verkefnum. Er það fjölgun um einn starfsmann frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 29,9% milli ára og verða 9.172 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 36,9% frá fjárlögum 1986 og verða 8.822 þús.kr. Á móti hækkun útgjalda kemur hækkun sértekna um 86,3% og verða þær 7.184 þús.kr. Veittar eru 1.060 þús.kr. til kaupa á ýmsum búnaði. Ótullega hefur verið unnið að endurskipulagningu þjóðskrárinnar og aukinni tölvuvæðingu og fyrirsjáanlegt er að það mun leiða til minni yfirvinnu þegar fram í sækir.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	31.632	35.158	3.526	11,2
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3.550.000	3.440.000	−110.000	−3,1
Samtals	3.581.632	3.475.158	−106.474	−3,0

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlags til málefnaflokka ráðuneytisins:

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting hækkar úr 23.722 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 27.666 þús.kr. eða um 16,6%. Launagjöld hækka um 27,7% og verða 15.418 þús.kr. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi og á árinu 1986 og fjöldi starfsmanna verður óbreyttur, 14 menn. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 5,2% og verða 11.758 þús.kr. Hækkunin er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Til hagræðingarverkefna eru veittar 6.324 þús.kr. en í fjárlögum 1986 er gert ráð fyrir 6.195 þús.kr. fjárveitingu til þeirrar starfsemi. Helstu verkefni á árinu 1986 hafa verið úttekt á Skógrækt ríkisins, athugun á skipulagi löggæslu á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við norska sérfræðinga og ýmiss konar útgáfu- og fræðslumál. Þannig hefur verið gefið út rit um arðsemismat, rit um endurbætur í opinberum rekstri og brátt kemur út rit um stefnu ríkisins í starfsmannamálum. Auk þess hefur verið lausráðinn einn maður til að semja handbók um opinberar framkvæmdir og endurskoða ýmis ákvæði í byggingarstaðli er sérstaklega snerta hið opinbera.

182 Tölvumál

Fjárveiting lækkar úr 6.000 þús.kr. á árinu 1986 í 5.692 þús.kr. eða um 5,1%. Launagjöld hækka úr 915 þús.kr. í 1.057 þús.kr. eða um 15,5%. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna, einum manni í föstu starfi og öðrum ráðnum til að sinna sérstökum verkefnum. Á árunum 1985 og 1986 hefur mikið verið unnið við þróun kerfis fyrir fjárlagagerð en gert er ráð fyrir að vinna á því sviði verði minni á árinu 1987 en verið hefur. Við gerð þessa frumvarps tóku nokkur ráðuneyti þátt í tilraun við tölvuvinnslu fjárlagagagna. Af öðrum verkefnum má nefna ýmiss konar ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um tölvumál og aðstoð við útboð og mat á tilboðum um vél- og hugbúnað. Í þessu sambandi má nefna tölvuvæðingu hjá ÁTVR, Lyfjaverslun ríkisins og tölvuvinnslu þinglýsinga. Með útboðum hefur einnig náðst umtalsverð lækkun á einmenningstölvum og ýmsum búnaði fyrir þær og hafa ríkisstofnanir notið góðs af þessu. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 8,1% og verða 335 þús.kr. Veittar eru 4.300 þús.kr. til kaupa á tölvubúnaði en 4.775 þús.kr. í fjárlögum 1986. Á árinu 1986 hefur þessu fé verið varið til tölvuvæðingar hjá utanríkisráðuneytinu og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vegna tölvuvinnslu þinglýsinga. Auk þess hefur verið keyptur tölvubúnaður fyrir ráðuneytið sjálft svo og önnur ráðuneyti vegna fjárlagagerðar.

991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1987 nemi 3.440.000 þús.kr. samanborið við 3.550.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum í frumvarpinu:

	Frumvarp 1987 M.kr.
Innlend lán	280
Innlend lán, gengisbundin	40
Spariskírteini vegna innlausnar	150
Seðlabanki Íslands:	
Langtímalán	160
Yfirdráttur á viðskiptareikningum	300
Erlend lán	2.510
Samtals	3.440

Nánar er fjallað um vexti og afborganir í 6. kafla þessarar greinargerðar.

5 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Nú er í fyrsta sinn fjallað sérstaklega um fjárreiður fyrirtækja og sjóða í B-hluta fjárlagafrumvarpsins. Á undanförnum árum hefur umfjöllun um fjárlagaliði í B-hluta verið takmörkuð en hún hefur nær einskorðast við framlög úr A-hluta. Áhersla hefur verið lögð á að skýra framlag ríkissjóð úr A-hluta en minna lagt upp úr umfjöllun um afkomu fyrirtækjanna, fjárfestingu þeirra og verðlagningu þjónustunnar. Áformað er að ríkisreikningsnefnd, en hún ákvarðar um breytingar á framsetningu og uppgjörshætti ríkisreikninga og fjárlaga, taki m.a. reikningsskil fyrirtækja og sjóða í B-hluta til endurskoðunar á næstu mánuðum.

Í þessu frumvarpi hafa fjárhæðir í B-hluta verið færðar til áætlaðs verðlags um áramót 1986 með sama hætti og í A-hluta frumvarpsins. Í sumum tilvikum er sá grunnur sem áætlanir fyrirtækja og sjóða byggja á ótraustur og þarf að hafa það í huga. Fram hefur komið í inngangi að athugasemdum með frumvarpinu að fyrir afgreiðslu fjárlaga þurfi að endurmeta fjárhagsstöðu margra ríkisfyrirtækja.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er hér skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og annað. Umsvif B-hlutaaðila skiptast þannig í frumvarpinu, í m.kr.:

	Ríkis-fyriræki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Annað	B-hluti samtals
Gjöld	13.592	1.806	659	180	16.237
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	16.276	1.659	500	167	18.603
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	255	2.563	503	26	3.347
Mismunur	2.939	2.416	344	13	5.712
Veitt lán	—	5.967	45	—	6.012
Fjárfesting	1.882	5	98	7	1.992
Afborganir lána	420	1.318	26	10	1.774
Skil í ríkissjóð	2.983	—	—	—	2.983
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	153	122	218	—	493
Innheimtar afborganir	—	683	43	—	726
Afskriftir	1.398	—	—	4	1.402
Tekin lán	620	4.240	—	—	4.860
Annað, ráðstöfun eigin fjár	3.420	2.489	344	13	6.266

Tekjuafgangur fyrirtækja og sjóða nemur samtals 5.712 m.kr. Þar af eru arðskil til ríkissjóðs 2.983 m.kr. og eru sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 2.550 m.kr., Póst og símamálastofnunin 200 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 140 m.kr., Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli 38 m.kr., Sala varnarliðseigna 20 m.kr., Happdrætti Háskóla Íslands 22,5 m.kr. og Lyfjaverslun ríkisins 12 m.kr. Til fjárfestingar renna alls 1.992 m.kr. Veigamestu fjárfestingarnar eru þessar: Flugstöð á Keflavíkurflugvelli 986 m.kr., Póst- og símamálastofnunin 425 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 175 m.kr., ÁTVR 95 m.kr og Ríkisútvarpið 138 m.kr.

Tekin lán í B-hluta nema alls 4.860 m.kr. Ráðgert er að afla byggingasjóðunum 3.490 m.kr. lánsfjár á árinu 1987, þ.e. 3.440 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 50 m.kr. vegna skyldusparnaðar ungmenna, nettó. Þá er miðað við að A- hluti ríkissjóðs taki 1.370 m.kr. að láni og endurláni til B- hlutaaðila eins og fram kemur í 1.gr. frumvarpsins. Þeir aðilar B-hluta sem munu njóta lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru þessir: Flugstöð á Keflavíkurflugvelli 520 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 100 m.kr. og Lánasjóður íslenskra námsmanna 750 m.kr.

Verður nú vikið að einstökum fyrirtækjum og sjóðum, eftir því sem ástæða þykir til og upplýsingar leyfa, til skýringar á fjárreiðum þeirra.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands

Heildarútgjöld 1987 eru áætluð 434.610 þús.kr. eða 40% hærri en útgjöld á reikningsárinu 1985. Tekjur happdrættisins eru áætlaðar 547.110 þús.kr. Gengið er út frá óbreyttu miðaverði frá 1986 en það hækkaði um 67% í ársbyrjun 1986. Áætlaður rekstrarhagnaður er 112.500 þús.kr. og verður honum ráðstafað þannig að 22.500 þús.kr. renna til ríkissjóðs og 90.000 þús.kr. til byggingarframkvæmda við Háskóla Íslands.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Ráðstöfunarfé sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi Happdrættis Háskóla Íslands en það er áætlað 22.500 þús.kr. Hluti fjárins er ætlaður til byggingar á rannsóknahúsi við Iðntæknistofnun Íslands á Keldnaholti. Húsið verður reist í samvinnu við Reykjavíkurborg og er ætlað að hýsa starfsemi á sviði lífefna- og líftæknirannsókna.

871 Unglingaheimili ríkisins

Heildarútgjöld verða samtals 25.500 þús.kr. og hækka um 15% frá reikningi 1985. Framlag ríkissjóðs er áætlað 6.490 þús.kr. og tekjur af vistgjöldum 19.010 þús.kr. Þá er gengið út frá um 80% nýtingu vistrýmis. Á árinu 1985 var keypt viðbótarhúsnæði fyrir starfsemina. Starfsmannaþörf var þá jafnframt endurmetin og eru nú 23 stöðuheimildir við stofnunina. Áðurnefndar forsendur virðast ekki hafa staðist þar eð nýting vistrýmis á árinu 1985 var aðeins 56% og stefnir í svipaða nýtingu 1986.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var ráðstöfunarfé sjóðsins við það miðað að lánveitingar yrðu lækkaðar um 30% frá árinu á undan. Þannig var fjárveiting til sjóðsins ákveðin 865 m.kr., lántaka 400 m.kr. og áætlaðar lánveitingar 1.062 m.kr. Snemma árs þótti sýnt að endum yrði ekki náð saman og fallist á að veita sjóðnum

aukafjárveitingu að fjárhæð 258 m.kr. Við þetta jókst ráðstöfunarfé ársins úr 1.265 m.kr. í 1.523 m.kr. Að undanförnu hefur nefnd, sem skipuð var af menntamálaráðherra með fulltrúum beggja stjórnarflokkanna, unnið að nýju lagafrumvarpi um sjóðinn. Verði það að lögum liggur ekki ljóst fyrir hvaða áhrif það muni hafa á rekstur og afkomu sjóðsins. Hins vegar bendir flest til að eldri lög muni að minnsta kosti gilda fyrir úthlutun námslána kennsluárið 1986/1987, en reynslan sýnir að um 2/3 hlutar lánveitinga ársins eru greiddir út á vormisseri. Frumvarpstölur fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna eru miðaðar við svipað ráðstöfunarfé og í ár eða 1.615 m.kr. Þar af er fjárveiting 865 m.kr. og lántaka 750 m.kr.

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður

Tekjur sjóðsins eru samkvæmt lögum 10% af tekjum ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps af auglýsingum og afnotagjöldum. Hlutur sjóðsins er áætlaður 85.000 þús.kr. Þar af eru 37.000 þús.kr. frá hljóðvarpi og 48.000 þús.kr. frá sjónvarpi. Samkvæmt útvarpslögunum eiga aðflutningsgjöld og sölugjald af innfluttum sjónvarps- og útvarpstækjum að renna til Framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins. Ekki liggur fyrir hve háar þessar tekjur eru en ríkisútvarpið hefur í áætlun sinni metið þær 50.000 þús.kr. Í þessu frumvarpi er við það miðað að lögum verði breytt þannig að aðflutningsgjaldatekjur renni í ríkissjóð. Ráðstöfunarfé sjóðsins skerðist því að sama skapi. Ekki er gert ráð fyrir lántöku sjóðsins til byggingarframkvæmdanna. Fjármál ríkisútvarpsins, þar með framkvæmdasjóðs, þarfnast nánari umfjöllunar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 404.680 þús.kr. sem er 29% hærri niðurstaða en í reikningi 1985. Þar af eru yfirfærslur til **framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins** 37.000 þús.kr. Tekjur hljóðvarps eru alls áætlaðar 371.450 þús.kr. og hækka um 19% frá reikningi 1985. Samkvæmt endurskoðari tekjuáætlun útvarpsins verða tekjur ársins 1986 um 330.000 þús.kr. og til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessu frumvarpi þarf stofnunin um það bil 10% hækkun á verði auglýsinga og afnotagjöldum. Til fjárfestingar eru áætlaðar 27.000 þús.kr. sem fara fyrst og fremst til kaupa á tækjabúnaði.

972 Ríkisútvarpið, sjónvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 543.431 þús.kr. og eru 20% hærri en á reikningsárinu 1985. Þar af eru yfirfærslur til **framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins** 48.000 þús.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur stofnunarinnar hækki um 27% miðað við heildartekjur 1985. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun sjónvarps fyrir árið 1986 eru tekjur áætlaðar um 400.000 þús.kr. og til að ná fram áætluðum tekjum samkvæmt þessu frumvarpi þyrfti um 23% hækkun á gildandi gjaldskrá. Til fjárfestingar eru áætlaðar 33.000 þús.kr. og er þar um að ræða kaup á tækjum og búnaði.

973 Þjóðleikhúsið

Heildarútgjöld og tekjur Þjóðleikhússins hafa á síðustu árum vikið töluvert frá fjárlagatölum hvers árs. Hér að neðan eru settar upp helstu kennitölur um starfsemina.

	Reikningur 1985 þús.kr.	Fjárlög 1986 þús.kr.	Frumvarp 1987 þús.kr.
Rekstrargjöld án afskrifta og viðhalds	154.657	131.987	151.540
Tekjur af seldri vöru og þjónustu	126.464	68.734	72.350
Aðrar tekjur	—	3.805	3.720
Framlag ríkissjóðs	46.155	59.448	75.470
Tekjur samtals	172.619	131.987	151.540
Ríkisframlag sem hluti gjalda	30%	45%	50%

Heimiluð stöðugildi við leikhúsið eru 88,67. Á árinu1985 voru greidd laun sem svara til 126 ársverka. Þá var yfirvinna sem svarar til 40% greiddra dagvinnulauna. Hlutur ríkisframlags í heildargjöldum nam um 30% á árinu 1985 en horfur eru á að tekjur leikhússins 1986 verði minni en á árinu 1985. Í árslok 1985 var uppsöfnuð viðskiptaskuld leikhússins við ríkissjóðs 45.000 þús.kr., án verðbóta og vaxta. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis eru horfur á að í árslok 1986 muni þessi skuld hafa tvöfaldast. Frumvarpstölur fyrir leikhúsið fyrir árið 1987 byggja að mestu á fjárlögum ársins 1986. Til viðhalds á Þjóðleikhúsbyggingunni eru áætlaðar 7.500 þús.kr. en sambærileg fjárhæð nam 6.500 þús.kr. 1986. Nefnd starfar nú á vegum menntamálaráðuneytisins að athugun á málum leikhússins. Hún hefur enn ekki skilað áliti en nauðsynlegt sýnist að leikhúsinu verði fundinn fjárhagsgrundvöllur.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld nemi 69.580 þús.kr. eða 10% hærri en útgjöld reikningsársins 1985, þar af hækka launagjöld um 18%. Við hljómsveitina eru starfandi 64 hljóðfæraleikarar auk annarra starfsmanna þannig að stöðuheimildir eru alls 68,5. Tekjur hljómsveitarinnar eru samkvæmt lögum af miðasölu og 10% af skemmtanaskatti. Þá skipta eignaraðilar með sér kostnaði í eftirtöldum hlutföllum: Ríkissjóður 56%, ríkisútvarp 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Framlag ríkissjóðs er nú áætlað 29.210 þús.kr. að viðbættum 3.950 þús.kr. skemmtanaskatti eða samtals 33.160 þús.kr. Tekjur hækka um 28% frá fjárlögum 1986 og um 11% frá reikningi 1985.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli

Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 307.050 þús.kr. og er það 21% hækkun frá reikningsárinu 1985. Ástæðan fyrir því að útgjöld á árinu 1987 hækka umfram verðlagshækkanir eru flutningur Fríhafnarinnar í nýju flugstöðina á Keflavíkurflugvelli í apríl 1987. Leigugjöld eru áætluð um 15.000 þús.kr. auk þess sem aðrir rekstrarliðir hækka. Starfsmannaheimildir við Fríhöfnina eru alls 48 og í ljósi endurmats á starfsmannaþörf hefur verið ákveðið að fækka þeim í 42. Áætlaður kostnaður við hönnun og smíði innréttinga í verslun Fríhafnarinnar er 22.400 þús.kr. og fjármagnast sú framkvæmd af rekstrartekjum fyrirtækisins. Fríhöfninni er einnig ætlað að skila 140.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1987 og eru þar með taldar markaðar tekjur og skil ríkissjóðs til ferðamálaráðs.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Heildarútgjöld eru áætluð 55.158 þús.kr. og hækka um 13% frá reikningi 1985. Lítil hækkun milli ára skýrist af því að rekstrarkostnaður flugstöðvar er nú aðskilinn frá rekstri Flugmálastjórnar. Tekjur fyrirtækisins, sem aðallega eru flugvallargjöld og greiðslur varnarliðsins fyrir þjónustu stofnunarinnar, eru alls áætlaðar 92.173 þús.kr. Flugmálastjórn er ætlað að skila 38.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1987.

114 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur

Rekstur flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er nýr liður í fjárlagafrumvarpinu. Rekstur stöðvarinnar hefst væntanlega í apríl 1987 en þá er ráðgert að taka bygginguna í notkun. Rekstrarútgjöld og tekjur eru skiljanlega óviss. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur gert áætlun um rekstrarkostnað og tekjur fyrir árið 1987. Utanríkisráðherra og fjármálaráðherra hafa ákveðið að sett verði stjórn yfir rekstur stöðvarinnar með fulltrúum beggja aðila. Stjórn þessi mun senn skipuð. Á miðju ári 1987 falla afborganir af lánum sem tekin hafa verið til að kosta byggingu stöðvarinnar. Gert er ráð fyrir því að flugstöðin standi undir afborgunum lána en að ríkissjóður leggi henni árlega til viðbótarfé ef nauðsyn krefur. Vextir á byggingartíma eru taldir með fjárfestingu og þar áætlað fyrir þeim. Á árinu 1987 er gert ráð fyrir 32.800 þús.kr. til afborgana af framkvæmdalánum.

115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging

Alls er áformað að verja 986.000 þús.kr. til framkvæmda við flugstöðina á árinu 1987. Með þessari fjárútvegun er reiknað með að framkvæmdum verði lokið á fyrri hluta árs 1987. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 520.000 þús.kr. erlendri lántöku til verksins og mótframlag Bandaríkjanna er 466.000 þús.kr. Samkvæmt samningi greiða Bandaríkin 20 milljónir dollara til framkvæmda við flugstöðina.

118 Ratsjárstöðvar, rekstur

Á árinu 1987 er í fyrsta skipti gert ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna nýrra ratsjárstöðva á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Heimilað hefur verið að reisa þessar ratsjárstöðvar og endurnýja stöðvarnar á Keflavíkurflugvelli og Stokksnesi. Framvegis verður rekstur þessara stöðva í höndum Íslendinga. Bandaríkjamenn munu endurgreiða allan kostnað við reksturinn. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 1987 verði 22.000 þús.kr. og er eingöngu vegna þjálfunar starfsmanna og tengds kostnaðar. Rekstur sjálfra stöðvanna mun væntanlega hefjast í ársbyrjun 1988.

121 Sala varnarliðseigna

Heildarútgjöld eru áætluð 53.240 þús.kr. og er það 29% hækkun frá reikningsárinu 1985. Tekjur eru aftur á móti taldar verða 71.280 þús.kr. og skil fyrirtækisins í ríkissjóð verði 20.000 þús.kr. á árinu 1987.

24 Landbúnaðarráðuneyti

221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Heildarútgjöld verksmiðjunnar eru áætluð 824.118 þús.kr. eða 10% lægri en útgjöld reikningsárið 1985. Þetta skýrir minni framleiðsla, skipulagsbreytingar og lækkun á hráefnisverði. Áætlaðar tekjur af sölu áburðar eru 796.310 þús.kr. Þá er gert ráð fyrir 58 þús. tonna framleiðslu og sölu áburðar og að verð á áburði hækki um 30% frá

gildandi verði á árinu 1986. Þessi verðhækkun jafngildir niðurgreiðslum á áburði á árinu 1986 en þá runnu til verksmiðjunnar 170.000 þús.kr. í þeim tilgangi. Unnið hefur verið að hagræðingarstarfi í verksmiðjunni, m.a. með aukinni sjálfvirkni í framleiðslunni og fækkun starfsmanna. Til fjárfestingar eru ætlaðar 35.000 þús.kr., fyrst og fremst til kaupa á nauðsynlegum tækjabúnaði.

236—239 Grænfóðurverksmiðjur

Hentugt þykir að fjalla sameiginlega um ríkisverksmiðjurnar fjórar. Framleiðsla sumarið 1986 var alls 2.934 tonn. Að viðbættum birgðum fyrri ára eru alls 9.750 tonn til nú, haustið 1986. Söluverðmæti birgðanna er talið vera um 127.000 þús.kr. Fjárhagsáætlun verksmiðjanna fyrir árið 1987 er sett fram í samræmi við tillögur landbúnaðarráðuneytisins en í yfirlitum hér að neðan er gerður samanburður við reikning ársins 1985.

	Reikningur 1985 þús.kr.	Frumvarp 1987 þús.kr.
Rekstrargjöld án afskrifta	88.795	110.050
Fjármagnskostnaður	38.306	32.407
Gjöld alls	127.101	142.457
Tekjur af seldri vöru og þjónustu	94.125	154.450
Aðrar tekjur	7.596	10.130
Framlög	7.211	—
Tekjur alls	108.932	164.580
Mismunur gjalda og tekna	−18.169	22.123

Á þessu sést að mismunur gjalda og tekna, fyrir afskriftir, var neikvæður um 18.169 þús.kr. á árinu 1985. Þegar dregnar höfðu verið frá inneignir og skammtímakröfur voru heildarskuldir í lok sama árs 160.000 þús.kr. Áætlun fyrir árið 1987 felur í sér fulla starfsemi í verksmiðjunum. Óvíst er hver sala afurða verður 1986 og 1987 og þar með rekstrarafkoma fyrirtækjanna.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

211 Fiskimálasjóður

Aðaltekjustofn sjóðsins hefur verið 0,8% af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við setningu laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var þessi tekjustofn tekinn af sjóðnum.Tekjur sjóðsins þ.e. fjármunatekjur, standa ekki undir rekstrar- og fjármagnsútgjöldum. Með hliðsjón af þessu er augljóst að taka verður ákvörðun um framtíð sjóðsins.

272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging

Heildarútgjöld eru áætluð 11.590 þús.kr. Tekjur eru áætlaðar 6.182 þús.kr. og eru fyrir leigu á húsnæði til ýmissa stofnana, svo sem Ríkisútvarps, Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Framlag ríkissjóðs er áformað 5.408 þús.kr. og skiptist þannig að til greiðslu launa vegna húsgæslu renna 408 þús.kr. og 5.000 þús.kr. til viðhalds utanhúss.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

371 Kirkjubyggingasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 21/1981 að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur sjóðsins samkvæmt sömu lögum eru framlag ríkissjóðs. Árið 1981 var það ákveðið 600 þús.kr. og skyldi fylgja breytingum á byggingavísitölu miðað við 1. júlí ár hvert, þá hefur sjóðurinn tekjur af gjöfum sem honum berast. Framlag ríkissjóðs nú er 3.246 þús.kr.

372 Kirkjugarðasjóður

Meginhlutverk sjóðsins samkvæmt lögum nr. 21/1963 er að veita kirkjugarðsstjórnum lán til girðingar og fegrunar kirkjugarða, svo og til þess að setja minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu. Helsti tekjustofn sjóðsins er 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum.

373 Kristnisjóður

Meginmarkmið kristnisjóðs er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæðis í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag úr ríkissjóði er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum sem lögð eru niður samkvæmt lögum nr. 35/1970. Einnig laun sem sparast á hverjum tíma þegar prestakall er prestlaust, og skal þá miðað við hámarkslaun presta. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ofanskráðu er nú 7.570 þús.kr. að viðbættum 2.172 þús.kr. vegna afborgunar af láni sem sjóðurinn tók í tengslum við kaup á Suðurgötu 22 í Reykjavík.

27 Félagsmálaráðuneyti

271—272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986 var breytt lögum um Húsnæðisstofnun og tóku hin nýju lög gildi 1. september s.l. Með þeim er meðal annars gert ráð fyrir að hámarkslán til einstaklinga hækki stórlega. Lagabreytingin fól einnig í sér að felld voru niður lögbundin framlög ríkissjóðs sem ákveðið hlutfall af útlánum sjóðanna. Þess í stað er við það miðað að fjármögnunun byggingarsjóðanna sé að mestu með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Þetta er gert með þeim hætti að tengja saman lánveitingar til einstaklings og skuldabréfakaup hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem hann á aðild að. Þannig getur lánþegi aðeins fengið hámarkslán úr byggingarsjóðnum að því tilskildu að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir að lágmarki 55% af ráðstöfunarfé sínu. Nokkur óvissa er um áhrif hinna nýju lána á eftirspurn eftir lánsfyrirgreiðslu úr sjóðunum auk þess sem óljóst er um kaup fjölmargra lífeyrissjóða á skuldabréfum bæði í ár og á næsta ári. Þó er þess vænst að flestir kaupi bréf fyrir 55% af ráðstöfunarfé. Nýverið hafa verið gerðir samningar við lífeyrissjóðina um kjör þeirra bréfa, þ.e. annars vegar til ársloka 1986 og hins vegar á árinu 1987 og 1988. Samningarnir til ársloka 1986 fólu í sér lánstíma á bilinu 15 til 30 ár og vexti 6,5%. Samningurinn um lánskjör 1987 og 1988 gerir ráð fyrir svipuðum lánstíma og að vextir bréfanna lækki í 6,25% á árinu 1987 og í 5,9% 1988. Jafnframt felur seinni samningurinn í sér að öll skuldabréf sem lífeyrissjóðirnir eiga hjá Húsnæðisstofnun og Framkvæmdasjóði með lægri vöxtum en 4,16% verði breytt í 4,2% vexti. Áætlað verðmæti þessara bréfa nemur 5,2 milljörðum króna, þar af skuldar Húsnæðisstofnun um 3 milljarði króna og Framkvæmdasjóður 2,5 milljarð króna. Ljóst er að þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur í lækkun vaxta á lántökum byggingarsjóðanna þá verður

vaxtamismunur á inn og útlánum. Lánveitingarnar eru í flestum tilvikum með 3,5% vöxtum og 40 ára lánstíma. Forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna nemi 1.300.000 þús. kr., þar af renna 1.000.000 þús.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 300.000 þús.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Í töflu nr. .. í töfluviðauka er sýnt greiðsluyfirlit sjóðanna á árunum 1986 og 1987.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Eins og nafn sjóðsins ber með sér er hlutverk hans að greiða bætur til þeirra félaga í stéttarfélögum sem atvinnulausir eru og eiga til þeirra rétt samkvæmt lögum nr. 64/1981. Tekjur sjóðsins eru í fyrsta lagi lögboðin iðgjöld atvinnurekenda sem innheimt eru af innheimtumönnum ríkissjóðs og skilað með framlagi ríkissjóðs sem er tvöföld upphæð iðgjaldanna. Í öðru lagi framlag sveitarsjóða sem er jafnhátt iðgjaldi atvinnurekenda og svo í þriðja lagi ávöxtunartekjur. Framlag ríkissjóðs, að meðtöldu iðgjaldi atvinnurekenda, samkvæmt ofanskráðu er nú 427.788 þús.kr.

311 Ríkisspítalar, þvottahús

Rekstrargjöld eru áætluð 70.470 þús.kr. og að auki eru 8.000 þús.kr. ætlaðar til stofnkostnaðarverkefna. Upphæðin skiptist þannig að til endurnýjunar í matsal og endurbóta og málunar utanhúss fara 3.500 þús.kr. og til kaupa á vélbúnaði og tækjum eru ætlaðar 4.500 þús.kr. Fjármagni til rekstrar og framkvæmda aflar stofnunin með sértekjum, en þvottahúsið ásamt saumastofu og dauðhreinsunardeild selur þjónustu sína og framleiðslu til ýmissa sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu.

378 Læknishéraðasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 59/1983 að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum. Tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar sem ekki koma til greiðslu vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna. Auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum. Framlag ríkissjóðs nú er 1.000 þús.kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1986.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Niðurstaða rekstrar er áætluð 1.358.067 þús.kr. sem er 21% hærri fjárhæð en í ríkisreikningi 1985. Af heildarútgjöldum eru 1.041.700 til kaupa á vörum og hráefni til endursölu. Áætlaðar heildartekjur af sölu áfengis og tóbaks nema 3.991.297 þús.kr. Er það 34% hærri upphæð en í reikningi 1985 og 12% hærri fjárhæð en áætluð sala samkvæmt fjárlögum 1986. Rekstrarhagnaði er áformað að verja þannig að 2.550.000 þús.kr. verði skilað í ríkissjóð og 87.030 þús.kr. auk 16.430 þús.kr. afskrifta verði ráðstafað til afborganaa af lánum og til fjárfestingar. Fjárfesting er alls áformuð fyrir 95.000 þús.kr. Skuldbindandi samningur er um framkvæmdir í Kringlunni við Kringlumýrarbraut. Ákveðið er að ný verslun ÁTVR opni þar í ágúst 1987. Húsnæðið verður afhent ÁTVR í ársbyrjun 1987 og kostnaður við innréttingar, frágang o.fl. er áætlaður um 40.000 þús.kr. Árið 1977 gerðist ÁTVR aðili að sameiginlegri byggingu í Mjóddinni í Breiðholtshverfi. Framkvæmdum hefur árlega verið skotið á frest, þangað til haustið 1986 að boðin var út uppsteypa og utanhúsfrágangur á umræddu húsnæði. Áformað er að verja 55.000 þús.kr. í þessa byggingu á árinu 1987.

102 Lyfjaverslun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 262.140 þús.kr. sem er 26% hærra en á reikningsárinu 1985. Auk þess eru 10.000 þús.kr. ætlaðar til framkvæmda, annars vegar eru 7.000 þús.kr. til kaupa á sótthreinsunarsamstæðu og hins vegar eru 3.000 þús.kr. ætlaðar til breytinga á húsnæði. Ekki verður farið af stað með aðrar framkvæmdir nú, en sýnt er að breytinga er þörf í húsnæðismálum stofnunarinnar í næstu framtíð. Stofnuninni er gert að skila 12.000 þús.kr. í ríkissjóð.

103 Innkaupastofnun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 687.090 þús.kr. sem er 20% hækkun frá reikningsárinu 1985. Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum stofnunarinnar og verið hefur. Umfangsmesti liður í rekstri stofnunarinnar eru innkaup á vöru og hráefni til endursölu. Sá liður eru áætlaður 657.000 þús.kr. og á móti eru seldar vörur og þjónusta áætlaðar 681.570 þús.kr. Því lætur nærri að meðalálagning stofnunarinnar sé 3,5% eins og tíðkast hefur.

30 Samgönguráðurneyti

101 Póst- og símamálastofnunin

Gjöld stofnunarinnar eru áætluð 3.240.260 þús.kr. og hækka um 15% frá fjárlögum 1986. Þá er gert ráð fyrir að fjárfesting verði 425.000 þús.kr. eða 10% lægri fjárhæð en í fjárlögum 1986. Þá er stofnuninni gert að skila 200.000 þús.kr. í ríkissjóð. Við gerð fjárlaga í desember 1986 var miðað við um 17% hækkun gjaldskrár. Auk rekstrarkostnaðar átti það að standa undir 471.000 þús.kr. fjárfestingu, flýtigreiðslu af lánum sem næmi 100.000 þús.kr. og skilum á 188.000 þús.kr. í ríkissjóð. Í ársbyrjun 1986 voru gjaldskrár margra opinberra fyrirtækja ýmist lækkaðar eða þeim haldið óbreyttum enda voru verðforsendur fyrir árið 1986 allt aðrar en við afgreiðslu fjárlaga í desember 1985. Póst- og símamálastofnunin fékk þó 25% hækkun á póstburðargjöldum í ársbyrjun 1986 sem svarar til 6—7% hækkunar á heildartekjum fyrirtækisins. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er því erfið um þessar mundir. Það hefur hvorki getað staðið í skilum með arðgreiðslur til ríkissjóðs né flýtigreiðslur af lánum hjá ríkissjóði, samtals 288.000 þús.kr. Til viðbótar þessu stefnir í verulegan greiðsluhalla hjá fyrirtækinu í árslok 1986. Í þessu frumvarpi er miðað við að fyrirtækið skili í ríkissjóð 200.000 þús.kr. á árinu 1987. Fjárfesting á árinu 1986 var ákveðin í fjárlögum 471.000 þús.kr. og virðist sú áætlun ætla að standast. Á árinu 1987 er aftur á móti miðað við 425.000 þús.kr. fjárfestingu. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og símamálastofnuninni hefði 20% hækkun gjaldskrár sem tæki gildi 1. október 1986 í för með sér 550.000 þús.kr. hækkun tekna til áramóta 1987. Ef hins vegar 20% hækkun tæki gildi 1. apríl 1987 þá mundu tekjur aukast um 313.000 þús.kr. til ársloka 1987.

211 Skipaútgerð ríkisins

Áætlað er að rekstrarumsvif fyrirtækisins verði svipað á árinu 1987 og í ár. Fjárveiting úr A-hluta er miðuð við það. Framlag ríkissjóðs er áætlað 138.306 þús. kr. og hækkar um 16,6% frá fjárlögum. Síðustu fimm árin hefur orðið mikil endurnýjun á skipakosti fyrirtækisins auk þess sem ný vöruskemma var byggð við Reykjavíkurhöfn og tekin í notkun í október 1982. Þessar fjárfestingar voru að mestu fjármagnaðar með erlendum lántökum. Á undanförnum árum hefur greiðslubyrði fyrirtækisins af lánum verið mjög þung og hefur ríkisframlagið að mestu gengið til að mæta henni. Forsendur frumvarpsins fela í sér að rúm 83% ríkisframlagsins fari til að mæta afborgunum og vöxtum af lánum samanborið við um 77% í ár.

672 Sérleyfissjóður

Sjóðurinn stendur straum af kostnaði við rekstur Skipulagsnefndar fólksflutninga og Umferðarmálanefndar samkvæmt lögum nr. 29/1983 og reglugerð nr. 641/1983. Hann fær tekjur sem eru árlegt gjald og leyfishöfum er skylt að greiða af hverju farþegasæti í leyfisskyldum bifreiðum. Gjald þetta var ákveðið 170 kr. á hvert sæti 1983 og er tekið mið af byggingarvísitölu. Skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum sjóðsins eru áætlaðar 3.000 þús.kr. á árinu 1987.

31 Iðnaðarráðuneyti

231 Sementsverksmiðja ríkisins

Heildarútgjöld, að frádregnum afskriftum, eru áætluð 371.820 þús.kr. en það er 35.342 þús.kr. hærri fjárhæð en í reikningi 1985. Framleiðslukostnaður á sementi í árslok 1986 er talinn verða lítið hærri en á framleiðslu ársins 1986. Tekjuáætlun fyrir árið 1987 er miðuð við sölu á 110 þús. tonnum af sementi og óbreyttu verði, þ.e. 4.850 kr. fyrir tonnið. Verksmiðjan hefur á síðustu árum verið að breyta þurrkunarbúnaði þannig að nú eru notuð kol til hitunar í stað olíu. Til nauðsynlegrar fjárfestingar í tækjum og búnaði er talið að verja þurfi 18.060 þús.kr.

321 Rafmagnsveitur ríkisins

Fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins markast mjög af yfirtöku ríkissjóðs á áhvílandi skuldum fyrirtækisins. Á móti er Rafmagnsveitunum gert að taka verðtryggt lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 600 m.kr. til 25 ára og 7% vöxtum. Lánskjörin og lánsfjárhæðin miða að því tengja lánstímann við líftíma mannvirkja og greiðslugetu fyrirtækisins. Þá á fyrirtækið að geta staðið undir vöxtum og afborgunum af lánum sem kunna að verða tekin til framkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjárveitingum til fyrirtækisins úr ríkissjóði. Áætluð fjárfesting á árinu 1987 nemur 175 m.kr. sem fjármagnaðar eru með 100 m.kr. lántöku og 75 m.kr. af eigin tekjum. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að fjalla um gjaldskrármál fyrirtækisins.

371 Orkusjóður

Í athugasemdum A-hlutans er gerð grein fyrir fjárveitingum til Orkusjóðs á árinu 1987 og verður ekki endurtekið hér. Hins vegar er rétt að geta þess að fyrirsjáanlegar eru breytingar á umfangi lánamála sjóðsins. Á liðnum árum hefur sjóðurinn m.a. haft milligöngu um lánveitingar til ýmissa orkufyrirtækja. Fjárins hefur að mestu verið aflað með lántöku Orkusjóðs hjá Endurlánum ríkissjóðs sem nú eru í A-hluta. Fram hefur komið í greinargerð frumvarpsins að ráðgert er að A-hluti ríkissjóðs yfirtaki áhvílandi skuldir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Hér er um að ræða yfirtöku lána að verðgildi um 4,5 milljarða króna en á móti fær ríkissjóður skuldabréf frá fyrirtækjunum fyrir um 2 milljarða króna og mun lengri lánstíma. Lántökur Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins hafa að miklu leyti farið um Orkusjóð. Yfirtaki ríkissjóður skuldirnar þarf að fella niður samsvarandi skuldir Orkusjóðs sem eru við A-hluta ríkissjóðs. Þetta uppgjör hefur ekki farið fram en það mun hafa áhrif á greiðsluafkomu Orkusjóðs. Niðurstaða mun liggja fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

6 Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánamálum ríkissjóðs, þ.e. bæði veittum og teknum lánum, ásamt áætlun um greiðslubyrði af þeim á næstu árum. Hér á eftir er fjallað um bókfærðar skuldir ríkissjóðs og veitt lán til aðila utan A-hluta ríkissjóðs. Mismunur tekinna og veittra lána gefur eiginlega lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs til kynna. Að lokum er gefið yfirlit um skuldbindingar í veittum ábyrgðum ríkissjóðs og fyrirhuguðum ábyrgðaveitingum á árinu 1987.

6.1 Tekin og veitt lán A-hluta ríkissjóðs

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var tekin upp breytt skilgreining á A-hluta ríkissjóðs sem samrýmist betur þjóðhagsreikningum og gefur gleggri mynd af umfangi lánastarfsemi ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs samkvæmt þeirri skilgreiningu fyrir árin 1981—1985 ásamt áætlun 1986 og 1987 (m.kr.):

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1981—1987
Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
1. **Tekin lán**	**4.999**	**10.190**	**18.915**	**26.895**	**37.559**	**42.558**	**44.073**
Innlend lán	2.094	3.247	5.458	6.060	10.744	13.043	14.278
Innlend lán, gengisbundin	158	211	975	1.338	1.185	1.133	1.013
Erlend lán	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630	28.382	28.782
2. **Veitt lán**	**3.655**	**8.035**	**13.048**	**18.182**	**23.715**	**22.277**	**21.822**
Lán tengd innl. verðlagi	913	1.500	3.114	4.168	5.776	6.785	5.769
Gengisbundin lán	2.742	6.535	9.934	14.014	17.939	15.492	16.053
3. **Tekin lán umfram veitt lán**	**1.344**	**2.155**	**5.867**	**8.713**	**13.844**	**20.281**	**22.251**
Veitt lán í % af teknum lánum	73,1	78,9	69,0	67,6	63,1	52,3	49,5
4. **Hlutfall af VLF**							
Tekin lán	20,9	27,6	30,2	33,0	34,0	29,7	28,5
Veitt lán	15,3	21,8	20,8	22,3	21,5	15,6	14,1
Tekin lán umfram veitt lán	5,6	5,8	9,4	10,7	12,5	14,1	14,4

Tímabilið 1981—1985. Yfirlitið sýnir að skuldastaða ríkissjóðs hefur versnað nokkuð á tímabilinu 1981—1985. Þó kemur á óvart að ríkisskuldin nam aðeins 34% af vergri landsframleiðslu í árslok 1985, þar af voru ríflega tveir þriðju hlutar skuldir við útlönd eða um 23% af VLF. Hlutur erlendra skulda ríkissjóðs hefur hækkað úr 55% í árslok 1981 í 68,2% í árslok 1985. Á hinn bóginn hefur vægi gengisbundinna útlána ríkissjóðs haldist nokkuð stöðugt yfir tímabilið og numið um 75% af stöðutölum veittra lána. Tekin lán umfram veitt lán eða með öðrum orðum hrein skuld ríkissjóðs vegna tekjuhalla fyrri ára nam 12,5% af VLF í árslok 1985 og hefur ríflega tvöfaldast á umræddu tímabili.

Tímabilið 1986—1987. Í síðustu tveim dálkum yfirlitsins er reynt að áætla líklegar stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs í árslok 1986 og 1987 miðað við áætlað verðlag í árslok 1986. Tekið er mið af þeim áætlunum sem hér eru kynntar fyrir árin 1986 og 1987. Að auki er tekið tillit til fyrirhugaðra breytinga á veittum lánum ríkissjóðs í árslok 1986 vegna yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til að bæta

fyrirtækjunum tekjumissi vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku. Yfirtekin lán nema alls um 4.500 m.kr., þar af eru um 3.500 m.kr. gengisbundin lán og um 1.000 m.kr. verðtryggð. Á móti fær ríkissjóður skuldabréf að fjárhæð alls 2.000 m.kr. tengd innlendu verðlagi. Þar af er yfirtekin krafa Rafmagnsveitna ríksins á Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð 1.000 m.kr. og veitt ný lán til Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 600 m.kr. og Orkubús Vestfjarða 400 m.kr., verðtryggð til 25 ára. Áhrif þessa koma fram í lækkun veittra lána um 2.500 m.kr., þar af lækka gengisbundin lán um 3.500 m.kr. en lán tengd innlendu verðlagi hækka um 1.000 m.kr. Þá voru Jarðvarmaveitur ríkisins seldar Landsvirkjun á árinu 1986 og að auki var stofnað hlutafélag um Jarðboranir ríkisins. Ríkissjóður yfirtekur áhvílandi skuldir fyrirtækjanna og veitir að hluta lán á móti. Ekki hefur verið gengið endanlega frá þessum lánabreytingum.

Áhrif framangreindra ráðstafana og horfur í ár koma skýrt fram í yfirlitinu. Þannig lækkar staða veittra lána sem hlutfall af VLF úr 21,5% árið 1985 í 15,6% 1986. Jafnframt eykst hrein ríkisskuld verulega milli áranna eða úr 12,5% af VLF í 14,1%.

Miðað við horfur í ár og áætlun fyrir árið 1987 nema erlendar skuldir ríkissjóðs um 65,3% af heildarskuldum ríkissjóðs í árslok 1987 eða tæp 19% af VLF. Samkvæmt yfirlitinu lækka skuldir ríkissjóðs úr 33,9% af VLF í árslok 1985 í um 28,5% í árslok 1987. Rétt er þó að hafa í huga að staða veittra lána lækkar enn meira og í raun hækkar hrein skuld ríkissjóðs úr 12,5% af VLF í tæp 14,4% 1987.

Uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs á liðnum árum hefur verið sala spariskírteina. Handhafar/eigendur bréfanna eru fyrst og fremst ýmsir sjóðir og einstaklingar. Lánstími skírteinanna er breytilegur eftir flokkum og hefur fjölbreytni þeirra aukist verulega á undanförnum 2—3 árum. Í flestum tilvikum koma þau til lokainnlausnar 14—16 árum eftir útgáfu en eru þó bundin mun skemmri tíma og eru innleysanleg áður ef eigandi þeirra óskar. Stærstur hluti spariskírteina á undanförnum árum hefur verið með binditíma á bilinu 3—5 ár. Að þeim tíma liðnum eru þau innleysanleg hvenær sem er ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við fasta gjalddaga árlega. Útgefnir flokkar spariskírteina bera margir tiltölulega háa raunvexti en í árslok 1985 nam verðgildi útistandandi spariskírteina með vöxtum og verðbótum alls 6.220 m.kr. Á sama tíma nam innlausnarvirði spariskírteina, sem voru innleysanleg þá, 2.022 m.kr.

Fyrri hluta þessa árs bauð ríkissjóður spariskírteini á innlendum fjármagnsmarkaði með 7—9% vöxtum umfram verðtryggingu og með þriggja til sex ára binditíma. Í kjölfar kjarasamninganna í lok febrúar og ráðstafana í efnahagsmálum voru vextir þessara bréfa lækkaðir í júnímánuði í 7,5—8%. Nýverið ákvað fjármálaráðherra að hætta sölu nýrra spariskírteina til ársloka 1986 og geta nú aðeins þeir sem eiga innleysanleg eldri spariskírteini fengið svonefnd skiptiskírteini með 6,5% raunvöxtum og föstum gjalddaga í ársbyrjun 1989. Ákvörðunin um að hætta sölu skírteina var tekin til þess að greiða fyrir samningum um kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum húsbyggingasjóðanna.

Eftirfarandi yfirlit sýnir annars vegar þá flokka spariskírteina sem koma til lokainnlausnar á tímabilinu 1987— 1990 og hins vegar er yfirlit um aðra innleysanlega flokka á sama tímabili (m.kr.):

Innleysanleg spariskírteini ríkissjóðs 01.10.1986—1990

	Fyrsta innlausnar-ár	Lokainn-lausnar-ár	Nafn-vextir	Verðgildi útistandandi skírteina 01.10.1986
Flokkar sem eru til lokainnlausnar á tímabilinu 01.10.1986—1990:				
Frá 01.10.1986 til ársloka, samtals				**186**
Flokkur 1971/I	1976	1985	5,0	2
Flokkur 1972/I	1977	1986	5,0	20
Flokkur 1972/II	1977	1986	8,4	139
Flokkur 1985/IC	1986	1986	5,0	25
1987, samtals				**259**
Flokkur 1973/I	1978	1987	9,12	244
Flokkur 1985/IIC	1987	1987	4,94	15
1988, samtals				**453**
Flokkur 1973/II	1979	1988	9,12	204
Flokkur 1974/I	1979	1988	9,12	249
1989, samtals				**213**
Flokkur 1984/ISDR	1989	1989	9,0	57
Flokkur 1986/ID	1989	1989	6,5	156
1990, samtals				**60**
Flokkur 1985/ISDR	1990	1990	9,0	49
Flokkur 1985/IISDR	1990	1990	9,0	11
Önnur innleysanleg spariskírteini sem ekki koma til lokainnlausnar á tímabilinu: 01.10.1986:				
Flokkar 1975—1983		1993–2003	2,5–4,3	**1.329**
1987, samtals				**1.072**
Flokkur 1984/I	1987	1998	5,08	386
Flokkur 1984/II	1987	1998	8,0	510
Flokkur 1984/III	1987	1998	8,0	176
1988, samtals				**2.561**
Flokkur 1985/IA	1988	1999	7,0	1.500
Flokkur 1985/IIA	1988	1999	7,0	1.061
1989, samtals				**102**
Flokkur 1986/I3A	1989	2000	7,0	102
1990, samtals				**652**
Flokkur 1985/IB	1990	2000	6,71	15
Flokkur 1985/IIB	1990	2000	6,71	1
Flokkur 1986/I4A	1990	2000	8,5	585
Flokkur 1986/1B	1990	2000	8,16	15
Flokkur 1986/II4A	1990	2000	7,5	36

Mikil óvissa ríkir um innlausn spariskírteina á næstu árum og ræðst hún að miklu leyti af þróun vaxta á innlendum lánsfjármarkaði. Áætlun um innlausn fyrir tímabilið 1987— 1990 tekur í fyrsta lagi mið af því hve mikið er til lokainnlausnar á hverju ári. Til viðbótar er reynt að meta líklega innlausn innleysanlegra skírteina með hliðsjón af þeim raunvöxtum sem hver flokkur spariskírteina skilar eigendum. Þeir flokkar, sem valda einna mestri óvissu, eru þeir sem bera lægri raunvexti en standa til boða á markaðnum nú og á næsta ári. Ætla má að þeir komi til innlausnar á næstu árum.

Í áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987 er miðað við að aflað verði 1.500 m.kr. með sölu spariskírteina. Á móti er innlausn eldri spariskírteina áætluð 1.150 m.kr., þar af eru 150 m.kr. vegna vaxta. Hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs með spariskírteinum nemur því 500 m.kr. á árinu 1987.

Þess er vænst að innlausn spariskírteina verði svipuð á árinu 1988 en lækki síðan nokkuð síðustu tvö árin. Miðað er við að á árinu 1987 komi til nokkurrar innlausnar á skírteinum með lægri vöxtum. Á árinu 1988 verður komið mun betra jafnvægi á innleysanleg skírteini með hlutfallslega lágum vöxtum en á móti kemur hækkun á spariskírteinum með lokainnlausn. Árin 1989 og 1990 lækkar verðgildi spariskírteina með lokainnlausn verulega og nýir innlausnarhæfir flokkar bera tiltölulega háa raunvexti. Áætlunin gerir ráð fyrir að innlausnin nemi alls 1.150 m.kr. árið 1988 en lækki síðan í 800 m.kr. árið 1989 og í 600 m.kr. árið 1990.

Frá og með árinu 1984 var tekin upp sú nýbreytni á kjörum spariskírteina að þau fela í sér ákvæði um gagnkvæman uppsagnarrétt beggja aðila að binditíma liðnum. Fyrstu flokkar þessara skírteina verða innleysanlegir á árinu 1987. Þannig fær ríkissjóður svigrúm til að segja upp skírteinum með háum raunvöxtum þegar hagstæðari lánskjör bjóðast. Í áætlun fyrir tímabilið 1987—1990 er ekki gert ráð fyrir að þessi ákvæði verði nýtt.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um veitt og tekin lán ríkissjóðs 1986—1990. Fjárhæðir ársins 1986 eru á meðalverðlagi en á tímabilinu 1987—1990 er miðað við áætlað verðlag í árslok 1986:

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1986—1990

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1986	1987	1988	1989	1990
1. Tekin ný lán	**6.869**	**4.850**	**5,2**	**6,0**	**7,2**
Sala spariskírteina	2.100	1.500	1,5	1,2	1,2
Verðbréfakaup bankakerfis	850	1.650	1,8	1,8	1,8
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	625	—	—	—	—
Erlend lán	3.294	1.700	1,9	3,0	4,2
2. Afborganir af teknum lánum	**4.255**	**3.335**	**4,1**	**5,0**	**6,1**
Innlausn spariskírteina	1.720	1.000	1,0	0,7	0,7
Önnur innlend lán	1.185	1.035	1,8	2,3	2,7
Erlend lán	1.350	1.300	1,3	2,0	2,7
3. Tekin lán, nettó (1—2)	**2.614**	**1.515**	**1,1**	**1,0**	**1,1**
Spariskírteini, nettó	380	500	0,5	0,5	0,5
Önnur innlend lán, nettó	290	615	—	−0,5	−0,9
Erlend lán, nettó	1.944	400	0,6	1,0	1,5
4. Veitt ný lán	**1.104**	**1.370**	**1,4**	**1,4**	**1,4**
Lán tengd innlendu verðlagi	—	—	—	—	—
Gengisbundin lán	1.104	1.370	1,4	1,4	1,4
5. Innheimtar afborganir	**1.846**	**1.825**	**2,0**	**2,2**	**2,2**
Af lánum tengdum innlendu verðlagi	756	1.016	0,9	0,8	0,7
Af gengisbundnum lánum	1.090	809	1,1	1,4	1,5
6. Veitt lán, nettó (4—5)	**−742**	**−455**	**−0,6**	**−0,8**	**−0,8**
7. Tekin lán, nettó umfram veitt lán, nettó (3—6)	**3.356**	**1.970**	**1,7**	**1,8**	**1,9**
8. Hlutfall af vergri landsframleiðslu					
Tekin lán, nettó	1,8	1,0	0,7	0,6	0,6
Veitt lán, nettó	−0,5	−0,3	−0,4	−0,5	−0,5
Tekin lán, nettó, umfram veitt, nettó	2,3	1,3	1,1	1,1	1,1

Áætlun um greiðslur af veittum og teknum lánum ríkissjóðs á tímabilinu 1987—1990 byggir í grófum dráttum á eftirfarandi: 1) Teknum (veittum) lánum ríkissjóðs í árslok 1985 samkvæmt lánaskrá, 2) teknum (veittum) lánum á árinu 1986 samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1986, 3) teknum (veittum) lánum 1987 miðað við forsendur þessa frumvarps og 4) teknum (veittum) lánum 1988 og 1989 samkvæmt langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem hér er skýrð í 8. kafla.

Mikil óvissa ríkir um væntanleg lánskjör bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næstu missirum. Áætlun um endurgreiðslur af skuldbindingum, sem ekki hefur nú þegar verið stofnað til, sem og þeim sem eru háðar breytilegum vaxtakjörum, verður ævinlega háð óvissu og ræðst af þróun lánsfjármarkaðarins.

Forsendur áætlunarinnar miða við að innlendra lána annarra en spariskírteina sé aflað með verðbréfakaupum bankakerfis af ríkissjóði og séu þau með svipuðum kjörum og í ár, þ.e. verðtryggð til 5 ára með jöfnum árlegum afborgunum og 7% vöxtum. Þá er gert ráð fyrir að skuld ríkissjóðs í Seðlabanka verði skuldbreytt fyrir árlok 1986, þannig að ekki komi til afborgana á árinu 1987. Með þessu móti lækka afborganir ríkissjóðs um 960 m.kr. á árinu 1986. Miðað er við að hið nýja lán endurgreiðist með fimm jöfnum árlegum greiðslum, í fyrsta sinn 1988, og beri 7% vexti. Þá er miðað við að tekin erlend lán og gengisbundin veitt lán séu með breytilegum vöxtum og 10 ára lánstíma að meðaltali.

Breytilegir vextir hafa farið mjög lækkandi það sem af er þessu ári og eru ýmis teikn á lofti um jafnvel enn frekari lækkun. Til að mynda námu svonefndir LIBOR-vextir af dollaralánum 8% frá ársbyrjun 1986 og fram í mars. Í apríl lækkuðu þeir þeir í 7% og í ágúst urðu þeir lægstir eða tæp 6%. Í september hafa þessir vextir hækkað aftur lítils háttar og eru í 6,25% í lok mánaðarins. Forsendur frumvarpsins eru þær að LIBOR-vextir af dollaralánum nemi 7% á árinu 1987 en lækki síðan í 6,5% árið 1988 og haldist síðan óbreyttir út tímabilið. Það skiptir þjóðarbúið miklu hvernig breytilegir vextir þróast hverju sinni því að um 50% af erlendum skuldum þjóðarinnar eru háðar breytilegum vöxtum. Gróft áætlað leiðir einnar prósentu lækkun vaxta á erlendum lánsfjármörkuðum til um 350 m.kr. lækkunar á vaxtagreiðslu þjóðarinnar út á við á heilu ári. Hlutdeild erlendra skulda ríkissjóðs sem ber breytilega vexti er nokkru lægri en í erlendum skuldum þjóðarbúsins. Í árslok 1985 var þetta hlutfall um 41% og nú er útlit fyrir að hlutfallið hækki eitthvað á árinu 1986. Lækkun breytilegra vaxta um eina prósentu dregur úr vaxtagreiðslum ríkissjóðs út á við um 130 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiðslubyrði annars vegar og innheimtu hins vegar af lánum yfir tímabilið 1987—1990 (m.kr.):

Afborganir og vextir af teknum og veittum lánum ríkissjóðs 1987—1990

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.					
	1987		1988		1989		1990	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
A. Greiðslur af teknum lánum	**3.335**	**3.440**	**4,1**	**3,4**	**5,0**	**3,3**	**6,1**	**3,3**
1) Áhvílandi lán í árslok 1985	2.890	2.945	3,1	2,8	3,4	2,5	3,9	2,3
Seðlabanki Íslands	—	160	0,5	0,2	0,5	0,1	0,5	0,1
Innlausn spariskírteina	1.000	150	1,0	0,2	0,7	0,1	0,7	0,1
Gengisbundin lán innanlands	120	40	0,1	0.0	0,2	0,0	0,2	0,0
Önnur innlend lán	540	135	0,5	0,1	0,5	0,1	0,5	0,1
Erlend lán	1.230	2.460	1,0	2.3	1,5	2,2	2,0	2,0
2) Tekin lán 1986	445	195	0,5	0,1	0,5	0,1	0,5	0,1
Innlend lán	375	145	0,4	0,1	0,4	0,1	0,4	0,1
Erlend lán v/viðb.halla	70	50	0,1	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0
3) Tekin lán 1987—1989	—	—	0,5	0,2	1,1	0,4	1,7	0,6
Innlend lán	—	—	0,3	0,1	0,7	0,2	1,1	0,3
Erlend lán	—	—	0,2	0,1	0,4	0,2	0,6	0,3
4) Yfirdráttur í Seðlabanka	—	300	—	0,3	—	0,3	—	0,3
B. Innheimta af veittum lánum	**1.825**	**2.119**	**2,0**	**2,3**	**2,2**	**2,2**	**2,2**	**2,1**
1) Veitt lán í árslok 1985	1.695	1.260	1,7	1,2	1,7	1,0	1,6	0,9
Tengd innlendu verðlagi	916	377	0,8	0,4	0,7	0,4	0,6	0,3
Gengisbundin lán	779	883	0,9	0,8	1,0	0,6	1,0	0,6
2) Veitt lán 1986	130	109	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Tengd innlendu verðlagi	100	70	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Gengisbundin lán	30	39	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
3) Veitt lán 1987—1990	—	—	0,1	0,1	0,3	0,2	0,4	0,2
Gengisbundin lán	—	—	0,1	0,1	0,3	0,2	0,4	0,2
4) Dráttavextir af skammtíma kröfum	—	750	—	0,8	—	0,8	—	0,8
C. Nettó-útstreymi afborgana og vaxta	**1.510**	**1.321**	**2,1**	**1,1**	**2,8**	**1,1**	**3,9**	**1,2**

Niðurstöður framangreindra athugana benda til verulegs útstreymis umfram innstreymi af lánareikningum ríkissjóðs. Þannig nemur hrein greiðslubyrði ríkissjóðs 2.831 m.kr. vegna þessa eða ríflega 7% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1987. Horfur um greiðslur á tímabilinu 1988—1990 benda til að þetta hlutfall fari hækkandi.

Að lokum er athyglisvert að endurgreiðslur erlendra lána sveiflast verulega yfir tímabilið. Þannig eru horfur á að erlendar afborganir ríkissjóðs nemi svipaðri fjárhæð á árunum 1987 og 1988 eða um 1,3 milljarða króna en hækki síðan verulega á næstu tveimur árum eða í 2,0 milljarða 1989 og í 2,7 milljarða á árinu 1990.

6.2 Staða ríkisábyrgða

Fram hefur komið að skuldbindingar ríkissjóðs á lánum ná ekki aðeins til bókfærðra skulda, heldur einnig til ábyrgða á lánum ýmissa aðila. Eftirfarandi tafla sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða á undanförnum árum (m.kr.):

Skráðar ríkisábyrgðir 1980—1985

Ár	Verðlag í lok hvers árs: Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Gengisbundin lán	Ríkisábyrgðir samtals	Ríkisábyrgðir samtals, verðlag í árslok 1985
1985	275	4.979	12.873	18.127	18.127
1984	302	4.006	10.355	14.663	18.046
1983	241	3.598	6.599	10.438	15.109
1982[1]	—	—	3.346	5.618	14.147
1981[2]	—	—	—	2.044	8.524
1980[2]	—	—	—	1.365	7.272

1) Innbyrðis skipting milli verðtryggðra lána og óverðtryggðra lána í árslok 1982 liggur ekki fyrir.
2) Innbyrðis skipting liggur ekki fyrir í árslok 1980 og 1981.

Eins og yfirlitið ber með sér hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði í veittum ábyrgðum. Í árslok 1985 jafngildir þetta 16,4% af VLF. Þar af nema gengisbundin lán rúm 70% og hefur hlutdeild þeirra aukist nokkuð í skráðum ábyrgðum á síðustu árum en þau voru tæp 60% af heildarábyrgðum ríkissjóðs í árslok 1982.

Ábyrgðir hafa verið veittar fjölmörgum aðilum á liðnum árum. Erfitt er að draga fram í stuttu yfirliti raunverulega áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli lána sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Við mat á áhættu þarf í fyrsta lagi að skoða hve stór hluti veittra ríkisábyrgða eru sjálfskuldarábyrgðir. Komi til vanskila á láni með sjálfskuldarábyrgð getur lánveitandi gengið að ábyrgðaraðila og krafið hann um greiðslu án þess að fullreynt sé hvort skuldari geti staðið í skilum eða ekki. Sé ábyrgðin hins vegar einföld þarf lánveitandi áður að reyna til hlítar hvort skuldari geti innt greiðsluna af hendi. Við skoðun á ríkisábyrgðum á tímabilinu 1982—1984 kemur í ljós að þær eru að langstærstum hluta með sjálfskuldarábyrgð eða 97—98% þeirra.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flokkun ábyrgða í grófum dráttum eftir þeim aðilum sem vega einna þyngst í veittum ríkisábyrgðum (m.kr.):

Flokkun ríkisábyrgða 1980—1985 eftir skuldurum
Fast verðlag í árslok 1985

Ár	Framkvæmdasjóður	Veðdeild Landsbanka	Landsvirkun	Aðrir	Ábyrgðir samtals
1985	8.554	4.796	832	3.945	**18.127**
1984	7.384	5.081	1.012	4.569	**18.046**
1983	4.949	5.239	1.075	3.846	**15.109**
1982	3.637	6.058	1.147	3.305	**14.147**
1981	2.268	3.173	976	2.107	**8.524**
1980	1.875	3.524	1.213	660	**7.272**

Ætla verður að áhætta ríkissjóðs af vanskilum hjá Framkvæmdasjóði Íslands, Veðdeild Landsbanka Íslands og Landsvirkjun sé hverfandi lítil. Hlutdeild þessara aðila í veittum ríkisábyrgðum var hæst árið 1980 eða rúm 90% en hefur verið tiltölulega stöðug hin árin eða á bilinu 74—78% af heildinni. Í dálkinum, sem ber heitið Aðrir, eru ýmis ríkisfyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög og einkaaðilar. Innan þessa hóps hafa orðið talsverð vanskil á undanförnum árum. Útgjöld Ríkisábyrðasjóðs hafa því orðið nokkur á tímabilinu 1980—1985 vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð, sbr. eftirfarandi yfirlit (m.kr.):

Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs vegna vanskila lána með ríkisábyrgð 1980—1985

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Innleystar kröfur	43	61	89	193	248	238
– Endurgreiðslur skuldara	−37	−61	−67	−91	−121	−204
Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs	6	0	22	102	127	34

Í árslok 1985 námu kröfur ríkissjóðs vegna vanskila ýmissa aðila við Endurlán ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð alls 454 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra eftir málaflokkum með hliðsjón af vanskilum í árslok 1984 (m.kr.):

Kröfur ríkissjóðs vegna vanskila ýmissa aðila við Endurlán ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð eftir málaflokkum

	1984	1985
1. Hafnalán	13	15
2. Raforkulán	14	29
3. Fiskiðnaður	3	5
4. Togaralán	91	143
4. Samgöngur	77	162
5. Hitaveitulán	15	15
6. Landbúnaður	63	1
7. Aðrir	77	84
Samtals	353	454

Af heildarvanskilum við Endurlán ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð námu skuldir B-hluta fyrirtækja 153 m.kr. í árslok 1985 samanborið við um 70 m.kr. í árslok 1984.

6.3 Veittar ríkisábyrgðir 1987

Hér að framan hefur verið gefið yfirlit um stöðutölur ríkisábyrgða. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1987 miða við að veittar verði sjálfskuldarábyrgðir fyrir erlendum lántökum að fjárhæð alls 3.140 m.kr. og skiptast þær þannig (m.kr.):

Veittar ríkisábyrgðir 1987

1. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**500**
Landsvirkjun	400
Þróunarfélag Íslands hf.	100
2. Sveitarfélög	**350**
3. Lánastofnanir	**2.230**
Framkvæmdasjóður Íslands	100
Fiskveiðasjóður	840
Byggðastofnun	750
Iðnlánasjóður	440
Iðnþróunarsjóður	100
4. Atvinnufyrirtæki	**60**
Breiðafjarðarferja	35
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	25
5. Samtals (1+...+4)	**3.140**

Í yfirlitinu felst að ráðgert er að veita opinberum aðilum ríkisábyrgðir fyrir lántökum að fjárhæð 850 m.kr. á árinu 1987, þar af eru 500 m.kr. til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og 350 m.kr. til hitaveitna sveitarfélaga. Fyrir þessum lántökum er gerð grein í kafla 7.2 þar sem er fjallað um opinberar framkvæmdir og lánsfjárráðstöfun á árinu 1987.

Þá eru ábyrgðarveitingar fyrir erlendum lántökum lánastofnana áætlaðar 2.230 m.kr. á árinu 1987. Í kafla 7.3 er fjallað um fjárfestingarlánasjóðina og lánsfjárþörf þeirra og vísast til þeirra skrifa. Hins vegar er rétt að taka fram að 840 m.kr. lántökuheimildir Fiskveiðasjóðs eru annars vegar 520 m.kr. vegna greiðsluhalla og hins vegar 320 m.kr. vegna útlána sjóðsins. Þá er heimild Byggðastofnunar til erlendrar lántöku áætluð alls 750 m.kr., þar af er ráðgert að 300 m.kr. gangi til almennra útlána, 150 m.kr. til innlendra skipasmíðaverkefna og 300 m.kr. vegna sérstakra lánveitinga til fiskvinnslustöðva.

Að lokum er ráðgert að veita ríkisábyrgðir fyrir lántökum tveggja atvinnufyrirtækja að fjárhæð alls 60 m.kr. á árinu 1987. Annars vegar er fyrirhuguð 35 m.kr. erlend lántaka til að fjármagna 1. áfanga í smíði Breiðafjarðarferju. Hins vegar er 25 m.kr. heimild til ríkisábyrgðar fyrir erlendri lántöku Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum vegna fyrirhugaðrar skipasmíði.

7 Lánsfjáráætlun

Sem fyrr hafa Framkvæmdasjóður Íslands, Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun lagt til efni í þennan kafla frumvarpsins. Í athugasemdum hér að neðan er fyrst gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu 1987 og síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun. Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987, sem lagt er fram samtímis fjárlagafrumvarpinu, er leitað nauðsynlegra lántökuheimilda.

7.1 Heildarfjárfesting

Í spá fyrir árið 1986, sem gerð var í apríl 1986, var gert ráð fyrir að heildarfjárfesting yrði óbreytt frá fyrra ári. Þessi spá var endurskoðuð í ágúst og var niðurstaðan hin sama þegar á heildina er litið. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 4,9% og íbúðarbyggingar verði jafnmiklar og árið áður. Aftur á móti er talið að opinberar framkvæmdir dragist saman um 8,8%. Heildarfjármunamyndun er áætluð 28.900 m.kr. og talin nema 20,2% af landsframleiðslu. Hækkun byggingarvísitölu frá 1985 til 1986 er áætluð 23-24% en erlendur kostnaður er talinn hækka um 18%.

Fjármunamyndun 1986-1987

	Áætluð útkoma 1986 Verðlag ársins M.kr.	Áætlun 1987 Verðlag í árslok 1986 M.kr.	Magnbreytingar frá fyrra ári Áætluð útkoma 1986 %	Áætlun 1987 %
1. Atvinnuvegir	15.060	15.169	4,9	−3,1
2. Íbúðarhús	6.490	7.570	0,0	10,0
3. Opinberar framkvæmdir	7.350	8.261	−8,8	6,0
4. Samtals	28.900	31.000	0,0	2,2
5. Fjármunamyndun sem hlutfall vergri landsframleiðslu	20,2%	20,1%		

Áætlað er að fjármunamyndun á árinu 1987 muni aukast um 2,2% frá fyrra ári og nema 31.000 m.kr. á áætluðu verðlagi í árslok 1986. Hlutfall fjármunamyndunar er áætlað 20,1% af landsframleiðslu. Byggingarvísitala er talin hækka um 6% frá meðaltali 1986 til ársloka. Á árinu 1987 er talið að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 3,1%. Áætlað er að íbúðarbyggingar muni aukast um 10% vegna stóraukinna lána Húsnæðisstofnunar ríkisins. Opinberar framkvæmdir eru taldar aukast um 6% eftir rúmlega þriðjungssamdrátt árin 1982-1986.

Atvinnuvegir. Fjárfesting atvinnuveganna er talin dragast saman um 3,1% árið 1987. Á árunum 1984-1986 varð aukning í fjárfestingu atvinnuveganna tæp 40%. Áætlað er að fjárfesting í landbúnaði dragist saman um 10% 1987 eftir um fjórðungs aukningu hvort áranna 1985 og 1986. Stafar þessi aukning af byggingu fiskeldisstöðva. Fjármunamyndun í fiskveiðum er talin verða nær tvöfalt meiri 1986 en árið áður. Á árinu verður lokið við raðsmíðaskipin fjögur, sem verið hafa í byggingu nokkur síðustu ár, og mikið er um endurbætur skipa bæði innan lands og utan. Fjárfesting í fiskveiðum er talin verða svipuð bæði árin 1986 og 1987. Þetta eru kaup á einum skuttogara til landsins 1987. Fyrirhugaðar eru miklar endurbætur fiskiskipa sem framkvæmdar verða í Póllandi. Endurbætur voru gerðar á einum af japönsku skuttogurunum í ár. Endurbætur skipa innanlands eru taldar verða álíka miklar á næsta ári og í ár. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fiskvinnslufyrirtækja verði svipaðar bæði árin 1986 og 1987.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um kísilmálmverksmiðju en auknar líkur eru taldar á að samið verði við enska fyrirtækið Rio Tinto Zinc um byggingu hennar á Reyðarfirði og gætu framkvæmdir hafist á næsta ári. Endanleg ákvörðun verður þó ekki tekin fyrr en síðar á árinu. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir 10% samdrætti framkvæmda í öðrum iðnaði. Árið 1985 voru framkvæmdir með mesta móti og var þá lokið við byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Á árinu 1987 er gert ráð fyrir 5% aukningu í þessari grein.

Fjármunamyndun í flutningatækjum er talin dragast saman um 11,7% á árinu 1987. Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu-og gistihús eru taldar dragast saman um 5%. Áætlað er að fjárfesting í ýmsum vélum og tækjum verði álíka mikil árin 1986 og 1987.

Íbúðarbyggingar. Árið 1985 drógust íbúðarbyggingar saman um 15% og hafin var bygging fjórðungi færri íbúða en árið áður. Í ár er gert ráð fyrir svipuðum framkvæmdum og í fyrra. Á árinu 1987 er talin verða 10% aukning í framkvæmdum við íbúðarhús. Það var liður í kjarasamningunum í febrúar 1986 að stórauka lán Húsnæðisstofnunar ríkisins til íbúðabygginga. Hafa ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins verið samþykkt og tóku þau gildi 1. september 1986.

Opinberar framkvæmdir. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera aukist um 6% árið 1987. Á árunum 1982-1986 drógust opinberar framkvæmdir saman um rúmlega þriðjung. Nær allur samdrátturinn stafar af samdrætti orkuframkvæmda.

Raforkuframkvæmdir eru taldar dragast saman um 11% 1987. Framkvæmdir Landsvirkjunar eru miðaðar við að Blönduvirkjun verði gangsett 1991. Áætlað er að hitaveituframkvæmdir aukist um 8% en vatnsveituframkvæmdir eru áætlaðar svipaðar bæði árin 1986 og 1987. Samgönguframkvæmdir eru taldar aukast um 10,3%. Talið er að vegagerð verði álíka mikil 1987 og í ár en áætlað er að 8% aukning verði í gatna- og holræsagerð. Áætlað er að framkvæmdir við hafnir aukist um tæplega 80%. Lokið verður við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli á árinu 1987. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera aukist um 8,8%. Ákveðið er að stórauka framlög til byggingar þjóðarbókhlöðu á næstu þremur árum.

Fjárfesting og atvinnuhorfur. Í fjárfestingarspánni fyrir 1987 felst aukning í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er nemur 4-5%. Á þessu ári er gert ráð fyrir aukningu er nemur 1% en árið 1985 er talinn hafa orðið 4% samdráttur. Heildaratvinna við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1987 ætti því að geta orðið álíka mikil og hún var á árinu 1984.

7.2 Opinberar framkvæmdir - opinber lánsfjárþörf

Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 8.261 m.kr. á árinu 1987. Í því felast nokkur aukin umsvif miðað við yfirstandandi ár eða 6,0%. Þá ber að hafa í huga að opinberar framkvæmdir hafa dregist verulega saman á undanförnum árum. Þannig er útlit fyrir að þær dragist saman um 8,8% á árinu 1986 auk 10,5% samdráttar 1985 og 1,7% samdráttar 1984.

Ráðgerðar framkvæmdir á árinu 1987 sýna aukningu á öllum sviðum opinberrar mannvirkjagerðar nema raforkuframkvæmda en þær eru taldar dragast saman um 11%. Þannig eru horfur á að hita- og vatnsveituframkvæmdir aukist um 5,9%, samgöngumannvirki um 10,3% og opinberar byggingar um 8,8%. Í töflu 11 í töfluviðauka má sjá að vægi opinberra framkvæmda nemur 26,7% af heildarfjárfestingu í landinu samanborið við áætlun um 25,4% árið 1986. Hlutdeild opinberra framkvæmda hefur dregist verulega saman á undanförnum árum eða úr þriðjungi heildarframkvæmda í um fjórðung. Töflur 12 - 17 í viðauka sýna frekari sundurliðun opinberra framkvæmda á árinu 1987.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er ýmist með beinum fjárveitingum A-hluta ríkissjóðs, lántökum eða úr rekstri fyrirtækja. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerða fjármögnun einstakra framkvæmdaflokka á árinu 1987 (m.kr.):

Fjármögnun opinberra framkvæmda 1987

	Áætluð fjárfesting 1987	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lántökur
1. Raforku- og rafveituframkvæmdir	1.085	63	522	500
2. Hita- og vatnsveitur	1.010	20	920	70
3. Samgöngumannvirki	4.126	1.430	2.176	520
4. Byggingar	2.040	1.225	815	—
5. Samtals	8.261	2.738	4.433	1.090
6. Hlutfallsleg samsetning fjármögnunar	100,0	33,1	53,7	13,2

Fjárveitingar ríkissjóðs til opinberra framkvæmda nema um þriðjungi heildarfjármögnunar þeirra eða um 2.738 m.kr. á árinu 1987. Þá er ráðgert að skilað verði úr rekstri ríflega helming framkvæmdakostnaðarins eða 4.433 m.kr. Loks er miðað við að afla alls 1.090 m.kr. með beinum lántökum.

Veigamestu raforkuframkvæmdirnar árið 1987 eru á vegum Landsvirkjunar 550 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 175 m.kr. og sveitarfélaga 257 m.kr.

Hita- og vatnsveituframkvæmdir eru einkum á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur eða alls 730 m.kr. og er miðað við að þær framkvæmdir verði fjármagnaðar að fullu með eigin tekjum fyrirtækjanna.

Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í samgöngumannvirkjum á árinu 1987. Þar vega þyngst framkvæmdir við vega- og gatnagerð eða alls 2.204 m.kr. Þá er ráðgert að ljúka byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Fyrirhugaðar framkvæmdir í því skyni nema 988

m.kr. Að síðustu er áætlað að framkvæmdir hjá Pósti og símamálastofnuninni nemi 425 m.kr. og Ríkisútvarpi 138 m.kr. vegna byggingar útvarpshúss og kaupa á tækjabúnaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Loks er áformað að verja 301 m.kr. til hafnargerðar og er þar um að ræða framhald framkvæmda frá yfirstandandi ári.

Fyrirhugað er að verja 2.040 m.kr. til opinberra bygginga á árinu 1987 og er það nokkur aukning miðað við framkvæmdir yfirstandandi árs eða um 8,8%. Stærstur hluti þessa fjármagns rennur til sjúkrahúsa eða 770 m.kr. og 860 m.kr. til byggingar skóla og íþróttamannvirkja.

Lántökur opinberra aðila eru ekki einskorðaðar við fjármögnun framkvæmda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárráðstöfun einstakra opinberra aðila miðað við lánsfjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986, og áætlun frumvarpsins 1987 (m.kr.):

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986 og 1987

	Lánsfjár-lög 1986 sbr. lög nr. 3/1986	Láns-fjár-áætlun 1987
1. Ríkissjóður, A-hluti	**6.125**	**4.850**
Þar af endurlánað til B-hluta	960	1.370
Byggingarsjóður ríkisins	150	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna	400	750
RARIK, almennar framkvæmdir	90	100
Orkusjóður	20	-
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	300	520
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**560**	**500**
Landsvirkjun	540	400
Orkubú Vestfjarða	20	-
Þróunarfélag Íslands hf.	-	100
3. Sveitarfélög	**130**	**350**
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	60	.
Hitaveita Akureyrar	40	.
Fjarhitun Vestmannaeyja	10	.
Hitaveita Egilsstaða og Fella	6	.
Hitaveita Reykjahlíðar	6	.
Aðrar hitaveitur	8	.
4. Ráðstöfun (1+ 2+3) = Fjáröflun (5+6)	**6.815**	**5.700**
5. Innlend fjáröflun	**3.575**	**3.150**
Útgáfa spariskírteina	2.100	1.500
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	625	-
Verðbréfakaup bankakerfis	850	1.650
6. Erlendar lántökur	**3.240**	**2.550**
Ríkissjóður	2.550	1.700
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	500
Sveitarfélög	130	350

Lánsfjáröflun opinberra aðila er áformuð alls 5.700 m.kr. á árinu 1987. Þar af er ráðgert að afla 3.150 m.kr. innanlands og 2.550 m.kr. með erlendum lántökum. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 2.930 m.kr. Erlendar lántökur opinberra aðila eru því í fyrsta sinn um árabil neikvæðar, þ.e. afborganir umfram lántökur, um 380 m.kr. á árinu 1987.

Í athugasemdunum hér að framan hefur framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun A- og B-hluta ríkissjóðs þegar verið gerð skil. Hér á eftir er gerð grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökur þessara aðila eru áætlaðar alls 500 m.kr. á árinu 1987. Samsvarandi lántökur í ár nema 560 m.kr. samkvæmt lánsfjárlögum 1986.

Eins og á undanförnum árum vegur lántaka Landsvirkjunar þyngst eða 400 m.kr. á árinu 1987. Ráðgerðar framkvæmdir fyrirtækisins nema 550 m.kr. og er þá miðað við að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991. Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins á næsta ári verða einkum við jarðgangnagerð og byggingu stöðvarhúss við Blöndu í samræmi við gildandi verksamninga. Miðað er við að fyrirtækið skili 150 m.kr. úr eigin rekstri upp í framkvæmdir á árinu 1987. Að lokum miða áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls 1.285 m.kr., þar af eru 763 m.kr. af erlendum lánum. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1.733 m.kr. á árinu 1987, þar af eru 1.383 m.kr. til útlanda.

Fyrirhugaðar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða nema 40 m.kr. á árinu 1987 og munu þær að fullu fjármagnaðar úr rekstri. Í kjölfar kjarasamninganna í febrúar síðast liðnum var verðjöfnunargjald af raforku fellt niður en Orkubú Vestfjarða hefur á liðnum árum fengið 20% af þessum tekjustofni í sinn hlut til að bæta rekstrarstöðu sína. Að undanförnu hefur starfað nefnd á vegum fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra sem hefur meðal annars skoðað afkomumöguleika fyrirtækisins til langs tíma. Niðurstaða nefndarinnar fól í sér tillögu þess efnis að ríkissjóður yfirtaki áhvílandi skuldir fyrirtækisins, um 900 m.kr., til að bæta því upp tekjumissinn af verðjöfnunargjaldinu og veiti Orkubúinu lán á móti að fjárhæð 400 m.kr. til 25 ára. Með þessu móti er reynt að létta greiðslubyrði fyrirtækisins og tengja hana líftíma mannvirkja þess.

Þróunarfélagi Íslands hf. er ætluð 100 m.kr. lántökuheimild á árinu 1987. Áætluð lántaka félagsins í ár nemur 190 m.kr. og er það út á óráðstafaða heimild þess frá árinu 1985. Með lögum nr. 3/1986 var felld niður 100 m.kr. lántökuheimild félagsins í lánsfjárlögum 1986. Samkvæmt 3. tl. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta 380 m.kr. af þessum heimildum í árslok 1987.

Sveitarfélög. Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum.

Ljóst er að margar þessara veitna eiga í miklum erfiðleikum bæði vegna rekstrar og þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Því hefur ekki verið tekin ákvörðun um ábyrgðarveitingar til einstakra veitna. Áður en heimild til ríkisábyrgðar verður veitt er nauðsynlegt að fjármál þessara fyrirtækja verði könnuð frekar og á grundvelli þess tekin ákvörðun um heimildir einstakra veitna til lántöku á árinu 1987. Gengið er út frá að erlendar lántökur sveitarfélaga nemi eigi hærri fjárhæð en 350 m.kr. á árinu 1987 og er sú fjárhæð óskipt að svo stöddu.

7.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem hér er greint frá eru 16 að tölu og þar af eru 14 sem lánsfjár er aflað til. Eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlunum fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð 7.938 m.kr. á árinu 1987, þar af íbúðalánasjóðir 4.441 m.kr. eða 56% og atvinnuvegasjóðir 3.497 m.kr. eða 44%. Er þetta 4% hærri fjárhæð en áætluð útlán 1986 samkvæmt lánsfjáráætlun það ár eftir umfjöllun og breytingar Alþingis, sbr. lög nr. 3/1986. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 24,7% en lækkun atvinnuvegasjóða nemur 14,7%. Til að standa undir útlánum þurfa sjóðirnir að taka að láni 6.644 m.kr. Þeir fá framlög og skatttekjur er nema 2.156 m.kr. en eigin fjármögnun þeirra verður neikvæð um 862 m.kr.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða er eins og á undanförnum árum stærsti þátturinn í fjármögnun þeirra. Þannig er gert ráð fyrir að hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóðanna muni nema 83,7% á árinu 1987. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggi í höfuðdráttum á lánsfé. Að sjálfsögðu er þetta afar mismunandi milli einstakra sjóða, en í þessu efni sker Fiskveiðasjóður sig úr þar sem eigið ráðstöfunarfé hans verður neikvætt á árinu 1987 um 650 m.kr. Önnur fjármögnun sjóðanna er að öllu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun í heild skilar engu til nýrrar ráðstöfunar.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár. Jafnframt hefur að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til nánast allra útlána. Samræming útlánakjara er komin í viðunandi horf.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1986 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi 2.030 m.kr. Á árinu 1987 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni 3.480 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða sem skiptist þannig að íbúðarlánasjóðir fá 3.440 m.kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 40 m.kr. Talið er að þetta jafngildi um 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, en áætlað ráðstöfunarfé þeirra 1987 nemur 6.258 m.kr.

Í þessari áætlun er miðað við að atvinnuvegasjóðirnir hafi sjálfir heimild til að annast eigin lántöku. Sjóðunum er því í sjálfsvald sett hvernig þeir standa að lántökumálum sínum. Þetta er stefnubreyting. Fram að þessu hefur Framkvæmdasjóður í aðalatriðum haft milligöngu um lántökur atvinnuvegasjóðanna. Þessi stefna byggðist á því að hagkvæmara sé að láta einn aðila um lántökurnar en dreifa þeim á marga staði, ekki síst að því er varðar erlendar lántökur.

Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum og lánamálum byggist hins vegar á því að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna var ekki talið rétt að binda lántökur sjóðanna við Framkvæmdasjóð, heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmustu kjörum sem bjóðast og er fjáröflun nokkurra stærstu sjóðanna því sýnd í meðfylgjandi töflum í samræmi við það. Hámark er sett á bæði innlenda og erlenda lántöku hvers sjóðs.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1987 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 20 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. Áætlað er að lántökur Framkvæmdasjóðs hjá viðskiptabönkunum nemi 400 m.kr. á árinu 1987.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 664 m.kr. á árinu 1987, þar af 484 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmasjóður þurfa að taka erlend lán er nema 100 m.kr. og áætlað er að innlend fjáröflun sjóðsins, önnur en framangreind lántaka hjá viðskiptabönkunum, nemi 64 m.kr. á árinu 1987.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður mjög mikill á árinu 1987. Sjóðurinn áætlar að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um 960 m.kr. Hugsanlega má lækka þann halla með lækkun sjóðsinnstæðu um 50 m.kr. og sé ekki reiknað með vaxtaafslætti, skuldbreytingum á lánum eða aukningu á vanskilum á árinu 1987 má hugsanlega auka innheimtu af lánum um 260 m.kr. Eigin fjármögnun sjóðsins yrði þá neikvæð um 650 m.kr. Greiðsluhalli sjóðsins yrði sama fjárhæð, þar sem með nýjum lögum um útflutningsgjald falla nú niður tekjur sjóðsins af FOB-verði útfluttra sjávarafurða. Til að fjármagna fyrrgreindan greiðsluhalla er áætlað að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð 520 m.kr. og afli lánsfjár innanlands að fjárhæð 130 m.kr. Útlán Fiskveiðasjóðs 1987 eru áætluð 400 m.kr. í beinar lánveitingar, sem fjármagnaðar verða með 320 m.kr. erlendum lánum og 80 m.kr. innlendu lánsfé, og áætlað er að yfirtekin erlend lán vegna tækja, viðgerða og breytinga o.fl. á fiskiskipum nemi 760 m.kr. Útlán sjóðsins verða þá samtals 1.160 m.kr.á árinu. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum í áætlun Fiskveiðasjóðs vegna raðsmíðaverkefna eða annarrar nýsmíði fiskiskipa, né heldur vegna innflutnings á fiskiskipum. Þá skal einnig á það bent að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum til fiskeldis, þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 72/1985.

Samkvæmt áætlun mun Iðnlánasjóður geta lánað um 597 m.kr. 1987. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs að fjárhæð 300 m.kr. og lán og styrkir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs, um 95 m.kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 992 m.kr. á árinu 1987. Þessu til viðbótar koma síðan lán Byggðastofnunar og Þróunarfélagsins hf. til iðnaðar.

Erlend lántaka Byggðastofnunar vegna almennra lána er samkvæmt lánsfjáráætlun 1987 300 m.kr. og getur stofnunin þá veitt lán og styrki í þeim flokki að fjárhæð 480 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin taki erlent lán vegna innlends skipasmíðaiðnaðar að fjárhæð 150 m.kr. Þá var ákveðið á árinu 1986 að veita fiskvinnslufyrirtækjum 300 m.kr. fyrirgreiðslu vegna rekstrarerfiðleika. Seðlabanki féllst á tímabundna fjármögnun þar til heimildar yrði aflað til erlendrar lántöku. Óvíst er hve stór hluti kemur til greiðslu fyrir áramót en sótt er um heimild til lántökunnar í lánsfjárlagafrumvarpi 1987. Útlán stofnunarinnar á árinu 1987 gætu því numið samtals 930 m.kr.

Hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur verið ákveðin lenging á lánstíma á lánum til bænda vegna erfiðrar fjárhagsstöðu margra þeirra. Þá er ákveðið að deildin yfirtaki lausaskuldalán bænda við Veðdeild Búnaðarbankans og taki að sér að kosta forfallaþjónustu bænda. Eigið ráðstöfunarfé Stofnlánadeildar landbúnaðarins verður vegna þessa neikvætt árið 1987 um 67 m.kr. Ráðgert er að Framkvæmasjóður veiti deildinni 300 m.kr. lán á árinu og að Lífeyrissjóður bænda veiti deildinni 40 m.kr. lán í samræmi við ákvæði laga. Útlán deildarinnar á árinu gætu þá numið 273 m.kr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins fær nú aukið hlutverk í fjármögnun á fjárfestingu í landbúnaði. Ráðstöfunarfé sjóðsins, sem að meginstofni til er framlag úr ríkissjóði, nemur

240 m.kr. Sjóðurinn mun á árinu 1987 greiða með ýmsum hætti fyrir búháttabreytingum, meðal annars með því að lána til fjárfestingar í nýjum búgreinum og atvinnutækifærum.

Á árinu 1987 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Ferðamálasjóði 100 m.kr. til ýmissa framkvæmda víðs vegar um landið. Útlán Ferðamálasjóðs á árinu munu nema sömu eða svipaðri fjárhæð þar eð eigið ráðstöfunarfé er ekki umtalsvert. Á árinu 1986 voru útlán Ferðamálasjóðs áætluð um 48 m.kr.

Loks er þess að geta að Framkvæmdasjóður hefur á árinu 1986 lánað fé til nokkurra fiskeldisfyrirtækja. Lágmarksþarfir til útlána 1987 eru 180 m.kr.

7.4 Innlend lánsfjáröflun og bankakerfi

Um árabil hefur framboð á innlendu lánsfé verið minna en eftirspurn opinberra aðila og atvinnuvega. Innlendur lánsfjármarkaður hefur tekið verulegum breytingum í kjölfar verðtryggingar og hærri raunávöxtunar og gegnir hann nú vaxandi hlutverki varðandi útvegun lánsfjár til langs tíma.

Ný lög og reglur setja nú sterkan svip á lánsfjármál og starf bankanna. Á miðju ári 1985 voru settar reglur um Verðbréfaþing Íslands og ný lög nr. 86 og 87/1985 um viðskiptabanka og sparisjóði tóku gildi í ársbyrjun 1986. Þá ganga í gildi ný lög, nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, frá og með 1. nóvember næstkomandi og ný lög um Húsnæðisstofnun og fjármögnun byggingarsjóðanna tóku gildi 1. september á þessu ári. Loks er að nefna að á síðasta þingi var frumvarp um dráttarvexti o.fl. lagt fram til kynningar á Alþingi.

Nýju lögin um bankakerfið færa m.a. vaxtaákvörðun að fullu til banka og sparisjóða en svigrúm þeirra til vaxtaákvörðunar hefur verið aukið á síðustu árum. Frjálsræði til vaxtaákvörðunar ásamt hjöðnun verðbólgu mun væntanlega verða til þess að fjárskuldbindingar til skamms tíma beri raunvexti ekki síður en lán til lengri tíma.

Ríkisstjórnin hefur sett að markmiði sem næst hallalaus viðskipti við útlönd á árinu 1987. Tekjuhalli ríkissjóðs er talinn verða um eitt prósent af landsframleiðslu og auknu innlendu sparifé er beint til byggingarsjóðanna. Þessi atriði valda verulegu álagi á innlendan lánamarkað og má m.a. ætla að vextir verði enn um sinn allháir af þessum sökum. Samningar við lífeyrissjóðina um vexti á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar 1987 gefa þó vísbendingu um það að vextir á langtímaskuldum fari lækkandi en samkomulag náðist um 6,25%.

Spariskírteini og ríkisvíxlar. Stefnt er að sölu spariskírteina ríkissjóðs 1987 fyrir 500 m.kr. umfram innlausn og er hún áætluð um 1000 m.kr. Um innlausnina ríkir nokkur óvissa. Á yfirstandandi ári hefur sala nýrra spariskírteina gengið vel, einkum fyrri hluta ársins er raunvextir voru 7-9%. Með starfsemi Verðbréfaþings Íslands eflist vettvangur fyrir viðskipti með eldri spariskírteini, þannig að eigendur eiga auðveldara með að selja þau þótt ekki sé komið að innlausn. Má ætla að þetta auki vinsældir spariskírteina ríkissjóðs, auk þess sem viðskiptin gefa mikilvæga vísbendingu um markaðsverð bréfa og markaðsvexti.

Ríkisvíxlar voru síðast seldir árið 1984. Slíkir pappírar henta til að mæta árstíðabundinni fjárþörf ríkisins eða öðrum skammtímasveiflum enda er lánstíminn gjarnan aðeins fáir mánuðir. Sé þeim vel tekið má byggja upp nokkurn stofn ríkisvíxla sem má nýta til að mæta fjárþörf ríkissjóðs til lengri tíma. Nú er talinn betri grundvöllur fyrir sölu ríkisvíxla en var 1984. Mikil aukning verðbólgu undir lok þess árs olli verulegri óvissu og eyðilagði markaðinn fyrir óverðtryggðar skuldbindingar eins og ríkisvíxlar eru. Ráðgert er að bjóða almenningi, og þá ekki síst bankakerfinu, ríkisvíxla til kaups á árinu 1987.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru einn veigamesti liður innlendrar lánsfjáröflunar. Undanfarin ár hafa lög kveðið á um að 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða skuli varið til

kaupa á verðbréfum viðurkenndra fjárfestingarlánasjóða. Á árinu 1985 var talið að hlutfall þetta hafi í reynd numið 34% og 32% á árinu 1984. Með lögum nr. 54/1986 var breytt eldri lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og eru nú lánveitingar til einstaklinga tengdar skuldabréfakaupum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs af Húsnæðisstofnun. Þannig fær einstaklingur aðeins hámarkslán hjá stofnuninni að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðrum kosti fær lánþeginn skerta lánsfjárhæð í samræmi við ákvæði laganna.

Á yfirstandandi ári er talið að lífeyrissjóðir verji um 50% ráðstöfunarfjár síns í verðbréfakaup af fjárfestingarlánasjóðum. Þetta hlutfall er mjög óvíst þar sem samningar um kaup margra lífeyrissjóða eru enn ófrágengnir.

Áætlað er að iðgjöld af launagreiðslum til lífeyrissjóða aukist á þessu og næstu árum, vegna breytinga á iðgjaldsstofni í samræmi við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári. Með þetta í huga og líklegar kauptaxtabreytingar til ársloka 1986 er spáð um 22,4% hærri iðgjaldatekjum lífeyrissjóða á árinu 1987 en í ár. Endurgreiðslur af veittum lánum lífeyrissjóðanna vaxa hins vegar hægar. Útlán sjóðanna hafa að vísu verið verðtryggð hin síðari ár en hækkunar raunvaxta að undanförnu gætir þó enn lítið þar sem takmarkaður hluti fyrri lána ber hina háu raunvexti. Reynist verðbólga svo lág sem að er stefnt er talið að endurgreiðslur af veittum lánum verði um 14,6% hærri 1987 en á þessu ári. Ráðstöfunarfé sjóðanna verður því alls um 6.258 m.kr. eða 19% hærra en talið er að það verði í ár. Miðað er við að 55% ráðstöfunarfjárins eða um 3.440 m.kr. renni til byggingarsjóðanna á árinu 1987.

Óvíst er hvernig lífeyrissjóðir muni verja þeim 45% ráðstöfunarfjárins sem byggingarsjóðir gera ekki tilkall til. Enn um sinn munu sjóðfélagar nýta lánsrétt sinn hjá sjóðunum í einhverjum mæli en jafnframt má búast við því að lífeyrissjóðir leiti í auknum mæli á verðbréfamarkaði og kaupi bæði skuldabréf opinberra aðila og atvinnufyrirtækja.

Verðbréfakaup bankakerfis af opinberum aðilum hafa þróast inn á nýjar brautir á árinu 1986. Á árinu var samið við banka og sparisjóði um kaup á sérstökum bréfum af Seðlabankanum vegna lánsfjárþarfar ríkissjóðs. Eru bréfin til 5 ára. Áætlað er að heildarfjárhæðin verði um 790 m.kr. auk þess sem innlánsstofnanir keyptu spariskírteini ríkissjóðs snemma á árinu fyrir um 60 m.kr.

Í lánsfjáráætlun 1987 er ráðgert að afla ríkissjóði 1.650 m.kr. lánsfjár frá bönkum og sparisjóðum. Eru þá meðtaldir ríkisvíxlar sem innlánsstofnanir gætu keypt á frjálsum markaði. Áætlaðar afborganir til innlánsstofnana 1987 af lánum teknum 1986 nema um 80 m.kr. Hrein aukning lána til ríkissjóðs yrði því um 1.570 m.kr. Þetta er veruleg hækkun frá yfirstandandi ári og takmarkar getu innlánsstofnana til að veita önnur lán á næsta ári. Hér er um að ræða mikilvægan þátt í þeirri viðleitni að lána til langs tíma sé í auknum mæli aflað innanlands.

Viðskiptabankarnir hafa á undanförnum árum veitt Framkvæmdasjóði nokkra lánsfjárfyrirgreiðslu með því að kaupa af honum verðbréf til 10 ára sem svarar tilteknum hluta innlánsaukningar. Undanfarin ár hefur verið miðað við 4% af aukningu innlána en í reynd hefur framkvæmdin verið sveigjanleg. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að ný lán af þessum toga verði um 380 m.kr. á móti um 100 m.kr. afborgunum eldri lána. Á árinu 1987 er stefnt að því að bankar kaupi skuldabréf af Framkvæmdasjóði fyrir um 400 m.kr. en afborganir eldri lána eru áætlaðar um 180 m.kr.

Fram er komið að bankakerfið er í auknum mæli að verða ein veigamesta uppspretta innlends lánsfjár bæði fyrir ríkissjóð, Framkvæmdasjóð og að sjálfsögðu fyrir atvinnuvegi og einstaklinga. Skal hér gerð stutt grein fyrir peningamálaáætlun fyrir árið 1987.

Á yfirstandandi ári hafa innlán í bankakerfinu aukist verulega umfram útlán. Líklegt er að meðaltal peningamagns og sparifjár verði rúmlega 32% af landsframleiðslu 1986 samanborið við um 30% 1985. Á meðan raunvextir haldast háir má búast við að þetta hlutfall hækki en það féll undir 20% á verðbólguárunum. Ráðstöfunarfé bankakerfisins er því ört vaxandi. Bankakerfið mun því verða færara en áður að veita opinberum aðilum og atvinnuvegum nauðsynlega lánsfjárfyrirgreiðslu.

Eftirfarandi tafla sýnir dæmi um helstu peningamálastærðir 1987. Miðað er við að verðbólga verði 3% frá upphafi til loka ársins 1987, landsframleiðsla aukist um 2,2% og að meðalinnlánsvextir verði um 5%.

Peningamálaáætlun 1986 og 1987

		Hreyfing frá upphafi til loka árs		Hreyfing milli ára	
	Staða 31.12.85 m.kr.	Áætlun 1986 m.kr.	Dæmi 1987 m.kr.	Áætlun 1986 %	Dæmi 1987 %
1. Erlend skammtímastaða bankakerfisins, nettó	3.838	3.400	1.660		
2. Innlendir liðir, nettó	48.014	6.600	4.790	13,7	8,8
3. Samtals (1+2) = (4+5)	**51.852**	**10.000**	**6.450**		
4. Peningamagn og sparifé	39.228	9.700	5.800	24,7	11,9
5. Löng erlend lán til endurlána	12.624	300	650		

Á þessum forsendum aukast lán og aðrir innlendir liðir bankakerfisins um 4.790 m.kr. eða um 9% frá árinu 1986. Áformuð lántaka ríkissjóðs og Framkvæmdasjóðs svo og áætluð aukning gengisbundinna afurðalána, er áætluð alls um 2.000 m.kr. Að þessu frátöldu stendur eftir aðeins um 7% aukning á almennum lánum innlánsstofnana. Til þess að markmiðið um sem næst hallalaus viðskipti við útlönd náist þarf að gæta ítrasta aðhalds í almennum útlánum innlánsstofnana, svo sem þessi niðurstaða ber með sér.

7.5 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Á árinu 1986 er áætlað að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 11.350 m.kr. og er það um þremur milljörðum króna meira en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun 1986. Erlendar lántökur umfram áætlun skiptast jafnt á opinbera aðila og einkaaðila. Skýrist sú hækkun einkum af viðbótarhalla ríkissjóðs í ár eða um 700 m.kr. og af skuldbreytingum á erlendum skammtímalánum í löng lán.

Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 6.090 m.kr. og hreint innstreymi erlendra lána verður því 5.260 m.kr. sem er um 3,7% af áætlaðri landsframleiðslu 1986. Þrátt fyrir að erlend lán aukist um 7,6% á árinu 1986 og hagvöxtur verði um 5% er talið að skuldahlutfallið lækki úr 55% af vergri landsframleiðslu 1985 í 52,1%, þar sem innlent verðlag hækkar mun meira milli ára en meðalgengi erlendra gjaldmiðla og munar þar mestu um gengislækkun Bandaríkjadollars.

Horfur eru á að halli á viðskiptajöfnuði við útlönd verði 2.200 m.kr. í ár. Er það um 1,5% vergrar landsframleiðslu 1986 samanborið við 4,3% 1985 og í lánsfjáráætlun 1986 var reiknað með 3,5% viðskiptahalla. Samanlögð áhrif minni viðskiptahalla og meira innstreymis erlendra lána en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun 1986 koma fram á gjaldeyrisstöðu Seðlabankans og er hún talin batna um 3.200 m.kr. á árinu 1986. Gjaldeyrisstaðan í árslok gæti því orðið um 7,7% af vergri landsframleiðslu 1986 en var 6,6% 1985.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 gerir ráð fyrir 700 m.kr. halla á viðskiptum við útlönd og er það um 0,4% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hreint innstreymi erlendra lána er talið verða ríflega einn og hálfur milljarður króna, þar sem áætlaðar lántökur eru 8.280 m.kr. og afborganir 6.750 m.kr. Þá er talið að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um tæpar 200 m.kr. Af þessu leiðir að gjaldeyrisstaða Seðlabankans gæti batnað um 1.000 m.kr. á árinu 1987, eins og fram kemur í töflu 25 en hún sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1985 til samanburðar við áætlun 1986 og 1987.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1987 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1986 og nýrri spá um innkomin lán á árinu 1986 að teknu tilliti til skuldbreytinga á erlendum skammtímalánum (m.kr.):

Tekin löng erlend lán 1986 og 1987

	Lánsfjár-lög 1986	Horfur 1986	Lánsfjár-áætlun 1987
1. Opinberir aðilar	**4.110**	**5.700**	**2.550**
Ríkissjóður	3.230	4.210	1.700
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	750	827	500
Sveitarfélög	130	663	350
2. Lánastofnanir	**1.352**	**1.350**	**2.230**
3. Atvinnufyrirtæki	**2.850**	**4.300**	**3.500**
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	**8.312**	**11.350**	**8.280**
5. Þar af tekin löng lán vegna skuldbreytingar erlendra skammtímalána	**– 410**	**–1.220**	**—**
Sveitarfélög	—	–542	—
Atvinnufyrirtæki	– 410	–678	—
6. Hrein ráðstöfun langra erlendra lána (4–5)	**7.902**	**10.130**	**8.280**

Áður hefur komið fram að skuldahlutfall langra erlendra lána muni lækka á árinu 1986 í 52,1% af vergri landsframleiðslu. Áætlað er að þetta hlutfall lækki enn frekar á árinu 1987 og verði 49,4%. Staða þjóðarbúsins mun þó batna meira gagnvart útlöndum þar sem talið er að erlend skammtímalán aukist ekki en gjaldeyrisstaðan batni bæði árin. Hrein skuldastaða gagnvart útlöndum var 56,3% af vergri landsframleiðslu 1985 en er talin verða um 51,1% 1986 og 47,7% 1987, eins og sýnt er í töflu 26 um stöðu þjóðarbúsins út á við á árunum 1978 til 1987.

Í töflu 27 er einnig sýnd greiðslubyrði erlendra lána í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu frá 1978. Greiðslubyrðin er sundurliðuð á afborganir og vaxtagreiðslur af löngum erlendum lánum og einnig er reiknuð greiðslubyrði af vaxtajöfnuði við útlönd. Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði 19% útflutningstekna 1986 og 19% á árinu 1987. Á árunum 1982 til 1984 var greiðslubyrðin yfir 20% af útflutningstekjum. Lækkun greiðslubyrðarinnar má fyrst og fremst rekja til vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum, en vaxtabyrðin, sem nam 13% af útflutningstekjum 1984 og 11% 1985, er áætluð um 9% 1987. Vaxtalækkunin hefur í fyrstu áhrif á lán með breytilegum vaxtakjörum, en þau eru um helmingur langra erlendra lána. Reiknaðir meðalvextir erlendra lána voru 9% á árinu 1985, verða um 8,5% 1986 og eru áætlaðir 8% 1987.

8 Horfur í ríkisfjármálum 1988-1990

8.1 Inngangur og forsendur

Í 12. gr. laga nr. 84/1985, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, segir að leggja skuli fram með frumvarpi til fjárlaga ár hvert áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin. Í slíkri áætlun skal eftirfarandi m.a. koma fram:

- Meginstefna í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
- Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
- Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
- Stefnumótun um framlög í fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

Kjörtímabili ríkisstjórnarinnar lýkur í apríl 1987 og stefna í ríkisfjármálum til næstu ára er því óvissari en oft áður. Sú leið hefur verið valin að sýna horfur í ríkisfjármálum á árunum 1988-1990 út frá þeirri stefnu sem felst í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 er fjallað um horfur í þjóðarbúskapnum til loka níunda áratugarins. Þar er bent á að óvissuatriðin í slíkri framtíðarsýn eru mörg, eins og sveiflur vaxta á alþjóðamörkuðum og fiskverð erlendis á síðustu mánuðum eru gott dæmi um. Því er valin sú leið að líta á tvö tilvik um þróun efnahagsmála innanlands og utan, annað hagstætt og hitt óhagstætt. Í hagstæða tilvikinu verður vöxtur vergrar landsframleiðslu 2,6% á ári. Í óhagstæða tilvikinu eru meiri sveiflur í hagvexti, allt frá 0,3% samdrætti á árinu 1989 til 3,5% vaxtar á árinu 1991.

Við athugun á horfum í ríkisfjármálum 1988-1990 hefur verið tekið mið af hagstæða tilvikinu í þjóðhagsáætlun um þróun helstu hagstærða. Verg landsframleiðsla er talin vaxa um 2,6% á ári á tímabilinu. Miðað er við að viðskiptakjör breytist ekki teljandi frá því sem nú er þannig að vöxtur þjóðartekna mun haldast í hendur við vöxt landsframleiðslunnar. Þá er byggt á stefnu fjármálaráðherra og ríkisstjórnar í ríkisfjármálum sem birtist í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987. Tillit er tekið til ákvæða ýmissa laga um tekjur og útgjöld og þróunar þeirra þátta sem mest áhrif hafa.

Allar fjárhæðir sem taka til áranna 1988-1990 eru miðaðar við verðlag í árslok 1986, þ.e. verðlag fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987.

8.2 Tekjur

Tekjur ríkissjóðs, fremur en útgjöld, eru mjög háðar þróun efnahagsmála í landinu. Almennur kaupmáttur, viðskiptavelta og jöfnuður í viðskiptum við útlönd skipta þar miklu máli. Þá eru ákvarðanir stjórnvalda um skatta og gjöld ekki síður mikilvægar. Í árslok 1986 falla úr gildi ákvæði laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Í þessum lögum er kveðið á um innheimtu húsnæðisgjalds, sem er 1% af söluskattsstofni, og innheimtu eignarskattsauka á árunum 1985 og 1986. Með lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, var hins vegar ákveðið að eignarskattsaukinn félli ekki niður og skyldi innheimtur á árunum 1987-1989. Því eru tekjur af eignarskatti lækkaðar um 160 m.kr. á milli áranna 1989 og 1990 í þessari spá. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 að sölugjald lækki ekki frá því sem nú er þrátt fyrir að húsnæðisgjald falli lögum samkvæmt niður í árslok 1986. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 300 m.kr. lækkun tekjuskatts frá því sem verið hefði að óbreyttum lögum og er þetta liður í stefnu ríkisstjórnarinnar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Í spánni fyrir árin 1988-1990 er gert ráð fyrir 200 m.kr. lækkun tekjuskatts á ári. Stefnt er að því að tekinn verði upp virðisaukaskattur í stað söluskatts í ársbyrjun 1988. Ekki er tekið tillit til þessarar skattabreytingar í spánni, enda hafa lög um virðisaukaskatt ekki verið

samþykkt frá Alþingi, auk þess sem stefnt er að því að nettótekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti verði svipaðar og af núverandi veltusköttum. Vaxtatekjur ríkissjóðs af langtímalánum á tímabilinu 1988-1990 hafa verið metnar m.t.t. þekktra lánskjara á útistandandi skuldum í árslok 1986 og forsendum um lánveitingar og lánskjör á árunum 1988-1990, sbr. 6. kafla um lánsfjármál ríkissjóðs.

Að gefnum þessum forsendum er því spáð að tekjur ríkissjóðs verði eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti:

Tekjur A-hluta ríkissjóðs 1987-1990
Milljarðar kr. á verðlagi
í árslok 1986

	Frumvarp 1987	Spá 1988	Spá 1989	Spá 1990
Beinir skattar	6,0	5,9	5,9	5,8
Óbeinir skattar	31,3	32,1	32,9	33,8
Fjármagnstekjur, vextir	2,1	2,3	2,2	2,1
Aðrar tekjur	0,6	0,7	0,7	0,8
Samtals	40,0	41,0	41,7	42,5

8.3 Útgjöld

Í þessari spá verður fyrst litið á hagræna skiptingu útgjalda og síðan á skiptingu útgjalda eftir málefnaflokkum. Í fyrra tilvikinu beinist athyglin að kostnaði við rekstur ráðuneyta og ríkisstofnana, vaxtagreiðslum, fjárfestingu og tilfærslum til annarra aðila í þjóðfélaginu. Í síðara tilvikinu eru útgjöld til hliðstæðrar starfsemi dregin saman óháð ráðuneytum.

Samneysla. Til samneyslu ríkissjóðs teljast greidd laun, almennt rekstrarfé og viðhald. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 nemur samneyslan að frádregnum sértekjum stofnana um 43% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs og vex um 1,7% frá árinu áður. Spáin fyrir árin 1988-1990 sýnir að samneyslan vex örlítið hægar en útgjöld A-hluta ríkissjóðs og í lok tímabilsins verður hún um 42% af útgjöldum.

Vextir. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 nema vaxtagreiðslur rúmlega 8% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs. Að gefnum forsendum um lánskjör eru horfur á að vaxtagreiðslur standi nánast í stað og lækki því sem hlutfall af heildarútgjöldum. Því er spáð að í lok tímabilsins verði vaxtagjöld um 7 1/2% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Tilfærslur skiptast í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða ýmiss konar styrki til framkvæmda, fjármagnstilfærslur, og hins vegar það sem nefnt er neyslu- og rekstrartilfærslur. Alls nema neyslu- og rekstrartilfærslur 15,1 milljarði kr. í fjárlagafrumvarpi 1987. Þar af eru lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar 9,7 milljarðar kr. Af öðrum neyslu- og rekstrartilfærslum má nefna niðurgreiðslur á vöruverði, framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, útflutningsuppbætur og endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir að neyslu- og rekstrartilfærslur vaxi að meðaltali um 3% á ári á tímabilinu. Í lok tímabilsins verða þær um 37 1/2% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs samanborið við rúmlega 36% á árinu 1987. Munar hér mest um að gert er ráð fyrir 3-4% árlegum vexti framlaga til heilbrigðis- og tryggingamála. Hins vegar er hvorki reiknað með hækkun á niðurgreiðslum á vöruverði né útflutningsuppbótum.

Fjárfesting. Rúmlega 5 milljarðar kr. eru ætlaðir til fjárfestingar í A-hluta ríkissjóðs á árinu 1987. Þar af eru framlög til vega- og húsnæðismála um 47%. Undir A-hluta ríkissjóðs fellur einungis hluti fjárfestingar opinberra aðila. Til að finna heildarfjárfestingu opinberra aðila þarf að bæta við fjárfestingu ríkisfyrirtækja, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og fjárfestingu sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Í spánni fyrir árin 1988-1990 er einungis litið á framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar enda lítið hægt að svo stöddu að segja til um fjárfestingu annarra opinberra aðila á þessu tímabili.

Gert er ráð fyrir að framlög til vegamála verði sama hlutfall af vergri landsframleiðslu og áætlað er á árinu 1987. Hins vegar er gert ráð fyrir að framlög til húsnæðismála standi í stað á tímabilinu, 1,3 milljarður kr. Reiknað er með að ýmsum fjárfrekum framkvæmdum ljúki fyrir 1990. Má þar nefna K-byggingu á landspítalalóð, þjóðarbókhlöðu, Listasafn Íslands, stjórnsýsluhús á Ísafirði og ýmsa framhaldsskóla. Þótt framkvæmdum við þessi hús ljúki er ekki gert ráð fyrir samdrætti í verklegum framkvæmdum, því reiknað er með auknu framlagi til annarra framkvæmda, eins og flugvallagerðar, á næstu árum.

Útgjöld til málefnaflokka A-hluta ríkissjóðs. Við mat á útgjöldum til málefnaflokka A-hluta ríkissjóðs á árunum 1988-1990 hefur verið tekið tillit til þeirra þátta sem ráða mestu um þróun útgjalda, eins og mannfjölgunar og aldurssamsetningar þjóðarinnar. Reiknað er með að aðhaldi verði beitt í rekstri ríkiskerfisins. Helst er gert ráð fyrir vexti útgjalda til mennta-, heilbrigðis- og tryggingamála. Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um útgjöld til einstakra málefnaflokka en vísað til meðfylgjandi yfirlits:

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs 1987-1990
Milljarðar kr. á verðlagi
í árslok 1986

	Frumvarp 1987	Spá 1988	Spá 1989	Spá 1990
Æðsta stjórn ríkisins og utanríkismál	1,8	1,8	1,8	1,9
Dómsmál og eftirlitsstofnanir	2,0	2,0	2,0	2,1
Menntamál	6,2	6,5	6,7	6,8
Menningar-, kirkju-, félags- og húsnæðismál	2,9	2,9	2,9	2,9
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	2,4	2,4	2,4	2,4
Heilbrigðis- og tryggingamál	17,4	17,9	18,5	19,0
Samgöngu-, iðnaðar- og orkumál	4,0	3,9	3,9	4,0
Niðurgreiðslur	1,2	1,2	1,2	1,2
Vextir	3,4	3,4	3,3	3,3
Ýmis útgjöld	0,3	0,3	0,3	0,3
Samtals	41,6	42,3	43,0	43,9

8.4 Lánsfjármál

Afborganir og vaxtagreiðslur á árunum 1988-1990 skiptast í tvo hluta. Annars vegar eru greiðslur af áhvílandi lánum og hins vegar greiðslur af lánum sem tekin verða á tímabilinu 1988-1990. Í síðara tilvikinu verður að velja forsendur um lánskjör og í báðum tilvikum þarf að meta líklega þróun vaxta hér innanlands og erlendis. Nánar er fjallað um þessi atriði í kafla 6.1 í greinargerðinni. Í spánni er gert ráð fyrir að lánveitingar til B-hluta fyrirtækja og sjóða nemi 1,4 milljarði kr. á ári 1988-1990 en þær eru 1.370 m.kr. í frumvarpinu. Hlutafjárframlög verða óbreytt frá fjárlagafrumvarpi 1987, 0,1 milljarður kr. á ári. Gert er ráð fyrir að útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum verði 0,3 milljarðar kr. á ári sem er sama fjárhæð og í fjárlagafrumvarpi 1987. Að öðru leyti er vísað í 6. kafla greinargerðarinnar.

8.5 Afkoma A-hluta ríkissjóðs 1988-1990

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd spá um helstu kennitölur ríkisfjármála á tímabilinu 1988-1990. Til samanburðar eru sýndar samsvarandi tölur úr fjárlagafrumvarpi 1987. Einnig er sýnd spá um verga landsframleiðslu á þessu tímabili. Ekki verður fjallað sérstaklega um niðurstöðurnar en látið nægja að benda á að miðað við forsendur spárinnar minnkar rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs á milli áranna 1987 og 1988 og stendur síðan nánast í stað. Hins vegar eykst lánsfjárþörf á tímabilinu vegna þungra afborgana á næstu árum.

Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1987-1990
Milljarðar kr. á verðlagi
í árslok 1986

	Frumvarp 1987	Spá 1988	Spá 1989	Spá 1990
Tekjur	40,0	41,0	41,7	42,5
Gjöld:				
Rekstrarliðir	36,4	37,2	37,8	38,6
Þar af vextir	(3,4)	(3,4)	(3,3)	(3,3)
Fjárfesting	5,2	5,1	5,2	5,3
Tekjur umfram gjöld				
Lánareikningar, útstreymi	3,3	3,9	4,6	5,7
Lánsfjárþörf	**4,9**	**5,2**	**5,9**	**7,1**
Lántaka:				
Innlend	3,2	3,3	3,0	3,0
Erlend	1,8	1,9	2,9	4,1
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	0,1	-	-	-

Töfluviðauki

I Ríkissjóður A- og B-hluti
1. Heildarútgjöld A-hluta eftir tegundum gjalda 1986—1987
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
3. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit
4. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
5. Heildarútgjöld A-hluta eftir ráðuneytum 1986—1987
6. Markaðir tekjustofnar 1987
7. Helstu neyslu- og rekstrartilfærslur 1986—1987
8. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1986—1987
9. Þróun helstu vísitalna 1985—1986

II Fjárfesting
10. Fjármunamyndun 1985—1987
11. Fjármunamyndun, sparnaður og viðskiptahalli 1984—1987
12. Byggingar og mannvirki hins opinbera 1985—1987
13. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1987
14. Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1987
15. Samgönguframkvæmdir 1987
16. Opinberar byggingar 1987
17. Rafmagnsveitur ríkisins 1986—1987, almennar framkvæmdir

III Fjármögnun
18. Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987

IV Fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir
19. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1982—1987
20. Byggingarsjóður ríkisins 1986—1987
21. Byggingarsjóður verkamanna 1986—1987
22. Framkvæmdasjóður Íslands 1986 og 1987
23. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1987
24. Lántökur atvinnuvegalánasjóða 1987

V Erlend lán og greiðslujöfnuður
25. Greiðslujöfnuður við útlönd 1985—1987
26. Staða þjóðarbúsins út á við 1978—1987
27. Greiðslubyrði erlendra lána 1978—1987
28. Erlendar lántökur til langs tíma, landsframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1977—1987
29. Löng erlend lán 1978—1987, flokkuð eftir lánardrottnum

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir tegundum 1985-1986

I Heildarútgjöld 1987

	51 Laun	52-57 Önnur gjöld	58 Eigna-kaup	59 Til-færslur	5 Gjöld samtals	4 Sér-tekjur	Mis-munur
Almennur rekstur ...	13.356	8.611	71	15.053	37.091	1.774	35.317
Viðhald	84	1.019	-	-	1.103	-	1.103
Fjárfesting	65	1.849	482	2.780	5.176	12	5.164
Samtals	13.505	11.479	553	17.833	43.370	1.786	41.584

II Heildarútgjöld 1986-1987

		Fjárlög 1986 sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Hækkun, %
Almennur rekstur:				
51	Laun	8.846	13.356	51,0
52-57	Önnur gjöld án eignakaupa	7.168	8.611	20,1
58	Eignakaup	29	71	144,8
59	Tilfærslur	16.155	15.053	−6,8
5	Gjöld alls	32.198	37.091	15,2
4	Sértekjur	−1.082	−1.774	64,0
	Mismunur	31.116	35.317	13,5
Viðhald		962	1.103	14,7
Fjárfesting:				
51-58	Stofnkostnaður	1.776	2.384	34,2
59	Fjármagnstilfærslur	2.976	2.780	−6,6
	Alls	4.752	5.164	8,7
	Samtals	36.830	41.584	12,9

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 2 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta

		Fjárlög 1986	Frumvarp 1987	Breyting í M.kr.	Breyting í %
51	Launagjöld	−2.685	−3.505	−820	30,5
52-57	Önnur rekstrargjöld	−2.741	−3.195	−454	16,6
52,58,8	Hráefni og vörur til endursölu	−4.296	−5.053	−757	17,6
571	Fjármagnskostnaður	−2.359	−1.987	372	−15,8
51-57	Viðhald	−301	−367	−66	21,9
593	Afskriftir	−1.224	−1.402	−178	14,5
59	Yfirfærslur	−708	−728	−20	2,8
5,8	Gjöld samtals	−14.314	−16.237	−1.923	13,4
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	14.152	15.956	1.804	12,8
48	Fjármunatekjur	1.868	1.826	−42	−2,3
4910	Framlög ríkissjóðs	3.600	3.347	−253	−7,0
49	Aðrar tekjur	1.635	820	−815	−49,9
4,7	Tekjur samtals	21.255	21.949	694	3,3
	Mismunur	6.941	5.712	−1.229	−17,7
Fjármunahreyfingar út:					
16	Veitt lán	4.460	6.012	1.552	34,8
18	Fjárfestingar	1.605	2.005	400	24,9
26	Afborgun lána	1.962	1.774	−188	−9,6
	Annað	4.120	3.476	−644	−15,6
Fjármunahreyfingar inn:					
16	Innheimtar afborganir	639	726	87	13,6
18	Sala eigna	—	—	—	—
19	Afskriftir	1.224	1.402	178	14,5
26	Tekin lán	2.490	4.860	2.370	95,2
39	Ráðstöfun eigin fjár	6.941	5.712	−1.229	−17,7
	Annað	853	567	−286	−33,5

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3 Ríkissjóður, A-hluti

Greiðsluyfirlit
(M. kr.)

Rekstrarreikningur:		
Jöfnuður: Tekjur umfram gjöld		**−1.583**
Tekjur	40.001	
Gjöld	41.584	
Lánahreyfingar:		
Jöfnuður: Innsteymi umfram útstreymi		**1.890**
Lántaka og afborganir af veittum lánum	6.675	
Lánveitingar og afborganir af teknum lánum	4.705	
Hlutafjárframlög	80	
Viðskiptareikningar:		
Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi		**300**
Almennir viðskiptareikningar	300	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**7**
Sundurliðun		
Tekjur alls:		**40.001**
Beinir skattar	5.962	
Óbeinir skattar	31.306	
Aðrar tekjur	614	
Tekjur án fjármunatekna	37.882	
Fjármunatekjur, vextir	2.119	
Gjöld alls:		**36.407**
Samneysla	19.701	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.053	
Sértekjur	−1.787	
Gjöld án fjármagnskostnaðar	32.967	
Fjármagnskostnaður	3.440	
Jöfnuður:		**3.594**
Almenn rekstrarafkoma	4.915	
Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	−1.321	
Fjárfesting:		**5.177**
Stofnkostnaður	2.396	
Fjármagnstilfærslur	2.781	
Tekjur umfram gjöld		**−1.583**
Lánahreyfingar:		
Afborganir:		**1.510**
Afborganir af teknum lánum	2.335	
Innlausn spariskírteina	1.000	
Innheimtar afborganir af veittum lánum	−1.825	
Veitt lán:		**1.370**
Til B-hluta ríkissjóðs	1.370	
Hlutafjárframlög		**80**
Viðskiptareikningar		**300**
Lánsfjárþörf		**4.843**
Lántökur:		
Innlend útgáfa verðbréfa	3.150	
Erlendar lántökur	1.700	
Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing		**7**

Tafla 4 **Ríkissjóður, A-hluti**

Greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
(M. kr.)

1	**Tekjur alls:**		**39.851**
	Beinir skattar	5.962	
	Óbeinir skattar	31.306	
	Aðrar tekjur	464	
	Tekjur án fjármunatekna	37.732	
	Fjármunatekjur, vextir	2.119	
2	**Gjöld alls:**		**35.947**
	Samneysla	19.701	
	Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.053	
	Sértekjur	−1.787	
	Gjöld án fjármagnskostnaðar	32.967	
	Fjármagnskostnaður	2.980	
3	**Jöfnuður (1−2):**		**3.904**
	Almenn rekstrarafkoma	4.765	
	Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	−861	
4	**Fjárfesting**		**5.177**
	Stofnkostnaður	2.396	
	Fjármagnstilfærslur	2.781	
5	**Tekjur umfram gjöld (3−4)**		**−1.273**
	Lánahreyfingar		
6	**Afborganir:**		**1.510**
	Afborganir af teknum lánum	2.335	
	Innlausn spariskírteina	1.000	
	Innheimtar afborganir af veittum lánum	−1.825	
7	**Veitt lán**		**1.370**
	Til B-hluta ríkissjóðs	1.370	
8	**Hlutafjárframlög**		**80**
9	**Viðskiptareikningar**		**300**
10	**Lánsfjárþörf (6+7+8+9−5)**		**4.533**
11	**Lántökur:**		**4.850**
	Innlend útgáfa verðbréfa	3.150	
	Erlendar lántökur	1.700	
12	**Greiðsluhreyfing við bankakerfið (11−10)**		**317**
	Hreyfing gagnvart Seðlabanka:		
13	**Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi**		**310**
	Vaxtagreiðslur:		
	Af samningsbundnum lánum	160	
	Af yfirdráttarskuld	300	
	Arðgreiðsla í ríkissjóð	−150	
14	**Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing (12−13)**		**7**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 5 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1985-1986

	Fjárlög 1986 sbr. lög nr. 3/1986 M.kr.	%	Frumvarp 1987 M.kr.	%	Breyting %
Æðsta stjórn ríkisins	261	0,7	329	0,8	26,1
Forsætisráðuneyti	143	0,4	158	0,4	10,5
Menntamálaráðuneyti	5.529	15,0	6.710	16,1	21,4
Utanríkisráðuneyti	395	1,1	453	1,1	14,7
Landbúnaðarráðuneyti	1.342	3,6	1.373	3,3	2,3
Sjávarútvegsráðuneyti	976	2,7	1.125	2,7	15,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.668	4,5	2.149	5,2	28,8
Félagsmálaráðuneyti	2.270	6,2	2.036	4,9	−10,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	13.738	37,3	16.898	40,6	23,0
Fjármálaráðuneyti	1.445	3,9	1.493	3,6	3,3
Samgönguráðuneyti	2.941	8,0	3.194	7,7	8,6
Iðnaðarráðuneyti	1.330	3,6	986	2,4	25,9
Viðskiptaráðuneyti	1.141	3,1	1.158	2,8	1,5
Hagstofa Íslands	36	0,1	47	0,1	30,6
Ríkisendurskoðun	33	0,1	—	—	.
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3.582	9,7	3.475	8,4	−3,0
Samtals	36.830	100,0	41.584	100,0	12,9

Tafla 6 Markaðar ríkissjóðstekjur 1986

	Þús.kr.	Þús.kr.
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í	22.500	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		22.500
Skemmtanaskattur	39.500	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		3.950
Félagheimilasjóður		12.000
Miðagjald í Menningarsjóð	6.500	
Menningarsjóður		6.500
Félagmálaráðuneyti:		
Skipulagsgjald	25.000	
Skipulagsstjóri ríkisins		25.000
Erfðafjárskattur	48.000	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		48.000

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 6 Markaðar ríkissjóðstekjur 1986

	Þús.kr.	Þús.kr.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1.050.000	
Tryggingastofnun ríkisins		1.050.000
Slysatryggingagjald	178.000	
Tryggingastofnun ríkisins		178.000
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	142.600	
Atvinnuleysistryggingasjóður		142.600
Gjald í Framkvæmasjóð aldraða	115.000	
Framkvæmdasjóður aldraða		115.000
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20	
Krabbameinsfélag Íslands		20
Samúðarskeyti Landsímans	3.000	
Landspítalinn, minningarsjóður		3.000
Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	1.500	
Gæsluvistarsjóður		1.500
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	45.000	
Ríkisábyrgðasjóður		45.000
Samgönguráðuneyti:		
Innflutningsgjald af bensíni	1.410.000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, samkvæmt ökumælum	570.000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	155.000	
Vegagerð ríkisins		2.135.000
Vitagjald	15.500	
Vitastofnun Íslands		15.500
Skipaskoðunargjald	4.500	
Siglingamálastofnun ríkisins		4.500
Flugvallaskattur	102.000	
Flugmálastjórn		102.000
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	46.200	
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985		15.000
Sérleyfisgjald	3.000	
Sérleyfissjóður		3.000
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	37.000	
Rafmagnseftirlit ríkisins		37.000
Markaðir tekjustofnar	4.019.820	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		3.965.070
Skerðing tekjustofna		54.750

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Helstu neyslu- og rekstrartilfærslur í A-hluta ríkissjóðs

	Fjárlög 1986, sbr lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987
1. Sjúkratryggingar	4.669	5.676
2. Lífeyristryggingar	4.717	3.862
3. Niðurgreiðslur á vöruverði og framlag í lífeyrissjóð bænda	1.090	1.090
4. Lánasjóður íslenskra námsmanna	865	865
5. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og Framleiðnisjóður landbúnaðarins	720	720
6. Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	600	700
7. Atvinnuleysistryggingasjóður	331	428
8. Strandferðir, framlög	191	212
9. Jöfnunargjald í iðnaði	165	193
10. Slysatryggingar	129	168
11. Niðurgreiðsla á rafhitun	220	145
12. Þjóðleikhús	58	75
13. Listir, framlög	67	74
14. Alþjóðastofnanir	65	70
15. Kvikmyndasjóður	16	55
16. Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	54	38
17. Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	64	35
18. Ýmis íþróttamál	27	33
19. Sinfóníuhljómsveit Íslands	26	33
20. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	24	24
21. Stofnlánadeild landbúnaðarins	42	22
22. Jöfnun á námskostnaði	20	20
23. Sundskylda í skólum	15	20
24. Vinnumál	19	20
25. St. Jósefsspítali, Landakoti	461	-
26. Verðjöfnunargjald af raforku	405	-
27. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	377	-
28. Ýmis sjúkrahús	162	-
29. Póst- og símamálastofnunin	100	-
30. Olíunotkun til húshitunar, styrkur	35	-
31. Annað	421	475
Samtals	16.155	15.053

Tafla 8 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1985-1986

	Fjárlög 1986 sbr. lög nr.3/1986 M.kr.	Frumvarp 1987 M.kr.
I Stofnkostnaður		
1. Vegagerð nema sýslu og þéttbýlisvegafé	871	938
2. Háskóli Íslands	91	75
3. Bygging grunnskóla	115	185
4. Bygging menntaskóla	–	11
5. Bygging fjölbrautaskóla	38	46
6. Bygging héraðsskóla	11	14
7. Fiskvinnsluskólinn	16	26
8. Íþróttakennaraskóli Íslands	19	9
9. Sérskólar landbúnaðarins	13	18
10. Ríkisspítalar	104	185
11. Framkvæmdasjóður fatlaðra	76	100
12. Flugvellir, framkvæmdir	58	60
13. Ratsjártenging alþjóða flugþjónustunnar	–	10
14. Bifreiðaeftirlit ríkisins	–	20
15. Skrifstofa og lögreglustöð, Húsavík	15	14
16. Stjórnsýsluhús á Ísafirði	11	17
17. Skrifstofuhús í Vestmannaeyjum	11	11
18. Lögreglustöð, Selfossi	–	15
19. Listasafn Íslands	20	48
20. Alþingi	17	18
21. Landgræðsluáætlun	39	41
22. Hafrannsóknastofnunin	15	14
23. Annað	236	509
Stofnkostnaður samtals	**1.776**	**2.384**
II Fjármagnstilfærslur		
1. Byggingarsjóður ríkisins	1.300	1.000
2. Byggingarsjóður verkamanna	300	300
3. Orkusjóður	195	297
4. Ríkisábyrgðasjóður	177	100
5. Byggðastofnun	80	80
6. Sýslu- og þéttbýlisvegafé	164	199
7. Jarðræktarframlög	124	130
8. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	82	120
9. Hafnarmál	110	193
10. Framkvæmdasjóður aldraðra	95	115
11. Dagvistarheimili	38	20
12. Bygging íþróttamannvirkja	30	28
13. Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	21	23
14. Rannsóknasjóður	48	50
15. Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	15	15
16. Annað	197	110
Fjármagnstilfærslur samtals	**2.976**	**2.780**
Samtals	**4.752**	**5.164**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 9 Þróun helstu vísitalna 1985—1986

	Meðaltal 1985	Ársbyrjun 1986	Meðaltal 1986	Árslok 1986
Framfærsluvísitala	82,6	95,4	100	104,9
Byggingarvísitala	80,6	93,0	100	106,8
Lánskjaravísitala	80,6	93,7	100	104,6
Verðvísitala samneyslu	80,3	–[1])	100	107,1
Vísitala meðalgengis	84,7	96,5	100	102,3
Kauptaxtar allra launþega	80,0	90,6	100	109,6
Ráðstöfunartekjur heimilanna	77,5	—	100	—

[1]) Strik í stað tölu táknar að viðkomandi stærð hafi ekki verið reiknuð út eða sé ekki skilgreind.

Breyting helstu vísitalna í prósentum frá meðaltali ársins 1985 til áramóta 1986 samkvæmt forsendum frumvarpsins

	Meðaltal 1985 til meðaltals 1986	Meðaltal 1986 til ársloka 1986
Framfærsluvísitala	21,0	4,9
Byggingarvísitala	24,0	6,8
Lánskjaravísitala	24,0	4,6
Verðvísitala samneyslu	24,5	7,1
Vísitala meðalgengis	18,0	2,3
Kauptaxtar allra launþega	25,0	9,6

Tafla 10 **Fjármunamyndun 1985—1987**
(M. kr.)

	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1986	Magnbreytingar[1]) frá fyrra ári %		
	Bráðab.-tölur 1985	Áætluð útkoma 1986	Áætlun 1987	Bráðab.-tölur 1985	Áætluð útkoma 1986	Áætlun 1987
Fjármunamyndun alls	**23 730**	**28 900**	**31 000**	**0,0**	**0,0**	**2,2**
Þar af:						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	825	735	550	−47,4	−27,5	−29,4
Innflutt skip og flugvélar	959	1 500	1 600	12,8	32,5	4,6
Útflutt skip og flugvélar	−100	−150	−100			
Önnur fjármunamyndun	22 046	26 815	28 950	0,4	−0,2	2,7
I Atvinnuvegirnir	**11 900**	**15 060**	**15 169**	**16,1**	**4,9**	**−3,1**
1. Landbúnaður	1 550	2 350	2 220	24,2	24,3	−10,0
2. Fiskveiðar	910	2 100	2 180	−15,0	90,7	0,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1 135	1 500	1 550	10,0	10,0	0,0
4. Álverksmiðja	75	25	—	120,0	−73,3	—
5. Járnblendiverksmiðja	43	60	—	40,0	14,0	—
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	2 765	2 970	3 250	6,4	−10,0	5,0
7. Flutningatæki	1 734	1 500	1 359	64,0	−27,2	−11,7
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	1 803	2 440	2 460	11,7	10,0	−5,0
9. Ýmsar vélar og tæki	1 885	2 115	2 150	21,8	−5,0	0,0
II Íbúðarhús	**5 276**	**6 490**	**7 570**	**−15,3**	**0,0**	**10,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**6 554**	**7 350**	**8 261**	**−10,5**	**−8,8**	**6,0**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 200	1 150	1 085	−41,2	−22,1	−11,0
2. Hita- og vatnsveitur	800	900	1 010	7,0	−8,5	5,9
þar af hitaveitur	(640)	(700)	(800)	6,0	−11,1	7,9
3. Samgöngumannvirki	3 004	3 530	4 126	−0,8	−4,5	10,3
4. Byggingar hins opinbera	1 550	1 770	2 040	2,1	−7,2	8,8

Athugasemdir:
1) Magnbreytingar 1985 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980. En magnbreytingar 1986 eru miðaðar við verðlag ársins 1985, en magnbreytingar 1987 eru miðaðar við verðlag ársins 1986.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 11 Fjármunamyndun, sparnaður og viðskiptahalli 1984—1987

	1984	Bráðab.-tölur 1985	Áætluð útkoma 1986	Verðlag í árslok 1986 Áætlun 1987
Verg landsframleiðsla (millj. kr.)	**81 532**	**110 523**	**143 145**	**154 300**
Heildarfjármunamyndun (millj. kr.)	**18 122**	**23 730**	**28 900**	**31 000**
a) Atvinnuvegir	7 911	11 900	15 060	15 169
b) Íbúðarhús	4 714	5 276	6 490	7 570
c) Opinberar framkvæmdir	5 497	6 554	7 350	8 261
Heildarfjármunamyndun í % af VLF	**22,2**	**21,5**	**20,2**	**20,1**
a) Atvinnuvegir	9,7	10,8	10,5	9,8
b) Íbúðarhús	5,8	4,8	4,5	4,9
c) Opinberar framkvæmdir	6,7	5,9	5,2	5,4
Heildarfjármunamyndun, hlutfallsleg skipting	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
a) Atvinnuvegir	43,7	50,2	52,1	48,9
b) Íbúðarhús	26,0	22,2	22,5	24,4
c) Opinberar framkvæmdir	30,3	27,6	25,4	26,7
Verg landsframleiðsla, magnbreyting milli ára (%)	**3,4**	**3,1**	**5,0**	**2,2**
Heildarfjármunamyndun, magnbreyting milli ára (%)	**7,8**	**0,0**	**0,0**	**2,2**
a) Atvinnuvegir	13,9	16,1	4,9	−3,1
b) Íbúðarhús	10,4	−15,3	0,0	10,0
c) Opinberar framkvæmdir	−1,7	−10,5	−8,8	6,0
Hlutfallstölur (% af VLF):				
Heildarfjármunamyndun	22,2	21,5	20,2	20,1
+ Birgðabreytingar	1,0	−0,8	−0,2	—
− Heildarsparnaður	18,1	16,4	18,5	19,7
Mismunur = Viðskiptahalli	5,1	4,3	1,5	0,4

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1985—1987
(M. kr.)

	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1986	Verðlag ársins 1985		
	Bráðab.-tölur 1985	Áætluð útkoma 1986	Áætlun 1987	Bráðab.-tölur 1985	Áætluð útkoma 1986	Áætlun 1987
Rafvirkjanir og rafveitur	1 200	1 150	1 085	1 200	935	832
Þar af: Landsvirkjun	(707)	(650)	(550)	(707)	(528)	(422)
Hitaveitur	640	700	800	640	569	613
Vatnsveitur	160	200	210	160	163	161
Vegir og brýr	868	960	1 004	868	780	770
Götur og holræsi	920	1 050	1 200	920	854	920
Hafnir og vitar	206	160	301	206	130	231
Flugvellir[1])	450	760	1 058	450	618	811
Póstur og sími, útvarp, sjónvarp	560	600	563	560	488	432
Skólar og íþróttamannvirki	700	750	860	700	610	660
Sjúkrahús	480	620	770	480	504	590
Félagsheimili og kirkjur	110	110	120	110	89	92
Aðrar byggingar hins opinbera	260	290	290	260	236	222
Samtals	6 554	7 350	8 261	6 554	5 976	6 334

1) Flugstöð á Keflavíkurflugvelli meðtalin.
Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 13 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1987
(M. kr., verðlag í árslok 1986)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1987	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Erlend lántaka
1. Landsvirkjun	550	—	150	400
2. Almennar framkvæmdir RARIK	175	—	75	100
3. Dreifikerfi í sveitum	50	50	—	—
4. Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	13	13	—	—
5. Orkubú Vestfjarða	40	—	40	—
6. Framkvæmdir sveitarfélaga	257	—	257	—
Samtals	1 085	63	522	500

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 14 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1987
(M. kr., verðlag í árslok 1986)

	Framkvæmdir	Framlenging lána	Fjármögnun: Úr rekstri, eða sjóðum	Fjármögnun: Erlend lántaka
I Hitaveitur	**790**	**280**	**720**	**350**
Hitaveita Reykjavíkur	650	—	650	—
Aðrar hitaveitur	140	280	70	350
II Til annarra verkefna	**10**	**—**	**10[1])**	**—**
Jarðhitaleit	10	—	10[1])	—
Samtals I—II	800	280	730	350
III Vatnsveitur	**210**	**—**	**210**	**—**
Vatnsveita Reykjavíkur	80	—	80	—
Aðrar vatnsveitur	130	—	130[2])	—
Samtals I—III	1 010	280	940	350

1) Fjárveiting A-hluta ríkissjóðs 10,0 m. kr.
2) Þar af fjárveiting A-hluta ríkissjóðs 10,0 m. kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 15 Samgönguframkvæmdir 1987
(M. kr., verðlag í árslok 1986)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1987	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Fjármögnun: Erlend lántaka 1987
1. Vegir og brýr	1 004	1 004	—	—
2. Götur og holræsi	1 200	165	1 035	—
3. Hafnir og vitar	301	191	110	—
4. Flugvellir	70	70	—	—
5. Póstur og sími, útvarp	563[1])	—	563	—
6. Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	988	—	468[2])	520
Samtals	4 126	1 430	2 176	520

1) Hljóðvarp og sjónvarp 138 m.kr., Póstur og sími 425 m.kr.
2) Framlag Bandaríkjamanna.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 **Opinberar byggingar 1987**
(M. kr., verðlag í árslok 1986)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1987	Fjármögnun	
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum
1. Skólar og íþróttamannvirki	860	500	360
2. Sjúkrahús	770	550	220
3. Félagsheimili og kirkjur	120	25	95
4. Aðrar opinberar byggingar	290	150	140
Samtals	2 040	1 225	815

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 17 Rafmagnsveitur ríkisins 1986 og 1987
Almennar framkvæmdir
(Þús.kr.)

	Lánsfjárlög 1986	Frumvarp 1987
Stofnlínur:		
Hvolsvöllur-Hella	3.530	-
Vogaskeið-Grundarfjörður	-	15.100
Laxá-Kópasker	36.380	28.600
Eskifjörður-Neskaupstaður	1.000	-
Hólar-Höfn II	11.080	-
Athuganir, endurbætur o.fl.	3.060	2.000
Samtals	**55.050**	**45.700**
Aðveitustöðvar:		
Hvolsvöllur	7.910	-
Grundarfjörður	260	15.730
Vogaskeið	350	15.500
Sveinsstaðir	2.250	-
Dalvík	890	-
Laxárvirkjun	270	-
Kópasker	-	8.720
Raufarhöfn	6.220	-
Þórshöfn (Brúsland)	-	11.050
Seyðisfjörður	7.120	-
Eskifjörður	500	-
Lagarfoss	5.580	-
Fáskrúðsfjörður	690	9.900
Raflínusími og fjargæsla	5.500	5.200
Athuganir o.fl.	1.990	300
Samtals	**39.530**	**66.400**
Geymsluhús o.fl.	**14.280**	**9.900**
Innanbæjarkerfi	**42.700**	**35.000**
Vélar og tæki	**17.600**	**18.000**
Dísilstöðvar	**5.840**	**-**
Almennar framkvæmdir alls	**175.000**	**175.000**
Fjármögnun framkvæmda:		
Fé úr rekstri o.fl.	90.000	100.000
Lántökur	85.000	75.000
Samtals	**175.000**	**175.000**

Tafla 18 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987
(M. kr.)

Upprunalegir lántakar	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend fjáröflun	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**1 500**	**1 650**	**—**	**—**	**3 150**	**2 550**	**5 700**
Ríkissjóður, A-hluti	1 500	1 650	—	—	3 150	1 700	4 850
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj.	—	—	—	—	—	500	500
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	350	350
II Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**3 440**	**50**	**3 490**	**—**	**3 490**
Byggingarsjóður ríkisins[1])	—	—	3 000	50	3 050	—	3 050
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	440	—	440	—	440
III Lánastofnanir	**—**	**400**	**40**	**384**	**824**	**2 230**	**3 054**
Framkvæmdasjóður	—	400	—	64	464	100	564
Fiskveiðasjóður v/gr.halla	—	—	—	130	130	520	650
Fiskveiðasjóður v/útlána	—	—	—	80	80	320	400
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	40	—	40	—	40
Iðnlánasjóður	—	—	—	110	110	440	550
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	—	100	100
Byggðastofnun v/alm. lánveit.	—	—	—	—	—	300	300
Byggðastofnun v/skipaiðn.	—	—	—	—	—	150	150
Byggðastofnun v/fiskvinnslust.	—	—	—	—	—	300	300
IV Atvinnufyrirtæki, ósundurliðað	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**3 500**	**3 500**
Heildarfjárþörf (I—IV)	**1 500**	**2 050**	**3 480**	**434**	**7 464**	**8 280**	**15 744**

Löng erlend lán og afborganir 1987

	Opinberir aðilar	Lánastofnanir	Atvinnuvegir	Samtals
Ný lán	2 550	2 230	3 500	8 280
– Afborganir	−2 930	−720	−3 100	−6 750
Lántökur, nettó	−380	1 510	400	1 530

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 19 **Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1982—1987**
Bráðabirgðatölur 1982—1985, áætlun 1986—1987
(M. kr.)

	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Uppruni fjár:						
1 Eigið framlag	709	1 258	1 680	2 609	3 000	3 451
11 Afborganir	204	389	722	1 035	3 300	3 781
12 Vextir	556	934	1 102	1 766		
13 Annað nettó	−50	−66	−144	−192	−300	−330
2 Iðgjöld, nettó	714	1 149	1 358	2 104	2 230	2 807
21 innkomin iðgjöld	1 222	2 014	2 517	3 751	4 501	5 508
22 Lífeyrisgreiðslur	−506	−862	−1 152	−1 638	−2 271	−2 701
23 Endurgreidd iðgjöld	−1	−2	−5	−8	0	0
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5)	**1 424**	**2 407**	**3 039**	**4 714**	**5 230**	**6 258**
Ráðstöfun fjár:						
4 Útlán og skuldabr.kaup	1 299	2 095	3 178	4 203	...	...
41 Byggingarsjóðir	196	384	490	1 024	1 830	3 440
42 Framkvæmdasjóður	90	146	91	113	160	0
43 Aðrir fjárfestingarlánasjóðir	128	256	259	481	40	40
44 Ríkissjóður, vegna lánsfjáráætlunar	55	87	127	—	625	0
45 Önnur útlán	830	1 222	2 211	2 585	...	...
5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar	124	312	−138	510	...	...

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 20 **Byggingarsjóður ríkisins 1986 og 1987**
(M. kr.)

	Lánsfjárlög, sbr. lög nr. 3/1986	Lánsfjáráætlun 1987
Innstreymi	**3 966**	**5 090**
Ríkissjóður	1 300	1 000
Skyldusparnaður, nettó	−50	50
Lífeyrissjóðir	1 450	3 000
Afborganir, vextir og verðbætur	926	1 004
Tekjur tæknideildar	58	14
Erlend lán	150	—
Annað	12	22
Sjóðsminnkun	120	—
Útstreymi	**3 966**	**5 090**
Rekstrarkostnaður o. fl.	75	110
Afborganir, vextir og verðbætur	1 091	1 340
Lánveitingar	2 800	3 640

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 21 Byggingarsjóður verkamanna 1986 og 1987
(M. kr.)

	Lánsfjárlög, sbr. lög nr. 3/1986	Lánsfjáráætlun 1987
Innstreymi	**938**	**1 101**
Ríkissjóður	300	300
Sveitarfélög	90	140
Kaupendur eldri íbúða	30	120
Afborganir, vextir og verðbætur	93	101
Lífeyrissjóðir	380	440
Sjóðsminnkun	45	—
Útstreymi	**938**	**1 101**
Rekstrarkostnaður o. fl.	20	22
Afborganir, vextir og verðbætur	158	278
Lánveitingar	760	801

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 22 Framkvæmdasjóður Íslands 1986 og 1987
(M. kr.)

	Endurskoðun ríkisfjármála, sbr. lög nr. 3/1986	Lánsfjár-áætlun 1987
Fjáröflun	**2 302**	**664**
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	830	100
Lán frá innlendum bönkum	380	400
Lán frá lífeyrissjóðum	160	—
Önnur innlend fjáröflun	50	64
Erlend lán	882	100
Lánveitingar	**2 302**	**664**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	311	300
Fiskveiðasjóður vegna greiðsluhalla	517	—[1]
Fiskveiðasjóður vegna útlána	355	—[1]
Iðnlánasjóður	551	—[1]
Lánasjóður sveitarfélaga	19	20
Ferðamálasjóður	58	100
Verslunarlánasjóður	19	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	19	20
Landflutningasjóður	7	10
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	13	14
Fiskeldi	241	180
Lán til skipaviðgerða innanlands	192	—

1) Heimilt er sjóðnum að afla lánsfjár beint án milligöngu Framkvæmdasjóðs á árinu 1987 ef hentara þykir.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands.

Tafla 23 **Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1987**
(M. kr.)

		Eigin fjármögnun			Lántökur						
		Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó (1)	Sjóðs- og innstæðu-breytingar (2)	Framlög og skatt-tekjur (3)	Fram-kvæmda-sjóður (4)	Líf-eyris-sjóðir (5)	Banka-kerfið (6)	Önnur lán (7)	Erlend lán (8)	Samtals (9)	Útlán og styrkir (10)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**−912**	**50**	**2 156**	**—**	**3 480**	**400**	**434**	**2 330**	**6 644**	**7 938**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**−489**	**—**	**1 440**	**—**	**3 440**	**—**	**50**[1])	**—**	**3 490**	**4 441**
21	Byggingarsjóður ríkisins	−410	—	1 000	—	3 000	—	50	—	3 050	3 640
22	Byggingarsjóður verkamanna	−79	—	440	—	440	—	—	—	440	801
3	**Atvinnuvegasjóðir alls**	**−423**	**50**	**716**	**(484)**	**40**	**400**	**384**	**2 330**	**3 154**	**3 497**
311	Byggðastofnun v/alm. lánveitinga	100	—	80	—	—	—	—	300	300	480
312	Byggðastofnun v/skipaiðnaðarins	—	—	—	—	—	—	—	150	150	150
313	Byggðastofnun v/fiskvinnslustöðva	—	—	—	—	—	—	—	300	300	300
32	Ferðamálasjóður	—	—	—	100	—	—	—	—	100	100
331	Fiskveiðasjóður, v/greiðsluhalla	−700	50	—	—	—	—	130	520	650	—
332	Fiskveiðasjóður, v/útlána	—	—	—	—	—	—	80	320	400	400[2])
341	Framkvæmdasjóður v/fiskeldis	100	—	—	—	—	400	64	100	180	80
342	Framkvæmdasjóður v/lána alls									(484)	(484[3])
35	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	—	—	240	—	—	—	—	—	—	240
361	Iðnlánasjóður	33	—	14	—	—	—	110	440	550	597
362	Iðnlánasjóður, vöruþróunar- og markaðsdeild	25	—	70	—	—	—	—	—	—	95
37	Iðnþróunarsjóður	200	—	—	—	—	—	—	100	100	300
38	Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	—	—	—	14	—	—	—	—	14	14
39	Lánasjóður sveitarfélaga	66	—	60	20	—	—	—	—	20	146
40	Landflutningasjóður	—	—	—	10	—	—	—	—	10	10
41	Stofnlánadeild landbúnaðarins	−319	—	252	300	40	—	—	—	340	273
42	Stofnlánadeild samvinnufélaga	3	—	—	20	—	—	—	—	20	23
43	Útflutningslánasjóður	59	—	—	—	—	—	—	—	—	59
44	Verslunarlánasjóður	10	—	—	20	—	—	—	—	20	30
45	Þróunarfélagið hf.	—	—	—	—	—	—	—	100	100	100

1) Skyldusparnaður ungmenna, nettó.
2) Hér eru ekki meðtalin yfirtekin erlend lán vegna tækja, breytinga o. fl. á fiskiskipum að fjárhæð 760 m.kr.
3) Lán til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands.

Tafla 24 Áætlun um lántökur atvinnuvegalánasjóða 1987
(M. kr.)

	Innlend lántaka	Erlend lán	Heildar-lántökur
1. Fiskveiðasjóður vegna greiðsluhalla	130	520	650
2. Fiskveiðasjóður vegna útlána	80	320	400
3. Iðnlánasjóður	110	440	550
4. Iðnþróunarsjóður	-	100	100
5. Byggðastofnun vegna almennra lánveitinga	-	300	300
6. Byggðastofnun vegna innlends skipaiðnaðar	-	150	150
7. Byggðastofnun vegna fiskvinnslustöðva	-	300	300
8. Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	-	40
9. Framkvæmdasjóður	464	100	564
Samtals	824	2.230	3.054

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 25 Greiðslujöfnuður við útlönd 1985—1987
(Meðalgengi hvers árs, m. kr.)

	1985	Spá 1986	Áætlun 1987
Vöruskiptajöfnuður	**−10**	**2 400**	**3 450**
Útfluttar vörur alls,	33 750	42 130	44 900
Innfluttar vörur alls,	−33 760	−39 730	−41 450
Sérstakar fjárfestingarvörur	−3 642	−4 075	−4 300
Skip og flugvélar	−959	−1 500	−1 600
Aðrar fjárfestingarvörur	−110	−80	−65
Rekstrarvörur	−2 573	−2 495	−2 635
Almennur innflutningur	−30 118	−35 655	−37 150
Olía	−5 282	−4 030	−3 700
Annað	−24 836	−31 625	−33 450
Þjónustujöfnuður	**−4 806**	**−4 600**	**−4 150**
Útflutt þjónusta (án vaxta)	16 140	20 400	21 600
Innflutt þjónusta (án vaxta)	−15 341	−18 900	−19 850
Vaxtajöfnuður	−5 605	−6 100	−5 900
Vaxtatekjur	600	700	690
Vaxtagjöld	−6 205	−6 800	−6 590
þar af vegna langra lána	−5 259	−6 000	−6 000
Viðskiptajöfnuður	**−4 816**	**−2 200**	**−700**
í % af VLF	−4,3	−1,5	−0,4
í % af VÞF	−4,6	−1,6	−0,5
Framlög án endurgjalds	**25**	...	...
Fjármagnsjöfnuður	**11 836**	**5 400**	**1 700**
Erlent einkafjármagn	1 002	...	...
Langar lántökur, nettó	5 476	5 260	1 530
Innkomin löng lán, alls	9 927	11 350	8 280
Afborganir	−4 451	−6 090	−6 750
Aðrar fjármagnshreyfingar	5 358	140	170
Heildargreiðslujöfnuður (Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)	**4 838**	**3 200**	**1 000**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 26 **Staða þjóðarbúsins út á við 1978—1987**
(M. kr. á meðalgengi hvers árs)

Í m.kr.	Löng erlend lán (1)	Stutt vörukaupa-lán o.fl. (2)	Ógreiddur útflutn-ingur (3)	Gjald-eyris-staða (4)	Nettó-staða við útlönd (5)	Verg lands-framleiðsla (6)	Staða í % af VLF: Löng lán (7)	Staða í % af VLF: Nettó staða (8)
1978	−1 971	−213	160	151	−1 873	6 396	30,8	29,3
1979	−2 930	−396	244	361	−2 721	9 439	31,0	28,8
1980	−4 623	−718	403	705	−4 233	15 505	29,8	27,3
1981	−7 521	−1 117	638	1 451	−6 549	23 953	31,4	27,4
1982	−14 904	−2 172	953	1 101	−15 022	36 924	40,4	40,7
1983	−32 127	−4 346	3 052	2 280	−31 141	62 656	51,3	49,7
1984	−42 559	−6 743	4 069	1 763	−43 470	81 532	52,2	53,3
1985	−60 857	−12 836	4 139	7 297	−62 257	110 523	55,1	56,3
1986[1])	−74 620	−14 000	4 500	11 000	−73 120	143 145	52,1	51,1
1987[1])	−76 150	−14 000	4 500	12 000	−73 650	154 300	49,4	47,7

1) Áætlun á gengi 30. júní 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 27 **Greiðslubyrði erlendra lána 1978—1987**
(Meðalgengi hvers árs)

Í m.kr.	Löng erlend lán: Afborgun (1)	Löng erlend lán: Vextir (2)	Löng erlend lán: Samtals (3)	Nettó-vaxta-greiðslur (4)	Útflutn-ings-tekjur (5)	Greiðslubyrði í % af útflutningstekjum: Afborganir (1:5) (6)	Vextir (2:5) (7)	Samtals (3:5) (8)	Nettó (4:5) (9)	Alls (1+4:5) (10)
1978	174	156	330	158	2 498	7,0	6,2	13,2	6,3	13,3
1979	246	252	498	241	3 852	6,4	6,5	12,9	6,3	12,6
1980	379	440	819	405	5 813	6,5	7,6	14,1	7,0	13,5
1981	633	827	1 460	802	8 887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,2
1982	1 230	1 541	2 771	1 475	13 063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2 674	2 974	5 648	3 050	27 456	9,8	10,8	20,6	11,1	20,9
1984	4 278	4 177	8 455	4 555	34 792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985	4 451	5 259	9 710	5 605	50 490	8,8	10,4	19,2	11,1	19,9
1986[1])	6 090	6 000	12 090	6 100	63 230	9,6	9,5	19,1	9,7	19,3
1987[1])	6 750	6 000	12 750	5 900	67 190	10,1	8,9	19,0	8,8	18,9

1) Áætlun á gengi 30. júní 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 28 Erlendar lántökur til langs tíma, landsframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1977—1987

	Í milljónum króna					Hlutfallsleg skipting				
	1977	1980	1983	1986	1987	1977	1980	1983	1986	1987
1. Lántökur:										
Lántökur, alls	**307**	**1 012**	**5 577**	**11 350**	**8 280**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberir aðilar	166	540	3 705	5 700	2 550	54	53	65	50	31
Lánastofnanir	32	62	908	1 350	2 230	10	6	16	12	27
Einkaaðilar	109	410	964	4 300	3 500	36	41	19	38	42
2. Nettó hreyfing										
Lántökur, nettó	**194**	**633**	**2 903**	**5 260**	**1 530**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberir aðilar	122	420	2 621	3 000	−380	63	66	90	57	−25
Lánastofnanir	21	−25	557	630	1 510	11	−4	19	12	99
Einkaaðilar	51	238	−275	1 630	400	26	38	−9	31	46
3. Fjármunamyndun										
Heildarfjárfesting	**1 086**	**3 927**	**14 127**	**28 900**	**31 000**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberar framkvæmdir	391	1 396	4 744	7 350	8 261	36	36	33	25	27
Íbúðarhús	233	964	3 495	6 490	7 570	21	24	25	23	24
Atvinnuvegir	462	1 567	5 888	15 060	15 169	43	40	42	52	49
4. Lántökur alls í % af fjármunamyndun	**28,3**	**25,8**	**39,5**	**39,2**	**26,7**					
5. Lántökur nettó í % af fjármunamyndun	**17,9**	**16,1**	**20,5**	**18,2**	**4,9**					

	Magnbreyting frá fyrra ári í %				
	1977	1980	1983	Spá 1986	Spá 1987
Einkaneysla	12,1	3,5	−8,3	5,0	1,5
Samneysla	1,1	4,0	5,5	3,0	1,7
Heildarfjárfesting	11,7	9,5	−12,3	0,0	2,2
Þjóðarútgjöld	13,5	5,7	−10,1	4,2	1,9
Verg landsframleiðsla	8,7	5,5	−5,0	5,0	2,2
Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	−2,4	−2,0	−2,0	−1,5	−0,4

Heimild: Seðlabanki, Þjóðhagsstofnun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 29 Löng erlend lán 1978-1987, flokkuð eftir lánnotendum

Í milljónum króna á meðalgengi hvers árs

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	Spá 1986	Áætlun 1987
1. Lántökur:										
Opinberir aðilar	184	307	540	853	2.267	3.705	4.111	5.727	5.700	2.550
Lánastofnanir	32	25	62	176	585	908	1.982	1.945	1.350	2.230
Einkaaðilar	139	209	411	669	781	964	1.416	2.255	4.300	3.500
Samtals	**355**	**541**	**1.013**	**1.698**	**3.633**	**5.577**	**7.509**	**9.927**	**11.350**	**8.280**
2. Afborganir:										
Opinberir aðilar	63	102	160	261	494	1.084	1.546	1.791	2.700	2.930
Lánastofnanir	18	26	49	69	166	351	491	658	720	720
Einkaaðilar	93	118	169	303	570	1.239	2.241	2.002	2.670	3.100
Samtals	**174**	**246**	**378**	**633**	**1.230**	**2.674**	**4.278**	**4.451**	**6.090**	**6.750**
3. Nettó hreyfing:										
Opinberir aðilar	121	205	380	592	1.773	2.621	2.565	3.936	3.000	−380
Lánastofnanir	14	−1	13	107	419	557	1.491	1.287	630	1.510
Einkaaðilar	46	91	242	366	211	−275	−825	253	1.630	400
Samtals	**181**	**295**	**635**	**1.065**	**2.403**	**2.903**	**3.231**	**5.476**	**5.260**	**1.530**
4. Vaxtagreiðslur:										
Opinberir aðilar	105	171	292	528	975	2.013	2.894	3.656	4.250	4.190
Lánastofnanir	15	23	35	68	132	298	449	692	820	840
Einkaaðilar	36	58	113	231	434	663	834	911	930	970
Samtals	**156**	**252**	**440**	**827**	**1.541**	**2.974**	**4.177**	**5.259**	**6.000**	**6.000**
5. Staða í árslok:										
Opinberir aðilar	1.315	1.966	3.054	4.863	9.847	21.973	29.475	42.293	50.910	50.530
Lánastofnanir	197	262	369	611	1.439	3.400	5.693	8.735	11.000	12.510
Einkaaðilar	458	702	1.200	2.047	3.618	6.754	7.391	9.829	12.710	13.110
Samtals	**1.970**	**2.930**	**4.623**	**7.521**	**14.904**	**32.127**	**42.559**	**60.857**	**74.620**	**76.150**
Gengisforsendur:*)										
SDR = krónur	3,40	4,58	6,23	8,51	13,71	26,60	32,38	42,18	48,46	48,46
6. Meðalvextir:										
Opinberir aðilar	8,6	9,5	10,8	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	8,8	8,3
Lánastofanir	8,3	8,8	9,3	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,8	7,4
Einkaaðilar	8,4	9,1	11,1	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,1	7,6
Meðaltal	**8,5**	**9,6**	**10,6**	**12,3**	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,5**	**8,0**

*) Meðalgengi áranna 1978-1985, en spá 1986 og 1987 er skv. gengi 30. júní 1986.

Fylgiskjal 1.

Yfirlit um stöðu framkvæmda við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús

Á árinu 1986 hefur verið unnið að uppgjöri á ýmsum framkvæmdum ríkisins. Af sameiginlegum framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga eru skólabyggingar og byggingar á sviði heilbrigðismála fyrirferðarmestar. Þær síðar nefndu eru ýmist undir stjórn Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins eða heimaaðila en í minna mæli þó. Þegar ríkið annast sameiginlegar framkvæmdir sér Innkaupastofnun ríkisins nær eingöngu um greiðslur og fjárreiður hlutaðeigandi framkvæmdar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og einstök sveitarfélög kunna þó að hafa innt einhverjar greiðslur af hendi sem hlutaðeigandi framkvæmd tengjast. Jafnframt kunna að vera útistandandi kröfur sem ekki hafa komið til skila. Þetta þarf að hafa í huga við lokauppgjör og skilamat á framkvæmdum.

Yfirlit það sem hér fer á eftir byggir á bókfærðum kostnaði hjá Innkaupastofnun ríkisins við hlutaðeigandi framkvæmd. Yfirlitið er ekki tæmandi um allar framkvæmdir á sviði heilbrigðismála, en eftir því sem uppgjörum einstakra verka miðar mun fjárveitinganefnd gerð grein fyrir niðurstöðum. Framkvæmdunum er skipt í tvo flokka. Til fyrri flokksins (A) teljast framkvæmdir þar sem allar greiðsluhreyfingar hafa verið metnar m.t.t. greiðsludags og í síðari flokknum (B) eru framkvæmdir þar sem byggt er á bókfærðum niðurstöðum samkvæmt bókhaldi Innkaupastofnunar ríkisins án tillits til greiðsludags.

Samkvæmt lögum nr. 59/1983, sbr. lög nr. 57/1978 og lög nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu, greiðir ríkissjóður stofnkostnað í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum á móti sveitarfélagum í hlutföllunum 85:15. Í uppgjöri á verkum hefur verið unnið út frá heildargreiðslum án tillits til þess hvenær greiðslur fara fram. Fjármálaráðherra hefur nú ákveðið í samráði við ríkisendurskoðun að frá og með áramótum 1986/87 verði tekið tillit til greiðsludags og verðlags hvort heldur eiga í hlut sveitarfélög eða ríkissjóður. Til samanburðar má geta þess að eftir að ákvörðun er tekin um byggingu grunnskóla, sem sveitarfélögin annast, þá eru greiðslur ríkissjóðs bundnar byggingarvísitölu greiðslumánaðar.

Hér fylgir töfluyfirlit er sýnir raunkostnað við einstakar byggingar (dálkur 1) eins og hann er á verðlagi frumvarpsins, þ.e. byggingarvísitölu 287 stig. Í öðru lagi er sýndur greiddur kostnaður frá upphafi verks til 15. september 1986 á verðlagi hvers tíma (dálkur 2). Þá er reiknaður þáttur sveitarfélaga í framkvæmdinni miðaður við þátttökuhlutfall (dálkur 3) borið saman við bókfærðar greiðslur þeirra (dálkur 4). Loks er sýndur mismunur greiðslna og skuldbindinga (dálkur 5) og það hlutfall sem greiðsla sveitarfélags stendur undir (dálkur 6). Á eftir töfluyfirliti fylgja skýringar um sérhverja framkvæmd.

Heilsugæslustöðvar og sjúkrahús

Fjárhagsyfirlit, bókfært hjá Innkaupastofnun ríkisins til 15. september 1986, í þús.kr.

	Heildar-kostn-aður[1])	Bókfærðar greiðslur	Hluti sveitar-félaga	Greiðslur sveitar-félaga	Mismunur	Framlag sveitar-félaga af kostn. %
A-flokkur						
1. Borgarspítali, sundlaug við Grensás ..	83.064	32.924	4.939	3.885	−1.054	11,8
2. Heilsugæslustöð Akranesi	4.533	2.919	438	—	−438	—
3. Heilsugæslustöð Stykkishólmi	20.800	7.247	1.087	868	−219	12,0
4. Heilsugæslustöð Ólafsvík	49.018	21.648	3.247	2.697	−550	12,5
5. Heilsugæslustöð Hólmavík	22.547	13.162	1.974	1.578	−396	12,0
6. Heilsugæslustöð Hvammstanga	41.062	15.870	2.380	2.250	−130	14,2
7. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Blönduósi	40.573	20.296	3.044	3.085	41	15,2
8. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Sauðárkróki	117.171	45.155	6.773	4.351	−2.422	9,7
9. Heilsugæslustöð Dalvík	41.520	5.190	779	505	−274	9,7
10. Heilsugæslustöð Þórshöfn	843	693	104	—	−104	—
11. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Neskaupstað	124.698	15.109	2.266	2.196	−70	14,5
12. Heilsugæslu og dvalarheimili Egilsstöðum	52.274	28.403	11.745	6.859	−4.886	24,2
13. Heilsugæslustöð Höfn í Hornafirði ...	46.306	1.628	244	191	−53	11,7
14. Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri .	20.570	1.126	169	174	5	15,4
15. Heilsugæslustöð Vik í Mýrdal	23.283	1.283	192	205	13	16,0
16. Heilsugæslustöð Hvolsvelli	22.432	6.692	1.004	905	−99	13,5
17. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Hafnarfirði	24.958	17.501	2.625	0	−2.625	—
18. Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi	23.157	6.229	934	510	−424	8,1
B-flokkur						
1. Sjúkrahús Patreksfirði	—	13.836	2.075	2.151	76	15,6
2. Sjúkrahús Ísafirði	—	89.819	13.473	11.084	−2.389	12,3
3. Læknisbústaðir Siglufirði	—	10.533	1.580	1.094	−486	10,4
4. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Seyðisfirði	—	22.968	3.445	3.990	545	17,4
5. Heilsugæslustöð Djúpavogi	—	571	86	—	−86	—
6. Sjúkrahús Selfossi	—	22.270	3.341	2.496	−845	11,2

1) Byggingarvísitala 287 stig.

A-flokkur

Borgarspítali, sundlaug við Grensásdeild

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 32.924 þús. kr. Hlutur Reykjavíkurborgar af þeim kostnaði (15%) er 4.939 þús. kr. Borgin hefur greitt 3.885 þús. kr. eða 11,8% og skuldar því 1.054 þús. kr. Enn er ólokið uppgjöri við verktaka en bú hans er til gjaldþrotaskipta. Reiknað er með að um 1,0 m.kr. þurfi úr ríkissjóði til að ljúka þessum viðskiptum og er þá framkvæmdum lokið að öðru leyti en því að lyfta er óuppsett og þarf til þess 1,8 m.kr. þar af er hlutur ríkisins 1,5 m.kr.

Heilsugæslustöð Akranesi, H2

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 2.919 þús. kr. Hlutur sveitarfélaga (15%) er 438 þús. kr. en ekkert framlag hefur verið bókfært frá þeim og viðskiptin eru óuppgerð. Gerður hefur verið grunnur undir heilsugæslustöð í væntanlegri viðbyggingu við sjúkrahúsið.

Heilsugæslustöð Stykkishólmi, H2

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 7.247 þús. kr. og 15% hlutur heimamanna er 1.087 þús. kr. Hafa þeir greitt 868 þús. kr. eða 12,0% og skulda því 219 þús. kr.

Stöðin er hluti af byggingu sjúkrahússins í Stykkishólmi og framkvæmdir og fjárreiður í höndum heimamanna.

Heilsugæslustöð Ólafsvík, H2

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 21.648 þús. kr. og 15% hlutur sveitarfélaga er 3.247 þús. kr. En greitt framlag er 2.697 þús. kr. eða 12,5% og er skuld þeirra því 551 þús. kr. Áætlað er að 3,0 m.kr. þurfi til tækjakaupa og 0,5 m.kr. til lagfæringar á lóð og er verkinu þar með lokið. Þessar tölur eru miðaðar við hlut ríkissjóðs (85%).

Heilsugæslustöð Hólmavík, H1

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 13.162 þús. kr. Hlutur sveitarfélaga 15% er 1.974 þús. kr. en þau hafa greitt 1.578 þús. kr. eða 12,0% og skulda því 396 þús.kr. Byggingarframkvæmdum er lokið en til fullbúa stöðina tækjum er áætlað að veita þurfi fjárveitingu úr ríkissjóði á næsta ári að fjárhæð 2,0 m.kr.

Heilsugæslustöð Hvammstanga, H2

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 15.870 þús. kr. og 15% hlutur sveitarfélaga er 2.380 þús. kr. Greiddar hafa verið 2.250 þús. kr. eða 14,2% og er skuld þeirra því 130 þús.kr. Eftir eru kaup á búnaði og lóðarlögun og er hlutdeild ríkissjóðs í þeim kostnaði áætluð 6,2 m.kr. Einnig óska heimamenn eftir 0,3 m.kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til greiðslu á skuld vegna frágangs setustofu.

Sjúkrahús og heilsugæslustöð, H2, Blönduósi

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 20.296 þús. kr. og 15% hlutur sveitarfélaga er 3.044 þús. kr. Þau hafa greitt 3.085 þús. kr. eða 15,2%. Heildarkostnaður (ríkis og sveitarfélaga) við að ljúka byggingunni er samkvæmt áætlun hönnuða 74 m.kr. fyrir utan lóðarlögun og búnað. Heimamenn biðja um 34,5 m.kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til að gera nýbyggingu tilbúna undir tréverk.

Sjúkrahús og heilsugæslustöð, H2, Sauðárkróki

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 45.155 þús. kr. en 15% hlutur sveitarfélaga er 6.773 þús. kr. Þau hafa greitt 4.351 þús. kr. eða 9,6% og skulda því 2.422 þús. kr. Innifrágangi nýbyggingar er lokið. Eftir er að kaupa lyftu og súrefnisstöð og einnig eru ógerðar svalir við húsið. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við þessa liði er áætlaður um 3,5 m.kr. Breyting á eldhúsi, sem unnin var á þessu ári, er óumsamin og óuppgerð og er kostnaður áætlaður 2,5 m.kr. Hlutdeild ríkissjóðs í kaupum á búnaði í skurðdeild er lauslega áætluð 6 m.kr. Lóð er ófrágengin.

Heilsugæslustöð Dalvík, H2

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 5.190 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna af þeirri fjárhæð 779 þús.kr. Þeir hafa greitt 505 þús. kr. eða 9,7% og skulda því 274 þús. kr. Byggingarframkvæmdum er lokið.

Heilsugæslustöð Þórshöfn, H1

Bókfærður kostnaður er á verðlagi hvers árs er 693 þús. kr. 15% hlutdeild heimamanna er 104 þús. kr. en þeir hafa ekkert greitt. Til að ljúka verksamningi um fokhelt hús þarf um 1 m.kr. úr ríkissjóði. Verkinu átti á skila 1. september s.l. en því var ekki lokið þá. Kostnaður við lokafrágang hússins eftir að það verður fokhelt, fullfrágengið að utan, þak fullfrágengið, lokið við glerjun, húsið málað að utan og lóð frágengin, er áætlaður um 13,3 m.kr. miðað við byggingarvísitölu 287 stig, þar af er hlutur ríkissjóðs 11,3 m. kr.

Sjúkrahús og heilsugæslustöð, H2, Neskaupstað

Bókfærður byggingarkostnaður á verðlagi hvers árs er 15.109 þús. kr. og 15% hlutur heimamanna er 2.266 þús. kr. Þeir hafa greitt 2.196 þús. kr. eða 14,5 % og skulda því 70 þús. kr. Heimamenn biðja um fjárveitingu úr ríkissjóði á næsta ári er nemur 5,2 m.kr., þar af 1,7 m.kr. til að ljúka lóðarlögun og vararafstöð og breyta eldhúsi og borðstofu. Til tækjakaupa eru ætlaðar 3,4 m.kr.

Sjúkrahús, heilsugæslustöð, H2, og dvalarheimili Egilsstöðum

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 28.403 þús. kr. Samkvæmt samningi ber heimamönnum að greiða 41,35% af byggingarkostnaði og er það 11.745 þús. kr. Þeir hafa greitt 6.859 þús. kr. eða 24,15% og skulda því 4.886 þús. kr. Þess skal getið að ekki hefur verið samið um framkvæmdir á árunum 1977—1982 sem heimamenn greiddu og eru þær greiðslur meðtaldar í kostnaði. Heimamenn hafa frá upphafi séð um framkvæmdir. Úr ríkissjóði hefur verið veitt lán að fjárhæð 1,6 m.kr. til að ljúka yfirstandandi útboðsverki, en sú tala er ekki í þeim fjárhæðum sem hér eru tilgreindar. Til þess að ljúka byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilins þarf fjárveiting úr ríkissjóði (58,65%) að nema 12,6 m.kr. (Í fjárlögum 1986 skiptust framlög til þessara framkvæmda jafnt á milli ríkissjóð og Framkvæmdasjóðs aldraðra, 3,5 m.kr. frá hvorum aðila).

Heilsugæslustöð Höfn í Hornafirði, H2

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 1.628 þús. kr. og 15% hlutur heimamanna er 244 þús. kr. Þeir hafa greitt 191 þús. kr. eða 11,7% og skulda 53 þús. kr. Framkvæmdum lauk 1984 en lokauppgjör hefur ekki farið fram. Heimamenn gera tillögu um 0,8 m.kr. úr ríkissjóði á næsta ári til að malbika bílastæði.

Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri, H1

Bókfærður kostnaður á verðlagi hvers árs er 1.126 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 169 þús. kr. Þeir hafa greitt 174 þús. kr. eða 15,4% og er það 5 þús. kr. umfram hlutdeild. Byggingarframkvæmdum lauk í desember 1983 en lokauppgjör hefur ekki farið fram.

Heilsugæslustöð Vík í Mýrdal, H1

Bókfærður byggingarkostnaður miðað við verðlag hvers árs er 1.283 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 192 þús. kr. Þeir hafa greitt 205 þús. kr. eða 16% og er það 13 þús. kr. umfram hlutdeild. Byggingarframkvæmdum lauk í maí 1984 en lokauppgjör hefur ekki farið fram.

Heilsugæslustöð Hvolsvelli, H1

Bókfærður byggingarkostnaður miðað við verðlag hvers árs er 6.692 þús. kr. og er 15% hlutur heimamanna þar af 1.004 þús. kr. Þeir hafa greitt 13,5% eða 905 þús. kr. og skulda því 99 þús. kr. Byggingu hússins er lokið.

Heilsugæslustöð Hafnarfirði, H2

Sala varnarliðseigna (B-hluti) 169
Samband íslenskra myndlistarmanna 57
Sambýli Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi 116
Sambýli Akurgerði, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Auðarstræti 15, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Árvegi 8, Selfossi, málefni fatlaðra, Suðurlandi 118
Sambýli Borgarhlíð 3, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 117
Sambýli Byggðavegi 91, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 117
Sambýli Drekavogi 16, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Drekavogi 16, málefni fatlaðra, Reykjavík 115
Sambýli Egilsstöðum, málefni fatlaðra, Austurlandi 117
Sambýli einhverfra, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Garðabæ, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Sambýli Háteigsvegi 6, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Sambýli Siglufirði, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 116
Sambýli Sigluvogi 5, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Sóleyjargötu, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Sambýli Vanabyggð 4c, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 117
Sambýli Víðihlíð 11, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Víðihlíð 5, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sambýli Víðihlíð 7, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Sameiginleg útgjöld, Háskóli Íslands 17
Sameiginleg þjónusta, skólar fyrir þroskaheft börn 47
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) 163
Sameiginlegur kostnaður, tollamál 140
Sameindalíffræðiþing Evrópu 69
Sameinuðu þjóðirnar, UN 68

Bls.
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir ... 68
Samgönguráðuneyti ... 144
Samgönguráðuneyti, B-hluti ... 186
Samningar við erlend ríki, utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 62
Samráðsnefnd um ferlimál, málefni fatlaðra ... 114
Samráðsnefnd, málefni fatlaðra ... 114
Samskipti við Vestur-Íslendinga ... 68
Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun ... 58
Samstarfsnefnd um upplýsingamál ... 58
Samstarfsráðherra Norðurlanda ... 156
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 131
Samvinnuskólinn ... 39
Sauðfjárveikivarnir ... 74
Sementsverksmiðja ríkisins (B-hluti) ... 191
Sendiráð Íslands hjá Evrópubandalaginu ... 66
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu ... 63
Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO ... 66
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn ... 63
Sendiráð Íslands í London ... 64
Sendiráð Íslands í Moskvu ... 64
Sendiráð Íslands í Ósló ... 64
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO ... 65
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi ... 65
Sendiráð Íslands í Washington ... 65
Sendiráð, almennt ... 67
Setlagarannsóknir, ýmis orkumál ... 155
Setu- og varadómarar, dómsmál, ýmis starfsemi ... 106
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka, Alþingi ... 11
Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn, Búnaðarfélag Íslands ... 71
Sérleyfissjóður ... 150
Sérleyfissjóður (B-hluti) ... 189
Siglingadómur ... 106
Siglingamálastofnun ríkisins ... 147
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 55
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti) ... 165
Síldarverksmiðjur ríkisins (B-hluti) ... 175
Síma- og útvarpskostnaður, Veðurstofa Íslands ... 149
Símakerfi, Heyrnleysingjaskólinn ... 47
Símakerfi, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli ... 63
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið ... 143
Síminn og fjarskipti, lögreglustjórinn í Reykjavík ... 90
Símstöð og tölvubúnaður, Sakadómur Reykjavíkur ... 89
Sjálfsbjörg Akureyri, málefni fatlaðra ... 126
Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi ... 85
Sjávarútvegsráðuneyti ... 81
Sjávarútvegsráðuneyti, B-hluti ... 175
Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga ... 69
Sjómannadagsráð ... 120

Bls.

Sjómannasamtök, lögskráning ... 120
Sjómannaskólahúsið ... 38
Sjómannastofur ... 121
Sjómerki, Vitastofnun Íslands ... 146
Sjóminjasafn Íslands ... 60
Sjómælingar og sjókortagerð, Landhelgisgæsla Íslands ... 104
Sjónstöð Íslands ... 125
Sjóvarnargarðar, Hafnamál ... 146
Sjóvarnargarðar, Landgræðslu- og landverndaráætlun ... 76
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur ... 85
Sjúkrahús og læknisbústaðir ... 127
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi ... 129
Sjúkrahúsið Akranesi ... 129
Sjúkrahúsið Egilsstöðum ... 129
Sjúkrahúsið Húsavík ... 129
Sjúkrahúsið Keflavík ... 129
Sjúkrahúsið Patreksfirði ... 129
Sjúkrahúsið Sauðárkróki ... 129
Sjúkrahúsið Seyðisfirði ... 129
Sjúkrahúsið Siglufirði ... 129
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum ... 129
Sjúkrakostnaður refsifanga ... 108
Sjúkraliðaskóli Íslands ... 132
Sjúkratryggingar, Tryggingastofnun ríkisins ... 122
Skammtímavistun Dalbraut, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 114
Skammtímavistun Víðihlíð 9, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 114
Skammtímavistun, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 115
Skattstofa Austurlands ... 137
Skattstofa Norðurlands eystra ... 137
Skattstofa Norðurlands vestra ... 136
Skattstofa Reykjaness ... 138
Skattstofa Suðurlands ... 137
Skattstofa Vestfjarða ... 136
Skattstofa Vestmannaeyja ... 138
Skattstofa Vesturlands ... 136
Skattstofan í Reykjavík ... 135
Skattstofur, sameiginleg útgjöld ... 138
Skákmót, styrkir ... 59
Skáksamband Íslands ... 59
Skálholtsskóli ... 43
Skálholtsstaður, ýmis kirkjuleg málefni ... 110
Skilorðseftirlit ríkisins ... 104
Skipaútgerð ríkisins ... 145
Skipaútgerð ríkisins (B-hluti) ... 187
Skipulag á landi Keldna og Keldnaholts, Rannsóknaráð ríkisins ... 21
Skipulagsstjóri ríkisins ... 113
Skíðakennsla í skólum ... 46
Skógrækt einstaklinga, styrkir, Skógrækt ríkisins ... 72

Bls.

Skógrækt ríkisins ... 72
Skógræktarfélag Íslands ... 78
Skóladagheimilið Lindarflöt 41 ... 47
Skólar fyrir þroskaheft börn ... 47
Skólar heilbrigðisstétta ... 132
Skráning hlutafélaga ... 157
Skrifstofa og lögreglustöð, sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík ... 97
Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs ... 14
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 85
Skrifstofa, Námsgagnastofnun ... 32
Skrifstofu- og alþingiskostnaður, Alþingi ... 11
Skrifstofubúnaður o.fl., ríkissaksóknari ... 88
Skrifstofubúnaður, viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 156
Skrifstofuhúsnæði, bæjarfógeti Kópavogi ... 102
Skrifstofuhúsnæði, sýslumaður Hólmavík ... 94
Skrifstofuhúsnæði, sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri ... 96
Skrifstofuhúsnæði, sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík ... 101
Skrifstofuhúsnæði, Verðlagsstofnun ... 157
Skúlagata 4, skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 85
Skýrsludeild, Fiskifélag Íslands ... 81
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna ... 143
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds ... 143
Slysatryggingar, Tryggingastofnun ríkisins ... 122
Slysavarnafélag Íslands ... 121
Snjóflóða- og skriðufallavarnir ... 121
Snjóflóðavarnir, Veðurstofa Íslands ... 149
Sólborg, vistheimili, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 117
Sólheimar, bifreið, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 118
Sólheimar, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 118
Sólvangur, Hafnarfirði ... 129
St. Jósefsspítali, Landakoti ... 128
Starfsemi KFUM og KFUK, Æskulýðsmál ... 59
Starfskostnaður, Alþingi ... 11
Starfslaun listamanna ... 56
Starfsþjálfun, málefni fatlaðra ... 114
Stjórn fiskveiða, sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi ... 85
Stjórnarnefnd, málefni fatlaðra ... 114
Stjórnarnefnd, stofnkostnaður, Ríkisspítalar ... 126
Stjórnarnefnd, viðhald, Ríkisspítalar ... 126
Stjórnarráðshús ... 14
Stjórnartíðindi ... 87
Stjórnskipaðir prófdómarar, grunnskólar, almennt ... 46
Stjórnsýsluhús á Ísafirði, ýmsar fasteignir ríkissjóðs ... 142
Stjórnsýsluhús, bæjarfógeti Vestmannaeyjum ... 100
Stjórnsýsluhús, sýslumaður Búðardal ... 93
Stoðdeildir, rannsóknastofur, Ríkisspítalar ... 126
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra, Ríkisspítalar ... 126
Stofnkostnaður deilda, Veðurstofa Íslands ... 149

Bls.

Stofnkostnaður, Héraðsskólar, almennt 42
Stofnkostnaður, óskipt, Hollustuvernd ríkisins 124
Stofnkostnaður, óskipt, Landgræðsla ríkisins 73
Stofnkostnaður, óskipt, sendiráð, almennt 67
Stofnlánadeild landbúnaðarins 77
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 19
Stóra-Ármót, Rannsóknastofnun landbúnaðarins 72
Stórmeistarar í skák 59
Stórólfsvallabúið (B-hluti) 172
Stórstúka Íslands 132
Strandferðir, framlög 145
Stúdentagarðar 49
Styrking dreifikerfis í sveitum, Orkusjóður 154
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum 49
Styrkur til útgáfustarfa, náms- og fræðimenn, framlög 49
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 34
Stærðfræðistofa, Raunvísindastofnun háskólans 19
Sumarbúðir í Botni, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 117
Sumardvalarheimili í Reykjadal, málefni fatlaðra 126
Sumardvöl Egilsá, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 116
Sundskylda í skólum 46
Sveiflusjá í r/s Bjarna Sæmundsson, Hafrannsóknastofnun 82
Sveitarafvæðing, Orkusjóður 154
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Austurlandi 117
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 117
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 116
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Suðurlandi 118
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Vestfjörðum 116
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Vesturlandi 116
Sýslumaður Blönduósi 94
Sýslumaður Borgarnesi 92
Sýslumaður Búðardal 92
Sýslumaður Hólmavík 94
Sýslumaður Hvolsvelli 99
Sýslumaður Höfn í Hornafirði 99
Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri 96
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði 98
Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði 101
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík 97
Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði 94
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík 101
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki 95
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi 100
Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði 97
Sýslumaður Patreksfirði 93
Sýslumaður Stykkishólmi 92

Bls.

Sýslumaður Vík í Mýrdal ... 99
Sýslumenn og bæjarfógetar ... 91
Sýsluvegafé, Vegagerð ríkisins ... 144
Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla ... 84
Söluskattur, endurgreiðsla vegna snjómoksturs ... 143
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar ... 109

T

Tannlæknadeild, Háskóli Íslands ... 17
Teiknistofa, Húsameistari ríkisins ... 15
Til blaðanna, að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar ... 143
Til Cornell- og Manitobaháskóla ... 60
Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka ... 143
Tilkynningarskylda íslenskra skipa ... 148
Tilraunabúið Hesti (B-hluti) ... 170
Tilraunabúið Hesti, Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 72
Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands ... 78
Tilraunastöð háskólans á Keldum ... 18
Tilraunastöðin Möðruvöllum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 72
Tilraunastöðin Reykhólum (B-hluti) ... 170
Tilraunastöðin Reykhólum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 72
Tilraunastöðin Sámsstöðum (B-hluti) ... 171
Tilraunastöðin Sámsstöðum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 72
Tilraunastöðin Skriðuklaustri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 72
Tilraunir og rannsóknastörf, Garðyrkjuskóli ríkisins ... 80
Tilraunir, Vegagerð ríkisins ... 144
Tímabundin verkefni, Hafrannsóknastofnun ... 82
Tollamál ... 140
Tollasamvinnuráðið, CCC ... 68
Tollgæsla ... 140
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli ... 63
Tollstjórinn í Reykjavík ... 139
Tollstöðvarhús (B-hluti) ... 185
Tónlistarfræðsla ... 38
Tónlistarsaga Íslands ... 60
Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir ... 38
Tónlistarskólinn í Reykjavík ... 38
Tónlistarstarfsemi, styrkir ... 57
Tónskóli þjóðkirkjunnar ... 109
Tryggingabætur skv. kjarasamningum ... 143
Tryggingaeftirlitið ... 123
Tryggingastofnun ríkisins ... 122
Trönuhólar 1, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 114
Tæki í r/s Árna Friðriksson, Hafrannsóknastofnun ... 82
Tækjabúnaður ... 140

Bls.
Tækjabúnaður deilda og útibúa, Hafrannsóknastofnun 82
Tækjabúnaður o.fl., Hótel- og veitingaskóli Íslands 35
Tækjabúnaður o.fl., Hæstiréttur 88
Tækjabúnaður o.fl., Kennaraháskóli Íslands 26
Tækjabúnaður o.fl., Tækniskóli Íslands 33
Tækjabúnaður rannsóknadeildar fisksjúkdóma, Tilraunastöð háskólans á Keldum . 18
Tækjabúnaður stofnunar, Landhelgisgæsla Íslands 104
Tækjabúnaður, félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa 112
Tækjabúnaður, Iðnskólar, almennt 35
Tækjabúnaður, Iðntæknistofnun Íslands 151
Tækjabúnaður, Landmælingar Íslands 149
Tækjabúnaður, Orkustofnun 154
Tækjabúnaður, Rafmagnseftirlit ríkisins 154
Tækjabúnaður, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 152
Tækjabúnaður, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 83
Tækjabúnaður, Rannsóknastofnun landbúnaðarins 72
Tækjabúnaður, Raunvísindastofnun háskólans 19
Tækjabúnaður, Ríkismat sjávarafurða 83
Tækjabúnaður, Stýrimannaskólinn í Reykjavík 34
Tækjabúnaður, skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 86
Tækjabúnaður, sýslumenn og bæjarfógetar 91
Tækjabúnaður, Tilraunastöð háskólans á Keldum 18
Tækjabúnaður, Tölvumál 159
Tækjabúnaður, Vélskóli Íslands 33
Tækjabúnaður, Þjóðskjalasafn Íslands 51
Tækjakaup og ýmis stofnbúnaður, vinnuhælið Litla-Hrauni 103
Tækjakaup vegna búreksturs, Bændaskólinn á Hvanneyri 79
Tækjakaup, Garðyrkjuskóli ríkisins 80
Tækni- og veðurathuganadeild, Veðurstofa Íslands 149
Tæknideild og námskeið í meðferð fiskleitartækja, Fiskifélag Íslands 81
Tækniskóli Íslands 33
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Tölvubúnaður o.fl., Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa 158
Tölvubúnaður o.fl., Þjóðskráin 158
Tölvubúnaður og tæki, skattstofur, sameiginleg útgjöld 139
Tölvubúnaður, borgardómarinn í Reykjavík 89
Tölvubúnaður, borgarfógetinn í Reykjavík 89
Tölvubúnaður, Framhaldsskólar, almennt 26
Tölvubúnaður, Ríkisendurskoðun 12
Tölvubúnaður, Skógrækt ríkisins 73
Tölvubúnaður, samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa 144
Tölvubúnaður, utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 62
Tölvubúnaður, Vita- og hafnamálaskrifstofan 145
Tölvudeild, Veðurstofa Íslands 149
Tölvukaup, forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa 14
Tölvumál 159
Tölvunefnd, dómsmál, ýmis starfsemi 107
Tölvuvinnsla, lögreglustjórinn í Reykjavík 90

Bls.

Tölvuvinnsla, Umferðarráð 106
Tölvuvæðing í grunnskólum 46
Tölvuvæðing, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 122
Tölvuvæðing, tollamál 140

U

Umferðarfræðsla í skólum 46
Umferðarráð 106
Unglingaheimili ríkisins 48
Unglingaheimili ríkisins (B-hluti) 163
Unglingaheimili, skóli 46
Ungmennafélag Íslands 59
Uppbætur á lífeyri 141
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 78
Uppgjör, bæjarfógeti Ólafsfirði 96
Uppgjör, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 29
Uppgjör, Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum 29
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi, utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 62
Upplýsingamál, Rannsóknaráð ríkisins 21
Utanríkisráðuneyti 62
Utanríkisráðuneyti, B-hluti 167

Ú

Útflutnings- og markaðsskólinn 60
Útflutningsráð Íslands 157
Útgáfa Hæstaréttardóma, Hæstiréttur 88
Útgáfa lagasafns, dómsmál, ýmis starfsemi 107
Útgáfa lyfjaverðskrár 130
Útgáfa norræns dómasafns, dómsmál, ýmis starfsemi 107
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda 11
Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum 141
Útibú Akureyri, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 124
Útibú á Akureyri, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 82
Útibú á Húsavík, Hafrannsóknastofnun 82
Útibú á Höfn í Hornafirði, Hafrannsóknastofnun 82
Útibú á Ísafirði, Hafrannsóknastofnun 82
Útibú á Ísafirði, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 82
Útibú í Neskaupstað, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 82
Útibú í Ólafsvík, Hafrannsóknastofnun 82
Útibú í Vestmannaeyjum, Hafrannsóknastofnun 82
Útlendingaeftirlit, lögreglustjórinn í Reykjavík 90
Útvarpsréttarnefnd 60

V

Bls.

V/s Óðinn, Landhelgisgæsla Íslands 104
V/s Týr, Landhelgisgæsla Íslands 104
V/s Ægir, Landhelgisgæsla Íslands 104
Varnargirðingar, Sauðfjárveikivarnir 74
Varnarmálaskrifstofa 62
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar 63
Vatnsveitur 113
Veðurfarsdeild, Veðurstofa Íslands 149
Veðurfræðirannsóknir, Veðurstofa Íslands 149
Veðurspádeild, Veðurstofa Íslands 149
Veðurstofa Íslands 149
Veðurstöðvar, Veðurstofa Íslands 149
Veðurþjónusta vegna millilandaflugs, Veðurstofa Íslands 149
Vegagerð ríkisins 144
Vegagerð ríkisins, áhaldahús (B-hluti) 186
Veiðarfærakostnaður, Hafrannsóknastofnun 82
Veiðieftirlit 84
Veiðimálastofnunin 75
Veiðistjóri 71
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 74
Verðlagsráð sjávarútvegsins 83
Verðlagsstofnun 156
Verkfræðideild, Háskóli Íslands 17
Verkmenntaskóli Austurlands 30
Verkmenntaskóli á Akureyri 31
Verkstjórnarnámskeið, Iðntæknistofnun Íslands 151
Vernd barna og ungmenna 48
Verndaður vinnustaður Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi 116
Verndaður vinnustaður Bjargi, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 117
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum, málefni fatlaðra, Austurlandi 117
Verndaður vinnustaður Selfossi, málefni fatlaðra, Suðurlandi 118
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra, Suðurlandi 118
Verndaður vinnustaður, Örvi, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Verslunarskóli Íslands 39
Vélar og áhöld, Bændaskólinn á Hólum 80
Vélar og áhöld, Bændaskólinn á Hvanneyri 79
Vélar og tæki, Fasteignamat ríkisins 141
Vélar og tæki, Landgræðsla ríkisins 73
Vélar og tæki, Skógrækt ríkisins 73
Vélar og tæki, Tollgæsla 140
Vélar og tæki, Veiðimálastofnunin 75
Vélskóli Íslands 33
Viðbygging, Raunvísindastofnun háskólans 19
Viðhald á embættisbústað, skattstofa Vestfjarða 136
Viðhald flugskýlis, Landhelgisgæsla Íslands 104
Viðhald húsnæðis o.fl., St. Jósefsspítali, Landakoti 128
Viðhald húsnæðis, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 129

Bls.

Viðhald, óskipt, Borgarspítalinn, Reykjavík 127
Viðhald, óskipt, Hafrannsóknastofnun 82
Viðhald, óskipt, ýmis sjúkrahús 129
Viðhaldsfé, óskipt, Framhaldsskólar, almennt 25
Viðhaldsfé, óskipt, Héraðsskólar, almennt 42
Viðhaldsfé, óskipt, Húsmæðraskólar 37
Viðhaldsfé, óskipt, heilsugæslustöðvar 130
Viðhaldsfé, óskipt, Landgræðsla ríkisins 73
Viðhaldsfé, óskipt, sendiráð, almennt 67
Viðskiptadeild, Háskóli Íslands 17
Viðskiptaráðuneyti 156
Viðvörunarkerfi o.fl., listasafn Ásgríms Jónssonar 52
Viðvörunarkerfi, neyðarbúnaður o.fl., Almannavarnir ríkisins 105
Vinnueftirlit ríkisins 119
Vinnuhælið Kvíabryggju 103
Vinnuhælið Litla-Hrauni 103
Vinnumál 120
Vinnustofan Ás, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Vistanir, málefni fatlaðra 114
Vistheimili við Holtaveg, málefni fatlaðra, Reykjavík 114
Vistheimilið Skálatúni, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Vistheimilið Sólborg, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 117
Vistheimilið Tjaldanesi, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Vistun kvenfanga 108
Vita- og hafnamálaskrifstofan 145
Vitabyggingar, Vitastofnun Íslands 146
Vitamálastjórn, áhaldahús og Seljavegur 32 (B-hluti) 187
Vitastofnun Íslands 146
Vísinda- og fræðistörf 58
Vísindaleg starfsemi, styrkir 58
Vísindasjóður 55
Vísindasjóður (B-hluti) 165
Vöruþróun í iðnaði, Iðntæknistofnun Íslands 151

Y

Yfirdýralæknir 75
Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings, Alþingi 11
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð 126

Ý

Ýmis eignakaup, Borgarspítalinn, Reykjavík 127
Ýmis eignakaup, Náttúrufræðistofnun Íslands 21
Ýmis eignakaup, St. Jósefsspítali, Landakoti 128
Ýmis framlög, Búnaðarfélag Íslands 71
Ýmis framlög, félagsmál 121

Bls.

Ýmis framlög, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 131
Ýmis innheimtukostnaður 143
Ýmis íþróttamál 59
Ýmis kirkjuleg málefni 110
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 160
Ýmis löggæslukostnaður 107
Ýmis orkumál 155
Ýmis sameiginlegur kostnaður 143
Ýmis sjúkrahús 129
Ýmis stofnkostnaður, Alþingi 12
Ýmis tæki, Geislavarnir ríkisins 125
Ýmis tæki, iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 151
Ýmis tæki, Námsgagnastofnun 32
Ýmis tæki, Siglingamálastofnun ríkisins 147
Ýmis utanríkismál 68
Ýmis verkefni, landbúnaðarmál, ýmis starfsemi 78
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 142
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs (B-hluti) 185

Þ

Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO 58
Þéttbýlisvegafé, Vegagerð ríkisins 144
Þingfararkaup alþingismanna 11
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu 11
Þingmannanefndir Evrópuráðsins 11
Þingmannasamtök NATO 11
Þingvallabær o.fl., Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd 16
Þjálfunarskóli Akureyri (Sólborg) 47
Þjálfunarskóli geðdeildar barnaspítala Hringsins 47
Þjálfunarskóli Kópavogshælis 47
Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási við Stjörnugróf 47
Þjálfunarskóli ríkisins Safamýri 47
Þjálfunarskóli Tjaldanesi 47
Þjálfunarskólinn Sólheimum 47
Þjóðarbókhlaða 56
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd 16
Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, Náttúruverndarráð 54
Þjóðgarðurinn Skaftafelli, Náttúruverndarráð 54
Þjóðhagsstofnun 14
Þjóðleikhús 55
Þjóðleikhúsið (B-hluti) 165
Þjóðminjasafn Íslands 51
Þjóðskjalasafn Íslands 51
Þjóðskráin 158
Þjóðvegir og brýr, nýframkvæmdir, Vegagerð ríkisins 144
Þjóðvegir, Vegagerð ríkisins 144

Bls.

Þjónustudeildir, Ríkisspítalar 126
Þjónustumiðstöð Bræðratungu, málefni fatlaðra, Vestfjörðum 116
Þjónustumiðstöð Vonarlandi, málefni fatlaðra, Austurlandi 117
Þroskaþjálfaskóli Íslands 133
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 68
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 67
Þungaskattsálagning með ökumælum 143
Þýðingarsjóður, listir, framlög 57

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 26
Æskulýðsráð ríkisins 59
Æskulýðssamband Íslands 59
Æskulýðsstarf, biskup Íslands 108

Ö

Öleftirlit 108
Önnur leiklistarstarfsemi, listir, framlög 57
Önnur starfsemi, málefni fatlaðra 126
Örnefnastofnun 20
Örvi, verndaður vinnustaður, málefni fatlaðra, Reykjanesi 115
Öryggismálanefnd 14
Öskjuhlíðarskóli 47

Efnisyfirlit

		Bls.
A-hluti:	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	3
	Rekstrarreikningur	4
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	11
	Æðsta stjórn ríkisins	11
	Forsætisráðuneyti	14
	Menntamálaráðuneyti	17
	Utanríkisráðuneyti	62
	Landbúnaðarráðuneyti	70
	Sjávarútvegsráðuneyti	81
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	87
	Félagsmálaráðuneyti	112
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	122
	Fjármálaráðuneyti	134
	Samgönguráðuneyti	144
	Iðnaðarráðuneyti	151
	Viðskiptaráðuneyti	156
	Hagstofa Íslands	158
	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	159
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	161
Heimildir		194
Athugasemdir		199
1	Inngangur	199
2	Fjárlagafrumvarp 1986, yfirlit	200
3	Tekjuhlið	208
4	Gjaldahlið	215
5	Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	296
6	Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs	306
7	Lánsfjáráætlun	314
8	Horfur í ríkisfjármálum 1988–1990	325
Töfluviðauki		329
Fylgiskjal 1:	Yfirlit um stöðu framkvæmda við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús	355
Fylgiskjal 2:	Skrá yfir aukafjárveitingar janúar–september 1986	361
Skrá yfir stofnanir og viðfangsefni (A- og B-hluti) í stafrófsröð		369

Sþ. 2. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um haf- og fiskveiðasafn.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í samráði við sjávarútvegsráðherra nefnd til að gera áætlun um stofnun og rekstur haf- og fiskveiðasafns. Skal safnið gefa mynd af hafsvæðunum umhverfis Ísland, eðli þeirra, lífi og lífsskilyrðum í hafinu, fiskveiðum Íslendinga fyrr og nú, ásamt annarri nýtingu og vernd auðæfa hafsins, svo og meðferð og sölu sjávarfangs fyrr og nú. Í safninu skal einnig fjallað um landhelgismál Íslendinga, þróun þeirra, baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar og landhelgisgæsluna. Í safninu skal beitt fullkomnustu sýningartækni sem völ er á.

Nefndin skal gera fjárhagsáætlun um uppbyggingu slíks safns, hugsanlega í áföngum. Kanna skal möguleika á að nota hluta af sýningarefni sem kjarna minni safna víðs vegar um landið og bæta þá við því sem er sérkennilegt í hverju byggðarlagi eða tengja þeim söfnum sem fyrir eru.

Leggja skal skýrslu nefndarinnar og fjárhagsáætlanir fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Í upphafi þessarar greinargerðar er rétt að árétta að hér er ekki átt við fiska- eða sædýrasafn, né heldur sjóminjasafn sem þegar er raunar fyrir hendi hér á landi.

Tillagan miðar að því að nefnd geri áætlun um að koma upp haf- og fiskveiðasafni þar sem ítarlega og með bestu tækni, sem völ er á, væri fjallað um þennan höfuð- og undirstöðuatvinnuveg íslensku þjóðarinnar. Ekki er í tillögunni tekin afstaða til þess hvar safninu yrði valinn staður. Vel mætti til dæmis hugsa sér að það yrði á Akranesi þar sem þegar er myndarlegt safn að Görðum. Akranes er og mikill útgerðarbær í næsta nágrenni við mestu þéttbýlissvæðin. Þangað eru og greiðar samgöngur á sjó og landi.

Slíkt safn væri áhrifamikið fræðslutæki fyrir unga sem aldna og gæfi margvíslegar upplýsingar um lífríki hafsins hér á norðurslóðum, og ekki síður auðæfi hafsvæðanna, baráttuna fyrir vernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins og sögu landhelgisbaráttunnar frá öndverðu. Tvímælalaust er mikil nauðsyn á fræðslu af því tagi sem slíkt safn mundi veita, ekki síst þar sem þeim fer nú sífellt fjölgandi hér á landi sem alast upp án nokkurra tengsla við umhverfi er tengist fiskverkun, sjósókn og sjávarútvegi.

Hjá öðrum þjóðum, er mjög byggja afkomu sína á siglingum og sjávarútvegi, eru í mörgum borgum söfn er tengjast sjósókn og siglingum. Má til dæmis minna á að í Björgvin í Noregi eru þrjú söfn á þessu sviði, siglingasafn, fiskveiðasafn og fiskasafn.

Það er sannfæring tillögumanns að ekki sé aðeins rétt að koma upp safni eins og hér um ræðir heldur sé okkur Íslendingum það beinlínis skylt. Slíkt safn mundi veita ungum sem öldnum ómetanlega fræðslu um þau mál er tilvera okkar og afkoma grundvallast á umfram allt annað.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um frídag sjómanna.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson.

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur íslenskra sjómanna. Sé fyrsti sunnudagur í júní hvítasunnudagur skal næsti sunnudagur þar á eftir vera frídagur sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 108. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi þá greinargerð sem efnislega var á þessa leið:

Íslenskir sjómenn helguðu sér fyrir allmörgum áratugum fyrsta sunnudag í júní og gerðu að sérstökum hátíðisdegi sínum. Þessi dagur hefur hins vegar ekki verið lögskipaður frídagur sjómanna og því ekki verið almennur frídagur stéttarinnar.

Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna að þessi dagur yrði lögskipaður frídagur. Málinu var upphaflega hreyft á Alþingi 1984 og þá í formi fyrirspurnar til sjávarútvegsráðherra. Ráðherra var að því spurður hvort hann hygðist beita sér fyrir því að sjómannadagurinn yrði lögskipaður frídagur og að það yrði á yfirstandandi þingi. Í svari sínu sagði sjávarútvegsráðherra m.a. orðrétt: „Ég hefi þrátt fyrir mínar yfirlýsingar ekki viljað beita mér fyrir því á þessu þingi að svo verði, en tel hins vegar sjálfsagt að taka það upp á næsta þingi, enda er stutt eftir af þessu þingi og ekki öruggt að slíkt mál næði hér fram að ganga, nema mjög góð samstaða væri um það.“

Þegar fjórar vikur voru eftir af þingtímanum í fyrra og sá frestur var að renna út er þingmenn hafa skv. þingsköpum til að leggja fram ný mál án afbrigða fluttu ofanritaðir þetta mál á Alþingi, en það varð eigi útrætt.

Í umræðum um málið í fyrra kom réttilega fram sú ábending að gera yrði ráð fyrir því í frumvarpinu að hvítasunnudagur gæti verið fyrsti sunnudagur í júní og að frídagur sjómanna flyttist þá til. Tillit er nú tekið til þessa í 1. gr. frumvarpsins.

Í umræðum um mál þetta hefur því m.a. verið haldið fram að ekki sé unnt að lögbinda frídag sjómanna því ekki sé unnt að skipa öllum íslenskum farskipum að sigla til hafnar þann dag. Auðvitað hefur engum til hugar komið að stöðva siglingar íslenskra farskipa þennan dag, hvar svo sem þau væru stödd á heimshöfunum, en það á auðvitað ekki að koma í veg fyrir að frídagur sjómanna verði lögskipaður.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að með því að lögskipa sjómannadaginn sem frídag sé Alþingi fyrir þjóðarinnar hönd að sýna sjómannastéttinni heiður og virðingu sem raunar hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um embætti umboðsmanns barna.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Kristín S. Kvaran, Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir.

2. gr.

Setja skal á stofn embætti umboðsmanns barna er starfi í dómsmálaráðuneytinu. Ráðherra skipar umboðsmann til fjögurra ára í senn. Umboðsmaðurinn skal hafa sérþekkingu á sviði uppeldismála og málefna er varða velferð barna.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sjö manna ráð til fjögurra ára í senn, sem vera skal umboðsmanni til ráðgjafar, eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Barnaverndarráðs Íslands, Fóstrufélags Íslands, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, Kennarasambands Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Félags þroskaþjálfa og Félags uppeldisfræðinga. Kostnaður af störfum ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Umboðsmaður barna skal vinna að þeim málum er sérstaklega snerta hagsmuni barna og hafa frumkvæði að úrbótum þar sem hann telur að á rétt þeirra sé gengið. Jafnframt skal hann fylgjast með því að samþykktir og ákvarðanir stjórnvalda, er snerta hagsmuni barna, séu framkvæmdar á tilsettum tíma.

Meginverkefni umboðsmanns skulu vera:

1. að fylgjast með löggjöf og ákvörðunum sem stjórnvöld taka og snerta hagsmuni barna, og vekja á því athygli sé þeirra ekki gætt,
2. að fylgjast með framkvæmd laga og reglna er varða hagsmuni og réttindi barna,
3. að hafa frumkvæði að úrbótum varðandi réttindi og aðstæður barna svo að þeim séu tryggð sem best og hollust uppvaxtarskilyrði,
4. að vekja athygli á þeim árekstrum sem kunna að eiga sér stað milli hagsmuna barna og hinna fullorðnu í samfélaginu og vinna að lausn þeirra í samráði við þá aðila sem með þau mál fara,
5. að vera opinberum aðilum og einstaklingum til ráðgjafar um allt það sem verða má til hagsbóta fyrir börn og hafa náið samstarf við alla þá aðila sem með málefni barna fara,
6. að gangast fyrir rannsóknum á aðstæðum barna í samfélaginu og veita upplýsingar um stöðu þeirra, jafnt til einstaklinga sem opinberra aðila.

Umboðsmaður skal starfa jafnt að eigin frumkvæði sem og eftir ábendingum frá öðrum. Hann skal sjálfur meta ástæðu til ábendingar í samráði við umboðsráðið.

5. gr.

Umboðsmaður barna skal eiga aðgang að öllum stofnunum sem annast málefni barna, jafnt opinberum stofnunum sem stofnunum í einkaeign.

Stjórnvöldum og stjórnendum stofnana, sem fara með málefni barna, ber skilyrðislaust að veita umboðsmanni barna upplýsingar um starfsemi sem lýtur að börnum án þess að þagnarskyldu sé krafist svo að hún hindri ekki að umboðsmaður fái sinnt skyldu sinni. Jafnframt ber umboðsmanni að veita upplýsingar um umboðsstarfið án þess að krefjast þagnarskyldu. Umboðsmaður skal þó gæta fyllsta trúnaðar um einkamál sem hann hlýtur aðgang að.

6. gr.

Umboðsmaður hefur rétt til að gera athugasemdir við hvaðeina sem brýtur í bága við hagsmuni barna í samfélaginu og tekur sá réttur til skipulagsmála, dagvistar- og kennslumála, umhverfismála, umferðarmála, heilbrigðismála, menningarmála og hverra þeirra málefna er varða uppvaxtarskilyrði barna.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvert hann beinir ábendingum sínum.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð að fengnum tillögum umboðsráðsins. Að öðru leyti starfa umboðsmaður og ráðið sem sjálfstæður aðili. Gefin skal út skýrsla um starfsemina ár hvert sem lögð skal fyrir Alþingi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

Greinargerð.

Hugmyndin að stofnun embættis barnaumboðsmanns er ekki ný. Árið 1978 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum barna, og í greinargerð með henni var m.a. lagt til að slíkt embætti yrði stofnað. Árni Gunnarsson var fyrsti flutningsmaður tillögunnar, en hún varð ekki útrædd.

Árið 1985 var íbúatala hér á landi 241 500 manns samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Þar af voru börn á aldrinum 0–6 ára 30 200 eða 12,5% og börn á aldrinum 7–15 ára 37 300 eða 15,4% landsmanna. Samtals *voru því börn á aldrinum 0–15 ára 67 500 eða 27,9%* þ.e. rúmur fjórðungur íbúa þessa lands.

Fáir deila um að við löggjöf þjóðarinnar skuli tillit tekið til þarfa allra þegna þjóðfélagsins svo að þeir megi allir þrífast sem best í landi okkar, ungir sem aldnir. Því síður deila menn um mikilvægi þess að vel sé í haginn búið fyrir þá sem eru að vaxa úr grasi og eiga að erfa landið, eins og menn orða það á hátíðastundum. Ljóst má þó vera að börnin sjálf eru ekki á sama hátt í stakk búin til að fylgja eftir sjálfsögðum mannréttindum sínum í samfélaginu og hinir sem eldri eru og þroskaðri. Aðbúnaður allur og uppvaxtarskilyrði þeirra eru á ábyrgð okkar hinna fullorðnu. Það er því ekki úr vegi að löggjafarsamkoma þjóðarinnar hugi af alvöru að því hvernig henni hafi farist það úr hendi að tryggja börnum landsins þau skilyrði til vaxtar og þroska, sem ýmis lög mæla fyrir um og talin eru hornsteinn framtíðarþjóðfélagsins. Flutningsmenn þessa frumvarps hafa leitast við að gera sér grein fyrir þeirri þróun sem nú á sér stað, og því miður orðið alvarlega uggandi um þann jarðveg sem hinni vaxandi kynslóð er búinn. Því er þetta frumvarp flutt.

Íslenska þjóðin hefur tekið stærra stökk til gjörbreyttra þjóðfélagshátta á síðustu hálfri öld en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Fullvaxta fólk sem lifði þá þjóðfélagsbyltingu, sem átti sér stað á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og staðið hefur síðan, hefur tíðum átt

fullt í fangi með að fóta sig í þessari gjörbreyttu tilveru, og í því umróti verður því varla mótmælt að börn og aldrað fólk urðu þar verst úti, enda urðu þeir hópar að treysta málsvörum sem vart höfðu ráð á sinni eigin tilveru í nýju og gjörbreyttu samfélagi. Fjölskyldan, með heimahúsmóður sem hlynnti að börnum og hinum öldruðu, leið undir lok í þessu nýja þjóðfélagi þegar húsmæður voru kallaðar til launavinnu utan heimilisins, en samfélagið kom einungis að mjög litlu leyti til móts við nýjar og áður óþekktar þarfir hinna „óarðbæru“ hópa, barnanna og hinna öldruðu. Þar hafa stjórnvöld brugðist, og svo er enn. Er nær sama hvert litið er, á öllum sviðum eru lífskilyrði þessa helmings þjóðarinnar sýnilega verri en annarra. Verður hér á eftir reynt að gera nokkra grein fyrir ástandinu í málefnum barna eins og þau blasa við hverjum þeim sem horfast vill í augu við staðreyndir.

Í 2. gr. laga um grunnskóla frá 1974 segir svo:

„Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.“

Þessi stefnumótun er hin ágætasta. En á þeim 12 árum sem liðin eru síðan lög um grunnskóla voru samþykkt hefur verið kreppt svo að grunnskólanum að við upplausn liggur. Laun kennara eru nú á þann veg að æ erfiðara gerist að manna skólana vel menntuðum og hæfum kennurum. Haustið 1985 voru grunnskólakennarar á öllu landinu 2698, þar af voru 441 án tilskilinna réttinda til grunnskólakennslu. Tvímælalaust eiga launakjör grunnskólakennara hér stóran þátt í þessu, enda ganga nú nýútskrifaðir kennarar til starfa í öðrum greinum en kennslu þar sem vonlaust er að lifa þolanlegu lífi af kennaralaunum einum saman. Spyrja mætti raunar hvort tilkoma kvenna í kennarastéttina hefur orðið til þess að launin hafa hrunið með ótrúlegum hraða á síðustu áratugum. Að minnsta kosti hefur raunin orðið sú að sú var tíðin að kennaralaun nægðu til framfærslu heimilis en nú duga tvenn kennaralaun tæpast til þess. Og víst er að við þau kjör sem grunnskólakennarar búa núna við er vonlaust að ætlast til þeirrar vinnu og ábyrgðar af þeim í starfi sem grunnskólalög gera ráð fyrir. Og þá eru lögin pappírsgagn eitt.

Það er því ástæða til að taka undir með Jónasi Pálssyni, rektor Kennaraháskóla Íslands, þar sem hann segir í bréfi til félagsmálanefndar Alþingis 7. apríl s.l.:

„Íslenskt samfélag gengur um þessar mundir í gegnum harða kreppu, sem á sumum sviðum jaðrar við upplausn. Í bakgrunni eru félagslegar og efnahagslegar breytingar, sem menn hafa lítið hirt um að skilja. Átak til umbóta í uppeldis- og skólamálum er ein mikilvægasta aðgerðin til að brjótast út úr þeirri sjálfheldu, sem nú herðir að íslensku þjóðfélagi. Velmenntuð kennarastétt er lykilatriði í því uppbyggingarstarfi.“

Sú er hins vegar raunin að menntun og endurmenntun kennara hefur verið hornreka og fjárveitingar til hennar skornar við nögl. Í sama bréfi segir sá maður sem að ofan var vitnað til og hvað mesta reynslu og þekkingu hefur á skólamálum hér á landi:

„Varla verður með sanni á móti því mælt að Kennaraskóli Íslands, nú Kennaraháskóli Íslands, hefur allt frá stofnun í byrjun þessarar aldar verið sá aðili, að öðrum stofnunum og

skólum ólöstuðum og ógleymdum, sem lengst og af mestum áhuga og trúnaði hefur barist fyrir alhliða umbótum á starfsmenntun kennara í þessu landi. Næstum samfellt allan þennan tíma hafa forsvarsmenn og starfsfólk skólans grátbeðið — næstum í bókstaflegri merkingu — yfirvöld að skapa skólanum skilyrði til að þeir gætu innt skyldustörf sín sómasamlega af hendi eins og áhugi þeirra og metnaður stóð til. — Því miður verður að segja eins og er að yfirstjórn menntamála og Alþingi hafa sjaldnast svarað þessu ákalli eða þekkt sinn vitjunartíma."

Það er sorgleg staðreynd að á sama tíma og æ stærri hluti uppeldis barna er lagður á herðar kennara er svo kreppt að skólanum og kennurunum að torvelt er orðið að manna grunnskólana. Afleiðingar þessa ástands geta orðið geigvænlegar ef ekki er spyrnt við fæti.

Sömu sögu er að segja um ástandið í dagvistarmálum. Einungis örlítill hluti barna á aldrinum 0–6 ára á kost á góðri uppeldisstofnun meðan foreldrar þeirra vinna langan vinnudag. Ekki vantar heldur stefnumótun þar. Í lögum frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, segir svo í 1. gr.:

„Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra."

Og árið 1981 var svohljóðandi viðbót samþykkt:

„Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila, er að uppeldis- og skólamálum vinna."

Sú starfsáætlun liggur nú þegar fyrir. En nú er svo komið að mikið vantar á að sérmenntað fólk fáist til starfa á dagvistarheimilunum og æ færri setjast nú í Fósturskóla Íslands, m.a. vegna bágra launakjara, en án efa einnig vegna skilningsleysis stjórnvalda á mikilvægi fóstrustarfsins. Árið 1981 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera áætlun til 10 ára um uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn og var hún lögð fram 30. apríl 1982. Gerði áætlunin ráð fyrir að fullnægt yrði þörf fyrir dagvistarheimili á næstu 10 árum. Ljóst er að þessi áætlun er þegar pappírsgagn eitt, enda fá nær eingöngu börn einstæðra foreldra inni á dagvistarheimilum, öll önnur börn eru utan við kerfið. Er enda ekki annað að sjá en að dagvistarheimilin séu að leysast upp vegna skorts á fóstrum.

Þetta hefur gerst þegar aðstæður krefjast þess að báðir foreldrar séu tilneyddir að vera fjarri heimilunum nær allan þann tíma sólarhringsins sem börnunum er eðlilegt að vera vakandi. Hversu oft sem á það er bent loka menn augunum fyrir vaxandi lestrarerfiðleikum barna, lakara málfari ásamt sýnilegri þreytu, sem oft er til komin af þrásetu yfir myndböndum í stað eðlilegs samneytis við fjölskylduna. Hvað eftir annað hafa rannsóknir sýnt að íslensk börn fá ekki þá fæðu sem þeim er nauðsynleg, enda ábyrgð á því oftlega í höndum þeirra sjálfra.

Ef litið er til öryggis barnanna í umferðinni blasir við ástand sem vart sést í nágrannalöndum okkar. Allar samgönguleiðir eru miðaðar við að bifreiðar komist um þær en minna tillit tekið til gangandi fólks eða barna og hinna öldruðu. Það er óhugnanleg sjón að sjá börn og unglinga á reiðhjólum í umferðarhringiðunni á götum Reykjavíkur og ekki síður börn að leik á gangstéttum án þess að eftirlit sé með þeim haft. Íslensk börn eru eftirlitslaus í langtum meira mæli en þekkist í nágrannalöndum okkar vegna langs vinnudags foreldra og enn viðgengst að lítil börn séu á ferð í skammdegismyrkri og óveðrum langan veg til og frá skóla. Enda tala slysin sínu máli. Árið 1984 urðu 44 börn á aldrinum 1–6 ára fyrir slysi í umferðinni, þar af létust 2. Skýrsla Umferðarráðs segir ekki neitt um varanleg örkuml sem af hinum 42 slysunum hlutust.

Og enn eru skipulögð ný íbúðahverfi án nægilegs tillits til þarfa barnanna. Gatnakerfið er ætlað bifreiðum, fá dagvistarheimili eru byggð og börnin þurfa að fara langan veg til skóla. Frístundaheimili eru sárafá, íþróttaaðstaða bágborin og sundaðstaða í órafjarlægð. Úrræði barnanna að loknum skóla eru þau helst að fara heim og horfa á myndbönd þangað til foreldrarnir loks hafa lokið vinnudegi. Má geta sér til að það afþreyingarefni sem börnin njóta af myndböndum sé ekki alltaf það sem þeim er hollast og best að njóta.

Menningarmál barna hafa enda ævinlega verið hornreka á öllum sviðum. Ríkisfjölmiðlarnir hafa hvorki fengið fé né aðstöðu til að vinna gott og vandað efni fyrir börn. Á sama tíma og ríkisfyrirtæki jafnt sem einkafyrirtæki eyða milljörðum í auglýsingar í þessum fjölmiðlum er lítið hirt um að leggja fé í hollt og menningarlegt efni fyrir börn. Afskræmd lífssýn auglýsingaheimsins er reyndar það efni sem börn horfa mest á eða hlýða og má ímynda sér hversu uppbyggileg sú innræting er óþroskuðum börnum. Unglingaþættir snúast nær eingöngu um þá dægurlagatónlist sem efst er á baugi hverju sinni og er kynning hennar gerð eins afkáraleg og menn hafa hugarflug til. Börn eru heldur aldrei spurð um afstöðu til ýmissa mála er þau sjálf varða í fréttatímum, eins og títt er um hina fullorðnu, því síður eru þau tekin tali í þáttum um list og menningu, ekki einu sinni þó að um barnalist og barnabókmenntir sé að ræða. Börn eru einfaldlega ekki tekin alvarlega sem lifandi og hugsandi einstaklingar. Og það er þungur dómur yfir jafnréttinu í þessu landi ef rétt er að 67 500 einstaklingar eða rúmur fjórðungur landsmanna búi við svo fullkomið virðingarleysi hinna fullorðnu fyrir lífi þeirra og starfi.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um íslenska menningu á þessum haustdögum og er það vel. Að henni er nú sótt úr ýmsum áttum. Ný fjölmiðlatækni hellist yfir okkur hvort sem okkur líkar betur eða verr, en sem betur fer virðast menn sammála um að standa beri vörð og hlúa að okkar eigin tungu og þjóðmenningu. Menn skyldu hins vegar gera sér ljóst að sú barátta er fyrir fram vonlaus nema börn og unglingar skilji tilgang hennar og taki þátt í henni sjálf. Börnin eru sá eini vaxtarbroddur íslenskrar menningar sem framtíðarþjóðfélagið á.

Í spá um mannfjölda á Íslandi á næstu áratugum, sem Hagstofa Íslands sendir frá sér innan tíðar, kemur fram að barnsfæðingum mun síður en svo fjölga. Stjórnvöld verða að gera sér ljóst að ákvarðanir sem teknar eru hverju sinni hafa afgerandi áhrif á allt líf fólksins í landinu, einnig stærð fjölskyldnanna. Við þær aðstæður sem fjölskyldunni eru nú búnar er þess ekki að vænta að fólki þyki æskilegt að eignast stóran barnahóp. Alþingi hefur ekki treyst sér til að lengja fæðingarorlof foreldra og telur þrjá mánuði nægjanlegan tíma til að stofna til þess sambands foreldra og barns sem það á að búa að alla ævi. Því er ósvarað hvert senda skal hvítvoðunginn að þeim þremur mánuðum liðnum, meðan nær algjör skortur er á dagvistarrými fyrir svo lítil börn. Börnin hrekjast því milli manna þar til skólakerfi, sem á engan hátt er stillt saman við vinnudag foreldra, tekur við þeim. Þessi uppvaxtarskilyrði eru ekki til þess fallin að hvetja fólk til að eignast mörg börn.

Sú er von flutningsmanna þessa frumvarps að alþingismenn geri sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að stefnubreyting verði í málefnum barna á næstu árum. Stofnun embættis sem yrði falið að vera málsvari barnanna í samfélaginu væri áfangi að breyttum vinnubrögðum og tvímælalaust skref í rétta átt.

Þess skal að lokum getið til upplýsingar að frumvarp þetta brýtur á engan hátt í bága við Barnalög, nr. 9/1981, né Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, né drægi það úr gildi þeirra á nokkurn hátt yrði það að lögum. Miklu fremur yrðu hin nýju lög markmiðum þeirra laga til styrktar og eflingar.

Með þessari greinargerð fylgir hluti skýrslu Hagstofu Íslands um mannfjöldaspá sem hagstofustjóri hefur góðfúslega leyft birtingu á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Flutningsmenn telja æskilegt að umboðsmaður barna verði ráðinn til fjögurra ára í senn, en endurráðning er engan veginn útilokuð. Starfið verði að sjálfsögðu auglýst samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954.

Um 3. gr.

Flutningsmenn leggja áherslu á að í umboðsráðinu sé eingöngu sérmenntað fólk í uppeldismálum sem vera skuli umboðsmanni til ráðgjafar.

Um 4. gr.

Eins og greinin ber með sér er hér um verkefnaramma að ræða sem nánari reglugerð skýrir nánar. Umboðsmaður sinnir ábendingum einstaklinga jafnt sem hann hefur eigið frumkvæði um ábendingar. Umboðsmaður skal ekki sinna málefnum einstaklinga, heldur vísa slíkum málum til þeirra aðila sem þau annast samkvæmt öðrum lögum.

Um 5. gr.

Til þess að forðast misskilning skal tekið fram að umboðsmaður skal gæta fyllsta trúnaðar um einkamál sem hann hlýtur aðgang að.

Um 6. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 7. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 8. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Fylgiskjal.

FRAMTÍÐARKÖNNUN

Starfshópur um mannfjöldaspá.

Skýrsla um mannfjöldaspá.

Starfshópur um mannfjöldaspá lauk efnislega við skýrslu sína vorið 1985. Var hún þá lögð fyrir fund ráðgjafarnefndarinnar og rædd þar. Hópurinn gerir ekki ráð fyrir að vinna frekar að skýrslunni efnislega, en á hinn bóginn þarf enn nokkurt átak við að ritstýra skýrslunni, bæta framsetningu og gera efni hennar sem aðgengilegast fyrir almenning. Að þessu verður unnið á næstu vikum.

Helstu forsendur spárinnar varða fæðingartíðni, dánarlíkur og fólksflutninga milli Íslands og annarra landa. Við ákvörðun forsendna hefur einkum verið litið til þróunar hér á landi og reynslu annarra þjóða, og hafa umræður í hópnum ekki síst snúist um það að hve miklu leyti framvindan hér á landi næstu áratugina muni draga dám af þróuninni í nálægum löndum.

Meginforsendur spárinnar eru eftirfarandi:

Frjósemi:

Við núverandi aðstæður og þegar til lengri tíma er litið er talið að um 2,1 barn þurfi að fæðast á æviskeiði hverrar konu til þess að viðhalda fólksfjöldanum. Á undanförnum árum hefur frjósemi hér á landi svarað til 2,5 fæddra barna á æviskeiði hverrar konu. Allra síðustu árin hefur fæðingum fækkað að mun niður í 2,05 börn 1984 og 1,9 börn 1985. Í nágrannalöndunum tók fæðingum að fækka eftir miðjan sjöunda áratuginn og nú síðustu árin hefur frjósemi margra Evrópuþjóða verið á bilinu 1,4–1,6 börn. Með hliðsjón af þessu hafa forsendur spárinnar verið ákveðnar þannig að í aðalspá er frjósemi látin lækka í 1,7 börn á sjö árum (1985–1991) og vera óbreytt eftir það. Í lægra fráviki er gert ráð fyrir að frjósemin lækki í 1,4 börn á níu árum, en í hærra fráviki er gert ráð fyrir að frjósemin lækki í 1,4 börn á níu árum, en í hærra frávikinu er miðað við að frjósemin haldist 2,05 börn allt tímabilið, þ.e. eins og á árinu 1984.

Dánarlíkur:

Ekki er búist við að dánarlíkur breytist mikið næstu árin. Í spánni er miðað við að þær lækki um 1% á ári í öllum aldurshópum, en það svarar til þess að meðalævi lengist um eitt ár á hverjum áratug.

Flutningar:

Starfshópurinn telur eðlilegt að gera ráð fyrir að ýmsir þættir, sem varða menntun, menningu, atvinnu, sérhæfingu o.fl., verði þess valdandi að tilhneigingar gæti til þess að streymi fólks úr landi verði meira en inn í landið. Í spánni er gert ráð fyrir að um 300 manns flytjist á ári hverju úr landi umfram þá sem flytjast til landsins.

Meginniðurstöður aðalspár

Fólksfjöldi þús.manns	0-6 ára	7-15 ára	16-24 ára	25-64 ára	65 ára og eldri	Samtals
1985	30,2	37,3	39,2	110,5	24,4	241,5
2010	23,0	30,4	31,9	150,7	35,7	271,6
Breyting %						
1985-2010	-24%	-19%	-19%	+36%	+46%	+12%
Aldursskipting %						
1985	12,5	15,4	16,2	45,8	10,1	100,0
2010	8,5	11,2	11,7	55,5	13,1	100,0

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan 5 ára,
b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987,
c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Greinargerð.

Ör þróun hefur verið í síma- og fjarskiptatækni undanfarin ár. Póst- og símamálastofnunin hefur fylgst vel með á þessu sviði og miklar hagsbætur náðst fram fyrir notendur með sjálfvirku sambandi.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að koma sveitabæjum í sjálfvirkt samband og má heita að því verði að fullu lokið á þessu ári. Unnið hefur verið að stækkun símstöðva og samtengingu í greinistöðvum sem eru 20 í landinu auk svæðisstöðvar í Vestmannaeyjum. Stefnt hefur verið að því að jafna gjöld innan hvers svæðisnúmers en mikill munur er á gjöldum fyrir innansvæðis- og langlínusamtöl.

Þetta veldur því að íbúar landsbyggðarinnar búa almennt við mun hærri símakostnað en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt mælingum Póst- og símamálastofnunarinnar á símaumferð virðast 75% skrefa á landsbyggðinni vera vegna langlínunotkunar en aðeins 40% á Reykjavíkursvæðinu. Miðað við meðalsamtalslengd, 3–3,5 mín. á langlínu, lætur nærri að mati Pósts og síma að hver mínúta í langlínusamtali kosti nú 10 sinnum meira en í innanbæjarsamtali.

Mikill hluti langlínusamtala fer nú fram þráðlaust um örbylgjusambönd. Fjárfesting vegna símtala milli landshluta er þannig í engu hlutfalli við vegalengdir þótt takmörk séu fyrir því hve langt má vera á milli örbylgjustöðva. Kostnaður vegna langlínusímtala er óháður vegalengd ef á annað borð er talað út fyrir svæði viðkomandi stöðvar. Sá gífurlegi munur, sem er nú á langlínu- og innanbæjarsímtölum, er þannig mjög langt frá því að endurspegla raunkostnað vegna langlínukerfisins.

Tæknilegir möguleikar eru á því að landið allt geti orðið eitt gjaldsvæði þar sem sama gjald væri reiknað fyrir notkun óháð vegalengdum. Þannig er unnt að jafna að fullu símakostnað meðal landsmanna, óháð búsetu, og er þetta því aðeins spurning um pólitískan vilja og stefnumörkun af hálfu Alþingis.

Jöfnun símgjalda á 5 árum.

Með þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að móta stefnu sem feli það í sér að innan fimm ára verði landið allt orðið eitt gjaldsvæði og fylgt verði áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri kleift að ná þessu marki í áföngum.

Póst- og símamálastofnunin hefur að beiðni flutningsmanna þessarar tillögu áætlað kostnaðarauka fyrir símnotendur á höfuðborgarsvæðinu vegna slíkrar jöfnunar og er hann að sjálfsögðu nokkur en þó er ljóst að jöfnun á gjaldtöku fyrir langlínusamtöl kemur fólki hvar sem er á landinu til góða.

Á sama hátt er ljóst að til að koma á þessum breytingum yrði að styrkja og endurbyggja langlínukerfið. Miðað við að umferð um langlínukerfið tvöfaldist eða aukist enn meir við

slíka jöfnun símakostnaðar áætlaði Póstur og sími í mars 1985 að verja þyrfti 800–1000 milljónum króna í að byggja upp kerfið „ef það á að flytja þessa aukningu á fullnægjandi hátt".

Að mati flutningsmanna þarf að leggja í verulegan hluta þess kostnaðar hvort eð er vegna núverandi og komandi álagstakmarkana, óháð gjaldskrárbreytingum. En jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að forsendur Pósts og síma standist er fyllilega réttlætanlegt að leggja í þennan kostnað á nokkru árabili eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Skv. c-lið tillögunnar er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að umrædd gjaldskrárbreyting verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en nokkur hluti þess hóps nýtur nú þegar undanþágu frá greiðslu afnotagjalda.

Sama gjald fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir innan tveggja ára.

Með svonefndum stafrænum símstöðvum, sem nú eru óðum að leysa eldri kerfi af hólmi, er auðvelt að velja úr tiltekin númer þar sem gjald yrði hið sama fyrir notanda óháð því hvaðan af landinu er hringt. Samkvæmt b-lið þingsályktunartillögunnar er gert ráð fyrir að slíkri jöfnun verði komið á vegna símtala við stjórnsýslustofnanir hvar sem er á landinu á næstu tveimur árum og haldist sú jöfnun í hendur við breytingu símstöðva yfir í stafræn kerfi. Slíkt getur létt undir með fólki, einkum á landsbyggðinni, sem miklu kostar til í samtöl við opinbera aðila á höfuðborgarsvæðinu. Því virðist sjálfsagt réttlætismál að koma á slíkri jöfnun strax og það er tæknilega viðráðanlegt án teljandi kostnaðarauka.

Rétt er að benda á að sú jöfnun símakostnaðar, sem tillagan gerir ráð fyrir, gagnast ekki aðeins einstaklingum heldur og atvinnurekstri og er því liður í jöfnun á starfsaðstöðu fyrirtækja um allt land. Gildir þetta einnig um tölvuþjónustu og upplýsingamiðlun sem mjög mun færast í vöxt um símakerfi landsins á næstu árum og skiptir miklu að í þeim greinum verði mönnum ekki mismunað eftir búsetu.

Umsagnir.

Tillaga þessi var fyrst lögð fram vorið 1985 og endurflutt í þingbyrjun haustið 1985. Var tillögunni þá vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings sem afgreiddi hana ekki. Nefndin leitaði umsagnar um tillöguna hjá ýmsum aðilum og bárust svör m.a. frá samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi, öll efnislega jákvæð.

Í umsögn frá þáverandi póst- og símamálastjóra var gerður samanburður á símaafgreiðslugjöldum á höfuðborgarsvæði og í dreifbýli á IV. ársfjórðungi 1985 og I. ársfjórðungi 1986 og talið að „hlutfallið milli fjölda síma með umframskref á höfuðborgarsvæði og dreifbýli og umframskrefagjaldinu sem þeir hafa stofnað til er orðið svo líkt að ekki munar meir en um 2%". — Í þessum útreikningi eru hins vegar meðtalin skref vegna símtala við útlönd, sem eru 60% af umframskrefum á höfuðborgarsvæði en aðeins 16% af umframskrefum í dreifbýli. Umræddur samanburður Pósts og síma er þannig markleysa í því samhengi sem tillagan fjallar um.

Í umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun er mikið gert úr því að „fullkomin jöfnun þannig að allt landið verði eitt gjaldsvæði yrði gífurlega dýr framkvæmd" og hefði í för með sér „mjög mikla hækkun fyrir innanbæjarsímtöl". Engar tölur er að finna varðandi þessar staðhæfingar og í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar segir líka: „Í upplýsingaöflun um mál þetta hefur komið í ljós að mjög erfitt er og verður að áætla kostnað samfara þessari breytingu."

Sú jöfnun á símgjöldum, sem tillagan gerir ráð fyrir, er mikið sanngirnismál og tæknilega auðleysanlegt. Því er tillagan nú endurflutt í von um jákvæða afgreiðslu af hálfu þingsins.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Helgi Seljan, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka slíkum yfirlitsrannsóknum á næstu fimm árum og til þess verði veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði, í fyrsta sinn á fjárlögum 1987.

Greinargerð.

Vaxandi áhugi er á að hagnýta fleiri tegundir sjávardýra hér við land en verið hefur til veiða og vinnslu. Takmarkanir á hefðbundnum veiðum, aukin útgerð smábáta og bætt aðstaða og tækni ýta undir þennan áhuga, svo og þörfin á meiri fjölbreytni í atvinnulífi víða um land.

Veiðar á *hörpudiski* og *rækju* hafa þegar reynst mikil búbót og telur Hafrannsóknastofnun að stofnar þessara dýra séu nú nær fullnýttir á grunnslóð.

Hins vegar þurfa að koma til *rannsóknir innfjarða og víðar á grunnsævi til að skipulegar veiðar geti hafist á ýmsum öðrum botndýrum sem lítið eða ekkert hafa verið nýtt til þessa.* Hér er m.a. um að ræða tegundir svo sem *trjónukrabba, beitukóng, kúfskel, krækling, öðu, „báruskeljar" og ígulker.*

Tilraunaveiðar á nokkrum þessara tegunda lofa góðu og hefur Hafrannsóknastofnunin reynt að styðja þær, t.d. með því að lána áhugaaðilum rannsóknatæki.

Hins vegar er ljóst að hér er á mörgum sviðum „ónumið land" þar eð ekki hefur verið unnið skipulega að slíkum rannsóknum á botndýralífi við landið, hvað þá að unnt sé að vísa á tiltekin mið svo sem æskilegt væri.

Vitneskja um stofnstærð ýmissa tegunda er einnig brotakennd, svo og um vaxtarhraða þeirra og lífshætti. Afla þarf þekkingar á slíku til að unnt sé að hafa stjórn á nýtingu og varast ofveiði.

Markaðsöflun og vöruþróun þarf síðan að fylgja veiðitilraunum þótt í ýmsum tilvikum sé talið að selja megi afurðir hryggleysingja eins og t.d. ígulkerahrogn fyrir hátt verð erlendis.

Flytjendur þessarar þingsályktunartillögu hafa orðið varir við áhuga sveitarstjórna og fleiri aðila á að fá úttekt á lífríki innfjarða með hagnýtingu í huga, þar á meðal erindi frá hreppsnefnd Búðahrepps í Fáskrúðsfirði til Hafrannsóknastofnunar fyrr á þessu ári. Möguleikar Hafrannsóknastofnunar til að sinna slíkum beiðnum eru hins vegar takmarkaðir og þarf að ráða bót á því hið fyrsta. Hafrannsóknastofnun er sjálfsagður aðili til að undirbúa og hafa forustu um þær rannsóknir sem tillagan gerir ráð fyrir. Samvinna Hafrannsóknastofnunar við fleiri rannsóknastofnanir gæti reynst gagnleg, t.d. við Líffræðistofnun Háskólans, og varðandi vöruþróun hlýtur að koma til kasta Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Eðlilegast er að gengið verði í þetta verkefni skipulega með það fyrir augum að *taka fyrir svæði á grunnslóð eitt af öðru og kortleggja botninn með tilliti til botngerðar og helstu sjávardýra sem þar halda sig* þannig að unnt sé að vísa með sem mestu öryggi á hagnýtanleg mið.

Hér er með vissum hætti um vistfræðilega úttekt að ræða en haga verður verkinu eftir ákveðinni forgangsröð og með hliðsjón af tilkostnaði. Miklu skipir að auðvelt verði að bæta síðar við slíka úttekt innfjarða og annars staðar á grunnslóð við landið með nánari rannsóknum. Hafa ber í huga í því sambandi *hugsanlega ræktun botnlægra tegunda.*

Við undirbúning þessarar þingsályktunartillögu, sem flutt var seint á síðasta þingi en komst þá ekki til nefndar, var leitað aðstoðar Hafrannsóknastofnunar. Var *Hrafnkell Eiríksson* fiskifræðingur svo vinsamlegur að taka saman yfirlit um „rannsóknir á botnlægum hryggleysingjum í fjörðum og flóum hérlendis". *Koma þar fram mikilsverðar ábendingar um stöðu þessara mála og rannsóknaþörf* og er ritgerð Hrafnkels birt í heild sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Hrafnkell Eiríksson:

Rannsóknir á botnlægum hryggleysingjum í fjörðum og flóum hérlendis.

Nú eru stundaðar hefðbundnar innfjarðaveiðar á tveimur botnlægum hryggleysingjum hér við land, þ.e. hörpudiski og rækju. Enn fremur eru nýlega hafnar eða í undirbúningi tilraunaveiðar á trjónukrabba, beitukóngi og kúfskel. Auk ofangreindra hafa verið til umræðu möguleikar á nýtingu fleiri botndýrategunda, t.d. kræklingi, öðu, sandskel, skeljum af báruskeljaætt og ígulkerum. Eins og að líkum lætur eru upplýsingar um þessar tegundir oft af skornum skammti, t.d. hvað varðar útbreiðslu, magn og veiðimöguleika. Sama gildir raunar um ýmsa líffræðilega þætti sem máli skipta ef til nýtingar kæmi, svo sem vöxt, hrygningartíma o.fl.

Hér á eftir verður í stuttu máli greint frá núverandi vitneskju og stöðu rannsókna á nokkrum helstu botndýrum sem nýtanleg eru talin á innfjarðasvæðum hér við land.

Hörpudiskur.

Þessi stofn er nú þegar fullnýttur með um 15–16 þús. tonna innfjarðaveiði á ári. Möguleikar á auknum hörpudisksveiðum byggjast nú einkum á því að „úthafsmið" finnist á landgrunninu fyrir Norðurlandi og Austfjörðum og mun hörpudisksleit hefjast þar sumarið 1986.

Rækja.

Rækjustofninn á grunnslóð er nú fullnýttur með um 7 þús. tonna veiði á ári. Stórauknar rækjuveiðar á undanförnum árum eru hins vegar fólgnar í vaxandi sókn á úthafsmiðum.

Eins og nú er háttað er því ekki talið að auknar innfjarðarannsóknir muni skila sér í umtalsverðri aukningu hörpudisks- og rækjuveiða á komandi árum. Þær eru hins vegar forsenda þess að skipulegar veiðar geti hafist á ýmsum öðrum botndýrum sem lítið eða ekkert hafa verið nýtt til þessa.

Trjónukrabbi.

Rannsóknir, sem hófust 1983, benda til þess að útbreiðsla þessa krabba sé einkum á 5–50 m dýpi inni á fjörðum og flóum. Veiðanlegt magn hefur fengist í gildrur allvíða við landið, enda þótt rannsóknir hafi ekki verið nægilega skipulegar til þess að meta stofnstærð eða veiðiþol. Gera má þó ráð fyrir að veiðarnar gætu numið fáeinum þúsundum tonna á ári. Trjónukrabbaveiðar hófust nýlega í Faxaflóa og hafa tvö fyrirtæki þegar markaðssett krabbaafurðir sem virðast lofa nokkuð góðu.

Beitukóngur.

Um útbreiðslu og magn þessa kuðungs er lítið vitað nákvæmlega, en hann er talinn algengur á allt að 100 m dýpi umhverfis landið. Tilraunaveiðar hófust nýlega í Faxaflóa með gildrum. Enn sem komið er stendur það nokkuð í járnum að aflamagn sé nægilegt til þess að stunda arðbærar veiðar. Talsverðar líkur eru þó taldar á betri árangri með skipulegum tilraunaveiðum á fleiri stöðum bæði í Faxaflóa og víðar. Beitukóngur er vel þekkt markaðsvara og gera má ráð fyrir að veiðar gætu numið a.m.k. nokkrum hundruðum tonna á ári.

Kúfskel.

Hér er tvímælalaust um að ræða stærsta botndýrastofninn sem nýtanlegur er við Ísland. Útbreiðslan er allt í kringum landið og dýptarsviðið niður á a.m.k. 200 m. Mesta magn virðist vera fyrir hendi á sandbotni af kornastærð 0,15–0,25 mm. Víðátta útbreiðslusvæða með ákjósanlegri botngerð ásamt þéttleika skelja á svæðunum munu því ráða úrslitum um það hversu stór stofn er hér fyrir hendi.

Sumarið 1986 er áætlað að hefja veiðitilraunir á kúfskel með fullkomnum veiðarfærum af bandarískri gerð, enda eru Bandaríkjamenn með mesta reynslu af þessum veiðum. Þessar veiðitilraunir eru liður í víðtæku starfi hóps á vegum sjávarútvegsráðuneytisins um möguleika á kúfskelsveiðum við Ísland.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið fram til þessa með ófullkomnum veiðarfærum, benda til þess að kúffiskveiðar við Ísland geti skipt nokkrum tugum þúsunda tonna á ári. Þar eð kúfskelsveiðar eru háðari góðu sjólagi en flestar aðrar veiðar munu innfjarðamið skipta mjög miklu máli fyrir öryggi í veiðum og vinnslu.

Kræklingur.

Algengur í fremur skjólsælum fjörum og niður á nokkurra metra dýpi. Hafinn er undirbúningur að tilraunum með kræklingsrækt við Hvítanes í Hvalfirði. Er þetta samvinnuverkefni Hafrannsóknastofunarinnar og einkafyrirtækis.

Aða.

Algeng tegund frá fjöruborði og niður á nokkra tugi metra. Oft fást 100–200 kg af öðu í stuttum togum í hörpudisksplóga. Enda þótt aðeins sé hægt að veiða öðu á hluta útbreiðslusvæðisins með skelplógum er talið mögulegt að veiða nokkur hundruð tonn á ári með þeim hætti.

Sandskel.

Þessi skel er þekkt á leirum á nokkrum stöðum við landið. Í Kollafirði hafa t.d. fundist blettir með allt að 100 skeljum á m^2. Slík svæði virðast þó mjög lítil að flatarmáli þannig að veiðar gætu vart numið nema fáeinum tonnum á ári.

„Báruskeljar".

Af þessum skeljum er hjartaskelin sú eina sem er þekkt markaðsvara. Hún lifir grunnt á sendnum fjörum og leirum. Enn sem komið er hefur þessi skel ekki fundist í veiðanlegum þéttleika hér á landi. Í ýmsa skelplóga hefur oft fengist vottur af báruskel og krókskel, a.m.k. niður á um 50 m dýpi. Hér er mögulega um markaðsvöru að ræða ef í ljós kemur með frekari rannsóknum að veiðanlegt magn sé fyrir hendi.

Ígulker.

Í hörpudisksplóga fæst oft talsvert af ígulkerum, eða allt að 100–300 kg í stuttum togum. Hér er um tvær tegundir að ræða sem virðast a.m.k. víða algengar á 10–60 m dýpi inni á

fjörðum og flóum. Báðar þessar tegundir eru þekkt markaðsvara, en mjög hátt verð er stundum í boði fyrir ígulkerahrogn, einkum á Japansmarkaði. Álitið er að veiða megi allt að fáeinum hundruðum tonna af ígulkerum hér við land með skelplógum og froskköfun þar sem dýpi er lítið og botn of harður fyrir veiðarfæri.

Hér að framan hafa verið taldir upp nokkrir möguleikar í nýtingu ónýttra botndýra á grunnslóð við Ísland. Enda þótt rannsóknir hafi í flestum tilvikum verið fremur litlar eða engar á þeim sérstaklega liggja fyrir lítils háttar upplýsingar í tengslum við aðrar rannsóknir eða veiðar. Að sama skapi eru því ekki fyrir hendi neinar nákvæmar upplýsingar um stofnstærð eða veiðimöguleika á þessum tegundum. Enn fremur eru sumar þeirra að svo komnu máli ekki þekktar á mörkuðum og því e.t.v. óálitlegur kostur í slíkri upptalningu. Þrátt fyrir ofangreinda óvissuþætti þykir þó við hæfi að gefa grófar upplýsingar um hugsanlega stærðargráðu veiða á umræddum tegundum enda gæti það komið að notum við val eða forgang verkefna.

Áætlað veiðiþol á ári (tonn)	Tegund	Veiðarfæri
>10.000	kúfskel	vatnsþrýstiplógur
>1.000	trjónukrabbi	gildrur
>100	beitukóngur	gildrur
	aða	hörpudisksplógur
	ígulker	hörpudisksplógur+köfun
>10	báruskel	vatnsþrýstiplógur
	krókskel	— —
>1	sandskel	vatnsþrýstiplógur+handtínsla
<1	hjartaskel	vatnsþrýstingur+handtínsla
<1— >10.000	kræklingur	reiparæktun

Eins og sakir standa er Hafrannsóknastofnunin illa búin til rannsókna á umræddum tegundum. Ýmis rannsóknatæki eru þó fyrir hendi, t.d. botngreipar sem geta gefið upplýsingar um botndýralíf almennt á góðum botni og kornastærð setsins sem um ræðir. Slík tæki eru þó að jafnaði ónákvæm til áætlana um magn hinna stærri botndýra sem helst eru nýtanleg. Hörpudisksplógar (botnsköfur) eru væntanlega nothæfir til athugana á stærri botndýrum sem liggja ofan á botninum nema á mjög hörðum botni. Þannig má skipta poka þessara plóga í t.d. tvær mismunandi möskvastærðir til þess að fá betri upplýsingar um þéttleika smærri einstaklinga. Með slíku tæki mætti meta magn öðu, ígulkera og beitukóngs a.m.k. á hluta útbreiðslusvæða þessara tegunda. Á mjög hörðum botni er hins vegar ekki hægt að koma neinum veiðarfærum við og þar þarf froskköfun eða neðansjávarmyndatöku til áætlana á magni og tegundum botndýra. Til rannsókna á þeim tegundum, sem lifa ofan í botninum (kúfskel, „báruskeljar“, sandskel), þarf hins vegar vatnsþrýstiplóga eða dæluplóga til þess að meta magnið með einhverju öryggi. Veiðarfæri af þessu tagi eru ekki enn þá til en væntanlega verður svo á þessu ári á vegum kúffisksnefndar sjávarútvegsráðuneytisins. Enda þótt sá útbúnaður miðist við kúfskel mætti hugsanlega með smærri möskvum í plógnum fá markverðar upplýsingar með þessu tæki um a.m.k. báruskel og krókskel. Hjartaskel og sandskel er hægt að rannsaka á fjörum en ekki verða fyrirsjáanlega til staðar dæluplógar til að rannsaka þær neðan fjöruborðs á mjög grunnu vatni. Krækling er hægt að rannsaka og veiða í fjörum á grunnsævi en raunhæf nýting á þessum stofni mun byggjast á kræklingsrækt vegna meiri vaxtarhraða, betri gæða og nýtingar á ræktuðum kræklingi. Vísir að kræklingsrækt og rannsóknum þar að lútandi er nú í undirbúningi.

Sþ. 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og Jafnréttisráði í framhaldi af fullgildingu samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum að gera á því úttekt:

a. hvað einkum skorti á að Íslendingar uppfylli þau ákvæði sem í samningnum felast;
b. hvort og þá hvað það er í starfi skóla og annarra uppeldisstofnana, svo og fjölmiðla, sem einkum vinnur gegn jafnri stöðu kvenna og karla;
c. hvað einkum torveldar konum á vinnumarkaði að ná jafnræði á við karla og hvað veldur því að svokölluð kvennastörf eru ekki metin með eðlilegum hætti til launa;
d. hvaða breytingar á lögum, reglugerðum og öðrum opinberum tilskipunum sé rétt að gera til að markmið samningsins verði að veruleika;
e. hvaða ráðstafanir aðrar sé æskilegt að gera af hálfu löggjafar- og framkvæmdarvalds og í dómskerfinu til að öll mismunun gagnvart konum hérlendis heyri sem fyrst fortíðinni til.

Til að fylgjast með þessari úttekt verði skipuð samráðsnefnd með fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi.

Félagsmálaráðherra skili greinargerð til Alþingis um þessa úttekt og tillögum af sinni hálfu til úrbóta.

Kostnaður við þessa úttekt greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þann 13. júní 1985 samþykkti Alþingi að tillögu utanríkismálanefndar þingsályktunartillögu um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum og var það gert 18. júní 1985.

Í athugasemdum með tillögunni sagði m.a.:

„Samkvæmt 1. gr. samningsins er mismunun gagnvart konum skilgreind sem hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að takmarka eða gera að engu að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

Í samningnum eru síðan ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á hinum ýmsu sviðum.“

Samkvæmt 2. gr. samningsins er m.a. gert ráð fyrir að aðildarríkin hlutist til um án tafar „að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja“ og „að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að breyta eða afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og starfshætti sem fela í sér mismunun gagnvart konum“.

Samkvæmt 3. gr. skulu aðildarríkin „gera allar viðeigandi ráðstafanir á öllum sviðum, sérstaklega á sviði stjórnmála, félagsmála, efnahags og menningar, þar á meðal með lagasetningu, til þess að ábyrgjast fulla þróun og framfarir til handa konum í þeim tilgangi að tryggja að þær geti á grundvelli jafnréttis við karla framfylgt og notið mannréttinda og grundvallarfrelsis“.

Í 4. gr. samningsins er m.a. kveðið á um svonefnda „jákvæða mismunun“ sem „sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist ...“ en jafnframt segir þar: „Ráðstafanir þessar skulu felldar niður þegar markmiðunum um sömu tækifæri og meðferð hefur verið náð.“

Í 5. gr. samningsins segir m.a. að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir „til að breyta félagslegum og menningarlegum hegðunarvenjum karla og kvenna með það fyrir augum að takast megi að uppræta fordóma og venjur sem byggjast á hugmyndinni um vanmátt eða ofurmátt annars hvors kynsins eða á viðteknum hlutverkum karla og kvenna“.

Í II. hluta samningsins er fjallað um ráðstafanir á stjórnmálavettvangi og opinberum vettvangi og í III. hluta hans um aðgerðir í menntamálum, atvinnumálum, heilsugæslu o.fl. Þar er meðal annars rætt um að tryggja konum sömu réttindi á sviði menntunar og t.d. bent á „útrýmingu viðtekinna hugmynda um hlutverk karla og kvenna á hvaða stigi sem er ... og sérstaklega með endurskoðun kennslubóka og námsáætlana og aðlögun kennsluaðferða“ (10. gr.). Þar er einnig rætt um „að lækka hlutfall þeirra stúlkna sem hætta námi og skipuleggja námsáætlanir fyrir stúlkur og konur sem ótímabært hafa hætt námi“.

Ráðstafanir skal gera til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu til að tryggja m.a. „rétt til sömu atvinnutækifæra, þar með talið að beitt sé sama mælikvarða við val starfsmanna“ og „rétt til sömu umbunar, þar með talið fríðinda, og sömu meðhöndlunar gagnvart vinnu sem er jafngild og sömu meðhöndlunar við mat á gæðum vinnu“.

Til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart konum vegna hjúskapar eða móðurhlutverksins og framfylgja raunverulegum rétti kvenna til vinnu eiga aðildarríkin að gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. „sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana“ (11. gr.).

„Aðildarríkin skulu taka tillit til hinna sérstöku vandamála sem konur í dreifbýli eiga við að etja ... og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að ákvæði samnings þessa séu virt gagnvart konum í dreifbýli“ (14. gr.).

Þetta eru tilvitnanir í örfá atriði þessa samnings sem þó minna á fjölmargt af því sem gera þarf hérlendis og vikið er að í einstökum liðum þingsályktunartillögunnar (sbr. einnig fylgiskjöl með þessari greinargerð).

Sérstök nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna (Efnahags- og félagsmálaráðsins), skipuð 23 fulltrúum frá aðildarríkjum, fylgist með og fjallar um framkvæmd samningsins og gefur árlega skýrslu til allsherjarþingsins. Eiga ríki, sem gerst hafa aðilar að þessum samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum, að leggja fyrir nefndina „skýrslu um lagalegar, réttarlegar, stjórnunarlegar og aðrar ráðstafanir sem þau hafa gert til að framfylgja ákvæðum samnings þessa og um þá þróun sem orðið hefur í þessu tilliti“. Er gert ráð fyrir slíkri skýrslu innan eins árs frá gildistöku samningsins fyrir viðkomandi aðildarríki og síðan a.m.k. á fjögurra ára fresti (18. gr.). Á vorfundi efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC) í maí 1986 var samningurinn um afnám mismununar gagnvart konum á dagskrá og fluttu Svíar þar sérstaka ályktunartillögu um samninginn ásamt 12 meðflytjendum, þar á meðal Íslendingum sem nú eiga sæti í nefndinni. Var ályktunin samþykkt á fundi nefndarinnar og er hún birt sem eitt af fylgiskjölum hér á eftir. Í ályktuninni leggur ráðið m.a. „áherslu á mikilvægi þess að aðildarríkin standi stranglega við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum“. Er minnt sérstaklega á 18. grein samningsins sem vitnað var til hér á undan. Úttekt sú, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, getur þannig orðið undirstaða að greinargerðum samkvæmt ákvæðum samningsins, um leið og henni er ætlað að skapa sem fyrst grundvöll og samstöðu um breytingar sem gera þarf á fjölmörgum sviðum hér innanlands til að afnema mismunun gagnvart konum.

Eðlilegt virðist að félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð hafi forustu um þá úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir og leiti álits þeirra mörgu aðila sem láta sig varða réttindamál kvenna.

Um leið og gert er ráð fyrir að úttektin verði unnin í nánum tengslum við Jafnréttisráð er nauðsynlegt að heimild sé fyrir hendi til að greiða fyrir vinnu að henni með sérstöku framlagi úr ríkissjóði.

Til að tryggja samstarf við Alþingi um þessa úttekt gerir tillagan ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem í eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum. Gefa á nefndinni tækifæri til að fylgjast með vinnu að úttektinni frá byrjun og ætti það m.a. að greiða fyrir æskilegum lagabreytingum til að afnema mismunun gagnvart konum.

Greinargerð þá, sem tillagan gerir ráð fyrir að félagsmálaráðherra skili til Alþingis ásamt tillögum af hálfu stjórnvalda til úrbóta, þarf að vinna sem fyrst. Á hún að geta skapað grundvöll að áframhaldandi starfi sem vafalítið verður þörf á til að mismunun gagnvart konum heyri sem fyrst fortíðinni til.

Fylgiskjöl:

I. Ályktun 16. fundar efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna, 21. maí 1986.
II. Ársverk og meðallaun eftir kyni 1984. Byggðastofnun, febrúar 1986.
III. Könnun á stöðu íslenskra kvenna. Samanburður á árunum 1976 og 1984. Helstu niðurstöður. Höfundur: Fríða Björk Pálsdóttir. Útgefandi: Jafnréttisráð. Maí 1985.
IV. Staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Helstu niðurstöður. Höfundar: Esther Guðmundsdóttir og Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir. Útgefandi: Framkvæmdanefnd um launamál kvenna. Maí 1985.
V. Jafnrétti — eða hvað? Helstu niðurstöður könnunar jafnréttisnefndar Akureyrar. Maí 1984.
VI. Fréttabréf kjararannsóknanefndar, nr. 72, 1. ársfjórðungur 1986. Helstu niðurstöður.
VII. Konur og stjórnmál. Yfirlit um fjölda kvenna í sveitarstjórnum 1982, á Alþingi eftir kosningar í apríl 1983 og í áhrifastöðum innan stjórnmálaflokkanna. Höfundur: Esther Guðmundsdóttir. Útgefandi: Jafnréttisráð 1983.
VIII. Sveitarstjórnarkosningarnar 1986. Samantekt unnin á vegum Jafnréttisráðs. Bráðabirgðayfirlit. Október 1986.
IX. Samantekt um skipan í nefndir, stjórnir og ráð á vegum hins opinbera. Jafnréttisráð. Bráðabirgðayfirlit. Október 1986.
X. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 65/1985.

Fylgiskjal I.

Úr skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um vorfund efnahags- og félagsmálaráðsins 29. apríl–23. maí 1986.
(New York, júní 1986.)

4. Samningur um afnám misréttis gegn konum.

Samningurinn um afnám misréttis gegn konum gekk í gildi árið 1981. Til þessa hafa 84 ríki fullgilt hann eða gerst aðilar að honum, þar á meðal Ísland árið 1985. Nefnd skipuð 23 sérfræðingum sér um framkvæmd samningsins (kvennamisréttisnefnd, CEDAW). Aðildarríki eiga að leggja skýrslur fyrir nefndina um framkvæmd hans.

Fulltrúi Dana flutti ræðu fyrir hönd Norðurlanda um kvennamál undir 11. dagskrárlið. Þar gagnrýndi hann m.a. þau lönd (einkum Arabalönd) sem hafa gert fyrirvara við samninginn sem ekki getur talist samræmast tilgangi hans. Hann hvatti kvennamisréttisnefndina til þess að kanna þetta mál nánar.

Svíar fluttu ályktunartillögu um ofangreindan samning ásamt 12 meðflytjendum, þar á meðal Íslendingum og Dönum. Í tillögunni eru ríki m.a. hvött til þess að fullgilda samninginn eða gerast aðilar að honum og að leggja fram athugasemdir varðandi fyrirvara við samninginn. Til þess að koma í veg fyrir atkvæðagreiðslu um tillöguna reyndist nauðsynlegt að flytja síðastnefnda ákvæðið um fyrirvarann úr efnishlutanum í formálana. Ályktunin var því samþykkt án atkvæðagreiðslu (ályktun 1986/4).

16. fullskipaður fundur,
21. maí 1986.

1986/4. Samningur um afnám hvers kyns misréttis gegn konum.
(Þýðing úr ensku.)

Efnahags- og félagsmálaráðið minnir á ályktun allsherjarþingsins nr. 34/1980 frá 18. desember 1979, en með henni samþykkti þingið samninginn um afnám hvers kyns misréttis gegn konum sem ályktuninni fylgdi.

Ráðið *minnir einnig á* ályktanir allsherjarþingsins nr. 35/140 frá 11. desember 1980, nr. 36/131 frá 14. desember 1981, nr. 37/64 frá 3. desember 1982, nr. 38/109 frá 16. desember 1983, nr. 39/130 frá 14. desember 1984 og nr. 40/39 frá 29. nóvember 1985, svo og ályktanir efnahags- og félagsmálaráðsins nr. 1983/1 frá 17. maí 1983, nr. 1984/8 frá 22. maí 1984, nr. 1984/10 frá 24. maí 1984 og nr. 1985/18 frá 28. maí 1985.

Ráðinu *er ljóst* hversu mikilvægt framlag framkvæmd Nairobi-stefnumörkunarinnar um framtíðareflingu kvenna[1] getur orðið til að útrýma hvers kyns misrétti gegn konum og til að ná lagalegu og raunverulegu jafnrétti milli kvenna og karla.

Ráðið *veitir athygli* þeirri áherslu sem heimsráðstefnan um endurskoðun og mat afraksturs kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna: jafnrétti, þróun og friður, lagði á fullgildingu og aðild að samningnum um afnám hvers kyns misréttis gegn konum.

Ráðið *hefur athugað* skýrslu nefndarinnar sem fjallar um misrétti gegn konum, um fimmta fundarhaldið,[2] og þá sérstaklega almennar tillögur og greinargerðir nefndarinnar, svo og ályktun hennar um alþjóðlega friðarárið.

[1]) Skýrsla heimsráðstefnu um endurskoðun og mat afraksturs kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna: jafnrétti, þróun og friður, Nairobi. 15.–26. júlí 1985 (útg. Sameinuðu þjóðanna, sölunr. E.85.IV.10), I. kafli, stafl. A.
[2]) Opinberar skýrslur allsherjarþingsins, fertugasta og fyrsta þing, viðauki nr. 45 (A/41/45).

Ráðið *minnir á* ákvörðun þriðja fundar ríkjanna, sem eru aðilar að samningnum, um afnám hvers kyns misréttis gegn konum þess efnis að fara þess á leit við framkvæmdastjórann að hann leiti eftir áliti aðildarríkja að samningnum á fyrirvörum sem teljast mundu innan ramma 2. mgr. 28 gr. samningsins og fella þær athugasemdir í skýrslu sína til 41. allsherjarþingsins og setja málefni varðandi fyrirvara um samninginn á dagskrá næsta fundar þeirra.

1. Ráðið *fagnar* fullgildingu eða aðild að samningnum um afnám hvers kyns misréttis gegn konum af hálfu æ fleiri aðildarríkja.
2. Ráðið *hvetur* öll ríki, sem enn hafa ekki fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum, til að gera það eins fljótt og auðið er.
3. Ráðið *leggur áherslu á* mikilvægi þess að aðildarríkin standi stranglega við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.
4. Ráðið *hvetur* aðildarríkin til að gera allar mögulegar tilraunir til að leggja fram fyrstu skýrslur sínar um framkvæmdir samkvæmt 18. gr. samningsins og leiðbeiningum nefndarinnar sem fjallar um afnám misréttis gegn konum.
5. Ráðið *veitir athygli* skýrslu nefndarinnar, sem fjallar um afnám misréttis gegn konum, um fimmta fund hennar.
6. Ráðið *hefur áhyggjur af* frásögn nefndarinnar um núverandi óhagræði, sem hún býr við varðandi það hvað safnast saman af skýrslum sem bíða athugunar, og hvetur til áframhaldandi umræðna um leiðir til að fást við þann vanda, þar á meðal mögulegar breytingar á skýrslugjafakerfinu.
7. Ráðið *biður* framkvæmdastjórann að gera sitt ýtrasta til að tryggja fullnægjandi þjónustu nefndarinnar.
8. Ráðið *veitir athygli* almennum tillögum, sem nefndin hefur samþykkt samkvæmt umræðum á fimmta fundi hennar, um leiðir til að hrinda 21. gr. samningsins í framkvæmd.[3)]
9. Ráðið *biður* framkvæmdastjórann að senda 41. allsherjarþinginu og nefndinni um stöðu kvenna skýrslu nefndarinnar sem fjallar um afnám misréttis gegn konum, í upplýsingaskyni.

[3)] Sjá IV. kafla.

Fylgiskjal II.

ÍSLAND

ÁRSVERK OG MEÐALLAUN EFTIR KYNI 1984

NÚMER ATVGR.	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR ÁRSVERK	KARLAR M.LAUN	KONUR ÁRSVERK	KONUR M.LAUN	KARLAR+KONUR+ÓFL. ÁRSVERK	KARLAR+KONUR+ÓFL. M.LAUN
11	LANDBÚNAÐUR	5002	200	3380	175	8728	189
13	FISKVEIÐAR	4829	671	228	299	5069	654
30	FISKVINNSLA	5311	358	4637	266	10016	315
31	MATVÆLAIÐNAÐUR	2144	357	1697	234	3848	303
32	VEFJARIÐNAÐUR	918	349	1698	225	2620	269
33	TRJÁVÖRUIÐNAÐUR	1317	333	140	227	1458	323
34	PAPPÍRSIÐNAÐUR	1238	411	736	276	1979	361
35	EFNAIÐNAÐUR	768	376	245	245	1015	347
36	STEINEFNAIÐNAÐUR	759	391	122	266	882	374
37	ÁL OG JÁRNBLENDI	766	521	85	351	852	504
38	MÁLM- OG SKIPASMÍÐI	3046	381	282	239	3334	368
39	ÝMIS IÐNAÐUR	359	428	78	225	438	392
40	VEITUR	993	481	234	277	1228	442
50	BYGGINGAR SEM ATV.REK.	7871	381	615	243	8505	371
51	BYGGINGAR Í EIGIN ÞÁGU	273	307	10	199	284	303
52	OPINBERAR FRAMKVÆMDIR	1709	348	272	196	1982	327
61	HEILDVERSLUN	4092	395	1807	269	5907	356
62	SMÁSÖLUVERSLUN	2822	358	4918	239	7757	282
63	VEITINGAR OG HÓTEL	795	343	1579	252	2381	283
71	FLUTNINGAR	5148	377	1027	289	6178	362
72	PÓSTUR OG SÍMI	643	381	922	281	1565	322
81	PENINGASTOFNANIR	1084	466	2106	283	3190	345
82	TRYGGINGAR	405	468	414	277	820	371
83	ÞJÓNUSTA VIÐ ATV.REK.	2306	458	1156	269	3467	395
91	OPINBER STJÓRNSÝSLA	4362	433	2251	269	6618	378
92	GÖTU- OG SORPHREINSUN	61	327	9	218	70	314
93	OPINBER ÞJÓNUSTA	5804	414	12385	267	18212	313
94	MENNINGARSTARFSEMI	922	352	762	267	1698	313
95	PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA	2711	334	1030	195	3746	296
96	VARNARLIÐIÐ	730	535	370	317	1100	462
	ATVINNUVEGIR						
	LANDBÚNAÐUR	5002	200	3380	175	8728	189
	FISKVEIÐAR	4829	671	228	299	5069	654
	FISKVINNSLA	5311	358	4637	266	10016	315
	IÐNAÐUR	11316	383	5084	241	16424	339
	VEITUR	993	481	234	277	1228	442
	BYGGINGAR	9854	373	897	228	10771	361
	VERSLUN	7709	376	8304	248	16045	309
	SAMGÖNGUR	5791	377	1949	285	7743	354
	BANKAR OG FL.	3794	462	3677	278	7478	371
	ÞJÓNUSTA	14591	407	16807	264	31444	330
	ATVINNUVEGIR ALLS	69191	396	45198	253	114947	339

Árið 1984 voru meðallaun karla nærri 17% hærri en landsmeðaltal í öllum atvinnuvegum. Meðallaun kvenna árið 1984 voru á hinn bóginn rúmlega 25% lægri en landsmeðaltal. Meðallaun karla í öllum atvinnuvegum voru 396 þúsund en kvenna 253 þúsund. Þannig höfðu karlar 57% hærri laun að meðaltali á ársverk heldur en konur. Árið 1983 voru laun karla 54% hærri, en árin 1980,1981 og 1982 ýmist 52% eða 53% hærri. Hæstu meðallaunin voru hjá körlum í fiskveiðum eða 671 þúsund sem var nær tvöfalt meðaltal allra atvinnuvega. Lægst voru meðallaun, að landbúnaði undanskildum, í fiskvinnslu. Meðallaun kvenna voru hæst í fiskveiðum og samgöngum en samt talsvert undir landsmeðaltali. Að landbúnaðinum undanskildum voru meðallaun kvenna lægst í byggingum. Meðallaunin hjá báðum kynjum árið 1984 voru undir landsmeðaltali í landbúnaði, fiskvinnslu, verslun og þjónustu.

MEÐALLAUN Á ÁRSVERK OG FRÁVIK FRÁ LANDSMEÐALTALI EFTIR KYNI OG ATVINNUVEGUM ÁRIÐ 1984


	Karlar		Konur		Samtals	
	Meðal-laun	Frávik %	Meðal-laun	Frávik %	Meðal-laun	Frávik %
Landbúnaður	200	-41,0	175	-48,4	189	-44,2
Fiskveiðar	671	97,9	299	-11,8	654	92,9
Fiskvinnsla	358	5,6	266	-21,5	315	-7,1
Iðnaður	383	13,0	241	-28,9	339	0,0
Veitur	481	41,9	277	-18,3	442	30,4
Byggingar	373	10,0	228	-32,7	361	6,5
Verslun	376	10,9	248	-26,8	309	-8,8
Samgöngur	377	11,2	285	-15,9	354	4,4
Bankar og fl.	462	36,3	278	-18,0	371	9,4
Þjónusta	407	20,1	264	-22,1	330	-2,7
Samtals 1984	396	16,8	253	-25,4	339	0,0
- 1983	308	16,2	200	-24,5	265	0,0
- 1982	199	15,7	131	-23,8	172	0,0
- 1981	129	14,2	85	-24,8	113	0,0
- 1980	84	15,1	55	-24,7	73	0,0

Í eftirfarandi töflu og á mynd sex sést hvernig kynin skiptust á atvinnuvegi miðað við ársverk. Hjá körlum voru um 14% ársverka í frumvinnslugreinunum, 40% í úrvinnslugreinunum og 46% í þjónustugreinunum. Hjá konunum aftur á móti voru um 8% ársverka í frumvinnslu, 22% í úrvinnslu og 68% í þjónustu.

HLUTFALLSLEG SKIPTING ÁRSVERKA Á ATVINNUVEGI EFTIR KYNI ÁRIÐ 1984

	Karlar		Konur	
	Ársverk	Skipting	Ársverk	Skipting
Landbúnaður	5002	7,2%	3381	7,5%
Fiskveiðar	4829	7,0%	228	0,5%
Fiskvinnsla	5311	7,7%	4637	10,3%
Iðnaður	11316	16,4%	5084	11,2%
Veitur	993	1,4%	234	0,5%
Byggingar	9854	14,2%	897	2,0%
Verslun	7709	11,1%	8304	18,4%
Samgöngur	5791	8,4%	1949	4,3%
Bankar og fl.	3794	5,5%	3677	8,1%
Þjónusta	14591	21,1%	16807	37,2%
Samtals	69191	100,0%	45198	100,0%
	Karlar = 60,5%		Konur = 39,5%	

SKIPTING KYNJA Á ATVINNUVEGI ÁRIÐ 1984




Meðallaun á ársverk eftir kyni fyrir hvert fimm ára aldurs-**tímabil eru sýndar í töflu** ellefu og á mynd númer sjö.

MEÐALLAUN EFTIR KYNI OG ALDRI
ÁRIÐ 1984

Aldur	Karlar	Konur	Karlar og konur
<= 14	138	138	138
15-19	268	220	247
20-24	349	243	303
25-29	402	266	348
30-34	435	271	373
35-39	452	270	384
40-44	455	268	380
45-49	446	259	368
50-54	422	254	353
55-59	400	249	341
60-64	368	240	320
65-69	329	228	295
70-74	291	224	274
>= 75	242	209	234
Meðallaun	396	253	339

MEÐALLAUN EFTIR KYNI OG ALDRI
ÁRIÐ 1984




Mismunur kemur einnig fram á milli kynja þegar skoðuð er skipting á hlutastörf. Hlutfall karla í heilsársstarfi var mun hærra en hjá konum. Þessi skipting hefur tekið nokkrum breytingum frá árinu 1981 eins og sést hér í töflunni og á mynd átta. Heilsársstörfum hefur fjölgað hlutfallslega hjá konum og körlum.

SKIPTING EFTIR KYNI Á HLUTASTÖRF

	Karlar Hlutastörf %				Konur Hlutastörf %			
	1/4	1/2	3/4	4/4	1/4	1/2	3/4	4/4
Árið 1981	13,2	11,3	10,6	64,9	23,4	23,9	17,1	35,5
Árið 1984	11,7	11,1	9,6	67,6	19,7	22,5	18,4	39,3

HLUTASTÖRF ÁRIÐ 1984



Eftirfarandi tafla sýnir hvernig mannaflinn á vinnumarkaðinum skiptist eftir kyni og hjúskaparstétt. Ekki er gerður greinarmunur á vígðri og óvígðri sambúð.

MANNAFLI OG MEÐALLAUN EFTIR KYNI OG HJÚSKAPARSTÉTT ÁRIÐ 1984

	Starfandi meira en 13 vikur	Hlutf.	Ársverk	Hlutf.	Meðal-laun	Frávik frá lands-meðaltali
Karlar	73.214	55,4%	69.190	60,2%	396	16,8%
Kvæntir	43.820	33,2%	44.834	39,0%	431	27,1%
Ókvæntir	29.394	22,2%	24.356	21,2%	331	-2,4%
Konur	57.838	43,8%	45.197	39,3%	253	-25,4%
Giftar	33.569	25,4%	26.159	22,8%	253	-25,4%
Ógiftar	24.269	18,4%	19.037	16,6%	255	-24,8%
Óflokkaðir	1.070	0,8%	560	0,5%		
Samtals	132.122	100,0%	114.947	100,0%	339	0,0%

Hér er athyglisverður munur á launum kvæntra og ókvæntra karla sem tengist líklega því hvernig meðallaun karla hækka með aldri.

HLUTFALLSLEG SKIPTING ÁRSVERKA OG MEÐALLAUNA EFTIR KYNI OG STÉTT

	Karlar		Konur	
	Skipting	Meðallaun	Skipting	Meðallaun
Eigendur	19,4%	313	8,9%	191
Faglærðir	13,8%	410	1,1%	248
Ófaglærðir	31,9%	376	44,3%	251
Skrifst. störf	24,8%	415	39,9%	265
Sérfr. og stjórn	10,1%	552	5,7%	289
Samtals	100,0%	(=69.190)	100,0%	(=45.197)

Fylgiskjal III.

Fríða Björk Pálsdóttir

Könnun á stöðu íslenskra kvenna.

Samanburður á árunum 1976 og 1984.

Reykjavík 1985

12. Helstu niðurstöður könnunar Jafnréttisráðs

Almennar upplýsingar

Spurningalistar voru sendir til eða afhentir 560 konum á aldrinum 20-60 ára árið 1984. Konurnar voru úr Reykjavík, frá Patreksfirði, Húsavík, Egilsstöðum og úr dreifbýlinu. Svör bárust frá 300 konum eða 57,8%. Árið 1976 voru spurningalistar sendir til 387 kvenna á aldrinum 25-55 ára. Leitað var til kvenna á sömu stöðunum bæði árin. Heildarsvörunin árið 1976 var 73,4%.

Flestar voru konurnar 20 ára en flestir makarnir voru 35 ára eða 37 ára árið 1984.

Giftar konur voru 185, 48 konur voru í sambúð, 5 voru ekkjur og 16 fráskildar í seinni könnuninni. Þegar rætt var um sambúð var átt við vígða og óvígða sambúð. Árið 1976 voru 282 konur í vígðri eða óvígðri sambúð, ein var fráskilin og ein ekkja.

Konurnar höfu flestar búskap 20 ára og hið sama má segja um makana árið 1984.

Algengasta fjölskyldugerðin var sambúð með barn/börn og á það við um 65% kvennanna í seinni könnuninni.

Kjarnafjölskyldu tilheyrðu 82% svarenda og algengasta heimilisstærðin var 2-3ja manna heimili eða 4-5 manna heimili samkvæmt könnun Jafnréttisráðs. Ef litið er á heimilisstærðina bæði árin þá kemur í ljós að í Reykjavík var algengast að fjöldi heimilismanna væri 2-3ja manna heimili, á hinum þéttbýlisstöðunum 4-5 manna heimili og í dreifbýlinu 6-7 manna heimili.

Flestar konurnar ólust upp hjá báðum foreldrum sínum árið 1984 eða 88,6% þeirra og er það svipað hlutfall og árið 1976.

233 konur árið 1984 voru með börn á heimilinu og voru flest börnin á aldrinum 0-6 ára. Algengast var að þær væru með eitt barn á heimilinu. Árið 1976 voru flest börnin á aldrinum 11-15 ára.

Árið 1984 voru 12 aldraðir, 8 sjúklingar og 7 þroskaheftir á heimilum kvennanna. Auk þess var ein kona með aldraðan og þroskaheftan einstakling á heimilinu, ein var með sjúkling og þroskaheftan og ein svaraði því að sjálf væri hún fötluð.

Flestar konurnar voru í 100-199 fm húsnæði árið 1984 eða 55% þeirra. Einbýlishús var algengasta húsnæðisgerðin og á það við um alla staðina nema Reykjavík, en þar voru fjölbýlishús algengust. Um 74% kvennanna bjuggu í eigin húsnæði, um 15% voru í leiguhúsnæði og 8% í öðru t.d. foreldrahúsum. Húsnæði flestra þeirra var 5-14 ára gamalt. Bæði árin var algengast að konurnar væru í 100-199 fm húsnæði og í einbýlishúsum.

Árið 1984 var bifreiðaeign heimilismanna í 60,5% tilvika einn bíll á heimilinu. 87% kvennanna voru með bílpróf og 97,4% makanna. 74% svarenda óku að staðaldri árið 1984. Makinn ók oftar þegar þau fóru saman út að aka eða í um 66% tilvika. Árið 1976 voru hins vegar 72,2% svarenda með bílpróf og 76,1% kvennanna ók að staðaldri. Svipuð niðurstaða kom fram bæði árin varðandi það hvor aðilinn ekur oftar þegar þau fara saman út að aka.

Árið 1984 höfðu 48% kvennanna lokið stuttu námi fram yfir skyldu og 40,3% makanna höfðu verklegt framhaldsnám að baki. Háskólanám höfðu 9% kvennanna eða sambærilega menntun en 16,4% makanna. Einhleypar konur höfðu hlutfallslega lokið lengri skólagöngu en konur í sambúð. 30 svarendur voru í námi þegar könnunin fór fram og 4 makar. Fleiri konur reyndust árið 1984 en árið 1976 hafa lokið háskólanámi eða sambærilegri menntun (1,8% árið 1976 og 9,0% árið 1984) og mun færri konur voru með húsmæðraskólapróf í seinni könnuninni en í þeirri fyrri.

Heimilið

28,5% makanna höfðu enga undirstöðu haft fyrir heimilisstörfin en 4% svarenda árið 1984. Konurnar og makarnir lærðu í flestum tilvikum undirstöðu sína hjá móður sinni.

Flestar konurnar skipuleggja ekki vinnu sína á heimilinu fyrirfram eða tæplega 40% þeirra árið 1984. Svipað hlutfall kvenna skipulagði ekki vinnu sína á heimilinu fyrirfram árið 1976.

Árið 1984 áttu flestir svarendur hrærivél, ísskáp, frystikistu, sjálfvirka kaffikönnu, þvottavél, saumavél, ryksugu, síma, sjónvarp, útvarp og hljómflutningstæki eða höfðu aðgang að. Fáar konur áttu hins vegar eða höfðu aðgang að örbylgju-

ofni, blástursofni, myndbandstæki og heimilistölvu.

24 konur höfðu leitað til Leiðbeiningarstöðvar húsmæðra og 16 konur höfðu ráðfært sig við Neytendasamtökin árið 1984.

Um 39% kvennanna saumuðu stundum til heimilisins árið 1984 og 39% saumuðu sjaldan eða aldrei. Fleiri konur prjónuðu hins vegar til heimilisins og sögðust 41% þeirra prjóna stundum og 34,3% alltaf eða oftast. Fleiri konur prjónuðu og saumuðu til heimilisins árið 1976.

88,7% kvennanna sögðust fylgjast með fjármálum heimilisins árið 1984. Svipaður fjöldi sagðist fylgjast með fjármálum heimilisins árið 1976 og í seinni könnuninni en verkaskipting sambýlisfólks varðandi fjármálin hefur hins vegar töluvert breyst á þessum átta árum. Konur sem sáu frekar eða alltaf um fjármál heimilisins árið 1976 voru 7,4% en árið 1984 16,4%, sem er rúmlega helmings aukning. Árið 1976 sáu 38% sambýlisfólks jafnt um fjármálin en 42% árið 1984. 49,3% makanna sáu frekar eða alltaf um fjármálin á heimilinu árið 1976 en 32,8% makanna árið 1984.

12 konur fengu utanaðkomandi hjálp við heimilisstörfin eða 4,0% árið 1984 en 9,6% árið 1976.

Konurnar leituðu oftast í bækur eða blöð ef vandamál komu upp varðandi matartilbúning. Varðandi húshald leituðu þær einkum ráða hjá móður eða maka. Flestar leituðu til makanna ef vandamál komu upp vegna barnauppeldis, persónulegra vandamála og fjölskylduvandamála.

Atvinna

Atvinnuþátttaka kvenna utan heimilis í þéttbýlinu reyndist vera árið 1984 77,7% og störfuðu hlutfallslega flestar utan heimilis á Húsavík (85,8%), en fæstar á Egilsstöðum (73,4%).

Launþegar í fullu starfi árið 1984 voru 38% og launþegar í hlutastarfi 29%. Konurnar á Húsavík voru hlutfallslega flestar í hlutastörfum, en konurnar í Reykjavík voru hins vegar hlutfallslega flestar launþegar í fullu starfi. Heimavinnandi konur voru um 15% og þar af 44,4% dreifbýliskvenna. Hlutfallslega voru fæstar heimavinnandi á Húsavík og í Reykjavík. Nemendur voru 7,7% og öryrkjar og atvinnulausar 1,6%.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á atvinnuþátttöku svarenda á þessum átta árum eins og tafla 12.1. ber með sér. Hlutfallslega hefur heimavinnandi fækkað og fleiri eru launþegar í fullu starfi og sem nemendur. Svipað hlutfall er hins vegar launþegar í hlutastarfi og sem sjálfstæðir atvinnurekendur bæði árin.

Tafla 12.1. Atvinnuþátttaka svarenda árin 1984 og 1976.

	Konur 1984		Konur 1976	
	fjöldi	%	fjöldi	%
Heimavinnandi	44	14,7	127	44,7
Launþegi í fullu st.	114	38,0	46	16,2
Launþegi í hlutast.	87	29,0	84	29,6
Sjálfst. atvinnurek.	21	7,0	22	7,7
Nemendur	23	7,7	4	1,4
Annað	5	1,6		
Ósvarað	6	2,0	1	0,4
Samtals	300	100,0	284	100,0

Flestar konurnar störfuðu sem almennt starfsfólk (39%) árið 1984, þ.e. við verslun og á skrifstofum, við skemmtanir og þjónustu, barnagæslu og heilsugæslu. Makarnir störfuðu hins vegar flestir sem faglært verkafólk eða verkstjórar (27%). Um 16% svarenda voru heimavinnandi en um 77% mæðra þeirra höfðu verið heimavinnandi þegar konurnar voru að alast upp.

58 konur sögðu tölvuvæðinguna hafa haft áhrif á störf sín árið 1984 eða 19% úrtaksins. Konurnar voru flestar hlynntar tölvuvæðingunni (44,3%), en margar konur voru einnig óákveðnar og völdu "veit ekki" valmöguleikann (33,3%).

231 kona (77%) voru í stéttarfélagi árið 1984, en 53 konur (17,7%) voru ekki í stéttarfélagi. Árið 1976 voru 68,4% kvennanna í stéttarfélögum. Fimm konur voru í búnaðarfélagi árið 1984 en þrjár konur árið 1976.

Flestum konunum líkaði vel eða mjög vel við störf sín (73,5%) árið 1984 og höfðu valið það vegna áhuga á starfinu.

105 konur tóku að sér aukavinnu og þar af tóku 19 konur aukavinnu með sér heim árið 1984. Flestar þeirra unnu yfirvinnu í tengslum við aðalstarf sitt. Árið 1976 tóku hins vegar 42 konur einhverja aukavinnu með sér heim.

Starfsaldur í núverandi starfi var hjá flestum konunum 0-5 ár (54,2%) árið 1984 og hið sama má segja um makana (38,8%).

83,3% kvennanna í seinni könnuninni sögðu útivinnuna samræmast heimilisstörfunum sæmilega eða illa eða hafa gert það.

13 konur vildu ekki vinna utan heimilis árið 1984 en 233 konur sögðust vilja vinna eða vinna utan heimilis. Árið 1984 vildu flestar þeirra vinna utan heimilis vegna tekna eða 29,2% þeirra. Árið 1976 vildu 34 konur ekki vinna utan heimilis.

Vinnutími

Vinnutími svarenda utan heimilis árið 1984 var í flestum tilvikum 26-40 klst. eða hjá 36,5% þeirra, en hjá mökunum 41-60 klst. (45,9%). Meðaltal vinnutímans utan heimilis hjá svarendum var 33,8 klst. á viku, en 46,5 klst. hjá mökunum. Meðalvinnutími kvenna starfandi utan heimilis í þéttbýli árið 1976 var 30,6 klst. á viku en 34 klst. á viku árið 1984. Meðalvinnutími maka í þéttbýli árið 1976 var hins vegar 52,9 klst. á viku en 47,4 klst. á viku árið 1984.

Vinnutíminn á heimilunum árið 1984 var yfir heildina lengri hjá konum en körlum bæði virka daga og um helgar. Meðaltalsvinnutími á heimilinu í seinni könnuninni var lengstur hjá konum í dreifbýlinu 38 klst. á viku, en stystur í Reykjavík 18 klst. á viku. Stystum tíma virtust makarnir í Reykjavík og á Patreksfirði eyða í heimilisstörf og barnauppeldi árið 1984, um 10 klst. á viku, en lengstur var vinnutíminn á Egilsstöðum um 17 klst. á viku. Árið 1976 störfuðu flestar konurnar (39 konur) 45-74 klst. á viku við heimilisstörf og barnauppeldi en árið 1984 eyddu flestar þeirra (92 konur) 1-29 klst. á viku í þau störf.

Samanlagður vinnutími kvennanna utan heimilis árið 1984 og á heimilinu var að meðaltali 58 klst. á viku, en makanna 53 klst.

Verkaskipting kynja á heimilinu árið 1984 kom í flestum tilvikum þannig út að konurnar sáu frekar eða alltaf um umönnun barna, matargerð, matarinnkaup, uppvask, þvott á fatnaði, ræstingu og hreingerningu á íbúðinni. Makarnir sáu hins vegar oftast frekar eða alltaf um umhirðu bifreiðar og smáviðgerð á húsnæðinu. Jöfnust var verkaskipting þeirra varðandi uppvask (í 32,6% tilvika) og að hátta og klæða börnin (29,2%). Ekki höfðu miklar breytingar átt sér stað að þessu leyti á þessum átta árum.

Tekjur

Flestar konurnar voru með tekjur á bilinu 10.000-20.000 kr. á mánuði árið 1984 eða 52% þeirra. Makarnir voru hins vegar flestir með 20.100-25.000 á mánuði eða 18%. 24,1% makanna voru með 30.100 eða meira á mánuði í tekjur en 1,5% kvennanna. Hæstu mánaðarlaun konu voru 39.600 en maka 100.000. Konur í þéttbýli voru að meðaltali með 47-63% af

mánaðartekjum makanna árið 1984. Árið 1976 voru þær hins vegar með 40-50% af mánaðartekjum makanna.

Árið 1984 fengu 44 konur greidda yfirborgun og 23 makar. Bílastyrki fengu 15 konur og 28 makar.

Aðrar greiðslur til kvennanna árið 1984 voru í flestum tilvikum meðlög, mæðralaun eða barnalífeyrir ef, um aðrar greiðslur var að ræða.

35% kvennanna töldu árið 1984 að ráðstöfunartekjur sínar dygðu sæmilega og 24,7% naumlega. Konur með tekjur á bilinu 15.100-20.000 svöruðu hlutfallslega oftast að ráðstöfunartekjurnar dygðu mjög illa eða illa. Konur með 25.100 eða meira voru mun ánægðari með ráðstöfunartekjur sínar en þær sem voru með lægri tekjur á mánuði.

Daggæsla

Niðurstöður seinni könnunarinnar sýndu að algengasta daggæsluformið var leikskóli (15%), leikskóli og dagmamma (14%) eða ýmis önnur ráð (29%), t.d. að barnið/börnin væru heima hjá föður og ömmu, hjá föður og í skóla, í vinnunni hjá svaranda. Var þetta þó eitthvað breytilegt eftir stöðum. Árið 1976 var algengast að barnið/börnin væru ein heima eða með öðrum (33,3%), hjá dagmömmu (15,7%) eða hjá ömmu sinni (15,7%). 41,4% barnanna voru hjá dagmömmu, í leikskóla, á dagheimili eða á gæsluvelli árið 1976 en 59,8% árið 1984. 9,6% kvennanna þurftu að nota sér ýmis önnur ráð árið 1976 en 29,3% kvennanna í seinni könnuninni.

Tómstundir

   b. vegna rækjuvinnslu.

   Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu vegna þessara þátta.
6. Hvaða vitneskja og mat liggur fyrir á veiðiþoli rækjustofna á Íslandsmiðum.
7. Er um að ræða mismunun í gjaldtöku og skattlagningu sem ýtir undir útflutning á ísvörðum fiski og útgerð frystitogara og ef svo er, í hverju er sú mismunun fólgin?
8. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um þjóðhagslega hagkvæmni varðandi mismunandi vinnsluaðferðir og hagnýtingu sjávarafla?

Alþt. 1986. A. (109. löggjafarþing). 30

Endurprentað blað.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 10. okt. 1986.

Hjörleifur Guttormsson.	Geir Gunnarsson.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Helgi Seljan.	Ragnar Arnalds.
Skúli Alexandersson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Svavar Gestsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Óheimilt er að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur 30 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. sept. 1986. Þessi lágmarkslaun breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt lítið breytt.

Samkvæmt gildandi kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins eru lægstu grunnlaun fyrir 40 stunda vinnuviku nú um 19 þús. kr. á mánuði. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, sem telur hjón og 1,66 börn, er hins vegar nú í byrjun október 1986 um 87 þús. kr. á mánuði. Hvað sem líður yfirborgunum af margvíslegu tagi liggur ljóst fyrir að fjölmargir launþegar, þar á meðal stærsti hluti kvenna á vinnumarkaði, hafa innan við 30 þús. kr. á mánuði í grunnlaun og geta því ekki framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Ómæld vinna, sem óhjákvæmilega bitnar á heilsufari og fjölskyldum viðkomandi, er þess vegna eina leið fjölmargra til að láta enda ná saman, þ.e. þeirra sem ekki kikna undan byrðinni og leita á náðir opinberra stofnana með afkomu sína. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi og því er þetta frv. nú endurflutt.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Markmið þess er að koma í veg fyrir að fólk beri minna úr býtum fyrir fulla vinnu en sem nægir til að sjá sér farborða. Frumvarpið tekur aðeins til þeirra sem hafa laun undir 30 þús. kr. á mánuði en hreyfir ekki við launum sem hærri eru.

Samkvæmt lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar gæti frumvarpið náð til um 35 þús. launþega og haft í för með sér allt að fjórðungs hækkun á dagvinnulaunum þessa hóps að meðaltali. Hins vegar er áætlað að heildarlaunakostnaður atvinnurekstrar í landinu hækki ekki um meira en sem nemur 3–5% miðað við heilt ár. Hækkun lægstu launa er því hvorki dýr né líkleg til að hleypa verðbólgunni á skrið að nýju.

Frumvarpið er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Þegar aðilar vinnumarkaðarins bregðast þessu hlutverki sínu getur Alþingi hins vegar ekki setið hjá aðgerðarlaust. Einnig er vitað að sú endurskoðun á launakerfi vinnumarkaðarins, sem nú er unnið að, mun í engu breyta grundvallaratriðum þess, allra síst hvað konur varðar. Jafnframt er ljóst að aðilar vinnumarkaðarins geta ekki eða vilja ekki höggva á þann hnút sem jöfn prósentuhækkun allra launa, hárra sem lágra, hefur skapað í íslenskum launamálum. Því er hér lagt til að Alþingi hækki einhliða lægstu launin í landinu og tryggi þannig þann *lágmarksrétt* hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að óheimilt sé að greiða lægri laun fyrir 40 stunda dagvinnu en sem nemur 30 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. sept. 1986. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, þ.e. hjóna með 1,66 börn að meðaltali, er nú í byrjun október 1986 rétt innan við 87 þús. kr. á mánuði, miðað við vísitölugrundvöll þann sem gekk í gildi í febrúar 1984 og byggður er á neyslukönnun meðal hjóna á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1978 og 1979. Enn er ekki til að dreifa útreikningi á framfærslukostnaði einstaklings og óvíst að takast megi að gera hann á grundvelli neyslukönnunar sem gerð var fyrr á þessu ári og Hagstofa Íslands vinnur nú úr. Hins vegar má ætla að framfærslukostnaður einstaklings sé nú að lágmarki 30–35 þús. kr. á mánuði miðað við að framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu er um 87 þús. kr. á mánuði. Hugsanlegt er að framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu breytist í kjölfar nýrrar neyslukönnunar, en ekki er reiknað með að þær breytingar ráði úrslitum né verði svo miklar að ætla megi að framfærslukostnaður einstaklings sé undir 30 þús. kr. á mánuði.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Foreldri, sem beiðist lausnar frá starfi sínu til þess að annast barn sitt, á rétt á að ganga aftur að sama starfi og sömu kjörum allt að tveimur árum frá fæðingu barnsins. Sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða framlengist þessi réttur um eitt ár til viðbótar.

2. gr.

Ákvæði þessara laga skerða í engu ákvæði gildandi laga um fæðingarorlof.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umönnun og uppeldi barna fyrstu æviár þeirra hefur lengstum verið í höndum kvenna. Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega og nálgast nú atvinnuþátttöku karla. Á sama tíma hafa kröfur atvinnulífsins til starfsfólks aukist verulega og hefur foreldrum ungra barna reynst erfitt að samræma þær kröfur þeim sem umönnun og uppeldi ungra barna leggur þeim á herðar. Tilgangur þessa frumvarps er að koma til móts við breyttar aðstæður foreldra ungra barna og gera þeim kleift að sinna þörfum heimilis og barna fyrstu tvö árin í ævi barns án þess að raskað sé atvinnuöryggi þeirra.

Frumvarpið kveður á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns og ganga að starfi sínu aftur og sömu kjörum að þeim tíma liðnum. Það tekur ekki til efnalegrar afkomu foreldra ungra barna en bent er á að í þeim efnum eru lenging fæðingarorlofs án launaskerðingar og auknar greiðslur barnabóta ákaflega brýnar. Frumvarpið beinist eingöngu að atvinnuöryggi foreldra ungra barna og tryggir þeim ákveðinn lágmarksrétt í því efni.

Í skýrslu Byggðastofnunar, *Vinnumarkaðurinn 1984*, útg. í febr. 1986, kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverk en konur árið 1984. Þessi mikli munur á meðaltalslaunum kvenna og karla á sér margar orsakir. Ein þeirra er sú að atvinnuferill kvenna er iðulega rofinn þegar þær eignast börn því margar hverfa þá af vinnumarkaði um stundarsakir til að sinna börnum og heimili. Vilji þær síðan hefja störf utan heimilis á nýjan leik hafa þær oftast enga tryggingu fyrir að geta gengið að starfi sínu aftur og eru því oftar en ekki í sporum nýliða á vinnumarkaðnum. Þetta veldur því að konum reynist erfiðara en körlum að byggja upp atvinnuferil sinn og það hefur ásamt öðru í för með sér skerta tekjumöguleika þeirra og er því ein orsök lágra meðallauna kvenna. Frumvarpið miðar að því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis og gera foreldrum, konum sem körlum, kleift að hverfa tímabundið af vinnumarkaði án þess að rjúfa atvinnuferil sinn og skerða með því tekjumöguleika sína síðar meir.

Frumvarpið hefur engan reiknanlegan kostnað í för með sér.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns án þess að eiga á hættu að missa starf sitt og þau kjör sem það býður. Þar sem umönnun fleirbura og fatlaðra barna er að jafnaði umfangsmeiri og meira krefjandi en umönnun annarra barna er lagt til að þessi réttur framlengist um eitt ár og verði þrjú ár sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði þessara laga skerði í engu ákvæði þeirra laga sem gildandi eru á hverjum tíma um fæðingarorlof. Með greininni er fyrst og fremst verið að fyrirbyggja þá túlkun þessara laga að foreldri, sem nýtir sér ákvæði þeirra, missi við það í einhverju rétt sinn til launaðs fæðingarorlofs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um endurmat á störfum kvenna.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að nú þegar skuli hafist handa við að endurmeta störf og laun kvenna hjá ríkinu, hvort heldur um er að ræða störf kvenna í félögum ríkisstarfsmanna eða öðrum stéttarfélögum. Alþingi leggur á það áherslu að við slíkt endurmat verði nýtt verðgildi starfa lagt til grundvallar og að umönnunar-, uppeldis- og þjónustuþættir kvennastarfa verði metnir til jafns við ábyrgðar- og frumkvæðisþætti hefðbundinna karlastarfa. Hið nýja starfsmat skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 1987.

Greinargerð.

Árið 1976 voru fyrst sett lög hér á landi um jafnan rétt kvenna og karla. Í þessum lögum og þeim endurbótum, sem á þeim voru gerðar vorið 1985, er skýrt kveðið á um að óheimilt sé að mismuna fólki eftir kynferði hér á landi, „konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf", eins og segir í 4. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Því miður taka þessi lög ekki tillit til þeirrar staðreyndar að verðmæti starfa er háð mati hverju sinni og því hafa lögin ekki reynst þess megnug að leiðrétta það kynbundna launamisrétti sem nú viðgengst á vinnumarkaðnum í skjóli verðmætamats sem metur hefðbundin karlastörf hærra en hefðbundin kvennastörf.

Í skýrslu Byggðastofnunar *Vinnumarkaðurinn 1984: Mannafli, meðallaun, atvinnuþátttaka*, útg. febr. 1986, kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverk en konur árið 1984. Raunar eru það aðeins 14 ára unglingspiltar og 75 ára karlar og eldri sem fá lægri meðallaun á ársverk en sem nemur meðallaunum allra kvenna (sjá fylgiskjal). Einnig kemur fram að konur hópast í ákveðnar starfsgreinar, einkum þjónustu- og umönnunarstörf, og að meðaltekjur kvenna hækka minna með aldri en meðaltekjur karla. Í síðustu kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins var engin tilraun gerð til að endurmeta kvennastörfin eða til þess að hækka konur í launum á einhvern hátt þannig að vísast er útkoman svipuð hvað varðar meðallaun eftir kyni í ár og hún var árið 1984.

Tilgangur þessarar tillögu er að taka á þessu kynbundna launamisrétti og fá því til leiðar komið að þau störf sem konur inna af hendi verði metin til jafns við þau störf sem karlar stunda. Því er lagt til að nú þegar skuli hafist handa við gagngert endurmat á störfum og launum kvenna sem hjá ríkinu starfa og að þeir þættir sem einkum einkenna kvennastörfin, þ.e. umönnunar-, uppeldis- og þjónustuþættir, verði í nýju starfsmati metnir til jafns við ábyrgðar- og frumkvæðisþætti hefðbundinna karlastarfa. Þessir þættir kvennastarfanna, sem margir eru þeir sömu og í hinum hefðbundnu heimilisstörfum, eru vissulega engu síður mikilvægir en þeir þættir karlastarfa sem skila körlum meira en helmingi hærri launum en konum að meðaltali þó mikið skorti á að það sé viðurkennt á borði ekki síður en í orði. Við slíkt vanmat hefðbundinna kvennastarfa verður ekki lengur unað og því er þessi tillaga flutt.

Tillagan nær eingöngu til þeirra sem hjá ríkinu starfa og er hugsuð sem skref í átt að gagngeru endurmati á störfum kvenna á vinnumarkaðnum. Nái hún fram að ganga á hún að geta komið öllum launakonum til góða þar sem samtök launafólks geta á grundvelli hennar samið um sambærilegar leiðréttingar á verðgildi kvennastarfa á hinum almenna vinnumarkaði. Í raun er hér lagt til að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og endurmeti kvennastörfin í sínum eigin ranni, með það í huga að slíkt endurmat verði einnig tekið upp á hinum almenna vinnumarkaði.

Hjá ríkinu starfa nú 6000 konur og 3495 karlar í 14 félögum ríkisstarfsmanna. Hjá launadeild fjármálaráðuneytisins fengust eftirfarandi upplýsingar um skiptingu stöðugilda og yfirvinnu í launaflokka eftir kynjum. Meðal þeirra sem fá greidd laun skv. kjarasamningi BK (Bandalagi kennarafélaga) eru aðeins 83 stöðugildi af 1618 stöðugildum kvenna sem ná þeim meðallaunum eða hærri sem körlum innan félagsins eru greidd. Yfirvinnugreiðslur til kvenna eru þar 22% af dagvinnulaunum á móti 48,7% hjá körlum. Innan BHMR eru þau stöðugildi kvenna sem ná meðallaunum karla í félaginu eða þar yfir 84 af 805 stöðugildum kvenna alls. Yfirvinnugreiðslur til kvenna eru þar 31,7% af dagvinnulaunum á móti 42,1% hjá körlum. Innan BSRB eru það 1116 stöðugildi kvenna af 3945 sem ná meðallaunum karla innan félagsins eða þar yfir og þar eru yfirvinnugreiðslur til kvenna 33,2% af dagvinnulaunum á móti 65,5% hjá körlum. Í heildina eru það því aðeins 1283 stöðugildi kvenna af 6368 alls eða um 20% sem ná meðallaunum karla í þessum félögum eða þar yfir og yfirvinnugreiðslur til karla eru í öllum tilvikum hærri en til kvenna. Að auki starfa hjá ríkinu um 1500 félagar í verkakvennafélögunum Sókn, Framsókn og Framtíðinni, nánast eingöngu konur. Eru þeim greidd laun samkvæmt töxtum þessara félaga en þeir eru meðal þeirra lægstu á landinu. Það er því ljóst að launamunur eftir kynjum er umtalsverður hjá ríkinu og stjórnvöldum skylt að ráða þar tafarlaust bót á vilji þau að tilgangur þeirra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem þau hafa sjálf sett sé í heiðri hafður.

Tekið skal fram að til kvennastarfa teljast þau störf þar sem konur eru a.m.k. helmingur þeirra sem störfin hafa með höndum. Þeir karlar sem slíkum störfum sinna njóta vitaskuld einnig þeirra kjarabóta sem það endurmat kvennastarfa sem hér er lagt til gæti haft í för með sér.

Hvað varðar framkvæmd tillögunnar er eðlilegast að félagsmálaráðherra skipi starfshóp til að annast verkið í samráði og samstarfi við þau hagsmunasamtök sem hlut eiga að máli. Æskilegast væri að hið nýja starfsmat gæti legið fyrir fyrir lok núgildandi samningstímabils og verið til viðmiðunar við gerð næstu kjarasamninga. Þar sem slík tímasetning getur ekki talist raunhæf er lagt til að starfsmatið liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 1987.

Eins og áður segir er það eitt af markmiðum núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að konur og karlar standi jafnt að vígi á vinnumarkaðnum. Raunveruleikinn er þó annar eins og hér hefur verið lýst. Með því endurmati á störfum og launum kvenna sem hér er lagt til er leitast við að framkvæma þá hugsun sem í gildandi jafnréttislögum býr að konum og körlum skuli ekki mismunað eftir kynferði á vinnumarkaðnum.

Fylgiskjal.


Meðallaun á ársverk eftir kyni.

Úr *Vinnumarkaðurinn 1984: Mannafli, meðallaun, tekjur.*
Byggðastofnun, febr. 1986.

MEÐALLAUN EFTIR KYNI OG ALDRI ÁRIÐ 1984

Aldur	Karlar	Konur	Karlar og konur
<= 14	138	138	138
15-19	268	220	247
20-24	349	243	303
25-29	402	266	348
30-34	435	271	373
35-39	452	270	384
40-44	455	268	380
45-49	446	259	368
50-54	422	254	353
55-59	400	249	341
60-64	368	240	320
65-69	329	228	295
70-74	291	224	274
>= 75	242	209	234
Meðallaun	396	253	339

MEÐALLAUN EFTIR KYNI OG ALDRI ÁRIÐ 1984



Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um frystingu kjarnorkuvopna.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar þeirra. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I og SALT II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt á undanförnum þremur löggjafarþingum og er nú endurflutt. Hún er efnislega samhljóða tillögu sem flutt hefur verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum. Á s.l. fundi var hún flutt af Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú, en hefur gjarnan verið kennd við Mexíkó og Svíþjóð. Tillagan fjallar fyrst og fremst um bann við frekari tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.

Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gjöreyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ.e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að draga úr vígbúnaði og tryggja lausn þessa ógnarlega vanda. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki séð ástæðu til þess að styðja þessa tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en jafnan setið hjá við atkvæðagreiðslu. Slíkt er óviðunandi og í ósamræmi við anda þeirrar þingsályktunar um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi í maí 1985. Á s.l. hausti sáu allar Norðurlandaþjóðirnar aðrar en Íslendingar sér fært að styðja áðurnefnda tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þessi tillaga miðar að því að hindra frekari vopnasöfnun. Íslensk stjórnvöld hafa lítið aðhafst enn til að stuðla að afvopnun á alþjóðlegu friðarári. Mikilvægt er að Alþingi fjalli

um þessa þingsályktunartillögu áður en efnislega samhljóða tillaga verður borin upp til atkvæða á því þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir. Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu mundi Alþingi gefa íslenskum stjórnvöldum það verðuga verkefni á alþjóðlegu friðarári að beita sér fyrir allsherjarbanni við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna komi ný mgr. svohljóðandi:

Valdsmanni er heimilt að úrskurða að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta framlög samkvæmt 1. mgr., svo og vegna barna örorku- og ellilífeyrisþega sem barnalífeyris hafa notið samkvæmt 14. gr. laga um almannatryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 17. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 1. apríl 1981, er heimild til að ákveða framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar og starfsþjálfunar barns til 20 ára aldurs. Ljóst er að þessi ákvæði barnalaganna eru mjög mikilvæg og geta oft ráðið úrslitum um framhaldsmenntun eða starfsþjálfun barna einstæðra foreldra.

Þegar ofangreind ákvæði voru lögfest var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt eða stuðning við einstæða foreldra eða börn þeirra ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta greiðslu skv. ákvæðum þessarar greinar barnalaganna.

Hér er því um að ræða augljóst ranglæti og mismunun í aðbúnaði og kjörum einstæðra foreldra. Með þessu frumvarpi er leitast við að leiðrétta það. Einnig er lagt til að börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem ekki hafa annan framfærslueyri en bætur almannatrygginga, fái sama rétt.

Fjöldi þeirra, sem fengu greitt meðlag með börnum sínum 1. desember 1984, er 8452 einstæðir foreldrar með 10 329 börn á framfæri sínu.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins fengu í september 1985 983 einstæðir foreldrar greiddan barnalífeyri með 1472 börnum vegna andláts annars foreldris. Fjöldi þeirra, sem barnalífeyris njóta þegar um er að ræða ófeðruð börn, er 90 með 92 börn á framfæri en sá hópur ætti einnig rétt til framlags samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. *Samtals er því um að ræða 1073 einstæða foreldra með 1564 börn á framfæri sínu sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila með framlag vegna menntunar barna sinna eftir 18 ára aldur.* Barnalögin veita aftur á móti þeim, sem til meðlagsskylds aðila geta leitað, slíkan rétt. Samkvæmt þessu eru það um 12–13% einstæðra foreldra sem ekki geta leitað eftir rétti til framlaga vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna sinna samkvæmt ákvæðum barnalaganna.

Ef reynt er að meta hve stór hópur öryrkja og ellilífeyrisþega fær greiddan barnalífeyri, og hefðu því rétt til að leita eftir framlagi vegna menntunar barna sinna, 18–20 ára, samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, kemur eftirfarandi í ljós:

Barnalífeyrir	**Fjöldi bótaþega:**	**Fjöldi barna á framfæri:**
Ellilífeyrisþegar	33	49
Öryrkjar	584	918
	617	967

Hér er því um að ræða *samtals 617 öryrkja og ellilífeyrisþega með 967 börn á framfæri sínu.*

Í 17. gr. barnalaganna eru heimildarákvæði til greiðslu framlags vegna menntunar og starfsþjálfunar barns. Valdsmaður metur í hverju tilfelli aðstæður þar sem m.a. er tekið mið af efnahag og öðrum aðstæðum meðlagsskylds aðila og þess foreldris sem forsjá barns hefur. Með tilliti til þess er rétt að líta á um hve stóran hóp öryrkja og ellilífeyrisþega er að ræða sem einungis hefur sér til framfærslu bætur almannatrygginga en það gefur nokkra vísbendingu um útgjöld ríkissjóðs vegna þessa hóps yrði frumvarp þetta að lögum:

Barnalífeyrir	**Fjöldi bótaþega með óskertar tekjur**
Ellilífeyrisþegar	11
Öryrkjar	118
	129

Samkvæmt þessu eru það 129 af 617 öryrkjum og ellilífeyrisþegum með barnalífeyri sem hafa óskerta tekjutryggingu og því einungis sér til framfærslu bætur almannatrygginga.

Nokkuð erfitt er þó að áætla kostnað ríkissjóðs, yrði frumvarp þetta að lögum, þar sem um er að ræða heimildarákvæði og úrskurður valdsmanns byggðist hverju sinni á efnahag og aðstæðum þeirra sem hlut eiga að máli.

Upphæð menntunarframlags er miðuð við meðalmeðlag með óskilgetnum börnum eins og það er ákveðið á hverjum tíma af Tryggingastofnun ríkisins en 1. október 1985 var sú upphæð 3278 kr. á mánuði.

Athyglisvert er hve fáir einstæðir foreldrar, sem falla undir 17. gr. barnalaganna, hafa sótt eftir þeim rétti frá því að lögin tóku gildi. Samkvæmt upplýsingum Sakadóms Reykjavíkur, sem fer með úrskurð þessara mála í Reykjavík, kemur eftirfarandi í ljós:

17. gr. barnalaga, framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna til 20 ára aldurs:
1. jan.–31. des. 1982: 10 úrskurðir.
1. jan.–31. des. 1983: 17 úrskurðir.
1. jan.–31. des. 1984: 19 úrskurðir.
1. jan.– 9. okt. 1985: 21 úrskurður.

Beiðni varðandi menn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, er send viðeigandi embættum og beiðni á hendur mönnum búsettum erlendis er send dómsmálaráðuneytinu til fyrirgreiðslu. Undirstrika skal að hér er einungis um að ræða framkvæmd 17. gr. barnalaganna í *Reykjavík* en það gefur eigi að síður nokkuð góða mynd af því hve fáir einstæðir foreldrar hafa leitað réttar síns samkvæmt þessum ákvæðum barnalaganna. Það gefur tilefni til að ætla að betur þurfi að kynna og koma á framfæri þeim rétti sem einstæðir foreldrar eiga samkvæmt ákvæðum laganna.

Þegar á heildina er litið gæfu ákvæði frumvarpsins 1690 einstæðum foreldrum, öryrkjum og ellilífeyrisþegum með samtals 2531 barn á framfæri sínu möguleika á að leita eftir framlagi til menntunar barna sinna 18–20 ára. Gera verður þó ráð fyrir að fjöldi þeirra, sem úrskurðuð yrðu menntunarframlög samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, yrði töluvert minni þar sem valdsmaður metur efnahag og aðstæður þeirra sem í hlut eiga hverju sinni.

Af því sem hér hefur verið tilgreint og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um fyrri úrskurði samkvæmt 17. gr. barnalaganna, verður ekki ráðið að hér sé um stórar fjárhæðir að tefla fyrir ríkissjóð.

Það mikilvæga er að með samþykkt þessa frumvarps yrði tryggt að börn, sem aðeins eiga annað foreldra á lífi, hafi sömu möguleika og börn annarra einstæðra foreldra þannig að einstæðum foreldrum yrði ekki mismunað að því er varðar þann rétt og stuðning sem 17. gr. barnalaganna veitir einstæðum foreldrum. Að auki mundu börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem eingöngu hafa sér til framfærslu bætur almannatrygginga, njóta sama réttar.

Frumvarp þetta var flutt á 107. og 108. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Fylgiskjal.

UMSÖGN
Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frumvarpið.
9. apríl 1986.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á barnalögum nr. 9 frá 15. apríl 1981. Breytingin felst í því að Tryggingastofnun ríkisins greiði framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta framlög samkvæmt 1. mgr. laganna, svo og vegna örorku- og ellilífeyrisþega sem barnalífeyris hafa notið samkvæmt 14. gr. laga um almannatryggingar, allt samkvæmt úrskurði valdsmanns eins og kveðið er á um í 17. gr. barnalaga.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins gæti verið unnt að leita eftir framlagi fyrir 2500 börn til menntunar eða starfsþjálfunar. Eru þá talin börn látinna foreldra, ellilífeyrisþega, öryrkja og ófeðruð börn sem fengu meðlags- og barnalífeyrisgreiðslur í mars 1986.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hafa ekki fallið margir úrskurðir um greiðslu þessara framlaga frá samþykkt barnalaga á árinu 1981. Óraunhæft er því að miða við hámarksfjölda þeirra barna sem til greina kæmu ef leitað væri eftir framlögum samkvæmt þessu heimildarákvæði. Verður hér á eftir sýnd þessi hámarkstala og hlutföll af henni miðað við meðlagsgreiðslur í mars 1986.

	Kostnaður ríkissjóðs á ári.
2500 börn (hámark í mars 1986)	106,3 milljónir kr.
1500 börn (60%)	63,8 milljónir kr.
1000 börn (40%)	42,5 milljónir kr.
375 börn (15%)	16,0 milljónir kr.
100 börn (4%)	4,3 milljónir kr.

Miðað við fjölda úrskurða frá samþykkt laganna er lægsta talan raunhæfust í dag. Er þá gert ráð fyrir fjölgun frá því sem nú er enda má búast við fjölgun þegar lengra líður frá samþykkt laganna og einnig fjölgun þeirra er halda áfram í námi.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur Bjarnason.

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 18 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framangreindum launum með hverju barni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja að bætur atvinnuleysistrygginga vegna framfærslu barna séu greiddar þar til barn verður 18 ára í stað 17 ára eins og nú er.

Um er að ræða að samræma ákvæði um atvinnuleysistryggingar því sem er í öðrum hliðstæðum lögum og reglum um framfærslu barna. Má þar nefna:

— barnalögin, þar sem réttindi og skyldur framfærenda miðast við 18 ára aldur barns,
— reglur lífeyrissjóða um barnabætur,
— ákvæði almannatryggingalaga um barnalífeyri, meðlög, mæðralaun og sjúkradagpeninga þar sem bótaréttur og framfærsla eru miðuð við 18 ára aldur barns.

Öll þessi ákvæði, sem hér hafa verið tilgreind, kveða annaðhvort á um framfærsluskyldu framfærenda eða bótarétt þeirra til 18 ára aldurs barna. Af sjálfu leiðir að forsenda fyrir greiðslu atvinnuleysistrygginga á barnabótum til 18 ára aldurs er sú sama. Þar er um að ræða að tryggja framfærslu barna og bótarétt ef atvinnuleysi hindrar framfæranda í að afla vinnutekna.

Ef til vill má benda á ákvæði um sjúkradagpeninga í almannatryggingalögum sem helstu hliðstæðu við greiðslu atvinnuleysistryggingabóta. Sjúkradagpeningar eru greiddir ef launatekjur falla niður vegna veikinda. Bótaþegi á þá rétt á greiðslu dagpeninga og til viðbótar ákveðinni upphæð fyrir hvert barn á framfæri *til 18 ára aldurs*. Atvinnuleysisbætur eru greiddar þegar launatekjur falla niður vegna atvinnuleysis. Bótaþegi á þá rétt á greiðslu dagpeninga og til viðbótar ákveðinni upphæð *vegna barna yngri en 17 ára á framfæri sínu*. Ætla verður að misbrestur hafi orðið á því að færa ákvæði atvinnuleysistryggingalaga, að því er varðar bótarétt vegna barna, til 18 ára aldurs, en í kjölfar barnalaganna, sem sett voru árið 1981, voru almannatryggingalögin samræmd þeim lögum að þessu leyti.

Með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hafa á hliðstæðum lögum og áður hefur verið rakið, verður að ætla að víðtæk samstaða geti náðst um það frumvarp sem hér er flutt.

Samkvæmt upplýsingum Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa barnadagpeningar undanfarin ár numið á bilinu 3,8% til 4,2% af heildarbótagreiðslum atvinnuleysistrygginga. Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, leiðir af sér hækkun barnadagpeninga í u.þ.b. 5,9% af heildarbótagreiðslum. Árið 1985 voru heildarútgjöld atvinnuleysistrygginga vegna barnabóta rúmar 6,4 milljónir króna. Útgjöld atvinnuleysistrygginga hefðu því aukist um 400 þús. kr. á árinu 1985 vegna ákvæða þessa frumvarps.

Af framangreindu er ljóst að frumvarpið felur það eitt í sér að löggjafinn lagfæri ákvæðin um barnabætur atvinnuleysistrygginga svo að þau samræmist því sem er í öðrum hliðstæðum lögum. Sú breyting mun hafa sáralítinn kostnað í för með sér fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson,
Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Úr fyrri mgr. 17. gr. laganna (ekkju- og ekkilsbætur), sbr. 4. gr. l. nr. 96/1971, falla brott orðin „innan 67 ára aldurs“.

2. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðsins „ekkjubætur“ í a-, b- og c-lið, sbr. 17. gr. l. nr. 112/1972, kemur: ekkju- og ekkilsbætur.
2. Á eftir orðinu „mæðralaun“ í fyrri og síðari málsl. c-liðar kemur: feðralaun.
3. E-liður, sbr. 7. gr. l. nr. 62/1974, orðast svo: Örorkubætur, ellilífeyrir og bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt 17. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um almannatryggingar, 17. gr., segir svo:

„Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í sex mánuði eftir lát maka, kr. 7730 á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 5796 á mánuði.“

Samkvæmt þessari grein eru ekkjum og ekklum *innan 67 ára aldurs* greiddar bætur í 6 mánuði (7730 kr. á mánuði 1. sept. s.l.) eftir lát maka. Að auki eru greiddar bætur í 12 mánuði til viðbótar (5796 kr. á mánuði) hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu. Þennan sama rétt hefur einnig sambúðarfólk að uppfylltum ákvæðum 52. gr. almannatryggingalaga.

Eina undantekningin frá greiðslu ekkju- og ekkilsbóta er *að ellilífeyrisþegar (67 ára og eldri) fá ekki greiddar þessar bætur.* Erfitt er að sjá hvaða sanngirni liggur hér að baki, að undanskilja ellilífeyrisþega frá greiðslu slíkra bóta. Greiðslur lífeyris (grunnlífeyris og tekjutryggingar) úr almannatryggingum til ellilífeyrisþega eru engan veginn rök í málinu eins og eftirfarandi sýnir ljóslega.

Í fyrsta lagi: Örorkulífeyrisþegar, *sem fá greidda sömu upphæð í lífeyri* úr almannatryggingum og ellilífeyrisþegar, fá greiddar ekkils- og ekkjubætur en ellilífeyrisþegar ekki.

Í öðru lagi: Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins hafa tæplega 8200 aldraðir, eða 40% þeirra sem eru 67 ára og eldri, einungis lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu. Erfið framfærslu- og fjárhagsstaða getur því ekki síður skapast við lát maka ellilífeyrisþega en annarra. Sex mánaða ekkju- eða ekkilsbætur mundu því vissulega létta mörgum ellilífeyrisþegum róðurinn fjárhagslega við lát maka. Má t.a.m. nefna að samtals gæfu þessar bætur ellilífeyrisþega við missi maka tæpar 47 þús. kr. á 6 mánuðum og auðveldaði t.d. að greiða útfararkostnað. Áætla má að útfararkostnaður svari fullum lífeyri ellilífeyrisþega í þrjá mánuði.

Í þriðja lagi: 12 mánaða bætur eru greiddar til viðbótar ekkju- og ekkilsbótum í 6 mánuði við lát maka ef á framfæri bótaþega eru börn yngri en 18 ára. Samtals nema þessar 12 mánaða bætur um 70 þús. kr. *Ellilífeyrisþeginn, sem hefur börn á framfæri sínu, fær ekki slíkar greiðslur við lát maka.* Ellilífeyrisþeginn fær að vísu greiddan barnalífeyri (3377 kr. á

mánuði 1. sept. s.l.). Á s.l. ári fengu 33 ellilífeyrisþegar greiddan barnalífeyri með 49 börnum. *Aðrir fá einnig greiddan barnalífeyri við lát maka til viðbótar 6 mánaða ekkju- eða ekkilsbótum og til viðbótar 12 mánaða bótum hafi þeir barn undir 18 ára á framfæri sínu.* Almannatryggingakerfið greiðir því öðrum, óháð tekjum, 70 þús. kr. vegna framfærslu barna sinna *umfram það sem ellilífeyrisþegar fá vegna sinna barna.*

Af framangreindu er ljóst að hér er um að ræða mikið misrétti í tryggingalöggjöfinni. Tryggingakerfið á að stuðla að fjárhagsöryggi heimilanna þegar slys, sjúkdómar, örorka eða dauðsföll ber að höndum. Markmið tryggingakerfisins er fyrst og fremst jöfnun lífskjara, einkum að tryggja öryggi þeirra sem höllum fæti standa. Skyldur þess eru ekki síst að veita öldruðum afkomuöryggi í ellinni. Með þetta meginmarkmið tryggingakerfisins í huga er fráleitt að synja öldruðum um ekkju- eða ekkilsbætur. Þessar bætur eru veittar óháð tekjum. Tekjujöfnun tryggingakerfisins með ekkils- og ekkjubótum getur því birst í þeirri mynd að hátekjumaðurinn með 100 þús. kr. í launatekjur á mánuði *getur fengið úr tryggingakerfinu allt að 116 þús. kr. við lát maka (6 mánaða bætur og 12 mánaða bætur), en ellilífeyrisþeginn, sem einungis hefur sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga, fær aftur á móti engar ekkju- eða ekkilsbætur við lát maka.*

Útgjöld almannatrygginga vegna 6 mánaða ekkju- og ekkilsbóta eru nú um 12 millj. kr. á ári og vegna 12 mánaða ekkju- og ekkilsbóta um 4 millj. kr. á ári. Með samþykkt þessa frumvarps yrði útgjaldaauki tryggingakerfisins því vart umtalsverður, en þessi lagabreyting tryggði hins vegar öldruðum réttindi sem allir aðrir þjóðfélagshópar hafa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að fella út þá takmörkun sem er í núgildandi lögum þess efnis að ekkju- og ekkilsbætur skuli þeir einir fá sem eru innan við 67 ára aldur.

Um 2. gr.

Í 51. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði um hvaða bætur má greiða einstaklingi samtímis og hvaða greiðslur í almannatryggingakerfinu geti farið saman. Í e-lið greinarinnar er kveðið á um að saman megi fara örorkubætur og bætur til ekkju eða ekkils skv. 17. gr. Til samræmis við ákvæði 1. gr. frumvarpsins er hér kveðið á um að saman megi einnig fara ellilífeyrir og bætur til ekkju eða ekkils skv. 17. gr.

Í 1. og 2. tölul. er eingöngu um að ræða að samræma ákvæði 51. gr. laganna þeim lagabreytingum sem áður hafa verið gerðar á 15. og 17. gr. almannatryggingalaga um rétt til ekklabóta og feðralauna. Við þær lagabreytingar hefur þess ekki verið gætt að samræma þær ákvæðum 51. gr.

Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um jöfnun húsnæðiskostnaðar.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Guðmundur Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að nauðsyn beri til að jafna húsnæðiskostnað milli mismunandi hópa í þjóðfélaginu með því að létta skuldabyrði þeirra sem harðast hafa orðið úti vegna íbúðaröflunar á síðast liðnum árum. Því ályktar Alþingi að fela félagsmálaráðherra að

tilnefna fimm menn í nefnd til þess að setja reglur um endurgreiðslu á hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til aðila sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–85 og urðu fyrir mikilli hækkun skulda af íbúðaröfluninni vegna ytri aðstæðna sem ekki voru á valdi þessara aðila. Við setningu reglnanna um ofangreindan endurgreiðsluhluta skal taka mið af svofelldri meginstefnu:

1. Til grundvallar skal leggja hækkun á skuldum sem sannanlega verða raktar til íbúðakaupa eða íbúðarbyggingar á þessu tímabili.
2. Hámarksviðmiðun sé 2,5 milljóna króna skuld á verðlagi í des. 1985.
3. Endurgreiðsluhluti nemi 50% af þeirri hækkun viðkomandi skulda sem átt hefur sér stað fram til 31. des. 1985 umfram hækkun almenns kaupgjalds í landinu.
4. Endurgreiðsluhlutinn renni til þess að
   a. greiða vanskil,
   b. lækka skammtímaskuldir viðkomandi,
   c. lækka skuldir viðkomandi til langs tíma, og þá í þeirri forgangsröð sem hér er upp talin og svo langt sem til hrekkur.
5. Útreikningur endurgreiðsluhlutans skal gerður af Húsnæðisstofnun ríkisins í samráði við skattstofu hvers aðila og skal sótt um endurgreiðsluhlutann til Húsnæðisstofnunar.
6. Húsnæðisstofnun veiti til endurgreiðslunnar á þessu ári allt að 200 milljónum króna. Afgangur, sem verða kynni, yrði reiddur af hendi á næsta ári.
7. Húsnæðisstofnun annist útgreiðslu endurgreiðsluhlutans og samninga við lánardrottna eftir því sem við ætti.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvernig kjaraskerðing og síhækkandi lánskjaravísitala hefur leikið þá sem aflað hafa sér húsnæðis á næstliðnum árum. Þeir, sem byggðu eða keyptu íbúðarhúsnæði fyrir 1980, nutu aðstoðar verðbólgu og niðurgreiddra lána við fjármögnun íbúða sinna. Nú er verið að stórbæta húsnæðislánakerfið skv. samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar við síðustu kjarasamninga. Þeir, sem afla sér íbúðar skv. hinu nýja kerfi, munu því njóta allhagstæðs lánakerfis. Eftir situr þá sá þjóðfélagshópur sem aflaði íbúðarhúsnæðis á árunum 1980–85 og er sligaður af skuldastöðu sinni. Við slíkt misrétti verður ekki unað. Hér duga engar lánalengingar því að eignastaða aðilanna er orðin óbærileg. Til þess að jafna muninn er það eitt til ráða að greiða niður hluta af skuldum þessara aðila svo að eignastaða þeirra skáni. Því er þessi tillaga flutt. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að sú mismunun, sem hér um ræðir, verði jöfnuð að hluta með því að almannafé verði sérstaklega til þess varið. Hér er gert ráð fyrir því að hluti af þeirri skuldaaukningu sem viðkomandi hópur hefur orðið fyrir verði endurgreiddur. Til viðmiðunar er að 50% af skuldaaukningu viðkomandi persóna umfram almenna hækkun kaupgjalds verði endurgreidd. Sú endurgreiðsla á beinlínis að fara til þess að lækka skuldir þessara aðila eins og tilgreint er í tillögunni. Gert er ráð fyrir tilteknu þaki á endurgreiðslunni þannig að hámarksviðmiðun svari til skuldar að upphæð 2,5 millj. króna að verðlagi í des. s.l.

Flutningsmönnum er ljóst að hér er um vandasamt og flókið mál að ræða þannig að það þarfnast sérstaks undirbúnings. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi nefnd til þess að setja reglur um framkvæmdina skv. þeim meginlínum sem hér eru lagðar. Jafnframt er ætlun flutningsmanna að Húsnæðisstofnun annist framkvæmdina skv. umsóknum frá þeim aðilum, sem hér um ræðir, enda yrði hluta af ráðstöfunarfé Húsnæðisstofnunar varið til þessa verkefnis.

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um þjóðaratkvæði um sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Einarsson, Stefán Benediktsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta við næstu kosningar til Alþings fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort koma eigi á fót einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn samkvæmt eftirfarandi hugmyndum í stað þess lífeyrissjóðakerfis sem við lýði er.

Við það skal miðað að hinn sameiginlegi lífeyrissjóður allra landsmanna taki til starfa í ársbyrjun 1991 og leysi þá núverandi lífeyrissjóðakerfi af hólmi. Megineinkenni hins sameiginlega sjóðs skulu vera þessi:

1. Í sjóðinn skal greiða iðgjald sem sé 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda. Að því er varðar skiptingu hjá öðrum en þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur þá skal 6% greitt af atvinnurekanda en 4% af launþega.
2. Hlutverk sjóðsins er að greiða tekjutengd og verðtryggð eftirlaun, örorkulífeyri, makalífeyri og makabætur svo og barnalífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur hvers aðila og í svo ríkum mæli sem unnt er miðað við tekjur sjóðsins og langtímaávöxtun hans.
3. Bóta-, lífeyris- og eftirlaunagreiðslur sjóðsins skulu vera til viðbótar þeim greiðslum sem almannatryggingar inna af hendi.
4. Með lífeyrisréttindi hjóna skal fara með eftirfarandi hætti:
   a. Lífeyrisrétt eftirlifandi maka skal ákvarða eigi lægri en lífeyrisrétt þess hjónanna sem við fráfallið hafði aflað meiri réttar.
   b. Þegar annað hvort hjóna fellur frá skal greiða hinu eftirlifandi sérstakar makabætur fyrstu 18 mánuðina eftir fráfallið.
   c. Lífeyrisréttindi hjóna séu skoðuð sem sameign þeirra meðan hjónaband varir og áunnin sjóðseign í hjónabandi skiptist til helminga við skilnað eða búskipti.
5. Starfandi lífeyrissjóðir skulu eiga þess kost að flytja eigur sínar og skyldur til hins nýja sjóðs og hætta starfsemi eða halda áfram að starfa sem viðbótarsjóðir.
6. Ef starfandi sjóður óskar eftir inngöngu í hinn nýja sjóð skal meta rétt í hinum eldra sjóði á raunvirði og miðað við greiðslugetu. Reynist hinn eldri sjóður samkvæmt þessu mati vanmegnugur að greiða þann rétt sem hann hefur heitið sjóðfélögum sínum skal hinn nýi sjóður eigi að síður skuldbundinn til þess að greiða sjóðfélögum eigi minna en 85% þess réttar sem heitið var. Það sem upp á vantar að staða hins eldri sjóðs rísi undir 85% þess réttar sem heitið var skal ábyrgst af ríkissjóði.
7. Fyrir lífeyrissjóði sem atvinnurekandi hefur tekið ábyrgð á og greitt til sérstaklega (sbr. Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna) umfram iðgjaldshlut atvinnurekenda (6%) skal gilda að atvinnurekandi er skyldur til þess að inna áfram af hendi sérstök framlög eftir því sem þarf til þess að áunnum réttindum fyrir 1. janúar 1991 verði framfylgt. Komi í ljós í annan stað að réttindi í slíkum sjóði séu meiri en hinn nýi sameiginlegi sjóður mun

veita skal meta þann mismun til launa og félögum sjóðsins gert að ákveða í allsherjaratkvæðagreiðslu hvort og í hve ríkum mæli mismunurinn leiði til launabreytinga eða viðbótarréttinda í sérstökum sjóði eftir því sem samningsaðilar koma sér saman um og eftir nánar tilgreindum reglum.

8. Stjórn lífeyrissjóðsins skal skipuð eftir tilnefningu samtaka launafólks, atvinnurekenda og ríkissjóðs. Ráðherra tryggingamála skal skipa í stjórnina. Formaður skal skipaður án tilnefningar. Að öðru leyti skal skipað í stjórnina eftir tilnefningu með eftirfarandi hætti: tvo frá ASÍ, einn frá BSRB, einn frá BHM, einn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn frá Stéttarsambandi bænda, tvo frá Vinnuveitendasambandi Íslands, einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga og einn frá fjármálaráðuneytinu. Stjórnin velji tvo menn í fimm manna framkvæmdaráð en fastafulltrúar í ráðinu séu auk formanns stjórnar einn fulltrúi frá ASÍ og einn frá VSÍ.
9. Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans og skal henni skylt að ávaxta féð með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. Við ávöxtun á fé sjóðsins skal stjórnin að öðru leyti líta til þarfa atvinnulífsins í hinum ýmsu byggðarlögum og gæta þess í því sambandi að jafnræði sé milli landshluta.

Greinargerð.

Með þessari þingsályktun er lagt til að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um að koma skuli á einum sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Slíkur sameiginlegur sjóður ætti að leysa núverandi lífeyrissjóðakerfi af hólmi hinn 1. jan. 1991 og mundu öll skylduiðgjöld renna til hans frá þeim tíma. Allir launþegar og atvinnurekendur greiddu til sjóðsins og allir Íslendingar nytu framvegis réttar í sjóðunum í samræmi við greiðslur í hann. Bóta-, lífeyris- og eftirlaunagreiðslur úr sjóðunum væru til viðbótar þeim greiðslum sem almannatryggingar inna af hendi. Hinn sameiginlegi sjóður mundi greiða tekjutengd og verðtryggð eftirlaun, örorkulífeyri og makabætur, svo og barnalífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur hvers aðila og í svo ríkum mæli sem unnt er miðað við tekjur sjóðsins og langtímaávöxtun hans.

Við stofnsetningu hins nýja sameiginlega sjóðs yrði tryggt að óskertur héldist hver sá réttur sem sjóðfélagi hefur áunnið sér áður en hinn nýi sjóður tekur til starfa og heildarkjarastaða í launum og lífeyrisréttindum yrði viðurkennd. Þeim sjóðum sem nú starfa yrði gefinn kostur á að sameinast hinum nýja sjóði. Við slíka sameiningu yrði tryggt að sjóðfélagar í sameiginlegum sjóði nytu a.m.k. 85% af þeim réttindum sem þeim hefur verið heitið. Hér yrði því um að ræða hreina réttarbót í sjóðum sem geta ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Samkvæmt því sem hér er gert ráð fyrir mundi lífeyrisréttindakerfið samsett af þrem meginþáttum:

1. *Almannatryggingakerfi* í núverandi mynd sem greiðir tiltölulega lágan almennan lífeyri til allra án tillits til ævitekna. Í þessu felst framlag samfélagsins til jöfnunar milli þjóðfélagshópa.
2. *Skyldutrygging í einum sameiginlegum sjóði* sem tryggir ásamt með bótum og lífeyri almannatrygginga viðunandi og öruggan lífeyri til allra. Þessi réttur yrði tekjutengdur og verðtryggður þannig að réttur og lífeyrir hvers og eins væri í hlutfalli við samanlagðar iðgjaldagreiðslur í sjóðinn.
3. *Viðbótartrygging* fyrir þá sem óska að kaupa sér aukinn rétt. Þessi starfsemi gæti verið á hendi lífeyrissjóða sem störfuðu utan sviðs skyldutrygginga.

Leiðin til þess að koma þessu kerfi á laggirnar felst fyrst og fremst í því að stofna einn sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna sem tæki við hlutverki skyldutryggingganna. Þeir sjóðir, sem nú starfa á því sviði, ættu jafnframt að eiga möguleika á því að færa starfssvið sitt yfir í viðbótartryggingar fyrir þá sem þess óska.

Gert er ráð fyrir því að hinn nýi sameiginlegi sjóður yrði í formi *sjóðssöfnunar* þar sem félagar söfnuðu réttindum, en ekki svonefnds gegnumstreymis, enda er sjóðssöfnunarkerfið talið öruggara.

Tekið yrði upp nýtt og nútímalegt form varðandi *iðgjaldsstofn og réttindi hjóna* sem leysir jafnframt vanda heimavinnandi foreldra.

Hinn nýi sameiginlegi lífeyrissjóður mun *tryggja öruggan rétt allra landsmanna* gagnstætt því sem nú er og augljósir vankantar á núverandi lífeyrissjóðakerfi hyrfu af sjálfu sér.

Gallar núverandi lífeyrissjóðakerfis eru vitaskuld margir og augljósir. Kerfið er þungt í vöfum og fjötrað í margbreytileg og fjölskrúðug reglugerðarákvæði. Réttindi glatast eða verða lítils virði við ýmsar aðstæður. Sjóðfélögum er ekki ljóst hver réttur þeirra er og réttindi sín þurfa þeir að tína saman úr ótal sjóðum þegar að töku lífeyris kemur. Sumir sjóðir eru svo illa staddir fjárhagslega að þeir geta greinilega ekki greitt þann lífeyri sem þeir hafa heitið sjóðfélögum sínum. Skriffinnska er tiltölulega mikil og rekstrarkostnaður kerfisins vitanlega eftir því. Ráðsmennska forráðamanna sjóðanna með fé þeirra og afskipti ríkisins af því vekja margvíslega tortryggni. Ringulreiðin í lífeyrissjóðamálum hefur leitt til þess að fjöldi fólks hefur glatað trúnni á þá og sumir forráðamenn sjóðanna kvarta undan því að þessi rýrnandi tiltrú hafi leitt til þess að iðgjöld séu ekki greidd eins og skylt er. Ekki er þó að efa að ýmsir starfsmenn sjóðanna hafa kappkostað eftir mætti að gera eins vel og unnt er.

Í stuttu máli sagt er mikill fjöldi fólks, e.t.v. allur almenningur, orðinn vantrúa á kerfið, botnar hvorki í því né rétti sínum eða réttindaleysi, enda verður að segjast að kerfið veitir mun takmarkaðri réttindi og lífeyri heldur en ætlast verður til af því. Við þessar aðstæður má segja að Íslendingar standi frammi fyrir þremur meginkostum. Í fyrsta lagi að lífeyrissjóðakerfið verði óbreytt og ekkert verði að gert. Í öðru lagi að núverandi fjölsjóðakerfi haldist, en réttindi og starfsemi sjóðanna verði samræmd eftir því sem unnt er með lagasetningu. Eða í þriðja lagi að tekinn verði upp sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna.

Fyrsta leiðin er í rauninni óviðunandi. Leið númer tvö er sú leið sem menn hafa leitast við að fara en á henni munu ævinlega verða verulegir ágallar. Kostir þess að taka upp einn sameiginlegan lífeyrissjóð eru hins vegar augljósir og fjölþættir. Þessir eru helstir:

1. *Þegar einn sjóður nær til allra landsmanna þarf enginn að velkjast í vafa um rétt sinn. Rétturinn er á einum stað, ekki er þörf á neinum reglum um flutning réttinda milli sjóða.*
2. *Einn sjóður yrði sterkur og öflugur. Áhættudreifing yrði því mikil og sjóðnum ekki hætt vegna áfalla eins og hinum smáu sjóðum er nú.*
3. *Rekstrarkostnaður af einum sameiginlegum sjóði yrði mun minni en af fjölsjóðakerfinu.*

Ýmsar tillögur og frumvörp hafa verið flutt á undanförnum árum um að koma á einum sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Árið 1972 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins undir forustu Gylfa Þ. Gíslasonar tillögu um þetta efni og Bjarnfríður Leósdóttir flutti tillögu um það 1974, en Guðmundur H. Garðarsson flutti lagafrumvarp um Lífeyrissjóð Íslands 1975 og 1978 ásamt fleirum. Þau Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson og Salome Þorkelsdóttir endurfluttu þetta frumvarp endurskoðað árið 1980 og sömu aðilar ásamt Agli Jónssyni, Lárusi Jónssyni og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni endurfluttu það árið 1981. Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á hinn bóginn þingsályktunartillögu um framtíðarskipan lífeyrismála.

Eins og kunnugt er hefur málið ekki náð fram að ganga. Helst mun því um að kenna að ýmsir áhrifaaðilar hafa á hverjum tíma lagst gegn hugmyndinni og hefur þá gjarnan verið til þess vitnað að einhver endurskoðunin væri í gangi og svo er enn. *Núverandi kerfi er á hinn bóginn svo ófullkomið og vanburða að sérhver endurskoðun bætir aðeins úr fáum göllum þess og það fær aldrei staðist samanburð við kosti sameiginlegs sjóðs.* Miklum fjölda fólks, líklega meiri hluta landsmanna, er þetta ljóst og vill gjarnan að einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna verði að veruleika hvað sem líður andstöðu ýmissa

áhrifamanna. *Beinasta leiðin til þess að ganga úr skugga um stuðning almennings við hugmyndina er að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um að koma eigi á einum sameiginlegum lífeyrissjóði. Þannig yrðu skapaðar nýjar og sterkar forsendur fyrir Alþingi til þess að hrinda hugmyndinni í framkvæmd.* Í því sem hér fer á eftir verður fyrst lýst núverandi lífeyrissjóðakerfi en síðan hugmynd að sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna og hvernig hrinda ætti henni í framkvæmd. Jafnframt er í fylgiskjali útdráttur úr skýrslu endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis frá 2. maí 1985 sem flutningsmenn hafa tekið saman og birtist með tillöguflutningi á síðasta þingi um sama efni og hér er flutt.

I. NÚVERANDI LÍFEYRISSJÓÐAKERFI

Um þessar mundir eru starfandi 90 lífeyrissjóðir með mjög mismunandi réttindum, bæði á pappírnum og í framkvæmd, en margir hverjir þannig að þeir geta greinilega ekki staðið við skuldbindingarnar gagnvart sjóðfélögum sínum. Takmarkanir á áunnum rétti og varðandi flutning á rétti eru hins vegar af því tagi að vísast er að margir greiði verulegar fjárhæðir í lífeyrissjóði án þess að öðlast neinn rétt út á það eða mjög skertan rétt. Hins vegar býður hið margfalda lífeyrissjóðakerfi upp á að menn tíni saman rétt sinn úr ótal sjóðum þegar að greiðslu lífeyris kemur, enda teljast nú um 7300 manns aðilar að sex sjóðum eða fleiri.

1. Uppálöppun.

Á undanförnum árum hefur verið reynt að lappa upp á þetta kerfi með smáskammtalækningum. Þannig hafa verið sett lög um ýmsa þætti lífeyrissjóðsmála, þ.e. lög um eftirlaun aldraðra í 27 greinum, lög um skráningu lífeyrisréttinda í 8 greinum, lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda í 10 greinum og lög um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Um fimm lífeyrissjóði hafa hins vegar verið sett sérstök lög, þ.e. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hjúkrunarkvenna, ljósmæðra, sjómanna, bænda og eru þá lífeyrisdeildir alþingismanna og ráðherra taldar með lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Hér hafa því verið nefnd 9 gildandi lög um lífeyrissjóði. Auk þess hafa legið fyrir í þrjú ár drög að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða í 42 greinum þar sem leitast er við að setja fram samræmdar reglur um starf sjóðanna, réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega, iðgjöld, starfsleyfi sjóðanna og eftirlit með þeim. Er hér á ferðinni ein tilraunin enn til þess að koma skipulagi á lífeyrissjóðakerfið. Öllum ætti hins vegar að vera ljóst að þetta fjölsjóðakerfi mun aldrei jafnast á við það að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

2. Fjölskrúðugt kerfi.

Svonefnd nafnaskrá lífeyrissjóða 21. nóvember 1984 gefur yfirlit yfir núverandi lífeyrissjóðakerfi. Af því má ráða m.a. eftirfarandi varðandi ástandið í árslok 1983:

1. Lífeyrissjóðir eru 91 talsins;
2. sjóðfélagar teljast 171 360. Þar af eru 13 155 ekki á þjóðskrá lifenda;
3. utan sjóða eru 25 021 eða 14% þeirra sem á þjóðskrá eru;
4. að jafnaði eru sjóðfélagar í 2,3 sjóðum en 62% sjóðfélaga eru í fleiri en einum lífeyrissjóði;
5. 218 eru í 10 lífeyrissjóðum eða fleiri, 7088 eru í 6–9 lífeyrissjóðum, 54 403 eru í 3–5 lífeyrissjóðum, 45 241 eru í tveimur lífeyrissjóðum eða fleiri og 64 409 eru í einum lífeyrissjóði eða fleiri;
6. 79 lífeyrissjóðir eru með færri en 10 þúsund sjóðfélaga, 48 lífeyrissjóðir með færri en þúsund sjóðfélaga og 29 lífeyrissjóðir með færri en 500 sjóðfélaga.

3. Einkenni kerfisins.

Ekki er ástæða til að ætla að ástandið í lífeyrissjóðakerfinu hafi tekið neinum umtalsverðum breytingum á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan þetta yfirlit var unnið. Þessar upplýsingar gefa tilefni til að ítreka fáein einkenni þess kerfis sem við búum við:

1. Sú ofrausn að ætla 240 þúsund manna samfélagi um 90 lífeyrissjóði leiðir vitaskuld til þess að langstærstur hluti sjóðanna er mjög fáliðaður og vanburða, enda eru um 87% sjóðanna með færri en 10 þúsund sjóðfélaga. Hjá hinum fámennari sjóðum má nánast ekkert út af bera til þess að þeir lendi ekki í vandræðum og greiðsluþroti.
2. Hið fjölskrúðuga lífeyrissjóðakerfi leiðir vitanlega til þess að flestir safna réttindum í fleiri en einum sjóði og margir safna réttindum í mörgum sjóðum. Því þarf ekki að koma á óvart og liggur í eðli kerfisins að um 7300 manns skuli vera í 6 sjóðum eða fleiri. Það má vera umhugsunarefni hvernig fólkinu í landinu gengur að halda til haga réttindum sínum og e.t.v. rifja það upp nokkra áratugi aftur í tímann í hvaða lífeyrissjóði það hafi verið á hverjum tíma. Á hinn bóginn felst vitaskuld í kerfinu að lífeyrisgreiðslur skuli fólk þegar þar að kemur tína úr ýmsum áttum, eina ögnina frá hverjum. Þegar kemur að ellilífeyris- eða örorkulífeyrisgreiðslum þeirra 7300 einstaklinga sem eru í 6 sjóðum eða fleiri svarar það væntanlega til þess að um 50 þúsund greiðslur fari út mánaðarlega til þeirra.

4. Réttindaákvæði.

Í skýrslu endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis til fjármálaráðherra hinn 2. maí 1985 er að finna eins konar yfirlit yfir bótaákvæði sjóðanna. Þar segir m.a. að nær allir lífeyrissjóðir hér á landi veiti fjórar tegundir lífeyris, þ.e. elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Að öðru leyti segir að bótaákvæði séu svo margbreytileg að þeim verði ekki lýst til neinnar hlítar í stuttu máli. Það sem á eftir fylgir eru því einungis vísbendingar um hversu margbrotið kerfið er.

4.1. Ellilífeyris- og örorkuréttur.

Algengast er að krafist sé a.m.k. fimm ára iðgjaldagreiðslu til þess að félagi öðlist rétt til ellilífeyris. Gildir sú regla í 53 sjóðum. Á hinn bóginn felst ekki ávallt það sama í þessu ákvæði þar eð sumir sjóðir telja greiðslur í mánuðum en aðrir beita lágmarksgreiðslu yfir árin. Hjá 20 sjóðum er ekki krafist neins lágmarksiðgjaldagreiðslutíma, hjá 10 sjóðum er lágmarkið 10 ár en hjá öðrum sjóðum gilda sérstakar reglur í þessu efni. Kerfið er því fjölskrúðugt.

Um örorkulífeyri gilda önnur ákvæði. Hjá SAL-sjóðunum er skilyrðið að greitt hafi verið til hlutaðeigandi sjóðs undanfarandi þrjú almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á næstu 12 mánuðum fyrir orkutap. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins gildir einnig skilyrðið um þriggja ára réttindatíma. Þriggja ára lágmarksréttindatími gildir í 40 sjóðum, ekkert slíkt lágmark er hjá 15 sjóðum, 15 sjóðir hafa 5 ára lágmark, 8 sjóðir miða við 10 ár og 12 sjóðir fylgja öðrum reglum. Hér er því sömuleiðis mikil fjölbreytni.

4.2. Maka- og barnalífeyrir.

Algengast er að réttur til makalífeyris sé bundinn skilyrði um a.m.k. 6 mánaða réttindatíma. Sú regla gildir hjá 41 sjóði. Hjá 27 sjóðum er ekkert lágmark, hjá 4 sjóðum er eins árs lágmark, hjá 10 sjóðum fimm ára lágmark en hjá 6 sjóðum gilda enn aðrar reglur. Hjá 47 sjóðum er veittur barnalífeyrir við fráfall sjóðfélaga án tillits til lengdar réttindatímans en 38 sjóðir krefjast 6 mánaða lágmarkstíma og 4 sjóðir fylgja enn öðrum reglum í þessum efnum.

4.3. Verðtrygging.

Fjölbreytni er einnig nokkur í verðtryggingu lífeyrisgreiðslna. Í 19 sjóðum er kveðið á um fulla verðtryggingu í samræmi við tiltekinn kauptaxta eða laun. Hjá svonefndum SAL-sjóðum gilda ákvæði til bráðabirgða um verðtryggingu í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 1977 með síðari breytingum og hliðstæðar reglur gilda hjá ýmsum öðrum sjóðum. Þetta eru 40 sjóðir með um 69 þúsund sjóðfélögum. Hjá 13 sjóðum með 15 000 starfandi sjóðfélaga gilda aðrar reglur og er þar almennt um að ræða takmarkaðar uppbætur en 23 sjóðir hafa engin ákvæði um uppbætur á lífeyri eftir að hann hefur upphaflega verið úrskurðaður.

4.4. Takmarkaður réttur við úrgöngu.

Hætti maður þátttöku í ákveðnum lífeyrissjóði, t.d. vegna þess að hann skiptir um starf, þá telst hlutaðeigandi ýmist sjóðfélagi um sex mánaða skeið og nýtur á þeim tíma óskertra réttinda eða hann telst farinn úr sjóðnum um leið og hann hættir iðgjaldagreiðslum. Reglan um sex mánaða umþóttunartíma gildir hjá 41 sjóði en 49 sjóðir hafa engan umþóttunartíma. Þegar sjóðfélagi telst hins vegar hættur þátttöku þá er það mismunandi eftir sjóðum hverra réttinda maðurinn nýtur. Algengast er að réttindi falli niður ef ekki eru uppfyllt skilyrði um tiltekið lágmark iðgjaldagreiðslu. Í 50 sjóðum með um 81 000 starfandi sjóðfélaga eru skilyrði um fimm ára lágmarkstíma. Hjá 18 sjóðum er ekkert slíkt lágmark, hjá 10 sjóðum er lágmarkið 10 ár en hjá 12 sjóðum gilda enn aðrar reglur.

Nái réttindatími ekki tilskildu lágmarki eru iðgjöldin geymd án þess að þau veiti nokkurn lífeyrisrétt. Þau geta þó komið að notum síðar, annaðhvort með því að hlutaðeigandi hefji aftur þátttöku í sjóðnum eða annar sjóður samþykki að veita iðgjöldum viðtöku. Jafnvel þótt skilyrðum um lágmarksréttindatímann sé fullnægt þá skerðist réttindastaða að mörgu leyti við úrgöngu, svo sem varðandi barnalífeyri, örorku- og makalífeyri og verðtryggingu.

4.5. Geymd eða glötuð réttindi.

Leitt hefur af hinni almennu þátttöku í lífeyrissjóðum, sem innleidd hefur verið með lögum, að það verður æ algengara að menn eigi geymd réttindi í fleiri sjóðum en einum, sem þeir greiða ekki lengur iðgjald til. Sjóðirnir hafa brugðist við þessu með tvennum hætti. Annars vegar hafa þeir dregið mjög úr eða jafnvel fellt alveg niður lágmarksskilyrði um iðgjaldafjárhæðir og iðgjaldagreiðslutíma, sem veitt getur rétt til lífeyris, og hins vegar gert með sér samskiptasamning þar sem kveðið er á um að litið skuli á réttindin sem samfelld þótt menn skipti um sjóð, svo og um flutning minni háttar réttinda á milli sjóða þegar til lífeyrisgreiðslu kemur. Það munu vera um 45 sjóðir sem eiga aðild að þessu samkomulagi en það er um helmingur sjóðanna í landinu.

5. Staða sjóðanna.

Í þessu sambandi er vert að benda á að víða í skýrslu lífeyrissjóðanefndar — sem þær upplýsingar sem hér hafa verið raktar eru byggðar á — kemur fram að í ýmsum sjóðum hafi verið stofnað til skuldbindinga sem ekki sýnist hægt að standa við, þ.e. að eignir sjóðanna eru ónógar til þess að þeir geti greitt þau lífeyrisréttindi sem þeir hafa heitið félögum sínum. Gerðir hafa verið ýmsir útreikningar sem leitt hafa þetta í ljós. Þær athuganir sýna tvímælalaust að framtíðarhorfur núverandi lífeyrissjóðakerfis eru verri en menn höfðu almennt gert sér grein fyrir. Jafnframt er ljóst að staða lífeyrissjóðanna í dag gagnvart skuldbindingum, sem þegar hefur verið stofnað til, er miklu lakari en margir höfðu áttað sig á.

6. Yfirlit.

Af þessu má marka að lífeyrisréttindin eru margvíslegum takmörkunum háð. Einn sjóður hefur eina reglu og annar aðra. Réttindalausir stubbar geta safnast upp þegar menn skipta um starf. Það verður að teljast ófugsnúið ef fólki er gert skylt að greiða í lífeyrissjóði en það er í rauninni undir hælinn lagt hversu mikil réttindi það hlýtur að launum vegna þess að uppsafnaður réttur við starfskipti getur orðið að engu.

Önnur einkenni kerfisins, sem rétt er að ítreka að lokum, eru þessi:

1. Kerfið nær ekki til allra. Um 14% töldust utan sjóðanna í árslok 1983.
2. Fjöldi sjóða er mjög vanburða fjárhagslega og mun að líkindum ekki geta staðið við fyrirheit sín gagnvart sjóðfélögum.
3. Af uppbyggingu kerfisins leiðir að skriffinnska verður tiltölulega mikil og kerfið er fjötrað í fjölskrúðugt laga- og reglugerðafargan.
4. Ráðsmennska forráðamanna sjóðanna með fé þeirra og afskipti ríkisins af því hafa vakið verulega tortryggni meðal almennings.
5. Og að lokum: Tiltrú fólks á sjóðina og kerfið í heild fer þverrandi og e.t.v. hefur það leitt til þess að iðgjöld til þeirra innheimtast ekki eins og skyldi.

II. NÝTT LÍFEYRISRÉTTINDAKERFI

Kostir þess að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð eru vitaskuld margvíslegir. Þar á meðal að þegar einn sjóður nær til allra landsmanna þarf enginn að velkjast í vafa um rétt sinn. Rétturinn er á einum stað og engum glatast neinn réttur þótt hann skipti um starf. Þess vegna er ekki þörf á neinum reglum um flutning réttinda milli sjóða. Skriffinnska mundi af þessum sökum verða mun minni en ella og staða fólks skýrari og auðskildari.

Í öðru lagi yrði einn sjóður sterkur og öflugur öfugt við það sem nú er. Áhættudreifing í einum sjóði yrði mikil og sjóðnum yrði alls ekki hætt vegna áfalla eins og t.d. slysa, eins og hinum smáu sjóðum sem nú eru við lýði. Tryggingafræðileg rök fyrir einum sjóði eru því augljós og mjög sterk.

Í þriðja lagi yrði rekstrarkostnaður á einum sameiginlegum sjóði mun minni en af fjölsjóðakerfinu og tekjur sjóðanna nýttust því betur til þess að standa undir réttindagreiðslum.

Í fjórða lagi mundi öll mismunun í réttindum hverfa og allar réttindabætur yrðu auðunnari í framtíðinni.

Þótt kostir sameiginlegs sjóðs séu augljósir er hins vegar nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvernig hið nýja kerfi eigi að vera uppbyggt og hvernig eigi að koma því á. Í þessu sambandi eru nokkrar spurningar sem taka þarf afstöðu til. Þær helstu eru væntanlega þessar:

Í fyrsta lagi: Á kerfið að leysa af hólmi núverandi lífeyrisgreiðslur almannatrygginga eða vera til viðbótar lífeyrisgreiðslum úr almannatryggingakerfinu?

Í öðru lagi: Hvert á form lífeyrissjóðskerfisins að vera? Á það að vera gegnumstreymiskerfi eða á það að vera sjóðssöfnunarkerfi?

Í þriðja lagi þarf að ákveða hver iðgjöld skuli vera, hvernig þau skiptist milli atvinnurekenda og launþega og til hve stórs hluta af launatekjum iðgjöldin eigi að ná.

Í fjórða lagi þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti eigi að sjá til þess að sjóðurinn nái til allra og þá líka sjálfstæðra atvinnurekenda. Jafnframt þarf að ákveða og skilgreina hvers konar lífeyri sjóðurinn eigi að greiða, ellilífeyri, makalífeyri, barnalífeyri, og loks þarf að ákveða réttarstöðu hjóna og sambýlisfólks.

Þegar afstaða er tekin til þessara spurninga er nauðsynlegt að menn hafi í huga nokkur atriði sem ætlast verður til að kerfið uppfylli. Í fyrsta lagi þarf kerfið að vera tiltölulega einfalt og markvisst. Í öðru lagi verður það að tryggja örugg og viðunandi lágmarksréttindi.

Í þriðja lagi verður það að stuðla að jöfnuði eftir því sem ásættanlegt er. Og að lokum verður það að gefa möguleika til sveigjanleika. Í því sem hér fer á eftir verður fyrst lýst tillögum að nýju kerfi sem ætla má að uppfylli þessi skilyrði í verulegum mæli og svari til þarfa og óska fólks almennt. Síðan verður fjallað um hvernig koma eigi hinu nýja kerfi á fót og hvernig það tengist núverandi kerfi og með hvaða hætti megi tryggja að réttarstaða einskis manns skerðist en markmiðið er að hinu leytinu að skapa sem flestum betri réttindi en þeir búa nú við.

1. Meginþættir hins nýja lífeyrisréttindakerfis.

Gert er ráð fyrir að hinn sameiginlegi lífeyrissjóður allra landsmanna greiði tekjutengd og verðtryggð eftirlaun, örorkulífeyri, makalífeyri og makabætur svo og barnalífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur hvers aðila og í svo ríkum mæli sem unnt er miðað við tekjur sjóðsins og langtíma ávöxtun hans. Enn fremur er gert ráð fyrir því að bóta-, lífeyris- og eftirlaunagreiðslur sjóðsins skuli vera til viðbótar þeim greiðslum sem almannatryggingar inna af hendi. Ætlast er til að iðgjöld séu samtals 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Varðandi lífeyrisréttindi hjóna yrðu settar sérstakar reglur sem miðuðust við það að lífeyrisréttur sem safnaðist meðan á hjónabandi stæði væri sameign hjónanna.

Gert er ráð fyrir að kerfið sé byggt upp af þremur meginþáttum, almannatryggingakerfinu, skyldutryggingu í einum sameiginlegum sjóði og viðbótartryggingu fyrir þá sem óska að kaupa sér aukinn rétt. Almannatryggingakerfið í núverandi mynd ætti að greiða almennan lífeyri — tiltölulega lágan að vísu — en til allra án tillits til ævitekna. Í þessu felst framlag samfélagsins til jöfnunar milli þjóðfélagshópa. Skyldutrygging í einum sameiginlegum sjóði ætti að tryggja, ásamt með bótum og lífeyri almannatrygginga, viðunandi og öruggan lífeyri til allra. Þessi réttur yrði tekjutengdur og verðtryggður þannig að réttur og lífeyrir hvers og eins væri í hlutfalli við samanlagðar iðgjaldagreiðslur í sjóðinn.

Ekki er hægt að ætlast til þess að allir hljóti sama lífeyri án tillits til þess hversu mikið þeir hafa greitt í sjóðinn. Slíku yrði ekki unað. Þess vegna yrði skyldutryggingin í hinum sameiginlega lífeyrissjóði tekjutengd og þær greiðslur og bætur sem menn hlytu úr sjóðnum stæðu í hlutfalli við greiðslur hvers og eins, þ.e. bæði hversu mikið hann hefði greitt á hverju ári og hversu lengi hann hefði greitt í sjóðinn. Almannatryggingakerfinu væri hins vegar ætlað að vera það tæki sem væri nýtt til jöfnunar í þjóðfélaginu í þeim mæli sem menn treystu sér til.

Loks er gert ráð fyrir viðbótartryggingu fyrir þá sem óska að kaupa sér aukinn rétt umfram það sem skyldutryggingin í hinum sameiginlega sjóði og almannatryggingakerfi veitir. Þessi starfsemi gæti verið á hendi lífeyrissjóða sem störfuðu þá utan sviðs skyldutrygginga.

Leiðin til þess að koma þessu kerfi á laggirnar felst fyrst og fremst í því að stofna einn sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna sem tæki við hlutverki skyldutrygginganna eins og það er núna. Þeir sjóðir sem nú starfa á þessu sviði ættu jafnframt að eiga möguleika á því að færa starfsvið sitt yfir í viðbótartrygginar fyrir þá sem þess óska. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að svonefnd tekjutrygging yrði að haldast hjá almannatryggingum, a.m.k. um sinn eða þar til hið nýja kerfi hefði leyst hana að öllu leyti af hólmi.

2. Söfnunarkerfi.

Um hríð hölluðust margir að því að svonefnt gegnumstreymiskerfi gæti hentað í lífeyrissjóðsmálum en slíkt kerfi einkennist af því að engin sjóðssöfnun á sér stað heldur er lífeyrisgreiðslum mætt með samtímaiðgjöldum. Ýmsir gallar slíkra kerfa hafa með tímanum orðið æ ljósari og nýtur sjóðsssöfnunarkerfið því meira álits bæði hér á landi og erlendis. Gallar gegnumstreymiskerfis felast m.a. í aukinni byrði þegar illa árar eða þegar hlutfall

milli mannfjölda á lífeyrisaldri og starfsaldri hækkar þannig að hlutfallslegur fjöldi hinna eldri vex. Umskipti í ávöxtunarmálum hérlendis hafa á hinn bóginn gert sjóðskerfið aðgengilegra heldur en það var áður. Þar að auki mætir það þörf þjóðfélagsins fyrir innlendan sparnað. Sjóðskerfið er jafnframt það form sem menn hafa vanist og hvers konar umbætur í lífeyriskerfamálum, sem reistar eru á sjóðsmyndun, eru því framhald þess sem upp hefur verið byggt. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að ekki verði notað svonefnt gegnumstreymiskerfi heldur söfnunarkerfi og skyldutryggingin í hinum sameiginlega lífeyrissjóði byggist á söfnunarkerfi eða sjóðsmyndunarkerfi.

3. Iðgjöld.

Gert er ráð fyrir að iðgjöld nemi 10% af öllum launum. Þar af greiði launþegar 4% og atvinnurekendur 6% eins og verið hefur. Breytingin yrði í því fólgin að í stað þess að iðgjöld hafa hingað til reiknast af einungis hluta launatekna yrði sá háttur upp tekinn að þau yrðu reiknuð af öllum launatekjum. Um leið yrði tekjutengdur lífeyrir miðaður við heildaratvinnutekjur en ekki einungis dagvinnutekjur, eins og tíðkast hefur a.m.k. víðast hvar fram að þessu. Það virðist eðlilegra að miða réttindamyndun fremur við launatekjur í heild en eingöngu við tekjur í dagvinnu. Það er líka oft mjög erfitt að skilgreina dagvinnulaun svo að vel sé og vafi getur m.a. leikið á um meðferð álags- og bónusgreiðslna. Í þriðja lagi er nær ógerlegt að koma við eftirliti með því að iðgjaldsgreiðslur séu inntar af hendi svo sem vera ber ef miðað er við dagvinnutekjur þar sem ekki er greint á milli dagvinnulauna og annarra launa á launaseðlum eða launauppgjörum. Kostir þess að miða við heildaratvinnutekjur — og þá að lífeyririnn miðaðist jafnframt við það — eru þannig augljósir.

En til viðbótar þessu er á það að líta að í landinu hefur átt sér stað verulegt launaskrið og til þess verður að taka tillit. Fyrir nokkru kom t.d. fram hjá Þjóðhagsstofnun að kaupmáttur kauptaxta hafi á ákveðnu tímabili minnkað um 30% en á sama tíma hafi launaskrið skilað launþegum til baka 25% af þessum 30%. Þetta þýðir að almennar bætur almannatrygginga — og jafnframt bætur úr lífeyrissjóðum sem miðast gjarnan við taxtakaup — hafa að raungildi minnkað um nálægt 30% meðan almennir launþegar hafa ekki þurft að líða nema 5% kaupmáttarskerðingu að jafnaði. Þótt þetta komi mjög misjafnt niður á launþega má sjá af þessu hversu mikilvægt það er að lífeyrisgreiðslur og iðgjaldagreiðslur miðist við heildaratvinnutekjur. Þetta launaskrið verður til þess, eins og fyrirkomulagið er nú, að greiðslur úr lífeyrissjóðum — sem upphaflega áttu t.d. að vera 60% tekna eftir iðgjaldagreiðslu í 30 ár — eru nú í mörgum tilvikum aðeins helmingur þess, jafnvel án tillits til tekna vegna raunverulegrar aukavinnu. Það að miða iðgjaldagreiðslur og lífeyri við allar launatekjur mundi draga úr þessari þróun og má af því ráða hversu nauðsynlegt er að miðað sé við heildaratvinnutekjur. Til þess að lífeyrissjóðakerfið nái til allra er jafnframt nauðsynlegt að þeir sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur greiði til sjóðsins. Í því tilviki verður ekki komist hjá því að áætla þeim hæfilegar launatekjur — eða reiknaðar launatekjur — sem þeim væri skylt að greiða iðgjald af og sem réttindi þeirra mundu miðast við í sjóðnum.

4. Réttindi hjóna.

Nauðsynlegt er að setja ný og skýr ákvæði um lífeyrisréttindi hjóna (og sambýlisfólks) sem tæki mið af núverandi þjóðfélagsháttum. Í þessu felst að viðurkenna og ákveða að lífeyrisréttindi hjóna séu sameign þeirra meðan hjónaband varir og heildareignin skiptist að öðru jöfnu til helminga við skilnað eða búskipti. Að hinu leytinu ætti sú regla að gilda að við fráfall búi hvorugt hjóna við minni rétt en þann rétt sem það hjónanna hefur áunnið sér sem meiri rétt hefur. Þegar annað hvort hjónanna fellur frá ætti auk þess að greiða ríflegar makabætur, en í mjög takmarkaðan tíma, og svo barnalífeyri vegna barna allt fram til 19 ára aldurs. Hér er þannig gengið út frá því að í hjónabandi felist sameinlegt fjárfélag hjónanna

og að þær eignir sem myndaðar eru af tekjum sem aflað er meðan hjónaband varir séu sameign hjónanna. Af þessu er ályktað að lífeyrisréttur sem stofnast með greiðslu iðgjalda á atvinnutekjur sé sameign hjónanna. Lagt er til að við skilnað sé þeim lífeyrisréttindum, sem áunnist hafa meðan hjónabandið (sambýlið) stóð, skipt jafnt á milli hjóna. Við dauða annars hvors hjóna er hins vegar lagt til að við fráfall þess hjónanna, sem hefur aflað minni réttar meðan á hjónabandinu stóð, haldi hitt hjónanna áunnum rétti sínum óskertum. Falli það hjónanna frá sem hefur haft meiri tekjur og því aflað meiri lífeyrisréttinda meðan á hjónabandinu stóð er hins vegar lagt til að ellilífeyrisréttur hins eftirlifandi maka yrði hækkaður í það að nema hinu sama og hinn látni hafði aflað meðan á hjónabandinu stóð. M. ö. o.: lífeyrisrétt eftirlifandi maka skal ákvarða eigi lægri en lífeyrisrétt þess hjónanna sem við fráfallið hafði aflað meiri réttar.

5. Lífeyrir.

Hlutverk sjóðsins er að greiða tekjutengd og verðtryggð eftirlaun, örorkulífeyri, makalífeyri og makabætur svo og barnalífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur hvers aðila og í svo ríkum mæli sem unnt er miðað við tekjur sjóðsins og ávöxtun hans til langframa.

5.1. Tekjutengdur lífeyrir.

Settar hafa verið fram hugmyndir um hvernig samanlögð iðgjöld sjóðfélaga fyrir hvert almanaksár skuli umreiknuð í stig sem myndi grundvöll lífeyrisréttinda hans. Umreikningurinn yrði gerður þannig að í iðgjaldsstofn hvers iðgjaldsgreiðanda yrði deilt með ákveðnum grundvallarlaunum. Grundvallarlaun skulu miðast við áætlaðar meðalatvinnutekjur fullvinnandi framteljanda og þær skulu taka sömu breytingum og áætlað er að meðaltekjur af atvinnu hafi gert frá næstliðnu almanaksári. Upphæð ellilífeyris yrði þá ákvörðuð sem hundraðshluti af grundvallarlaunum. Þessi hundraðshluti yrði ákvarðaður á grundvelli samanlagðs stigafjölda sem sjóðfélagi hefði áunnið sér. Lífeyrisgreiðslur innan hvers almanaksárs ættu að breytast með breytingum kauptaxta allra launþega á grundvelli upplýsinga frá opinberum aðilum. Lífeyrisrétturinn ræðst þannig af greiðslum iðgjalda af tekjum á starfsævinni.

5.2. Fjölskyldulífeyrir.

Núgildandi ákvæði flestra lífeyrissjóða taka mið af veröld sem var, en í því fólst að eiginkonan væri fullkomlega háð eiginmanni sínum fjárhagslega og væri á framfæri hans. Við andlát eiginmannsins er konunni því greiddur framfærslueyrir, þ.e. makalífeyrir. Geysilegar breytingar hafa átt sér stað varðandi launaða vinnu eiginkvenna utan heimilis á undanförnum áratugum og nú má ætla að langstærstur hluti giftra kvenna starfi utan heimilis og afli sér þannig lífeyrisréttar. Því er ekki ástæða til þess að hafa makalífeyri í sinni núverandi mynd í hinu nýja réttindakerfi. Í stað þess er lagt til að ellilífeyrisréttindum hjóna verði skipt þannig að við fráfall maka verði greiddur tímabundinn fjölskyldulífeyrir eða barnalífeyrir sem miðast við framfærslubyrðina. Makabætur yrðu einungis greiddar í 18 mánuði eftir fráfall maka. Barnalífeyrir, sem væri hinn hluti fjölskyldulífeyrisins, yrði hins vegar stóraukinn og greiddur til framfærenda barna látins sjóðfélaga allt til 19 ára aldurs barnanna. Með því að skipta ellilífeyrisréttindum hjóna, breyta makabótum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og stórhækka barnalífeyri má ætla að tekist hafi að aðlaga kerfið að breyttum þjóðfélagsháttum.

6. Stjórn.

Stjórn hins sameiginlega lífeyrissjóðs allra landsmanna ætti að vera skipuð eftir tilnefningum samtaka launafólks, atvinnurekenda og ríkissjóðs. Eðlilegt er að ráðherra tryggingamála skipi í stjórnina og að hann geti valið formann án tilnefningar en að öðru leyti

séu tilnefningar frá ASÍ, BSRB, BHM, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Stéttarsambandi bænda, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og fjármálaráðuneytinu. Eðlilegt verður að teljast að stjórnin velji sérstakt framkvæmdaráð sem fari með daglega stjórn sjóðsins þar sem fulltrúar í sjóðsstjórninni yrðu svo margir sem raun ber vitni. Það væri svo hlutverk stjórnar sjóðsins að sjá um ávöxtun fjár hans og henni yrði skylt að ávaxta féð með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.

III. UMSKIPTI YFIR Í HIÐ NÝJA KERFI

Ljóst er að umskiptin yfir í hið nýja kerfi þurfa að eiga sér nokkurn aðdraganda. Það tekur tíma að ganga frá reglum fyrir hinn nýja sjóð og þeir sem starfa innan lífeyrissjóðakerfisins þurfa einnig aðlögunartíma. Þess vegna er gerð tillaga um það að ekki verði stefnt að því að sameiginlegur lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn verði tekinn upp á stundinni heldur eigi það sér nokkurn aðdraganda og verði gert hinn 1. janúar 1991.

Að hinu leytinu verður að velta fyrir sér hver verði staða núverandi sjóða eftir breytinguna. Þar kemur í rauninni þrennt til greina, í fyrsta lagi að þeir starfi áfram, í öðru lagi að þeir séu gerðir upptækir í hinn nýja sjóð og í þriðja lagi að þeir eigi kost á að sameinast hinum nýja sjóði en sé það ekki skylt. Ekki er nauðsynlegt að gera gömlu sjóðina upptæka eða gera þeim skylt að sameinast hinum nýja sjóði. Eðlilegra virðist að þeir eigi kost á að sameinast eða ganga inn í hinn nýja sameiginlega sjóð. Þeir ættu jafnframt að eiga kost á því að skipta um starfsvið og verða viðbótarsjóðir.

Þeirri spurningu má að sjálfsögðu velta fyrir sér hvort einungis sjóðirnir sjálfir — sjóðsstjórnir þeirra eða félagsfundir — geti tekið ákvörðun um að ganga inn í hinn nýja sameiginlega lífeyrissjóð allra landsmanna eða hvort einstaklingar eigi að eiga rétt á að flytja rétt sinn í nýja sjóðinn. Þessari spurningu er í því sem hér fer á eftir varpað til hliðar og gert ráð fyrir því að sjóðsstjórnirnar eða félagsfundir sjóðanna taki ákvörðun um hvort þeir gangi inn í hinn nýja sameiginlega sjóð eða ekki. Á hinn bóginn verður að ætla að miðað við þá uppbyggingu sem hér er gert ráð fyrir og þá kosti sem eru í boði muni flestir, ef ekki allir hinna gömlu sjóða, velja að ganga inn í hinn nýja sjóð, annaðhvort vegna þess að sjóðsstjórnirnar telji það eðlilegt og rétt eða fyrir þrýsting frá sjóðsfélögunum með tilliti til þess hversu miklu einfaldara og betra það er fyrir þá. Í því sem hér fer á eftir verður því lýst tillögu sem gerir ráð fyrir að hinir gömlu sjóðir séu ekki skyldaðir til sameiningar við hinn nýja sjóð eða að ganga inn í hann heldur einungis að þeir eigi þess kost.

1. Staða núverandi sjóða í nýju kerfi.

Tillagan er í fáum orðum þannig að starfandi lífeyrissjóðir skuli eiga þess kost að flytja eigur sínar og skyldur til hins nýja sjóðs og hætta starfsemi — eða halda áfram að starfa sem viðbótarsjóðir. Og í öðru lagi að ef starfandi sjóður óskar eftir inngöngu í hinn nýja sjóð þá eigi að meta rétt í hinum gamla sjóði á raunvirði og miðað við greiðslugetu. Reynist hinn gamli sjóður samkvæmt þessu mati vanmegnugur að greiða þann rétt, sem hann hefur heitið sjóðfélögum sínum, skal hinn nýi sjóður eigi að síður skuldbundinn til þess að greiða eigi minna en 85% þess réttar sem heitið hafði verið. Það sem upp á vantar að staða hins eldri sjóðs rísi undir 85% réttar þess, sem heitið hafði verið, skal greitt af ríkissjóði.

Rétt er að minna á að gert er ráð fyrir að einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna taki til starfa frá og með 1. janúar 1991. Það þýðir að frá og með þeim tíma eiga allir landsmenn að greiða iðgjöld í þann sjóð og safna réttindum þar. Á hinn bóginn yrðu þeir lífeyrissjóðir, sem nú eru starfandi, að ákveða hvernig þeir mundu haga starfsemi sinni við þessar nýju aðstæður.

1.1. Innlögn réttinda.

Í fyrsta lagi skulu sjóðirnir eiga kost á að leggja eignir sínar og skuldbindingar inn í hinn nýja sjóð. Í því tilviki yrðu eignir og skuldbindingar metnar. Ef í ljós kæmi að eignir hrykkju ekki fyrir skuldbindingum samkvæmt þeim réttindum, sem viðkomandi sjóður hefur heitið félögum sínum, er gert ráð fyrir því að hinn nýi sjóður ábyrgist þá að lágmarki 85% þessara réttinda gagnvart sjóðfélögunum. Hér yrði því um hreina réttarbót að ræða gagnvart félögum þeirra sjóða sem geta í rauninni ekki staðið við heit sín um rétt sjóðfélaga eða eru með öðrum orðum á hausnum. Það er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram fé til þess að tryggja að ná megi þessum lágmarksréttindum til handa félögum í þeim sjóðum sem ekki rísa undir þeim. Enda liggur í augum uppi að þetta mundi lenda að verulegu leyti á ríkissjóði að öðrum kosti vegna ákvæða um tekjutryggingu almannatrygginga.

1.2. Umsýsla eldri réttinda.

Þeir sjóðir, sem á hinn bóginn kysu að starfa áfram sem almennir sjóðir eftir 1. janúar 1991, ættu þess kost en starfsemin tæki þá einungis til þeirra eigna, sem sjóðirnir ættu hinn 1. janúar 1991 og þeirra réttinda sem sjóðfélagar hefðu þá aflað sér, enda liggur í augum uppi að engin iðgjöld yrðu greidd í þessa sjóði eftir þann tíma og engin réttindi söfnuðust þar eftir þann tíma þar sem hinn nýi sameiginlegi lífeyrissjóður allra landsmanna hefði tekið við hlutverki þessara sjóða að því er skyldutrygginguna varðar.

1.3. Viðbótarsjóðir.

Í annan stað og óháð því hvort lífeyrissjóðir legðu eignir sínar og skuldbindingar inn í hinn sameiginlega sjóð gætu þeir tekið ákvörðun um að starfa áfram sem viðbótarlífeyrissjóðir sem tækju þá sérstök viðbótariðgjöld af sjóðfélögum sínum eða nytu sérstakra framlaga frá atvinnurekendum. Sá sjóður, sem leggur eigur sínar og skuldbindingar inn í hinn nýja sjóð, getur því valið að hætta starfsemi alfarið eða breyta starfseminni yfir í viðbótarlífeyrissjóð umfram skyldutryggingu. Sá sjóður, sem legði ekki eigur sínar og skuldbindingar inn í hinn nýja sameiginlega sjóð, mundi halda áfram vörslu eigna og greiðslu réttinda vegna liðins tíma. Hann gæti á hinn bóginn og með sama hætti og áður er lýst ákveðið að láta sér nægja það eitt — eða hafið starfsemi sem viðbótarlífeyrissjóður frá og með 1. janúar 1991.

1.4. Óbreytt réttarstaða.

Sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar fyrir þá atvinnurekendatryggðu sjóði, sbr. Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, sem við lýði eru, til þess að tryggja óbreytta réttar- og kjarastöðu félaganna við breytingu, en aðilar semdu síðan fyrir 1. janúar 1991 um fyrirkomulag og réttindi eftir breytinguna.

Í þessu felst að hjá atvinnurekendatryggðum sjóði, sbr. Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, skal atvinnurekandi (ríkið) inna af hendi greiðslur eins og áður og eftir því sem til þarf til þess að áunnum réttindum fyrir 1. janúar 1991 verði framfylgt. Komi í annan stað í ljós að núverandi réttindakerfi slíks atvinnurekendatryggðs sjóðs séu meiri en nýi sjóðurinn mun veita skal meta mismuninn til launa og aðilar skulu semja um hvernig með skuli fara eftir 1. janúar 1991, eins og nánar verður vikið að í næsta kafla hér á eftir um réttindatryggingu.

2. Réttindatrygging.

Við breytinguna er ætlunin að tryggja að kerfið nái til allra, að flestir fái öruggari réttindi en áður — en sumir jafnörugg réttindi — jafnframt því sem raunveruleg réttindi einskis manns skerðist. Sú einföldun, sem í kerfisbreytingunni felst, ætti jafnframt að tryggja betri nýtingu fjármagns og skiljanlegra og aðgengilegra kerfi til frambúðar. Við breytinguna

mundi fólk hætta að greiða skyldutryggingu sína til gömlu sjóðanna en greiða hana í þess stað til nýja sameiginlega sjóðsins. Á þeim tíma hefði fólk safnað ákveðnum réttindum í gamla sjóðakerfinu, sem héldust, en byrjaði jafnframt að safna réttindum í hinum sameiginlega lífeyrissjóði. Ef einhver hinna gömlu sjóða gengi inn í nýja sjóðinn, sem verður að teljast eðlileg og skynsamleg leið fyrir alla gömlu sjóðina, væri reglan sú að nýi sjóðurinn yfirtæki réttindi og skyldur gamla sjóðsins og greiddi lífeyri samkvæmt ákvæðum hans fyrir þau réttindi, sem menn hefðu safnað sér þar, enda gengju eignir gamla sjóðsins til hins nýja. Þótt þetta væri almenna reglan verður þó að hafa fyrirvara um að mat á eignum gamla sjóðsins svari til skuldbindinga hans.

Ef tryggingafræðilegt mat leiðir í ljós að eignir gamla sjóðsins séu umfram þær skuldbindingar, sem hann hefur tekið á sig, myndast afgangur sem ekki ætti að ganga inn í hinn nýja sjóð. Sjóðfélagar yrðu þá að ákveða hvernig honum yrði ráðstafað, t.d. hvort hann yrði greiddur út til félaganna í sjóðnum eða myndaði viðbótarsjóð, sem gæfi félögunum viðbótarrétt sem nánar yrði kveðið á um. Ef tryggingafræðilegt mat gefur hins vegar þá niðurstöðu að eignir sjóðsins hrökkvi ekki fyrir skuldbindingum er gert ráð fyrir því að hinn nýi sjóður tryggi að hvað sem því líður skuli nýi sjóðurinn skuldbundinn til þess að inna af hendi greiðslur til félaganna, sem svari til ekki minna en 85% þeirra réttinda sem heitið var, og ríkissjóður leggi fram fé til þess að þessu marki verði náð.

Hvað svo sem eignastöðu sjóðs líður gæti hann reyndar kosið að starfa áfram — vegna réttinda sem hefðu safnast fyrir breytinguna — og inna greiðslur af hendi til félagsmanna sinna samkvæmt því, en iðgjaldagreiðslur til hans yrðu engar og frekari réttindasöfnun því ekki. Hún yrði í hinum nýja sjóði. Þótt þetta sé almenna reglan verður að skoða vissa sjóði sérstaklega, þ.e. sjóði sem í raun hafa verið atvinnurekendatryggðir. Á flestum lífeyrissjóðum hafa atvinnurekendur ekki tekið neina ábyrgð hvernig þeir stæðu fjárhagslega og þannig ekkert greitt til þeirra umfram hin lögbundnu 6% af launum.

Á hinn bóginn eru til sjóðir, sem atvinnurekandi hefur í reynd tekið fulla fjárhagslega ábyrgð á með því að greiða til sjóðanna umfram lög eða samningsbundin iðgjöld, til þess að sjóðirnir gætu staðið við skuldbindingar sínar — ellegar þá að atvinnurekandi hefur ábyrgst þessa sjóði með öðrum hætti. Þetta gildir um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og bankamanna, svo þekkt dæmi séu tekin, en það kann að eiga við um fleiri. Starfsmenn þessara atvinnurekenda, t.d. opinberir starfsmenn, hafa getað gengið út frá því sem vísu að umsamin réttindi þeirra stæðust hvað sem liði fjárhagslegri afkomu sjóðanna á grundvelli venjulegra iðgjalda, enda hefur ríkið greitt til sjóðsins. Viðurkennt hefur verið af báðum aðilum að þessi réttindi væru mikils virði. Þannig hafa opinberir starfsmenn sætt sig við lægri laun vegna þessara réttinda og ríkisvaldið beitt lífeyrisréttindum til þess að réttlæta lægri laun hjá opinberum starfsmönnum en á almennum launamarkaði. Til þessa verður að taka tillit við þá breytingu að komið verði á einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn.

Í þessum tilvikum er um að ræða samningsbundin réttindi sem hafa mátt teljast viss og örugg. Þar sem líklegt er að hinn sameiginlegi lífeyrissjóður muni ekki hafa bolmagn til þess að veita öllum landsmönnum jafnmikil réttindi og opinberir starfsmenn, bankamenn eða aðrir þeir sem eru í atvinnurekendatryggðum sjóðum njóta nú, þá þarf að taka málefni þessara sjóða sérstökum tökum. Annars vegar verður þá að líta á þau réttindi sem fólk hefur safnað sér í þessum sjóðum fyrir breytinguna — og hins vegar stöðu þessa fólks eftir breytinguna yfir í hinn nýja sameiginlega lífeyrissjóð.

Miðað við það sem að framan er sagt og greiðslur þessara atvinnurekenda (ríkis, banka o.s.frv.) til viðkomandi sjóða og sérstakar ábyrgðir þeirra á þeim virðist óhætt að ganga út frá því að venjulegar eignir þessara sjóða hrökkvi ekki fyrir skuldbindingum. Tökum Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna sem dæmi um slíkan atvinnurekendatryggðan sjóð. Ef hann gengi inn í hinn nýja sjóð þá mundi nýi sjóðurinn tryggja ekki minna en 85% þeirra

réttinda sem fólk hefði aflað sér fram til þess tíma. Afganginum yrði ríkið að standa undir í sérstökum viðbótarsjóði svo að réttarstaða vegna hins liðna standi óbreytt, en það er grundvallarkrafa.

Ef Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna starfaði hins vegar áfram á grundvelli réttinda fram til 1. janúar 1991 yrði ríkið að greiða áfram til hans sérstök framlög, eins og það hefur gert fram að þessu, til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar vegna þáliðins tíma. Með þessu móti væri sá réttur, sem menn hafa haft og hafa safnað sér fram til 1. janúar 1991, tryggður óbreyttur.

Lítum því næst á stöðu fólks í atvinnurekendatryggðum sjóði eftir breytinguna og höfum jafnframt í huga að lífeyrisréttindi þess hafa verið talin hluti af kjörum þess. Notum enn Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna sem dæmi. Eins og áður verður að skoða sérstaklega það tilvik að núverandi réttindi opinberra starfsmanna séu meiri en hinn nýi sjóður mundi veita, enda er það eina tilvikið sem veldur vandkvæðum en reyndar jafnframt það sem telja verður líklegt. Þennan mismun yrði að meta. Hlutverk samningsaðila, þ.e. ríkisins og BSRB, væri að ákveða hvernig með þennan mismun yrði farið, en hann er augljóslega hluti af núverandi kjörum opinberra starfsmanna. Hér er um að ræða útgjöld, sem ríkið hefur sannanlega tekið á sig og gert ráð fyrir, og réttindi og greiðslur sem opinberir starfsmenn hafa notið og talið örugg. Þetta hefur verið hluti af þeirra kjörum og það hefur verið viðurkennt af báðum aðilum. Þennan mismun má því nefna „eign“ opinberra starfsmanna.

Matið á þessum mismun ætti að gefa til kynna til hversu mikilla launa — þ.e. launahækkunar — hann svaraði ef réttindin væru sem sagt skert sem honum nemur. Í grundvallaratriðum ættu aðilar því að semja um það hvort mismunurinn leiddi allur til launahækkana ellegar réttindi og laun yrðu áfram óbreytt. Í síðara tilvikinu mundi það leiða til viðbótarsjóðs, sem ríkið greiddi til, eins og það hefur reyndar gert að undanförnu. Auðvitað má semja um eitthvað þar á milli, þ.e. um meiri réttindi en sameiginlegi sjóðurinn veitir — en minni réttindi en menn höfðu fyrir breytinguna — og afgangur kæmi þá fram í launahækkun. En sérhvert slíkt tilvik mundi vitaskuld leiða til starfrækslu viðbótarsjóðs.

Með tilliti til þess hve hér er um viðamikið mál að ræða er eðlilegt að félagsmenn fái að segja álit sitt í allsherjaratkvæðagreiðslu. Í slíkri atkvæðagreiðslu ættu félagsmenn að fá að velja á milli tveggja til fjögurra valkosta. Einn valkostur væri óbreytt réttindi frá því sem áður hafði verið, þ.e. fyrir breytinguna, og þá engar launahækkanir af þessu tilefni. Annar valkostur væri að allur mismunurinn leiddi til launahækkana og enginn viðbótarréttur umfram rétt í hinum sameiginlega lífeyrissjóði yrði veittur.

Ef samningsaðilar vildu sameiginlega eða sinn í hvoru lagi mæla með einhverju tilteknu millistigi þessa tvenns ættu þeir að eiga rétt á að um þann eða þá valkosti yrðu einnig greidd atkvæði. Þannig gætu BSRB og fjármálaráðherra sameinast um einn slíkan valkost eða lagt fram sinn valkostinn hvor sem yrðu þá jafnframt greidd atkvæði um. Þótt Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna sé hér tekinn sem dæmi ætti hið sama að gilda um alla atvinnurekendatryggða sjóði.

Í stuttu máli yrði því fyrirkomulagið þetta:

1. Gamall sjóður getur ákveðið að starfa áfram á grundvelli eigna sinna og uppsafnaðra réttinda 1. janúar 1991 eða
2. að ganga inn í hinn nýja sjóð sem yfirtæki eignir hans og skuldbindingar.
3. Ef eignir hrökkva ekki fyrir skuldbindingum samkvæmt mati við inngöngu í nýja sjóðinn skal hinn nýi sjóður engu að síður inna af hendi greiðslu sem samsvari ekki minna en 85% þeirra réttinda sem heitið hafði verið.
4. Ef eignir eru umfram skuldbindingar samkvæmt mati þá myndast afgangur í gamla sjóðnum sem félagsmenn ákveða um ráðstöfun á.
5. Hjá atvinnurekendatryggðum sjóði, sbr. Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, skal

atvinnurekandi (ríkið) inna af hendi greiðslur eins og áður og eftir því sem þarf til þess að áunnum réttindum fyrir 1. janúar 1991 verði framfylgt.

6. Komi í ljós að núverandi réttindi atvinnurekendatryggðs sjóðs séu meiri en hinn nýi sjóður mun veita skal meta mismuninn til launa. Fyrir 1. janúar 1991 skulu samningsaðilar (ríki og BSRB) leita samninga um hvernig með þennan mismun skuli fara og leggja það fyrir félagsmenn í allsherjaratkvæðagreiðslu, þar sem meðal valkosta séu annars vegar óbreytt réttindi frá því sem áður var án launahækkana, í öðru lagi hreinar launahækkanir án nokkurra viðbótarréttinda umfram þann rétt sem hinn sameiginlegi sjóður veitir — eða í þriðja lagi millistig sem aðilar leggja fram saman eða sinn í hvoru lagi. Sérhver réttindi umfram þau sem hinn sameiginlegi sjóður veitir yrðu á verksviði sérstaks viðbótarsjóðs.

Fylgiskjal.

ÚR SKÝRSLU ENDURSKOÐUNARNEFNDAR LÍFEYRISKERFIS TIL FJÁRMÁLARÁÐHERRA FRÁ 2. MAÍ 1985

Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis var skipuð þann 20. júlí 1976. Sú nefnd gengur yfirleitt undir nafninu „17 manna nefnd“ og hlutverk hennar var að vinna að endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins miðað við markmið sem sett voru fram í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febr. 1976. Þau markmið voru:

að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna;
að lífeyrissjóður og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma;
að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta;
að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ.e. að lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr;
að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Frá upphafi var skipuð undirnefnd undir þessa 17 manna nefnd, svokölluð sjö manna nefnd, sem síðar varð átta manna nefnd með því að Farmanna- og fiskimannasambandið gerðist aðili að því samkomulagi, sem hér um ræðir, og hlutverk átta manna nefndarinnar hefur verið að kanna sérstaklega málefni lífeyrisþega á samningssviði Alþýðusambands Íslands.

Lög og drög að lögum.

Nefndin hefur nú í áratug eða svo unnið að því meginverkefni að undirbúa gerð tillagna um lífeyriskerfið en auk þess hefur hún haft afskipti af og frumkvæði að lagasetningu, sem átt hefur sér stað á þessu tímabili, en það er 1) lög nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, sem síðar urðu lög nr. 2/1985, 2) lög nr. 50/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 3) lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, og 4) lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þessi nefnd hefur jafnframt gert drög að frv. til laga um lífeyrissjóði eða um starfsemi lífeyrissjóða. Þar er kveðið á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, þ.e. hvernig réttindi myndast, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu og ávöxtun iðgjalda og enn fremur um skipulag, reikningshald og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðanna. Í þessum frumvarpsdrögum er kveðið á um þau skilyrði, sem lífeyrissjóðir

verða að uppfylla til þess að þeir teljist fullnægja þeim kvöðum um skyldutryggingu sem í lögum felst, og auk ákvæða um eftirlit með starfsemi sjóðanna er þar m.a. gert ráð fyrir ákvæði um verðtryggingu lífeyris. Þessi frumvarpsdrög eru í 42 greinum.

Í sérstakri álitsgerð hefur átta manna nefnd látið í ljósi álit sitt á þessum frumvarpsdrögum. Eitt meginsjónarmið átta manna nefndarinnar hefur verið að löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða ætti að fela í sér ákvæði um samræmd lágmarksréttindi og iðgjaldagreiðslur. Það hefur verið krafa nefndarinnar að slík ákvæði tækju með sama hætti til allra lífeyrissjóða hvort sem þeir störfuðu skv. sérlögum eða á grundvelli almennra reglugerða.

Jöfnun réttinda.

Það sjónarmið býr þá að baki að það sé óhjákvæmilegt að lífeyrisréttindi allra manna verði jöfnuð og samræmd og að greiðsla sama lífeyrisiðgjalds af sambærilegum tekjum leiði til sömu lífeyrisréttinda. Í samræmi við þetta er það frá sjónarhóli nefndarinnar skilyrði þess að lífeyrissjóður fái að starfa að *iðgjöld og réttindi standist á og sjóðirnir standi undir sér.*

Ekki er hægt að standa við skuldbindingar.

Í þessu sambandi er vert að benda á að víða í skýrslu nefndarinnar kemur fram að stofnað hafi verið til skuldbindinga af hálfu lífeyrissjóðanna, sem ekki sýnist hægt að standa við, þ.e. *eignir sjóðanna eru ónógar til þess að þeir geti greitt þau lífeyrisréttindi sem þeir hafa heitið félögum sínum.* Í þessu sambandi hafa þá verið gerðir ýmsir útreikningar sem hafa leitt þetta í ljós. Þær athuganir sýna tvímælalaust að framtíðarhorfur núverandi lífeyrissjóðakerfis eru verri en menn höfðu almennt gert sér grein fyrir. Jafnframt er ljóst að staða lífeyrissjóðanna í dag gagnvart skuldbindingum, sem þegar hefur verið stofnað til, er miklu lakari en margir höfðu áttað sig á.

Gallar gegnumstreymiskerfis.

Þær athuganir, sem hér um ræðir, hafa bæði beinst að svonefndu gegnumstreymiskerfi og svonefndu söfnunarkerfi. Þeir útreikningar gefa til kynna að í söfnunarkerfi þyrfti iðgjald að jafnaði ekki að vera svo hátt sem í svonefndu gegnumstreymiskerfi. Gallar gegnumstreymiskerfisins eru þá þeir að þegar illa árar eða við breytingu á hlutfallslegri skiptingu mannfjöldans, þá þarf iðgjald að hækka mjög verulega. Því er gegnumstreymiskerfið miður heppilegt þegar miklar breytingar á aldursskiptingu eru fram undan eins og einmitt á við um þessar mundir á Íslandi.

Geymd eða glötuð réttindi.

Leitt hefur af hinni almennu þátttöku í lífeyrissjóðum, sem innleidd hefur verið með lögum, að það verður æ algengara að menn eigi geymd réttindi í fleiri sjóðum en einum sem þeir greiða ekki lengur iðgjald til. Sjóðirnir hafa brugðist við þessu með tvennum hætti. Annars vegar hafa þeir dregið mjög úr eða jafnvel fellt alveg niður lágmarksskilyrði um iðgjaldafjárhæðir og iðgjaldagreiðslutíma, sem veitt getur rétt til lífeyris, og hins vegar gert með sér samskiptasamning þar sem kveðið er á um að litið skuli á réttindi sem samfelld þótt menn skipti um sjóð, svo og um flutning minni háttar réttinda milli sjóða þegar til lífeyrisgreiðslu kemur. Það munu vera um 45 sjóðir, sem eiga aðild að þessu samkomulagi, en það er um helmingur sjóðanna í landinu.

Í sérstakri greinargerð, sem fylgir skýrslunni og nefnist yfirlit um lífeyriskerfið og er dags. 12. maí 1982, er að finna ýmsar greinargóðar upplýsingar um lífeyriskerfið eins og það nú er. Þar er þess m.a. getið að eftir því sem félögum lífeyrissjóða fjölgaði þá var flutningur réttinda sífellt stærri þáttur í starfsemi sjóðanna, en jafnframt hafði verðbólgan það í för með sér að það var mikið misræmi á milli þeirra skuldbindinga, sem lífeyrissjóðir tóku á sig er þeir veittu flutningi viðtöku, og þeirrar fjárhæðar, þ.e. iðgjalda ásamt vöxtum, sem þeir

fengu greidda skv. gildandi venjum. Að undanförnu, en einkum þó á árinu 1980, hefur hins vegar mikið kveðið að einhliða ákvörðunum einstakra lífeyrissjóða um stöðvun réttindaflutninga eftir eldri reglum, en jafnframt hefur verið unnið að almennu samkomulagi lífeyrissjóða með því markmiði að réttindi glatist ekki þó menn skipti um starf og lífeyrissjóð.

Tilgangur lagasetningar.

Með lögum um starfskjör launafólks var komið á skyldu fyrir alla þá sem tekjur hafa af atvinnu til að tryggja sér réttindi í lífeyrissjóði. Tilgangurinn með lögunum um skráningu lífeyrisréttinda var hins vegar sá að tryggja greiðan aðgang almennings að upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild, stuðla að framkvæmd lagaákvæðanna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og afla vitneskju um þau réttindi sem lífeyrissjóðakerfið í heild veitir. Á hinn bóginn er Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda ætlað það hlutverk að taka við mönnum, sem tryggingarskyldir eru, en fullnægja ekki tryggingaskyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til annarra lífeyrissjóða.

Fjöldi sjóða.

Í þessari skýrslu er þess getið að í árslok 1980 töldust vera starfandi hér á landi 96 lífeyrissjóðir og af þeim höfðu 90 sjóðir hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en um eftirtalda sex sjóði hafa verið sett sérstök lög: Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, Lífeyrissjóð ljósmæðra, Lífeyrissjóð sjómanna, Lífeyrissjóð bænda og Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Margbreytileiki bótaákvæða ...

Um lífeyrisréttindi lífeyrissjóðanna segir m.a. að nær allir lífeyrissjóðir hér á landi veiti fjórar tegundir lífeyris, elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Að öðru leyti segir að bótaákvæði séu svo margbreytileg að þeim verði ekki lýst til neinnar hlítar í stuttu máli.

... í ellilífeyri,

Algengast er að krafist sé a.m.k. fimm ára iðgjaldagreiðslu til þess að um rétt til ellilífeyris geti verið að ræða. Gildir sú regla í 53 sjóðum með 82 000 starfandi sjóðsfélaga. Á hinn bóginn felst ekki ávallt það sama í þessu ákvæði þar eð sumir sjóðir krefjast 60 mánaða iðgjaldagreiðslu en hjá öðrum er krafist tiltekinna lágmarksgreiðslna er skuli dreifast á a.m.k. fimm almanaksár. Hjá 20 sjóðum, þar með töldum séreignasjóðunum, er ekki krafist neins lágmarksiðgjaldagreiðslutíma, hjá tíu sjóðum er lágmarkið 10 ár en hjá öðrum sjóðum gilda sérreglur í þessu efni. Hér er því um fjölskrúðugar reglur að ræða varðandi ellilífeyrisgreiðslur.

... í örorkulífeyri,

Um örorkulífeyri gilda önnur ákvæði. Skv. bótaákvæðum SAL-sjóðanna er það skilyrði fyrir rétti til örorkulífeyris að umsækjandi hafi greitt iðgjöld til hlutaðeigandi sjóðs undanfarandi 3 almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á næstu 12 mánuðum, áður en orkutap á sér stað. Réttindi miðast við áunnin stig að viðbættum framreiknuðum stigum til 70 ára aldurs. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins gildir einnig skilyrðið um þriggja ára réttindatíma, þ.e. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Þar er höfuðreglan hins vegar sú að fjárhæð lífeyris miðast eingöngu við áunnin réttindi nema rekja megi örorkuna til starfs sjóðsfélaga. Þriggja ára lágmark réttindatíma gildir í 40 sjóðum, ekkert slíkt lágmark er hjá 15 sjóðum, 15 sjóðir hafa 5 ára lágmark, 8 sjóðir miða við 10 ár og 12 sjóðir fylgja öðrum reglum. Hér er því sömuleiðis um mikla fjölbreytni að ræða.

... í makalífeyri,

Varðandi makalífeyri er það að segja að algengast er að réttur til makalífeyris sé bundinn skilyrðum um a.m.k. sex mánaða réttindatíma. Sú regla gildir hjá 41 sjóði. Hjá 27 sjóðum er ekkert lágmark, hjá fjórum sjóðum er eins árs lágmark, hjá tíu sjóðum fimm ára lágmark, en hjá sex sjóðum gilda enn aðrar reglur.

... í barnalífeyri,

Varðandi barnalífeyri og réttindi í því sambandi, þá er hjá 47 sjóðum veittur barnalífeyrir við fráfall sjóðsfélaga án tillits til lengdar réttindatímans en 38 sjóðir krefjast sex mánaða lágmarkstíma og fjórir sjóðir fylgja enn öðrum reglum í þessum efnum.

... í verðtryggingu.

Fjölbreytni er einnig nokkur í verðtryggingu. Verðtrygging elli-, örorku- og makalífeyris er þannig með nokkuð mismunandi hætti. Í 19 sjóðum með um 33 000 starfandi sjóðsfélaga er kveðið á um fulla verðtryggingu. Þá er átt við að bótafjárhæðir breytist í samræmi við tiltekinn kauptaxta eða fylgi breytingum er verða á launum þeim sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri eða starfi sem sjóðsfélaginn gegndi. Hjá svonefndum SAL-sjóðum gilda ákvæði til bráðabirgða um verðtryggingu elli-, örorku- og makalífeyris í samræmi við samkomulag ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaga frá 1977, með síðari breytingum, og sömu eða hliðstæðar reglur gilda hjá mörgum öðrum sjóðum. Alls er hér um að ræða 40 sjóði með um 69 000 sjóðsfélögum. Hjá 13 sjóðum með 15 000 starfandi sjóðsfélaga gilda aðrar reglur í þessu efni og er þar almennt um að ræða takmarkaðar uppbætur. En 23 sjóðir með 6000 starfandi sjóðsfélaga hafa engin ákvæði um uppbætur á lífeyri eftir að hann hefur upphaflega verið úrskurðaður.

Takmarkaður réttur við úrgöngu ...

Réttur við úrgöngu er tiltölulega takmarkaður. Hætti maður þátttöku í lífeyrissjóði, þ.e. iðgjaldagreiðslur falla niður af öðrum ástæðum en vegna elli eða örorku eða gjaldfrelsi að tilskildum iðgjaldagreiðslutíma loknum, þá telst hlutaðeigandi ýmist sjóðsfélagi áfram um sex mánaða skeið og nýtur á þeim tíma óskertra réttinda eða hann telst farinn úr sjóðnum um leið og hann hættir iðgjaldagreiðslum. Reglan um sex mánaða umþóttunartíma gildir hjá 41 sjóði en 49 sjóðir hafa engan umþóttunartíma. Þegar sjóðsfélagi hins vegar telst hættur þátttöku og umþóttunartíminn er liðinn, ef um hann er að ræða, þá er það mismunandi eftir sjóðum hverra réttinda maðurinn nýtur. Algengast er að réttindi falli niður ef ekki eru uppfyllt skilyrði um tiltekið lágmark iðgjaldagreiðslutíma og e.t.v. einnig um lágmark áunninna stiga. Í 50 sjóðum með um 81 þús. starfandi sjóðsfélaga eru skilyrði um 5 ára lágmarkstíma. Hjá 18 sjóðum er ekkert slíkt lágmark, hjá 10 sjóðum er lágmarkið 10 ár, en hjá 12 sjóðum gilda enn aðrar reglur. Nái réttindatími ekki tilskildu lágmarki eru iðgjöldin geymd án þess að þau veiti nokkurn lífeyrisrétt. Þau geta þó komið að notum síðar annaðhvort með því að hlutaðeigandi hefji aftur þátttöku í sjóðnum eða annar sjóður samþykki að veita iðgjöldum viðtöku.

... og breytt réttarstaða.

Þótt skilyrðum um lágmarksréttindatímann sé fullnægt þá breytist réttindastaðan að ýmsu leyti við úrgöngu. Algengast er að réttur til barnalífeyris falli þá niður. Í sjóði þar sem réttindi eru framreiknuð við ákvörðun örorku og makalífeyris fellur slíkur framreikningur niður við úrgöngu en geymd réttindi miðast eingöngu við liðinn réttindatíma. Í 29 sjóðum fellur réttur til örorkulífeyris að fullu niður við úrgöngu og verðtrygging lífeyris er í sumum sjóðum takmarkaðri og jafnvel nær einskis virði eftir úrgöngu.

Stöðvun flutninga.

Í þessu yfirliti um lífeyrissjóðakerfið, dags. 12. maí 1982, segir enn fremur að undanfarin tvö ár hafi flestir lífeyrissjóðir stöðvað flutning réttinda til sín en einstök mál hafi oft verið leyst með sérstöku samkomulagi þegar nauðsyn hefur krafið. Jafnframt hafi samtök sjóðanna, þ.e. Landssamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða, haft frumkvæði um gerð almenns rammasamkomulags um þessi mál en það hafi ekki náð fram að ganga. Staða þessara mála nú skv. skýrslunni er því sú að mjög lítið kveður að flutningi réttinda milli lífeyrissjóða.

Gjaldstofn er breytilegur.

Í þessari skýrslu segir líka um tryggðar tekjur að gjaldstofn sá eða tryggðar tekjur, sem iðgjöld til lífeyrissjóða reiknast af, eru mismunandi eftir sjóðum og mismunur að þessu leyti getur jafnvel verið milli einstakra starfshópa innan sama sjóðs. Það er algengt að iðgjöld séu greidd af föstum launum eða dagvinnutekjum skv. umsömdum launataxta. Hlutfallið milli lífeyris og fyrri heildarvinnutekna fer þá að verulegu leyti eftir því hve mikinn hluta heildarteknanna menn fá í formi fastra launa. Dæmi eru um að iðgjöld séu greidd af fastri yfirvinnu og einnig eru dæmi um að vaktavinnutekjur séu að verulegu leyti gjaldskyldar þannig að hér er um nokkra fjölbreytni að ræða.

Í þeim kafla, sem fjallar um heildarréttindi og fjölda lífeyrisþega, segir m.a.:

Lítil réttarbót fyrir 25 ára starf (290 kr.).

„Það vekur athygli hve lítil viðbótarréttindi láglaunamaður ávinnur sér með áratuga greiðslum til lífeyrissjóðs. Skýrast kemur þetta fram í dæmunum þar sem einhleypur verkamaður getur vænst þess að fá í heild kr. 4980 á mánuði í ellilífeyri ef hann greiðir iðgjald til lífeyrissjóðs í 40 ár, en verkamaður, sem nýtur 15 ára réttinda samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra og hefur e.t.v. aldrei greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs, fær nú kr. 4690 á mánuði."

Hér er því greinilega um mikið misræmi að ræða sem hlýtur að skapa úlfúð og tortryggni í þeim mæli sem menn uppgötva hvernig mál eru hér í pott búin.

Frumvarpsdrög um starfsemi lífeyrissjóða — þriggja ára gömul.

Eins og áður getur eru þau drög að frv. til l. um starfsemi lífeyrissjóða, sem starfshópur á vegum 17 manna nefndar hefur unnið, 42 greinar samtals. I. kaflinn fjallar um gildissvið, II. kafli um réttindi lífeyrisþega, reglugerðir lífeyrissjóða, iðgjöld o.fl., III. kafli fjallar um stjórn, IV. kafli um endurskoðun ársreikninga o.fl., V. kafli um starfsleyfi lífeyrissjóða og eftirlit, VI. kafli um afturköllun starfsleyfis, slit lífeyrissjóða og sameiningu, VII. kafli um lífeyrissjóði er starfa við gildistöku laga þessara og í VIII. kafla eru ýmis ákvæði.

Afstaða BSRB.

Þessi drög eru dags. 12. apríl 1983 eða fyrir u.þ.b. þremur árum síðan. Ekki hafa þau enn verið lögð fyrir Alþingi. Í sérstökum bréfum frá formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem fylgja þessum frumvarpsdrögum, er þess getið að stjórn BSRB telur sér ekki fært að taka afstöðu til frumvarpsdraganna fyrr en niðurstöður tryggingafræðings, sem gerði fjárhagslega úttekt á lífeyrissjóðunum með hliðsjón af frumvarpsdrögunum, liggi fyrir. Enn fremur telur bandalagsstjórnin að þau fylgifrumvörp, sem um hefur verið rætt, þurfi að vera fyrir hendi áður en afstaða er tekin til frumvarpsdraganna.

Afstaða átta manna nefndar...

Í greinargerð um drög að þessum frumvörpum frá átta manna nefndinni kemur fram að nefndin telur þær tillögur um ákvæði um lífeyrisréttindi og lífeyrisiðgjöld, sem fram koma í

frumvarpsdrögunum í 13. og 14. gr., ófullnægjandi. Í því sambandi bendir nefndin á að óvarlegt sé að gera ráð fyrir ávöxtun iðgjaldasjóðs umfram breytingu kaupgjalds og telur reynslu annarra þjóða sýna að kaupgjald hafi hækkað með fáum undantekningum umfram nafnvexti. Nefndin telur jafnframt að niðurstöður þeirra útreikninga, sem gerðir hafa verið, bendi til þess að *iðgjöld séu of lág og/eða lífeyrisréttindi séu of ríkuleg nema hvort tveggja sé.*

... á móti gegnumstreymiskerfi,

Jafnframt telur hún að þau dæmi, sem reiknuð hafa verið, sýni glöggt að *með upptöku gegnumstreymiskerfis væri verið að velta vandanum á undan sér,* en að auki bendir nefndin á þjóðhagslega þýðingu sparnaðar í lífeyriskerfinu með söfnun og virðist því taka afdráttarlaust undir það að svonefnt söfnunarkerfi skuli vera við lýði. Vegna breytinga, sem orðið hafa á undanförnum árum á vinnuframlagi hjóna, er það mat þessarar nefndar, (átta manna nefndarinnar) að sú breyting kalli á breytingu á ákvörðun um makalífeyri og jafnframt leggur nefndin til að barnalífeyrir verði stórhækkaður og lífeyrisréttindum verði skipt milli hjóna.

... um tryggingafræðilega úttekt á hverjum sjóði,

Vegna stöðu sjóðanna bendir nefndin á að óhjákvæmilegt sé að gerð verði tryggingafræðileg úttekt á hverjum starfandi lífeyrissjóði sem leiði til mats á raunverulegum réttindum sjóðsfélaga á grundvelli eigna í sjóðnum. Nefndin gerir ráð fyrir því að lífeyristryggingar almannatrygginga muni starfa áfram með svipuðum hætti og nú er, þ.e. að núverandi elli- og örorkulífeyri verði haldið og hann greiddur án tillits til ævitekna lífeyrisþega. Hann yrði þannig áfram grunnlífeyrir í nýju lífeyriskerfi.

... um tekjutengdan lífeyri,

Úr lífeyrissjóðum yrði hins vegar greiddur tekjutengdur ellilífeyrir í samræmi við hugmyndir sem fram eru settar um það að samanlögð iðgjöld sjóðsfélaga hvert almanaksár skuli umreiknuð í stig sem myndi grundvöll lífeyrisréttinda hans. Umreikningurinn skal gerður þannig að í iðgjaldsstofn hvers iðgjaldsgreiðanda skal deila með ákveðnum grundvallarlaunum. Grundvallarlaun skulu miðast við áætlaðar meðalatvinnutekjur fullvinnandi framteljanda og skulu þau taka sömu breytingum og áætlað er að meðaltekjur af atvinnu hafi gert frá næst liðnu almanaksári. Upphæð ellilífeyris skal ákvarðast sem hundraðshluti af grundvallarlaunum. Þessi hundraðshluti skal ákvarðaður á grundvelli samanlagðs stigafjölda sem sjóðsfélagi hefur áunnið sér. Lífeyrisgreiðslur skulu innan hvers almanaksárs breytast með breytingum kauptaxta allra launþega á grundvelli upplýsinga frá opinberum aðilum. Lífeyrisréttur ræðst þannig af greiðslum iðgjalda af tekjum á starfsævi.

... um réttindi hjóna,

Um skiptingu réttinda milli hjóna segir: Í hugmyndum átta manna nefndarinnar er tekin ákveðin afstaða til ellilífeyrisréttar heimavinnandi maka. Gengið er út frá því að í hjónabandi felist sameiginlegt fjárfélag hjónanna og að þær eignir, sem myndaðar eru af tekjum sem aflað er meðan hjónaband varir, séu sameign hjónanna. Af þessu er ályktað að ellilífeyrisréttur, sem stofnast með greiðslu iðgjalda af atvinnutekjum, sé sameign hjónanna. Nefndin leggur því til að ellilífeyrisréttindi skiptist á milli hjóna við slit hjónabands hvort sem heldur er af völdum skilnaðar eða dauða. Lagt er til að við skilnað sé þeim ellilífeyrisréttindum, sem áunnist hafa meðan hjónabandið stóð, skipt jafnt á milli hjóna. Við dauða annars hjóna er hins vegar lagt til að við fráfall þess hjóna, sem hefur aflað minni réttar meðan á hjónabandinu stóð, haldi hitt hjónanna áunnum rétti sínum óskertum. Falli það hjónanna frá, sem hefur haft meiri tekjur og því aflað meiri lífeyrisréttinda meðan á

hjónabandinu stóð, er hins vegar lagt til að ellilífeyrisrétti hins eftirlifandi yrðu hækkuð í það að nema hinu sama og hinn látni hafði aflað meðan á hjónabandinu stóð.

... um fjölskyldulífeyri,

Um svonefndan fjöldskyldulífeyri segir: Núgildandi ákvæði flestra lífeyrissjóða taka mið af veröld sem var. En í því fólst að eiginkonan væri fullkomlega háð eiginmanni sínum fjárhagslega og væri á framfæri hans. Við andlát eiginmannsins greiðist konunni því framfærslueyrir, þ.e. makalífeyrir. Geysilegar breytingar hafa átt sér stað varðandi launaða vinnu eiginkvenna utan heimilis á undanförnum tveim áratugum og má ætla að um 65% giftra kvenna starfi utan heimilis og hlutfallið sé mun hærra í yngri aldursflokkum.

... um makalífeyri,

Sem fyrr segir leggur nefndin til að makalífeyrir í sinni núverandi mynd verði ekki í nýju réttindakerfi. Í stað þess er lagt til að ellilífeyrisréttindum hjóna verði skipt svo að við fráfall maka verði greiddur tímabundinn fjölskyldulífeyrir sem miðist við framfærslubyrði. Er hér annars vegar um að ræða makabætur sem greiddar verði í 1–2 ár eftir fráfall maka. Hins vegar er um að ræða barnalífeyri. Leggur nefndin áherslu á að hann verði stóraukinn og greiddur til framfæranda barna látins sjóðsfélaga til 19 ára aldurs barna. Nefndin telur að skipting ellilífeyrisréttinda hjóna, upptaka makabóta og stórhækkun barnalífeyris en niðurfelling makalífeyris sé aðlögun að breyttum þjóðfélagsháttum.

... um iðgjald af öllum launum,

Varðandi iðgjaldsstofn leggur nefndin til að iðgjaldsstofni verði breytt þannig að í stað þess að iðgjald sé eingöngu greitt af dagvinnutekjum þá skuli það greiðast af heildaratvinnutekjum og um leið yrði tekjutengdur lífeyrir miðaður við heildaratvinnutekjur. Nefndin telur að breyting á iðgjaldsstofni úr dagvinnutekjum í allar launatekjur hafi mun meiri kosti en ókosti í för með sér. Í fyrsta lagi má nefna að eðlilegra virðist að miða réttindamyndun fremur við launatekjur í heild en eingöngu við tekjur af dagvinnu. Í öðru lagi er oft mjög erfitt að skilgreina dagvinnulaun svo að vel sé og vafi getur m.a. leikið á meðferð álags- og bónusgreiðslna. Í þriðja lagi er nær ógerlegt að koma við eftirliti með því að iðgjaldsgreiðslur séu inntar af hendi svo sem vera ber, ef miðað er við dagvinnutekjur, þar sem ekki er greint á milli dagvinnulauna og annarra launa á launaseðlum eða launauppgjörum.

... um afstöðu og stofnsetningu lífeyrissjóðaeftirlits.

Í bréfi dags. 6.5.1983 til formanns 17 manna lífeyrisnefndar hefur átta manna nefndin áréttað afstöðu sína til frumvarpsdraganna. Þar kemur fram að nefndin tekur ekki afstöðu til efnis og orðalags 13. og 14. gr. frumvarpsdraganna af því að hún telur að í þeim felist engin efnisbreyting á núverandi kerfi lífeyrisréttinda en á skorti ný og samræmd ákvæði sem taki með sama hætti til allra starfandi manna í landinu. Í öðru lagi kemur fram að nefndin leggur til að málefni lífeyrissjóða verði flutt frá fjmrn. til sérstakrar stofnunar, lífeyrissjóðaeftirlits, sem heyri undir ráðherra tryggingamála. Nefndin leggur enn fremur til að lífeyrissjóðaeftirlitið lúti stjórn sérstaks eftirlitsráðs. Og í þriðja lagi telur nefndin að eftirlitsráð eigi að vera skipað skv. tilnefningu samtaka launþega, atvinnurekenda og ríkissjóðs með svipuðum hætti og gilt hefur um skipun 17 manna nefndarinnar þannig að fulltrúar þeirra hagsmunasamtaka, sem að sjóðunum standa, verði gerðir ábyrgir fyrir eftirlitinu.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

1. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

5. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „kosningar“ í b-lið 1. mgr. komi: almennar alþingiskosningar.
b. Í stað „alþingiskosningum“ tvívegis í b-lið 1. mgr. komi: almennum alþingiskosningum.
c. 2. mgr. orðist svo:

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Sá sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

4. gr.

15. gr. (sbr. lög nr. 48/1968 og 66/1984) orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. mgr. 19. gr.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölu. 1. gr. enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu þegar þeir fóru af landi brott.
3. Þá sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. þessarar greinar að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt**. Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

5. gr.

21. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn er mál getur varðað.
b. 3. mgr. (sbr. lög nr. 90/1981) falli niður.

6. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. bætist: Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn sem mál getur varðað.

7. gr.

Í stað „3 vikum og 3 dögum“ í 1. mgr. 26. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: 4 vikum.

8. gr.

Í stað „þess háttar, undirkjörstjórnir um“ í 2. mgr. 35. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um.

9. gr.

Síðasti málsl. 2. mgr. 42. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

10. gr.

44. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjóndöprum.
b. Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: 3 vikum.

11. gr.

Orðin „vegna fjarveru“ í 45. gr. falli niður.

12. gr.

3. mgr. 53. gr. orðist svo:

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** . . . . . (nafn stjórnmálasamtakanna).

13. gr.

4. mgr. 59. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) verði 2. mgr. 83. gr.

14. gr.

62. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

15. gr.

1. mgr. 64. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kjósandi, er neyta vill kosningarréttar síns utan kjörfundar, á rétt á að greiða atkvæði úr því að 3 vikur eru til kjördags og fram á kjördag. Fari kosning fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

16. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 66. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá því að hann geti ekki sótt kjörfund á kjördegi. Skal kjósandi, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan

fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa nafn og aðrar upplýsingar um kjósanda í bók sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjald, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á er hann hefur skrifað á seðil sinn og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim sem aðstoð veitti að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjórna og á fylgibréfið að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína er þannig þarfnast hjálpar.

17. gr.

6. mgr. 71. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) falli niður.

18. gr.

Í stað 3. málsl. 76. gr. komi: Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

19. gr.

92. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

20. gr.

Orðin „eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.)“ í 96. gr. falli niður.

21. gr.

Við 2. mgr. 101. gr. bætist: sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

22. gr.

Í stað „sama stjórnmálaflokki“ í 103. gr. komi: sömu stjórnmálasamtökum.

23. gr.

Í stað „stjórnmálaflokks“ í 1. mgr. 106. gr. komi: stjórnmálasamtaka.

24. gr.

2. mgr. 109. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

25. gr.

Síðari málsl. 3. mgr. 111. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

26. gr.

3.–6. töluliður 112. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

3. Nú er upphaflegur þingsætahlutur lista samkvæmt 111. gr. minni en 0,6 og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.
4. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar að þeim kemur samkvæmt 1. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.
5. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt 1. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista.
6. Nú tekst ekki að úthluta þeirri tölu þingsæta sem fram kemur í 2. tölul. eða að sætum hefur verið úthlutað samkvæmt 1. tölul. á grundvelli neikvæðs þingsætahlutar og skal þá taka allar úthlutanir í þessu kjördæmi til baka og úthluta á nýjan leik eftir að þingsætismark það, sem nefnt er í 3. tölul. og upphaflega er 0,6, hefur verið lækkað um 0,1. Eigi ákvæði þessa töluliðar enn við að lokinni þeirri úthlutun skal beita því á ný svo oft er þarf.

27. gr.

117. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

28. gr.

Í stað „hefur“ í 1. málsl. 118. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: hafa.

29. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 120. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna.

30. gr.

Í stað „sbr. 121. og 122. gr.“ í 121. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: sbr. 128. og 129. gr.

31. gr.

125. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „flokksmerki“ í 4. og 5. tölul. komi: merki stjórnmálasamtaka.
b. Í stað „heimilisfastan“ í 6. tölul. komi: eiga lögheimili.

32. gr.

128. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Á undan „yfirkjörstjórn“ í 1. mgr. komi: landskjörstjórn og.
b. 4. mgr. orðist svo:

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

c. 5. mgr. falli niður.

33. gr.

133. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. 2. tölul. orðist svo: Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.
b. 9. tölul. falli niður.

34. gr.

2. tölul. 134. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði laga nr. 6 6. apríl 1966, nr. 48 30. apríl 1968, nr. 15 5. apríl 1974, nr. 90 31. desember 1981, nr. 4 15. mars 1983 og nr. 66 1. júní 1984, allra um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis hefur verið lagt fram á undangengnum tveimur þingum en eigi hlotið afgreiðslu. Frumvarpið er nú enn flutt og er það óbreytt að undanskilinni 26. gr., sem breytt er í samræmi við nefndarálit og breytingartillögu kosningalaganefndar á síðasta þingi.

Vorið 1984 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 66 1. júní 1984. Voru lögin samþykkt í kjölfar breytinga á stjórnarskránni þar sem breytt var ákvæðum um skiptingu þingsæta milli kjördæma, kosningaaldur lækkaður o. fl.

Við meðferð kosningalagafrumvarpsins í þingnefnd var af hálfu dómsmálaráðuneytisins komið á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum varðandi efni frumvarpsins, þó ekki reiknireglur, svo og ábendingum um lagfæringar á nokkrum atriðum í kosningalögunum og ábendingum um atriði sem æskilegt væri að breyta eða ástæða til að íhuga nánar.

Voru athugasemdir þessar og ábendingar skoðaðar af þingnefnd og fulltrúum þingflokka og gengið frá breytingartillögum við lagafrumvarpið. Ekki vannst þó tími til að afgreiða tillögurnar en gert var ráð fyrir því að þær yrðu lagðar fyrir Alþingi er það kæmi saman að nýju. Er efni frumvarps þessa, að undanskilinni 26. gr., í samræmi við þær tillögur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Með stjórnarskrárbreytingunni var ákveðið að í kosningalögum megi víkja frá lögheimili hér á landi sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Með breytingu á kosningalögunum var ákveðið að kosningarrétt skuli þeir íslenskir ríkisborgarar hafa sem átt hafa lögheimili hér á fjórum síðustu árum fyrir kjördag. Breyting frumvarpsins felur í sér að miða tímabilið við fjögur ár talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Er það gert til hagræðis og öryggis við kjörskrárgerð. Kjörskrár samkvæmt 1. tölul. 15. gr. kosningalaga eru miðaðar við 1. desember. Enn fremur er íbúaskrá þjóðskrárinnar árlega færð upp miðað við 1. desember.

Við 2. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við ýmis önnur ákvæði kosningalaga þar sem greint er á milli almennra kosninga og uppkosninga.

Við 3. gr.

Vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar er lagt til að sömu reglur verði látnar gilda um það hvenær landskjörstjórnarmaður víkur sæti og gilda um aðra kjörstjórnarmenn.

Við 4. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög, en með breyttu orðalagi. Notað er orðið lögheimili í stað heimilisfastur/-festi. Er það til samræmis við ákvæði 1. gr. laganna og ákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar og vísar til laga um lögheimili (nr. 35/1960). Ákvæði er svarar til niðurlags 3. tölul. 15. gr. laganna er fellt niður enda ákvæðið óákveðið.

Við 5. og 6. gr.

Lagt er til að efni 3. mgr. 21. gr. laganna flytjist í 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr.

Við 7. gr.

Lagt er til að framboðsfrestur renni úr 4 vikum fyrir kjördag í stað þremur vikum og þremur dögum fyrir kjördag. Er það gert til að lengja þann tíma sem kjósendur geta greitt atkvæði utan kjörfundar. Verður sá tími þrjár vikur, sbr. 15. gr. frv. Jafnframt styttist í eina viku sá tími sem yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn hafa til að fjalla um framboð.

Við 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 9. gr.

Samkvæmt 15. gr. frv. er lagt til að breytt verði upphafi 1. mgr. 64. gr. laganna um það hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst. Verður niðurlag 2. mgr. 42. gr. laganna þá óþarft.

Við 10. gr.

Lagt er til að í 44. gr. laganna komi, til staðfestingar á framkvæmd, ákvæði um að dómsmálaráðuneytið skuli láta í té blindraspjöld vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu, sbr. 66. gr. laganna.

Ákvæði b-liðar er til samræmis við 15. gr. frv. um upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Við 11. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar sem áður hafa verið gerðar á 62. gr. laganna þar sem fjarvera er ekki lengur eina skilyrðið fyrir því að fá að kjósa utan kjörstaðar.

Við 12. gr.

Breytingin er til samræmis við 27. og 41. gr. laganna eins og þær eru nú.

Við 13. gr.

Eðlilegt þykir að ákvæði 4. mgr. 59. gr. laganna flytjist í 83. gr.

Við 14. gr.

Lagt er til að slakað verði á skilyrðum fyrir því að kjósandi megi greiða atkvæði utan kjörfundar, þannig að nægi að kjósandi geri ráð fyrir því að geta ekki sótt kjörfund á kjördegi þar sem hann er á kjörskrá.

Við 15. gr.

Lagt er til að fest verði í lög hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla skuli hefjast og að það skuli vera þremur vikum fyrir kjördag.

Við 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 1. og 2. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna en breytt til samræmis við breytta 62. gr. samkvæmt 14. gr. frv. Þar er og ákvæði um að kjósandi, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skuli, ef þess er óskað, sanna hver hann er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laganna um atkvæðagreiðslu á kjörstað.

Ákvæði 2.–4. mgr. eru efnislega í samræmi við 3. málsl. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 66. gr. laganna en ákvæðin umskrifuð og lagfærð.

Við 17. og 18. gr.

Gert er ráð fyrir því að efni 6. mgr. 71. gr. laganna komi í 76. gr.

Við 19. og 20. gr.

Ákvæðin tengjast breytingu á 62. gr. laganna, sbr. 14. gr. frv.

Við 21. gr.

Ákvæði hefur vantað um geymsluskyldu kjörskráa.

Við 22. og 23. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.

Við 24. gr.

Tekið er fram að yfirkjörstjórnir skuli senda skýrslu um tölu kjósenda á kjörskrá. Nauðsynlegt er að kveða á um þetta atriði vegna fyrirmæla í b-lið 5. gr. laganna þar sem tala kjósenda á kjörskrá er lögð til grundvallar við skiptingu þingsæta milli kjördæma.

Við 25. gr.

Málsliðurinn telst óþarfur.

Við 26. gr.

Efni greinar þessarar er í samræmi við tillögur kosningalaganefndar á síðasta Alþingi. Mjög orkar tvímælis að ákvæði 4. tölul. 112. gr. laganna samrýmist stjórnarskránni. Er óhjákvæmilegt að breyta honum og eru aðrar breytingar á greininni því tengdar.

Við 27. gr.

Lagt er til að Hagstofan fái skýrslu um kosninguna, þ. e. meira en skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta. Er ákvæðið hliðstætt 117. gr. laganna eins og sú grein var.

Við 28. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Við 29. gr.

Ákvæðið er til fyllingar vegna kaupstaða, annarra en Reykjavíkur, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna.

Við 30. gr.

Leiðrétting.

Við 31. gr.

Ákvæði a-liðar er til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.
Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 15. gr. laganna, sbr. 4. gr. frv.

Við 32. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar.
Ákvæði b-liðar er vegna áður gerðra breytinga á 27. gr. laganna.
Ákvæði c-liðar er til samræmis við breytingar á 92. og 96. gr. laganna, sbr. 19. og 20. gr. frv.

Við 33. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna áður gerðra breytinga á 27. gr. laganna.
Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 92. gr. laganna, sbr. 19. gr. frv.

Við 34. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar á 66. gr. laganna, sbr. 16. gr. frv.

Við 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Eckard, Richard Henry, eldvarnareftirlitsmaður í Sandgerði, f. 1. október 1945 í Hafnarfirði.
2. Fernándes, Antonio, nemandi á Fáskrúðsfirði, f. 16. maí 1959 á Spáni.
3. Hadzic, Nebojsa, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 20. nóvember 1939 í Júgóslavíu.
4. Hartmann, Ilse Heike, auglýsingateiknari í Hafnarfirði, f. 28. mars 1936 í Þýskalandi.
5. Mooney, Bruce Scott, verkamaður í Reykjavík, f. 20. júlí 1958 í Bandaríkjunum.
6. Vogler, Philip Norman, kennari á Egilsstöðum, f. 4. október 1950 í Bandaríkjunum.
7. Wendover, Arthur Gordon, rafeindavirki á Ísafirði, f. 14. apríl 1947 í Kanada.
8. Wendover, Brigid Elizabeth, húsmóðir á Ísafirði, f. 18. apríl 1944 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum, með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til septemberloka 1987, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Í 2. mgr. 2. gr. er lagt til að tekin verði upp fyrir þá, sem á undangengnu alllöngu árabili hefur verið veittur íslenskur ríkisborgararéttur, með skilyrðum um að þeir breyttu nöfnum sínum til íslenskari hátta, heimild til þess að fá þeim nú breytt, ef þeir óska þess fyrir lok september 1987, þannig að þau samrýmist ákvæðum 1. mgr. 2. gr., sem nú nokkur síðustu ár hafa verið með sama hætti.

Sams konar heimildarákvæði var veitt í lögum um veitingu ríkisborgararéttar, nr. 45/1985. Sú heimild gilti til ársloka 1985. Eftir að sú heimild rann út hafa allmargir þeirra sem þetta ákvæði átti við um leitað eftir því að fá nafnbreytingu á framangreindan hátt. Hafa þeir þá frétt um þessa heimild eftir að hún rann út eða ekki athugað að sækja um í tíma.

Þykir því eftir atvikum rétt að leggja nú til að heimila slíka breytingu aftur, en einnig tímabundna í nokkra mánuði. Ætti þannig að vera nægjanlega bætt úr þörf þeirra sem þurftu að taka alveg nýtt nafn upp við töku íslensks ríkisborgararéttar til að halda tengslum við sitt fyrra nafn.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna sem undirritaður var í New York 24. september 1986.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I

Með þingsályktunartillögu þessari leitar ríkisstjórnin samþykkis Alþingis við fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna sem undirritaður var í New York 24. september 1986 af Matthíasi Á. Mathiesen utanríkisráðherra og George P. Shultz utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Samningurinn er birtur með þingsályktunartillögu þessari (fskj. I) ásamt samkomulagi um framkvæmd 1. greinar samningsins (fskj. II) er þeir undirrituðu við sama tækifæri.

Samningurinn leysir ágreining milli Íslands og Bandaríkjanna sem staðið hefur í u.þ.b. 2½ ár um flutninga á sjó vegna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

II

Meginatriði samningsins er að finna í 1. og 4. gr. hans. Samkvæmt 1. gr. verða sjóflutningar fyrir varnarliðið í höndum íslenskra og bandarískra skipa á samkeppnisgrundvelli. Í 4. gr. segir að samningurinn gangi fyrir eldri ósamrýmanlegum lögum Íslands eða Bandaríkjanna. Er hér átt við bandarísk lög frá 1904, „Cargo Preference Act“, en á Íslandi er ekki um að ræða ósamrýmanleg lög. Með ákvæðum þessum eru felld niður þau forréttindi sem gilt hafa á þessu sviði.

Eins og fram kemur í inngangsorðum samningsins er hann gerður með hliðsjón af mikilvægi varnarsamstarfs landanna og sérstöðu Íslands. Er hann því ekki talinn hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum ríkjum.

Í 1. gr. samningsins er viðurkennt að skip frá báðum ríkjunum geti tekið þátt í samkeppni um flutningana og gengið út frá því að ríkin tvö geri með sér samkomulag um heildarskiptingu milli íslenskra og bandarískra skipafélaga til þess að ná markmiðum samningsins. Samkomulag þetta er ekki hluti samningsins og má breyta því eftir þörfum án atbeina Bandaríkjaþings, ef aðilar samningsins verða ásáttir um það.

Með samkomulagi því sem undirritað var um leið og samningurinn er gert ráð fyrir samkeppni þar sem lægstbjóðandi flytji 65 af hundraði farmsins en næstbjóðandi frá hinu landinu flytji afganginn. Þó er ekkert því til fyrirstöðu að lægstbjóðandi flytji meiri farm ef bjóðandinn frá hinu landinu er ekki til reiðu.

Þar sem hætta getur verið á að tilboð næstbjóðanda frá hinu landinu verði hærra en sanngjarnt megi teljast, t.d. vegna takmarkaðrar samkeppni, er í samkomulaginu gert ráð fyrir því að hlutaðeigandi bandarísk stjórnvöld geti gripið inn í og lækkað farmgjald bandarísks skipafélags í réttmætt verð miðað við eðlilegan kostnað félagsins og sanngjarnan hagnað. Að því er varðar íslensk skipafélög skal slík ákvörðun um farmgjald háð samráðum bandarískra og íslenskra stjórnvalda.

Samkvæmt samningnum verða bandarísk skipafélög að nota skip undir bandarískum fána við flutningana en íslensk skipafélög eru ekki bundin slíkri kvöð heldur mega nota hvaða skip sem þau gera út, þar á meðal leiguskip.

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um fullgildingu í samræmi við stjórnskipunarreglur í hvoru aðildarríki. Hefur samningurinn þegar verið lagður fyrir öldungadeild Bandaríkjaþings og hlotið samþykki hennar.

Samningurinn er skv. 3. gr. uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara en gildir annars meðan varnarsamningur landanna, eða samningur sem kemur í hans stað, er í gildi.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR

milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Ríkisstjórnir lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku,

minnugar þess að ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hafa með varnarsamningi milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var 5. maí 1951 („varnarsamningurinn"), um langt skeið gert ráðstafanir varðandi notkun aðstöðu á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til;

TREATY

between the Republic of Iceland and the United States of America to Facilitate their Defence Relationship

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America,

Considering that the Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America have, by the Defense Agreement Pursuant to the North Atlantic Treaty between the Republic of Iceland and the United States of America, signed on May 5, 1951 („Defense Agreement"), long maintained arrangements for the use of facilities in Iceland in defense of Iceland and thus also the North Atlantic Treaty area;

taka mið af mikilvægi varnarsamningsins fyrir samskipti Íslands og Bandaríkjanna, svo og einstæðu gildi hans fyrir Norður-Atlantshafsbandalagið;

viðurkenna þörfina á því að Ísland og Bandaríkin beri skyldur og njóti réttinda samkvæmt varnarsamningnum með réttmætum hætti;

taka tillit til langvarandi þátttöku skipa, sem gerð hafa verið út af íslenskum skipafélögum, og bandarískra skipa í flutningum fyrir varnarliðið milli Bandaríkjanna og Íslands í þágu varnarráðstafana á grundvelli varnarsamningsins;

viðurkenna að sanngjörn þátttaka skipa beggja landanna í vöruflutningum vegna varnarsamningsins muni treysta samskipti aðilanna og bæta samvinnu á nauðsynlegum sviðum varnarmála;

viðurkenna brýna þörf á að tryggja fullnægjandi sjóflutninga milli Íslands og Bandaríkjanna með skipum, sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum, og bandarískum skipum meðan varnarsamningurinn er í gildi;

árétta skerf Íslands til hinna einkar mikilvægu samgangna á sjó er tengja aðila Norður-Atlantshafsbandalagsins;

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Flutningaþjónusta á sjó milli Íslands og Bandaríkjanna með farm vegna varnarsamningsins skal látin í té af bandarískum skipum og skipum, sem íslensk skipafélög gera út, á grundvelli samkeppni samkvæmt grein þessari milli skipafélaga með skip undir bandarískum fána og íslenskra skipafélaga. Slík samkeppni skal leiða til samninga er tryggi að bæði skipafélögum með skip undir bandarískum fána og íslenskum skipafélögum verði unnt að taka virkan þátt í flutningunum. Þessum markmiðum verði náð með því að Bandaríkin og Ísland komi sér saman um hlutfallsskiptingu farms, sem flytja skal sjóleiðis vegna varnarsamningsins, milli skipa, sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum, og bandarískra skipa á grundvelli slíkrar samkeppni.

Noting the significance of the Defense Agreement in Icelandic-United States relations as well as its unique importance to the North Atlantic Treaty Organization;

Recognizing the need for equitable participation by Iceland and the United States in the burdens and benefits of the Defense Agreement;

Taking into account the historic participation of vessels operating for Icelandic shipping companies and vessels of the United States in the carriage of military cargo between the United States and Iceland in support of the defence arrangements established pursuant to the Defense Agreement;

Recognizing that equitable participation of vessels of both countries in the carriage of cargoes for purposes of the Defense Agreement will strengthen the relations of the Parties and further mutual cooperation in essential areas of defense;

Acknowledging the vital importance of securing adequate ocean transportation services between Iceland and the United States with vessels operating for Icelandic shipping companies and vessels of the United States during the period of the Defense Agreement;

Reaffirming the contribution of Iceland to the vital sea link that binds the members of the North Atlantic Treaty Organization;

Have agreed as follows:

ARTICLE I

Transportation services for cargo transported by sea between Iceland and the United States for purposes of the Defense Agreement shall be provided by vessels of the United States and vessels operated by Icelandic shipping companies on the basis of competition between United States flag carriers and Icelandic shipping companies pursuant to this Article. Any such competition shall result in contract awards that ensure that both United States flag carriers and Icelandic shipping companies are able to maintain a viable presence in the trade. To ensure achievement of these objectives, the percentage of cargo transported by sea for purposes of the Defense Agreement that is allocated between vessels operated by Icelandic shipping companies and vessels of the United States on the basis of such competition shall be determined by agreement between the United States and Iceland.

2. gr.

Samningur þessi er háður fullgildingu ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku í samræmi við stjórnskipunarreglur ríkjanna. Hann tekur gildi þegar skipst hefur verið á fullgildingarskjölum í Reykjavík.

3. gr.

(1) Samningur þessi skal gilda meðan varnarsamningurinn eða samningur, sem kemur í hans stað, er í gildi. Hvor aðili um sig getur hvenær sem er tilkynnt hinum að hann hyggist segja samningi þessum upp. Uppsögn tekur gildi 12 mánuðum eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar.

(2) Samningur þessi skal ekki hindra ráðstafanir sem hvor aðili um sig telur nauðsynlegar til verndar brýnum öryggishagsmunum sínum.

4. gr.

Ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans, sem gert er samkvæmt 1. gr., skulu ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands eða Bandaríkja Ameríku.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í New York hinn 24. september 1986 í tvíriti á ensku. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands mun láta í té eftir stjórnvaldsleiðum opinbera þýðingu samningsins á íslensku.

FYRIR RÍKISSTJÓRN
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
Matthías Á. Mathiesen

FYRIR RÍKISSTJÓRN
BANDARÍKJA AMERÍKU
George P. Shultz

ARTICLE II

This Treaty shall be ratified by the Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America in accordance with their respective constitutional processes. It shall enter into force upon the exchange of instruments of ratification at Reykjavik.

ARTICLE III

(1.) This Treaty shall remain in force as long as the Defense Agreement or a successor agreement remains in force. Either Party may, at any time, give notice to the other of its intention to terminate this Treaty. Termination shall take effect 12 months from the date of such notice.

(2.) This Treaty shall not preclude the application of measures deemed necessary by either Party to protect its essential security interests.

ARTICLE IV

The provisions of this Treaty and any implementing arrangements concluded pursuant to Article I shall apply notwithstanding any prior inconsistent law or regulation of the Republic of Iceland or the United States of America.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized for this purpose, have signed this Treaty.

DONE at New York, this 24th day of September, 1986, in duplicate in the English language. The Government of the Republic of Iceland shall provide through diplomatic channels the official translation of the Treaty in the Icelandic language.

FOR THE GOVERNMENT OF THE
REPUBLIC OF ICELAND:
Matthías Á. Mathiesen

FOR THE GOVERNMENT OF THE
UNITED STATES OF AMERICA:
George P. Shultz

Fylgiskjal II.

SAMKOMULAG

milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku varðandi samning til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Ríkisstjórnir lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku

hafa vegna samnings milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna sem undirritaður var í New York hinn 24. september 1986 orðið ásáttar um eftirfarandi:

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4 700 þús. kr. á árinu 1987.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 100 000 þús. kr. á árinu 1987. Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra samkvæmt 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1987.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1987.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1987.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1987 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 7 900 þús. kr. á árinu 1987.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 428 000 þús. kr. á árinu 1987.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986 og 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 722 500 þús. kr.

III. KAFLI

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina sem endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

30. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1986.

Jafnframt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að semja við Seðlabanka Íslands fyrir árslok 1986 um skuldbreytingu á umsömdum lánum ríkissjóðs í bankanum.

32. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1987. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1988 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 er miðað við að aflað verði alls 7 464 000 þús. kr. lánsfjár innanlands og 8 280 000 þús. kr. með erlendum lántökum.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru veigamesta uppspretta innlendrar lánsfjáröflunar. Þau eru áætluð alls 3 480 000 þús. kr. á árinu 1987. Þá er ráðgert að afla ríkissjóði 1 500 000 þús. kr. með sölu spariskírteina og verðbréfakaup banka eru ráðgerð fyrir alls 2 050 000 þús. kr. á árinu 1987. Þá er og miðað við að lánastofnanir afli 434 000 þús. kr. með innlendum lántökum.

Af erlendum lántökum renna 2 550 000 þús. kr. til opinberra aðila, 2 230 000 þús. kr. til lánastofnana og 3 500 000 þús. kr. til atvinnufyrirtækja. Afborganir af löngum erlendum lánum eru áætlaðar alls 6 750 000 þús. kr. Hreinar erlendar lántökur eru því áætlaðar alls 1 530 000 þús. kr.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir að nýjar skuldbindingar ríkissjóðs á árinu 1987 nemi alls 7 990 000 þús. kr., þar af eru 4 850 000 þús. kr. vegna beinnar lántöku ríkissjóðs og 3 140 000 þús. kr. vegna veittra ríkisábyrgða fyrir lántökum ýmissa aðila.

Um 1. gr.

Heildarlántökur ríkissjóðs verða 4 850 000 þús. kr. á árinu 1987. Sótt er um heimild til að afla 3 150 000 þús. kr. innanlands, þar af 1 650 000 þús. kr. með sölu verðbréfa til innlánsstofnana og 1 500 000 þús. kr. með sölu nýrra spariskírteina. Áætluð innlausn eldri spariskírteina nemur 1 000 000 þús. kr. Hrein fjáröflun með spariskírteinum er því áætluð 500 000 þús. kr. á árinu 1987. Þá er ráðgert að ný erlend lán nemi 1 700 000 þús. kr. en afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs eru taldar nema 1 300 000 þús. kr. á árinu 1987.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Ráðgerðar framkvæmdir Landsvirkjunar nema 550 000 þús. kr. á árinu 1987. Miðað er við að fyrirtækið skili 150 000 þús. kr. úr eigin rekstri til framkvæmda og fái að auki heimild til 400 000 þús. kr. erlendrar lántöku. Við þessar lántökur skal gætt ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 um fyrirtækið, en þar segir: „Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstóli (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila.

Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki.“

Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins verða einkum við jarðgangagerð og byggingu stöðvarhúss við Blöndu í samræmi við gildandi verksamninga. Gert er ráð fyrir að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991.

Um 4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er ætluð 100 000 þús. kr. lántökuheimild á árinu 1987. Áætluð lántaka félagsins í ár nemur 190 000 þús. kr. og er það út á óráðstafaða heimild þess frá árinu 1985. Með lögum nr. 3/1986 var felld niður 100 000 þús. kr. lántökuheimild félagsins í lánsfjárlögum 1986. Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 000 þús. kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta 380 000 þús. kr. af þessum heimildum í árslok 1987.

Um 5. gr.

Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Margar þessara veitna eiga í miklum rekstrarerfiðleikum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Því er ekki gerð tillaga um skiptingu veittra ábyrgða til einstakra veitna. Áður en heimild til ríkisábyrgðar verður veitt þarf að skoða fjármál fyrirtækjanna. Gengið er út frá því að erlendar lántökur hitaveitna sveitarfélaga nemi eigi hærri fjárhæð en 350 000 þús. kr. á árinu 1987 og er sú fjárhæð óskipt að svo stöddu.

Um 6. gr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands eru fyrirhugaðar alls 664 000 þús. kr. á árinu 1987. Ráðgert er fjármagna þær með 100 000 þús. kr. af eigin fé, 400 000 þús. kr. verði aflað með verðbréfakaupum bankakerfis og 64 000 þús. kr. með annarri innlendri fjáröflun. Að auki er sótt um heimild til 100 000 þús. kr. erlendrar lántöku samkvæmt þessari grein.

Um 7. gr.

Lánsfjárþörf Byggðastofnunar nemur alls 750 000 þús. kr. á árinu 1987 og er ráðgert að mæta henni með erlendum lántökum. Erlend lántaka vegna almennra lánveitinga nemur 300 000 þús. kr. og getur stofnunin þá veitt lán og styrki í þeim flokki að fjárhæð 480 000 þús. kr. samkvæmt lánsfjáráætlun 1987. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin taki að láni 150 000 þús. kr. vegna innlends skipasmíðaiðnaðar. Að lokum var ákveðið á árinu 1986 að veita fiskvinnslufyrirtækjum 300 000 þús. kr. fyrirgreiðslu vegna rekstrarerfiðleika. Seðlabanki féllst á tímabundna fjármögnun þar til heimildar yrði aflað til erlendrar lántöku. Óvíst er hve stór hluti kemur til greiðslu fyrir áramót en með þessari grein er sótt um heimild til lántökunnar. Útlán stofnunarinnar gætu því numið alls 930 000 þús. kr. á árinu 1987.

Um 8. gr.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður mjög mikill á árinu 1987. Sjóðurinn áætlar að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um 960 000 þús. kr. Hugsanlega má lækka þann halla með lækkun sjóðsinnstæðu um 50 000 þús. kr. og sé ekki reiknað með neinum vaxtaafslætti, engum skuldbreytingum á lánum og engri aukningu á vanskilum á árinu 1987 má hugsanlega auka innheimtu af lánum um 260 000 þús. kr. Eigin fjármögnun sjóðsins yrði þá neikvæð um 650 000 þús. kr. Greiðsluhalli sjóðsins yrði sama fjárhæð þar sem með nýjum lögum um útflutningsgjald falla nú niður tekjur sjóðsins af FOB-verði útfluttra sjávarafurða. Til að fjármagna fyrrgreindan greiðsluhalla er áætlað að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð 520 000 þús. kr. og afli lánsfjár innanlands að fjárhæð 130 000 þús. kr. Útlán Fiskveiðasjóðs 1987 eru áætluð 400 000 þús. kr. í beinar lánveitingar. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum í áætlun Fiskveiðasjóðs vegna raðsmíðaverkefna eða annarrar nýsmíði fiskiskipa né heldur nokkurs innflutnings á fiskiskipum. Þá skal einnig á það bent að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum til fiskeldis þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 72/1985.

Um 9. gr.

Heildarlánveitingar Iðnþróunarsjóðs á árinu 1987 eru áætlaðar 300 000 þús. kr. Fyrirhugað er að lánveitingum sjóðsins verði mætt með 200 000 þús. kr. af eigin ráðstöfunarfé hans og jafnframt að hann fái heimild til 100 000 þús. kr. erlendrar lántöku.

Um 10. gr.

Fyrirhugaðar lánveitingar Iðnlánasjóðs á árinu 1987 nema um 597 000 þús. kr. Erlend lántaka sjóðsins nemur 440 000 þús. kr. Þá er ráðgert að sjóðurinn afli 110 000 þús. kr. á innlendum lánsfjármarkaði og 47 000 þús. kr. af eigin ráðstöfunarfé.

Um 11. gr.

Núverandi ferja Herjólfs hf. er 10 ára gömul og uppfyllir ekki nútímakröfur sem gerðar eru til slíkra skipa. Að undanförnu hefur verið hafin könnun á smíði hentugrar ferju sem gæti annað auknum flutningum.

Um 12. gr.

Hinn 28. júlí 1983 var nefnd skipuð til að hafa umsjón með smíði nýs flóabáts fyrir Breiðafjarðarsvæðið. Nefndin hefur skilað greinargerð um störf sín og hefur Skipatækni hf. lokið hönnun á nýjum báti. Ráðgert er að hefja smíði ferjunnar á næsta ári og er miðað við að veitt verði lántökuheimild til þess að fjárhæð 35 000 þús. kr. á árinu 1987.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 14.–27. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að ákvæðum hlutaðeigandi laga sé breytt.

Um 28. gr.

Skil ríkissjóðs á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru lækkuð sérstaklega um 130 000 þús. kr. til viðbótar 177 000 þús. kr. skerðingu á lögbundnum skilum en sambærileg skerðing hefur gilt um tveggja ára skeið. Viðbótarlækkun þessi er til bráðabirgða og mun standa þar til stjórnvöld og samtök sveitarfélaga hafa tekið ákvörðun um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Nú eru starfandi nefndir sem um þetta fjalla og er þess vænst að þær skili áliti á næstu vikum þannig að fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 verði ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu. Menntamálaráðherra hefur lagt til að akstur skólabarna á grunnskólastigi og ýmis annar kostnaður, er tengist starfi grunnskóla, færist til sveitarfélaganna.

Um 29. og 30. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftatíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftatíma. Þó er í 29. gr. heimild fyrir ríkissjóð að færa sér í nyt hagstæðari kjör á erlendum lánsfjármörkuðum til að greiða upp eldri lán.

Frá og með árinu 1984 var tekin upp sú nýbreytni á kjörum spariskírteina að í þeim eru ákvæði um gagnkvæman uppsagnarrétt beggja aðila að binditíma liðnum. Fyrsti flokkur þessara skírteina verða innleysanlegir á árinu 1987.

Um 31. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er gerð grein fyrir horfum um afkomu ríkissjóðs á árinu 1986. Þar kemur fram að um nokkru meiri halla er að ræða en gert er ráð fyrir í endurskoðuðum fjárlögum samkvæmt lögum nr. 3/1986. Þannig er útlit fyrir 700 000 þús. kr. viðbótarhalla. Með þessari grein er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra að taka erlent lán til að mæta þessari auknu fjárþörf. Þá er sótt um heimild til að skuldbreyta umsömdum lánum ríkissjóðs í Seðlabankanum til að létta á afborgunum á árinu 1987. Þessar skuldir nema nú um 2 200 000 þús. kr. og miðað við núverandi lánskjör nema afborganir um 45% af skuldinni árið 1987 og um 35% á árinu 1988. Áætlunin miðar við að skuldbreyta lánunum þannig að ekki komi til afborgana á árinu 1987.

Um 32. gr.

Í áliti meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar Alþingis við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1986 lagði nefndin til að meðferð ríkisábyrgða yrði endurskoðuð. Í nefndarálitinu segir orðrétt:

„Meiri hl. vill vekja athygli á nauðsyn þess að nýrri verklagsreglu verði fylgt við gerð og framkvæmd lánsfjárlaga í framtíðinni. Samkvæmt henni gilda lánsfjárheimildir einungis á hlutaðeigandi fjárhagsári og færast ekki sjálfkrafa milli ára án sérstakrar umfjöllunar. Þetta á þó ekki við um lántökuheimildir sem veittar eru í sérlögum."

Enn fremur segir:

„Til að koma festu á þessi mál þarf því að koma upp ákveðinni vinnureglu varðandi gildistíma lántökuheimilda í lánsfjárlögum. Meiri hl. telur nausynlegt að í lánsfjárlögum hverju sinni (sbr. lög nr. 84/1985, 13. gr.) verði sett inn sérstök grein sem kveði á um að þær heimildir, sem þar komi fram, gildi einungis innan fjárlagaársins. Jafnframt er lagt til að farið sé með ónýttar heimildir eins og gert er með fjárveitingar til stofnkostnaðar, að hægt sé að sækja sérstaklega um geymslu, eða m.ö.o. að flytja heimildir milli ára. Beiðni um geymslu lántökuheimilda þyrfti að hafa borist Fjárlaga- og hagsýslustofnun eigi síðar en 15. nóvember þess árs sem heimildin er veitt samkvæmt lánsfjárlögum."

Með ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er fylgt tilmælum samkvæmt nefndaráliti meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1987 miðar við að veittar verði sjálfskuldarábyrgðir fyrir erlendum lántökum að fjárhæð alls 3 140 000 þús. kr. og skiptast þær þannig:

Veittar ríkisábyrgðir 1987.

1.	**Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs**	**500**
	Landsvirkjun	400
	Þróunarfélag Íslands hf.	100
2.	**Sveitarfélög**	**350**
3.	**Lánastofnanir**	**2.230**
	Framkvæmdasjóður Íslands	100
	Fiskveiðasjóður	840
	Byggðastofnun	750
	Iðnlánasjóður	440
	Iðnþróunarsjóður	100
4.	**Atvinnufyrirtæki**	**60**
	Baldur hf., Stykkishólmi	35
	Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	25
5.	**Samtals (1+...+4)**	**3.140**

Fylgiskjal I.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986 og 1987

	Lánsfjár-lög 1986 sbr. lög nr. 3/1986	Láns-fjár-áætlun 1987
1. Ríkissjóður, A-hluti	**6.125**	**4.850**
Þar af endurlánað til B-hluta	960	1.370
Byggingarsjóður ríkisins	150	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna	400	750
RARIK, almennar framkvæmdir	90	100
Orkusjóður	20	-
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	300	520
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**560**	**500**
Landsvirkjun	540	400
Orkubú Vestfjarða	20	-
Þróunarfélag Íslands hf.	-	100
3. Sveitarfélög	**130**	**350**
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	60	.
Hitaveita Akureyrar	40	.
Fjarhitun Vestmannaeyja	10	.
Hitaveita Egilsstaða og Fella	6	.
Hitaveita Reykjahlíðar	6	.
Aðrar hitaveitur	8	.
4. Ráðstöfun (1+ 2+3) = Fjáröflun (5+6)	**6.815**	**5.700**
5. Innlend fjáröflun	**3.575**	**3.150**
Útgáfa spariskírteina	2.100	1.500
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	625	-
Verðbréfakaup bankakerfis	850	1.650
6. Erlendar lántökur	**3.240**	**2.550**
Ríkissjóður	2.550	1.700
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	500
Sveitarfélög	130	350

Fylgiskjal II.

Tafla 18 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987
(M. kr.)

Upprunalegir lántakar	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend fjáröflun	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**1 500**	**1 650**	**—**	**—**	**3 150**	**2 550**	**5 700**
Ríkissjóður, A-hluti	1 500	1 650	—	—	3 150	1 700	4 850
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj.	—	—	—	—	—	500	500
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	350	350
II Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**3 440**	**50**	**3 490**	**—**	**3 490**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	3 000	50	3 050	—	3 050
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	440	—	440	—	440
III Lánastofnanir	**—**	**400**	**40**	**384**	**824**	**2 230**	**3 054**
Framkvæmdasjóður	—	400	—	64	464	100	564
Fiskveiðasjóður v/gr.halla	—	—	—	130	130	520	650
Fiskveiðasjóður v/útlána	—	—	—	80	80	320	400
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	40	—	40	—	40
Iðnlánasjóður	—	—	—	110	110	440	550
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	—	100	100
Byggðastofnun v/alm. lánveit.	—	—	—	—	—	300	300
Byggðastofnun v/skipaiðn.	—	—	—	—	—	150	150
Byggðastofnun v/fiskvinnslust.	—	—	—	—	—	300	300
IV Atvinnufyrirtæki, ósundurliðað	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**3 500**	**3 500**
Heildarfjárþörf (I—IV)	**1 500**	**2 050**	**3 480**	**434**	**7 464**	**8 280**	**15 744**

Löng erlend lán og afborganir 1987

	Opinberir aðilar	Lánastofnanir	Atvinnuvegir	Samtals
Ný lán	2 550	2 230	3 500	8 280
− Afborganir	−2 930	−720	−3 100	−6 750
Lántökur, nettó	−380	1 510	400	1 530

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 3. gr. l. nr. 25/1984, bætist nýr málsl. svohljóðandi: Heimilisuppbót skal enn fremur greiða ef á framfæri bótaþega eru börn yngri en 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 19. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði þess efnis að elli- og örorkulífeyrisþegum, sem fá óskerta uppbót (tekjutryggingu) og eru einir um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skuli greidd heimilisuppbót. Elli- og örorkulífeyrisþegum, sem sjá einir um framfærslu heimilis og hafa börn á framfæri sínu, er aftur á móti synjað um heimilisuppbót.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja elli- og örorkulífeyrisþegum, sem hafa börn undir 18 ára á framfæri sínu, sama rétt til heimilisuppbótar og þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem búa einir.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem búa einir, fá greidda heimilisuppbót vegna aukinna útgjalda sem leiða af því að þeir njóta ekki fjárhagslegs stuðnings eða hagræðis af sambýli við aðra um heimilisrekstur. Þessi rök gilda ekki síður um elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa börn undir 18 ára aldri á framfæri sínu. Með engu móti verður sagt að elli- og örorkulífeyrisþegar hafi af því fjárhagslegan stuðning í útgjöldum, hvorki um húsnæðis- néfæðiskostnað, að hafa börn á framfæri sínu. Þvert á móti fylgja framfærslu barna mikil útgjöld sem koma ekki síst niður á þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem einungis hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga. Barnalífeyrir, 3777 kr. á mánuði, greiddur með börnum elli- og örorkulífeyrisþega til 18 ára aldurs, breytir hér litlu um og réttlætir það alls ekki að synja um greiðslu heimilisuppbótar sem er 2719 kr. á mánuði. Rétt er að geta þess að barnalífeyrir er greiddur með öllum börnum ef annaðhvort foreldri er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Tryggingaráði er einnig heimilt að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega.

Að auki má benda á ákvæði reglugerðar um eftirgjöf á föstu ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega. Þar er sérstakt tillit tekið til elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa börn á framfæri sínu. Skilyrði fyrir því að ársfjórðungsgjald hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sé fellt niður er m.a. að elli- eða örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar (tekjutryggingar), að umsækjandi búi einn, *en teljist þó jafnframt uppfylla skilyrði fyrir niðurfellingu afnotagjalds þótt fólk undir 25 ára aldri dveljist á heimilinu.* Hér er því vikið frá meginreglunni um að búa einn til að fá uppbót á lífeyri almannatrygginga með niðurfellingu á afnotagjöldum af síma *ef á heimilinu er fólk undir 25 ára aldri.* Hér hefur því í reynd verið gengið lengra en frumvarp þetta kveður á um, þ.e. að skerða ekki sérstakar uppbætur á elli- og örorkulífeyri með niðurfellingu á afnotagjöldum þótt á framfæri séu börn, skyldmenni eða annað heimilisfólk undir 25 ára aldri.

Í reynd er með þessari reglu viðurkennt að heimilisreksturinn sé elli- og örorkulífeyrisþegum að öllu jöfnu ekkert léttbærari þó að á heimilinu búi einnig fólk undir 25 ára aldri. Því beri ekki á þeirri forsendu að skerða rétt þeirra til að fá niðurfelld afnotagjöld af síma. Þetta styður þá skoðun flm. að engin rök séu fyrir því að synja um greiðslu heimilisuppbótar *þegar á framfæri elli- og örorkulífeyrisþega eru börn undir 18 ára aldri*. Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta ekki við slíkar aðstæður fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra, þvert á móti eykur það jafnan útgjöld í heimilisrekstrinum verulega.

Áætla má að útgjöld almannatrygginga vegna heimilisuppbótar verði á þessu ári um 19 milljónir króna. Á s.l. ári voru 617 öryrkjar og ellilífeyrisþegar með 967 börn á framfæri sínu. Alls 11 ellilífeyrisþegar fengu barnalífeyri og höfðu óskerta tekjutryggingu og 129 öryrkjar. Í heild voru ellilífeyrisþegar með barnalífeyri 33 og öryrkjar, sem fengu barnalífeyri, 584. Ekki eru handbærar upplýsingar um það hve margir af þessum 617 elli- og örorkulífeyrisþegum *búa einir* með börn á framfæri. Telja verður þó víst að sá hópur sé ekki stór og því um óveruleg útgjöld að ræða verði frumvarp þetta að lögum.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði við aðra ráðherra að gera athugun á því á hvaða sviðum ríkisrekstrar sé hagkvæmt að efna til útboða. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu þegar að athugun lokinni.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hafa opinberar framkvæmdir verið boðnar út og hefur sá háttur verið hafður á í vaxandi mæli að undanförnu. Þetta hefur gefið góða raun og sparað umtalsvert fjármagn eins og dæmin sanna, t.d. í vegagerð.

Mun minna hefur verið gert af því að bjóða út einstök rekstrarverkefni til einkaaðila. Þvert á móti virðist á ýmsum sviðum sem opinberir aðilar fastráði starfsmenn til að annast þjónustu sem auðvelt væri að bjóða út. Í sumum tilvikum draga skattareglur úr áhuga opinberra aðila og stórfyrirtækja á útboðum þótt færa megi veigamikil rök að því að útboð á sérhæfðum verkefnum séu eðlilegri og hagkvæmari.

Meðal nágrannaþjóða hefur nokkuð verið unnið að því að auka útboð opinberra rekstrarverkefna til einkafyrirtækja. Í fylgiskjali með þessari tillögu er lausleg þýðing á leiðbeiningum við útboð á ríkisverkefnum, en þær voru gefnar út af dönsku hagsýsludeildinni til ráðuneytanna hinn 11. ágúst 1984.

Fylgiskjal.

Leiðbeiningar við útboð á ríkisverkefnum.

1. Inngangur.

Samantekt þessi hefur að geyma atriði sem hafa skal til hliðsjónar við athugun á því hvaða verkefni í rekstri hins opinbera mætti færa til einkafyrirtækja með útboðum.

Markmiðið er að ná fram sem mestri hagkvæmni og vinna verk á sem hagkvæmastan hátt. Útboð geta jafnframt gert auðveldara að raða verkefnum í forgangsröð, svo og veitt vitneskju um hvað útfærsla tiltekinna verka muni kosta.

Útboð eiga sérstaklega vel við þegar um er að ræða ný verkefni eða breytingar á verkefnum sem fyrir eru. Auk þess getur verið æskilegt að fram fari með reglulegu millibili athugun á því hvort reynst geti hagkvæmt að bjóða út annars konar verkefni.

Samantekt þessi tekur einkum mið af verkefnum á sviði þjónustu, svo sem:

— þvottum, hreingerningu, vaktþjónustu o.s.frv.,
— þjónustu sem jafnframt tengist framleiðslu, svo sem mötuneyti, útgáfu o.s.frv.,
— verkefnum sem geta verið hluti annarra verkefna hins opinbera, svo sem hönnun, áætlanagerð, eftirlit o.s.frv.,
— viðhalds- og viðgerðarvinnu,
— ýmiss konar þjónustu sem fellur undir annað en hér er fram talið.

2. Athuganir.

Út frá arðsemisathugunum skal kanna hvort hagkvæmt sé að bjóða viðkomandi verkefni út, hvenær slík útboð geti átt sér stað og athuga hvaða heildarkostnað það hefði í för með sér ef einkafyrirtæki ynnu að verkefnunum. Hér þarf að gera athugun á því hvað það kostar ríkið að vinna viðkomandi verk og hvaða afleiðingar það kann að hafa séu verkefnin falin einkafyrirtækjum.

Á þessu stigi getur athugunin verið stutt lýsing á þörfum hins opinbera, athugun á umfangi verkefnis og athugun á þeim aðföngum sem þarf til þess að leysa verkefnið. Varðandi arðsemisathuganir vísast til 5. kafla hér á eftir.

Stundum getur hið opinbera látið hlutlaus ráðgjafarfyrirtæki setja fram þau atriði sem mestu skipta varðandi ákvörðun um hagkvæmni útboðs og e.t.v. fengið þeim það verkefni að hrinda sjálfri athuguninni í framkvæmd.

3. Útboð.

Við útboð verður að koma skýrt fram hvort hið opinbera vill halda þeim möguleika opnum að geta sjálft unnið viðkomandi verkefni eða hvort verkefnið verður falið einkafyrirtækjum undir öllum kringumstæðum.

Útboð geta verið í mismunandi formi:

Fyrirspurnum er beint til fyrir fram ákveðinna fyrirtækja sem álitin eru samkeppnishæf. Fjöldi þeirra verður að ráðast af stærð og eðli útboðsverkefnis.

Stundum er einungis leitað til fárra fyrirtækja ef talið er að það þjóni ekki tilgangi að leita til mjög margra. Þetta á t.d. við þegar krafist er sérstakrar tæknikunnáttu eða vélakosts sem einungis fá fyrirtæki ráða yfir.

Auglýsa má í fjölmiðlum og leita þannig eftir því hvaða fyrirtæki hafi áhuga á viðkomandi verkefni. Þá má velja þau fyrirtæki sem til greina koma og ákveða hvort leitað verði til enn fleiri fyrirtækja.

Þegar vinnutilhögun er þekkt, en ekki hversu stórt verkefnið er, getur skapast samkeppni út frá einingaverði, t.d. laun á tímaeiningu.

Í útboði getur verið tiltekið fast verð, þ.e. hið opinbera tilkynnir hversu mikið greitt verður fyrir viðkomandi verk eða þjónustu, en annars er haft opið og óbundið á hvern hátt fyrirtæki leysir verkefnið. Þessi aðferð er hentug til þess að fá hvers konar þjónustu og í hvaða mæli sem er fyrir tiltekna fasta upphæð.

4. Lýsing á vinnutilhögun.

Við útboð skal vinnulýsing vera það nákvæm að hún sé góður grunnur fyrir tilboð, svo og þannig að meta megi á grundvelli hennar mismunandi tilboð.

Vinnulýsing getur byggst á því að lýsa nákvæmlega hver niðurstaðan á að vera en segja minna til um það hvernig niðurstöðu skuli náð. Enn fremur má lýsa nákvæmlega hvernig og með hvaða aðferð ná á ákveðinni niðurstöðu. Fyrrnefnda aðferðin heldur opnum nýjum möguleikum á lausn verkefna og getur þannig stuðlað að nýjungum.

5. Arðsemisathugun.

Með arðsemisathugun verður að vera hægt að bera saman mismunandi kostnað við verkefni eftir því hvort hið opinbera eða einkafyrirtæki annast það. Inn í kostnað hins opinbera verður að koma allur raunverulegur kostnaður, bæði beinn og óbeinn, til lengri og skemmri tíma.

Við arðsemisathugun getur kostnaði t.d. verið skipt í:

— beinan breytilegan kostnað,
— breytilegan sameiginlegan kostnað,
— rekstrarkostnað og afskriftir.

Breytilegur beinn kostnaður er t.d. laun og efni sem notuð eru við framleiðsluna eða þjónustuna. Breytilegur sameiginlegur kostnaður er kostnaður sem sameiginlegur er með annarri þjónustu eða verkefnum, t.d. stjórnunarkostnaður, bókhald o.s.frv. Með rekstrarkostnaði og afskriftum er átt við kostnað af húsum, vélum, tækjum o.s.frv.

Við mat á kostnaði er nauðsynlegt að taka inn alla þætti, svo sem lífeyrissjóð, orlof, tíma sem fer til spillis, rýrnun, framleiðslutruflanir o.s.frv. Einnig er nauðsynlegt að athuga áhrif þess, hvort verkefni er boðið út, á breytilegan sameiginlegan kostnað sem upp kann að koma síðar og áhrif þess á það hvenær heppilegast getur verið að bjóða verkefni út.

Varðandi rekstrarkostnað og afskriftir skal taka mið af endurkaupsverði og líftíma viðkomandi kostnaðarþátta og við ákvörðun vaxta í útreikningum skal hafa hliðsjón af raunvöxtum en ekki nafnvöxtum þegar arðsemisathugun er gerð á föstu verðlagi.

6. Útboðsgögn.

Auk lýsingar á verkefni þurfa í útboðsgögnum að vera nákvæmar upplýsingar um þær kröfur sem uppfylla þarf, t.d.:

— kröfur um framsetningu tilboðs, gildistíma og skilatíma,
— kröfur til tilboðsgjafa varðandi tækni, fjárhagslega getu o.s.frv.,
— upplýsingar um það hvernig tilboð verði metin og meðhöndluð,
— hvaða atriði verða mikilvægust við mat tilboða,
— sérstök skilyrði sem sett kunna að vera inn í mögulegan verksamning,
— hvaða stofnanir hins opinbera tilboðsgjafi skuli hafa samvinnu við,
— að hve miklu leyti tilboðsgjafi hyggst ráða þá opinberu starfsmenn sem kunna að missa vinnu vegna útboðsins,

— að hve miklu leyti tilboðsgjafi hyggst nota eða yfirtaka hús eða tæki sem hið opinbera notaði við framkvæmd verkefnis.

Tilboðsgjöfum skal gert jafnhátt undir höfði í útboðsgögnum, þ.e. ekki gert upp á milli mismunandi aðferða við það að vinna verkið.

7. Val fyrirtækis.

Eftir nauðsynlegar athuganir er valið það fyrirtæki sem kom með hagkvæmasta tilboðið. Hér þarf að koma fram hvað réð valinu og hver kostnaður muni verða.

8. Upplýsingar handa öðrum tilboðsgjöfum.

Aðrir tilboðsgjafar fá senda stutta greinargerð um valið og hvers vegna þeir voru ekki valdir.

9. Tíðni útboða.

Við ákvörðun um það, hversu oft á að bjóða út slík verkefni, má t.d. miða við útboð á þriggja til fimm ára fresti. Taka verður þó mið af eðli verkefnis og fjárfestinga sem því fylgja. Séu verkefni mjög fjármagnsfrek getur komið til greina að hið opinbera útvegi tiltekinn vélakost. Hagkvæmt getur t.d. verið að bjóða út verkefni þegar komið er að því að skipta þurfi um vélar og tæki eða þegar taka þarf ákvarðanir um meiri háttar sameiginlegan kostnað með öðrum verkefnum.

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir 6. grein laganna (sbr. lög nr. 58/1985) kemur ný grein er orðast svo:

Heimavinnandi húsmæður sem ekki gegna öðru starfi, svo og þær heimavinnandi húsmæður sem eru í minna en hálfu starfi utan heimilis, skulu öðlast aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega iðgjald til sjóðsins vegna hverrar heimavinnandi húsmóður er nemi 6% af 26 680 kr. miðað við 1. júní 1986 og breytist sú upphæð eins og laun skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, og viðkomandi sveitarfélag 4% af sömu fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að leiðrétta kjör heimavinnandi húsmæðra, þeirra er enn ekki hafa öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði, með því að leitast við að tryggja hag þeirra betur á efri árum.

Með hugtakinu heimavinnandi húsmóðir er í fyrsta lagi átt við konur sem ekki gegna öðru starfi en umsjá heimilis og í öðru lagi þær sem hafa heimilisumsjón að aðalstarfi en vinna minna en hálft starf utan heimilis. Hugtakið nær vitaskuld einnig til þeirra karla sem húsmóðurstörfum gegna.

Hvað fyrri hópinn varðar er ætlunin að ríkissjóður greiði þau 6% af iðgjaldi sem atvinnurekanda er skylt að greiða, en viðkomandi sveitarfélag greiði þau 4% sem eru hluti launþegans. Iðgjaldsgreiðslan sé miðuð við 9. launaflokk Verkamannasambands Íslands sem er síðan 1. júní s.l. 26 680 kr. Þessi launaflokkur er lagður til grundvallar greiðslu fæðingarorlofs og er ekki óeðlilegt að sama viðmiðun sé viðhöfð á meðan ekkert mat liggur fyrir á störfum húsmæðra.

Það skal tekið fram að þetta er aðeins viðmiðun og engan veginn endanlegt mat á verðmæti þeirra starfa sem um ræðir.

Sé húsmóðir í hlutastarfi utan heimilis þar sem atvinnurekandi greiðir iðgjald í lífeyrissjóð hennar vegna, og hún að sínu leyti, greiði ríkissjóður og sveitarfélag það sem á vantar til þess að hún hljóti full lífeyrisréttindi. Iðgjaldið greiðist til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Stofnun sameiginlegs lífeyrissjóðs allra landsmanna nýtur nú vaxandi fylgis bæði innan þings og utan. Það er mikið þjóðþrifamál og má ætla að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma, en svo brýnt er að koma þessu máli í betra horf að ekki verður beðið eftir annarri skipan á lífeyrissjóðum þar sem búast má við að það taki einhver ár.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir í þá átt að lagfæra réttleysi húsmæðra til lífeyris. Breyting á lögum nr. 55 frá 1985 er áfangi á þeirri leið en nær aðeins til takmarkaðs hóps, þ.e. þeirra húsmæðra sem hverfa frá launuðum störfum um stundarsakir og þá yfirleitt vegna barnsburðar og til að annast fjölskyldu og heimili.

Þingsályktunartillögur um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, sem fram til þessa hafa verið bornar fram, hafa ekki hlotið samþykki.

Flutningsmönnum þessara þingmála er það sameiginlegt að þeir sjá ekki aðrar leiðir til þess að heimavinnandi konur nái lífeyrisréttindum en að þær greiði iðgjaldið sjálfar. — Konur sem enginn greiðir laun, hvar eiga þær að taka þessa fjármuni?

Þetta frumvarp á að leysa þann vanda. Fjölskyldan er grunneining hvers þjóðfélags. Ábyrgðin á umönnun hennar og rekstri heimilisins hefur undantekningarlítið hvílt á herðum kvenna. Á þeim eina vettvangi virðist þeim hafa verið treyst til að stjórna, enda starfið ekki metið til launa. Því er það að þegar þær konur, sem eingöngu -- eða að mestu leyti — hafa stundað þessi störf, komast á eftirlaunaaldur njóta þær ekki greiðslu úr lífeyrissjóði.

Gera menn sér í raun grein fyrir því hvílíkar upphæðir heimavinnandi konur spara þjóðfélaginu með því að ala upp börn, annast sjúka og aldraða, vanheila og þroskahefta og reka þá einingu sem heimilið er? Öll koma þessi störf samfélaginu til góða og þegar eitthvað bjátar á — kona veikist eða fellur frá — sést hvers virði þau eru í beinhörðum peningum. Í ljósi þeirrar staðreyndar sýnist eðlilegt að ríki og sveitarfélög sjái um greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjaldi heimavinnandi húsmæðra. Sú upphæð gæti aldrei orðið nema brot af því sem dagvistun og barnagæsla fyrir þær kostaði ásamt því að greiða fyrir það fólk á stofnunum sem annast er um í heimahúsum.

Yrði frumvarp þetta að lögum væri það spor í þá átt að auka virðingu fyrir þeim störfum sem lúta að varðveislu og umönnun fjölskyldu og heimilis — húsmóðurstörfum.

Það færi vel á því að þeir karlmenn sem sitja löggjafarstofnun þjóðarinnar sýndu í verki að þeir virtu störf mæðra sinna og eiginkvenna og mætu þau svo að vert væri að þær nytu hagsbóta á efri árum vegna þess sem þær hafa lagt fram til uppbyggingar samfélagsins.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um umboðsmann Alþingis.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson, Ellert B. Schram,
Friðrik Sophusson.

1. gr.

Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosning gildir til fjögurra ára frá og með 1. janúar eftir kjör.

Umboðsmaður Alþingis skal vera þeim kostum búinn er þarf til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Ef umboðsmaður Alþingis andast eða verður af öðrum orsökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis skal sameinað þing kjósa af nýju umboðsmann til fjögurra ára. Sama hátt skal á hafa ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá starfi eða sameinað þing samþykkir með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða að svipta hann starfanum.

Ef umboðsmaður Alþingis getur ekki um stundarsakir sinnt starfi sínu sakir veikinda eða annarra atvika er sameinuðu þingi rétt að kjósa staðgengil til að leysa starf hans af hendi meðan hann er fjarri.

2. gr.

Sameinað þing kýs fimm manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður skal njóta sömu launakjara og hæstaréttardómarar. Að auki má veita honum viðbótargreiðslur, dagpeninga o.s.frv., eftir því sem þurfa þykir.

Umboðsmaður má ekki án samþykkis umboðsmannsnefndar sameinaðs þings taka sér stöðu eða starf í fyrirtæki eða stofnun í eign hins opinbera eða einkaaðila.

3. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur og segir upp starfsliði sínu. Um starfsfólk, tölu þess og launakjör, skal ákveða nánar í reglugerð um starfsemi umboðsmanns.

4. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu og að stjórnarvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum.

5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess og gegnir starfi sínu samkvæmt lögum þessum og reglugerð sem sameinað þing setur um starfsemi hans. Að öðru leyti vinnur umboðsmaður starf sitt sjálfstætt og óháður Alþingi.

6. gr.

Umboðsmaður Alþingis fjallar um opinbera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim takmörkunum á verksviði sem hér skal greina:

1. Í ríkiskerfinu eru eftirtaldar stofnanir skildar undan verksviði umboðsmanns:
   a. Alþingi.
   b. Dómstólar í dómsathöfnum.
   c. Þjóðkirkjan um trúarkenningar.
2. Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum sem hér skal greina:
   a. Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður eingöngu til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr.
   b. Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga ber honum að hyggja að sérhögum þeirra.
3. Sameinað þing getur kveðið nánar á um verksvið umboðsmanns í reglugerð um starfsemi hans.

7. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði.

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum.

Sá, sem sviptur hefur verið frelsi, á rétt til að bera mál undir umboðsmann í lokuðu bréfi.

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Öll tiltæk sönnunargögn skal hann láta fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því að stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur.

Ef stjórnsýslugerningi má skjóta til æðra stjórnarvalds er ekki unnt að kvarta undan honum fyrr en æðra stjórnarvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Þá hefst ársfrestur skv. 5. mgr.

Umboðsmaður sker úr hvort fram borin kvörtun veitir nægilegt tilefni til málsmeðferðar.

8. gr.

Umboðsmaður Alþingis á heimtingu á að stjórnarvöld láti honum í té alla tiltæka vitneskju sem hann þarfnast til að vinna starf sitt, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o.s.frv.

Réttur umboðsmanns til að krefjast vitneskju sætir þeim takmörkunum sem taldar eru upp í 2. tölul. 125. gr., 2. og 4. tölul. 126. gr. laga nr. 85/1936 og 94. gr. laga nr. 74/1974.

Umboðsmaður getur kvatt mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli þykja skipta. Gilda þá, eftir því sem við á, bæði reglur laga nr. 74/1974 um rannsókn opinberra mála fyrir dómi, sbr. X. kafla þeirra laga, og reglur þeirra laga um vitni, mat, skoðun og skjöl. Heimilt er þeim, er hlut á að máli, að vera viðstaddur vitnaleiðslur. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann skv. ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974. Ákveða má að vitnaleiðslur þessar fari fram fyrir luktum dyrum.

9. gr.

Umboðsmaður Alþingis skal hafa frjálsan aðgang að skrifstofu, vinnustað, þjónustustofnun eða öðru húsnæði stjórnarvalds og hverri þeirri starfsemi sem verksvið hans tekur til.

10. gr.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnarvaldi og skal þá skýra frá efni kvörtunar nema rannsókn kunni að torveldast stórum sakir þess.

11. gr.

Svo framarlega sem ekki leiðir annað af starfi umboðsmanns skv. lögum þessum og reglugerð um starfsemi hans ber honum að gæta þagnarskyldu um atvik sem honum verða kunn í starfi enda þurfi þau eðli máls samkvæmt að fara leynt og séu ekki þegar á almennings vitorði. Þagnarskylda helst þótt umboðsmaður láti af starfi. Sama þagnarskylda hvílir á starfsliði hans.

12. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur sagt álit sitt á hverju því máli sem kemur til meðferðar hans.

Umboðsmaður getur bent á að stjórnarvaldi eða opinberum sýslunarmanni hafi orðið á mistök, vanræksla, ranglæti eða hvaðeina annað er ábótavant þykir. Ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnsýslugerningur brjóti í bág við lög, skorti stoð í lögum eða sé ógildur o.s.frv. getur hann látið það álit sitt í ljósi.

Umboðsmaður getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnarvalds.

Umboðsmaður getur látið saksóknara eða handhafa ögunarvalds vita á hvern hátt hann telur hæfilegt að hafast að gagnvart opinberum starfsmanni.

Umboðsmaður getur lagt fyrir yfirvald að beita ögunarráðum III. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins, nr. 38/1954.

Umboðsmaður getur lagt fyrir saksóknara ríkisins að hefja réttarrannsókn eða að höfða opinbert mál vegna ætlaðs afbrots í opinberu starfi, sbr. þó 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

13. gr.

Ef umboðsmaður Alþingis verður áskynja meinbuga á gildandi lögum eða reglugerðum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn.

14. gr.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnarvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðuneyti sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann skýra frá hvað stjórnarvald, er í hlut á, hefur fært fram sér til varnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaðurinn mun hafa það hlutverk að styðja menn til þess að ná rétti sínum í skiptum við stjórnvöld, koma í veg fyrir að menn séu beittir rangindum af hálfu opinberra aðila og stuðla þannig að bættri opinberri stjórnsýslu í landinu.

Í seinni tíð hefur mönnum orðið ljóst að með aukinni stjórnsýslu og viðameira framkvæmdarvaldi þyrfti að tryggja betur en áður að réttur væri ekki brotinn á einstaklingum, að rangindum verði ekki beitt við málsmeðferð hjá stjórnvöldum landsins, þótt þau séu ekki beinlínis lögbrot, og að löggjafarvaldið geti haft nánara eftirlit með því að lögum sé fylgt.

Full ástæða er til þess að leggja sérstaka áherslu á síðasta atriðið sem hér var nefnt. Oft hefur verið bent á að nauðsynlegt væri að Alþingi hefði meira og betra eftirlit með því hvernig þeim lögum er framfylgt sem þingið setur. Þótt framkvæmd laga sé verkefni framkvæmdarvaldsins en ekki löggjafarvaldsins hlýtur Alþingi engu síður að láta sig miklu skipta að sú löggjöf, sem það setur, nái tilgangi sínum og sé framkvæmd á þann hátt sem efni standa til. Því eftirlitshlutverki getur Alþingi nú gegnt með skipun rannsóknarnefnda, fyrirspurnum til ráðherra, óskum um skýrslur þeirra um einstök mál og með umræðum utan dagskrár. Það er hins vegar ljóst að æskilegt er að gera slíkt eftirlit virkara og sterkara. Að því er stefnt með þessu frumvarpi um umboðsmann Alþingis. Slíkur fulltrúi þingsins mun lögum samkvæmt hafa vald til þess að kanna, bæði að eigin frumkvæði og eftir beiðni, hvort eftir lögum hefur verið farið í einstökum tilvikum og þeim framfylgt af hálfu stjórnvalda svo sem til er ætlast. Ljóst er að jafnan geta menn leitað til dómstóla landsins ef þeir telja að um bein lögbrot sé að ræða í málum, sem þeir eiga aðild að, af hálfu stjórnvalda eða annarra. En oft getur verið um að ræða framkvæmd löggjafar sem ekki er á þá lund sem löggjafinn hefur til ætlast án þess að um bein lögbrot sé að ræða. Þegar svo stendur á getur umboðsmaður Alþingis komið til skjalanna, rannsakað málið og gefið Alþingi skýrslu um það. Á þann hátt getur þingið betur en nú er haft eftirlit með lagaframkvæmd í landinu.

Hitt atriðið er ekki síður mikilvægt en það snýr að réttaröryggi borgaranna í viðskiptum þeirra við stjórnvöld landsins. Með því að setja á stofn embætti umboðsmanns Alþingis skapar þingið einstaklingum, borgurunum, tækifæri til að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti í málum sem heyra ekki beinlínis undir dómstólana. Er með því tvímælalaust komið til móts við vaxandi óskir almennings um aukið aðhald að stjórnvöldum. Umboðsmaður Alþingis er embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnvöldum og sýslunarmönnum frá fólki sem þykir misgert við sig. Umboðsmaðurinn rannsakar þessar kvartanir og kærur og ef þær teljast á rökum reistar gerir hann tillögur um á hvern hátt menn skuli fá leiðréttingu mála sinna. Hvílir þá sú skylda á stjórnvöldum að taka mál upp að nýju til afgreiðslu og úrskurðar í ljósi niðurstöðu rannsóknar umboðsmannsins.

Á þennan hátt er stuðlað að auknu réttaröryggi þegnanna í þjóðfélaginu, mannréttindi þeirra betur tryggð en nú er og stjórnsýslan jafnframt gerð réttlátari og virkari. Með því er í raun grundvöllur lýðræðislegra stjórnarhátta treystur og betur búið að rétti einstaklingsins í þjóðfélaginu.

Í mörgum nágrannalanda okkar er talið að fenginni reynslu að embætti umboðsmanns sé mikilvægur þáttur réttarríkisins þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Til þess að tryggja sjálfstæði umboðsmannsins sem best gagnvart stjórnvöldum er víða hafður sá háttur á að umboðsmaðurinn starfar á vegum þjóðþingsins og sem trúnaðarmaður þess.

Síðustu tvo áratugina hefur embætti umboðsmanns verið til umræðu á Alþingi en löggjöf ekki verið um það sett til þessa. Sérstök ástæða er til þess að minna á tillögu

stjórnarskrárnefndar Alþingis í þessu efni. Í skýrslu nefndarinnar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem send var þingflokkunum í janúar 1983, er lagt til að í stjórnarskránni verði embætti umboðsmanns Alþingis lögbundið. Er umboðsmanninum þar kosin hin forna nafngift „ármaður“. Nefndin lagði til að eftirfarandi grein bættist við stjórnarskrána:

„Alþingi kýs fulltrúa sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess að stjórnsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna í störfum sínum og skal nánar um það fjallað í lögum. Sérhver sá, sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda, getur leitað til ármanns með erindi sitt.“

Um þessa tillögu voru fulltrúar allra flokka í nefndinni sammála og fylgdi henni eftirfarandi skýring:

„Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda sem getið er í greininni. Áþekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa og eru þau talin hafa gefið góða raun.“

Var þessi tillaga tekin óbreytt upp í frumvarp það til nýrra stjórnarskipunarlaga sem formaður nefndarinnar, Gunnar Thoroddsen þáverandi forsætisráðherra, lagði fram á 105. löggjafarþingi vorið 1983.

Tillögur um að löggjöf verði sett um umboðsmann Alþingis eiga sér lengri aldur. Þann 19. maí 1972 var samþykkt þingsályktunartillaga Péturs Sigurðssonar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis. Hafði áður verið flutt tillaga um sama efni af Kristjáni Thorlacíus, varaþingmanni Framsóknarflokksins, og fleiri þingmönnum á þinginu 1966–67.

Á þinginu 1972–73 var lagt fram stjórnarfrumvarp um málið, en það hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Á þinginu 1976–77 fluttu Pétur Sigurðsson og Sverrir Hermannsson frumvarp um umboðsmann Alþingis. Það varð ekki útrætt. Á sama þingi flutti Benedikt Gröndal, þingmaður Alþýðuflokksins, frumvarp um umboðsnefnd Alþingis. Það frumvarp var í öllum meginatriðum byggt á fyrrnefndu stjórnarfrumvarpi og nánast eini munurinn sá að í stað umboðsmanns skyldi kosin umboðsnefnd sem yrði ein af fastanefndum þingsins.

Það síðasta, sem í þessu máli hefur gerst, er það að á þinginu 1978 lögðu þeir Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson fram þingsályktunartillögu þar sem skorað var á ríkisstjórnina að leggja fram frumvarp um umboðsmann Alþingis.

Það frumvarp, sem hér er flutt, er samhljóða því frumvarpi um umboðsmann Alþingis sem lagt var fyrir þingið árið 1973. Var það flutt af núverandi flutningsmönnum á þinginu 1985–1986 en varð ekki útrætt. Fylgir hér aftast greinargerð um málið sem Sigurður Gizurarson sýslumaður samdi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. 1. gr.:

Sameinað þing Alþingis kýs umboðsmann. Kjör umboðsmanns kann að fara fram hvenær sem er á kjörtímabili Alþingis. Ekki er víst að umboðsmaður sitji út kjörtímabil sitt, sbr. 3. mgr. 1. gr. frv. Ef umboðsmaður lætur af starfi skal kjósa nýjan umboðsmann til fjögurra ára. Alþingi kann að verða rofið áður en fjögurra ára kjörtímabili þess lýkur, sbr. 24. gr. stjórnarsrkár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Kjörtímabil Alþingis og umboðsmanns þurfa ekki að falla saman.

Ráð er fyrir því gert að Alþingi ákveði sjálft eftir hvaða reglum umboðsmannskjör skuli fara fram. Þykir rétt að inn í þingskapalög Alþingis séu felldar reglur um það efni.

Um 2. mgr. 1. gr.:

Kjörgengi umboðsmanns er sama og embættisgengi hæstaréttardómara, sbr. 5. gr. laga

um Hæstarétt, nr. 75/1973, sbr. og almenn dómaraskilyrði í 32. gr. laga, um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Um 3. mgr. 1. gr.:

Sameinað þing getur svipt umboðsmann starfi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Er þar tekin upp regla norsku laganna, sem þykir eðlilegri en danska reglan, um að meiri hluti Þjóðþingsins geti svipt umboðsmann starfi.

Um 4. mgr. 1. gr.:

Staðgengill umboðsmanns um stundarsakir skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann sjálfur, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv.

Um 2. gr.

Um 1. mgr. 2. gr.:

Sameinað þing kýs fimm manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns. Nefnd þessi á að hafa á hendi það trúnaðarsamband sem er á milli Alþingis og umboðsmanns. Getur umboðsmaður því ávallt snúið sér til hennar með erindi sín við þingið. Er eðlilegt að umboðsmannsnefndin leggi drög í samráði við umboðsmann að reglugerð um starfsemi hans, sbr. 2. gr. frv.

Um 2. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. frv. um launakjör umboðsmanns miðar að því að tryggja umboðsmanni fjárhagslegt sjálfstæði í starfi á borð við hæstaréttardómara og þá virðingu sem því er samfara að njóta launa á við þá.

Um 3. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. frv. skal stuðla að því að gera umboðsmann sem sjálfstæðastan og óháðastan og tryggja sem best hlutleysi hans í hverju máli.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. frv. á enn fremur að stuðla að sjálfstæði umboðsmanns. Þess vegna skal hann vera sjálfráður um hverja hann velur sem aðstoðarmenn sína.

Um 4. gr.

Umboðsmanni Alþingis er ekki ætlað að halda uppi reglubundnu eftirliti með opinberri stjórnsýslu í stóru og smáu. Því fær hann ekki annað með takmörkuðu starfsliði. Hann bregður jafnan ekki við nema að gefnu tilefni er honum berst kvörtun eða honum verður kunnugt um gagnrýni á hendur stjórnarvaldi sem honum þykir rétt að kanna nánar, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv. Í frumvarpi þessu er því sniðgengið að kalla starfsemi umboðsmanns „eftirlit“.

Hlutverk umboðsmanns er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu og að stjórnarvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Með þessari yfirlýsingu 4. gr. frv. er mörkuð sú stefna sem umboðsmaður skal fylgja í starfi sínu. Samkvæmt henni er það réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Ákvæði 4. gr. frv. skal skilja þannig að einnig einkafyrirtæki, sameignarfélög, hlutafélög, samvinnufélög og hvers konar félög geta leitað aðstoðar umboðsmanns og borið fram kvartanir við hann. Mál, sem umboðsmaður tekur til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, þurfa þó ekki beinlínis að varða réttaröryggi einstakra þegna eða félaga gagnvart stjórnarvöldum. Hvers konar hugsanleg lögbrot, óreiðu og vanstjórn í opinberri

stjórnsýslu getur umboðsmaður tekið til rannsóknar. Einn þáttur í starfi umboðsmanns skal vera að gera tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnsýslu. Þar á meðal skal hann gera tillögur til að ráða bót á meinbugum á lögum og reglugerðum sem hann kemur auga á, sbr. 13. gr. frv.

Um 5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess. Af því þykir leiða að hann getur ekki tekið þátt í stjórnmálum né átt setu á Alþingi.

Umboðsmaður getur af þessari ástæðu ekki fjallað um kvartanir á hendur Alþingi eða einstökum þingmönnum vegna starfa þeirra sem þingmenn. Umboðsmaður fjallar því ekki um umræður á Alþingi, nefndarálit o.s.frv. Og hann skal að jafnaði ekki taka afstöðu til álitamála af stjórnmálatoga eða til mála sem teflt geta í tvísýnu trausti almennings til hlutleysis hans. Verður umboðsmaður sjálfur að skera úr hvað hann telur rétt að hætta sér langt í þeim efnum. Sjá nánar um 12. gr. frv.

Af trúnaðarsambandi umboðsmanns og Alþingis leiðir ekki að það geti boðið honum eða bannað varðandi úrlausn einstakra mála. Um úrlausn einstakra mála skal umboðsmaður vera óháður Alþingi að öðru en því sem Alþingi hefur þegar ákveðið í lögum um umboðsmann og í reglugerð um starfsemi hans.

Rétt þykir að sameinað þing hafi samráð við umboðsmann þann, sem kosinn verður, um setningu reglugerðar um starfsemi hans. Getur það orðið verkefni þingnefndar þeirrar sem fjalla skal um málefni hans, sbr. 1. mgr. 2. gr. frv.

Um 6. gr.

Verksvið umboðsmanns Alþingis tekur bæði til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í 6. gr. frv. eru þó settar nokkrar takmarkanir á verksviðið.

Í 6. gr. frv. er sniðgengið að tala um „opinbera starfsmenn“ þótt í reynd hljóti rannsókn mála að beinast gegn stjórnsýslu þeirra. Eins og lögin eru orðuð getur könnun umboðsmanns tekið til stjórnsýslu hvers þess sem starfar sem „opinber sýslunarmaður“ þótt hann gegni starfi aðeins stuttan tíma sem borgaralegri kvöð.

Í stað þess að tala um „opinbera starfsmenn“ eða „opinbera sýslunarmenn“ er í lögunum oftast talað um „stjórnsýslu“, „stjórnarvöld“, „stofnanir“ o.s.frv. Er álitið miklu skipta í hinu fámenna íslenska þjóðfélagi að aðgerðir umboðsmanns beinist sem minnst gegn persónu þeirra sem við opinbera stjórnsýslu fást, sbr. þó 2., 4., 5. og 6. mgr. 12. gr. frv.

Um 1. tölul. 6. gr.:

a. Alþingi er, eins og áður segir, skilið undan verksviði umboðsmanns, sbr. það sem segir um 5. gr. frv. Gildir það bæði um löggjafarmálefni og stjórnsýslu. Skrifstofa Alþingis er því undanskilin verksviði hans. Sama máli gegnir ef Alþingi tekur sér fyrir hendur að fremja einstaka stjórnsýslugerninga.
b. Dómstólar eru undanskildir verksviði umboðsmanns um dómsathafnir. Stjórnsýsluathafnir dómstóla getur umboðsmaður hins vegar fjallað um. Hér á landi fara sýslumenn og bæjarfógetar bæði með dómsmál og stjórnsýslu. Þar sem stjórnsýsluathafnir eru svo stór þáttur starfs þeirra þykir ekki rétt að þiggja þá að því leyti undan verksviði umboðsmanns. Verður umboðsmaður að skera úr vafaatriðum um hvort um dómsathöfn eða stjórnarathöfn sé að ræða. Sama regla gildir um öll dómaraembætti, svo fremi þau fáist einnig við stjórnsýslu.
c. Þjóðkirkjan er skilin undan verksviði umboðsmanns um trúarkenningar sínar. Sker umboðsmaður úr hvort um trúarkenningar sé að ræða.
d. Samkvæmt 1. tölul. 6. gr. frv. fellur stjórnsýsla ráðherra og ríkisstjórnar undir verksvið

umboðsmanns. Í reynd hafa embættismenn þessa stjórnsýslu á hendi þótt stjórnsýslugerningar séu gefnir út og undirritaðir af ráðherra. Beinist hugsanleg rannsókn og gagnrýni því venjulega ekki að ráðherrum, heldur að embættismönnunum.

Um 2. tölul. 6. gr.:

Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum sem hér skal greina:

Þær ákvarðanir stjórnarvalda sveitarfélaga, sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins, tekur umboðsmaður til meðferðar með sama hætti og ákvarðanir ríkisstjórnarvalda.

Málskot til æðra stjórnarvalds er jafnan talið heimilt ef lægra sett stjórnarvald er eðlilegur þáttur í föstu stjórnkerfi ríkisins. Samkvæmt því má jafnan skjóta ákvörðunum stjórnarvalda sveitarfélaga til ráðuneytis eða annars ríkisstjórnarvalds þótt ekki sé til þess sérstök heimild í settum lögum ef ríkisstjórnarvaldið hefur yfirstjórn þess málefnis sem sveitarstjórnarvaldið fjallar um.

Hins vegar eru sums staðar í lögum sérstök ákvæði um slíka kæruheimild, sbr. t.d. lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Barnaverndarnefndir eru kosnar af hreppsnefndum eða bæjarstjórnum, sbr. 6. gr. þeirra laga. Barnaverndarnefndarúrskurðum má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs, sbr. 1. mgr. 56. gr. laganna. Ráðherra skipar barnaverndarráð.

Sú almenna takmörkun á verksviði umboðsmanns, sem getið er í 6. mgr. 7. gr. frv., gildir vitaskuld þegar um er að ræða ákvarðanir sveitarstjórnarvalds sem skjóta má til ríkisstjórnarvalds. Getur umboðsmaður því ekki tekið slíka kvörtun á hendur sveitarstjórnarvaldi til meðferðar fyrr en kvartandi hefur neytt kæruheimildar til ríkisstjórnarvalds og það fellt úrskurð í málinu. Ef svo ber við leiðbeinir umboðsmaður kvartanda um notkun kæruheimildar.

a. Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til. Honum er hins vegar ekki skylt að taka stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna til meðferðar eftir kvörtun.

   Með þjóðkjörnum sveitarstjórnum er átt við aðalstjórnvöldin í sveitarfélögum, sveitarstjórnir sem kjörnar hafa verið í almennum kosningum. Eru það hreppsnefndir, bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur.

b. Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga ber honum að hyggja að sérhögum þeirra. Annars vegar á það sérstaklega við þegar umboðsmaður tekur mál upp að sjálfs sín frumkvæði gagnvart þjóðkjörnum sveitarstjórnum. Þær eru eins konar smækkuð mynd Alþingis. Hins vegar er stjórnsýsla smærri sveitarfélaga, einkum hreppsfélaga, mjög almenns eðlis. Starfsmenn þeirra eru ekki sérhæfðir og reisa ákvarðanir sínar gjarnan á þekkingu á staðháttum og fólki í sveitarfélagi. Þar myndast því síður reglubundin stjórnsýsluiðkun eins og í stærri sveitarfélögum.

Um 3. tölul. 6. gr.:

Rétt þykir að sameinað þing hafi heimild til að afmarka verksvið umboðsmanns frekar ef því þykir nauðsyn til bera. Má þá setja þær reglur í reglugerð um starfsemi umboðsmanns, sbr. 5. gr. frv.

Um 7. gr.

Um 1. mgr. 7. gr. frv.:

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar hvort heldur er eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Allar kvartanir tekur hann fyrst til frumkönnunar. Leiðir hún þá til þess að vísað er frá þeim kvörtunum sem umboðsmaður hefur ekki vald til að fjalla um eða eru

augljóslega ekki á rökum reistar o.s.frv. Aðrar kvartanir tekur umboðsmaður til meðferðar.

Að sjálfs sín frumkvæði getur umboðsmaður tekið til meðferðar hvers konar atferli stjórnarvalda sem honum þykir rannsóknar vert. Er gert ráð fyrir að hann fái vitneskju um slík mál aðallega í gegnum fjölmiðla, dagblöð, útvarp o.s.frv. Umboðsmaður er þá ekki bundinn við rannsókn eins einstaks máls, heldur getur tekið til könnunar ákveðið ástand innan stjórnsýslunnar sem enginn einn starfsmaður eða stjórnarvald er riðið við. Þó er gert ráð fyrir að meginverkefni umboðsmanns verði rannsókn einstakra mála þar sem kvörtun hefur borist á hendur einstöku stjórnarvaldi.

Þegar umboðsmaður tekur mál til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði er hann ekki bundinn af ákvæði 6. mgr. 7. gr. frv. Æðra stjórnarvald þarf því ekki að hafa fellt úrskurð í máli að undangengnu málskoti, sbr. orðalag 6. mgr. 7. gr. frv.

Um 2. mgr. 7. gr.:

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Kvörtunarheimild takmarkast því ekki við þá sem hafa íslenskt ríkisfang.

Um 3. mgr. 7. gr.:

Sá sem sviptur hefur verið frelsi á rétt til að bera mál sitt undir umboðsmann í lokuðu bréfi. Mikilsvert þykir að þeir sem lokaðir eru inni í fangelsum eða á hælum eigi þess kost að bera fram kvartanir án þess að þær fari í gegnum hendur yfirmanna þessara stofnana sem þær oft beinast gegn.

Um 4. mgr. 7. gr.:

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Umboðsmaður tekur því ekki við nafnlausum bréfum. Enn fremur skal kvartandi láta fylgja öll þau gögn sem styðja kunna mál hans. Reynslan annars staðar á Norðurlöndum sýnir að margt fólk á mjög óhægt með að skrifa upp hugsanir sínar skipulega. Er því gert ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. frv. geti fólk gengið inn á skrifstofu umboðsmanns og greint frá kvörtun sinni. Starfsfólk umboðsmanns aðstoðar við að semja skriflega kvörtun og leiðbeinir um útvegun allra tiltækra sönnunargagna.

Um 5. mgr. 7. gr.:

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því að gagnrýndur stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur. Er þá miðað við hvenær kvörtun berst umboðsmanni. Nauðsyn þykir bera til að setja ákveðinn frest sem unnt sé að bera fram kvartanir á því að endalaust skulu menn ekki geta tekið upp gerðir stjórnarvalda og kvartað undan þeim við umboðsmann. Þykir eitt ár hæfilegur frestur.

Ef um er að ræða stjórnsýslugerninga sem skjóta má til æðra stjórnarvalds hefst fresturinn ekki fyrr en það hefur úrskurðað málið. Ákvæði 5. mgr. 7. gr. frv. verður að skilja á þann veg í málum þar sem kvartað er undan seinagangi á afgreiðslu máls að fresturinn telst ekki hefjast fyrr en drætti málsins lýkur hjá stjórnarvaldi. Ef mál dregst þannig óhæfilega í höndum stjórnarvalds þarf kvartandi þó ekki að bíða allt til þess er drætti lýkur. Hann getur borið fram kvörtun þegar dráttur er orðinn óhæfilegur.

Um 6. mgr. 7. gr.:

Í 6. mgr. 7. gr. frv. felst sú regla að sé kæruheimild fyrir hendi innan stjórnkerfisins þá skal fullreyna þá leið fyrst áður en borin er fram kvörtun til umboðsmanns. Stjórnarvöld skulu sjálf fá fyrst tækifæri til að leiðrétta ákvarðanir sem hugsanlega eru rangar áður en farið er til aðila utan stjórnkerfis þeirra með kvartanir. Það væri óviðeigandi. Síðar kæmi ef til vill á daginn að æðra stjórnarvald hefði örugglega leiðrétt ef það hefði fengið tækifæri til

þess. Ef umboðsmaður vísar frá sér kvörtun með þeim rökum að æðra stjórnarvald hafi ekki fjallað um málið er rétt að hann láti stjórnarvaldi þessu í té vitneskju um afstöðu sína.

Af reglu 6. mgr. 7. gr. frv. leiðir að sé kvartað undan öðru atferli en því sem sætir málskoti, t.d. málsmeðferðinni eða framkomu opinbers starfsmanns, þarf einstaklingur ekki að kæra til æðra stjórnarvalds og bíða eftir úrskurði þess áður en hann ber fram kvörtun við umboðsmann.

Um 7. mgr. 7. gr.:

Umboðsmaður sker úr hvort fram borin kvörtun veitir nægilegt tilefni til málsmeðferðar. Þá er kvartanir berast umboðsmanni er vitaskuld mismunandi ljóst hvort þær falla undir verksvið umboðsmanns og hvort þær eru rannsóknar verðar. Sumar kvartanir falla augljóslega utan verkahrings hans eins og t.d. kvartanir á hendur einstaklingum. Vísar hann þeim þá strax frá. Aðrar kvartanir berast ef til vill of seint eftir að ársfrestur 5. mgr. 7. gr. frv. er liðinn. Er þeim þá vísað frá án frekari athugunar nema umboðsmaður telji rétt að eiga sjálfstætt frumkvæði að rannsókn málsins, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv. Aðrar kvartanir kunna að vera vafasamari. Er það lagt á vald umboðsmanns að meta hversu miklum tíma og vinnu hann ver til rannsóknar á hverju máli. Varðandi þær kvartanir, sem hann tekur til meðferðar, sker hann úr á hvaða stigi málsmeðferðar sem verða vill hvort mál skuli niður falla þar sem ekkert athugavert hafi komið í ljós o.s.frv.

Af markmiði starfsins leiðir vitaskuld að umboðsmaður skal ávallt gera kvartanda rökstudda grein fyrir því hvers vegna hann vísar máli frá eða lætur það falla niður eftir að málsmeðferð þess er hafin.

Um 8. gr.

Umboðsmaður á heimtingu á að stjórnarvöld láti honum í té alla tiltæka vitneskju sem hann þarfnast til framkvæmdar starfs síns, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o.s.frv.

Heimild þessi er nauðsynleg til þess að umboðsmaður fái rækt starf sitt með árangri. Ráð er gert fyrir því að umboðsmaður geti m.a. krafist vinnugagna stjórnarvalds, sem notuð hafa verið til undirbúnings ákvörðun, en honum kann sakir þagnarskyldu að vera óheimilt að skýra frá hvað í þeim stendur, sbr. 11. gr. frv.

Til þess að fá samræmi milli þessara heimilda umboðsmanns til öflunar vitneskju og lagaákvæða um öflun gagna í dómsmálum eru þó takmarkanir þær, sem gilda um undanþágu og bann við vitnisburði fyrir dómi, einnig að nokkru látnar gilda gagnvart umboðsmanni. Reglur 2. mgr. 8. gr. frv. eru þó ekki eins víðtækar og reglur 125. og 126. gr. laga nr. 85/1936, ýmist af því að sum ákvæði þessara greina eiga ekki við um stjórnarvöld eða af því að umboðsmaður sjálfur skal gæta þagnarskyldu, sbr. 11. gr. frv. Á því ekki að vera varhugavert að láta honum í té vitneskju sem leynt skal fara.

Víðtækar heimildir umboðsmanns til öflunar vitneskju varða ekki aðeins stjórnarvöldin, heldur getur hann og neytt þeirra ráða, sem tiltæk eru í dómsmálum til rannsóknar og gagnaöflunar, sbr. 3. mgr. 8. gr. frv. Getur hann bæði neytt þeirra heimilda, sem kveðið er á um í lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, og í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Getur umboðsmaður samkvæmt þessum ákvæðum kvatt einstaklinga, sem við mál eru riðnir, fyrir dóm til vitnisburðar.

Ákvæði 9. gr. frv. um aðgang umboðsmanns að húsnæði stjórnarvalds þjónar sama tilgangi.

Um 9. gr.

Umboðsmaður getur notað heimild 9. gr. til að skoða skrifstofur og gögn í þeim, embættisbækur og skjöl, og tekið sýnishorn úr þeim. Einnig getur hann heimsótt dvalarheimili, fangelsi, spítala o.s.frv. og kynnt sér stjórn stofnunar og aðbúnað vistmanna.

Ákvæðið þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar gilda sömu sjónarmið og um rannsókn mála, vettvangsgöngu o.s.frv. Hins vegar getur umboðsmaður notað heimildina til almenns aðhalds. Vitneskjan um að von geti verið á heimsókn umboðsmanns veitir aðhald.

Um 10. gr.

Ákvæði 10. gr. frv. er ætlað að tryggja að það stjórnarvald eða sá opinberi sýslunarmaður, sem kvörtun beinist gegn, fái fullt tækifæri til að verja sig eða m.ö.o. að tryggð sé drengileg meðferð máls hans. Frá þessari reglu má umboðsmaður ekki víkja nema rannsókn kunni að torveldast stórum sakir þess, t.d. af því að sakargögnum kunni að verða spillt.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frv. er kveðið á um þagnarskyldu umboðsmanns.

Umboðsmaður hefur víðtækt vald til að afla gagna frá stjórnarvöldum, sbr. 8. gr. frv. Verða honum þá ef til vill kunn atvik sem lögum eða eðli máls samkvæmt þurfa að fara leynt. Samkvæmt 12. gr. frv. er umboðsmanni hins vegar rétt að láta uppi álit sitt og skýra opinberlega frá málefnum innan verkahrings síns. Verður umboðsmaður því að meta hverju hæfilegt og viðeigandi sé að skýra frá. Á það ekki síst við vinnugögn sem umboðsmaður fær frá stjórnarvöldum. Gögn þessi sýna títt hvernig stjórnarvald komst að niðurstöðu og ákvörðun. Ef umboðsmaður ætlar sér að gagnrýna forsendur ákvörðunar verður hann því stundum að vitna til þessara gagna og það er honum heimilt. Sama gildir þegar umboðsmaður fær vitneskju frá opinberum sýslunarmönnum, sem þagnarskylda hvílir á.

Hins vegar má umboðsmaður ekki skýra frá vitneskju, sem honum verður kunn í starfi og engu skiptir við framkvæmd starfs hans, nema sérstakar ástæður mæli með því. Gilda hér venjulegar reglur um þagnarskyldu.

Um 12. gr.

Um 1. mgr. 12. gr.:

Umboðsmaður getur sagt álit sitt á hverju því máli sem kemur til meðferðar hans.

Samkvæmt ákvæði þessu ber umboðsmanni að láta í ljósi ráð og leiðbeiningar, óskuldbindandi tilmæli eða beina gagnrýni við stjórnarvald, sem í hlut á, eftir því sem við þykir eiga hverju sinni. Ráð er fyrir því gert að heimild 1. mgr. 12. gr. verði þungamiðjan í starfsaðferð og valdi umboðsmanns. Sams konar heimildir eru í dönsku og norsku lögunum og er málum sem meðferð umboðsmanns sæta nánast alltaf lokið með álitsgerð. Leggja Norðmenn sérstaka áherslu á að umboðsmaður beiti sér ekki á annan hátt í málum en með óskuldbindandi álitsgerð.

Um 2. mgr. 12. gr.:

Þá er umboðsmaður hefur lokið könnun sinni á máli skal hann segja stjórnarvaldi og þegn álit sitt. Getur hann þá bent á að stjórnarvald hafi framið lögbrot, að athafnir þess eða ákvarðanir skorti stoð í lögum eða að þær séu reistar á ófullnægjandi eða röngum forsendum. Er vonast til að umboðsmaður á grundvelli mikillar þekkingar sinnar á málefninu, álits síns og þeirrar stöðu sem hann skipar, verði svo áhrifaríkur að stjórnarvöld og þegnar muni jafnaðarlega virða og sætta sig við álit hans á máli. Til að umboðsmaður sé þó ekki máttvana ef álit hans er virt að vettugi getur hann ef nauðsyn krefur lagt fyrir yfirvald að beita ögunarráðum III. kafla laga nr. 38/1954 eða lagt fyrir saksóknara ríkisins að hefja réttarrannsókn eða að höfða opinbert mál vegna afbrots í opinberu starfi, sbr. 5. og 6. mgr. 12. gr. Er yfirvaldi eða saksóknara skylt að fara eftir fyrirmælum umboðsmanns í þessu efni.

Sömuleiðis getur umboðsmaður sagt álit sitt á hvort stjórnarvald hafi sýnt þegn

nægilega nærgætni, sanngirni og hvort það hafi viðhaft handahóf o.s.frv. Samkvæmt þessu skal umboðsmaður því geta sagt álit sitt á hreinum matsatriðum. En vitaskuld verður umboðsmaður að vera því varfærnari í yfirlýsingum sínum ef hann hefur ekki við réttarreglur að styðjast. Verður hann þar m.a. að varast að draga á nokkurn hátt úr sjálfstæði stjórnarvalds til að vinna að verkefnum hins frjálsa mats. En eins og á síðustu árum hefur verið sýnt skýrlega fram á er mat stjórnarvalds að norrænum rétti afar sjaldan algerlega frjálst. Þar koma til greina almennar reglur laga þess efnis að fullnægjandi og málefnalegar forsendur séu lagðar til grundvallar ákvörðun, að gætt sé vissra jafnræðis- og réttlætisreglna o.s.frv. Á þessum jaðri grundvallarreglna laga og hins frjálsa mats getur þörfin verið brýn að umboðsmaður segi álit sitt á því hvort stjórnarvald hafi beitt valdi sínu réttilega.

Um 3. mgr. 12. gr.:

Umboðsmanni er í sjálfsvald sett hvenær hann lætur mál niður falla. Kemur þar m.a. til greina að láta mál niður falla þegar stjórnarvald hefur gefið skýringu sína eða leiðrétt mistök sem því hafa orðið á. Gert er ráð fyrir því að umboðsmaður afli skýrslna og gagna á víxl frá kvartanda og stjórnarvaldi og gefi báðum aðilum þegar í stað kost á að kynna sér gögn og skýrslur sem hinn aðilinn lætur umboðsmanni í té.

Um 4. mgr. 12. gr.:

Mistök stjórnarvalds eða vanræksla geta verið svo alvarlegs eðlis að umboðsmaður telji nauðsynlegt að segja æðra stjórnarvaldi eða saksóknara hvað hann álíti rétt að gera í málinu.

Um 5. og 6. mgr. 12. gr.:

Ákvæði 5. og 6. mgr. 12. gr. eru sett til öryggis fyrir umboðsmann en ekki er ætlast til að aðgerðir samkvæmt þeim verði fastur þáttur í starfi hans. Óheppilegt verður að teljast að umboðsmaður lendi í aðiljastöðu í málum, en komist hann í þá erfiðu aðstöðu að stjórnarvald virði álitsgerð hans að vettugi kann það að skipta hann miklu að geta gripið til heimilda 5. eða 6. mgr. 12. gr.

Um 13. gr.

Auk starfs síns við úrlausn einstakra mála skal umboðsmaður hafa vakandi auga með því hvort ekki finnist meinbugir á lögum eða reglugerðum. Þar getur verið um margs kyns galla að ræða, svo sem beinar prentvillur eða missagnir, hugsunarvillur og ósamræmi af flestu tagi. Einnig geta meinbugir verið fólgnir í því að megns óréttlætis eða mismunar gæti í lögum eða reglugerðum o.s.frv. Skal umboðsmaður tilkynna Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn þar um.

Um 14. gr.

Um 1. mgr. 14. gr.:

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Úrlausn hans á einstökum málum getur síðar orðið leiðbeinandi í fjölda annarra mála og þannig orðið fordæmi. Auk þess getur umboðsmaður látið uppi álitsgerðir almenns eðlis sem fyrir fram er vitað að varða fjölda mála. Af þessum ástæðum er útgáfa ársskýrslu umboðsmanns veigamikill þáttur í starfi hans. Er gagnlegt að ársskýrslan sé lögð fyrir sameinað þing og þingmenn taki hana til umræðu. Fæst þannig opinber umræða um stjórnsýsluna og endurbætur á henni.

Um 2. mgr. 14. gr.:

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. ber að skilja á þann veg að komi í ljós stórvægileg mistök eða afbrot stjórnarvalds, þá getur umboðsmaður látið þar við sitja að gefa Alþingi eða

hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn sérstaka tilkynningu um málið. Er honum ekki skylt að fjalla einnig um málið í ársskýrslu. Enn fremur getur hann látið saksóknara ríkisins vita um málið, sbr. 4. mgr. 12. gr.

Um 3. mgr. 14. gr.:

Efni 3. mgr. 14. gr. gengur í sömu átt og efni 2. mgr. 14. gr. Er ákvæðinu einkum ætlað að vera umboðsmanni vörn gegn ágangi blaðamanna og annarra sem sækjast eftir vitneskju um hvernig umboðsmaður hefur farið með mál. Mál umboðsmanns er einatt eftirsótt blaðaefni. Er algjörlega lagt á vald umboðsmanns hvernig hann skýrir opinberlega frá málum.

Um 4. mgr. 14. gr.:

Ákvæði þessarar málsgreinar gegnir svipuðu hlutverki og ákvæði 10. gr. Stjórnarvald varðar eðlilega miklu að allt það, sem það hefur fært fram sér til varnar, komi fram í tilkynningum umboðsmanns. Getur það vitaskuld haft mikil áhrif á hverjar skoðanir almenningur myndar sér á grundvelli tilkynninga og skýrslna umboðsmanns.

Fylgiskjal.

Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um stöðu og starf umboðsmanns Alþingis.

Hvað er „umboðsmaður“?

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er nýmæli hérlendis. Ráðgert er með lagafrumvarpi þessu að til starfa taki umboðsmaður Alþingis.

„Umboðsmaður“ er embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnarvöldum og sýslunarmönnum landsstjórnarinnar frá fólki sem þykir misgert við sig. Umboðsmaður rannsakar þessar kvartanir og ef þær skoðast á rökum reistar leggur hann til hvað sé til bóta því sem áfátt er. Jafnframt því að leysa þannig vandræði manna er hlutverk umboðsmanns að stuðla almennt að bættri stjórnsýslu. Þeirri skoðun vex fylgi að umboðsmannskerfið sé ómissandi í réttarríkjum, þ.e. þjóðfélögum þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Til þess að tryggja sjálfstæði umboðsmanns sem best gagnvart stjórnarvöldum er víða höfð sú skipan á að umboðsmaður starfar á vegum þjóðþingsins og sem trúnaðarmaður þess.

Uppruni og útbreiðsla hugmynda um umboðsmenn.

Hugmyndin um umboðsmann Alþingis er sótt til hinna Norðurlandanna. Þjóðir þessara landa búa við sömu réttarhefð og Íslendingar.

Fyrst var embætti umboðsmanns sett á stofn í **Svíþjóð** árið 1809. Nýlunda starfs hans og stöðu var einkum sú að umboðsmaður kom fram fyrir hönd Ríkisþingsins og stóð utan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þannig var stuðlað að sjálfstæði hans gagnvart þeim stjórnarvöldum sem hann átti að veita aðhald. Sænsku umboðsmennirnir störfuðu síðan mann fram af manni í meira en heila öld án þess að starf þeirra ætti sér nokkra hliðstæðu í öðrum löndum.

Finnar urðu næstir til að setja á laggir embætti umboðsmanns. Þeir bjuggu við mjög áþekka stjórnarhætti og Svíar. Umboðsmaður finnska þjóðþingsins tók til starfa árið 1919, rétt eftir að Finnar höfðu öðlast sjálfstæði.

Á síðustu árum sívaxandi stjórnsýslu og valds opinberra starfsmanna þykir umboðsmaður hafa sannað ágæti sitt sem ómissandi stofnun í réttarríkjum.

Danir stofnsettu árið 1954 embætti umboðsmanns Þjóðþingsins. Starfshættir hans eru þó í ýmsu frábrugðnir sænska fyrirkomulaginu.

Nokkrum árum síðar fetuðu **Norðmenn** í fótspor Dana og lögfestu umboðsmannstilhögunina. Umboðsmaður norska Stórþingsins tók til starfa í ársbyrjun 1963. Fer hann í flestu að á líkan veg og danski umboðsmaðurinn.

Til fróðleiks skal þess geta að hugmyndir um umboðsmann hafa borist víða um heim og skotið rótum. Oftast nær er fyrirmyndin sótt til Norðurlanda þótt mótuð sé í framkvæmd á ýmsa vegu.

Á **Nýja-Sjálandi** var umboðsmannsstaða sett á laggir árið 1962. Gætti þar mjög danskra áhrifa. Hann starfar á vegum þingsins (Parliamentary Commissioner) og rannsakar það sem kvartað er undan í ríkisstjórnsýslunni.

Árið 1966 var í stjórnlögum **Guyana** kveðið á um stofnsetningu umboðsmannsstöðu. Um fyrirkomulag hennar var í mörgum greinum litið til Nýja-Sjálands.

Árið 1966 kvað stjórnarskrá **Tansaníu** á um rannsóknarnefnd á vegum þjóðþingsins. Hlutverk hennar er að rannsaka atferli fulltrúa almannavaldsins, hvernig þeir beita valdi sínu eða hvort þeir misbeita því. Rannsóknarnefndin tekur við kvörtunum á hendur stjórnarvöldum.

Á **Stóra-Bretlandi** var árið 1967 stofnuð staða umboðsmanns þingsins (Parliamentary Commissioner for Administration). Gætir í starfsháttum hans bæði einkenna norrænu umboðsmannanna og hins nýsjálenska.

Á **Norður-Írlandi** tók til starfa árið 1969 umboðsmaður með sams konar verksviði og breski umboðsmaðurinn.

Um frekari útbreiðslu umboðsmannshugmynda má nefna:

Í **Kanada** hafa verið lagðar fram tillögur um umboðsmenn á vegum sambandsríkisins. Þrjú ríki innan ríkjasambandsins hafa fengið umboðsmann, Alberta (1967), New Brunswick (1967) og Manitoba (1969).

Hin nýja stjórnarskrá **Ghana**, sem lögfest var 1969, geymir ákvæði um umboðsmann.

Í **Indónesíu** stofnuðu sex félög lögfræðinga árið 1967 til starfsemi sem hefur það hlutverk að fjalla um kvartanir einstaklinga vegna meðferðar yfirvalda og þjóðfélagsins á málum þeirra.

Í **Írska lýðveldinu** stendur til að stofna embætti umboðsmanns.

Í **Ísrael** hefur eftirlitsmaður ríkisins (State Controller) talið sig hafa vald til að fjalla um kvartanir á hendur stjórnvöldum. Nú er í undirbúningi lagasetning um umboðsmann sem deild innan embættis eftirlitsmanns ríkisins. Borgirnar Jerúsalem og Tel Aviv hafa umboðsmenn.

Í **Malasíu** var árið 1958 sett á laggir stofnun til baráttu gegn spillingu (Anti Corruption Agency) sem deild í forsætisráðuneytinu. Er hún talin gegna að nokkru leyti sama hlutverki og umboðsmaður mundi gegna.

Í **Niðurlöndum** lagði hollenska ríkisstjórnin fyrir þjóðþingið frumvarp til laga um umboðsmann sem þingið skyldi ráða til starfa. Í því er gert ráð fyrir að sérstök þingnefnd fjalli um kvartanir áður en þeim er vísað til umboðsmanns.

Í **Bandaríkjum Norður-Ameríku** verður víða vart áhuga á umboðsmannstilhöguninni. Hafa bæði verið lögð fram frumvörp til alríkislaga og til laga innan sambandsríkja um umboðsmann. Á Hawaii hefur starfað umboðsmaður frá árinu 1969. Sama ár var stofnuð

staða umboðsmanns í Oregon-ríki. Einnig hafa komið fram frumvörp um umboðsmann í New York borg, Philadelphia, Minneapolis og öðrum borgum.

Umboðsmannstilhögunin í hnotskurn.

Hér í upphafi má nefna helstu einkenni umboðsmanns.

Hann:

1. Starfar í þágu þegna þjóðfélagsins og auðveldar þjóðþingi að veita stjórnarvöldum aðhald.
2. Er sjálfstæður bæði gagnvart stjórnarvöldum framkvæmdarvalds og þjóðþingi um úrlausn einstakra mála.
3. Nýtur virðingar og áhrifa sakir sjálfstæðis, hlutleysis, mikillar þekkingar og sanngirni.
4. Tekur við kvörtunum út af rangindum stjórnarvalda eða á sjálfur frumkvæði að könnun á atferli stjórnarvalda.
5. Rannsakar mál á hlutlausan hátt, aflar skjala og vitneskju með skýrslum stjórnarvalda og einstaklinga.
6. Viðhefur málsmeðferð sem er skjótvirk, einföld og kostnaðarlítil.
7. Hefur ekki vald til að ákveða viðurlög við misgerðum. Í Svíþjóð og Finnlandi eru umboðsmenn þó saksóknarar. Hann hefur ekki heldur vald til að afturkalla, ógilda eða breyta stjórnsýslugerningum. Aðaltæki hans eru álitsgerðir.
8. Gefur víðast hvar árlega skýrslu um starfsemi sína. Er hún prentuð og birt opinberlega.
9. Gefur kvartanda skýringu ef hann vísar kvörtun frá með því að hún er utan verksviðs hans eða ekki á rökum reist.
10. Hefur rétt til að skoða skrifstofur, dvalarheimili, fangelsi o.s.frv. til almenns aðhalds eða til rannsóknar einstakra mála.
11. Er til aðstoðar hverjum og einum þegn sem til hans vill leita. Ekkert kostar að bera fram kvörtun við umboðsmann. Kvartandi skal ekki þurfa að útvega sér aðstoð lögfræðings á eigin kostnað. Umboðsmaður fylgir máli hans fram með nægilegum hraða.
12. Er almennt athugull um hvort ekki sé einhvers staðar að finna brotalamir eða ósamræmi í lögum eða reglugerðum og gerir tillögur til endurbóta.

Áhrif lífsháttа vorra tíma á réttaröryggi þegna.

Þjóðfélagsþegnar hlutu margvísleg mannréttindi gagnvart valdhöfum þegar hin frjálslegu stjórnlög voru sett víða í Norðurálfu á 19. öld. Þá skaut sú regla rótum að yfirvöld gætu ekkert aðhafst án lagaheimildar. Hér var endurborin gamla reglan: „Með lögum skal land byggja . . .“. Meginregla þessi er uppistaðan í hugmyndum um réttarríkið.

Á allra síðustu árum verður mönnum þó öllu fremur tíðrætt um velferðarríkið. Og um leið og allt kapp er lagt á að hrinda í framkvæmd hugmyndum um velferðarríkið, tefla menn stundum í tvísýnu þeim verðmætum sem réttarríkinu eru tengd.

Umfangsmikil félagsmála- og efnahagslöggjöf vorra tíma nær ekki fram að ganga nema með víðtækum afskiptum yfirvalda af gerðum þegna. Venjulega er afskiptum þannig hagað að réttindi og skyldur stofnast með opinberum stjórnsýslugerningi. Efni hans ákveður stjórnarvald með meira eða minna frjálsu mati. Á þennan hátt er fólk í fjölda mörgum atriðum orðið háð ákvörðunum opinberra sýslunarmanna.

Mistök eru förunautar athafna. Gildir þar einu hverjar þær eru og hver á í hlut. Opinbera sýslunarmenn henda mistök eins og aðra. Og þótt vandað sé til tekst val þeirra misvel.

Vitaskuld er réttaröryggi þegna þjóðfélagsins hætta búin af auknu valdi og sýslu opinberra starfsmanna. Þegar mál manna eru komin í hendur annarra er hætt við að umhyggjan verði ekki söm og áður. Starf umboðsmanna erlendis sýnir langan lista alls kyns kvartana og ásakana á hendur opinberum starfsmönnum og stjórnarvöldum. Kvartanir

beinast gegn mistökum eða vanrækslu, einföldustu pennaglöpum, yfirsjónum, skeytingarleysi, ófullnægjandi könnun máls, ósanngirni, skorti á nærgætni, hrottaskap, seinagangi og töfum, hlutdrægni og mannamun, vanrækslu á að gera viðvart, skilningsleysi, handahófi og gerræði, hroka, sleifarlagi, röngum og ófullnægjandi forsendum ákvörðunar, kúgun, lögbrotum, misnotkun valds og hvers konar ranglæti.

Varnaglar réttar- og stjórnkerfisins til tryggingar góðri stjórnsýslu voru flestir slegnir þegar fyrirferð almannavaldsins var ólíkt minni en nú gerist. Gera verður allt sem unnt er til að tryggja réttarstöðu þegna sem best gagnvart stjórnarvöldum. Því er nú horfið að því ráði hér á Íslandi að leggja frumvarp fyrir Alþingi um embætti umboðsmanns Alþingis.

Hvernig hefur góð stjórnsýsla og réttarstaða þegnanna verið tryggð hingað til?

Fjölmörg atriði í löggjöf og þjóðfélagsskipulagi eiga að tryggja góða stjórnsýslu og jafnframt réttarstöðu þegna gagnvart opinberum stjórnarvöldum. Má raða þessum atriðum saman í eins konar „tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu“. Skal hér vikið að helstu atriðum:

A. Eftirlit.

Í stjórnkerfi hins opinbera fer fram eftirlit yfirmanna með undirmönnum.

Enn fremur starfa ýmsar stofnanir eða sýslunarmenn til eftirlits á vissum sviðum. Skulu þess nefnd dæmi:

1. Sameinað þing kýs þrjá yfirskoðunarmenn til að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og til að gæta þess hvort tekjur landsins séu allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar, sbr. 43. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.
2. Ríkisendurskoðandi hefur yfirstjórn sérstakrar stofnunar, sem yfirfara skal bókhaldslega alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana, sbr. lög nr. 61/1931.
3. Félagsmálaráðuneytið hefur auk þess eftirlit með sveitarstjórnum, sbr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar á meðal fjárreiðum þeirra, sbr. lög nr. 58/1961. Sýslunefndir fylgjast og með fjárreiðum hreppsnefnda, sbr. 2. mgr. 58. gr. nefndra laga.
4. Ýmsar stofnanir eru starfandi á vegum ríkisins til almenns eftirlits á vissum sviðum, eins og t.d. heilbrigðiseftirlit, brunavarnaeftirlit, rafmagnseftirlit o.s.frv. Tekur eftirlit þetta til ríkisstofnana sem annarra aðila í þjóðfélaginu.

B. Viðurlög.

1. Opinberir starfsmenn bera refsiábyrgð á mistökum og vanrækslu í starfi. Í XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er lögð refsing við ýmiss konar brotum í opinberu starfi. Þar er m.a. um að ræða ýmiss konar misgjörðir opinberra starfsmanna í skiptum þeirra við almenning.
2. Opinberir starfsmenn bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir kunna að valda í sýslu sinni eftir almennum skaðabótareglum.
3. Ráðherrar bera bæði refsi- og skaðabótaábyrgð samkvæmt sérstökum lögum um ráðherraábyrgð, sbr. lög nr. 4/1963. Í þeim málum dæmir Landsdómur, sbr. lög nr. 3/1963.
4. Starfsmenn ríkisins kunna að sæta viðurlögum yfirmanna sinna. Veita má áminningu vegna yfirsjóna og vanrækslu í ögunarskyni, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur má veita starfsmanni lausn frá starfi ef hann vanrækir starf sitt eða á annan hátt brýtur starfsskyldur sínar, sbr. III. kafla laga nr. 38/1954. Starfsmaður, sem brotlegur gerist, kann með dómi að verða sviptur rétti til að gegna stöðunni, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1954.

C. Málskot.

1. Einstaklingi, sem vill ekki sætta sig við ákvörðun stjórnarvalds í máli sínu, er almennt talið heimilt að skjóta ágreiningnum til æðra stjórnarvalds til úrskurðar. Stundum eru skýr ákvæði í lögum um slíka stjórnlega kæru en það er alls ekki alltaf.
2. Enn fremur er jafnan heimilt hér á landi að bera ágreining við stjórnarvöld undir dómstóla nema ágreiningur sé skilinn undan lögsögu dómstóla með fortakslausu ákvæði í settum lögum, sbr. m.a. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33/1944.

   Að jafnaði er það ekki nauðsynlegt að maður hafi notað heimild sína til að skjóta máli til æðra stjórnarvalds áður en hann freistar þess að rétta hlut sinn með dómsúrskurði, sbr. ritið „Stjórnarfarsréttur" eftir Ólaf Jóhannesson, á bls. 321.

D. Reglur um málsmeðferð.

Í lögum og reglugerðum um stjórnsýslu eru víða reglur um hverri meðferð mál skuli sæta. Markmiðið er að stuðla að svo vandaðri málsmeðferð að ákvörðun verði ekki tekin á grundvelli ófullnægjandi eða rangra forsendna.

E. Aðhald þjóðþingsins.

Alþingi veitir stjórnarvöldum aðhald. Ríkisstjórn og ráðherrar bera ábyrgð gagnvart Alþingi á því að sýslunarmönnum framkvæmdarvaldsins fari starfið vel úr hendi. Ríkisstjórn og einstakir ráðherrar eru af eðlilegum ástæðum undir vökulli gagnrýni þingmanna stjórnarandstöðu.

Sem ein þriggja megingreina ríkisvaldsins hefur Alþingi það hlutverk að halda framkvæmdarvaldinu í skefjum, sbr. m.a. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Að baki er sú hugsun að þannig megi forðast ofvöxt valds og yfirtroðslur gagnvart þegnum þjóðfélagsins.

Þjóðþing hafa hönd í bagga með framkvæmdarvaldi á ýmsan hátt:

1. Samkvæmt þingræðisreglunni verða ríkisstjórnir og einstakir ráðherrar að beygja sig fyrir samþykktum þjóðþings í meginstefnumálum. Ríkisstjórn, sem ekki nýtur stuðnings þingmeirihlutans, skal fara frá völdum. Þingræðisreglan gildir í aðalatriðum hér á landi.
2. Stjórnarvöld mega ekki hafast að nema með fullkominni lagaheimild, hvort heldur er að ræða um boð, bönn eða aðra íhlutun.
3. Þjóðþing kýs stjórnir, ráð og nefndir innan stjórnkerfis framkvæmdarvalds, sbr. t.d. hér á landi kjör Alþingis í menntamálaráð, útvarpsráð, húsnæðismálastjórn, stjórn Seðlabanka og annarra ríkisbanka og sjóða.
4. Ríkisstjórn eða einstökum ráðherrum er stundum skylt að hafa samráð við þingnefndir um vissa málaflokka, sbr. t.d. hér á landi 16. gr. laga nr. 61/1958 og 5. gr. laga nr. 54/1972 um utanríkismálanefnd. (Nú l. nr. 52/1985, 15. gr.)
5. Þingmenn hafa það hlutverk að gagnrýna gerðir framkvæmdarvaldshafa. Einstakir þingmenn eiga þess kost að beina fyrirspurnum til ráðherra og krefja þá sagna um gerðir sínar og sinna undirmanna í stjórnsýslu, sbr. hér á landi 31. gr. laga nr. 115/1936 um þingsköp Alþingis og 10. gr. laga nr. 54/1972, sbr. og 9. gr. sömu laga um ráðherraskýrslur. (Nú l. nr. 52/1985, 29.–31. gr.)

Varnaglarnir halda ekki lengur?

Það tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu, sem vér búum við og nú var greint frá, þykir ekki duga nógsamlega. Svo mjög hafa völd og umsvif stjórnarvalda aukist.

1. Málskot til æðra stjórnarvalds hefur að líkindum veitt þegnum virkasta vernd gegn röngum stjórnsýslugerningum fram til þessa. Kæruleið þessi er ekki flókin og kostar ekki mikið fé. Dómstólaleiðin er hins vegar venjulega bæði dýr og seinfarin svo að hún vex fólki í augum.

En annmarki kæruleiðarinnar er sá að æðra stjórnarvald lendir iðulega í aðiljaaðstöðu vísvitandi eða óafvitandi. Því hættir til að leggjast á sveif með lægra settu stjórnarvaldi sem á í deilu við þegn.

2. Valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds hefur jafnframt raskast frá því sem áður var.
   a. Áður höfðu þingmenn góða innsýn í verkefni hins einfalda stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þá veitti gagnrýni þeirra valdhöfum við stjórnsýslu mikið aðhald. Nú verður ekki ávallt sagt að svo sé. Ráðherrar bera að formi til ábyrgð á gerðum embættismanna sem vinna að sérhæfðum verkefnum. En embættismennirnir bera sjálfir hina raunverulegu ábyrgð. Fyrirspurnum þingmanna getur ráðherra oft ekki svarað nema með því að endurtaka orð embættismanna eða að leggja fram sérfræðilegar skýrslur þeirra. Á skýrslum, sem lagðar eru fram, er oft sérfræðilegt málfar og röksemdaleiðsla sem erfitt er að hrekja með almennum rökum. Þetta bil til sérfræðanna veldur því iðulega að gagnrýni þingmanna hittir ekki í mark. Á móti þessu er m.a. reynt að vega með sérfræðilegri aðstoð við þingflokka, sbr. lög nr. 56/1971.
   b. Frumkvæði stjórnmálalegrar leiðsögu er á síðustu árum að miklu leyti komið úr höndum þjóðþings til ríkisstjórnar og sérfræðinga framkvæmdarvalds. Þingmenn anna ekki sakir tíma- og sérþekkingarskorts hinum flóknu og fjölbreytilegu verkefnum lagasetningar nú á tímum.

   Ríkisstjórnir fá ekki stjórnað svo að lag sé á nema þær geti stuðst við öruggan þingmeirihluta. Ef þingið synjar stefnumálum ríkisstjórnar samþykkis getur það haft miklu víðtækari afleiðingar en áður var. Þess vegna m.a. hefur flokksagi farið vaxandi. Verða þingmenn að beygja sig fyrir honum ef vinna á skipulega. Í reynd er framvinda þessi takmörkun á þingræðisreglunni.

   Í æ ríkara mæli er jafnframt gripið til þess ráðs að framselja sérhæfðum stjórnarvöldum með víðtækum heimildarlögum vald til að setja reglugerðir sem eru löggjafareðlis. Á hverju einstöku sérsviði stjórnsýslu þarf oftast nær að marka sérstaka stjórnarstefnu. Fá sérfræðingar með þessum hætti í reynd stjórnmálalegt, stefnumarkandi vald.

Endurbót á stjórnkerfinu: Umboðsmaður Alþingis.

Skipulag ríkis og sveitarfélaga hefur gengið úr fyrri böndum með ýmsum hætti eins og á hefur verið drepið hér að framan. Umboðsmanni Alþingis er ætlað að ráða bót á agnúum er af hafa hlotist.

1. Umboðsmaður Alþingis stendur utan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga sem sjálfstæður og hlutlaus aðili. Hann fjallar um þau mál, sem fólk ber undir hann, þegar því þykir stjórnarvald hafa gengið á hlut sinn. Þannig á umboðsmaður að geta orðið hlífiskjöldur lítilmagnans, þegnsins, gegn mistökum, vanrækslu og öðrum rangindum frá hendi stjórnarvalda. Hann rannsakar mál og segir álit sitt. Þetta gerir hann fólki að kostnaðarlausu og með sem skjótustum hætti. Hann kannar mál með hlutlausum hætti og verður því ekki „málflytjandi almennings“ gegn stjórnarvöldum. Fyrir þá sök eru stjórnarvöld líklegri til að virða álit hans. Hlutleysis og sjálfstæðis skal umboðsmaður gæta ekki aðeins gagnvart þegn og stjórnarvaldi heldur einnig gagnvart Alþingi. Gildir þar einu þótt umboðsmaður sé trúnaðarmaður Alþingis. Það skal ekki hafa áhrif á afgreiðslu hans á einstökum málum. Á hinn bóginn verður umboðsmaður vitaskuld að fara eftir ákvæðum laga um umboðsmann og ákvæðum reglugerðar sem sameinað þing kann að setja um starfsemi hans.
2. Umboðsmaður auðveldar Alþingi að veita stjórnarvöldum aðhald. Hann kemur fram sem trúnaðarmaður Alþingis í heild, en hvorki stjórnarliðs né stjórnarandstöðu

sérstaklega. Samstaða þingmeirihluta og ríkisstjórnar leggur hömlur á þingmenn meiri hlutans svo að þeir eru jafnan ekki skeleggir í gagnrýni á gerðir framkvæmdarvalds. Þeir vilja ekki koma ríkisstjórn í vandræði. Á hinn bóginn freista þingmenn í stjórnarandstöðu þess að nota fyrirspurnir til ráðherra út í æsar í baráttu sinni. En eins og drepið hefur verið á eiga þeir iðulega óhægt um vik. Stjórnarvöld skipa sér gjarnan í varnarstöðu. Umboðsmaður er allt öðruvísi settur. Hann hefur víðtækar heimildir til að krefjast vitneskju frá stjórnarvöldum með skýrslugjöf og framlagningu skjala. Og hann á ekki á hættu tortryggni stjórnarvalda með sama hætti og þingmenn. Umboðsmaður hefur þjálfuðu starfsliði á að skipa til málskönnunar. Að lokinni gagnasöfnun er aðstaða hans ólíkt betri en þingmanna til að leggja dóm á gerðir stjórnarvalds. Þannig verður umboðsmaður nýr þáttur í valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds. Starf hans getur og orðið til að létta tímafrekum erindrekstri af þingmönnum. Kjósandi beiðist þess ef til vill að þingmaður greiði götu sína gagnvart stjórnarvaldi. Þingmaður á óhægt með að skorast undan þótt hann þekki málavexti aðeins eins og kjósandi lýsir þeim. Fyrir áhrif þingmanns afgreiðir stjórnarvald ef til vill málið þótt það telji kjósanda eiga vafasaman rétt til þess. Ef umboðsmaður er til staðar getur þingmaður vísað kjósanda til umboðsmanns með slík mál sem áður hafa mætt tregðu frá hendi stjórnarvalds. Þar fær málið hlutlausa afgreiðslu.

3. Alþingi kýs umboðsmann sem trúnaðarmann sinn. Honum er þannig skipaður sess utan stjórnkerfis framkvæmdarvalds. Og tengsl hans við Alþingi eru til þess fallin að auka honum álit og veita orðum hans mikið vægi. Staða umboðsmanns stendur og fellur með því áliti sem hann nýtur því að hann hefur ekki vald til að knýja fram vilja sinn og skoðun. Til starfsins þurfa því að veljast menn sem almennrar viðurkenningar njóta. Umboðsmaður þarf að vera þeim kostum búinn sem krafist er af hæstaréttardómurum. Lögfræðikunnátta er þar ómissandi.
4. Umboðsmaður tekur mál til meðferðar, þ.e. gagnaöflunar og rannsóknar, eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Kvörtun getur hver og einn borið fram sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Að sjálfs sín frumkvæði tekur umboðsmaður mál til meðferðar ef honum þykir tilefni til, t.d. ef í dagblöðum er sneitt óþyrmilega að stjórnarvaldi.
5. Þá er kvörtun berst umboðsmanni tekur hann hana fyrst til frumkönnunar. Kemur þá oft í ljós að kvörtun er augljóslega ekki á rökum reist eða fellur utan verkahrings umboðsmanns. Vísar umboðsmaður henni þá þegar í stað frá með skýringu sinni. Ef kvörtun fellur hins vegar innan verkahrings umboðsmanns og hefur hugsanlega við rök að styðjast tekur hann hana til meðferðar. Hann aflar allra tiltækra gagna frá stjórnarvaldi og þegn, svo sem skjala og skýrslna. Að lokinni rannsókn máls segir umboðsmaður álit sitt eftir því sem honum þykir við eiga. Hann gefur ráð og leiðbeiningar. Hann gagnrýnir. Álit hans getur beinst að hverju því sem ábótavant þykir í stjórnsýslu, sbr. nánar hér á eftir um 12. gr. frv. Er einkar mikilvægt að umboðsmaður hafi rétt og skyldu til að segja álit sitt á öllum þáttum samskipta þegns og stjórnarvalds. Kvartanir fólks eru tíðum á þann veg að stjórnarvald hafi að vísu ekki gengið í berhögg við bókstaf laga en þó farið ranglega með vald sitt, skort sanngirni, nærgætni o.s.frv.
6. Stjórnarvöldum er í sjálfsvald sett hvort þau fara eftir álitsgerðum umboðsmanns Alþingis. Honum er ekki ætlað að leggja hönd á sjálfa stjórnsýsluna. Hann stendur utan hennar. En álit hans, þekking, sanngirni og hlutleysi munu væntanlega vega svo þungt að oftast nær taki stjórnarvald orð hans til greina. Sú hefur raunin orðið í Danmörku og Noregi, þar sem þessi háttur er hafður á valdi umboðsmanns.
7. Umboðsmaður kemur ekki til skjalanna fyrr en eftir á. Starf hans á ekki að stuðla að auknu umstangi í stjórnsýslu. Hann getur m.a. leiðbeint í því efni. Hann á ekki heldur að draga úr einurð stjórnarvalda. Í starfi sínu þarf hann að vega hvora gegn annarri,

þörfina á vönduðum undirbúningi ákvörðunar eða athafnar, og þörfina á skilvirkni og framkvæmdarhraða. Norrænir umboðsmenn gagnrýna oft seinagang stjórnarvalda við afgreiðslu mála.

8. Umboðsmaður getur fjallað um tiltekin vinnubrögð eða ástand í stjórnsýslu sem kann að snerta marga aðila og fjölda mála samtímis. Í því efni getur hann gert tillögur um endurbætur á lögum eða reglugerðum ef honum þykir þar gæta ósamræmis, ranglætis eða annarra meinbuga, sbr. 13. gr. frv.
9. Umboðsmaður fjallar um nær alla stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Vissar takmarkanir eru þó gerðar á verksviði hans:
   a. Alþingi er skilið undan verksviðinu. Umboðsmaður stendur ekki utan Alþingis heldur starfar á vegum þess og er trúnaðarmaður þess. Alþingi hefur sárasjaldan á hendi stjórnsýslu, heldur gegnir aðallega löggjafarhlutverki og veitir stjórnarvöldum aðhald eins og áður greinir. Af þessum ástæðum þykir rétt að umboðsmaður skipti sér ekki af gerðum Alþingis, hvorki gerðum þingmanna né skrifstofu Alþingis.
   b. Umboðsmaður fjallar ekki um dómsathafnir. Ef embætti fylgja bæði dómsathafnir og stjórnsýsla getur umboðsmaður fjallað um stjórnsýslugerningana. Ef umboðsmanni þykir mikils um vert að fá úrlausn dómstóla um tiltekin vafaatriði í lögum getur hann leiðbeint í því efni og mælt með því við dómsmálaráðuneyti að það veiti gjafsóknarleyfi.
   c. Umboðsmaður fjallar ekki um trúarkenningar þjóðkirkjunnar enda er þar ekki um stjórnsýslu að ræða.
   d. Að öðru leyti ber alla stjórnsýslu ríkisins undir verksvið umboðsmanns, þar á meðal stjórnsýslu ríkisstjórnar og ráðherra. Stjórnsýslustörf ríkisstjórnar og ráðherra eru í reynd að jafnaði unnin af embættismönnum. Álitsgerðir umboðsmanns beinast því raunverulega gegn embættismönnum þótt stjórnsýslugerningur sé gerður í nafni ráðherra eða ríkisstjórnar. Starfsemi umboðsmanns hefur ekki í för með sér neina takmörkun á stjórnmálalegri og stjórnskipulegri ábyrgð ríkisstjórnar eða ráðherra gagnvart Alþingi. Undir verksvið umboðsmanns ber alla stjórnsýslu opinberra sýslunarmanna þótt þeir séu aðeins kjörnir til starfans um skamman tíma eða gegni honum sem algjöru aukastarfi.
   e. Nokkrar takmarkanir eru hins vegar gerðar á afskiptum umboðsmanns af stjórnsýslu sveitarstjórna. Til meðferðar með venjulegum hætti tekur hann ákvarðanir sveitarstjórnarvalds sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins. Hins vegar tekur hann eingöngu að sjálfs sín frumkvæði til meðferðar stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Stutt sögudrög.

Til fróðleiks skal hér stuttlega rekja sögu umboðsmanna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

A. Svíþjóð.

Árið 1809 settu Svíar sér ný stjórnlög. Gætti þar sjónarmiða valdskiptingarkenningarinnar. Ríkisþingið gat ekki samkvæmt þeim lögum haft afskipti af ákvörðunum konungs og framkvæmd laga. Til að vega upp á móti afskiptaleysi þessu átti umboðsmaður Ríkisþingsins (Riksdagens Justitieombudsman eða JO), sem nú kom til skjalanna að gæta þess að konungsvaldið seildist ekki út fyrir vébönd sín með ólöglegum athöfnum undirmanna konungs við stjórnsýslu.

Öðrum þræði höfðu menn og í huga að umboðsmaður gæti treyst réttaröryggi þegna gegn yfirtroðslum og gerræði frá hendi konungsmanna. Í reynd var umboðsmaður fyrst og

fremst hlífiskjöldur þegna gagnvart stjórnarvöldum konungs því að þingræði komst á áður en langt um leið og fékk þá framkvæmdarvaldið aðhald frá Ríkisþinginu.

Samkvæmt 96. gr. sænsku stjórnlaganna skal umboðsmaður í umboði Ríkisþingsins hafa almenna umsjón með að dómendur og aðrir embættis- og starfsmenn ríkisins fari að lögum og öðrum fyrirmælum. Ef umboðsmaður verður áskynja ólöglegs athæfis í embættissýslu skal hann draga opinberan starfsmann til ábyrgðar fyrir dómstólum.

„Reglugerð fyrir umboðsmenn Ríkisþingsins“ var síðast gefin út 29. desember 1967. Þar segir í 2. mgr. 2. gr. m.a.:

„Umboðsmaður skal vera sérstakur saksóknari og höfða mál þegar einhver sem eftirliti hans sætir hefur í framkvæmd þjónustu sinnar brotið gegn lögum eða öðrum fyrirmælum eða á annan hátt vanrækt þjónustuskyldu sína.“

Þá segir enn fremur í 1. mgr. 2. gr.:

„Eftirlit sitt framkvæmir umboðsmaður með eftirlitsferðum, rannsókn og ákvörðunum, sem nauðsyn þykir bera til vegna þess sem fram hefur komið við athugun á eftirlitsferð, í kæru eða á annan hátt.“

Í 2. mgr. 3. gr. segir:

„Umboðsmaður skal þá fyrst og fremst grípa í taumana þegar réttaröryggi einstaklinga er skert eða teflt í hættu eða einhver hefur vanrækt þjónustuskyldu sína í eiginhagsmunaskyni, sakir manngreinarálits eða stórfellds skeytingarleysis.“

Embætti sænska umboðsmannsins var skipt árið 1915. Var þá sett á stofn sérstakt embætti fyrir hermál.

Verksvið sænska umboðsmannsins var rýmkað árið 1957. Upp frá því fjallaði hann einnig um stjórnsýslu sveitarfélaga. Allir, sem bera fulla embættisábyrgð, eru háðir eftirliti umboðsmanns.

Starfi umboðsmanns var skipt á milli þriggja manna árið 1968. Skipta þessir þrír menn með sér verkum en embættið er eitt eftir sem áður. Allir þrír bera þeir titilinn umboðsmaður og hver og einn þeirra starfar sem umboðsmaður.

Sænskri stjórnsýslu er um margt á annan veg farið en danskri og norskri. Sænskir ráðherrar eru ekki sjálfstæðir yfirmenn stjórnsýslu. Þeir hafa að jafnaði ekki úrskurðarvald. Og þeir geta ekki heldur skipað lægra settum stjórnarvöldum fyrir. Þátttaka í ríkisstjórn er þeirra höfuðhlutverk. Af þessari ástæðu tekur verksvið sænsku umboðsmannanna ekki til ráðherra.

Mestmegnis taka lægra sett stjórnarvöld stjórnsýsluákvarðanir í Svíþjóð. Æðri stjórnarvöld geta ekki gripið í taumana um úrlausn einstakra mála og ekki heldur sett almennar starfsreglur. Sá starfsmaður ríkisins, sem um mál fjallar, tekur að jafnaði ákvörðun á eigin ábyrgð. Og ekki er heldur um að ræða fyrirspurnir á Ríkisþinginu frá þingmönnum til ráðherra, er veitt geti stjórnarvöldum aðhald.

Réttmæti stjórnsýslugerninga má í Svíþjóð fá kannað með kæru („besvär“). Fer mál annaðhvort til fullnaðarúrskurðar yfirvalds eða til stjórnsýsludómstólsins („Regeringsrätten“).

Þess er þó getandi að láta má reyna á lögmæti stjórnsýslugernings fyrir almennum dómstólum með því að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmanni. Stjórnsýslugerningi verður að vísu ekki haggað með dómi í því máli. En sé þar staðfest að starfsmaður hafi gerst sekur um mistök eða vanrækslu dæmist hann til refsingar og skaðabóta. Sænskir ríkisstarfsmenn bera ríka refsiábyrgð á starfi sínu. Samkvæmt refsilögum getur starfsmaður bakað sér ábyrgð sakir „vanrækslu, skilningsskorts eða gáleysis“. Sakamál á hendur sænskum ríkisstarfsmönnum eru alls ekki fátíð. Og það eru einmitt sænsku umboðsmennirnir sem hafa það hlutverk að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmönnum.

Jafnframt umboðsmönnunum hefur réttarkanslarinn (Justitiekanslern eða JK) það hlutverk að líta eftir því hvort opinberir starfsmenn rækja skyldu sína. Hann er hinn eiginlegi

saksóknari ríkisins. En Akkilesarhæll hans er að hann er maður ríkisstjórnarinnar. Það er því talið treysta mjög tilfinningu manna fyrir réttaröryggi og tiltrú almennings til opinberrar stjórnsýslu að einnig má leita til umboðsmanns sem er með öllu óháður ríkisstjórninni og þar með stjórnarvöldum.

Sænsku umboðsmennirnir geta átt sjálfir frumkvæði að rannsókn mála. Tilefni finnast í fjölmiðlum og við athugun á eftirlitsferðum. Til eftirlitsferðar þykir hæfilegt að umboðsmaður verji 4–5 vikum á ári hverju. Embætti ríkis og sveitarfélaga úti á landsbyggðinni eru sótt heim, þar er skoðaður allur rekstur og aðbúnaður og sýnishorn tekin úr bókum. Helst verða fyrir valinu dómstólar, lögregla, fangelsi, saksóknarar og lénsstjórnir.

Sumir umboðsmenn hafa gefið dómstólum talsverðan gaum en vitaskuld er stjórnsýsla framkvæmdarvaldsins aðalverkefnið.

Sænsku umboðsmennirnir hafa ýmis önnur verkefni lögum samkvæmt. Ef Ríkisþingið afræður að höfða landsréttarmál á hendur ráðherra skal umboðsmaður vera sækjandi. Sjálfur getur umboðsmaður einnig átt frumkvæði að slíku máli.

Hver og einn þegn eða félagsskapur þegna getur kært mál til umboðsmanns í Svíþjóð. Hann rannsakar málið. Á hann þá heimtingu á að stjórnarvöld láti honum í té öll nauðsynleg gögn.

Samkvæmt orðum reglugerðar um starfsemi umboðsmanns hefur umboðsmaður ekki vald til ögunar né fyriskipana gagnvart stjórnarvöldum. Hlutverk hans er samkvæmt reglugerðinni að höfða sakamál. En í reynd framkvæmir umboðsmaður drjúgan þátt starfs síns án þess að fara með mál fyrir dómstóla.

Á eftirlitsferðum gefst umboðsmanni tækifæri til að gefa opinberum starfsmönnum ráð og leiðbeiningar. Og verði umboðsmaður var við mistök stjórnarvalds getur hann látið við það sitja að benda stjórnarvaldi á mistök. Ef um er að ræða túlkun á lögum getur umboðsmaður látið málsókn farast fyrir að því tilskildu að starfsmaður fallist skýlaust á lögskýringu hans og heiti því að fara eftir henni framvegis. Ef einhver hefur beðið tjón af völdum opinbers starfsmanns getur umboðsmaður látið saksókn velta á því hvort tjón er bætt. Það meginsjónarmið hefur orðið ofan á að umboðsmaður höfðar ekki sakamál nema nauðsynlegt teljist sakir réttaröryggis. Þá er ekki höfuðmarkmiðið að fá opinberan starfsmann dæmdan, heldur hitt að fá staðfest með dómi hvað sé rétt túlkun laga eða rétt beiting hins frjálsa mats.

Sænsku umboðsmennirnir fjalla aðallega um lagaleg atriði stjórnsýslunnar og stundum einnig um hrein matsatriði hennar. Umboðsmaðurinn Bertil Wennergren segir í bæklingi sínum „JO-riksdagens ombudsman“ m.a. um grundvallarreglur laga:

„Meðal almennra grundvallarreglna réttarins, sem umboðsmaður skal hafa vakandi auga með að virtar séu, þykir hér hlýða að nefna sérstaklega lagaheimildarregluna (legalitetsprincip: engin íhlutun án lagastoðar), hlutlægnisregluna (objektivitetsprincip: sams konar tilvik skulu sæta sams konar meðferð) og hlutleysisregluna (þess skal gæta að halla ekki máli). Umboðsmaður beitir enn fremur oft þurftarreglunni og hlutfallsreglunni sem svo má kalla. Reynir einkanlega á gildi þeirra þegar um er að ræða mál lögreglu og saksóknara, heilsu- og náttúruverndar, barnaverndar og bindindis en jafnframt í málum um herskyldu og aðbúð nemenda. Með þurftarreglu er átt við að íhlutun skal ekki eiga sér stað nema á knýi raunveruleg, brýn þörf. Hlutfallsreglan felur í sér að íhlutun að því er varðar tegund, stærð og varanleik skal standa í sanngjörnu hlutfalli við markmið sitt (ekki meiri íhlutun en nauðsyn krefur).“

Orð sænska umboðsmannsins þykja gefa nokkra innsýn í hvaða meginreglur Svíar telja máli skipta í stjórnsýslu.

Umboðsmenn gefa Ríkisþinginu skýrslu. Hún er prentuð og gefin út opinberlega í ítarlegu máli. Þar segir frá höfðuðum dómsmálum og ýmsu öðru, svo sem álitsgerðum umboðsmanna, og því sem þeir telja til almennra gagnsmuna.

Fjörtíu og átta kjörmenn Ríkisþingsins kjósa umboðsmennina til fjögurra ára í senn. Sá sem kosinn er skal vera kunnur fyrir lögþekkingu sína og einstaka ráðvendni. Oftast eru það dómarar sem kosningu hljóta en stundum málflutningsmenn eða háskólakennarar. Viðurkennt er að embætti umboðsmanns stendur og fellur með áliti þeirra sem það hafa á hendi. Þess vegna er rík áhersla lögð á að fá sem mikilhæfasta menn til starfsins.

B. Danmörk.

Danskur umboðsmaður hefur starfað frá árinu 1954. Þegar eftir síðari heimsstyrjöld var í Danmörku vakin athygli á að umboðsmannsfyrirkomulag Svía væri eftirbreytnivert. Sérstakri nefnd hafði verið falið árið 1946 að endurskoða stjórnarskrána. M.a. fjallaði hún um lögfestingu umboðsmannstilhögunar þegar hún kannaði hvernig stjórnarvöldum yrði veitt aðhald. Á þessum árum uxu mjög verkefni danskrar stjórnsýslu.

Niðurstaða stjórnarskrárnefndarinnar var að taka bæri upp sænska fyrirkomulagið að breyttu breytanda. Í nýju stjórnarskránni sem gekk í gildi árið 1953 var tekið ákvæði þess efnis að þjóðþingið skyldi kjósa einn eða tvo menn til umboðsmannsstarfs gagnvart starfsmönnum framkvæmdarvaldsins.

Lög um umboðsmann Þjóðþingsins (Folketingets ombudsmand) voru sett árið 1954 og reglugerð um starfsemi umboðsmanns árið 1956. Þótt sænska umboðsmannsfyrirkomulagið væri haft að fyrirmynd þótti, eins og áður segir, þó nauðsyn bera til að aðlaga starfsháttu umboðsmanns að dönskum aðstæðum.

Danskir ráðherrar hafa sjálfstætt stjórnsýsluvald en það hafa sænskir starfsbræður þeirra ekki. Þeir geta gefið lægra settum stjórnarvöldum fyrirskipanir. Iðulega hafa þeir úrskurðarvald um málefni stjórnsýslu. Danska Þjóðþingið hefur meira vald en sænska Ríkisþingið til afskipta af stjórnsýslu. Þingmenn geta m.a. beint fyrirspurnum til ráðherra á þingi. Höfundar danska lagafrumvarpsins um umboðsmann voru þeirrar skoðunar að stjórnskipulegs og stjórnmálalegs aðhalds Þjóðþingsins gætti einungis í meiri háttar málum. Auk þess væri fátítt að ráðherrar bæru raunverulega ábyrgð á málum er ráðuneyti afgreiddu. Stjórnsýslugerningar yrðu að vísu til í nafni ráðherra og þeir bæru ábyrgð að formi til. En þeir fengju allt að einu ekki vitneskju um fjölda mála sem afgreidd væru í ráðuneytum þeirra. Því þótti einsýnt að verkahringur umboðsmanns ætti að taka til ráðherra að formi til. Á hinn bóginn var ekki talið ráðlegt að tefla sjálfstæði dómstóla í tvísýnu með afskiptum umboðsmanns. Sérstakur kærudómstóll fjallar í Danmörku um mál á hendur dómurum sakir dómaraverka. Öll embættissýsla dómstóla var undanskilin verksviði umboðsmanns.

Upphaflega fjallaði danski umboðsmaðurinn eingöngu um stjórnsýslu ríkisins. Prófessor Stephan Hurwitz, sem fyrst valdist til hins nýja umboðsmannsstarfs og ávann því mikinn hróður, lagði til að verksvið umboðsmanns yrði rýmkað svo að það tæki einnig til stjórnsýslu sveitarstjórnar. Var sú rýmkun gerð árið 1961 með vissum takmörkunum.

Umboðsmaður danska Þjóðþingsins tekur mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Hann á heimtingu á skýrslum, skjölum og öðrum gögnum, þar á meðal vinnugögnum stjórnarvalds. Hann rannsakar mál með svipuðum hætti og sænski umboðsmaðurinn. Ef fram er komin kvörtun biður hann um skýringar, á víxl frá kvartanda og stjórnarvaldi.

Umboðsmaður er ekki saksóknari. En hann getur lagt fyrir saksóknara ríkisins að höfða opinbert mál. Þessarar heimildar mun danski umboðsmaðurinn þó ekki hafa neytt heldur haldið sig við að segja álit sitt á máli. Jafnan hefur verið farið eftir álitsgerðum hans.

Umboðsmaður getur tekist á hendur eftirlitsferðir til embætta, fangelsa, dvalarheimila o.s.frv., en ekki er gert ráð fyrir slíkum ferðum sem föstum þætti í starfi hans eins og tíðkast í Svíþjóð.

Á árunum 1957–66 voru alls um 11 000 mál lögð fyrir danska umboðsmanninn. Þar af snertu 721 mál stjórnarvöld í sveitarfélögum eftir að umboðsmaður tók að fjalla um málefni þeirra árið 1962.

Venjulega hefur rannsókn leitt í ljós að ekki var ástæða til gagnrýni á hendur þeim opinberu sýslunarmönnum sem kvartað var undan. Í þessu felst ekki að kvartanir hafi verið ástæðulausar eða óskynsamlegar. Oft ber við að stjórnarvald greinir ekki ákvörðunarástæður sínar og þar eð kvartandi hefur ekki næga vitneskju um grundvöll ákvörðunar fær hann ekki skilið hana. Í allmörgum málum hefur umboðsmanni með því að skýra málið í smáatriðum tekist að gera kvartanda skiljanlegt að meðferð máls og ákvörðun gáfu ekki tilefni til gagnrýni.

Af þeim málum, sem voru rannsökuð á árunum 1957–66, gáfu 456 mál tilefni til að gagnrýna stjórnarvald. Til viðbótar voru ráðleggingar gefnar stjórnarvöldum í 157 málum. 1808 mál, eða 75% þeirra mála er rannsökuð voru, gáfu ekki tilefni til aðgerða af hálfu umboðsmanns. Hlutfall þeirra mála, er gáfu tilefni til gagnrýni eða ráðlegginga, kann að þykja fremur lágt en hugfesta verður að almenn varnaðaráhrif umboðsmanns skipta jafnvel meira máli en þau einstöku mál sem árangur bera.

Danski umboðsmaðurinn hefur farið varlega í sakir þegar um er að ræða svokallað frjálst mat stjórnarvalds. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um starfsemi hans segir að umboðsmanni beri að athuga hvort nokkur maður sem verksvið hans tekur til, stefni að ólöglegu markmiði, taki handahófskenndar eða ósanngjarnar ákvarðanir eða á annan hátt gerist sekur um mistök eða vanrækslu við framkvæmd starfs síns. Ákvæði þessu beitir umboðsmaður með ýtrustu varúð. Hann gagnrýnir þá því aðeins ákvarðanir á sviði hins frjálsa mats þegar hann getur til stuðnings máli sínu skírskotað til kenninga sérfræðinga og hann getur bent á áreiðanlegar skjalfestar sannanir fyrir því að ákvörðun er handahófskennd eða óskynsamleg.

Alls kyns kvartanir berast umboðsmanni. Margar beinast gegn mismunun. Því er haldið fram að stjórnarvöld taki mismunandi ákvarðanir í sams konar málum. Oftast hefur rannsókn leitt í ljós að mál kvartanda er frábrugðið „sams konar“ máli í einhverju veigamiklu atriði. En þó hafa kvartanir í nokkrum slíkum málum haft við rök að styðjast. Skattyfirvöld hafa t.d. metið tvær sams konar íbúðir í sama fjölbýlishúsi mismunandi til skatts. Mismunandi auðvelt hefur verið eftir landshlutum að fá ökuleyfi að nýju eftir sviptingu þess sakir aksturs undir áhrifum áfengis. Umboðsmaður hefur lagt til að meira samræmi sé komið á þau mál. Í nokkrum málum hefur reynt á spurninguna hvort opinber sýslunarmaður sé vanhæfur til að hafast að, t.d. þátttaka prófessors í umræðum háskóladeildar um doktorsritgerð tengdasonar hans. Umboðsmaður benti háskólanum á mikilvægi reglna um vanhæfi og háskólinn setti síðan ítarlegar reglur um þátttöku kennara í meðferð mála þar sem frændur eða tengdafólk hefur hagsmuna að gæta. Tíðari eru þó kvartanir um vanhæfi þar sem opinber starfsmaður, sem áður hefur tekið þátt í meðferð máls, á aftur hlut að meðferð þess á málskotsstigi. Þannig hafa ýmsir ráðuneytisstjórar átt sæti í eða jafnvel verið formenn stjórnsýsludómstóla sem málum á þeirra stjórnsýslusviði er skotið til. Jafnvel þótt slíkt fyrirkomulag hafi við viss rök hallkvæmis að styðjast hefur umboðsmaður álitið það ganga svo í berhögg við undirstöðurök stjórnsýsludómstóla að hann hefur lagt til endurskoðun reglna á þessu sviði.

Umboðsmaður hefur fjallað um valdþurrð stjórnarvalda, t.d. hvort skólastjóra sé heimilt að segja starfsmanni upp án þess að leggja málið fyrir skólanefnd. Í allmörgum málum hefur umboðsmaður fjallað um hvort stjórnarvald hafi haft næga lagaheimild til að taka ákvörðun. Umboðsmaður kannaði þannig mál þar sem lögreglustjóri hafði bannað eiganda leigubifreiðar að leita eftir viðskiptavinum á leigubílastæði um mánaðarskeið af því að eigandi átti í deilu við nokkra starfsbræður sína. Niðurstaða umboðsmanns var að lögreglustjórinn hefði ekki haft næga lagaheimild til að banna eiganda leigubifreiðarinnar að

nota stæðið. Í nokkrum málum hefur sú spurning verið lögð fyrir umboðsmann hvort gildandi lög veiti stjórnarvaldi heimild til að setja þegnum almennar reglur á tilteknu sviði. Iðulega hefur umboðsmaður tekið til meðferðar mál þar sem opinber starfsmaður hefur ekki farið eftir lögmætum reglum um málsmeðferð, t.d. þar sem lögregla hefur ekki virt reglur um handtöku og leit. Hann hefur sömuleiðis sagt álit sitt á málum þar sem stjórnarvald hefur látið undir höfuð leggjast að leiðbeina þegn um að honum sé heimilt að skjóta úrskurði til æðra stjórnarvalds. Margar kvartanir hafa snúist um seinagang við afgreiðslu mála og orðið umboðsmanni tilefni til gagnrýni. Hefur umboðsmaður m.a. rannsakað afgreiðsluhátt mála á breiðum grundvelli í því skyni að finna nýjar aðferðir til að stytta afgreiðslutímann. Árangur slíkra almennra rannsókna hefur jafnan verið ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda um endurbætur. M.a. hefur hann bent stjórnarvöldum á gamla reglugerð fyrir stjórnarvöld sem kveður svo á að mál milli stjórnarvalda skuli sæta meðferð án skriffinnsku og án ónauðsynlegra millilíða og að allrar vitneskju skuli afla eftir beinni boðleið en ekki krókaleiðum. Þá hefur umboðsmaður gagnrýnt í nokkrum málum að stjórnarvald hefur ekki kannað mál nægilega áður en það tók ákvörðun.

Þjóðþingið kýs umboðsmann. Hann skal vera lögfræðingur og má ekki eiga sæti á þingi. Danir álíta árangur af umboðsmannsstarfinu velta á virðingu þess manns er embættinu gegnir.

C. Noregur.

Árið 1953 lagði stórþingsmaðurinn Lars Ramndal fram lagafrumvarp um umboðsmann fyrir Noreg sem hann hafði sjálfur samið. Frumvarpið hlaut ekki samþykki þingsins en lýðum varð ljóst að nýmæli þetta átti sér marga stuðningsmenn. Árið áður höfðu verið sett lög um umboðsmann fyrir hermál. Nokkrum árum síðar samþykkti Stórþingið frumvarp til laga um umboðsmann sem stjórnsýslunefnd þingsins hafði samið.

Umboðsmaður Stórþingsins hóf störf árið 1963. Meginröksemdin var að heppilegt væri að gefa fólki kost á stofnun þar sem það gæti sér að kostnaðarlausu fengið kvartanir sínar rannsakaðar á einfaldan hátt.

Fyrsti umboðsmaður Norðmanna, Andreas Schei, fyrrverandi hæstaréttardómari, er enn við störf.

Norsku umboðsmannslögin eru í aðalatriðum sniðin eftir dönsku lögunum. Þykir því ekki ástæða til að endurtaka þau hér í öllum atriðum.

Reglugerð um starfsemi umboðsmanns mælir svo fyrir að álíti hann kvörtun rakalausa skuli hvorki látið getið nafns kvartanda né opinbers starfsmanns eða stjórnarvalds. Í reynd hefur nafns ekki heldur verið getið þegar kvörtun hefur haft við rök að styðjast.

Í umræðum Stórþingsins um ársskýrslu umboðsmanns hefur komið fram almenn ánægja með umboðsmannsstarfið. Taka bæði stjórnarvöld og almenningur undir það. Og léttara þykir nú að hreyfa erindum við stjórnarvöld en áður.

Norski umboðsmaðurinn hefur á að skipa auk skrifstofufólks fjórum ráðunautum og skrifstofustjóra. Eru þeir allir lögfræðingar. Ráðunautar binda sig ekki við tiltekið málefnasvið.

Umboðsmaður les allar kvartanir og útdeilir til ráðunauta þeim kvörtunum sem ekki er vísað frá þegar í stað. Þeir rannsaka málið og leggja niðurstöður sínar fyrir umboðsmann. Hann leggur síðan síðustu hönd á verkið og gefur álitsgerð í eigin nafni.

Umboðsmanni er rétt að heimta allar nauðsynlegar skýrslur og skjöl af stjórnarvöldum. Þeim hefur þó ekki verið talið skylt að láta honum í té vinnugögn til undirbúnings ákvörðun. Umboðsmaður beiðist þó venjulega slíkra gagna enda geyma þau iðulega veigamikla vitneskju um ákvörðunarástæður. Árið 1967 gengu í gildi í Noregi lög um opinbera stjórnsýslu. Samkvæmt þeim skal stjórnarvald greina frá ákvörðunarástæðum að sjálfs sín frumkvæði eða eftir beiðni.

Að hætti starfsbróður í Danmörku getur norski umboðsmaðurinn ekki knúið stjórnarvöld til eins eða neins né heldur afturkallað stjórnsýslugerninga eða ógilt.

Á hinn bóginn getur hann ekki aðeins kannað lögmæti ákvörðunar heldur og þá spurningu hvernig frjálsu mati hefur verið beitt í ýmsum atriðum.

Umboðsmaður fjallar ekki um dómstóla, hvorki dómsathafnir né stjórnsýsluathafnir þeirra.

Árið 1967 tók norski umboðsmaðurinn við 1089 kvörtunum. Að sjálfs sín frumkvæði tók hann 14 mál til meðferðar. Um tveimur þriðju hlutum kvartana var strax vísað frá með því að þær féllu utan valdsviðs umboðsmanns. Þar má geta kvartana á hendur dómstólum eða einstaklingum, kvartana í málum þar sem kvartandi hafði ekki notað kæruleið til æðra stjórnarvalds og kvartana sem augljóslega voru ekki á rökum reistar. Kvörtunum af þessu tagi fækkar ekki með árunum þótt starfsemi umboðsmanns verði æ kunnari með almenningi.

Árlega hafa um 300–400 mál þótt verðskulda rannsókn norska umboðsmannsins. Af þeim hafa um 250 mál verið látin niður falla með því ekkert athugavert þótti koma þar fram. Afgangurinn, um 100 mál, hefur borið árangur að nokkru eða öllu leyti. Stjórnarvöld hafa breytt ákvörðun sinni eða komist að samkomulagi við kvartanda í um það bil 50 málum árlega. Oftlega hefur riðið baggamuninn að umboðsmaður hefur bent á þungvæg málsatriði. Milli 50 og 100 mál hafa árlega í för með sér gagnrýni eða ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda.

Fjöldi mála snýst um almannatryggingar og lífeyri. Tíðar eru kvartanir um vinnuaðstöðu og launamál. Þá er iðulega kvartað undan því að synjað hafi verið um leyfi til eins eða annars. Margar eru kvartanir á hendur saksóknarvaldinu fyrir að það hefur látið hjá líða að höfða sakamál vegna misgerðar og sama er að segja um kvartanir vegna þess að lögregla þykir ekki hafa verið nógu ötul við málsrannsókn. Komið hefur stöku sinnum fyrir að kvartað er undan því að lögreglumenn gerist offara í starfi. Fjölmennir meðal kvartenda eru þeir sem sitja í fangelsum. Kvartanir þeirra snúast m.a. um meðferð í fangelsi eða synjun fangelsisstjóra á beiðni fanga um að vera látinn laus til reynslu. Sjúklingar á geðveikrahælum senda enn fremur nokkrar kvartanir árlega.

Oftast nær beinast kvartanir gegn ákvörðun stjórnarvalds. Ýmist er því haldið fram að lögum hafi verið ranglega beitt eða að mál hafi ekki verið rannsakað nægilega og ákvörðun því reist á röngum grundvelli málsatvika. Ef um frjálst mat stjórnarvalds er að ræða snúast kvartanir m.a. um mismunun sem ekki styðjist við réttlát rök.

Um það bil fjórði hluti kvartana varðar málsmeðferð stjórnarvalds. Er þar helsta kvörtunarástæða óhóflegur seinagangur stjórnarvalds við afgreiðslu máls.

Afar fáar kvartanir beinast gegn einstökum opinberum sýslunarmönnum.

Meðal kvartenda eru vitaskuld nöldurseggir en þeir eru ekki margir og ásókn þeirra veldur umboðsmanni ekki neinum vandkvæðum.

Eftir nokkurra ára starf norska umboðsmannsins telja Norðmenn fullvíst að hans hafi verið þörf. Af þeim 1719 málum, sem voru rannsökuð á fyrstu fimm starfsárunum, báru kvartanir árangur í 496 eða 24,8% tilfella. Fyrir utan beinan árangur í einstökum málum eru almenn varnaðaráhrif umboðsmannskerfisins ekki álitin skipta minna máli. Vitneskja stjórnarvalda um að þegn geti ávallt leitað til umboðsmanns er stjórnarvaldi hvöt til að rækja starf sitt svo samviskusamlega sem best má verða. Á hinn bóginn eyðir starf umboðsmanns einatt órökstuddum grunsemdum í garð stjórnarvalda. Fólk ber meira traust til álitsgerðar umboðsmanns en skýringa stjórnarvaldsins sjálfs.

Sþ. 29. Fyrirspurn [29. mál]

til forsætisráðherra um alþingiskosningar og þinghald.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvenær hyggst ríkisstjórnin boða til alþingiskosninga?
2. Hverjar eru tillögur ríkisstjórnarinnar um tilhögun þinghalds í vetur?

Sþ. 30. Fyrirspurn [30. mál]

til samgönguráðherra um truflanir í símakerfinu vegna álags.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjar eru helstu ástæður fyrir truflunum á langlínusambandi vegna álags?
2. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til úrbóta og hvenær má vænta þess að þær verði gerðar?

Sþ. 31. Fyrirspurn [31. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir til að bæta úr kennaraskorti og efla skólastarf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað líður störfum samstarfsnefndar menntamálaráðuneytisins og Bandalags kennarafélaga sem skipuð var að frumkvæði menntamálaráðherra s.l. vetur og ætlað er m.a. að ræða um aðgerðir „svo unnt sé að bæta starfsaðstöðu í skólum, gera kennarastarfið eftirsóknarverðara og efla skólastarf í landinu“?
2. Hvaða tillögur hafa komið fram í nefndinni og hverjar þeirra eru komnar til framkvæmda?
3. Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að laða menntaða kennara til starfa og hvað er ráðgert í því efni á næstu mánuðum?

Sþ. 32. Fyrirspurn [32. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda réttindalausra við kennslustörf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu margir réttindalausir starfsmenn eru nú ráðnir til kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
2. Hversu margir nýir réttindalausir starfsmenn voru ráðnir að grunnskólum og framhaldsskólum á nýbyrjuðu skólaári, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?

3. Hefur í einhverjum tilvikum þurft að fella niður lögboðna kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum eða draga úr námsframboði vegna skorts á starfsmönnum og þá hvar og í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 33. Fyrirspurn [33. mál]

til menntamálaráðherra um niðurskurð á kostnaði vegna skólaaksturs.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu mikið greiddi ríkissjóður vegna skólaaksturs á árinu 1985, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum? Hvaða upphæð er áætluð í þessu skyni á árinu 1986?
2. Hverjar voru tillögur menntamálaráðherra við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987 um niðurskurð á framlagi ríkissjóðs til skólaaksturs?
3. Hversu háar fjárhæðir telur ráðherra að fari í súginn vegna meintrar spillingar og óráðsíu í skólaakstri, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
4. Til hvaða ráða hefur ráðuneytið gripið eða áformar að grípa til að uppræta þá spillingu sem ráðherra hefur staðhæft að viðgangist í þessum efnum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 34. Fyrirspurn [34. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað og niðurskurð vegna gæslu í heimavistum og reksturs mötuneyta.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu mikinn kostnað ber ríkið vegna:
   a. gæslu í heimavistum,
   b. reksturs mötuneyta í grunnskólum?
2. Hverjar eru tillögur menntamálaráðherra um niðurskurð á þessum kostnaðarliðum og breytingar á viðkomandi starfsemi?
3. Hverjir eiga að taka á sig þann kostnað sem af umræddum niðurskurði leiðir?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 35. Fyrirspurn [35. mál]

til utanríkisráðherra um fyrirhugaða stækkun á kjarnorkuverinu í Dounreay í Skotlandi.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hefur ráðherra látið kanna hvaða áhrif stækkun kjarnorkuversins í Dounreay í Skotlandi getur haft á Norður-Atlantshafið og þá sérstaklega með hliðsjón af losun geislavirkra úrgangsefna í hafið?
2. Hefur ráðherra gripið til einhverra aðgerða í þessu máli?

Sþ. 36. Fyrirspurn [36. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hvert er hlutverk rannsóknarlektors í sagnfræði? Hefur hann kennsluskyldu og/eða stjórnunarskyldu?
2. Má vænta þess að stöður rannsóknarlektora verði stofnaðar í öllum greinum sem kenndar eru við Háskóla Íslands?

Sþ. 37. Fyrirspurn [37. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hvaða forsendur lagði ráðherra til grundvallar þegar hann setti í stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands 17. sept. s.l.?
2. Hvers vegna var staðan ekki auglýst?

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að taka beri upp staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga og felur ríkisstjórninni að sjá til þess að svo verði gert í ársbyrjun 1988.

Greinargerð.

Árið 1965 lýsti þáverandi ríkisstjórn því yfir að hún vildi taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Allar götur síðan, með hléum þó, hefur talsverð vinna verið lögð í undirbúning þess að taka upp slíkt kerfi og á þessum rúmlega tveimur áratugum hafa margar ríkisstjórnir haft staðgreiðslu skatta á stefnuskrá sinni. Tvisvar sinnum hafa verið lögð fram frumvörp um þetta efni, árin 1978 og 1981, án þess að hljóta endanlega afgreiðslu á þingi.

Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar er ekki minnst á staðgreiðslukerfi skatta og fjármálaráðherrar hennar hafa ekki sýnt því máli áhuga, þótt eftir væri leitað, fyrr en nýverið að fjármálaráðherra lýsti því yfir að hann vildi láta kanna möguleika á því að taka upp slíkt kerfi.

Þingmenn Kvennalista fluttu um það tillögu á haustþingi árið 1984 að ríkisstjórninni yrði falið að koma á staðgreiðslukerfi skatta. Töldu flutningsmenn tveggja ára fyrirvara nægan til þess verks og hefði staðgreiðsla skatta því getað orðið staðreynd í ársbyrjun 1987 ef tillagan hefði verið samþykkt. Svo varð ekki en í umræðum um þetta mál á s.l. sumri var talið hugsanlegt að taka upp slíkt kerfi eftir eitt til hálft annað ár, og má það rétt vera, enda mikið búið að vinna að undirbúningi þess.

Kvennalistinn telur löngu tímabært að hrinda þessu máli í framkvæmd og ekki vansalaust hve lengi það hefur dregist. Afstaða Kvennalistans mótast af hagsmunum almenns launafólks og þá fyrst og fremst þeirra sem hafa sveiflukenndar tekjur og þeirra sem af einhverjum ástæðum þurfa að minnka við sig launuð störf. Má þar nefna fólk sem vill minnka við sig vegna sjúkleika eða aldurs og fólk sem kýs að hverfa af vinnumarkaði og helga sig heimili og barnauppeldi um skeið. Einnig fólk sem fer til náms eftir að hafa stundað launuð störf um lengri eða skemmri tíma. Þá má nefna fólk sem stundar ígripavinnu, t.d. við sjávarútveg, en slík störf gefa sveiflukenndar tekjur og oft miklar tekjur og það hafa ekki allir möguleika eða forsjálni til að geyma hluta af þeim til greiðslu á sköttum síðar meir. Og enn má nefna fólk sem af einhverjum ástæðum þarfnast aukatekna um skeið, t.d. vegna öflunar húsnæðis, en út úr þeim vítahring er oft erfitt að brjótast og þekkja líklega flestir einhver slík tilvik þar sem miklu máli hefði skipt að sitja ekki uppi með skuldabagga vegna vangoldinna skatta.

Meginkostur staðgreiðslukerfisins er sem sagt sá að í slíku kerfi myndast ekki skuld hjá skattgreiðanda eins og nú er.

Í öðru lagi hefur staðgreiðslukerfið þann kost að það fylgir hagsveiflunni, þ.e. innheimtir mikla skatta á velgengnistímum og minni þegar illa árar.

Í þriðja lagi má ætla að staðgreiðslukerfið skapi betri heimtur sem óbeint komi almennu launafólki til góða.

Staðgreiðslukerfið verður að öllum líkindum eitthvað mannfrekara og dýrara í rekstri, auk þess sem það kostar nokkra fyrirhöfn að koma því á. Þessi atriði hafa þó líklega verið ofmetin og eru harla léttvæg miðað við ávinning skattgreiðenda.

Rík áhersla skal lögð á að stjórnvöld freistist ekki til þess að þyngja greiðslubyrðina um leið og staðgreiðslu er komið á, en að sjálfsögðu væri rangt að nota sömu skattprósentu og þegar um eftirágreiðslu er að ræða.

Ástæða er til að ætla að meiri hluti manna í öllum þingflokkum sé hlynntur staðgreiðslukerfi skatta. Núverandi ríkisstjórn hefur að vísu virst áhugalaus um framgang málsins, en fjármálaráðherra hefur látið að því liggja að hann sé hlynntur athugun á því. Viljayfirlýsing Alþingis ætti að tryggja málinu farsælar lyktir.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að marka nýja og þróttmikla byggðastefnu og hefja nú þegar aðgerðir til að snúa sem fyrst við fólksflótta utan af landi til höfuðborgarsvæðisins og tryggja íbúum landsbyggðarinnar eðlilega hlutdeild í þeim arði sem þeir leggja til þjóðarbúsins.

Í þessu skyni verði m.a. komið á meiri valddreifingu en nú er með því að flytja heim í héruð verkefni og ákvarðanir til lýðræðislega kjörinna stjórna og til sveitarfélaga um leið og þeim verði tryggðir nýir og sjálfstæðir tekjustofnar. Jafnframt verði greitt fyrir sameiningu sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar en nú er. Með opinberum fjárveitingum og stjórnvaldsaðgerðum verði þannig hlúð að byggðarlögum um land allt og stuðlað að hagkvæmri nýtingu auðlinda til lands og sjávar.

Bent er m.a. á eftirfarandi þætti í byggðastefnu til að árangur náist sem fyrst:

Að koma rekstrarstöðu frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, í það horf að þessir atvinnuvegir hafi forsendur til endurnýjunar og þróunar.

Að tryggja landsbyggðinni vaxandi hlut í þjónustugreinum og nýsköpun í atvinnulífi.

Að auka ráðgjöf í atvinnulífi og um stofnun nýrra fyrirtækja og framleiðsluþátta úti um land.

Að færa hluta af stjórnsýslu- og þjónustuþáttum ríkisins með skipulegum hætti út í landshlutana.

Að velja stofnunum á vegum ríkisins stað á landsbyggðinni í auknum mæli.

Að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, m.a. orku og fjarskipti.

Að flytja stóran hluta af verkefnum Byggðastofnunar til sérstakra þróunarstofa og þróunarsjóða landshlutanna er fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Ríkisstjórnin gefi Alþingi hið fyrsta skýrslu um stöðu byggðamála og leggi fyrir þingið tillögur um nýja byggðastefnu og valddreifingu er taki mið af þessari þingsályktun.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari um nýja byggðastefnu og valddreifingu er gert ráð fyrir róttækri breytingu í byggðamálum með það að markmiði að efnaleg staða landsbyggðarinnar styrkist sem fyrst og sjálfræði einstakra landshluta og sveitarfélaga í eigin málum vaxi til muna frá því sem nú er.

Tillagan gerir ráð fyrir að þessum markmiðum verði m.a. náð með eftirtöldum hætti:

1. Rekstrarstaða frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, verði strax leiðrétt og milliliðir og þeir sem sitja í yfirbyggingunni í þjóðfélaginu komist ekki upp með að blóðmjólka þær lengur.
2. Hlutur landsbyggðarinnar í þjónustustarfsemi verði markvisst aukinn, m.a. með tilfærslu opinberra þjónustuþátta og viðskiptastarfsemi út í landshlutana.
3. Nýsköpun í atvinnumálum verði að verulegu leyti miðuð við eflingu atvinnulífs út um land, reist á góðu skipulagi, virkri ráðgjafarþjónustu og frumkvæði heimamanna.

4. Aðstaða heimila og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni verði bætt með því að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, svo sem orku og fjarskipti.
5. Komið verði á héraðsstjórnum er kjörnar verði með lýðræðislegum hætti í hlutfallskosningum innan viðkomandi þjónustusvæða eða kjördæma.
6. Héraðsstjórnir fái tekjustofna til að ráðstafa í verkefni í ýmsum málaflokkum á viðkomandi svæði. Slíkir tekjustofnar taki m.a. mið af framleiðslustarfsemi á svæðinu og athugað verði að veita til héraða í samræmi við íbúafjölda ákveðnum hundraðshluta af söluskatti eða öðrum tekjustofnum sem ríkið hefur notað.
7. Ýtt verði undir stækkun sveitarfélaga með samruna þannig að lífvænlegar einingar myndist í atvinnumálum, félagsmálum og daglegri þjónustu.
8. Sveitarfélögin fái aukið sjálfræði í tekjuöflun, svo og nýja tekjustofna samhliða nýjum verkefnum frá ríkinu.
9. Sjálfsstjórn fámennra byggða varðandi sérmálefni haldist að miklu leyti þótt sveitarfélögin stækki. Í því skyni verði kosin hreppsráð í stað hreppsnefnda er fari með heimamálefni í samvinnu við sveitarstjórn.
10. Verkefni Byggðastofnunar verði flutt út í landshlutana þar sem myndaðir verði þróunarsjóðir og komið á fót þróunarstofum er vinni að hagrænum málum og áætlanagerð á vegum héraðsstjórna.

Hér verður á eftir lýst ríkjandi ástandi og helstu ástæðum fyrir því byggðahruni sem nú blasir við að öllu óbreyttu. Síðan er gerð nánari grein fyrir þeim aðgerðum í byggðamálum og valddreifingu sem tillagan gerir ráð fyrir.

1. YFIRLIT UM RÍKJANDI ÁSTAND

Á undanförnum árum hefur hallað mjög undan fæti í byggðamálum hérlendis. Eftir tímabundð jafnvægi í fólksflutningum milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins á síðasta áratug hefur orðið mikil breyting til hins verra vegna fólksflótta af landsbyggðinni og keyrt hefur um þverbak í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þannig reyndist brottflutningur fólks af landsbyggðinni umfram aðflutta nema 1113 manns á árinu 1984 og 1025 manns 1985. Eru þetta óhagstæðustu niðurstöður frá því að skráning á slíkum flutningum hófst árið 1961 og í fyrsta sinn frá því 1945–46 að íbúum fækkar beinlínis á landsbyggðinni. Flest bendir til að þetta sé upphafið að kollsteypu í þróun búsetu í landinu nema strax verði spyrnt á móti með gjörbreyttri stjórnarstefnu og samþættum aðgerðum til að treysta búsetu um land allt.


Óeðlileg byggðaröskun er eitt stærsta þjóðfélagsvandamál hérlendis og það er sameiginlegur hagur landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis að ná tökum á því áður en það verður um seinan. Á höfuðborgarsvæðinu fylgja margháttuð vandamál hinu öra aðstreymi fólks þangað, bæði frá atvinnulegu og félagslegu sjónarmiði. Líkur eru á að verulegur og vaxandi hluti fjölgunar íbúa á höfuðborgarsvæðinu leiði til brottflutnings fólks úr landi. Fyrir landsbyggðina er hér um að ræða undirstöðuna undir tilverurétti hennar því að víða blasir nú við byggðahrun ef fram heldur sem horfir og er það engan veginn einskorðað við útkjálka eða svonefnd jaðarsvæði.

Í töflu I hér á eftir er brugðið upp tölum sem sýna árlega nettótilfærslu fólks milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis á árunum 1971–85.

Á línuritinu hér fyrir aftan er dregin upp mynd af fólksflutningum innanlands á árunum 1961–85 til og frá landsbyggðinni (mynd 3). Þar kemur m.a. fram mikill munur á brottflutningi fólks frá landsbyggðinni og flutningi fólks út á land á árunum 1961–1970 en á þessum áratug „viðreisnarstjórnar" Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks missti landsbyggðin yfir 7000 manns suður, eða 9% íbúafjöldans eins og hann var árið 1960. Á árunum 1970–71 eykst búsetutilfærsla hér innanlands mjög skyndilega, í fyrstu neikvæð fyrir landsbyggðina en á árunum 1975–78 var komið á jafnvægi þar sem aðflutningur og brottflutningur héldust nær

Mynd 1.

Nettóflutningar frá landsbyggðinni til Suðvesturlands.
(Hlutfall af íbúafjölda landsbyggðarinnar.)



Tafla I.

Fólksflutningar innanlands 1971-85

Ár	Landsbyggðin % af íbúafjölda	Suðurnes % af íbúafjölda	Höfuðborgarsvæðið % af íbúafjölda
1971	-1.0%	0.7%	0.7%
1972	-0.7%	0.9%	0.4%
1973	-0.1%	0.7%	0.0%
1974	-0.4%	1.6%	0.2%
1975	0.0%	0.2%	0.0%
1976	0.0%	0.8%	-0.1%
1977	0.0%	2.0%	-0.2%
1978	0.1%	0.8%	-0.1%
1979	0.0%	0.0%	0.0%
1980	-0.1%	0.7%	0.0%
1981	-0.7%	0.4%	0.5%
1982	-0.8%	-0.3%	0.6%
1983	-1.0%	0.6%	0.7%
1984	-1.1%	-0.3%	0.9%
1985	-1.0%	-0.4%	0.8%

alveg í hendur. Ekki er vafi á að hér skipti sú uppbygging atvinnu, sem grunnur var lagður að af vinstri stjórninni 1971–74, mestu máli ásamt útfærslu landhelginnar. Á sama tíma var Byggðasjóður efldur og miklu fjármagni varið í uppbyggingu opinberrar þjónustu á sviði skólamála og heilsugæslu. Frá árinu 1980 að telja hefur á ný dregið sundur með þessum svæðum landsbyggðinni í óhag þannig að nú blasir við byggðahrun á mörgum stöðum.

Búseta og atvinnuþróun.

Hin neikvæða búsetuþróun síðustu ára hefur orðið á sama tíma og mjög hefur verið þrengt að frumvinnslugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, sem eru undirstaðan í atvinnulífi víðast hvar á landsbyggðinni. Jafnframt hefur dregið þar úr hlutdeild þjónustugreina í atvinnusköpun miðað við landið í heild en hún vaxið að sama skapi á höfuðborgarsvæðinu, sbr. töflu II og mynd 2.

Tafla II.

Hlutdeild landsbyggðarinnar í nýjum störfum.

Atvinnuvegir	1964–70	1971–74	1975–79	1980–84
Landbúnaður	87%	−89%	−93%	−101%
Útvegsgreinar	136%	131%	81%	89%
Iðngreinar	32%	49%	56%	42%
Þjónustugreinar	19%	25%	36%	18%
Alls án landbúnaðar	31%	36%	49%	32%
Alls með landbúnaði				28%

Í landbúnaði fækkaði störfum á þessu tímabili (1964–84) um 3086. Það eru hins vegar aðrar greinar og þá einkum þjónustugreinar sem skipta sköpum þegar um vöxt þéttbýlis er að ræða sem er ráðandi í þróun byggðar á þessum áratugum.

Stórfelld eignatilfærsla frá frumvinnslugreinum.

Það er ekki aðeins að höfuðborgarsvæðið hirði lungann úr nýjum störfum í þjónustugreinum og í síauknum mæli hin síðustu ár heldur hefur á sama tíma verið þrengt að frumvinnslugreinunum, landbúnaði og sjávarútvegi, með stjórnvaldsaðgerðum. Miðað við þær rekstraraðstæður sem þeim hafa verið búnar, einkum í tíð núverandi ríkisstjórnar, er ekki ofmælt að þessum burðarásum í atvinnulífi landsbyggðarinnar sé að blæða út í fjárhagslegu tilliti.

Þannig liggur það fyrir að á árunum 1983 og 1984 versnaði eiginfjárstaða sjávarútvegsins, þ.e. útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja, sem svarar til 6000 milljóna króna reiknað á föstu verðlagi. Skuldir þessara fyrirtækja voru í árslok 1984 orðnar yfir ⅔ af eignunum og eigið fé sem hlutfall af eignum komið niður í þriðjung. Hjá útgerðarfyrirtækjum er þetta hlutfall enn verra eða ⅘ skuldir á móti ⅕ í eigin fé en í árslok 1980 stóð þetta hlutfall jafnt 50:50.


Þessar tölur eru byggðar á gögnum frá Seðlabanka Íslands. Það var Kjartan Ólafsson, varaþingmaður Alþýðubandalagsins, sem dró þær fram í dagsljósið í grein í blaðinu Vestfirðingi 4. mars 1985.

Þessi gífurlega eignatilfærsla frá helsta undirstöðuatvinnuvegi landsmanna til þjónustugreina og viðskiptalífs er um leið að langmestu leyti eignatilfærsla frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Hún verður ekki nema að óverulegu leyti skýrð með breyttum ytri

Mynd 2.

Byggðastofnun 1986


Hlutdeild landsbyggðarinnar (án Suðurnesja) í nýjum störfum



Mynd 3.

Byggðastofnun 1986

Fólksflutningar innanlands 1961 til 1985



aðstæðum og er því fyrst og fremst til komin vegna pólitískra aðgerða ráðandi afla í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki sem farið hafa með stjórn landsins nú á fjórða ár.

Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í landbúnaði þó að sams konar gögn í tölum hafi enn ekki verið dregin fram í dagsljósið því til staðfestingar.

Ekkert vegur þyngra í byggðamálum en þessi fjármagnstilflutningur vegna stjórnarstefnu síðustu ára og það er langt frá því að afleiðingar hans séu enn komnar í ljós nema að litlu leyti. Honum fylgja ekki aðeins þrengingar og samdráttur í viðkomandi greinum heldur kreppuboðar á öllum sviðum á landsbyggðinni: Tekjur viðkomandi sveitarfélaga dragast stórlega saman, íbúðaverð snarlækkar og atvinna minnkar og um leið tekjur til viðbótar við almenna kjaraskerðingu.

Samdráttur í opinberum framkvæmdum.

Annar þáttur sem harðar bitnar á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu er hinn mikli samdráttur að undanförnu í framlögum ríkisins til opinberra framkvæmda skv. fjárlögum, sbr. fylgiskjal 3. Þótt fjárlög hafi hækkað ár frá ári í tíð núverandi ríkisstjórnar og skuldir ríkissjóðs vaxið hröðum skefum hefur framkvæmdafé rýrnað stórlega. Sá mikli samdráttur birtist í lækkuðum fjárveitingum, m.a. til skólabygginga, heilbrigðismála og hafnargerðar. Í samgönguþáttum, sem fyrst og fremst snerta landsbyggðina, er sömu sögu að segja. Framlög til vegamála á árinu 1986 eru 710 milljón krónum lægri en vera ætti skv. stefnumörkun Alþingis, sem samþykkt var árið 1982, eru nú aðeins 1,64% í stað 2,47% af þjóðartekjum skv. fjárlögum fyrir árið 1986.

Til framkvæmda á flugvöllum vegna innanlandsflugs er í ár aðeins veitt 61 milljón króna en á sama tíma eru teknar 300 milljónir króna að láni erlendis til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli.

Fátt skiptir landsbyggðina meira máli en bættar samgöngur til að tengja saman byggðirnar og á það jafnt við um uppbyggingu atvinnulífs og félagsleg samskipti. Því er stefnan í fjárveitingum til þessara mála afar afdrifarík og talar sínu máli um hug stjórnvalda til byggðaþróunar hverju sinni.

Rýrnun Byggðasjóðs.

Hér hefur verið vakin athygli á hinni almennu stefnu stjórnvalda í atvinnumálum og minnkandi framlögum til opinberra framkvæmda sem mestu skiptir um byggðaþróun hverju sinni. Fyrir liggur að aldrei hefur þessum málum verið verr komið frá því á sjöunda áratugnum en í tíð núverandi ríkisstjórnar. En hvernig skyldi þá vera háttað afkomu Byggðasjóðs og öðrum sértækum ráðstöfunum til stuðnings landsbyggðinni? Það verður best sýnt á meðfylgjandi súluriti þar sem fram kemur heildarráðstöfunarfé Byggðasjóðs á föstu verðlagi á tímabilinu 1972–85. (Sjá súlurit hér á eftir.)

Þar kemur fram sílækkandi framlag úr ríkissjóði til Byggðasjóðs á undanförnum árum og að mikið vantar á það í ár að heildarráðstöfunarfé sjóðsins nái þeirri viðmiðun að vera eigi lægra en 2% af útgjöldum fjárlaga hvað þá að ríkisframlag nái því marki eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Staða Byggðasjóðs (nú Byggðastofnunar) hefur aldrei verið eins bág og á síðustu árum. Á árinu 1985 var eigið fé Byggðasjóðs neikvætt í fyrsta sinn og mikið vantaði á að náð væri 2%-markinu þótt allt tiltækt fjármagn sé meðtalið.

2. AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA

Leiðrétting á rekstrarstöðu frumvinnslugreina.

Skjótvirkasta aðgerðin til að breyta aðstæðum til bóta á landsbyggðinni er að leiðrétta nú þegar rekstrargrundvöll í sjávarútvegi og landbúnaði þannig að vel rekin fyrirtæki í frumvinnslugreinum og fiskvinnslu skili hagnaði og geti staðið undir lífvænlegum launum og keppt um gott vinnuafl við aðrar greinar.


Meðal aðgerða, sem grípa þarf til í þessu skyni, eru tafarlaus lækkun vaxta hjá grunnatvinnugreinunum samhliða lengingu lána, lækkun á orkukostnaði, farmgjöldum og endurskoðun á milliliðakostnaði vegna aðfanga, sölu og dreifingar afurða.

Jafnhliða slíkum ráðstöfunum þarf að hvetja til og taka ákvarðanir um ýmsar grunnbreytingar á rekstrarfyrirkomulagi og stjórnun í frumvinnslugreinunum. Þar er m.a. um að ræða breytta framleiðslustjórnun í landbúnaði með það að markmiði að jafna aðstöðu meðal bænda og fella framleiðslu að landgæðum og markaðsaðstæðum á ákveðnu tímabili. Í sjávarútvegi þarf að þróa kostnaðarminni veiðiaðferðir sem jafnframt skila betra hráefni til vinnslu og nýta hráefni sem sumpart er nú hent eða er vannýtt. Endurskoða þarf tilhögun fiskveiðistjórnunar í ljósi fenginnar reynslu, m.a. varðandi gæðakröfur og atvinnuöryggi í


Mynd 4.

BYGGÐASJÓÐUR MARS 1985

RÍKISFRAMLÖG, "EIGIÐ FÉ" OG LÁNTÖKUR BYGGÐASJÓÐS Á VERÐLAGI 1984 M.V. BYGGINGARVÍSITÖLU



Mynd 5.



byggðarlögunum. Í fiskvinnslu þarf sérstaklega að kanna þá þróun sem nú er hafin með útgerð frystitogara og áhrif hennar á vinnslu í landinu og á nýtingu frystihúsa.

Nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni.

Um leið og tryggja verður viðunandi rekstrarstöðu sjávarútvegs og landbúnaðar þarf að leggja ríka áherslu á nýsköpun atvinnulífs í sveitum og þéttbýli um land allt. Mikið veltur á að nýta vel takmarkað fjármagn í þessu skyni og gera sér fyrirfram sem ljósastar rekstrarforsendur nýrra framleiðsluþátta og atvinnugreina. Auknu fjármagni verður að verja í rannsóknir, ráðgjöf, vöruþróun og markaðsstarfsemi. Vegna aðstæðna skiptir samstarf og samhæfing á sem flestum sviðum enn meira máli fyrir nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna flutningskostnaðar og fleiri íþyngjandi þátta.

Endurbætur og gott skipulag samgöngumála er eitt af undirstöðuatriðum til að skapa forsendur fyrir atvinnuþróun út um land. Sama máli gegnir um orkuverð og orkuafhendingu sem verður að vera á hliðstæðum kjörum og á höfuðborgarsvæðinu ef búa á nýrri atvinnustarfsemi svipuð og samkeppnishæf rekstrarskilyrði og á landsbyggðinni.

Ýta þarf undir frumkvæði heimamanna sem víðast með ráðgjöf og aðstoð við að koma á fót nýrri atvinnustarfsemi. Í þeim efnum voru mikilvæg skref stigin á árunum 1979–83, m.a. með löggjöf um iðnráðgjafa og smáfyrirtækjaverkefni undir kjörorðinu: „Taktu þér tak.“

Það skiptir á sama hátt höfuðmáli fyrir landsbyggðina að í tíð fyrri ríkisstjórna var unnið að hringtengingu raforkukerfisins, sama raforkuverð var lögboðið í heildsölu til allra landshluta og ákvörðun tekin um virkjanir á Norður- og Austurlandi. Jafnframt var við það miðað að innlend fyrirtæki, sem hagnýta innlenda orku og hráefni, skuli rísa úti í landshlutunum en ekki einvörðungu á Faxaflóasvæðinu.

Núverandi ríkisstjórn hefur reynt að víkja frá þessari stefnu og tekið á ný upp þjónkun við erlend auðfélög sem engu vilja til kosta að stuðla að byggðaþróun hérlendis en hugsa einvörðungu um að ná hámarksgróða út úr viðskiptum við Íslendinga.

Landsbyggðin sæki á í þjónustustarfsemi.

Vöxtur margháttaðrar þjónustustarfsemi hefur sett svip sinn á atvinnuþróun hérlendis síðustu áratugi eins og í löndum á svipuðu hagþróunarstigi. Undir heitinu þjónustustarfsemi rúmast fjölmargar atvinnugreinar sem eiga það helst sammerkt að vera ekki bein vöruframleiðsla. Hér falla undir verslun og viðskipti, flutningastarfsemi, opinber stjórnsýsla og mennta- og heilbrigðiskerfi svo að nokkuð sé nefnt.

Menn getur greint á um gildi einstakra þátta í þjónustustarfsemi og um æskilegan vöxt þeirra, m.a. í verslun og bankastarfsemi. Flestir gera ráð fyrir fjölgun starfa í þjónustu en samdrætti eða óbreyttum mannafla í frumvinnslugreinum og iðnaði. Þessu veldur aukin framleiðni, m.a. vegna vélvæðingar og sjálfvirkni.

Á mynd 4 sést vel atvinnuþróunin eftir ársverkum fyrir landið í heild í helstu atvinnugreinum á 5 ára fresti 1963–83.

Í meðfylgjandi töflu III er að finna yfirlit frá Byggðastofnun um fjölgun ársverka á öllu landinu á árunum 1964–84 sundurliðað í einstök tímabil.

Tafla III.

Meðalfjölgun ársverka á ári í landinu öllu.

	1964–70	1971–74	1975–79	1980–84
Landbúnaður	74	−108	−469	−165
Fiskveiðar og fiskiðnaður	93	97	439	367
Annar iðnaður og veitur	331	420	528	325
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	220	592	−154	261
Þjónustugreinar	1223	1934	1289	2038
Samtals	1941	2935	1632	2826
Þjónustugreinar sem hlutfall af heild	63%	66%	79%	72%

Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar var atvinnusköpun alls tímabilsins 1964–84 46 517 störf sem var 2,7% fjölgun starfa að meðaltali á ári. Lítill hluti þessarar aukningar varð í þeim atvinnugreinum, sem mest tengjast landsbyggðinni, landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu. Í landbúnaði fækkaði störfum um 3086, fjölgaði í fiskveiðum um 1112 og í fiskvinnslu um 3954. Fjölgun starfa í þessum greinum samanlagt var 1980 eða 4,3% af heildarfjölgun starfa. Stærsti hluti aukningarinnar var í þjónustugreinum. Þar bættust við 31 828 ný störf eða rúmlega 68% heildaraukningarinnar.

Í töflu II hér á undan kom fram að hlutur þjónustugreina á landsbyggðinni fór minnkandi á árunum 1980–84 en vaxandi á höfuðborgarsvæðinu. Nánari athugun varðandi árabilið 1976–82 sést í töflu IV skv. gögnum Framkvæmdastofnunar.

Tafla IV.

Fjölgun ársverka 1976—1982.

	Aðalþéttbýli höfuðborgar-svæðisins	Aðrir hlutar Suðvestur-lands	Lands-byggðin	Ísland
Grunngreinar	+817	+795	+1 736	+3 348
Þjónustugreinar	+7 563	+1 720	+2 097	+11 380
Margföldun	7 563 :817 = 9,26	1 720 :795 = 2,16	2 097 :1 736 = 1,21	11 380 :3 348 = 3,40

Hér kemur það fram að á móti hverju einu starfi í framleiðslugreinum (grunngreinum) koma rúmlega níu störf í þjónustustörfum á höfuðborgarsvæðinu en einungis rúmlega eitt úti á landi.

Það er við þessari þróun sem sérstaklega verður að sporna vilji menn í raun stöðva fólksstrauminn frá landsbyggðinni. Það verður ekki gert með því einu að rétta við rekstrarstöðu frumvinnslugreinanna, að auki verður landsbyggðin að taka til sín langtum meiri hlut í þjónustustörfum. Þar reynir á að ríkisvald og sveitarfélög veiti skynsamlega forustu um breytingar á stjórnsýslu og marki nýja farvegi fyrir það fjármagn sem að miklu leyti verður til í undirstöðugreinum á landsbyggðinni.

Einn þáttur, sem miklu skiptir, er innflutningsverslunin sem landshlutarnir þyrftu að taka í eigin hendur að verulegu leyti, svo og aðflutning á vörum, m.a. með beinum siglingum frá útlöndum.

Byggðastofnun dregur upp eftirfarandi mynd af skiptingu fólksfjölda og aldursskiptingu milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar miðað við árslok 1985:

Höfuðborgarsvæðið	131 763	54,6%
Aðrir landshlutar	109 405	45,4%
Ísland	241 168	100,0%

Eftirfarandi tafla gefur einfalda mynd af aldursskiptingu svæðanna:

Aldursskipting um áramótin 1985/1986.

	Höfuðborgar-svæðið	Aðrir landshlutar	Ísland
Undir 20 ára	33%	37%	35%
20—69 ára	60%	56%	58%
70 ára og eldri	7%	7%	7%

Um þetta sagði í drögum að ársskýrslu byggðadeildar Framkvæmdastofnunar 1985:

„Hlutfallslega fleira ungt fólk býr utan höfuðborgarsvæðisins, sjötugir og eldri eru í sama hlutfalli. Vegna þessarar aldursskiptingar kemur hlutfallslega fleira fólk inn á vinnumarkaðinn úti á landi, þ.e. sé ekki reiknað með flutningum. Framreikningur á atvinnumannafla gefur eftirtaldar niðurstöður:

Fjöldi nýliða á vinnumarkaði 1985–94 miðað við óbreytt landsmeðaltal atvinnuþátttöku.

	Fjöldi nýliða	Meðalfjölgun á ári
Höfuðborgarsvæðið	7 315	1,0%
Aðrir landshlutar	9 370	1,7%
Ísland	16 685	1,4%

Vegna mismunar á aldursskiptingu eru nýliðar meira en tveimur þúsundum fleiri utan höfuðborgarsvæðisins en innan. Markmið byggðaþróunaraðgerða er m.a. að skapa atvinnu nærri heimahögum fyrir eins mikinn hluta þessa fólks og unnt er. Reynslan hefur sýnt að

þegar þetta er mögulegt hefur fólk valið nálæga þéttbýlisstaði til búsetu. Hér er gengið út frá því að það sé ósk mikils hluta þessa unga fólks að eiga kost á framtíðarvinnu innan síns héraðs eða landshluta."

Þessar tölur tala skýru máli um það stóra verkefni sem við blasir á vettvangi byggðamála.

Samdrátturinn í húsbyggingum.

Ef litið er á 8 ára tímabil á árinu 1978–85 kemur skýrt í ljós að kollsteypa hefur orðið í íbúðabyggingum eftir landsvæðum. Nokkur samdráttur hefur orðið í íbúðabyggingum á landinu sem heild á þessu tímabili, mestur milli áranna 1984–85. Samdrátturinn bitnar hins vegar nær einvörðungu á landsbyggðinni, þar sem hlutfall íbúða sem byrjað hefur verið á árlega hefur lækkað um fullan helming. Á síðasta ári var fjöldi íbúða sem byrjað var á úti á landi nær fjórfalt minni en á árinu 1978, samtals 188 íbúðir í stað 1065. Við þetta bætist gífurlegt verðfall á húseignum í mörgum byggðarlögum.

Til að bæta stöðu landsbyggðarinnar í húsnæðismálum verður annað að koma til en mælikvarði markaðarins. Flutningsmenn þessarar tillögu telja húsnæðissamvinnufélög og búseturétt vænlegasta formið, þó einkaeign á húsnæði fái að dafna við hlið þeirra.

Í töflu V er að finna tölulegt yfirlit um fjölda nýrra íbúða sem samanlagt var byrjað á þessi ár, annars vegar í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi og hins vegar samanlagt í öðrum landshlutum.

Tafla V.

Fjöldi íbúða sem byrjað var á tímabilið 1978–85.

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Landsbyggð, fjöldi	1065	952	810	638	550	416	387	288
Landsbyggð, hlutfall	46,8%	49,2%	46,1%	38,7%	30,1%	25,6%	22,3%	23,0%
Reykjavík/Reykjanes, fjöldi	1209	981	946	1010	1278	1215	1348	969
Reykjavík/Reykjanes, hlutfall	53,2%	50,8%	53,9%	61,3%	69,9%	74,4%	77,7%	77,0%
Landið allt:	2274	1933	1756	1648	1828	1631	1735	1257

Ný tök á stjórnsýslu.

Þeir þættir eru margir þar sem opinberir aðilar geta haft áhrif á byggðaþróun ef fylgt er skilmerkilegri stefnu, ekki aðeins í atvinnuþróun heldur einnig á sviði stjórnsýslu.

Þar er hægt að breyta til með róttækum hætti og hafa með því veruleg áhrif á byggðaþróunina. Verður hér bent á nokkur atriði sem til álita koma:

1. Nýjum ríkisstofnunum og stjórnsýsluþáttum ríkisins verði í vaxandi mæli komið á fót utan höfuðborgarsvæðisins og ekki bætt við mannafla á Reykjavíkursvæðinu á vegum ríkisins eða ríkisstofnana nema í litlum mæli. Ákvörðun um slíka stefnu verði tekin í fyrstu til 10 ára og endurskoðuð að fenginni 5 ára reynslu.
2. Starfsemi stjórnarráðs og ríkisstofnana verði endurskoðuð á vegum Alþingis með það að markmiði að flytja á næstu 5 árum marga stjórnsýslu- og þjónustuþætti, sem ríkið nú hefur með höndum að hluta til, út í byggðarlögin (útibú), þar sem þeim verði komið fyrir á vegum ríkisins eða héraðsstjórna í samstarfi við sveitarfélög í landshlutunum.

   Meðal málaflokka, sem athuga ætti í þessu sambandi, eru eftirtaldir: húsnæðismál, almannatryggingar, skipulagsmál, byggðamál, menntamál, málefni safna, heilbrigðiseftirlit og rafmagnseftirlit.
3. Ýmis verkefni, sem ríkið nú hefur með höndum eða að hluta til, verði alfarið færð til sveitarfélaga í tengslum við markvissa stækkun þeirra. Endurskoðun á tekjuskiptingu

milli ríkis og sveitarfélaga haldist í hendur við slíka uppstokkun ríkiskerfisins.

Við gerð áætlunar um tilfærslu opinberrar þjónustu og ríkisstofnana verði m.a. höfð hliðsjón af áliti stofnananefndar sem skilaði af sér til stjórnvalda á árinu 1975.

Ekki er vafi á að við tilfærslu á verkefnum og mannafla skv. lið 1–3 hér að ofan mundi hafa veruleg áhrif, bæði beint með fjölgun starfa svo og til að efla sjálfstraust og atgervi innan héraða og viðkomandi byggðarlaga.

Nýtt stjórnsýslustig.

Tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á héraðsstjórnum sem kosið verði til beint með lýðræðislegum hætti samhliða sveitarstjórnarkosningum. Fái héruðin sjálfsstjórn og umsýslu í ýmsum málaflokkum sem nú eru í höndum ríkis eða ríkis og sveitarfélaga.

Héraðsstjórnirnar fái ákvörðunarvald í málum sem varða viðkomandi svæði, þar á meðal skiptingu fjármagns sem Alþingi veitir til tiltekinna málaflokka, t.d. fræðslumála, samgöngumála og heilbrigðismála.

Þá fari héruðin með ráðgefandi vald í málum sem sameiginleg eru með ríki og sveitarfélögum á viðkomandi svæði. Á vettvangi héraðsstjórna yrði einnig um að ræða margs konar samráð í málum sem varða sveitarfélög einvörðungu.

Álitamál er hversu vítt héruðin eiga að spanna landfræðilega. Kemur þar einkum til greina að miða þau við skiptingu landsins í þjónustusvæði sem samkvæmt hugmyndum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar gætu orðið rúmlega tuttugu talsins eða að miða við núverandi kjördæmaskiptingu, þ.e. utan Suðvesturlands (Reykjanes- og Reykjavíkurkjördæmi). Hvor kosturinn, sem valinn væri, er að mati flutningsmanna þessarar tillögu líklegur til að auka sjálfstæði landsbyggðarinnar og ýta undir samruna sveitarfélaga þegar til lengri tíma er litið.

Við meðferð frumvarps til nýrra sveitarstjórnarlaga á Alþingi 1985–86 flutti 1. flm. þessarar þingsályktunartillögu breytingartillögur um hérað sem nýtt stjórnsýslustig. Er viðkomandi þingskjal birt sem fylgiskjal 2 hér á eftir.

Tekjuöflun héraða og sveitarfélaga.

Hverju héraði verði ætlaðir tekjustofnar til að standa undir þeim verkefnum er verða á valdi héraðsstjórna, svo og sameiginlegum verkefnum skv. ákvörðun sveitarfélaga á viðkomandi svæði.

Tekjur, sem héraðsstjórnir fengju til ráðstöfunar, gætu komið m.a. frá eftirtöldum aðilum:

1. frá ríki skv. ákvörðun Alþingis, m.a. með hliðsjón af framleiðslustarfsemi á viðkomandi svæði miðað við verðmætasköpun næsta árs á undan;
2. frá ríkissjóði sem ákveðið hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti og þá í samræmi við íbúatölu á svæðinu;
3. frá sveitarfélagi skv. samkomulagi um sameiginleg verkefni á svæðinu;
4. frá aðilum sem hafa stóran hluta tekna sinna af viðskiptum við landsbyggðina en greiða nú aðstöðugjald til þess staðar, þar sem þeir hafa heimili og varnarþing (tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki, bankar o.s.frv.).

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög afli tekna með útsvari en með rýmri heimildum varðandi álagningarhlutfall. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga koma því aðeins til álita að nýtt hafi verið tiltekið lágmarkshlutfall við álagningu útsvars. Taka þarf tillit til aðstæðna sveitarfélaga til tekjuöflunar, m.a. að sjávarpláss þurfa að jafnaði að leggja í mun meiri tilkostnað til að afla tekna en staðir sem byggja fyrst og fremst á iðnaði og þjónustu.

Þróunarsjóðir og þróunarstofur landshluta.

Í tengslum við héraðsstjórnir innan hvers landshluta (kjördæmis) verði komið á fót **þróunarsjóðum** er taki við meginverkefnum Byggðastofnunar og fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og stórfyrirtækjum sem að meiri hluta eru í eigu ríkisins og staðsett eru í viðkomandi landshluta (orkuver, orkufrek iðnfyrirtæki). Byggðastofnun ætti að verða þjónustu- og stuðningsaðili við þróunarstofur og þróunarsjóði landshlutanna. — Héraðsstjórnir í hverjum landshluta (kjördæmi) ættu sameiginlega að starfrækja **þróunarstofur** sem ætlað sé það hlutverk að safna upplýsingum og gera tillögur um hagþróun og sameiginleg langtímaverkefni í viðkomandi landshluta.

Héraðsstjórnirnar tækju þá ákvörðun um verkefnaval þróunarstofa og settu reglur um úthlutun fjármagns úr þróunarsjóði landshlutans til nýsköpunar í atvinnulífi og brýnna sameiginlegra viðfangsefna, þar á meðal fjárveitingar til viðbótar öðrum framlögum skv. fjárhagsáætlun fyrir einstök svæði eða skv. fjárlögum Alþingis. Gera verður ráð fyrir að héraðsstjórnir komi saman nokkrum sinnum á ári og starfræki skrifstofu, sem m.a. hafi umsjón með fjárreiðum og eftirlit með störfum þróunarstofu og þróunarsjóðs.

Stækkun sveitarfélaga — þjónustusvæði.

Að mati flutningsmanna er eðlilegt að stefnt sé að auknu samstarfi og sameiningu sveitarfélaga frá því sem nú er þannig að þau nái því sem víðast að mynda lífvænlegar heildir sem rækt geti lágmarksþjónustu við íbúana og skyldur sem sveitarfélögunum eru lagðar á herðar af löggjafanum.

Slíkt samstarf og samruni sveitarfélaga hlýtur ekki síst að fara eftir landfræðilegum aðstæðum og samgöngum þannig að úr verði starfhæf þjónustusvæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti.

Við sameiningu fámennra sveitarfélaga innbyrðis eða við fjölmennari sveitarfélög er eðlilegt að gera áfram ráð fyrir sjálfsstjórn hreppanna í þeim málum er snerta fyrst og fremst íbúa innan þeirra, svo sem barnafræðslu (skólasel), fjallskil og félagsheimili. Þannig verði kosin sérstök **hreppsráð** í dreifbýli í stað hreppsnefnda samhliða sveitarstjórnarkosningum og fari þau með sérstök málefni er varða íbúa hreppsins skv. framansögðu í samráði við sveitarstjórn svæðisins.

Með þessari sveigjanlegu skipan á í senn að vera unnt að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og viðhalda með eðlilegum hætti þeirri valddreifingu sem nú er innan fámennra sveitarfélaga.

Eðlilegt er að ríki og héraðsstjórnin hvetji til sameiningar sveitarfélaga með félagslegum og fjármálalegum ráðstöfunum án þess að til valdboðs þurfi að koma. Þýðingarmikið atriði í þeirri nýskipan byggðamála, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, er að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga þannig að ákveðin lágmarksstærð náist innan landfræðilega skynsamlegra marka.

Byggðanefnd þingflokkanna.

Vorið 1984 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra svonefnda byggðanefnd þingflokkanna undir forustu Lárusar Jónssonar, bankastjóra Útvegsbankans, og eiga fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum sæti í henni.

Byggðanefnd þingflokkanna.

Nefnd þessi sendi erindi til þingflokka 27. febrúar 1985 (fylgiskjal 4), þar sem beint var til þeirra spurningum, m.a. um það hvað stjórnsýslustig í landinu eigi að vera mörg. Eftir umræðu í þingflokki Alþýðubandalagsins lá það fyrir, að meiri hluti var fylgjandi hugmyndinni um þriðja stjórnsýslustigið. Sama viðhorf kom fram í svari þingflokks Alþýðuflokksins og Kvennalistans. Hins vegar vísaði þingflokkur Framsóknarflokksins til

þess í bréfi 27. febrúar 1986 „að flestir þingmenn Framsóknarflokksins styðja frumvarp til laga um sveitarstjórnarmál, þar sem gert er ráð fyrir mjög takmörkuðu þriðja stjórnsýslustigi . . .". Í svari þingflokks sjálfstæðismanna þann 2. júní 1986 segir m.a.: „Sjálfstæðisflokkurinn hefur hafnað hugmyndum um þriðja stjórnsýslustigið og telur að tvö stjórnsýslustig nægi."

Af þessum viðbrögðum er ljóst að í þingliði núverandi stjórnarflokka er lítill sem enginn stuðningur við nýtt stjórnsýslustig, héruð eða fylki, en hins vegar nýtur hugmyndin um það stuðnings meiri hluta hjá þingflokkum stjórnarandstöðunnar.

Álit Byggðanefndar þingflokkanna.

Í júlí 1986 sendi Byggðanefnd þingflokkanna frá sér álit í formi skýrslu undir heitinu „Þróun byggðar, atvinnulífs og stjórnkerfis". Eru meginniðurstöður nefndarinnar birtar sem fylgiskjal 5 með þessari þingsályktunartillögu.

Um leið og það er álit nefndarinnar að styrkja beri sveitarstjórnarstigið er það niðurstaða hennar orðrétt, „að verulegum árangri í valddreifingu og virkara lýðræði verði ekki náð með slíkum ráðstöfunum einum saman. Til þess að auka svo nokkru nemi „völd og áhrif landsmanna allra óháð búsetu þeirra" þurfi að koma til þriðja stjórnsýslustigið, sem taki við umtalsverðum verkefnum og tekjum fyrst og fremst frá ríkinu.

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir á ýmsum atriðum varðandi útfærslu og umfang hugsanlegs þriðja stjórnstigs eru nefndarmenn sammála um, að umdæmi þess eigi að vera stór, t.d. núverandi kjördæmi. Nefndin telur að beinar kosningar eigi að vera til þessa stjórnstigs, t.d. í tengslum við sveitarstjórnarkosningar. Á þann hátt einan verður pólitískur styrkur sem næst í hlutfalli við fylgi kjósenda í hverju heimastjórnarumdæmi hverju sinni."

Það liggur því fyrir að helstu áherslurnar í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er flutt í þriðja sinn á Alþingi falla saman við niðurstöður Byggðanefndar þingflokkanna sem er að finna í áliti nefndarinnar frá í júlí 1986.

Umsagnir.

Tillaga þessi var fyrst lögð fram seint á 107. löggjafarþingi og endurflutt í byrjun þings haustið 1985. Var henni þá vísað til félagsmálanefndar sameinaðs þings sem leitaði umsagnar hjá mörgum aðilum. Þeir sem gáfu umsögn um tillöguna tóku flestir jákvætt undir efni hennar og mæltu með að hún yrði samþykkt. Þeir sem mæltu með samþykkt tillögunnar voru stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, formaður dreifbýlisnefndar Sambands ísl. sveitarfélaga, stjórnir samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, á Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi. Stjórn Fjórðungssambands Norðlendinga taldi tillöguna athyglisverða og rétt að hún fengi þinglega meðferð. Gaf stjórnin ábendingar um nokkrar breytingar. Starfsmenn Byggðastofnunar gáfu ítarlega umsögn en sáu „ekki ástæðu til að mæla með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu nú".

Umsagnir sem bárust til félagsmálanefndar á síðasta þingi eru allar birtar sem fylgiskjal 1 með tillögunni.

Þrátt fyrir jákvæðar umsagnir afgreiddi félagsmálanefnd ekki tillöguna aftur til þingsins. Tillagan er nú endurflutt með lítils háttar breytingum, en ýmsar nýjar upplýsingar koma fram í greinargerð.

Fylgiskjöl:

1. Umsagnir um þingsályktunartillögu um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarstjórna á 108. löggjafarþingi 1985–86.
2. Breytingartillögur við frumvarp til sveitarstjórnarlaga í mars 1986 frá Hjörleifi Guttormssyni.
3. Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um framlög ríkissjóðs til opinberra framkvæmda 1982–85.
4. Byggðanefnd þingflokkanna — erindi til formanna þingflokka frá 27. febrúar 1985.
5. Niðurstöður Byggðanefndar þingflokkanna í skýrslu í júlí 1986: Þróun byggðar, atvinnulífs og stjórnkerfis.
6. Fólksflutningar innanlands 1971–85. Byggðastofnun, október 1986.
7. Ársverk og meðallaun eftir kyni, svo og atvinnuþátttaka á árinu 1984. Byggðastofnun, febrúar 1986.
8. Byggðasjóður: Skipting samþykktra lána og styrkja árið 1985. Byggðastofnun, 1985.
9. Afstaða ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar til nefndarálits um flutning ríkisstofnana, apríl 1978.
10. Helstu niðurstöður úr skýrslu samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ágúst 1983.
11. Lög um Byggðastofnun, nr. 64/1985.

Fylgiskjal I.

UMSAGNIR
um till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.
(108. löggjafarþing 1985–86, 3. mál.)

I

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavík, 27. desember 1985.

Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga 13. þ.m. var lagt fram bréf félagsmálanefndar sameinaðs Alþingis dags. 22. f.m. þar sem leitað er umsagnar um till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, 3. mál.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti að mæla með samþykkt tillögunnar.

Þetta tilkynnist háttv. þingnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.

II

Dreifbýlisnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með bréfi dagsettu 22. nóv. s.l. óskar félagsmálanefnd sameinaðs Alþingis eftir umsögn dreifbýlisnefndar Sambands ísl. sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Ekki hefur verið fært að boða dreifbýlisnefndina saman á þessum tíma og er því meðfylgjandi aðeins skoðanir undirritaðs og ber að skoðast sem slíkar, en þó byggðar á störfum að sveitastjórnarmálum og umfjöllun sveitastjórnarmanna um þetta mál.

Undirritaður er sammála því meginmarkmiði að mörkuð verði þróttmikil byggðastefna í landinu og að mikilvægt sé í því sambandi að færa meiri ábyrgð heim í héruð eða landshluta.

Þá held ég að margt af því er fram kemur í tillögunni falli að skoðunum dreifbýlisbúa og gæti orðið styrkur fyrir þjóðarheildina jafnframt því að styrkja hin einstöku byggðarlög.

Eitt mikilvægt atriði í þessu sambandi er að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði markvissari og við alla tilfærslu verkefna verði þess gætt að aðstaða þjóðfélagsþegnanna verði sem jöfnust.

Virðingarfyllst.

Fremstagili, 10. jan. 1986.

Valgarður Hilmarsson.

III

Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Borgarnesi, 15. 4. 1986.

Á stjórnarfundi, sem haldinn var í gær, var eftirfarandi bókað:

„Lagt var fram bréf félagsmálanefndar sameinaðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, 3. mál.

Samþykkt var að mæla með samþykkt tillögunnar. Stjórnin tekur undir þær ábendingar sem þar koma fram um þá þætti í byggðastefnu sem sérstaklega þarf að vinna að.

Íbúaþróun síðustu ára veldur stjórn samtakanna miklum áhyggjum og við teljum því nauðsynlegt að stjórnvöld marki nú þróttmikla byggðastefnu í samvinnu við fulltrúa landsbyggðar. Mikilvægt atriði í nýrri byggðastefnu verði aukin dreifing valds og opinberrar þjónustu."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Ingvi Stefánsson.

IV

Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Ísafirði, 8. apríl 1986.

Hér með er send umsögn stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um þetta mál sem óskað var eftir í bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. nóvember s.l.

Umsögn:

Það er meginstefna Fjórðungssambands Vestfirðinga að æskilegt og eðlilegt sé að efla sveitarfélögin sem stjórnsýslueiningar með frjálsri sameiningu þeirra, eftir því sem landfræðilegar og félagslegar aðstæður leyfa. Lagst er gegn lögþvingaðri sameiningu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur rétt, með tilliti til þess að unnt sé að flytja aukið vald og verkefni frá ríkisvaldinu nær hinum almenna kjósanda, að fyrir hendi sé stjórnstig milli ríkisins og sveitarfélaganna sem taki við verkefnum sem einstök sveitarfélög eru ekki fær um að annast. Stjórnstig þetta eigi að vera með líkum hætti og núverandi landshlutasamtök, kosningarréttur og kjörgengi til ársfunda og í stjórn sé hjá kjörnum sveitarstjórnarmönnum og varamönnum þeirra svo og kjörnum bæjar- og sveitarstjórum. Kveðið sé á um slík stjórnstig í sveitarstjórnarlögum. Fullnægjandi tekjustofnar fylgi verkefnum.

Þetta millistjórnstig hafi m.a. á hendi að móta með stjórnvöldum byggðastefnu í umdæminu og annast um framkvæmd hennar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða
Jóhann T. Bjarnason.

V

Fjórðungssamband Norðlendinga.

Akureyri, 19. desember 1985.

Með tilvísun til bréfs yðar 22. nóvember s.l. þar sem nefndin óskar umsagnar Fjórðungssambands Norðlendinga um tillögu til þingsályktunar á þingskjali 3 um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga hefur fjórðungsstjórn á fundi sínum 13. desember þ.m. samþykkt að láta í té eftirfarandi umsögn:

„Fjórðungsstjórn telur tillögu til þingsályktunar á þinskjali 3 vera athygli verða og telur rétt að tillagan fái þinglega meðferð á Alþingi.

Í því sambandi telur fjórðungsstjórn rétt að gera við tillöguna nokkrar athugasemdir til að gera tillöguna gleggri og um leið skilmerkilegri.

Fyrirsögnin orðist svo: Um valddreifingu og byggðastefnu.

Við 2. málslið er gerð sú athugasemd að í stað orðanna „að flytja heim í hérað“ komi: að flytja til landsbyggðarinnar. Jafnframt falli niður setningin sem hefst á orðunum „Jafnframt verði greitt fyrir sameiningu sveitarfélaga“ o.s.frv. Þessi ákvæði eru óþörf í þessu tilviki.

Síðasta setning 3. málsliðar orðist svo: að flytja verkefni Byggðasjóðs og Byggðastofnunar til landshlutasamtaka sveitarfélaganna sem fái fjármagn frá ríkinu“. Nægar eru

fjárhagsskuldbindingar sveitarfélaganna vegna byggðaverkefna þótt þeim sé ekki skylt að fjármagna Byggðasjóð.

Niðurlag tillögunnar orðist svo: Ríkisstjórn leggi fyrir Alþingi haustið 1986 tillögur um valddreifingu og byggðastefnu.

Fjórðungsstjórn tekur ekki afstöðu til forsendna í greinargerð eða til annarra efnisatriða, enda skyldi umsögnin aðeins fjalla um efni tillögunnar sjálfrar."

Þess er vænst að umsögn þessi komi að notum.

Fh. Fjórðungssamb. Norðlendinga
Áskell Einarsson.

VI

Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Höfn, 17. mars 1986.

Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sem haldinn var á Egilsstöðum 12. mars s.l., var tekið fyrir erindi frá félagsmálanefnd sameinaðs Alþingis vegna þingsályktunartillögu um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, 3. mál.

Eftirfarandi bókun gerð:

„Í umræðum kom fram jákvæð afstaða stjórnar til tillögu þessarar í öllum meginatriðum. Þó guldu stjórnarmenn nokkurn varhug við 5. lið greinargerðarinnar með tillögunni varðandi þriðja stjórnsýslustigið.

Stjórnin lýsti sig samþykka tillögunni."

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar S.S.A.
Sigurður Hjaltason.

VII

Selfossi 18. desember 1985.

Á fundi stjórnar SASS 13. des. var þessi tillaga til þingsályktunar rædd og eftirfarandi bókað:

„Stjórn SASS tekur heilshugar undir tillöguna."

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SASS,
Hjörtur Þórarinsson,
framkvæmdastjóri.

VIII

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

6. jan. 1986.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur rætt tillögu til þingsályktunar um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Stjórn SSH telur ekki rétt að taka afstöðu til annarra atriða en þess að slík byggðastefna og valddreifing verði til að efla lýðræði og lýðræðisleg vinnubrögð í landinu enn frekar.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SSH,
Gestur Ólafsson, framkvstj.

IX

Samtök um jafnrétti milli landshluta.

Akureyri, 16. des. 1985.

Stjórn Samtaka um jafnrétti milli landshluta hefur tekið fyrir tillögu til þingslályktunar um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Niðurstaða stjórnar er þessi: Í umræðum Samtakafólks hefur miðstýring byggðastefnu sem lausn á stjórnunarvanda landsins oft borið á góma. Sakir misvondrar reynslu af byggðastefnum hingað til hafa lyktir þó ávallt verið þær að þeim sé ekki að treysta vegna mismunandi stefnu og síbreytilegra áherslna stjórnvalda. Ekki þarf að líta langt um öxl til að finna rök fyrir þessari skoðun.

Miðstýring fjármála og tilheyrandi hringrás fjárins hafa einnig valdið firringu og tortryggni milli landshluta ásamt takmörkuðum skilningi margra á því hverjar uppspretturnar eru.

Þess vegna telur stjórn samtakanna nauðsynlegt að framkvæma róttækan uppskurð á innviðum stjórnarfarsins og gera breytingar sem tryggja efnahagslegt sjálfsforræði og sjálfsögð réttindi allra landshluta og leggja kjölinn að heilbrigðu efnahagskerfi til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Þetta krefst að sjálfsögðu verulegra breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins.

Vísað er til draga að stjórnarskrá sem nefnd á vegum samtakanna hefur gert og vinnur nú að endurbótum á.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka um jafnrétti milli landshluta,

Virðingarfyllst,
Magnús Kristinsson,
starfsmaður SJL.

X

Byggðastofnun.

Reykjavík, 16. apríl 1986.

Byggðastofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Fagna ber þeim áhuga á byggðamálum sem kemur fram hjá flytjendum þessarar tillögu. Byggðastofnun telur að nauðsynlegt sé að endurskoða byggðastefnu í ljósi nýrra staðreynda og að byggðaþróun síðustu ára og horfur næstu ára gefi tilefni til aukins átaks í byggðaþróunarstarfsemi. Mikilvægur þáttur í slíku átaki verður að finna hagkvæmar leiðir til að dreifa opinberri þjónustu og stjórnsýslu um landið.

Byggðastofnun er sammála höfuðefnisatriðum tillögunnar þótt gerðar séu athugasemdir við ýmis smærri atriði. Hins vegar telur stofnunin að það hafi m.a. verið tilgangur með setningu laga um Byggðastofnun, sem er fyrsta þróunar- og stjórnsýslustofnun íslenska ríkisins sem hafa skal byggðaþróun sem sitt eina verkefni, að koma á fót stofnun sem fær væri um að undirbúa nýja stefnumótun á sviði byggðamála og einnig að framfylgja henni fyrir hönd ríkisins með skipulegum hætti.

Þá vinnur nú sérstök nefnd þingflokkanna, með aðstoð Byggðastofnunar, að álitsgerð um eflingu byggðaþróunarstarfs og þá m.a. hvernig efla megi stjórnkerfi landsbyggðarinnar til að takast á við vandamál byggðaþróunar. Álit þessarar nefndar verður lagt fyrir alla þingflokkana og mun verða nýr umræðugrundvöllur fyrir þessi mál.

Með hliðsjón af framansögðu, og með vísun til meðfylgjandi greinargerðar, sér Byggðastofnun ekki ástæðu að mæla með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu nú.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Malmquist,
Bjarni Einarsson.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Greinargerð.

Byggðastofnun hefur fjallað um efni ofangreindrar tillögu og gerir hér á eftir grein fyrir viðhorfum sínum til hennar. Eðli málsins samkvæmt hefur umsögn stofnunarinnar ekki verið borin undir stjórn stofnunarinnar. Afstaða stofnunarinnar til tillögunnar byggist m.a. á þeirri skoðun að setning laga um Byggðastofnun hafi verið aðgerð til að efla byggðaþróunarstarf og til að auðvelda raunhæfa stefnumótun á þessu sviði. Stofnunin, sem nú er hálfs árs gömul, vinnur að mótun þeirrar byggðastefnu sem hæfir aðstæðum nútímans og fyrirsjáanlegrar framtíðar, annars vegar á eigin vegum og hins vegar í samstarfi við byggðanefnd þingflokkanna. Þess vegna m.a. er varla tímabært að Alþingi álykti um þessi mál einmitt núna. Auk þess gerir Byggðastofnun athugasemdir við ýmis atriði tillögunnar eins og fram kemur hér á eftir.

Þingsályktunartillögunni fylgja upplýsingar um þróun byggðar í landinu. Fram kemur að þróun byggðar breytti mjög um stefnu um síðustu áratugamót og hafa flutningar fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins farið vaxandi síðan, ár frá ári. Sterkar líkur eru leiddar fyrir framhaldi sams konar byggðaröskunar verði hagþróun svipuð og undangengin ár og ef meginhluti nýrra þjónustustarfa verður áfram til á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessum upplýsingum er sá hluti ályktunartillögunnar m.a. byggður, að marka þurfi nýja og þróttmikla byggðastefnu og hefja þegar aðgerðir til mótvægis við yfirstandandi byggðaröskun. En auk þess er í tillögunni að finna hugmyndir um aðgerðir á ýmsum sviðum til þess ætlaðar að ná þessu markmiði.

Meiri hluti ungs fólks í landinu á heima utan höfuðborgarsvæðisins. Velji mikill hluti þessa hóps sér bústað á höfuðborgarsvæðinu mun það leiða til samdráttar víða á landsbyggðinni. Slíkt ástand veldur aukinni framkvæmdaþörf á höfuðborgarsvæðinu en vannýtingu fjármuna þar sem fækkunin verður. Mestur hluti þeirra náttúruauðlinda, sem við munum byggja hagvöxt okkar á á komandi árum, er á landsbyggðinni. Þessi og fleiri rök má færa fyrir því að mikil röskun byggðar í þá veru sem verið hefur undanfarin ár sé þjóðfélaginu mjög óhagkvæm og að gera þurfi það sem unnt er til að beina þróuninni inn á hagkvæmari brautir. Ólíklegt er þó að byggðaþróun næsta áratugar leiði til óbreytts mynsturs byggðar í landinu, enda er það ekki sérstakt markmið. Forsenda byggðastefnu er að hún samræmist þeirri almennu efnahagsstefnu og uppbyggingarstefnu, sem ríkjandi er í þjóðfélaginu. Þann fyrirvara verður þó að gera að byggðastefna verður að vera langtímastefna.

Þær atvinnugreinar, sem vænta má að geti orðið undirstöður hagvaxtar til viðbótar fiskveiðum og fiskiðnaði, hljóta sumar að byggjast fyrst og fremst upp á landsbyggðinni. Loðdýrarækt, fiskirækt og ferðamannaþjónusta eru þannig greinar. Aðstæður í landshlutum eru á margan hátt ólíkar. Byggðastefna hlýtur að taka verulegt tillit til sérkosta þeirra hvers um sig.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram sú skoðun að meginmarkmið þeirrar byggðastefnu, sem marka eigi, skuli vera „að snúa sem fyrst við fólksflótta utan af landi til höfuðborgarsvæðisins og tryggja íbúum landsbyggðarinnar eðlilega hlutdeild í þeim arði sem þeir leggja til þjóðarbúsins". Hvorugt þessara markmiða er orðað þannig að ótvírætt sé hvað við er átt. Skilja mætti orðalag fyrra markmiðsins þannig að fleiri skuli flytja frá höfuðborgarsvæðinu en til þess. Miðað við þá atvinnuþróun sem væntanlega verður á næstu árum er slíkt markmið ekki raunhæft.

Skilyrði jafnvægis í fólksflutningum er að a.m.k. helmingur hagvaxtarins verði utan höfuðborgarsvæðisins, ekki einungis þannig, að störfin í framleiðslugreinunum verði til þar heldur einnig verulegur hluti þjónustustarfanna sem þeim fylgja. Hvort þetta er hægt skal ósagt látið. Raunar er spurning hvort markmiðum skynsamlegrar byggðastefnu sé ekki fullnægt ef framfarir verða álíka örar um landið mestallt, þannig að aðstæður fólks verði álíka og tekjumöguleikar nokkuð jafnir. Mjög líklegt er að áframhald verði á nettóflutningi fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar ekki síst af því að þjónustugreinar verða aðalvaxtargreinar framtíðarinnar. Þær eru og verða sterkastar á höfuðborgarsvæðinu.

Hins vegar er hætta á að ef ekki er rekin öflug byggðastefna verði alls engar framfarir víða um land og að landsbyggðin öll dragist aftur úr í lífskjörum og hagvexti. Það mótvægi sem fyrst og fremst þarf að koma til er atvinnuþróunarstarf tengt verulegu fjármagni.

Í þingskjalinu eru nefndar ákveðnar aðgerðir til þess ætlaðar að ná þeim markmiðum sem sett eru um betra byggðajafnvægi. Sumar þessarar aðgerða eru nefndar í texta tillögunnar, aðrar í sérstakri upptalningu. Í þessari umsögn hafa aðgerðirnar verið flokkaðar saman til hagræðis. Rétt er enn að minna á að á vegum þingflokkanna starfar nefnd að undirbúningi tillagna um byggðamál bæði að því er varðar aðgerðir hins opinbera og breytingar á stjórnkerfi. Þessi nefnd hefur notið aðstoðar sérfræðinga Byggðastofnunar. Um nánari umfjöllun þeirra aðgerða sem hér eru nefndar vísast til þeirrar nefndar og væntanlegrar skýrslu hennar.

1. Atvinnumál.

Ljóst er af fenginni reynslu að ef þróun byggðar á að vera í jafnvægi verður að fara fram alhliða atvinnuþróun á landsbyggðinni. Á „byggðajafnvægisárunum", 1975–79, var hlutdeild landsbyggðarinnar í nýjum störfum 49%. Langmestur hluti nýrra starfa í útvegs- og fiskvinnslugreinum varð til á landsbyggðinni, eða 81%. En auk þess urðu 56% nýrra starfa í iðnaðar- og byggingariðnaðargreinum til þar og 36% starfa í þjónustugreinum. Frá 1980 hefur hlutdeild landsbyggðarinnar í nýjum störfum farið lækkandi. Árið 1984 var hlutdeild landsbyggðar í nýjum störfum fallin niður í 22% og í þjónustustörfum einnig niður í sama hlutfall. Á tímabilinu 1975 til 1979 var 79% nýrra starfa í landinu öllu í þjónustugreinum, en það hlutfall var komið í 94% árið 1984.

Allar almennar aðgerðir til að bæta stöðu sjávarútvegs og landbúnaðar munu að sjálfsögðu verða til þess að bæta stöðu landsbyggðarinnar vegna hins þunga vægis þessarar greina þar. Hvort hún haldi hlut sínum í framleiðslugreinunum af almennum aðgerðum einum saman er þó vafasamt. Hins vegar er ljóst að mun erfiðara verður undir fæti að halda jafnvægi að því er þjónustustörfin varðar.

2. Þróunarstarf.

Í tillögunni eru taldar upp allmargar aðgerðir til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni. Allar eru þessar hugmyndir góðra gjalda verðar. Þær hafa flestar eða allar verið í umræðu og sumum þeirra hefur verið beitt þótt í takmörkuðum mæli hafi verið. Þessar aðgerðir geta fallið undir samheitið *þróunarstarf*. Hér er fyrst og fremst um að ræða skipuleg vinnubrögð sem byggjast mjög á því að opinberar stofnanir, hagsmunasamtök, aðilar í héraði, sveitastjórnir og löggjafarvaldið taki höndum saman um eflingu atvinnulífs. Ná verður yfirsýn yfir vandamál og möguleika atvinnugreina sem landsvæða á sem stystum tíma. Til þess að það geti gerst verður að vera til vel skipulagt upplýsingakerfi og virk tengsl stjórnkerfis og landsbyggðar. Gamla hugmyndin um gerð umfangsmikilla áætlana í tiltölulega einangraðri stofnun, sem síðan notar eigið fjármagn til að framkvæma þær, á ekki lengur við.

Byggðastofnun er að reyna að tileinka sér fyrrnefndu vinnubrögðin. Reynslan á hins vegar eftir að skera úr um hversu góðum tökum stofnunin getur náð á þessum málum. Þessa starfsemi verður að byggja upp þannig að hún verði virk, ráði við vandamálin en verði ekki of dýr. Stefnt er að skipulegri þróunarstarfsemi í öllum landshlutum að frumkvæði heimaaðila og með aðstoð lítillar stofnunar á vegum ríkisins.

3. Efling heimaaðila.

Í þingsályktunartillögunni eru nefndar aðgerðir til að efla stofnanir landsbyggðarinnar. Annars vegar er lagt til að komið verði á valddreifingu með því að flytja heim í héruð verkefni til lýðræðislega kjörinna stjórna og að greitt verði fyrir sameiningu sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar en nú er. Hins vegar er lagt til að hluti af stjórnsýslu- og þjónustuþáttum ríkisins verði með skipulegum hætti færðir út í landshlutana og að stofnunum á vegum ríkisins verði í auknum mæli valinn staður á landsbyggðinni. Loks er svo lagt til að verkefni Byggðasjóðs (nú Byggðastofnunar) verði flutt til sérstakra þróunarsjóða á landsbyggðinni sem fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Byggðaþróunarstarfið getur ekki farið fram eingöngu innan ríkiskerfisins eins og nefnt var hér að framan. Leita verður hagkvæmra leiða til að skipuleggja þróunarstarf í öllum landshlutum. Æskilegt er að það geti verið að sem mestu leyti í höndum heimamanna sjálfra og sem mest að frumkvæði þeirra. Aðild ríkisstofnunar að stað- og svæðabundnu þróunarstarfi verður þó ávallt nauðsynleg því hagkvæmara er að ríkisstofnun afli ýmiss konar þekkingar og miðli henni en að heimaaðilar geri það hver fyrir sig.

Tvímælalaust er nauðsynlegt að skipuleggja stjórnkerfi landsins þannig að það ráði við þau verkefni sem fylgja nútímaþjóðfélagi og nútímaþróun. Öllum sem að hafa komið má þó vera ljóst hversu erfitt er að hrinda í framkvæmd hugmyndum um breytingar á því.

Lengi hefur verið til umræðu nýtt stig stjórnsýslu á milli ríkis og sveitarfélaga sem tekið geti við ýmsum verkefnum af ríkinu og þannig stuðlað að valddreifingu. Einnig mundi slíkt millistig væntanlega taka að sér einhver verkefni af smæstu sveitarfélögunum.

Í þingsályktunartillögunni er minnst á að stofnunum ríkisins verði í vaxandi mæli valinn staður úti á landi og þar verði byggðar upp stjórnsýslumiðstöðvar ríkisins. Þetta eru ekki nýjar hugmyndir. Á árinu 1975 skilaði sérstök nefnd, sem skipuð hafði verið til að fjalla um flutning ríkisstofnana út á land, áliti. Nefndin setti fram tillögur um heildarflutning ákveðinna stofnana og um hagkvæma aðferð, kerfi stjórnsýslumiðstöðva, til að dreifa þjónustu og stjórnsýslu ríkisins um landið. Þessar tillögur fengu litla umfjöllun á sínum tíma og hjá mörgum urðu viðbrögð við þeim neikvæð. Því kann að hafa valdið að nefndin hafi gengið of langt í tillögugerð um heildarflutning stofnana, jafnvel stofnana sem höfðu talsverð miðstjórnartengsl. Einnig var þá komið fram að reynsla annarra þjóða af heildarflutningi stofnana var misjöfn og víða slæm. Ástæða þess var sú að í reynd er stofnun fyrst og fremst starfsfólk hennar, þekking þess, kunnátta og reynsla. Þegar meginhluti starfsfólks fylgdi ekki „stofnun" sinni til nýs staðar var í raun og veru verið að leggja hana niður og byggja upp frá grunni að nýju. Þetta olli miklum erfiðleikum hjá viðskiptaaðilum stofnana og kostnaði hjá ríkinu. Öðru máli getur gegnt um nýjar stofnanir og nýjar stjórnsýslumiðstöðvar sem hvort eð er eru að mestu leyti byggðar upp frá grunni. Flutningur eldri stofnana er mjög vandasamt mál sem kanna verður mjög vandlega í hvert skipti.

Varðandi tillögur um skiptingu á byggðaþróunarfé milli þróunarsjóða landsbyggðarinnar telur Byggðastofnun æskilegt að slíkir sjóðir verði efldir og vill fyrir sitt leyti stuðla að því. Engu að síður er hverri ríkisstjórn nauðsynlegt að hafa uppi byggðastefnu og geta stuðlað að framkvæmd hennar með ráðstöfun fjármagns.

Fylgiskjal II.

BREYTINGARTILLÖGUR HJÖRLEIFS GUTTORMSSONAR VIÐ FRV. TIL SVEITARSTJÓRNARLAGA

1. Við 6. gr. Í stað 5. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:
   Sett skal á fót nýtt stjórnsýslustig, héruð, milli ríkis og sveitarfélaga til að treysta byggð í landinu, koma á virku lýðræði og dreifa valdi frá ríki til landshluta.
   Verkefni, sem sýslunefndum hafa verið falin með lögum, skulu falla til héraða nema sveitarfélög komi sér saman um annað.
2. Við IX. kafla (97.–105. gr.). Kaflinn orðist svo:

IX. KAFLI
Um héruð.

97. gr.

Landinu skal skipt í héruð svo sem hér segir:

1. **Suðurnes.**
   Nær yfir Gullbringusýslu, Grindavíkur-, Keflavíkur- og Njarðvíkurkaupstað.
2. **Kjalarnes.**
   Nær yfir Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfjarðar-, Seltjarnarnes-, Kópavogs- og Garðakaupstað.
3. **Vesturland.**
   Nær yfir Vesturlandskjördæmi.
4. **Vestfirðir.**
   Nær yfir Vestfjarðakjördæmi.
5. **Norðurland vestra.**
   Nær yfir Norðurlandskjördæmi vestra.
6. **Norðurland eystra.**
   Nær yfir Norðurlandskjördæmi eystra.
7. **Austurland.**
   Nær yfir Austurlandskjördæmi.
8. **Suðurland.**
   Nær yfir Suðurlandskjördæmi.

98. gr.

Héruð taka við svæðisbundnum verkefnum frá ríkinu eftir því sem fjármagn og tekjustofnar leyfa og Alþingi og viðkomandi héraðsþing samþykkja. Einnig geta sveitarfélög innan héraða falið þeim stjórn eða umsjá sameiginlegra mála að fengnu samþykki héraðsþinga.

Færa skal frá ríki til héraða hið fyrsta m.a. eftirtalda málaflokka að því er varðar svæðisbundin verkefni:

húsnæðismál,
almannatryggingar,
skipulagsmál,

byggðamál,
menntamál,
þjóðminjavernd,
heilbrigðismál,
vegamál,
orkumál,
opinbert eftirlit (með rafmagni, heilbrigði, öryggi og annarri hliðstæðri starfsemi),
ráðgjöf í atvinnumálum.

Samhliða slíkri tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða skal dregið úr umsvifum stjórnarráðsins og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu.

99. gr.

Tekjustofnar héraða skulu vera:

a. Framlög frá ríki samkvæmt fjárlögum, skipt svæðisbundið á málaflokka sem héruð yfirtaka frá ríkinu.
b. Hluti af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti skv. ákvörðun Alþingis, skipt á héruð í samræmi við íbúatölu.
c. Aðstöðugjald frá fyrirtækjum og stofnunum sem eru að fullu eða að hluta til í eigu ríkisins, svo og frá aðilum sem fá stóran hluta tekna sinna af viðskiptum víða um land (tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki, bankar og hliðstæð fyrirtæki). Hlutfallsleg álagning slíks gjalds og skipting þess á héruð skal ákveðin í sérlögum.
d. Frá sveitarfélögum skv. samkomulagi um sameiginleg verkefni er héruð taka að sér að sinna.

100. gr.

Héraðsþing fara með málefni héraða, þar á meðal skiptingu fjármagns til framkvæmda og rekstrar í málaflokkum sem héruð taka að sér, sbr. 98. gr.

Til héraðsþinga skal kosið í almennum hlutfallskosningum fjórða hvert ár, um leið og kosið er til sveitarstjórna, skv. nánari reglum í kosningalögum.

Fjöldi fulltrúa á þingi hvers héraðs skal vera fimmföld tala alþingismanna sem kjörnir eru í viðkomandi kjördæmi þar sem saman fara mörk héraðs og kjördæmis. Í Suðurnesja-héraði skal kjósa 30 fulltrúa á héraðsþing og í Kjalarnes-héraði 60 fulltrúa.

Kjósa skal jafnmarga varamenn á héraðsþing af hverjum lista og aðalmenn eru.

Alþingismenn viðkomandi kjördæma eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti, svo og varamenn þeirra.

Einnig eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti fulltrúar frá sveitarstjórnum í héraðinu, einn frá hverjum lista sem fengið hefur kjörinn fulltrúa í sveitarstjórn, svo og sveitarstjórar. Sveitarstjórn, sem kosin hefur verið óhlutbundinni kosningu, hefur á sama hátt heimild til að senda einn fulltrúa á héraðsþing.

Kostnað af setu alþingismanna á héraðsþingum greiðir Alþingi samkvæmt nánari reglum. Kostnað af þátttöku fulltrúa sveitarstjórna á héraðsþingum greiða viðkomandi sveitarfélög.

101. gr.

Héraðsþing skulu koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í janúar- og septembermánuði, og er hinn síðari fundur aðalfundur. Í janúar skal skipt fjármagni til einstakra verkefna, m.a. á grundvelli fjárlagaafgreiðslu.

Héraðsþing kýs árlega héraðsstjórn með hlutfallskosningu og skulu stjórnarmenn eigi vera færri en sjö.

Héraðsstjórn fer með málefni héraðsins milli héraðsþinga og í umboði þeirra. Hún ræður framkvæmdastjóra fyrir héraðið, undirbýr mál fyrir héraðsþing og hefur umsjón með viðfangsefnum í samvinnu við hlutaðeigandi.

102. gr.

Um réttindi og skyldur héraðsþingmanna gilda ákvæði IV. kafla laga þessara eftir því sem við á.

Héraðsþing skal setja sér samþykkt um fundarsköp, stjórn og starfshætti er senda skal félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Á fyrsta fundi eftir kosningu héraðsþings skal kjörinn þingforseti og varaþingforseti.

Aldursforseti héraðsþings kveður það saman til fyrsta fundar og stjórnar kjöri þingforseta.

103. gr.

Kostnaður af störfum héraðsþings greiðist af tekjustofnum héraðsins, þar á meðal þóknun til héraðsþingmanna.

Reikningsár héraðsþings er almanaksárið.

Héraðsþing kýs tvo endurskoðendur reikninga sinna og tvo til vara.

Aðalfundur héraðsþings úrskurðar um ársreikninga næstliðins árs og skulu þeir sendir ráðuneyti eftir staðfestingu þeirra.

104. gr.

Héraðsþing skal í janúarmánuði ár hvert afgreiða fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda hana ráðuneyti og fjárveitinganefnd Alþingis. Fjárhagsáætlunin skal einnig send öllum sveitarstjórnum í héraðinu til kynningar.

Ekkert gjald má greiða úr héraðssjóði nema heimild sé fyrir því í fjárhagsáætlun, ákvæði um það í lögum eða fyrir liggi samkomulag ef sveitarstjórnir eiga í hlut.

105. gr.

Héruð taka við eignum og skuldum sýslufélaga í héraðinu við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna ákvæða laga þessara um héruð sem þriðja stjórnsýslustig skal strax sett á fót nefnd á vegum félagsmálaráðuneytis með aðild eins fulltrúa frá hverjum þingflokki og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefnd þessi skal gera nánari tillögur um tekjustofna héraða, sbr. 99. gr., og um tilfærslu verkefna frá ríki til héraða, sbr. 98. gr. Nefndin skal einnig fjalla um önnur álitaefni vegna tilkomu héraða sem nýs stjórnsýslustigs og skila tillögum sínum fyrir 1. október 1986.

4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um sveitarstjórnir og héruð.

Fylgiskjal III.

SVAR FJÁRMÁLARÁÐHERRA VIÐ FYRIRSPURN HJÖRLEIFS GUTTORMSSONAR UM FRAMLÖG RÍKISSJÓÐS TIL OPINBERRA FRAMKVÆMDA 1982–1986

Framlög ríkissjóðs til opinberra framkvæmda nema alls eftirtöldum fjárhæðum (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag miðað við fjárlög 1986	Vísitala (1986=100)
Reikningur 1982	1 156 172	4 038 697	157
Reikningur 1983	2 633 505	5 405 894	210
Reikningur 1984	2 249 671	3 783 706	147
Reikningur 1985	2 323 354	2 973 864	115
Fjárlög 1986	2 578 485	2 578 485	100

Framlög til einstakra liða á verðlagi hvers árs (í þús. kr.):

	Reikningur 1982	Reikningur 1983	Reikningur 1984	Reikningur 1985	Fjárlög 1986
1. Mennta- og fjölbrautaskólar	35 367	61 122	72 033	56 300	57 400
2. Héraðsskólar	6 655	8 527	7 851	14 500	11 000
3. Byggingar grunnskóla	62 602	132 088	123 343	175 068	120 345
4. Dagvistarheimili	14 100	26 994	31 640	34 901	40 000
5. Bygging íþróttamannvirkja	9 569	15 395	20 500	31 360	31 650
6. Bygging sjúkrahúsa og læknisbústaða	115 557	185 308	176 561	254 739	240 610
7. Hafnarmannvirki og lendingarbætur	77 795	137 558	161 716	123 048	118 322
8. Framkvæmdir á flugvöllum	29 525	73 943	63 737	64 000	61 000

Framlög til einstakra liða á verðlagi fjárlaga 1986 nema eftirfarandi fjárhæðum (í þús. kr.):

	Reikningur 1982	Reikningur 1983	Reikningur 1984	Reikningur 1985	Fjárlög 1986
1. Mennta- og fjölbrautaskólar	123 543	125 467	121 152	72 127	54 700
2. Héraðsskólar	23 247	17 054	13 205	18 560	11 000
3. Bygging grunnskóla	218 679	271 142	207 450	224 085	120 345
4. Dagvistarheimili	49 254	55 412	53 215	44 673	40 000
5. Bygging íþróttamannvirkja	33.426	31 602	34 479	40 140	31 650
6. Bygging sjúkrahúsa	403 659	380 389	296 957	326 063	240 610
7. Hafnarmannvirki og lendingarbætur	271 761	282 370	271 989	157 500	118 322
8. Framkvæmdir á flugvöllum	103 136	151 786	107 199	81 919	61 000

[1]) Þar eð ríkisreikningur liggur ekki fyrir er reikningstala fundinn þannig að aukafjárveitingum er bætt við fjárlagatölu 1985.

Fylgiskjal IV.

Byggðanefnd þingflokkanna.
Erindi til formanna þingflokkanna.

Reykjavík, 27. febrúar 1985.

Byggðanefnd þingflokkanna var skipuð í kjölfar afgreiðslu Alþingis á frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni (105. löggjafarþing, 206. mál). Markmið nefndarinnar er að fylgja eftir samkomulagi formanna þeirra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi og sem birt var í greinargerð með frumvarpinu. Þar segir:

„Þingflokkar ... sem að frumvarpi þessu standa, hafa ... orðið ásáttir um eftirfarandi: ...

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukið, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir:
Lárus Jónsson, formaður,
Eiður Guðnason,
Helgi Seljan,
Kristín Halldórsdóttir,
Ólafur Þ. Þórðarson og
Stefán Benediktsson.

Nefndin hefur notið aðstoðar starfsmanna byggðadeildar Framkvæmdastofnunar, þeirra Bjarna Einarssonar og Sigurðar Guðmundssonar.

Alls hefur nefndin haldið 12 fundi. Hún hefur meðal annars átt viðræður við fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga um verkefni sitt. Þá fékk nefndin Björn Friðfinnsson á sinn fund til að kynna frumvarpsdrög svonefndrar endurskoðunarnefndar um sveitarstjórnarlöggjöfina.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að fá á þessu stigi málsins viðbrögð þingflokkanna við ákveðnum meginatriðum er varða hugsanlegar breytingar á stjórnskipun í landinu til þess að nálgast markmiðin um „aukna valddreifingu og virkara lýðræði". Nefndin vill því beina eftirtöldum spurningum til þingflokks yðar:

1. Hvað eiga stjórnsýslustig í landinu að vera mörg?
2. Við hvað eiga stærðarmörk neðsu (minnstu) stjórnsýslueiningarinnar að miðast?
3. Hvernig á að tryggja virkara lýðræði og aukna valddreifingu með skipulagi, verkefnum og kosningareglum fyrir miðstig stjórnsýslunnar?
4. Hvernig á að skipta tekjustofnum og fjárhagslegri ábyrgð milli sveitarstjórna, héraðsstjórnar og ríkis?

Byggðanefnd þingflokkanna gengur út frá þeirri meginforsendu að til þess að ná fram markmiðinu um „virkara lýðræði og aukna valddreifingu" sé nauðsynlegt að setja á stofn stjórnsýslustig milli ríkis og sveitarfélaga. Nefndin hefur ekki fjallað ítarlega um svæðaskiptingu eða fjölda svæða í hinu nýja stjórnsýslustigi og þaðan af síður hvað það ætti að nefnast.

Nefndarmenn eru sammála um að minnstu sveitarfélögin valdi alls ekki þeim verkefnum sem sveitarfélögum er skylt að annast samkvæmt lögum. Ekki hefur farið fram úttekt á því hversu stórt lágmarkssveitarfélag þyrfti að vera að mannfjölda eða efnahagsum-

svifum. Nefndin hefur látið gera grófan útreikning á því hversu mikil umsvif þurfa að vera í sveitarfélagi til þess að þar sé hægt að ráða sveitarstjóra í fullt starf. Er þá gengið út frá því að heildarkostnaður vegna yfirstjórnar sé ekki meiri en tíundi hluti útgjalda sveitarfélagsins, en það er ríflegt meðaltal minni þéttbýlissveitarfélaga. Sé miðað við þessi mörk þarf sveitarfélag að hafa 400—500 íbúa að lágmarki, nokkuð mismunandi eftir eðli og umfangi efnahagsstarfseminnar á staðnum. Að sjálfsögðu eru þessi mörk ekki afgerandi; þannig getur verið hægt að hafa sveitarstjóra í hlutastarfi, jafnvel sem sveitastjóra í fleiri en einu sveitarfélagi, deila kostnaði með annarri starfsemi eða eyða hærri hluta tekna til þessa verkefnis.

Nefndinni er ljóst að sameining sveitarfélaga er mjög misjafnlega til þess fallin að bæta úr þeim vandræðum sem skapast hafa vegna fólksfæðarinnar. Þannig eru nokkur lítil sveitarfélög í námunda við önnur stór og geta sameinast þeim. Annars staðar eru mannfá sveitarfélög í tiltölulega þéttbýlum sveitum með allgóðar samgöngur. Þessi sveitarfélög geta sameinast án þess að samgönguerfiðleikar hamli eðlilegum tengslum enda milli í sveitarfélaginu. En sums staðar er svo að finna fámenn sveitarfélög, jafnvel hlið við hlið, þar sem samgöngur eru erfiðar og vegalengdir miklar. Á þessum svæðum getur sameining í engu bætt aðstöðu.

Nefndin vill benda á að þau samstarfsverkefni sem sveitarfélögin hafa tekið upp hafa mörg hver gefið góða raun. Fram hjá því verður þó ekki horft að slík samvinna hefur oftast verið í því formi að einn fulltrúi hverrar sveitarstjórnar ræður mestu um stefnuna í þessum málaflokkum.

4. Hver er að mati ráðherra rekstrargrundvöllur orlofsdeildar Póstgíróstofunnar?

Sþ. 42. Fyrirspurn [42. mál]

til utanríkisráðherra um varnarsvæði.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver eru hin svokölluðu „varnarsvæði“ samkvæmt herverndarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1951?
2. Hvenær var hvert svæði ákveðið sem „varnarsvæði“?
3. Hve stórt er hvert svæði að flatarmáli?

4. Hve mikið er/var greitt fyrir svæðið og hver eða hverjir tóku við greiðslunni? Ef um árlegt afgjald er að ræða óskast upplýst hve hátt afgjaldið hefur verið árlega og hver eða hverjir hafa tekið við greiðslunni.
5. Hefur utanríkisráðuneytið áform um að taka frekara land undir „varnarsvæði"?
6. Hafa borist óskir frá stjórn Bandaríkjanna um stærra landsvæði fyrir bandaríska herinn hér á landi?
7. Verður höfnin í Helguvík lýst sem „varnarsvæði" eða er ætlunin að taka höfnina inn á íslensk hafnalög?
8. Hvar hafa „varnarsvæðin" verið tilkynnt? Í Lögbirtingablaði, Stjórnartíðindum eða annars staðar?

Með svarinu óskast birt kort af „varnarsvæðinu".

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 43. Fyrirspurn [43. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi dagvistarstofnana.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hve mörg börn komast að á dagvistarstofnunum — dagheimilum og leikskólum — í kaupstöðum landsins og kauptúnum með 1000 íbúa eða fleiri? Í svarinu óskast fjöldi tilgreindur eftir kaupstöðum annars vegar og eftir leikskólum og dagheimilum hins vegar.
2. Hve mörg dagvistarrými eru á hverja 100 íbúa í þessum kaupstöðum og kauptúnum?
3. Hve margar fóstrur eru starfandi á barnaheimilunum, tilgreint eftir kaupstöðum og kauptúnum?
4. Hve margar fóstrur vantar til starfa á barnaheimilunum að mati menntamálaráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 44. Fyrirspurn [44. mál]

til félagsmálaráðherra um efndir í húsnæðismálum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður í einstökum atriðum efndum á því samkomulagi um húsnæðismál sem gert var í félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 21. apríl 1986 þar sem samþykkt var að vísa til

milliþinganefndar í húsnæðismálum tíu tilgreindum atriðum með það yfirlýsta markmið að milliþinganefndin „skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frumvarp fram á haustþinginu“?

Sþ. 45. Fyrirspurn [45. mál]

til félagsmálaráðherra um fjölda umsókna um húsnæðislán.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hve margar umsóknir hafa borist til Húsnæðisstofnunar ríkisins um ný húsnæðislán vegna nýbygginga og kaupa á eldra húsnæði, samtals og flokkað eftir kjördæmum?

Sþ. 46. Fyrirspurn [46. mál]

til fjármálaráðherra um launagreiðslur starfsfólks stjórnarráðsins.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvernig var háttað eftirfarandi launagreiðslum til starfsfólks stjórnarráðsins á s.l. þremur árum:

a. Hve margir hafa fengið fastar yfirvinnugreiðslur?
b. Hve margir hafa fengið aukalegar yfirvinnugreiðslur („unna yfirvinnu“)?
c. Hve margir hafa fengið greiðslur fyrir sérstök verkefni en hafa að auki fastar og aukalegar yfirvinnugreiðslur?
d. Hve margir þeirra sem fá ekki yfirvinnugreiðslur hafa fengið greiðslur fyrir sérstök verkefni?

Beðið er um sundurliðun upplýsinga þannig að fram komi kyn starfsfólks og stöðugildi og jafnframt hve mikið hlutfall af heildarlaunum hver tegund greiðslu er.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 47. Fyrirspurn [47. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun á lögum um almenningsbókasöfn.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvað líður athugun menntamálaráðuneytisins á áliti nefndar sem skipuð var 13. febrúar 1980 til að gera tillögur um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna og lauk störfum 12. október 1983?
2. Hyggst menntamálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um almenningsbókasöfn á þessu þingi?

Sþ. 48. Fyrirspurn [48. mál]

til fjármálaráðherra um samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvenær skilar endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis tillögum sínum um samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og „aukinn jöfnuð og öryggi þeirra sem lífeyris njóta“?
2. Hyggst ríkisstjórnin leggja málið fyrir Alþingi í vetur?
3. Hvaða ágreiningsmál eru enn óleyst við undirbúning að frumvarpi um samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn?

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að beita sér fyrir því að þeim, sem eingöngu sinna heimilisstörfum, verði tryggð lífeyrisréttindi eigi síðar en 1. júní 1987.

Sérstaklega skal athuga aðild þeirra að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga.

Ljóst er að heimavinnandi fólk fer varhluta af ýmsum félagslegum réttindum þar sem það er ekki úti á vinnumarkaðnum. Á það ekki síst við um lífeyrisréttindi.

Þó að um þetta mál hafi löngum verið fjallað á vettvangi Alþingis og víðar í þjóðfélaginu og flestum beri saman um að til vansa sé fyrir þjóðfélagið að heimavinnandi fólki séu ekki tryggð lífeyrisréttindi á við aðra situr allt við það sama í því efni.

Þeir sem eru heimavinnandi, en það eru einkum konur sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum eða hafa aðeins verið þar um skamman tíma, búa því við mikla óvissu og öryggisleysi varðandi lífeyrisgreiðslur og afkomu sína í ellinni.

Varla er um það deilt að störf heimavinnandi fólks eru þjóðfélaginu mjög mikilvæg þó að þau séu ekki að sama skapi mikils metin, t.d. til félagslegra réttinda, samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu.

Þó að oft sé í þjóðfélagsumræðunni talað um hin efnislegu verðmæti og þeim gefið vægi fram yfir mannleg verðmæti er grunnurinn að velferð og hamingju fjölskyldunnar ekki síður falinn í hinum mannlegu verðmætum en hinum efnislegu. Það er ekki síst hlutskipti þeirra, sem eingöngu stunda heimilisstörf, að hlúa að hinum mannlegu verðmætum og er gildi umönnunar og uppeldis ungu kynslóðarinnar þar hvað mikilvægast bæði fyrir einstaklinginn, fjölskylduna og þjóðfélagið í heild. Vegna þess ástands, sem ríkt hefur í vistunarmálum aldraðra, hefur hlutur þeirra, sem eru heimavinnandi, einnig verið mikill í að leysa brýnasta vandann í því efni, jafnframt því að stuðla að því að aldraðir geti dvalist sem lengst í heimahúsum.

Varla verður því á móti mælt að störf heimavinnandi fólks hafa með þessum hætti og ýmsum öðrum leitt af sér ýmsan fjárhagslegan sparnað, bæði beinan og óbeinan, fyrir

þjóðfélagið. Erfiðlega hefur þó gengið að fá viðurkennt á borði mikilvægi starfa heimavinnandi fólks og sést það best á því að langt er í land með að heimavinnandi fólk njóti ýmissa félagslegra réttinda sem öðrum þykja sjálfsögð, enda er með réttu oft talað um heimavinnandi fólk sem réttindalausan hóp í þjóðfélaginu. Auk þess að hafa ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi má einnig nefna að almannatryggingalöggjöfin tryggir heimavinnandi fólki ekki sama rétt og öðrum á ýmsum sviðum. Er þar skemmst að minnast að heimavinnandi fólk hefur ekki fengið sama rétt og aðrir til fæðingarorlofs eða sjúkradagpeninga. Einnig má með nokkrum rétti segja að í mörgum tilfellum sé heimavinnandi fólki refsað en ekki umbunað fyrir störf sín. Það lýsir sér einna best í því að skattbyrði heimilis þar sem annar maki sinnir eingöngu heimilisstörfum er oft þyngri en heimilis þar sem tekjur eru afrakstur af vinnu beggja hjóna eða sambúðaraðila, jafnvel þó að um sömu heildartekjur heimila sé að ræða.

Með þingsályktunartillögu þessari er tekið á einum þætti þessa misréttis sem heimavinnandi fólk hefur þurft að búa við, þ.e. lífeyrisréttindum þess.

Frá því árið 1976 hefur verið að störfum nefnd til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Á síðasta Alþingi (107. löggjafarþingi) var lögð fram skýrsla fjármálaráðherra um störf þessarar nefndar. Ekki verður séð af því sem fram kom í skýrslunni að á næsta leiti sé að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi á við aðra í þjóðfélaginu.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að við svo búið megi ekki standa lengur og að löggjafarvaldinu beri skylda til að sjá svo um að lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks verði færð í viðunandi horf.

Í nafnaskrá lífeyrissjóða, sem gefin var út af fjármálaráðuneytinu í nóvember 1984, kemur fram að um stóran hóp er að ræða sem er utan lífeyrissjóða. — Fjöldi þeirra, sem utan lífeyrissjóða standa, er rúmlega 25 þúsundir manna fæddar 1967 eða fyrr. Þar af eru konur rúmlega 17 þúsundir og karlar tæpar 8 þúsundir.

Í þessum hópi er fjöldi 67 ára og eldri 8723, þar af 6607 konur og 2116 karlar.

Ef skoðuð er hjúskaparstétt fólks 67 ára og eldri, sem utan lífeyrissjóða standa, kemur eftirfarandi í ljós:

	Karlar	Konur
Ógift(ur)	426	1017
Gift(ur)	1045	2278
Ekkill, ekkja	551	3070
Skilin(n) að borði og sæng	6	15
Skilin(n) að lögum	79	210
Samvistum slitið	8	14
Annað	2116	6607

Í þáltill. þessari er sérstaklega bent á að athugun fari fram á því að tryggja heimavinnandi fólki aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda sem stofnaður var með lögum árið 1980. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda tók við af Biðreikningi lífeyrisréttinda en tilgangur hans er að vera samastaður þeirra sem ekki eiga lögskylda eða samningsbunda aðild að öðrum lífeyrissjóði. Sýnist því nærtækt að heimavinnandi fólk fái aðild að slíkum sjóði.

Sþ. **50. Þjóðhagsáætlun** [50. mál]

fyrir árið 1987.

(Lögð fram af forsætisráðherra 13. okt. 1986.)

INNGANGUR

Mikil breyting hefur orðið til batnaðar í íslensku efnahagslífi á síðustu misserum. Eftir varnarbaráttu í efnahagsmálum á árunum 1983 og 1984, þegar glímt var við afleiðingar afturkippsins 1982 og 1983 — yfirvofandi atvinnuleysi og óðaverðbólgu — stendur þjóðarbúið nú traustari fótum en um langt árabil. Landsframleiðslan fer vaxandi þriðja árið í röð og fer á þessu ári fram úr því, sem hún varð mest fyrir efnahagsþrengingarnar. Tekjur heimilanna eru einnig meiri en nokkru sinni fyrr. Atvinnuástand er gott. Síðast en ekki síst er árshraði verðbreytinga nú kominn niður undir 10% og mun að líkindum fara niður fyrir þá tölu um næstu áramót. Þetta er langminnsta verðbólga hér á landi í hálfan annan áratug.

Þennan góða árangur má einkum þakka þrennu: Hagstæðum ytri skilyrðum, samræmdri efnahagsstefnu og kjarasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Batnandi ytri skilyrði, einkum aukinn fiskafli og lægra olíuverð, hafa skipt sköpum um hagþróun á þessu ári. Almenn hagstjórn hefur sett efnahagslífinu ákveðnari ramma en áður, sérstaklega gengisstefnan og þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi peninga- og lánamála. Með jákvæðum raunvöxtum hefur tekist að ná betra jafnvægi í peningamálum og hvetja til sparnaðar, sem vegur á móti halla í ríkisbúskapnum. Þannig hefur náðst betra samræmi í stjórn efnahagsmála í ár en áður. Kjarasáttmálinn frá því í vetur var byggður á raunsæjum forsendum og fól í sér mikilvægt framlag til betri stöðu efnahagsmála.

Þótt hagur landsmanna hafi vænkast til muna að undanförnu, eru ýmis erfið úrlausnarefni framundan í efnahagsmálum. Staðfesta þarf þann mikla árangur, sem þegar hefur náðst, og jafnframt þarf að leggja sérstaka áherslu á að eyða halla í viðskiptum við önnur lönd og draga úr fjárlagahalla. Afar brýnt er að hin hagstæðu ytri skilyrði verði nýtt til að ná viðunandi jafnvægi í viðskiptum við útlönd, þannig að hægt verði að lækka erlendar skuldir þjóðarinnar. Aðhald að þjóðarútgjöldum er forsenda árangurs í þessu efni, þótt þjóðartekjur fari nú vaxandi. Þetta verður að vera forgangsverkefni á næsta ári. Þá er ekki síður brýnt að draga úr hallarekstri ríkissjóðs, þannig að almenn fjármálastjórn stuðli betur að jafnvægi í efnahagslífinu.

Efnahagsstefnuna verður jafnan að móta með yfirsýn til nokkurra ára í senn. Þess vegna er í þessari áætlun leitast við að gera nokkra grein fyrir horfum næstu ár. Er sú greinargerð framhald verks, sem hafið var með þjóðhagsáætlun í fyrra. Að sjálfsögðu er á þessari stundu óvíst, hvaða stefnu verður fylgt eftir næstu þingkosningar. Af því leiðir, að hér er einungis unnt að fjalla um horfurnar árin 1988—1991 út frá því almenna sjónarmiði, að stefnt sé að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og bættri stöðu í viðskiptum við önnur lönd með ráðstöfunum til að auka þjóðartekjur og með aðhaldi að útgjöldum þjóðarinnar. Þannig má skapa skilyrði til þess að draga úr erlendum skuldum landsmanna. Ríkisstjórnin mun fyrir sitt leyti fylgja stefnu, sem hefur þetta að leiðarljósi, til loka kjörtímabilsins.

Hér á eftir er fyrst sagt frá efnahagsframvindunni á þessu ári; síðan er lýst markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og loks er í síðasta kaflanum fjallað um horfurnar á næsta og næstu árum.

I.
FRAMVINDAN 1986
1. Þjóðhagsyfirlit


Útflutningsframleiðsla.

Tölur um afla og útflutningsverðmæti sjávarafurða fyrstu átta mánuði ársins benda til talsvert meiri verðmætisaukningar á árinu öllu en áður var gert ráð fyrir. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Aukinn afli, auknar ísfisksölur erlendis, verðmeiri framleiðsla, styttri birgðahaldstími og minnkun birgða. Að öllu samanlögðu er því útflutningsverðmæti sjávarafurða talið munu aukast mun meira á þessu ári en spáð var í apríl, eða um 5% að raungildi í stað 1—2% í fyrri spá, að birgðabreytingum meðtöldum. Framleiðsla sjávarafurða er einnig talin munu aukast meira, eða um 8½% í stað 5% í fyrri spá.

Þessar breyttu horfur um útflutningsverðmæti sjávarafurða valda því, að útflutningur í heild er nú talinn verða 6½% meiri en í fyrra, í stað tæplega 4% aukningar í fyrri spá. Til viðbótar við aukna sjávarvöruframleiðslu er nú gert ráð fyrir heldur meiri framleiðsluaukningu í stóriðjuverunum tveimur en í ársbyrjun. Á hinn bóginn virðist útflutningur annarrar iðnaðarvöru ekki verða jafnmikill og búist var við í vor.

Atvinnuástand.

Áhrif aukinnar framleiðslu og vaxandi umsvifa í þjóðarbúskapnum að undanförnu koma meðal annars fram í mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Athugun, sem gerð var í apríl, benti til þess, að fjöldi lausra starfa væri á bilinu 2—3% af mannafla. Það sem af er árinu hefur skráð atvinnuleysi að meðaltali verið innan við 1% af mannafla. Þessar tölur eru ótvíræð vísbending um nokkra þenslu á vinnumarkaðnum á þessu ári. Ennfremur gætir þessa



greinilega í tölum um launabreytingar á árinu. Ýmislegt bendir til, að eftirspurn hafi farið vaxandi að undanförnu, þótt ekki fáist um það beinar tölur fyrr en í októberlok, þegar niðurstöður nýrrar athugunar Þjóðhagsstofnunar um eftirspurnarástand á vinnumarkaðnum liggja fyrir.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur.

Tekju- og verðlagsþróun það sem af er árinu hefur mótast mjög af kjarasamningunum, sem gerðir voru í upphafi ársins, og þeim aðgerðum, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir til að greiða fyrir þeim. Þær verðlagsspár, sem settar voru fram í kjölfar samninganna, hafa þó lítillega breyst, þar sem óhagstæð gengisþróun að undanförnu hefur óhjákvæmilega leitt til nokkru meiri hækkunar innflutningsverðs en búist var við í upphafi ársins. Áfram er þó útlit fyrir, að verðhækkun á mælikvarða framfærsluvísitölu frá upphafi þessa árs til ársbyrjunar 1987 verði um eða innan við 10%. Meðalhækkun verðlags milli 1985 og 1986 verður talsvert meiri, eða rétt um 21%, samanborið við 20½% í fyrri spá, en það skýrist fyrst og fremst af miklum verðhækkunum á síðustu mánuðum ársins 1985.

Launabreytingar það sem af er árinu hafa á hinn bóginn verið mun meiri en áður var spáð. Kauptaxtar hafa hækkað töluvert umfram það, sem áður var reiknað með, meðal annars vegna kjaradóms og sérkjarasamninga, sem gerðir hafa verið í sumar. Auk þess virðast einstaklingsbundin samningsákvæði hafa fært mörgum launþegum launahækkun umfram það sem ætlað var. Þá hefur vinnutími lengst. Nú er gert ráð fyrir, að kauptaxtar hækki um meira en 21% frá upphafi til loka ársins í stað tæplega 14% í fyrri spám. Meðalhækkun kauptaxta milli áranna 1985 og 1986 er nú áætluð 25%, í stað 20% áður. Við þessa kauptaxtahækkun bætast áhrif lengri vinnutíma, 1—2% að meðaltali, og launaskrið, 3—4%. Að teknu tilliti til þessara þátta má gera ráð fyrir, að laun hækki á þessu ári að meðaltali um 31% á mann frá því í fyrra. Til samanburðar má nefna, að í fyrri spá var gert ráð fyrir 25½% hækkun.

Kaupmáttur tekna heimilanna verður samkvæmt þessum áætlunum mun meiri en spáð var fyrr á þessu ári. Horfur virðast á því, að kaupmáttur á mælikvarða atvinnutekna á mann geti aukist um 8% að meðaltali á milli áranna 1985 og 1986 og verði á árinu 1986 hærri en nokkru sinni fyrr. Sama máli gegnir um kaupmátt ráðstöfunartekna, þótt aukin skattbyrði valdi því, að ráðstöfunartekjur á mann hækka minna en atvinnutekjur á þessu ári, eða um 6½% að meðaltali frá því í fyrra.

Þjóðarútgjöld.

Þjóðarútgjöld á þessu ári eru talin verða heldur meiri en áður var gert ráð fyrir. Á hinn bóginn virðist ljóst, að meiri tekju- og kaupmáttaraukning á fyrri hluta ársins en áður var reiknað með hafi ekki leitt til samsvarandi aukningar í útgjöldum heimilanna, ef marka má þær vísbendingar um veltubreytingar, sem nú eru þekktar. Skýringin á þessu er vafalítið sú, að peningalegur sparnaður hafi aukist, eins og raunar kemur fram í mun meiri aukningu innlána en útlána í bankakerfinu það sem af er árinu. Með hliðsjón af kaupmáttarhorfum á síðari hluta ársins er nú spáð um 5% aukningu á einkaneysluútgjöldum heimilanna á árinu öllu, í stað 4½% í fyrri spá.

Nýlegar upplýsingar um samneysluútgjöld opinberra aðila benda til talsvert meiri aukningar en áður var reiknað með. Meginskýringin felst í launabreytingum umfram það sem gert var ráð fyrir í kjölfar samninganna í upphafi ársins, vegna sérkjarasamninga, kjaradóms o.fl. Nú er spáð 3% aukningu í samneysluútgjöldum í heild á þessu ári, samanborið við 1% í fyrri spá. Að svo stöddu er þó erfitt að greina í sundur magn- og verðþætti í útgjaldatölum opinberra aðila.

Fjárfestingarspáin fyrir þetta ár hefur, þegar á heildina er litið, ekki breyst frá því í vor. Á hinn bóginn hafa ýmsir þættir hennar breyst. Þannig er nú ekki lengur gert ráð fyrir, að fjárfesting í íbúðarhúsnæði aukist að raungildi frá fyrra ári, heldur er talið að hún verði óbreytt. Á móti kemur heldur meiri aukning í fjárfestingum atvinnuvega og minni samdráttur í opinberum fjárfestingum en fyrr var spáð. Að öllu samanlögðu er því enn gert ráð fyrir svipuðum fjárfestingarútgjöldum að raungildi og á síðasta ári.


Samkvæmt þessu má ætla, að þjóðarútgjöld í heild muni aukast um rúmlega 4% á þessu ári, í stað 3½% í fyrri spá.

Viðskiptakjör.

Fernt hefur einkum ráðið þróun viðskiptakjara síðustu misseri: Stórfelld lækkun olíuverðs, hækkun fiskverðs erlendis, lækkun vaxta á alþjóðalánamarkaði og gengisfall Bandaríkjadollars. Í síðustu þjóðhagsspá frá því í apríl var gert ráð fyrir, að viðskiptakjörin myndu í heild batna um rúmlega 4% á þessu ári. Helstu forsendur þessarar spár voru, að gengi dollars og fiskverð erlendis héldust óbreytt út árið og að olíuverð yrði að meðaltali 25% lægra en í fyrra. Auk þess var gert ráð fyrir, að vextir á alþjóðalánamörkuðum lækkuðu.

Tölur um innflutnings- og útflutningsverð á fyrri helmingi ársins staðfesta í meginatriðum þessa spá, þótt einstakir þættir hennar hafi að ýmsu leyti breyst. Þannig hefur gengi dollars haldið áfram að lækka, en á móti því vegur nokkru meiri hækkun fiskverðs erlendis en gert var ráð fyrir í ársbyrjun.

Þegar spáð er um viðskiptakjör á síðari helmingi ársins, er helsti óvissuþátturinn gengisþróun á alþjóðamarkaði. Áframhaldandi fall Bandaríkjadollars myndi veikja útflutningshliðina og jafnframt leiða til meiri verðhækkunar á innflutningshlið en ella yrði. Við þetta bætist, að markaðshorfur fyrir loðnu- og síldarafurðir eru heldur dauflegar. Á hinn bóginn gæti olíuverð lækkað meira en gert var ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspá, þrátt fyrir



nokkra hækkun í ágústmánuði. Ennfremur virðist ekki útilokað, að freðfiskverð á Bandaríkjamarkaði muni halda áfram að þokast upp á við á næstunni, meðal annars vegna samkeppni við Evrópumarkað og minnkandi framboðs á fiski héðan. Vextir á alþjóðalánamarkaði hafa einnig lækkað ívið meira en fyrri spá gerði ráð fyrir. Að öllu samanlögðu virðist því áfram mega reikna með, að viðskiptakjör muni, þegar á heildina er litið, batna um rúmlega 4% á þessu ári.

Utanríkisviðskipti.

Vöruskiptajöfnuður við útlönd var hagstæður um nálægt 4½ milljarð króna fyrstu átta mánuði þessa árs samanborið við 1 milljarð í afgang á sama tíma í fyrra. Þessi miklu umskipti má rekja til mikillar aukningar útflutningsverðmætis sjávarafurða, en á innflutningshlið munar mest um lækkun olíuverðs og samdrátt í innflutningi rekstrarvöru til álversins. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að þróunin snúist við á síðustu mánuðum ársins, líkt og gerðist í fyrra.

Fyrir árið í heild er því búist við, að vöruskiptajöfnuður verði hagstæður um 2,4 milljarða króna samanborið við 1,3 milljarða í fyrri spá. Skýringin er fyrst og fremst meiri aukning útflutningsverðmætis sjávarafurða en áður var reiknað með. Aftur á móti virðist almenn innflutningseftirspurn svipuð og fyrri áætlanir bentu til. Miðað við framvinduna fyrstu átta mánuði ársins verður að telja þetta varkára spá.

Þjónustujöfnuður, að vöxtum frátöldum, var hagstæður um tæplega 1 milljarð króna á fyrri helmingi þessa árs, en var á sama tíma í fyrra í járnum. Þessi niðurstaða virðist ekki gefa tilefni til breytinga á fyrri spá, sem gerði ráð fyrir töluverðum afgangi á þjónustujöfnuði, að vöxtum undanskildum, á árinu öllu, eða sem nemur 1,5 milljörðum króna.

Vaxtajöfnuður á fyrri árshelmingi var hins vegar neikvæður um tæplega 3 milljarða króna samanborið við 2,7 milljarða á sama tíma í fyrra; að teknu tilliti til gengisbreytinga er hér um svipaða fjárhæð að ræða bæði árin. Halli á vaxtareikningnum á árinu öllu verður þó líklega heldur minni en áður var gert ráð fyrir, þar sem vextir hafa lækkað meira á alþjóðalánamarkaði en reiknað var með í ársbyrjun, en þess gætir meira á síðari helmingi ársins.

Að öllu samanlögðu er nú reiknað með því, að viðskiptahallinn í heild verði mun minni en spáð var fyrr á árinu, eða 2,2 milljarðar króna, samanborið við 3,5 milljarða í fyrri spá. Samkvæmt þessu myndi viðskiptahallinn nema 1½% af landsframleiðslu á þessu ári, samanborið við 2½% í aprílspá. Sem fyrr má alfarið rekja þennan halla til óhagstæðs vaxtajafnaðar. Að vöxtum undanskildum er nú spáð töluverðum afgangi á viðskiptunum við útlönd, eða sem nemur 2,7% af landsframleiðslu. Í krónum talið nemur vaxtahallinn 6,1 milljarði, en afgangur á viðskiptajöfnuði að öðru leyti 3,9 milljörðum.

Yfirlit þjóðhagsspár 1986.

Þær áætlanir, sem hér hafa verið raktar, fela í sér verulega breyttar horfur um hagvöxt á þessu ári frá því sem áður var reiknað með. Þannig er því nú spáð, að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verði um 5% á þessu ári, samanborið við 3½% í fyrri spá. Vegna batnandi viðskiptakjara munu þjóðartekjur aukast mun meira, eða um allt að 7%, en í fyrri spá var reiknað með rúmlega 5% aukningu.

Þjóðhagsyfirlit 1985—1986.

Breyting frá fyrra ári	Áætlun 1985	Spá 1986
	%	%
Einkaneysla	5,0	5,0
Samneysla	4,5	3,0
Fjárfesting	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	2,7	4,2
Landsframleiðsla	3,1	5,0
Þjóðartekjur	3,3	7,0
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	−4,3	−1,5

Þessar spár benda til þess, að á þessu ári muni hagvöxtur hér á landi verða meiri en í flestum löndum Evrópu. Jafnframt munu þjóðartekjur á mann verða með hæsta móti, eða svipaðar og jafnvel heldur hærri en þær voru við upphaf þessa áratugar.


Erlendar skuldir.

Í lok þessa árs er áætlað, að erlendar skuldir til lengri tíma en eins árs verði um 74 milljarðar króna, ef svo fer sem horfir um erlendar lántökur á árinu. Þetta svarar til um 51½% af landsframleiðslu, en það er nokkru hærra skuldahlutfall en spáð var fyrr á árinu, enda hafa erlendar lántökur verið meiri en ætlað var. Má rekja það fyrst og fremst til aukinnar lántöku einkaaðila, einkum til endurbóta og kaupa á fiskiskipum. Skuldahlutfallið var hærra í lok síðasta árs, eða tæplega 55%. Skýringin á lækkun skuldahlutfalls milli áranna 1985 og 1986, þrátt fyrir erlendar lántökur umfram afborganir, er þríþætt. Í fyrsta lagi hefur gengi Bandaríkjadollars lækkað mikið undanfarin misseri, en um það bil helmingur skuldanna er skráður í dollurum. Í öðru lagi hefur landsframleiðsla aukist töluvert milli ára. Loks má í þriðja lagi nefna, að verðbólga erlendis rýrir verðgildi skuldanna. Greiðslubyrði afborgana og vaxtagreiðslna af erlendum lánum á árinu er áætluð um 19% af útflutningstekjum, eða svipað og í fyrra. Greiðslubyrðin skiptist því sem næst jafnt milli vaxta og afborgana. Að undanförnu hefur vaxtabyrðin lést vegna vaxtalækkunar erlendis, en á móti vega meiri afborganir en á síðasta ári.

Peningamál.

Þróun peningamála á síðustu misserum hefur mótast annars vegar af mikilli lánsfjárþörf hins opinbera vegna halla á ríkissjóði og hins vegar af örari aukningu innlána en útlána í innlánsstofnunum. Í lok ágúst 1986 námu hreinar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann 4 milljörðum króna og höfðu þá aukist um tæplega 1 milljarð frá áramótum. Versnandi staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka hefur leitt til aukinnar peningamyndunar. Frá ágúst 1985 til jafnlengdar 1986 jókst grunnfé Seðlabankans um 39%, einkum vegna viðskipta við ríkissjóð, en lánskjaravísitala hækkaði á sama tíma um tæplega 20%. Heildaraukning innlána í innlánsstofnunum var um 40% á sama tímabili, en útlán þeirra jukust einungis um 25½%.

Eins og fyrr var nefnt hefur aukinn kaupmáttur launa að undanförnu ekki allur komið fram í auknum neysluútgjöldum, heldur einnig í auknum sparnaði. Peningalegur sparnaður hefur farið vaxandi í kjölfar lækkandi verðbólgu og hækkandi raunvaxta. Þetta kemur meðal annars fram í því, að hlutfall peningamagns og sparifjár af landsframleiðslu hefur hækkað verulega síðustu ár. Í fyrra var hlutfallið rétt innan við 30%, en fór lægst niður undir 20% árið 1978. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að hlutfallið haldi áfram að hækka og verði rúmlega 32%. Enn skortir þó nokkuð á, að hlutfall sjöunda áratugarins náist, en það var um og yfir 40%.




Raunvextir óverðtryggðra inn- og útlána hafa hækkað með lækkandi verðbólgu og eru nú hærri en verið hefur um langt skeið. Þannig er raunávöxtun nýrra, almennra skuldabréfa í september metin 3%, samanborið við ÷1,0% á sama tíma í fyrra. Ársávöxtun án verðbólguleiðréttingar hefur þó lækkað verulega, eða úr 35% í 16%. Til samanburðar má nefna, að raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs voru 7—8% fram til ágústloka, en þá var útgáfu þeirra hætt um sinn nema til þeirra, sem innleysa eldri skírteini. Sala spariskírteinanna hafði gengið vel til þess tíma. Frá og með september eru raunvextir á nýjum spariskírteinum ríkissjóðs ákveðnir 6½%.

Ríkisfjármál.

Endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 1986 bendir til þess, að tekjur verði um 37 milljarðar króna, eða um 1,8 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fyrri áætlunum. Tekjurnar svara til 25,8% af landsframleiðslu, sem er 1½ prósentu hærra en á árinu 1985. Endurskoðun gjaldaáætlunar á sama tíma bendir til þess, að útgjöld ríkissjóðs verði 2,4 milljörðum króna meiri en reiknað var með í fyrri áætlun, alls 39,2 milljarðar, eða 27,4% af landsframleiðslu, sem er 1 prósentu hærra en í fyrra. Rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu öllu virðist því stefna í tæplega 2,2 milljarða króna, eða 1,5% af landsframleiðslu, samanborið við 2,1% í fyrra. Þessar tölur eru þó ekki að öllu leyti sambærilegar, þar sem megnið af lánastarfsemi ríkisins hefur ekki verið talið til A—hluta fyrr en á þessu ári.

Frávik frá fjárlögum, sem gerðu ráð fyrir smávægilegum rekstrarafgangi, eiga sér margar skýringar. Fyrst má nefna þær fjármálaaðgerðir, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir til að greiða fyrir kjarasamningunum á fyrstu mánuðum ársins, meðal annars með lækkun skatta, bæði beinna og óbeinna. Þessar aðgerðir munu kosta ríkissjóð 1,8 milljarða króna í tekjumissi og auknum útgjöldum á þessu ári. Í öðru lagi hafa launaútgjöld farið fram úr fjárlagaáætlun í kjölfar kjaradóms og sérkjarasamninga á þessu ári. Auk þess hafa útgjöld til lífeyris- og slysatrygginga aukist meira en ætlað var. Á móti vega nokkru meiri tekjur en reiknað var með, bæði af beinum og óbeinum sköttum.


Á lánsfjárlögum var gert ráð fyrir, að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði um 200 milljónir króna, en þá var gengið út frá rúmlega 160 milljóna króna rekstrarafgangi á fjárlögum. Nú stefnir hins vegar í 2,2 milljarða króna rekstrarhalla og má því ætla, að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs verði um 2,5 milljarðar króna, eða 1,7% af landsframleiðslu. Áætlað er, að þessari lánsfjárþörf verði mætt með 1,3 milljarða króna erlendri lántöku og 1,2 milljarða innlendri lántöku hjá almenningi, viðskiptabönkunum og Seðlabanka.



Gengisþróun.

Þróun gengismála hér á landi á þessu ári hefur annars vegar mótast af þeirri stefnu stjórnvalda í kjölfar kjarasamninganna í upphafi ársins að halda meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum myntum sem stöðugustu og hins vegar af gengisþróun á alþjóðagjaldeyrismarkaði. Í spám fyrr á þessu ári var vakin athygli á veikri stöðu Bandaríkjadollars og þeim erfiðleikum, sem áframhaldandi lækkun hans kynni að valda við framkvæmd gengisstefnunnar. Gengisþróun undanfarna mánuði hefur einmitt fyrst og fremst einkennst af lækkun gengis dollars á alþjóðagjaldeyrismarkaði. Til marks um þær breytingar á gengi dollars, sem orðið hafa að undanförnu, má nefna, að frá síðustu áramótum til ágústloka lækkaði gengi dollars um 15%. Þá var meðalgengi dollars orðið nálægt 30% lægra en í febrúar 1985. Þetta hefur óhjákvæmilega haft áhrif á gengisstefnu stjórnvalda. Meðalgengi krónunnar hefur frá áramótum til ágústloka lækkað um rúmlega 5%, en frá febrúarlokum — þ.e. þegar kjarasamningarnir voru gerðir — hefur meðalgengið lækkað um 2%. Lækkun gengis dollars hefur leitt til hækkunar á gengi annarra gjaldmiðla og þetta hefur meðal annars valdið nokkru meiri verðhækkun innanlands en áður var reiknað með. Miðað við óbreyttar gengisafstöður til áramóta frá því sem er um miðjan septembermánuð má ætla, að meðalverð erlendra gjaldmiðla á mælikvarða miðgengis verði 15—16% hærra á þessu ári en í fyrra, en þar af voru 11% þegar komin fram um síðustu áramót og tæplega 14% í lok febrúar. Hækkunin er þó meiri á innflutningshlið, eða um 18% að meðaltali milli 1985 og 1986.

Þær sviptingar, sem orðið hafa í gengismálum á alþjóðagjaldeyrismarkaði að undanförnu, hafa auðvitað haft áhrif á samkeppnisstöðu útflutningsgreina og þeirra greina, sem keppa við innflutning. Staða þeirra útflutningsgreina, sem selja afurðir sínar í dollurum, hefur veikst, en hagur hinna, sem selja á Evrópumarkaði, vænkast að sama skapi. Ennfremur felst í hækkun raungengis íslensku krónunnar á þessu ári allstrangt aðhald að samkeppnisgreinunum. Á móti vega áhrif þeirrar sérstöku kostnaðarlækkunar, sem ákveðin var í kjölfar kjarasamninganna, og bætt viðskiptakjör í sjávarútvegi vegna hækkunar fiskverðs og lækkunar olíuverðs. Hér á eftir er sérstaklega fjallað um stöðu atvinnuveganna á þessu ári, framleiðslu þeirra og afkomu.



2. Hagur atvinnuvega

Sjávarútvegur.

Framleiðsla sjávarafurða er talin munu aukast um 8½% á þessu ári, eða svipað og í fyrra. Þetta má einkum rekja til aukins botnfiskafla. Ennfremur fer rækjuafli vaxandi, en hins vegar er gert ráð fyrir nokkru minni loðnuafla en í fyrra. Afli, reiknaður á föstu verði, myndi samkvæmt þessu aukast um 6½—7%, en reikna má með að framleiðsluverðmæti aukist nokkru meira, meðal annars vegna breyttrar samsetningar framleiðslunnar, tilfærslu milli markaða o.fl.

Bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 1985 benda til þess, að brúttóhagnaður botnfiskvinnslu hafi verið um eða innan við 11% af tekjum, en það svarar til um 7% af tekjum, þegar búið er að taka tillit til verðbólguleiðréttinga birgða. Þessi afgangur af rekstri hrekkur naumast til þess að standa undir eðlilegri ávöxtun og endurnýjun stofnfjár auk greiðslu afurðalánavaxta. Þó er þetta skárri afkoma en verið hefur að minnsta kosti undanfarin fjögur ár, en þá var brúttóhagnaður á bilinu 2—4% af tekjum. Þótt rekstur hafi staðið í járnum í fyrra, benda athuganir á efnahag og greiðslustöðu fiskvinnslufyrirtækja til þess, að greiðsluhalli þeirra hafi verið 6—7% af tekjum á því ári og skuldastaðan hafi því versnað. Þetta má rekja til hallareksturs á undanförnum árum, hárra vaxta og óhagstæðrar gengisþróunar, sem meðal annars leiddi til þungrar greiðslubyrði af afurðalánum í fyrra. Einnig á skammur lánstími fjárfestingarlána sinn þátt í þungri greiðslubyrði. Loks hefur erfið afkoma útgerðar, ekki síst nýjustu togaranna á undanförnum árum, aukið á fjárhagsvanda fyrirtækja, sem fást bæði við vinnslu og veiðar.

Þrátt fyrir að rekstrarskilyrði hafi að mörgu leyti verið hagstæð, er hagur botnfiskvinnslu heldur erfiður um þessar mundir. Þetta stafar fyrst og fremst af þröngri stöðu frystihúsa, sem standa víða höllum fæti vegna lækkunar á gengi Bandaríkjadollars og tapreksturs undanfarin ár. Umtalsverð hækkun fiskverðs erlendis hefur ekki dugað til þess að jafna metin. Afkoma í saltfiskverkun hefur á hinn bóginn verið mun rýmri. Mat á rekstrarstöðu botnfiskvinnslu í heild um mitt ár benti til þess, að brúttóhagnaður væri 10—11% af tekjum, en hreinn hagnaður 1—2%. Þetta dugir þó ekki til að bæta erfiða greiðslustöðu til neinna muna.

Afkoma útgerðar hefur verið afar erfið mörg undanfarin ár og var það enn árið 1985. Horfur fyrir þetta ár eru hins vegar bjartar og rekstrarskilyrði betri en um langt árabil. Hér veldur mestu aukinn afli án þess að veiðiskipum hafi fjölgað, lækkun olíuverðs og hátt ferskfiskverð á Evrópumarkaði, en einnig lækkun útgerðarkostnaðar vegna upptöku kvótakerfisins og bætt meðferð aflans. Mat á stöðu botnfiskveiða eftir fiskverðsbreytingar í júní síðastliðnum benti til þess, að brúttóhagnaður væri 21—22% af tekjum og hreinn hagnaður um 7—10% af tekjum, en það er betri afkoma en verið hefur um árabil. Við þessi skilyrði ætti útgerðin að geta grynnkað á skuldum, sem safnast hafa undanfarin ár.

Þrátt fyrir góða afkomu útgerðar og saltfiskverkunar eiga mörg sjávarútvegsfyrirtæki í greiðsluerfiðleikum, sem oft má rekja til taprekstur á fyrri árum eða framkvæmda, sem fjármagnaðar hafa verið með skammtímalánum. Vandamálin í botnfiskveiðum og -vinnslu eru því tvenns konar: Annars vegar tekjuskiptingarvandi milli útgerðar og vinnslu og hins vegar slæm fjárhagsstaða hjá nokkrum hluta fyrirtækjanna.

Afkoma annarra sjávarútvegsgreina er misjöfn. Þannig hefur hagur rækjuvinnslu og útgerðar verið með besta móti og veldur þar hvort tveggja, mikill afli og hátt afurðarverð. Á hinn bóginn ríkir óvissa um markaðshorfur og verðlag á saltsíld á vertíðinni, sem nú fer í hönd. Þá er afkoma loðnuvinnslu og -útgerðar afar erfið um þessar mundir, þar sem verð á lýsi hefur fallið um nær helming í dollurum frá því í fyrra og gengi dollars auk þess lækkað. Lækkun á olíukostnaði verksmiðja og nokkur hækkun mjölverðs kemur að vísu að hluta til á móti lækkun lýsisverðs, en hrekkur þó skammt. Afkomuhorfur í greininni eru því dökkar um þessar mundir og raunar vandséð, að reksturinn standi undir kostnaði við ríkjandi markaðsaðstæður, nema með bættum tæknibúnaði og ef til vill fækkun vinnslustöðva og veiðiskipa. Hvort svo róttækra úrræða er þörf, fer ekki síst eftir því, hvort líkur eru taldar á, að lýsisverð sé varanlega í lægð eða tímabundið.

Iðnaður.

Samkvæmt niðurstöðum ársreikninga 1984 nam brúttóhagnaður iðnaðar í heild 12,6% af tekjum, samanborið við 13,3% árið áður. Að ál- og kísiljárnframleiðslu frátalinni var brúttóhagnaður heldur minni, eða 11,2% af tekjum. Enn liggja ekki fyrir heildartölur úr ársreikningum fyrirtækja á árinu 1985, en bráðabirgðatölur benda til heldur minni brúttóhagnaðar í almennum iðnrekstri, þ.e. án ál- og kísiljárnframleiðslu, en árið áður, eða um 10% af tekjum. Á móti vegur hins vegar lækkun á vaxtakostnaði, þannig að afkoman á mælikvarða hreins hagnaðar gæti hafa verið svipuð bæði árin. Á þessu ári er áætlað, að framleiðslukostnaður hækki um 22—24%, en vöruverð heldur minna. Í þessu efni ríkir þó óvissa um áhrif launaskriðs. Á grundvelli þessara vísbendinga virðist mega draga þá ályktun, að hagur almenns iðnaðar — þ.e. að stóriðjuverunum frátöldum — hafi verið svipaður í fyrra og árið áður. Á hinn bóginn kynni afkoman á þessu ári að verða heldur lakari.

Annar mælikvarði á hag iðnaðar, eða öllu heldur umsvif í iðnaði, eru breytingar á heildarveltu í nokkrum vörugreinum hans samkvæmt söluskattsframtölum. Heildarvelta þessara greina er talin hafa aukist um tæplega 40% í fyrra, eða talsvert umfram verðlagsbreytingar, þannig að aukningin að raungildi var nálægt 5½%. Á fyrri helmingi þessa árs jókst velta um rúmlega 34% frá fyrra ári, en það svarar til um 2% aukningar að raungildi. Rétt er að setja þann veigamikla fyrirvara við þessa útreikninga, að framleiðslukostnaður er metinn út frá almennum verðbreytingum án tillits til þess, að fjármagnskostnaður kann að hafa hækkað meira en þeim nemur. Einnig getur greiðsluafkoma fyrirtækja verið erfið, þótt rekstrarafkoman teljist þokkaleg við ríkjandi aðstæður. Greiðsluerfiðleikana má raunar oft rekja til framkvæmda, sem fjármagnaðar hafa verið með skammtímalánum eða af rekstrarfé, eða til fyrri rekstrarerfiðleika.

Á árinu 1986 eru horfur á verulegri framleiðsluaukningu hjá stóriðjufyrirtækjunum tveimur, eða 10—12% hjá álverksmiðjunni og allt að 20% í framleiðslu kísiljárns. Markaðsverð á áli og kísiljárni er hins vegar í nokkurri lægð og ekki fyrirsjáanlegur bati alveg á næstunni. Hagur fyrirtækjanna er því án efa fremur þröngur um þessar mundir.

Landbúnaður.

Á árinu 1985 jókst landbúnaðarframleiðslan lítillega, eða um 1—2%. Mestu munaði um aukna mjólkurframleiðslu, en framleiðsla sauðfjárafurða dróst saman. Þessar greinar, og raunar kjötvinnslan í heild, eiga í verulegum markaðserfiðleikum og birgðir eru miklar. Þessar aðstæður ásamt aðgerðum til framleiðslustjórnar í nautgripa- og sauðfjárrækt munu leiða til nokkurs samdráttar í framleiðslu á þessu ári. Erfitt markaðsástand hefur án efa rýrt afkomu bænda, en á móti vega önnur ytri skilyrði, svo sem hagstætt árferði til fóðuröflunar innanlands, lækkun vaxta og verðlækkun á innfluttu fóðri. Auk þess setja nýjar búgreinar í vaxandi mæli svip sinn á landbúnaðinn, þótt sumar þeirra eigi nú í tímabundnum erfiðleikum. Að öllu samanlögðu er landbúnaðarframleiðslan í heild talin munu dragast saman um 1—1½% á árinu 1986.

Verslun.

Niðurstöður úrvinnslu úr ársreikningum verslunar á árinu 1985 liggja enn ekki fyrir. Hins vegar má fá vísbendingar um afkomuna á grundvelli almennra breytinga á kostnaði og álagningu. Niðurstöður atvinnuvegaskýrslna Þjóðhagsstofnunar sýna að meðalálagning í smásöluverslun lækkaði úr 31½ 1983 í 28½% 1984. Þetta er þó ekki ótvíræður mælikvarði á hag verslunar. Þar kemur fleira til. Sérstaklega má nefna, að á tímum mikillar verðbólgu eru tekjur fyrirtækja og gjöld oft ekki færð á sambærilegu verðlagi. Enda kemur í ljós, að brúttóhagnaður lækkaði minna 1984 en ætla hefði mátt út frá breyttri meðalálagningu eingöngu, eða úr 4,8% af veltu 1983 í 3,9% 1984. Tölur um smásöluálagningu eftir 1984 liggja ekki fyrir, en ýmislegt bendir til þess, að álagning hafi heldur hækkað á árinu 1985, en muni að líkindum standa í stað á þessu ári.

Samkvæmt skýrslum um söluskattsveltu jókst heildarvelta í smásöluverslun um 40% á árinu 1985. Þetta er talsvert meira en nam almennum verðbreytingum, sem voru um 32—33% á sama tíma. Aukning að raungildi virðist því hafa verið 5—6%. Fyrstu sex mánuði ársins 1986 jókst söluskattsvelta um 35% í smásöluverslun, en það er um 3% aukning að raungildi frá sama tíma árið áður. Þessar vísbendingar um álagningu og veltubreytingar benda til þess, að hagur verslunar hafi í heild fremur vænkast að undanförnu.

Aðrar atvinnugreinar.

Í byggingariðnaði varð nokkur samdráttur í fyrra, en á þessu ári virðast horfur á svipuðum og jafnvel heldur meiri umsvifum en þá var. Þjónustustarfsemi opinberra aðila er talin munu aukast um 3—4% á þessu ári, eða heldur minna en í fyrra. Undanfarin ár hefur þjónustustarfsemi einkaaðila af ýmsu tagi aukist verulega. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að framhald verði á þeirri þróun og spáð töluverðri aukningu umfram flestar aðrar greinar, eða á bilinu 5—7%. Af einstökum greinum má sérstaklega nefna ferðaútveg, sem hefur vaxið ört undanfarin ár. Þannig fjölgaði komum erlendra ferðamanna til landsins um nálægt þriðjung 1982—1985 og fyrstu átta mánuði þessa árs fjölgaði þeim enn um 15% frá sama tíma í fyrra. Þessa gætir í veitinga- og hótelrekstri ekki síður en í flugrekstri.

Framleiðslan í heild.

Að öllu samanlögðu virðast horfur á nálægt 5% framleiðsluaukningu í atvinnuvegunum á þessu ári. Tvo fimmtu hluta þessarar aukningar má rekja til sjávarútvegs og iðnaðar og annað eins til þjónustustarfsemi opinberra aðila og einkaaðila. Til samanburðar má geta þess, að áætlað er, að í fyrra hafi heildarframleiðsla aukist um nálægt 3½% og má rekja um helming þeirrar aukningar til þjónustustarfsemi opinberra aðila og einkaaðila en um þriðjung til sjávarútvegs. Þessar tölur má bera saman við niðurstöður þjóðhagsspár frá ráðstöfunarhlið, en þær benda til 5% aukningar landsframleiðslu á þessu ári og rúmlega 3% hagvaxtar í fyrra. Lauslega áætlað eru framleiðslubreytingar eftir atvinnugreinum sem hér segir:

Framleiðsla atvinnuvega 1985—1986.

Breyting frá fyrra ári	Vinnsluvirðis-vog 1984	Áætlun 1985	Spá 1986
	%	%	%
Landbúnaður og vinnsla búvöru	4,3	1,8	−1,0
Fiskveiðar og -vinnsla	13,2	9,1	8,5
Iðnaður	14,2	2,4	4,5
Byggingarstarfsemi	7,7	−3,7	1,0
Verslun og veitingarekstur	12,1	2,6	5,5
Starfsemi hins opinbera	12,1	4,5	3,0
Önnur starfsemi	36,4	3,7	5,5
Framleiðslan í heild	100,0	3,5	5,0

Skipting þjóðartekna.

Afrakstri þjóðarframleiðslunnar má í grófum dráttum skipta í tvennt, laun og rekstrarafgang, þ.e. annars vegar hlut launafólks fyrir vinnuframlag sitt og hins vegar hlut eigenda til ávöxtunar og endurnýjunar þess fjármagns, sem notað er við framleiðsluna og sölu hennar. Reiknuð laun sjálfstæðra atvinnurekenda (bænda, bifreiðastjóra o.fl.) eru talin með rekstrarafgangi, enda skilin milli hans og launa fremur óglögg í þeim tilvikum. Launatengd gjöld eru aftur á móti talin með launum. Undanfarin ár hefur skipting þjóðartekna (vergra þáttatekna) í laun og rekstrarafgang verið sem hér segir:

Hlutfallsleg skipting þjóðartekna 1976—1986.

	Laun og tengd gjöld	Vergur rekstrar-afgangur
	%	%
1976	64	36
1977	66	34
1978	68½	31½
1979	70	30
1980	68½	31½
1981	69½	30½
1982	69	31
1983	61	39
1984 áætlun	60½	39½
1985 áætlun	63½	36½
1986 spá	65	35

Þessar tölur segja þó ekki alla sögu um tekjuskiptingu milli launafólks og fyrirtækja, því eignatekjur og -gjöld, eins og til dæmis vextir, liggja utan við hana. Í þessu felst, að sú gjörbreyting, sem orðið hefur í vaxtamálum að undanförnu, þar sem raunvextir eru orðnir jákvæðir, kemur ekki fram í þessum tölum.


Þar sem heimilin eru nettósparendur, er ljóst, að hækkun raunvaxta hefur að einhverju leyti komið á móti lækkandi hlutdeild launa í þjóðartekjum. Hlutur heildartekna heimilanna lækkaði því ekki eins mikið 1983 og 1984 og ætla mætti af launahlutfallinu einu saman. Á sama hátt má segja um fyrirtækin, að á móti hækkandi hlutdeild þeirra á þennan mælikvarða hafi þau orðið að bera hærri raunvexti en fyrr.

II.
MARKMIÐ OG LEIÐIR
1. Markmið

Auknar þjóðartekjur — aukin framleiðsla.

Horfur eru nú á, að landsframleiðslan verði á þessu ári meiri en hún fór hæst fyrir afturkippinn 1982 og 1983. Því hefur nú tekist að komast upp úr öldudalnum. Aukin framleiðsla og verðmætasköpun í þjóðfélaginu er þegar farin að skila sér í bættum lífskjörum. Enn er þó halli á utanríkisviðskiptum og því nauðsynlegt, að nokkur hluti aukinna þjóðartekna gangi til að ná þar jöfnuði. Hagstæður viðskiptajöfnuður gerir jafnframt kleift að lækka erlendar skuldir.

Forsenda þess að unnt sé að bæta lífskjörin frekar og ná jafnframt jöfnuði í viðskiptum við önnur lönd er vöxtur þjóðartekna. Því er nauðsynlegt að beina kröftunum að því verkefni. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar, að árangursríkasta leiðin til að örva hagvöxt sé að stuðla að almennu jafnvægi í efnahagslífinu og stöðugu verðlagi. Við þau skilyrði má ætla, að hagvöxtur á næstu árum verði nægilegur til að standa undir nokkurri aukningu tekna almennings á sama tíma og jafnvægi er náð í utanríkisviðskiptum og erlendar skuldir lækka í hlutfalli við þjóðartekjur. Á næsta ári eru horfur á, að hagvöxtur geti orðið um 2% á mælikvarða landsframleiðslu, en þjóðartekjur gætu aukist um 3%.



Kaupmáttur — lífskjör.

Ríkisstjórnin mun áfram gera það sem í hennar valdi stendur til að tryggja kaupmátt og lífskjör almennings. Á þessu ári eru horfur á, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði meiri en nokkru sinni fyrr. Þar með hefur tekist að vinna upp kaupmáttarrýrnun áfallaáranna 1982 og 1983. Það er mikilsverður árangur.

Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1987 byggist á því, að útgjöld þjóðarbúsins á næsta ári aukist ekki um meira en 2%. Til þess að þetta mark náist þarf að halda aftur af útgjöldum hins opinbera til fjárfestingar og samneyslu. Ráðstöfunartekjur heimilanna mega heldur ekki aukast í heild umfram þetta mark, nema sparnaður aukist verulega. Æskilegt er, að það svigrúm, sem fyrir hendi er til að auka heildartekjur, verði fyrst og fremst notað til að bæta kjör þeirra, sem lakast eru settir og dregist hafa aftur úr í kjörum á síðustu árum, og til að lagfæra eftir föngum launakerfið á vinnumarkaðnum.

Næg atvinna — traust atvinnulíf.

Ríkissstjórnin leggur nú sem fyrr mikla áherslu á næga atvinnu. Jafnframt er mikilvægt, að hagstjórn verði með þeim hætti að ekki sé stuðlað að þenslu á vinnumarkaðnum. Betur er nú fylgst með aðstæðum á vinnumarkaði en áður með reglubundnum athugunum á fjölda lausra starfa. Niðurstöður þeirra benda til þess, að enn ríki nokkur spenna á vinnumarkaði, þótt hún virðist heldur hafa farið minnkandi frá því í fyrra, og að aðhalds sé þörf í peningamálum og ríkisfjármálum.

Jafnvægi í viðskiptum við útlönd — lækkun erlendra skulda.

Eitt af meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar er að ná sem næst jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd á næsta ári. Viðskiptahalli hefur verið viðvarandi allar götur frá 1971 að undanskildu einu ári, 1978. Þessari þróun hefur að sjálfsögðu fylgt skuldasöfnun erlendis.


Eins og nú horfir er afar mikilvægt að dregið verði úr erlendum skuldum. Í fyrsta lagi af því að hætta er á, að sívaxandi erlendar skuldir skerði lánstraust og álit þjóðarinnar út á við, en það er mikilvægt að efla sem mest til að eiga eitthvað upp á að hlaupa, ef á móti blæs. Í öðru lagi af því, að vaxtagreiðslur af erlendum lánum skerða ráðstöfunartekjur þjóðarinnar. Í þriðja lagi af því, að miklar skuldir eru hættulegar efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, ef afturkippur eða áföll dynja yfir þjóðarbúskapinn.

Þannig er augljós þörf á því að ná jöfnuði í viðskiptum við önnur lönd. Aðhald að útgjöldum þjóðarinnar er þess vegna óhjákvæmilegt, þrátt fyrir að mörgu leyti góðan hag þjóðarbúsins. Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar byggist á því, að viðskipti við önnur lönd verði nánast í jafnvægi á næsta ári, og halli innan við ½% af landsframleiðslu. Ríkisstjórnin telur, að þessu markmiði megi ná, ef aukning þjóðarútgjalda fer ekki fram úr 2% í heild á árinu 1987.

Stöðugt verðlag.

Mikilsverður árangur hefur náðst í baráttunni við verðbólgu. Á þessu ári hefur það gerst í fyrsta sinn í hálfan annan áratug, að verðbólga hér á landi hefur nálgast verulega það stig, sem ríkir í nágrannalöndunum. Þetta er ákaflega mikilvægt, því verðbólgan hefur á undanförnum árum án efa leitt til þess, að kaupmáttur og lífskjör eru lakari hér á landi en þau væru ella.

Nú þarf að fylgja þessum árangri eftir og koma á stöðugleika í verðlagsmálum. Í þessari áætlun er miðað við, að verðbólga á næsta ári verði ekki meiri en 4—5%, sem er svipað og í nágrannalöndunum. Þessum árangri má ná, ef almenn samstaða næst um þau grundvallarmarkmið, sem lýst er í þessari þjóðhagsáætlun. Það er hins vegar ekki á valdi stjórnvalda einna að tryggja að þessi markmið náist.



Markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar 1987.

Hagvöxtur og þjóðarútgjöld:	Hagvöxtur verði á bilinu 2—3%. Aukning þjóðarútgjalda verði í heild innan við 2%.
Utanríkisviðskipti:	Viðskipti við útlönd verði sem næst hallalaus og hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu lækki.
Atvinna:	Atvinna verði næg en stefnt að betra jafnvægi á vinnumarkaðnum.
Verðlagsþróun:	Verðhækkun frá upphafi til loka árs 1987 verði ekki meiri en 4—5%.

2. Leiðir

Í upphafi kjörtímabilsins markaði ríkisstjórnin þá stefnu, að almennar aðgerðir og ákvarðanir skyldu móta umgjörð efnahagsstarfseminnar í landinu. Raunhæf, og sem stöðugust, gengisskráning og aðhaldssöm peninga- og fjármálastjórn eru höfuðatriði þeirrar stefnu. Þessi stefna hefur gefist vel, og hefur gildi hennar komið glöggt í ljós á þessu ári. Jafnframt er ljóst, að ríkisstjórnin þarf að eiga gott samstarf við samtök launafólks og vinnuveitenda og sveitarfélaga í efnahags- og kjaramálum, til þess að þróun þeirra mála verði farsæl. Kjarasamningarnir í febrúar og mars voru ávöxtur góðs samstarfs allra þessara aðila. Samningarnir marka þáttaskil í viðureigninni við verðbólgu hér á landi og færa launafólki jafnframt raunverulegar kjarabætur.

Í orðsendingu ríkisstjórnarinnar til samningsaðila í febrúarmánuði síðastliðnum kom fram, að ríkisstjórnin teldi unnt að draga svo úr verðbólgu á árinu, að almenn verðhækkun frá janúar 1986 til janúar 1987 yrði innan við 9%, ef ekki yrðu verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum eða öðrum ytri aðstæðum þjóðarbúskaparins frá því sem þá horfði.

Forsenda þessa árangurs í viðureigninni við verðbólgu var, að unnt yrði að halda meðalgengi krónunnar sem stöðugustu og fylgja þeirri gengisstefnu eftir með ýtrasta aðhaldi í fjármálum, peningamálum og erlendum lántökum. En síðast en ekki síst var það talin forsenda þess, að hraði verðbólgunnar kæmist niður í eins stafs tölu á árinu, að almennt yrði samið um hóflega launahækkun, sem samrýmst gæti þessu markmiði. Þegar sýnt var, að samningar myndu nást, sem í meginatriðum voru í samræmi við þessi markmið, beitti ríkisstjórnin sér fyrir margvíslegum ráðstöfunum á sviði fjármála, verðlagsmála, lífeyris- og húsnæðismála til að tryggja framgang þeirra.

Nú er að koma í ljós, að þetta var vel ráðið, þótt teikn séu á lofti um, að launa- og verðhækkanir fari nokkuð fram úr því, sem miðað var við þegar gengið var frá samningunum í febrúar. Þennan góða árangur má auðvitað að miklu leyti þakka hagstæðum ytri skilyrðum, góðum aflabrögðum og lækkun olíuverðs og vaxta í heiminum. Það er mikilvægt, að menn geri sér ljóst, að slíkir búhnykkir koma sjaldan ár eftir ár. Því er óvarlegt að vænta, að slíkur bati í ytri skilyrðum falli Íslendingum í skaut á næsta ári, þótt vonir standi til þess að áfram ári vel. Mikið er í húfi, að á árinu 1987 takist að staðfesta þann góða árangur í efnahagsmálum, sem þegar hefur náðst. En það er óraunsætt að ætla, að unnt verði að bæta kjör og auka útgjöld þjóðarinnar í svo stórum skrefum sem á þessu og síðasta ári. Jafnframt er mikilvægt, að hluta efnahagsbatans verði varið til þess að lækka erlendar skuldir, því það er besti undirbúningurinn til þess að mæta hugsanlegum áföllum í framtíðinni.

Ríkisstjórnin mun áfram haga stjórn efnahagsmála í samræmi við þá grundvallarstefnu, sem hún markaði í upphafi. Hún mun treysta á almenna jafnvægisstjórn og stuðla að frjálsum samningum og verðmyndun. Hún stefnir að því, að útgjöld þjóðarinnar aukist ekki um meira en 2% á næsta ári og treystir því, að hófsemi og skynsemi ráði för í kjarasamningum þeim, sem gerðir verða í vetur.

Ríkisfjármál.

Aðgerðir í ríkisfjármálum áttu verulegan þátt í þeirri kjarasátt, sem tókst á síðastliðnum vetri. Með skattalækkunum og auknum útgjöldum ríkissjóðs var verðlag í landinu lækkað en jafnframt var stofnað til hallareksturs hjá ríkissjóði. Þá drógu bæði ríki og sveitarfélög úr skattheimtu og lækkuðu gjaldskrár. Með því móti náðist samstaða um önnur mikilvæg markmið í efnahags-, verðlags- og kjaramálum. Halli á rekstri ríkissjóðs er því óhjákvæmilegur um sinn. Ríkisstjórnin mun fylgja þeirri stefnu í opinberum fjármálum, að á árinu 1987 verði stigið skref til þess að rétta við fjárhag ríkissjóðs. Þetta verður gert með aðhaldi að útgjöldum, hóflegri skattastefnu og takmörkun á erlendum lántökum. Því er ljóst, að ekki verða efni til þess að beita ríkisfjármálaaðgerðum á sama hátt og gert var á síðastliðnum vetri.

Aðhald að opinberum útgjöldum má þó ekki ganga svo langt, að félagslegar umbætur stöðvist. Á hinn bóginn takmarkast skattheimta við það, að hvorki dragi úr framtakssemi og vinnuvilja né að vaktar séu launakröfur, sem gangi þvert á markmið um hjöðnun verðbólgu. Ekki má heldur seilast til svo mikillar lántöku innanlands, að lánamöguleikar einstaklinga og fyrirtækja skerðist og vextir hækki hér á landi umfram það sem eðlilegt getur talist. Þessi sjónarmið hafa ráðið gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987, en í því og greinargerð þess kemur fram stefna ríkisstjórnarinnar í fjármálum hins opinbera. Helstu atriði hennar eru: Í fyrsta lagi fari erlendar lántökur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila ekki fram úr afborgunum af erlendum og gengisbundnum lánum. Í annan stað verður dregið úr rekstrarhalla ríkissjóðs frá því sem til var stofnað á síðastliðnum vetri við lausn kjaradeilna, meðal annars með því að aflað verði nokkurra viðbótartekna með skatti á olíuvörur, en ávinningurinn af mikilli verðlækkun olíu hefur til þessa allur komið fram í fjárhag einstaklinga og fyrirtækja.

Gengi.

Ríkisstjórnin mun fylgja sömu stefnu í gengismálum og að undanförnu. Ljóst er, að þróun gengis og verðlags á þessu ári hefur falið í sér strangt aðhald að íslensku atvinnulífi, sem í sumum greinum hefur þrengt hag fyrirtækja. Að nokkru hefur þetta orðið vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla, einkum lækkunar gengis Bandaríkjadollars, sem Íslendingar fá engu ráðið um, og atvinnulífið verður að laga sig að, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Undanlátssöm gengisstefna færir atvinnuvegunum engar varanlegar úrbætur. Við ríkjandi aðstæður er hætt við, að innlendur kostnaður aukist í kjölfar gengislækkunar, sem aftur leiðir til verðbólgu. Gengisstefnan verður því óbreytt, en í því felst að stefnt verði að sem mestum stöðugleika í gengi krónunnar. Þó getur vitaskuld þurft að endurskoða þessa stefnu, ef verulegar breytingar verða á skilyrðum þjóðarbúsins, ekki síst ef óvæntar breytingar verða á gengi erlendra gjaldmiðla á alþjóðagjaldeyrismarkaði.

Vextir og peningamál.

Á árinu 1986 hefur komið í ljós, að jákvæðir raunvextir hvetja til sparnaðar. Innlán í bankakerfinu hafa vaxið hröðum skrefum og mun örar en útlán. Sala spariskírteina ríkissjóðs hefur gengið vel og ýmis teikn eru um, að lækkandi verðbólga og jákvæðir raunvextir ásamt auknum markaðsáhrifum á ákvörðun vaxta hafi stuðlað að betra jafnvægi á lánamarkaðnum. Þessari stefnu verður fylgt áfram en jafnframt að því stefnt, að vextir lækki í takt við hjöðnun verðbólgu. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn munu reyna að stuðla að því, að raunvextir á opinbera lánamarkaðnum verði hóflega jákvæðir. Þá verður að því stefnt, að vaxtaákvæði á lánamarkaðnum verði í betra samræmi við innbyrðis stöðu lántakenda en verið hefur, þ.e. að vextir á ríkisskuldabréfum verði svipaðir og vextir á ýmsum öðrum skuldabréfum og peningaeignum. Vaxtastigið í heild hlýtur þó einnig að mótast af markaðsaðstæðum hverju sinni, meðal annars af vöxtum á erlendum lánamarkaði. Ennfremur má ætla, að viðskipti með eldri spariskírteini á Verðbréfaþingi Íslands gefi vísbendingu um markaðsvexti hér á landi. Stjórn peningamála mun miðast við það að tryggja atvinnulífinu og hinu opinbera fjármagn í eins miklum mæli og kostur er á innlendum peningamarkaði.

Um síðustu áramót gekk í gildi ný löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði. Hinn 1. júní s.l. gengu í gildi lög um verðbréfamiðlun. Loks munu ný lög um Seðlabanka Íslands öðlast gildi 1. nóvember nk. Þannig má segja, að á árinu hafi grundvallarlöggjöf um peningamarkaðinn og lánamál verið endurnýjuð. Með allri þessari löggjöf er stefnt að auknu frjálsræði í starfseminni á peningamarkaðnum. Seðlabankinn getur þó með samþykki ráðherra takmarkað útlánavexti bankanna, til þess að raunvextir hér á landi verði ekki hærri en í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, eða til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána. Í hinni nýju löggjöf eru einnig settar traustari reglur en áður hafa gilt um skipulag, starfshætti og eftirlit með þeim stofnunum, sem á honum starfa.

Innan þessa ramma eru helstu viðfangsefnin framundan annars vegar endurskipulagning á viðskiptabankakerfinu, er feli í sér fækkun banka, og hins vegar að búa svo um hnútana í starfsemi peningamarkaðarins, að hvatt sé til innlendrar fjármagnsmyndunar og lánsfénu beint til arðbærra framkvæmda og fjárfestingar.

Verðlags- og launamál.

Þótt sá árangur, sem náðst hefur á árinu 1986 í viðureigninni við verðbólguna, sé mikilsverður, er óviðunandi að búa við 10% verðbólgu á ári til lengdar, þegar þess er gætt að verðbólga í iðnríkjunum verður að meðaltali aðeins 2—3% árið 1986 og spár fyrir næstu ár benda til 3—4% verðbólgu á ári í þessum ríkjum. Það er því afar mikilvægt, að á næsta ári verði enn stigið stórt skref til þess að koma Íslendingum í hóp þeirra þjóða, sem búa við sæmilega stöðugt verðlag.

Það er athyglisvert, að hin mikla hjöðnun verðbólgu, sem orðið hefur hér á landi á síðustu árum, hefur orðið samhliða auknu frelsi um verðákvarðanir. Þessi reynsla sýnir, að það aðhald, sem samkeppni, verðkannanir og eftirlit með samkeppnishömlum veitir, er farsælla en bein afskipti hins opinbera af einstökum verðákvörðunum. Ríkisstjórnin hlýtur jafnan að beita áhrifum sínum til þess að koma í veg fyrir, að verð hækki óeðlilega í skjóli einokunar eða samtaka um verðákvarðanir.

Með öllu er ljóst, að ráðstafanir stjórnvalda geta ekki einar sér tryggt áframhaldandi hjöðnun verðbólgu, heldur skipta ákvarðanir einstaklinga, félaga og hagsmunasamtaka, svo og vitaskuld ytri skilyrði þjóðarbúsins, ekki síður máli. Ríkisstjórnin mun kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila efnahagslífsins, sem sameiginlega geta tryggt árangur í glímunni við verðbólgu. Hún mun fyrir sitt leyti haga opinberum álögum og verðákvörðunum í samræmi við þessa stefnu.

Ef samstaða tekst í almennum atriðum um þau grundvallarmarkmið í efnahagsmálum, sem lýst er hér að framan, telur ríkisstjórnin að koma megi verðbólgu niður í 4—5% frá upphafi til loka næsta árs og árshraði verðbreytinga verði innan við 4% í árslok 1987. Ríkisstjórnin mun gera það sem í hennar valdi stendur til að ná þessum árangri.

Eins og áður hefur komið fram felur efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar í sér svigrúm til 2% aukningar þjóðarútgjalda á næsta ári. Þjóðarútgjöld á mann gætu því enn aukist á árinu 1987. Afstaða ríkisins til kjaramála mótast af þessu markmiði. Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti taka þátt í þeirri viðleitni, sem nú er ofarlega á baugi, að reyna að samræma raunverulega greidd laun og umsamin laun og bæta skipulag launamála, eftir því sem kostur er. Þess þarf þó jafnan að gæta, að ekki verði slakað á í sókn til stöðugra verðlags og jafnvægis í viðskiptum við útlönd.

Stjórn fiskveiða.

Meginatriði fiskveiðistefnunnar voru í árslok 1985 ákveðin með lögum frá Alþingi til tveggja ára. Samkvæmt þeim eru veiðar úr öllum helstu nytjastofnum háðar aflamörkum. Aflamörkin voru hins vegar rýmkuð 1986 frá því, sem gilt hafði árin 1984 og 1985, í ljósi álits fiskifræðinga um batnandi ástand fiskstofna við landið. Þá fólu lögin í sér rýmri möguleika en áður fyrir útvegsmenn að velja á milli aflakvóta og sóknarkvóta. Reynslan af þeirri fiskveiðistefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin þrjú ár, er sú, að afli á sóknareiningu hefur farið vaxandi og afkoma útvegsins batnað. Batnandi afkoma skýrist auðvitað að miklu leyti af betra ástandi sjávar, lækkun olíuverðs og hækkun ferskfiskverðs á erlendum mörkuðum. Aukinn afli án fjölgunar skipa, minni útgerðarkostnaður meðal annars vegna kvótakerfisins og fjárhagsleg endurskipulagning og lenging lána, sem hvíla á fiskiskipum, eiga hér einnig stóran hlut að máli. Markaðri fiskveiðistefnu verður því áfram fylgt á næsta ári.

Miðað við fyrirliggjandi álit fiskifræðinga virðast nú horfur á, að sjávarafli geti enn aukist nokkuð árið 1987. Það er batnandi ástandi sjávar og aðhaldssamri fiskveiðistefnu síðustu ár að þakka, að nú er bjartara framundan í sjávarútvegi og má búast við nokkurri aflaaukningu næstu árin, þótt óhjákvæmilega geti orðið sveiflur í fiskgengd.

Á árinu 1986 voru sett lög um mikla einföldun á svonefndu sjóðakerfi sjávarútvegsins. Útflutningsgjöld voru felld niður og verðmyndun á fiski breytt þannig, að miklu skýrara verður, hvað fæst fyrir fiskinn og hver borgar hann. Þannig er verð frá fiskvinnslu til útgerðar nú raunverulegt heildarverð, sem til dæmis má bera saman við það verð, sem fæst á erlendum markaði. Áður var þessu ekki að heilsa, því margs konar greiðslur úr og í sjóði gerðu allan verðsamanburð erfiðan. Eftir þessar breytingar liggur hlutur skiptaverðs til sjómanna einnig ljós fyrir, sem er mikill ávinningur. Á árinu hafa því línurnar í skiptum sjómanna og útvegsmanna orðið mun skýrari en áður var. Sveigjanleiki í ákvörðun fiskverðs hefur verið aukinn, og í athugun er, hvort setja megi á stofn uppboðsmarkað fyrir fisk hér á

landi. Þessar breytingar í frjálsræðisátt eru gerðar á grundvelli nýrra laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem sett voru í fyrra og heimila frjálst fiskverð, ef allir aðilar að ráðinu eru um það sammála. Allar miða þessar breytingar að því að auka hagkvæmni í rekstri sjávarútvegsins, þegar til lengri tíma er litið, og þar með tekjur þeirra, sem við hann starfa.

Landbúnaðarstefna.

Markmið landbúnaðarstefnunnar er að samræma sem best innlenda framleiðslu og eftirspurn í hefðbundnum greinum, og hvetja til nýjunga í greinum, sem keppt geta á innlendum og erlendum markaði. Framleiðslustjórnun með búmarki virðist munu bera nokkurn árangur á þessu og næsta ári. Með samningum ríkis og bænda er gert ráð fyrir 1% samdrætti í mjólkurframleiðslu og allt að 3% minni framleiðslu kindakjöts á verðlagsárinu 1986/1987 en á undangengnu verðlagsári.

Ljóst er, að frekari samdráttur getur vart orðið með því að minnka framleiðslu um sömu hlutfallstölu hjá öllum framleiðendum. Með búháttabreytingum fyrir tilstyrk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru allgóðar horfur á að komast megi hjá skerðingu á framleiðslu þeirra, sem stunda mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, en eiga ekki kost á að nýta sér aðrar búgreinar. Þannig, og með hliðsjón af landnýtingu, verði stefnt að því að halda framleiðslu þessara búvara, þó einkum sauðfjárafurða, lítt breyttri í þeim héruðum, sem fá eða engin tækifæri hafa í öðrum atvinnugreinum.

Iðnaðarstefna.

Á síðustu árum hafa starfsskilyrði atvinnulífsins verið jöfnuð milli greina og samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega verið styrkt. Skattalögum hefur verið breytt þannig, að hvatt er til fjárfestingar og eiginfjármyndunar í atvinnulífinu. Iðnaðurinn nýtur nú jafnræðis við aðrar greinar um aðgang að lánsfé og lánskjör. Hjöðnun verðbólgu og aukið jafnvægi í efnahagsmálum ásamt framangreindum breytingum hefur stuðlað að vexti almennrar iðnaðarframleiðslu, en hún jókst um 4,5% í fyrra og gæti vaxið um líkt hlutfall á þessu ári. Framleiðsla málmbræðslnanna mun einnig aukast verulega eftir afturkipp í fyrra.

Á sviði orkubúskapar hafa aðstæður breytst, ekki síst vegna mikilla breytinga á orkuverði í heiminum. Orkunotkun vex nú hægar en áður og orkuframleiðsluna þarf að laga að þessum nýju aðstæðum. Framkvæmdir við rafvirkjanir og hitaveitur eru minni en áður og hefur því dregið úr fjárþörf til þeirra málaflokka. Hagur flestra orkufyrirtækja hér á landi hefur batnað og orkuverð lækkað. Til dæmis hefur raunverð Landsvirkjunar til almenningsveitna lækkað um meira en þriðjung frá því það var hæst 1983. Þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir mikilli lækkun á orkuverði til almennings með afnámi verðjöfnunargjalds og niðurfærslu orkuverðs í tengslum við kjarasamningana á síðastliðnum vetri. Ríkisstjórnin vinnur nú að undirbúningi tillagna um það, hvernig hagkvæmast sé að haga skipulagi orkuvinnslu og dreifingar í landinu.

Samningaviðræðum um kísilmálmverksmiðju í Reyðarfirði lýkur væntanlega á næstunni og verður niðurstaða þeirra lögð fyrir Alþingi. Verði hún jákvæð, mun hugsanlegur samstarfssamningur ríkisstjórnarinnar og RTZ Metals lagður fyrir Alþingi til staðfestingar, auk þess sem breytingar á lögum um kísilmálmverksmiðju kunna að vera nauðsynlegar. Áfram verður haldið tilraunum til að nýta þá aðstöðu til stóriðju, sem þegar er í Straumsvík.

Þjónustuiðnaður hefur mjög eflst í landinu, þrátt fyrir aukna samkeppni erlendis frá. Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á nýjungar í iðnaðarframleiðslu, eins og nánar er vikið að hér á eftir. Á þessu ári var í fyrsta sinn haldin sérstök sýning á verkum íslenskra hugvitsmanna að forgöngu iðnaðarráðuneytisins. Nú er unnið að gerð lagafrumvarps um einkaleyfi. Ennfremur er unnið að endurskoðun laga um Iðntæknistofnun og iðnráðgjafa.

Nýsköpun í atvinnulífinu.

Eitt mikilvægasta verkefni hagstjórnar er að búa atvinnulífinu slík almenn starfsskilyrði, að nýjar greinar komist á legg. En auk almennra skilyrða — fyrst og fremst stöðugs verðlags og gengis, sem tryggir samkeppnisstöðu innlendra atvinnuvega — er nauðsynlegt, að hið opinbera örvi nýsköpun með því að taka þátt í rannsóknar- og þróunarstarfsemi atvinnuveganna og greiða fyrir fjármögnun nýrra verkefna og fyrirtækja. Á síðustu árum má sjá nokkurn árangur á þessu sviði. Má í því sambandi benda á hina öru uppbyggingu í fiskeldi. Þá hafa opinberir aðilar, bæði atvinnuvegaráðuneyti og Rannsóknaráð ríkisins, veitt sérstakan stuðning til rannsóknar- og þróunarstarfs, sem leitt getur til arðbærra nýjunga í framleiðslu.

Ríkisstjórnin mun kanna vandlega, hvaða leiðir séu best til þess fallnar að hvetja erlenda aðila til að leggja áhættufé í nýjungar í atvinnulífi hér á landi án þess að forræði landsmanna sé með því stefnt í hættu. Í íslenskum lögum eru ýmis ákvæði, sem takmarka beina þátttöku erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum á Íslandi. Ýmsum þessara ákvæða þarf að breyta, en þess verður þó jafnan að gæta, að yfirráð Íslendinga yfir auðlindum lands og sjávar séu tryggð. Í þessu sambandi skiptir höfuðmáli að einfalda öll afskipti stjórnvalda af erlendri fjárfestingu. Þá er ekki síður brýnt, að skýrar reglur verði settar um fjármagnsgreiðslur til og frá landinu í stað þess að ákvörðun um það, hvort þær skuli leyfðar, sé háð óbundnu mati gjaldeyrisyfirvalda í hverju tilfelli.

Með stefnubreytingu í þessa átt mætti stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu, draga úr erlendum skuldum og bæta lífskjör. Á það má benda, að í ýmsum hátækni- og nýiðnaðargreinum fylgjast náið að sérþekking og tæknikunnátta annars vegar og eignaraðild og áhrif í stjórn fyrirtækja hins vegar.

III.
HORFUR
1. Þjóðhagsáætlun 1987

Hér á eftir er lýst í megindráttum efnahagshorfum fyrir árið 1987 eins og þær eru metnar með hliðsjón af almennum efnahagsskilyrðum, innan lands og utan, og stefnu ríkisstjórnarinnar eins og henni er lýst í þessari þjóðhagsáætlun. Eins og jafnan eru ýmsir þættir óráðnir, sem hafa áhrif á framvindu efnahagsmála á næsta og næstu árum, bæði innlendir og erlendir. Af innlendum vettvangi má nefna, að kjarasamningar gilda flestir aðeins til næstu áramóta. Ennfremur eru aflahorfur fyrir næsta ár sem endranær óvissar, þótt fiskveiðistefna hafi í aðalatriðum verið mótuð og aflahorfur séu almennt taldar fremur góðar. Af erlendum óvissuþáttum má nefna þróun gengismála á erlendum gjaldeyrismörkuðum og þá sérstaklega varðandi Bandaríkjadollar. Á þessari stundu er óvíst, hvort dollarinn heldur áfram að lækka, eins og hann hefur gert síðustu misseri. Eins hlýtur þróun olíuverðs að teljast óviss, þótt spár alþjóðastofnana bendi flestar til þess, að olíuverð haldist áfram lágt næsta ár. Að öllu samanlögðu virðist þó fremur bjart framundan í íslenskum þjóðarbúskap, hvort sem litið er á ytri skilyrði eða aðstæður innanlands. Afar hagstæð þróun, það sem af er þessu ári, hefur skapað einstæð skilyrði til þess að koma varanlega á betra jafnvægi í efnahagsmálum hér á landi.

Afli og útflutningsframleiðsla.

Á grundvelli þeirrar fiskveiðistefnu, sem ríkisstjórnin hefur mótað, og með hliðsjón af framvindunni á þessu ári má ætla, að sjávarafurðaframleiðslan geti aukist um 4—5% á næsta ári. Þetta er minni aukning en spáð er fyrir þetta ár, enda er ekki reiknað með jafnmikilli aukningu botnfiskafla og á þessu ári.


Álframleiðsla er talin munu aukast lítillega, þar sem reiknað er með fullum afköstum allt næsta ár. Þá er búist við, að almenn iðnaðarvöruframleiðsla til útflutnings muni aukast nokkuð. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að framleiðsla kísiljárns haldist óbreytt.

Að öllu samanlögðu fela þessar horfur í sér nálægt 5% aukningu útflutningsframleiðslu í heild á næsta ári. Útflutningsverðmæti kynni þó að aukast minna, þar sem ekki er reiknað með frekari birgðaminnkun en orðin er á þessu ári. Heildarvöruútflutningur er því talinn munu aukast um 4% árið 1987.

Viðskiptakjör.

Á næsta ári mun væntanlega gæta áfram jákvæðra áhrifa lækkunar olíuverðs á viðskiptakjör Íslendinga. Áhrifin verða þó mun minni en á þessu ári. Þróun gengismála á alþjóðamarkaði, einkum hvað varðar Bandaríkjadollar, gæti haft afdrifarík áhrif á viðskiptakjör, þar sem stór hluti útflutnings er seldur í dollurum, en innflutningur að mestu greiddur í öðrum myntum. Á útflutningshlið er reiknað með, að verð á sjávarafurðum hækki um nálægt 4% í krónum talið, þegar á heildina er litið. Mikil óvissa ríkir þó um verð á loðnu- og síldarafurðum. Í þessari spá felst fyrst og fremst, að verð á fiskafurðum muni í meginatriðum fylgja almennri verðþróun í markaðslöndunum. Raunar má segja, að reiknað sé með svipaðri verðþróun á öðrum útflutningsvörum. Innflutningsverð — á öðrum vörum en olíu — er sömuleiðis talið fylgja almennum verðbreytingum í alþjóðaviðskiptum, en í því felst um það bil 3%

verðhækkun milli áranna 1986 og 1987. Ekki er búist við umtalsverðum vaxtabreytingum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum á næstunni. Þannig er reiknað með 7% Libor vöxtum af dollaralánum til 6 mánaða að meðaltali árið 1987, eða svipað og að meðaltali á þessu ári. Í þessu felst engu að síður nokkur lækkun meðalvaxta af erlendum lánum, þar sem þetta eru lægri vextir en eru á eldri lánum. Samkvæmt þessu er talið að meðalvextir af erlendum lánum til lengri tíma en eins árs, sem voru 9,3% árið 1985, verði 8,5% 1986 og 8% á næsta ári. Þessar horfur fela í sér áframhaldandi viðskiptakjarabata á næsta ári, en þó mun minni en spáð er fyrir þetta ár, eða 2¼% árið 1987 samanborið við rúmlega 4% árið 1986. Miðað við núverandi olíuverð og vexti á alþjóðalánamarkaði má segja, að þessi viðskiptakjarabati sé í aðalatriðum kominn fram um þessar mundir.



Verðlag.

Eins og fram kemur fyrr í þessari áætlun er það eitt af meginmarkmiðum stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta ári, að koma verðbólgu niður á svipað stig og í nágrannalöndunum. Í þessu felst, að verðhækkun frá upphafi til loka næsta árs verði 4—5% og árshraði verðbreytinga innan við 4% í árslok. Meðalhækkun milli ára yrði heldur hærri, eða um 7—8%. Til samanburðar má nefna, að meðalhækkun verðlags undanfarin fimmtán ár hefur verið 42% á ári. Hér er því stefnt að gjörbreytingu árið 1987. Forsenda þess að slíkur árangur náist er annars vegar stöðugt gengi og jafnvægi í ríkisfjármálum og hins vegar að kjarasamningarnir, sem gerðir verða í vetur, geti samrýmst þessari verðlagsþróun.

Þjóðarútgjöld.

Áætlun ríkisstjórnarinnar um áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og sem næst jöfnuð í viðskiptum við útlönd á næsta ári byggist á því, að þjóðarútgjöld aukist ekki um meira en 2% á næsta ári. Samneysluútgjöld eru talin aukast um 1,7% og fjárfestingarútgjöld um 2,2% í heild. Með hliðsjón af þessum áætlunum og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er svigrúm til áframhaldandi einkaneysluútgjalda heimilanna á næsta ári, en þó minna en undanfarin þrjú ár, eða um 1½%. Með öðrum orðum, kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna má, þegar á heildina er litið, ekki aukast meira en þessu nemur, nema sparnaður aukist að sama skapi. Þetta geta þó varla talist þröngir kostir, þegar til þess er litið, að tekjur heimilanna hafa aukist verulega undanfarin tvö ár og langt umfram almennar verðlagshækkanir. Raunar hefur þegar á þessu ári tekist að vinna upp kaupmáttarrýrnun áfallaáranna 1982 og 1983. Með hliðsjón af þessum atriðum er í þessari áætlun gengið út frá því, að aukning þjóðarútgjalda haldist innan fyrrgreindra marka, enda mun ríkisstjórnin fyrir sitt leyti haga stjórn efnahagsmála í samræmi við þetta.

Utanríkisviðskipti.

Almenn innflutningseftirspurn ræðst að verulegu leyti af þjóðarútgjöldum, innlendu verðlagi og innflutningsverði. Fastgengisstefnan, sem þessi áætlun gerir ráð fyrir, mun hafa í för með sér þá breytingu á verðhlutföllum, að innflutningur verður hlutfallslega nokkru ódýrari en innlend framleiðsla og gæti því eftirspurn eftir innfluttum vörum aukist umfram aukningu þjóðarútgjalda. Á þeim forsendum, sem hér hafa verið raktar, má ætla, að almennur vöruinnflutningur geti aukist um rúmlega 3½% á næsta ári. Heildarvöruinnflutningur — að teknu tilliti til sérstaks innflutnings, sem talinn er aukast um 4% — myndi samkvæmt þessu aukast um 3¾% á næsta ári.

Þær horfur um útflutning og innflutning á næsta ári, sem hér hafa verið raktar, fela í sér verulegan afgang á vöruskiptajöfnuði, eða rúmlega 3½ milljarð króna, samanborið við 2,4 milljarða í spá fyrir árið 1986.[1]) Skýringin á áframhaldandi bata á vöruskiptajöfnuði felst í meiri aukningu útflutnings en innflutnings og því, að gert er ráð fyrir bata í viðskiptakjörum á næsta ári.

Þjónustujöfnuður, að vöxtum frátöldum, er einnig talinn geta orðið heldur hagstæðari árið 1987 en spáð er fyrir þetta ár, eða um 1,7 milljarða króna á næsta ári, samanborið við 1,5 milljarða í ár.


Vaxtajöfnuðurinn verður hins vegar áfram afar óhagstæður. Áætlað er að nettóvaxtagreiðslur á næsta ári geti numið 5,9 milljörðum króna, eða tæplega 4% af landsframleiðslu, sem er hálfri prósentu minna en spáð er fyrir þetta ár.

Að öllu samanlögðu má því reikna með, að sá afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum á næsta ári, sem yrði samkvæmt þessum spám, hrykki tæplega til að standa undir vaxtagreiðslum til útlanda. Á þessum forsendum yrði því lítils háttar halli á viðskiptajöfnuði, eða 700 milljónir króna, sem svarar til 0,4% af landsframleiðslu. Þetta yrði engu að síður mikilsverður árangur.

1) Allar fjárhæðir fyrir árið 1987 — bæði í texta og töfluviðauka — eru miðaðar við áætlað verðlag í lok ársins 1986, þ. e. fjárlagafrumvarpsverðlag.

Erlendar skuldir.

Standist þessar áætlanir, lækkar hlutfall erlendra skulda úr 51½% af landsframleiðslu á þessu ári í 49% í árslok 1987. Greiðslubyrði af erlendum lánum yrði hins vegar sem næst óbreytt, um 19% af útflutningstekjum, þar sem á móti léttari vaxtabyrði kæmi þyngri byrði afborgana á næsta ári. Þannig færi áfram næstum fimmtungur útflutningstekna þjóðarinnar til þess að greiða af erlendum skuldum.



Niðurstaða þjóðhagsáætlunar 1987.

Þær áætlanir, sem hér hafa verið settar fram um efnahagshorfur á næsta ári, benda til áframhaldandi hagvaxtar, en þó mun minni en spáð er fyrir þetta ár. Landsframleiðsla gæti aukist um rúmlega 2%, samanborið við spá um 5% hagvöxt á þessu ári. Landsframleiðslan 1987 yrði samkvæmt þessu 154,3 milljarðar króna, miðað við verðlag í lok þessa árs, og þjóðarframleiðslan 148,4 milljarðar. Ef verðlagsmarkmið Þjóðhagsáætlunar nást gæti meðalverðlag á næsta ári orðið 2½—3% hærra en verðlag í lok þessa árs.

Framvindan á þessu ári hefur verið einstaklega hagstæð, þar sem saman hefur farið verulegur bati í viðskiptakjörum og framleiðsluaukning innanlands, ekki síst í sjávarútvegi. Á næsta ári er ekki gert ráð fyrir svipuðum búhnykk og á þessu ári, en þó er áfram reiknað með hagstæðum skilyrðum, jafnt utan lands sem innan. Þannig má segja, að áætlunin sé reist á nokkurri bjartsýni um framleiðsluaukningu hér á landi og jafnframt því, að það takist að stilla þjóðarútgjöldum í hóf.

Það er afar mikilvægt, að unnt sé að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum hér á landi við þessi hagstæðu skilyrði. Undanfarin tvö ár hefur vaxandi hluti tekna heimilanna komið fram í auknum peningalegum sparnaði. Brýnt er að svo verði áfram á næsta ári til þess að takast megi að ná sem næst hallalausum viðskiptum við útlönd. Ef útgjaldaþróunin fer hins vegar úr böndunum, er hætt við, að það leiddi til aukinnar verðbólgu og vaxandi jafnvægisleysis í þjóðarbúskapnum. Við því þarf að sporna.


2. Horfur til loka áratugarins

Inngangur.

Eins og fram hefur komið eru ytri skilyrði þjóðarbúsins nú hagstæðari en þau hafa verið um margra ára skeið. Takist að framfylgja þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1987, munu þjóðartekjur hafa vaxið um 17% samtals á árunum 1984—1987. Til samanburðar má nefna, að erfiðleikaárin 1982—1983 drógust þjóðartekjur saman um rúmlega 5%. Samhliða vaxandi þjóðartekjum hafa viðskiptin við útlönd þokast í átt til jafnvægis. Á árunum 1981—1985 nam viðskiptahallinn að meðaltali um 5% af landsframleiðslu, en 1986 stefnir hann í um 1½% af landsframleiðslu og gert er ráð fyrir, að sem næst jöfnuður náist í utanríkisviðskiptum á árinu 1987, verði aukningu þjóðarútgjalda stillt í hóf. Þótt það sé nokkurt áhyggjuefni, að ekki skuli verða afgangur af viðskiptum við útlönd í svo hagstæðu árferði, er rétt að hafa í huga, að nokkur undanfarin ár hefur viðskiptahallinn nær eingöngu stafað af miklum vaxtagreiðslum af erlendum lánum. Viðskiptajöfnuðurinn, að vaxtagreiðslum frátöldum, hefur því verið hagstæður. Í íslenskum efnahagsmálum skipast veður hins vegar oft skjótt í lofti. Hér á eftir eru raktar niðurstöður tveggja mismunandi dæma um hugsanlega efnahagsþróun á næstu árum. En fyrst nokkur orð um erlenda skuldasöfnun.

Erlend skuldasöfnun.


Íslendingar söfnuðu miklum skuldum erlendis á áttunda áratugnum og fyrri helmingi þess níunda. Vegna hárra raunvaxta á alþjóðlegum peningamörkuðum á undanförnum árum hafa skuldirnar reynst þungar í skauti. Þótt skuldasöfnunin hafi nú stöðvast, hefur hún ekki snúist við. Hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu var 55% í árslok 1985, verður að öllum líkindum 51½% í lok þessa árs, og samkvæmt þjóðhagsáætlun um 49% í árslok 1987. Þessi lækkun skuldahlutfallsins stafar þó ekki af endurgreiðslu erlendra lána heldur af gengislækkun Bandaríkjadollars á alþjóðagjaldeyrismarkaði á síðustu misserum, en einnig að nokkru af vexti landsframleiðslu þessi ár og verðbólgu erlendis. Forsenda þess að unnt sé að endurgreiða erlendar skuldir er auðvitað, að afgangur verði af viðskiptunum við útlönd.



Sé litið yfir langt tímabil, kemur í ljós, að það heyrir til undantekninga, að afgangur hafi orðið af viðskiptum Íslendinga við útlönd. Þróunin hefur fremur verið sú, að í misæri hefur viðskiptahallinn aukist verulega en minnkað í góðæri. Á erfiðleikaárum hafa Íslendingar því jafnan safnað skuldum erlendis, en lítið sem ekkert greitt til baka á uppgangstímum. Reyndar var það svo á áttunda áratugnum, að erlendu skuldirnar jukust að raungildi, hvort sem vel áraði eða illa. Á síðari hluta áratugarins var þó hagvöxtur að jafnaði svo ör, að hlutfall erlendra skulda af útflutningstekjum lækkaði. Vaxandi erlendar skuldir komu ekki að sök — og gátu beinlínis verið til hagsbóta væri lánsfénu vel varið — meðan þær voru enn tiltölulega litlar og raunvextir af erlendu lánsfé lágir eða neikvæðir eins og raun var á til loka áttunda áratugarins.

En eftir 1980 urðu mikil umskipti. Eftir hartnær tíu ára þensluskeið voru erlendar skuldir orðnar afar miklar — þótt þær ættu enn eftir að aukast — og hjaðnandi verðbólgu í stærstu iðnríkjum heims fylgdu mjög háir raunvextir á alþjóðalánamarkaði. Færa má að því rök, að háir raunvextir hafi á fyrri helmingi níunda áratugarins kostað þjóðarbúið að minnsta kosti tíunda hluta landsframleiðslu eins árs, sem er svipuð upphæð og allur sá hagvöxtur, sem vænta má á þremur til fjórum meðalárum. Þótt raunvextir á alþjóðapeningamarkaði hafi heldur farið lækkandi á undanförnum misserum, er næsta víst, að þeir muni á sögulegan mælikvarða haldast fremur háir á komandi árum.

Í ljósi þessa er ástæða til að gefa gaum að efnahagshorfum hér á landi til lengri tíma en eins árs. Ógerlegt er að slá nokkru föstu um þær í smáatriðum; til þess eru óvissuatriðin of mörg. Því er valin sú leið að skoða dæmi, þar sem gert er ráð fyrir ákveðinni framvindu innan lands og utan, og reyna að rekja afleiðingar þeirra fyrir þjóðarbúskapinn. Hér á eftir verður lýst tveimur dæmum — öðru hagstæðu, hinu óhagstæðu — um hugsanlega efnahagsframvindu á árunum 1988—1991. Í báðum dæmunum eru niðurstöður þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1987 lagðar til grundvallar. Þau gera bæði ráð fyrir sömu útgjaldaþróun allt tímabilið. Mismunurinn felst hins vegar í því, að í fyrra dæminu er reiknað með að sjávarvöruframleiðsla haldi áfram að aukast, en í því síðara er reiknað með afturkipp í afla. Helstu forsendur þeirra eru sýndar í meðfylgjandi töflu.



Helstu forsendur dæmanna.

Breyting frá fyrra ári.	1988	1989	1990	1991
	%	%	%	%
Dæmi 1: Framhald hagstæðra skilyrða.				
Sjávarvöruframleiðsla	4,0	3,0	3,0	3,0
Vöruútflutningur í heild	3,5	2,7	2,8	2,8
Þjóðarútgjöld	2,7	2,7	2,7	2,7
Almennur vöruinnflutningur	3,8	3,8	3,8	3,8
Dæmi 2: Afturkippur.				
Sjávarvöruframleiðsla	0,0	÷8,0	÷5,0	7,0
Vöruútflutningur í heild	0,5	÷5,4	÷3,0	5,5
Þjóðarútgjöld	2,7	2,7	2,7	2,7
Almennur vöruinnflutningur	3,8	3,8	3,8	3,8

Framhald hagstæðra skilyrða.

Í fyrra dæminu er gert ráð fyrir, að framleiðsluskilyrði þjóðarbúsins verði áfram hagstæð. Að vísu er reiknað með hægari vexti útflutningsframleiðslu og þjóðarútgjalda 1988—1991 en varð 1984—1985 og spáð er 1986—1987, þar sem varla er unnt að búast við 5—10% árlegri aukningu aflaverðmætis, þegar þorskaflinn verður kominn í 400 þúsund tonn, eða ríflega það, og loðnuaflinn í 1 milljón tonna. Árleg 3—4% aukning sjávarvöruframleiðslu á árunum

1988—1991 verður að kallast fremur bjartsýn forsenda. Á meðan svo háttar, að 75% vöruútflutnings eru sjávarafurðir og önnur 15% afurðir orkufreks iðnaðar, verður framleiðsla annarra útflutningsgreina að vaxa í stórum stökkum til þess að hafa veruleg áhrif á aukningu vöruútflutnings í heild. Ekki eru horfur á því, að nýjar greinar komi til sögunnar á þessu tímabili í þeim mæli að um muni, þótt grundvöllur nokkurra greina verði treystur. Má í því sambandi nefna fiskeldi og ferðaútveg, en hvort tveggja er í örum vexti. Gert er ráð fyrir hægari vexti þjóðarútgjalda 1988—1991 en 1984—1987, þar sem vöxtur þeirra er látinn haldast nokkurn veginn í hendur við vöxt útflutnings.

Dæmi 1: Framhald hagstæðra skilyrða.

	1988	1989	1990	1991
Árleg aukning landsframleiðslu, %	2,8	2,6	2,6	2,6
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	0,0	0,0	0,1	0,1
Erlendar skuldir, % af landsframleiðslu	44,7	42,3	39,9	38,2
Greiðslubyrði, % af útflutningstekjum	17,3	17,5	15,7	14,8

Niðurstöður framreiknings á þessum forsendum fyrir árin 1988—1991 eru heldur tíðindalitlar. Hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verður rúmlega 2½% á ári. Þótt utanríkisviðskipti verði hallalaus öll árin 1988—1991, saxast tiltölulega lítið á erlendu skuldirnar. Hlutfall þeirra af landsframleiðslu lækkar úr 49% árið 1987 í 39% árið 1991, nánast eingöngu vegna aukningar landsframleiðslunnar og verðbólgu erlendis. Slík breyting væri hins vegar án efa afar mikilvæg til þess að efla álit og lánstraust þjóðarinnar út á við.

Afturkippur.

Ekki þarf að fjölyrða um það, að hér á landi getur hæglega brugðið til beggja vona, hvað varðar ytri skilyrði þjóðarbúsins. Á undanförnum áratugum hefur íslenskur þjóðarbúskapur ítrekað orðið fyrir alvarlegum ytri áföllum. Má í því sambandi nefna aflabrest árin 1967—1968 og 1982—1983, verðfall á erlendum mörkuðum 1967—1968 og 1974—1975, olíuverðshækkun 1973—1974 og 1979—1980 og hækkun raunvaxta af erlendum skuldum eftir 1980. En búhnykkirnir hafa einnig verið nokkrir og nægir að nefna tvo þá síðustu. Annars vegar mikla aukningu afla og aflaverðmætis að undanförnu, en hins vegar mikla lækkun olíuverðs á þessu ári. Ekki er ólíklegt, að þessi þróun snúist við einhvern tíma á næstu árum. Í síðara dæminu er því lýst, hvaða afleiðingar skyndileg breyting á ytri aðstæðum til hins verra gæti haft í för með sér.

Dæmi 2: Afturkippur.

	1988	1989	1990	1991
Árleg aukning landsframleiðslu, %	1,8	÷0,3	0,6	3,5
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	÷1,2	÷4,2	÷6,5	÷5,9
Erlendar skuldir, % af landsframleiðslu	46,2	49,2	54,0	57,0
Greiðslubyrði, % af útflutningstekjum	17,8	19,8	19,6	19,1

Í þessu dæmi er gert ráð fyrir afturkipp í afla á árunum 1989—1990, eftir að hann hefði náð hámarki 1987—1988. Sjávarafli eykst svo aftur verulega árið 1991. Þessari þróun svipar um margt til þess, sem gerðist 1981—1984, en afturkippurinn er þó talinn verða helmingi vægari. Afleiðingarnar gætu samt orðið ískyggilegar. Hagvöxtur yrði ekki nema tæplega 1½ á ári að meðaltali 1988—1991. Viðskiptahalli ykist strax á ný árið 1988 og næði hámarki um 6½% af landsframleiðslu á árinu 1990. Erlendar skuldir myndu einnig vaxa verulega og yrðu um 57% af landsframleiðslu í árslok 1991, meiri en nokkru sinni fyrr. Við þessar aðstæður er hætt við því, að verðlagsþróun færi aftur úr böndunum. Um það eru fjölmörg dæmi úr hagþróun síðustu ára og áratuga hér á landi.

Hóflegur vöxtur þjóðarútgjalda — efling útflutnings.

Þessi dæmi sýna glöggt, hversu mikilvægt er að mótuð verði stefna til nokkurra ára í senn um þjóðarútgjöld og að vexti þeirra verði stillt í hóf. Jafnframt felst í þessu ábending um það, hve brýnt er að auka útflutningsframleiðsluna og efla nýsköpun í atvinnulífinu. Takist um þetta víðtækt samkomulag, er þjóðin betur í stakk búin að mæta áföllum en ef jafnan er teflt á tæpasta vað í viðskiptum við útlönd.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1985–1987.

Milljónir króna

	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1986	Magnbreytingar frá fyrra ári, %[1])		
	Bráðab. 1985	Spá 1986	Þjóðhags-áætlun 1987	Bráðab. 1985	Spá 1986	Þjóðhags-áætlun 1987
1. Einkaneysla	67 000	85 125	90 300	5,0	5,0	1,5
2. Samneysla	19 900	25 520	27 800	4,5	3,0	1,7
3. Fjárfesting	23 730	28 900	31 000	0,0	0,0	2,2
4. Neysla og fjárfesting alls	110 630	139 545	149 100	3,7	3,6	1,7
5. Birgðabreytingar[2])	−875	−300	.	÷1,0	0,6	0,2
6. Þjóðarútgjöld, alls	109 755	139 245	149 100	2,7	4,2	1,9
7. Útflutningur vöru og þjónustu	49 819	62 530	66 500	11,0	6,3	4,0
8. Innflutningur vöru og þjónustu	49 051	58 630	61 300	9,7	4,4	3,5
9. **Verg landsframleiðsla**	**110 523**	**143 145**	**154 300**	**3,1**	**5,0**	**2,2**
10. Vaxtajöfnuður o. fl.	−5 584	−6 100	−5 900	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.−8.+10.)	−4 816	−2 200	−700	.	.	.
12. **Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)**	**104 939**	**137 045**	**148 400**	**2,8**	**5,2**	**2,1**
13. Viðskiptakjaraáhrif[3])	.	.	.	0,5	1,8	1,0
14. **Vergar þjóðartekjur (12.+13.)**	.	.	.	**3,3**	**7,0**	**3,1**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.	−4,3	−1,5	−0,4
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VÞF	.	.	.	−4,6	−1,6	−0,5

1) Magnbreytingar 1985 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en í spá fyrir 1986 og 1987 á verðlagi fyrra árs.
2) Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.
3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1985—1987.

Milljónir króna (fob.)

	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1986	Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðab. 1985	Spá 1986	Þjóðhags-áætlun 1987	Bráðab. 1985	Spá 1986	Þjóðhags-áætlun 1987
Útflutningsframleiðsla						
Sjávarafurðir	24 040	31 040	33 450	8,0	8,5	5,0
Ál	3 565	4 530	4 800	−6,6	11,5	4,0
Kísiljárn	1 165	1 335	1 350	−9,5	20,0	0,0
Annað	4 005	4 775	5 200	9,1	3,5	7,0
Samtals	32 775	41 680	44 800	5,2	8,6	5,0
Útflutt skip og flugvélar	100	150	100	.	.	.
Birgðabreytingar	−875	−300	.	.	.	.
Vöruútflutningur, alls	**33 750**	**42 130**	**44 900**	**10,1**	**6,6**	**4,0**
Vöruinnflutningur, alls	**33 760**	**39 730**	**41 450**	**8,7**	**4,8**	**3,7**
Almennur vöruinnflutningur	30 118	35 655	37 150	8,2	5,1	3,7
Þ. a. olía	5 282	4 030	3 700	8,8	2,0	2,0
Þ. a. annað	24 836	31 625	33 450	8,1	5,8	4,0
Sérstakur vöruinnflutningur	3 642	4 075	4 300	13,0	1,7	4,0
Vöruskiptajöfnuður	**−10**	**2 400**	**3 450**	.	.	.
Útflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	16 069	20 400	21 600	12,9	5,7	4,0
Innflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	15 291	18 900	19 850	12,5	3,6	3,0
Þjónustujöfnuður (án vaxta o.fl.)	**778**	**1 500**	**1 750**	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**−5 584**	**−6 100**	**−5 900**	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**−4 816**	**−2 200**	**−700**	.	.	.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1985–1987.

Milljónir króna

	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1986	Magnbreytingar frá fyrra ári, %[1])		
	Bráðab. 1985	Spá 1986	Þjóðhags-áætlun 1987	Bráðab. 1985	Spá 1986	Þjóðhags-áætlun 1987
Fjármunamyndun alls	**23 730**	**28 900**	**31 000**	**0,0**	**0,0**	**2,2**
Þar af:						
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	825	735	550	−47,4	−27,5	−29,4
Innflutt skip og flugvélar	959	1 500	1 600	12,8	32,5	4,6
Útflutt skip og flugvélar	−100	−150	−100	.	.	.
Önnur fjármunamyndun	22 046	26 815	28 950	0,4	−0,2	2,7
I Atvinnuvegirnir	**11 900**	**15 060**	**15 169**	**16,1**	**4,9**	**−3,1**
1. Landbúnaður[2])	1 550	2 350	2 220	24,2	24,3	−10,0
2. Fiskveiðar	910	2 100	2 180	−15,0	90,7	0,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1 135	1 500	1 550	10,0	10,0	0,0
4. Álverksmiðja	75	25	.	120,0	−73,3	.
5. Járnblendiverksmiðja	43	60	.	40,0	14,0	.
6. Annar iðnaður en 3.–5.	2 765	2 970	3 250	6,4	−10,0	5,0
7. Flutningstæki	1 734	1 500	1 359	64,0	−27,2	−11,7
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	1 803	2 440	2 460	11,7	10,0	−5,0
9. Ýmsar vélar og tæki	1 885	2 115	2 150	21,8	−5,0	0,0
II Íbúðarhús	**5 276**	**6 490**	**7,570**	**−15,3**	**0,0**	**10,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**6 554**	**7 350**	**8 261**	**−10,5**	**−8,8**	**6,0**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 200	1 150	1 085	−41,2	−22,1	−11,0
2. Hita- og vatnsveitur	800	900	1 010	7,0	−8,5	5,9
Þar af hitaveitur	(640)	(700)	(800)	6,0	−11,1	7,9
3. Samgöngumannvirki	3 004	3 530	4 126	−0,8	−4,5	10,3
4. Byggingar hins opinbera	1 550	1 770	2 040	2,1	−7,2	8,8

1) Magnbreytingar 1985 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980. Magnbreytingar 1986 eru miðaðar við verðlag ársins 1985, en magnbreytingar 1987 eru miðaðar við verðlag ársins 1986.
2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Fiskafli og aflaverðmæti 1981—1987.[1])

	1981	1982	1983	1984	1985	Endur-skoðuð spá 1986	Þjóðhags-áætlun 1987
Í þúsundum lesta.							
1. Þorskur	461	382	294	281	323	350	360
2. Annar botnfiskur	254	308	311	284	258	275	280
3. Síld	40	56	59	50	49	55	65
4. Loðna	642	13	133	867	993	900	1.000
5. Humar	3	3	3	2	2	3	3
6. Rækja	8	9	13	24	25	30	32
7. Hörpudiskur	10	12	15	16	17	17	17
8. Annað	23	5	11	12	5	5	5
Heildarafli	1.441	788	839	1.536	1.672	1.635	1.762
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði, %.							
Samtals	÷0,2	÷12,0	÷5,2	14,1	10,4	6,5	4,0
Samtals án loðnu	2,0	÷2,6	÷7,1	÷0,7	10,2	7,5	3,0

1) Hafrannsóknastofnun hefur gert tillögur um hámarksafla úr helstu fisktegundum á næsta ári. Aflaforsendur Þjóðhagsáætlunar, sem byggja fyrst og fremst á reynslu þessa árs af stjórnun fiskveiða á grundvelli laga nr. 97/1985, virðast geta samrýmst þessum tillögum, enda verði ekki minni sveigjanleiki í framkvæmd fiskveiðistjórnar en á þessu ári.

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1980—1986.

Á mann.

	1980	1981	1982	1983	1984	Brb. 1985	Spá 1986
1. Vísitölur 1980 = 100.							
Tekjur							
Kauptaxtar	100	149	224	335	400	530	662
Ráðstöfunartekjur einstaklinga	100	159	248	395	505	743	958
Atvinnutekjur	100	156	240	376	480	685	897
Verðlag							
Framfærsluvísitala	100	151	228	420	543	718	869
Byggingarvísitala	100	152	237	405	495	654	811
Verðlag einkaneyslu	100	151	232	420	541	716	867
Kaupmáttur[1])							
Kauptaxtar	100	99	97	80	74	74	76
Ráðstöfunartekjur	100	106	107	94	93	103	110
Atvinnutekjur	100	104	104	90	89	96	104
2. Breytingar frá fyrra ári, %.							
Tekjur							
Kauptaxtar	50,9	49,0	50,4	49,5	19,3	32,6	25
Ráðstöfunartekjur	57,2	59,3	55,4	59,5	28,0	47,0	29
Atvinnutekjur	52,6	56,2	53,8	56,5	27,8	42,5	31
Verðlag							
Framfærsluvísitala	58,5	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21
Byggingarvísitala	5,6	51,8	56,2	70,8	22,2	32,1	24
Verðlag einkaneyslu	56,2	50,5	54,0	81,0	29,0	32,4	21
Kaupmáttur[1])							
Kauptaxtar	−3,4	−1,0	−2,4	−17,4	−7,5	0,2	3½
Ráðstöfunartekjur	0,6	5,8	0,9	−11,8	−0,8	10,5	6½
Atvinnutekjur	−2,3	3,8	−0,1	−13,6	−0,9	7,6	8

1) Kaupmáttartölurnar eru hér reiknaðar út frá verðlagi einkaneysluútgjalda heimilanna, samkvæmt áætlunum Þjóðhagsstofnunar, fremur en framfærsluvísitölu. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að eldri grunnur vísitölu framfærslukostnaðar, sem gilti fram í ársbyrjun 1984, gaf ekki alls kostar rétta mynd af samsetningu einkaneysluútgjalda heimilanna og þar með ekki heldur af verðbreytingum. Frá ársbyrjun 1984, þegar nýr grunnur framfærsluvísitölu var tekinn upp, hafa þessir tveir mælikvarðar hins vegar sýnt svipaðar breytingar.

Tafla 6. Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1980–1986.

	Á mann.						
	1980	1981	1982	1983	1984	Brb. 1985	Spá 1986
1. Vísitölur 1980 = 100.							
Landsframleiðsla	100	102	100	94	96	98	102
Þjóðarframleiðsla	100	101	99	92	94	95	100
Viðskiptakjör	100	101	99	104	105	105	109
Þjóðartekjur	100	101	99	94	95	97	104
Þjóðarútgjöld	100	104	105	92	97	99	103
Einkaneysla	100	104	104	94	96	100	104
Samneysla	100	106	110	115	114	118	121
Fjárfesting	100	100	98	85	91	90	89
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	106	107	94	93	103	110
Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %	−2,0	−4,3	−8,4	−2,0	−5,1	−4,3	−1,5
2. Breyting frá fyrra ári, %.							
Landsframleiðsla	4,4	1,5	−1,7	−6,2	2,4	2,3	4,5
Þjóðarframleiðsla	4,3	1,0	−2,3	−6,9	1,8	2,0	4,5
Viðskiptakjör	−3,4	1,0	−1,5	4,3	1,0	0,0	4,3
Þjóðartekjur	3,1	1,3	−2,5	−5,4	1,8	2,5	6,5
Þjóðarútgjöld	4,5	3,6	1,4	−12,0	4,8	1,9	3,5
Einkaneysla	2,4	3,6	0,0	−9,5	2,0	4,2	4,5
Samneysla	2,9	6,0	4,0	4,1	−0,9	3,7	2,5
Fjárfesting	8,3	−0,1	−1,9	−13,4	6,7	−0,8	−0,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0,6	5,8	0,9	−11,8	−0,8	10,5	6,5

Sþ. 51. Fyrirspurn [51. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vistunarvanda öryrkja.

Frá Helga Seljan.

Hvenær má vænta tillagna frá stjórnskipaðri nefnd um vistunarvanda verst settra öryrkja sem komið var á laggirnar s.l. vetur?

Hefur ráðherra eða nefndin einhverjar ákveðnar úrlausnir sem stefnt skal að?

Nd. 52. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 80 km á klukkustund. Á einstökum vegarköflum, utan þéttbýlis, er uppfylla bestu akstursskilyrði, þ.e. eru lagðir bundnu slitlagi, beinir og án

blindhæða, er dómsmálaráðherra rétt, að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og vegamálastjóra, að heimila umferðarhraða allt að 90 km á klukkustund. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið lægri umferðarhraða en 80 km á klukkustund á einstökum vegum eða vegarköflum að fenginni tillögu viðkomandi lögreglustjóra og vegamálastjóra. Í kaupstöðum og kauptúnum er heimilt að setja tilsvarandi reglur í lögreglusamþykktum.

Dómsmálaráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra sett sérreglur um leyfilegan ökuhraða stærstu bifreiða, svo og bifreiða með tengivagna.

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan þéttbýlis skal einnig koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hámarkshraði á þjóðvegum verði 80 km á klukkustund og þar sem vegir eru bestir og öruggastir, með sérstakri heimild, 90 km á klukkustund, í stað 70 km hámarkshraða sem nú gildir. Það er höfuðatriði varðandi umferð að akstri sé ætíð hagað í samræmi við aðstæður og að fyllsta öryggis sé gætt.

Núgildandi ákvæði um 70 km hámarkshraða á þjóðvegum landsins eru löngu úrelt og er enda ókleift að framfylgja þeim og vegfarendur virða þau ekki. Vegakerfi landsins hefur tekið algjörum stakkaskiptum síðan ákvæðin um 70 km hámarkshraða voru lögfest og öryggisbúnaður bifreiða er nú allur annar og betri en þá var og þeir bílar sem nú eru í notkun eru gerðir fyrir mun meiri ökuhraða en nú er lögleyfður.

Það er óskynsamlegt að halda í úreltar reglur sem ekki eru virtar og ókleift er að framfylgja. Því er lagt til að settar verði reglur sem unnt er að fara eftir og framfylgja.

Eðlilegt er að reglur um hámarkshraða séu breytilegar eftir ástandi vega og aðstæðum. Flestar hinar nýrri stofnbrautir landsins, þar sem landslag leyfir, eru hannaðar fyrir ökuhraða sem er mun meiri en hér er lagður til.

Merkingar um lögleyfðan hámarkshraða þurfa að vera miklu gleggri en nú er, þannig að ökuhraði sé lækkaður þar sem ástandi vegar eða hönnun er þannig háttað að öryggi vegfarenda sé betur borgið með því að draga úr ökuhraða.

Þá er með frumvarpi þessu lagt til að leyfilegur hámarkshraði bifreiða sem flytja fleiri en 10 farþega, svo og bifreiða sem eru yfir 3,5 tonn að heildarþyngd verði hinn sami og annarrar umferðar, en ekki 60 km eins og nú er, nema dómsmálaráðherra setji sérreglur þar um. Sama gildir einnig um bifreiðar sem draga festi- og tengivagna en leyfilegur hámarkshraði þeirra er nú 45 km á klukkustund. Ökuhraði umfram það sem aðstæður leyfa er mjög háskalegur en það sama gildir um mjög misjafnan ökuhraða vegfarenda á sama vegarkafla þannig að mikið sé um framúrakstur.

Endurskoðun umferðarlaga er í undirbúningi og hefur lengi verið. Sú lagabreyting getur dregist en nauðsynlegt er að Alþingi taki strax af skarið varðandi ökuhraðann.

Nd. 53. Frumvarp til laga [53. mál]

um endurmat á störfum láglaunahópa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Markmið þessara laga er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, í þessum lögum nefnd láglaunanefnd.

Skal nefndin kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins, svo sem frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka og annarra aðila eftir því sem þörf er á.

Nefndin skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir og hafa aðgang að gögnum opinberra stofnana sem nauðsynlegar eru að hennar mati.

3. gr.

Verkefni láglaunanefndar, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

a. upplýsa hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör eru innan starfsgreina og milli þeirra,
b. skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa,
c. gera könnun á því og meta hvort, og þá hvers vegna, láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Samanburður skal annars vegar gerður á störfum faglærðra láglaunahópa og hins vegar ófaglærðra.

   Við mat á láglaunastörfum skal sérstaklega athugað hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum o.þ.h.

   Leggja skal til grundvallar í starfsmati þætti eins og ábyrgð jafnt á mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu (m.a. vegna atvinnusjúkdóma), menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, hæfni, óþrifnað, erfiði og aðra þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör,
d. meta á sama hátt hvort hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sé óeðlilega lág miðað við vinnuframlag (sbr. c-lið). — Sérstakt tillit skal taka til ýmissa eðlisþátta vinnunnar sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfsmati og launakjörum á vinnumarkaðinum.

   Við þennan samanburð skal taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar. Skal hlutur kvenna í tekjuskiptingunni sérstaklega athugaður,
e. gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar.

4. gr.

Láglaunanefnd skal hraða verkefnum sínum skv. 3. gr. eins og kostur er og skila skýrslu með niðurstöðum nefndarinnar til félagsmálaráðherra innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skal flytja Alþingi skýrslu um niðurstöðu láglaunanefndar, sbr. 4. gr.

Að lokinni umfjöllun Alþingis um niðurstöður nefndarinnar skal Alþingi taka ákvörðun um hvort nefndin haldi áfram störfum eða verkefni á sviði kjararannsókna verði aukin á annan hátt.

6. gr.

Kostnaður við störf láglaunanefndar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 106., 107. og 108. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpið er nú endurflutt að mestu óbreytt en því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að lögfest verði tímabundið skipan láglaunanefndar sem hafi það verkefni að framkvæma hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn, sem hér er gerð tillaga um, forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Einnig mundi slík rannsókn leiða í ljós hvernig launamisrétti kynjanna er háttað í einstökum starfsgreinum.

Með þessu frumvarpi er einnig stefnt að því að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Gert er ráð fyrir að að fenginni niðurstöðu nefndarinnar og reynslu af hennar störfum taki Alþingi ákvörðun um hvort rétt sé að lögfesta áfram í einum eða öðrum búningi skipulegar vinnu- eða kjararannsóknir á vegum framkvæmdarvaldsins. Eðlilegt verður að telja að slíkar rannsóknir séu stöðugt í gangi til þess að hægt sé að glöggva sig á því hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er háttað hverju sinni. Í því sambandi má benda á að eitt af verksviðum félagsmálaráðuneytisins, sem fer með vinnumarkaðsmál, er að hafa á hendi kjararannsóknir, skv. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. l. nr. 96/1969.

Segja má að þar sem frumvarp þetta fjallar að meginefni til um skipan nefndar sem hafi tímabundin, ákveðin verkefni væri eðlilegra að flytja um það þingsályktunartillögu. En á Alþingi hefur þegar verið flutt tillaga til þingsályktunar um að framkvæmdarvaldið skuli láta fara fram kjararannsóknir og úttekt á launakjörum í þjóðfélaginu. Að hluta til var efni þeirrar þingsályktunartillögu hliðstætt því sem er í þessu frumvarpi. Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi 28. apríl 1980. En þrátt fyrir þá viljayfirlýsingu löggjafarvaldsins, sem í henni fólst, hefur ekkert verið aðhafst til að koma henni í framkvæmd. Í fyrirspurn til fyrrverandi félagsmálaráðherra hefur verið ítrekuð á Alþingi nauðsyn þess að hrinda henni í framkvæmd en allt hefur komið fyrir ekki. Að auki má benda á að á 104. löggjafarþingi flutti Guðrún Helgadóttir þingsályktunartillögu um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbanka en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

Það er því ljóst að lögbinda verður þær kjararannsóknir og endurmat sem hér er lagt til að verði framkvæmt. Hér er valin sú leið að nú verði tekin fyrir sérstaklega kjör láglaunahópanna og sérfróðum aðilum falin rannsókn og endurmat á störfum og kjörum þessara hópa.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, séu óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Sérstaklega skal athuga hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ýmissa krefjandi eðlisþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna við ákvörðun á kauptöxtum og flokkaröðun.

Nauðsynlegt er einnig að fá fram samanburð og mat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu, þ.e. hvort launakjör einstakra hálaunastétta eða hærra launaðra stétta í þjóðfélaginu, séu í eðlilegu samræmi við kjör láglaunahópanna og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins.

Einnig er lagt til að fá fram samanburð á launum og öðrum kjörum ríkisstarfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði.

Þó að það sé ekki á verkefnaskrá nefndarinnar í frumvarpinu væri æskilegt, sé þess nokkur kostur, að fá fram hver þróunin hefur verið í tekjuskiptingunni almennt og milli kynja á undanförnum árum, til að mynda á 10 ára tímabili.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er ljóst að það mat og sú rannsókn, sem frumvarpið felur í sér á störfum láglaunahópanna, er langt frá því að vera auðvelt í framkvæmd. Það er engu síður skoðun flutningsmanna að hér sé um svo brýnt og knýjandi viðfangsefni að ræða að stjórnvöldum beri skylda til að sjá svo um að þessi tilraun sé gerð og að hlutlausir aðilar með þekkingu á vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati verði fengnir til starfans.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda til þess ætlast að þeir verði kallaðir til ráðuneytis um slíka rannsókn. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að slík rannsókn verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem betri aðstöðu hafa til þess að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri slík nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins er viss hætta á að hver færi að toga í sinn spotta og ekki fengjust hlutlægar niðurstöður úr slíkri rannsókn — ef niðurstaða fengist þá yfirleitt.

Á annað má einnig benda. Áratugum saman hefur verið um það deilt hvaða hópar í þjóðfélaginu séu láglaunahópar og lágtekjuhópar. Hefði eining tekist um það milli aðila vinnumarkaðarins lægi sú skilgreining fyrir og þá væri auðveldara að ákveða hvaða aðferðum hægt væri að beita til að hækka laun og tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Ein ástæða þess að slík skilgreining hefur ekki fengist er að ekki hefur verið kannað ítarlega í öllum starfsgreinum hvaða yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir utan við hina eiginlegu kauptaxta eru ákvarðandi hluti dagvinnutekna eða heildarlaunatekna í einstökum starfsgreinum.

Í frumvarpinu er nefndinni ekki sett nein viðmiðun í starfi sínu um hvernig eða með hvaða hætti hún skuli skilgreina láglaunahópana, enda eðlilegra að viðmiðunarmörk séu í höndum sérfróðra aðila.

Hér er vissulega um erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða, en engu að síður er orðið knýjandi og brýnt að í það sé ráðist. Ef vel tekst til hjá nefndinni gætu niðurstöður hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju rétlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati. Ekki er kveðið á um sérstakar tilnefningar í þessa nefnd, en til þess er ætlast að hún sé skipuð eins og kostur er aðilum sem ekki hafa sérstakra hagsmuna að gæta fyrir einn hóp fremur en annan sem úttekt þessi og rannsókn nær til. Með því fæst hlutlægara mat á því verkefni sem vinna á, auk þess sem gera má ráð fyrir að verkið vinnist hraðar.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda ætlast til þess að þeir séu kallaðir til ráðuneytis um málið án þess þó að eiga beina aðild að nefndinni. Auk þess má benda á að niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila vinnumarkaðarins, heldur fremur leiðbeinandi og til þess gerð að auðvelda þeim alla ákvarðanatöku.

Nauðsynlegt er einnig að samráð sé haft við Jafnréttisráð um þetta verkefni, auk þess sem aðilar eins og kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, sem vinna að ýmsum tölfræðilegum upplýsingum, tengjast slíkri rannsókn, svo og félagsvísindadeild Háskólans.

Nauðsynlegt er að við skipan nefndarinnar verði gætt eðlilegs jafnræðis milli kynja eins og kostur er, ekki síst með tilliti til þess að flestöll hefðbundin kvennastörf eru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu.

Um 3. gr.

Eitt af verkefnum nefndarinnar samkvæmt þessari grein er að fá fram upplýsingar um raunverulega tekjuskiptingu og launakjör þar sem yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir koma fram. En vitneskja um áhrif þeirra þátta á dagvinnutekjur og heildarlaunatekjur er nauðsynleg til að hægt sé að skilgreina láglaunahópana á markvissan hátt og meta hlut þeirra í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Oft er deilt um skilgreiningu á því hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa, bæði við gerð kjarasamninga og eins í aðgerðum stjórnvalda til að bæta kjör þeirra sérstaklega. Þessu til staðfestingar má m.a. benda á umfjöllun um láglaunabætur á s.l. vetri. Því er nauðsynlegt að láglaunanefndin geri tilraun til að skilgreina hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi þá hópa. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að fram fari umræður á Alþingi um niðurstöður láglaunanefndar og að Alþingi taki síðan ákvörðun um hvort, og þá á hvern hátt, auka beri rannsóknir af hálfu framkvæmdarvaldsins á sviði vinnu- og kjararannsókna.

Ef Alþingi ákveður að nefndin skuli ekki halda áfram störfum er gert ráð fyrir að Alþingi nemi þessi lög úr gildi. Er sá háttur hafður á þar sem eðlilegt er að Alþingi taki mið af störfum nefndarinnar þegar það ákveður hvort og í hvaða farveg skuli skipa vinnu- og kjararannsóknum á vegum framkvæmdarvaldsins.

Auk þess er erfitt að tímasetja nákvæmlega í gildistökugrein hvenær lög þessi falla úr gildi, bæði með tilliti til starfa nefndarinnar og þess svigrúms sem Alþingi þarf til að fjalla um málið.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um réttarstöðu heimavinnandi fólks.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason,
Jón Baldvin Hannibalsson, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en við upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Öllum er ljóst í orði þjóðhagslegt gildi starfa heimavinnandi fólks. Má í því sambandi benda á umönnun ungra barna og aldraðra á heimilunum sem ella tækju pláss á stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka. Einnig má benda á uppeldislegt gildi sem ekki verður metið til fjár þegar til lengri tíma er litið. Störf heimavinnandi fólks hafa því í för með sér beinan fjárhagslegan sparnað fyrir þjóðfélagið.

Ýmis félagsleg réttindi, sem öðrum þykja sjálfsögð, eru ýmist mjög takmörkuð fyrir heimavinnandi fólk eða alls engin.

1. Ekki liggur ljóst fyrir um hve stóran hóp þjóðfélagsþegna er að ræða sem eingöngu vinnur heimilisstörf, en á árinu 1982 voru 80% kvenna 16 ára og eldri með einhverja vinnu utan heimilis.
2. Heimavinnandi fólk hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi.
3. Störf heimavinnandi fólks eru eina vinnuframlagið í þjóðfélaginu sem ekki eru greidd laun fyrir og sjálfsögð félagsleg réttindi, sem aðrir þjóðfélagshópar hafa, eru ýmist engin eða mjög takmörkuð.
4. Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð og aðrir þegnar þjóðfélagsins hvað varðar skattlagningu og lýsir það sér m.a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja.
5. Heimavinnandi fólk þarf að tryggja sérstaklega á skattskýrslu og er eini hópur þjóðfélagsins sem slíkt gildir um.
6. Heimavinnandi fólk hefur ekki sama rétt til fæðingarorlofs og sjúkradagpeninga og aðrir.
7. Hafi einstaklingur varið mestum hluta ævi sinnar til heimilisstarfa en kýs síðan að halda út á vinnumarkaðinn er fyrra starf mjög lítils metið í launum eða starfsaldurshækkunum.
8. Heimavinnandi fólk, sem er í hlutastarfi á vinnumarkaði, missir einnig ýmis félagsleg réttindi.

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur atriði sem sýna ljóslega réttleysi heimavinnandi fólks sem vert væri að hafa í huga við úttekt þessa. Auðvitað kemur margt annað til greina, svo sem menntunarmál heimavinnandi fólks, en staðreynd er að atvinnumöguleikar kvenna eru takmarkaðri en annarra þegar þær koma á vinnumarkaðinn eftir langa fjarveru við heimilisstörf og barnauppeldi. Mikið skortir á að þessu hafi verið mætt með skipulagðri fullorðinsfræðslu, endurmenntun og starfsþjálfun sem opni heimavinnandi fólki fleiri möguleika til atvinnu.

Félagsmálanefnd sameinaðs þings hafði þetta mál til meðferðar á síðasta þingi og bárust þá umsagnir frá Bandalagi kvenna í Reykjavík og Jafnréttisráði sem mæla með samþykki tillögunnar.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar er tekið undir efni tillögunnar um að æskilegt sé að gerð verði skipuleg athugun á mikilvægi heimilisstarfa. Athyglisvert er að fram kemur í umsögn Þjóðhagsstofnunar að eftir ýmsum erlendum athugunum að dæma kynni verðgildi heimilisstarfa og annarra ólaunaðra starfa að liggja á bilinu fjórðungur til helmingur af þjóðarframleiðslu.

Í umsögn félagsvísindadeildar Háskóla Íslands kemur fram að hér sé hreyft mikilvægu máli. Styður deildin athugun á félagslegum réttindum heimavinnandi fólks og væntir að í kjölfarið verði réttarstaða þess bætt.

Fylgiskjal.

UMSAGNIR
I.
Þjóðhagsstofnun.

Reykjavík, 21. maí 1985.

Þjóðhagsstofnun hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á því hvernig haga skuli félagslegum réttindum þeirra sem þessi störf vinna. Stofnunin tekur ekki afstöðu til þess hvort heppilegt sé að skipa sjö manna nefnd til þessa verks en tekur undir það efni tillögunnar að æskilegt sé að gerð verði *skipuleg athugun á mikilvægi heimilisstarfa.*

Eins og kunnugt er miðast gerð þjóðhagsreikninga fyrst og fremst við markaðsbúskapinn. Næstum öll vinna sem af hendi er leyst án þess að gjald komi fyrir er því undanskilin í verðmæti þjóðarframleiðslunnar eins og hún er venjulega skilgreind. Vinna við heimilisstörf vegur hér auðvitað þyngst en einnig þarf að gæta að ýmsum öðrum störfum utan við vinnumarkaðinn.

Hér á landi hafa ekki verið gerðar tölulegar athuganir á mikilvægi heimilisstarfa og annarra ólaunaðra starfa en eftir ýmsum erlendum athugunum að dæma (sjá t.d. Research and Statistics Note, U.S. Department of Health, Education and Welfare, No. 9 — 1975) *kynni verðgildi slíkra starfa að liggja á bilinu fjórðungur til helmingur af þjóðarframleiðslunni eins og hún er venjulega metin.* Eðli málsins samkvæmt eru slíkar áætlanir ónákvæmar. Markalínan milli ólaunaðra starfa á heimilum og að áhugamálum annars vegar og atvinnustarfa hins vegar er í mörgum greinum óljós. Hún er dregin í þjóðhagsreikningum fyrst og fremst til þess að auðvelda gerð þeirra á grundvelli aðgengilegra gagna um greiðslur fyrir vöru og þjónustu og með tilliti til tilgangs reikningshaldsins, það er að mæla árangur efnahagsstarfseminnar í landinu í samanburði við liðna tíð og önnur lönd. Athafnir sem ekki eru verðlagðar á markaðnum eða skipulagðar sem atvinnustarfsemi eru oft óreglulegar og breytilegar að umfangi. Væru þær áætlaðar óbeint með ígildisverði er hætt við að þjóðhagsreikningatölur yrðu miður sambærilegar. Mikilvægi þessara starfa er þó óumdeilt.

En einmitt sökum þess að mikilvægi ólaunaðra starfa kann að vera breytilegt frá einu landi til annars getur samanburður á þjóðarframleislu milli landa orkað tvímælis.

Þá er þess einnig að geta að samanburður við efnahagsárangur á fyrri tíð getur verið hæpinn ef — eins og gerst hefur hér á landi og í flestum hátekjulöndum á undanförnum áratugum — hin mælda þjóðarframleiðsla vex m.a. með þeim hætti að þátttaka kvenna í launuðum störfum eykst og vaxandi hluti af heimilisstörfunum er leystur af hendi með keyptri þjónustu. Í slíkri þróun getur falist meiri aukning á hagsæld þjóðarinnar í sjón en raun.

Aukin þátttaka kvenna í launaðri vinnu er ein mikilvægasta þjóðfélagsbreytingin á síðustu áratugum. Athuganir á þessari þróun geta því án efa verið gagnlegar.

Virðingarfyllst,

Jón Sigurðsson.

II.
Félagsvísindadeild.

Reykjavík, 14. febrúar 1986.

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir vegna þingsályktunartillögu um réttarstöðu heimavinnandi fólks sem deildinni barst til umsagnar í desember 1985.

1. Fvd. telur að hér sé hreyft mikilvægu máli. Hún styður athugun á félagslegum réttindum heimavinnandi fólks og væntir þess að í kjölfarið verði réttarstaða þess bætt.

2. Deildin telur að í því samhengi sem hér er rætt sé framlag heimavinnandi uppalenda ekki umdeilt og starf nefndarinnar hljóti fyrst og fremst að felast í skilgreiningu þess hóps sem vísað er til og að átta sig á stærð hans. Í kjölfar þess yrðu síðan gerðar tillögur til leiðréttingar á réttindum hans. Slík skilgreining verður vissulega vandasöm og því skynsamlegt að miða við frekar þrönga skilgreiningu fyrsta kastið.

3. Að því marki sem nefndin mun samt sem áður vinna að mati á þessu starfi nær það þó einungis tilgangi sínum ef orðið *þjóðhagslegur* er skilið í víðustu merkingu þess orðs, þ.e. vísi til menningarlegra gilda engu síður en til hagfræðilegra. Túlkun á þessu orði gæti valdið erfiðleikum og til greina kæmi að sleppa því hreinlega úr tillögunni eða jafnvel að sleppa orðunum „meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa". (Dæmi um óvissa merkingu er að finna í fyrstu málsgrein greinargerðarinnar. Þar er drepið á tvö ólík viðmið, þ.e. fjárhagsleg og uppeldisleg, en niðurstaða síðustu setningarinnar virðist taka af skarið um það hvort vegur þyngra.)

Félagsvísindastofnun gæti orðið til aðstoðar við gagnasöfnun tengda þessu verki yrði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,
f.h. félagsvísindadeildar,

Guðný Guðbjörnsdóttir. *Jón Torfi Jónsson.*

III.
Bandalag kvenna í Reykjavík.

Reykjavík, 13. maí 1985.

Hagsmunanefnd heimavinnandi húsmæðra, er starfar á vegum Bandalags kvenna í Reykjavík, hefur fengið í hendur bréf yðar dags. 2. maí s.l. með beiðni um umsögn um þingsályktunartillögu, 392. mál, um réttarstöðu heimavinnandi fólks.

Um leið og við þökkum það að okkur skuli send þingsályktunartillaga þessi til umsagnar lýsum við ánægju okkar með að hún skuli komin fram á Alþingi því eins og réttilega er bent á í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni, hefur réttur heimavinnandi fólks mjög verið fyrir borð borinn og tekur greinargerðin reyndar til allra þeirra þátta sem nefndin telur að séu aðalatriðin varðandi réttleysi heimavinnandi fólks.

Þó segja megi að erfitt geti orðið að meta til fulls þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa þá má öruggt teljast að ef nefnd yrði skipuð á vegum Alþingis til að kanna réttarstöðu heimavinnandi fólks væri það í raun stórsigur fyrir þennan hóp og sýndi í reynd að augu almennings og þingmanna eru að opnast fyrir mikilvægi þessara starfa.

Nefndin styður því þessa þingsályktunartillögu heils hugar og vonar að hún hljóti góðan hljómgrunn meðal alþingismanna.

F.h. hagsmunanefndar heimavinnandi húsmæðra,

Helga Guðmundsdóttir.

IV.
Jafnréttisráð.

Reykjavík, 18. des. 1985.

Jafnréttisráði hafa borist til umsagnar tvær tillögur til þingsályktunar frá félagsmálanefnd sameinaðs Alþingis:

1. Um réttarstöðu heimavinnandi fólks, 14. mál. Jafnréttisráð telur úttekt þá sem um ræðir í tillögunni nauðsynlega og mælir með samþykkt hennar.

2. Um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, 15. mál. Ráðið telur jákvætt að komin er fram tillaga sem stuðlar að því að tryggja þeim aðila lágmarkslífeyri sem verið hefur tekjuminni eða tekjulaus. Á hinn bóginn telur ráðið að atriði þetta sé liður í heildarendurskoðun lífeyrisréttindakerfisins og verði ekki breytt einu sér því ekki verður séð hvernig það yrði framkvæmt.

Virðingarfyllst,
f.h. Jafnréttisráðs,

Elín Pálsdóttir Flygenring.

Sþ. 55. Fyrirspurn [55. mál]

til viðskiptaráðherra um innlánsdeildir kaupfélaganna.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hversu margar og hvar eru innlánsdeildir kaupfélaganna?
2. Hverjar voru innstæður í hverri innlánsdeild um síðustu áramót og 31. ágúst s.l.?
3. Hver eru vaxtakjör í hverri innlánsdeild fyrir sig og hvernig eru þau ákveðin?
4. Hvaða tryggingar standa á bak við innstæður viðskiptamanna og eru þær nægar að mati bankaeftirlits?
5. Hvaða innlánsdeildir hafa verið stofnaðar eða lagðar niður s.l. 5 ár?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 56. Fyrirspurn [56. mál]

til félagsmálaráðherra um lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Til hve margra íbúða voru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna á árinu 1985 og hvað er áætlað að þær verði margar á yfirstandandi ári, vegna
   a. nýrra samninga,
   b. endursöluíbúða?
2. Til hve margra íbúða má áætla að hægt sé að veita lán í verkamannabústöðum á næsta ári, vegna
   a. nýrra samninga,
   b. endursöluíbúða?
3. Hvað liggja fyrir margar umsóknir um íbúðir í verkamannabústöðum?
4. Hefur verið gerð áætlun um þörf á leiguhúsnæði? Ef svo er, hver er þörfin, skipt eftir kjördæmum?
5. Til hve margra íbúða voru veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1985 og hvað er áætlað að þær verði margar á yfirstandandi ári, vegna
   a. nýbygginga,
   b. eldri íbúða?
6. Hve mörg lán má áætla að hægt verði að veita úr Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári, vegna
   a. nýbygginga,
   b. eldri íbúða?
7. Hvað liggja nú fyrir margar umsóknir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins, vegna
   a. nýbygginga,
   b. eldri íbúða?

Sþ. 57. Fyrirspurn [57. mál]

til viðskiptaráðherra um lánveitingar banka og sparisjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hafa bankaráð og sparisjóðsstjórnir framfylgt ákvæðum 21. gr. laga um viðskiptabanka og 24. gr. laga um sparisjóði sem kveða á um að setja skuli reglur um lánveitingar banka og sparisjóða?

Ef svo er, hvaða reglur gilda um lánveitingar hvers banka og sparisjóðs fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 58. Fyrirspurn [58. mál]

til forsætisráðherra um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hafa verið settar reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa, sbr. ályktun Alþingis frá 18. apríl 1985?

Sþ. 59. Fyrirspurn [59. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hafa félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti komist að sameiginlegri niðurstöðu um rétt félagsmanna í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta til að stofna húsnæðissparnaðarreikninga samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1985?

Sþ. 60. Fyrirspurn [60. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur af erfðafjárskatti.

Frá Helga Seljan.

Hverjar voru tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1985 umfram þær 25 milljónir sem runnu í Framkvæmdasjóð fatlaðra?

Sþ. 61. Fyrirspurn [61. mál]

til utanríkisráðherra um viðskipti íslenskra fyrirtækja við bandaríska herinn.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða íslensk fyrirtæki hafa viðskipti við bandaríska herinn hér á landi? Nöfn fyrirtækjanna óskast tilgreind í svari.
2. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um viðskipti hvers fyrirtækis fyrir sig? Upplýsingar óskast um viðskipti 50 stærstu fyrirtækjanna, hvert fyrirtæki tilgreint sérstaklega ásamt upplýsingum sem fyrir liggja um viðskipti á árunum 1984 og 1985.
3. Hverju nema heildargjaldeyrisskil vegna viðskipta við herliðið síðustu þrjú árin? Hvert ár óskast tilgreint fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Salome Þorkelsdóttir, Árni Johnsen, Friðjón Þórðarson, Valdimar Indriðason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi og einnig orðið til þess að gera skilorðsdóma markvissari. Slík vinna yrði samkvæmt nánari ákvæðum laga og ákvörðunum ákæruvalds og dómstóla.

Greinargerð.

Þeir sem starfa að fangelsismálum á Íslandi eru flestir fyrir löngu sannfærðir um að breytinga er þörf. Í fyrsta lagi virðist alls ekki mannbætandi að sitja í fangelsi. Í öðru lagi reynist flestum afar erfitt að koma aftur út í samfélagið eftir fangelsisdvöl og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Í þriðja lagi, og það er e.t.v. verst, er hve langur tími líður oft frá því dómur fellur og þar til afplánun hefst. Þó er rétt að taka fram að síðasttalda atriðið hefur heldur breyst til batnaðar hin seinni ár.

Refsingum er auðvitað fyrst og fremst beitt með varnaðaráhrif gagnvart öðrum í huga og því næst til að hinum dæmda lærist að haga sér í samræmi við þau lög og reglur sem samfélagið hefur sett. Þess vegna telja flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu það vera hlutverk löggjafans að stuðla að því að svo geti orðið.

Þar sem þessi úrræði hafa verið reynd á Norðurlöndum hefur ekki þurft að grípa til lagasetningar. Líklegt er að heimild fyrir þess konar úrræðum, sem samfélagsþjónusta er, sé að finna í hegningarlögum þar sem fjallað er um skilorðsbundna dóma, lög nr. 19/1940. Þess vegna er ólíklegt að þörf reynist á að breyta lögum svo að koma megi við samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar hér á landi.

Með slíkri heimild er dómendum gert kleift að ákveða að dæmda beri skylda til að fullnægja dómi með störfum í þágu samfélagsins. Þetta gæti í allmörgum tilvikum komið í stað óskilorðsbundinna dóma og eftir atvikum í stað annarra refsinga og gæti stuðlað að því að gera skilorðsdóma gagnlegri og markvissari; á þann hátt fengist aukið aðhald.

Flutningsmenn telja að forðast beri að setja nokkrar takmarkanir eða skilyrði í lög hvað samfélagsþjónustuna varðar, en dæmdi yrði undir umsjá skilorðseftirlitsins. Ekki ætti að þurfa samþykki dæmda fyrir dómi af þessum toga þó að vafalaust næðist betri árangur ef jákvæð samvinna og skilningur væru fyrir hendi.

Þessi aðferð hefur verið reynd víða og gefist vel, t. d. í Englandi og á Norðurlöndum að Finnlandi frátöldu. Í Noregi, þar sem þessi leið hefur verið reynd með góðum árangri frá því um mitt ár 1984, hafa slíkir dómar verið dómendum valkostur við óskilorðsbundinn dóm allt að níu mánuðum og enn fremur hefur verið hægt að beita þessu úrræði við fangelsisdóma allt að einu ári. Norsk yfirvöld telja að 25 milljónir króna muni sparast árlega í rekstri fangelsa vegna samfélagsþjónustunnar og er þá ekki tekið með að líklega hefði þurft að reisa ný fangelsi ef ekkert hefði verið að gert. Í lauslegum samanburði við Ísland má ætla að sambærilegur sparnaður hér yrði u.þ.b. 30 milljónir króna á ári.

Það er von flutningsmanna að með þessu móti verði að minnsta kosti ekki „framleiddir" afbrotamenn, en því hefur verið haldið fram, og rannsóknir hafa sýnt, að þeir sem afplána

dóma sína í fangelsi séu í mörgum tilvikum líklegri til afbrota að fangelsisvist lokinni en þeir voru áður. Þó eru flutningsmenn sammála um að sum afbrot séu þess eðlis að annað reynist óhjákvæmilegt en að viðkomandi afpláni dóm í fangelsi. Þá er sérstaklega átt við afbrot þar sem almannahagsmunir krefjast þess og þar sem lífi er stefnt í voða.

Aftur á móti telja flutningsmenn að skjalafals ýmiss konar, innbrot og önnur auðgunarbrot séu þess eðlis að hægt verði að koma við samfélagsþjónustu sem refsingu í stað fangelsisvistar.

Að sjálfsögðu yrði ekki um það að ræða að hinn almenni vinnumarkaður tæki við slíkum starfskrafti. Eitt af grundvallaratriðum þess, að samfélagsþjónusta nái tilgangi sínum, er að hún sé innt af hendi utan venjubundins vinnutíma, þannig að viðkomandi geti jafnframt stundað almenna vinnu. Að mati flutningsmanna yrðu það aðallega líknarfélög, svo og bæjar- og sveitarfélög, sem gætu rutt braut þeirri samfélagsþjónustu sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um bann við geimvopnum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir, er tengjast hernaði í himingeimnum, verði tafarlaust stöðvaðar.
2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.
3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.

Greinargerð.

Geimvopn og notkun himingeimsins í hernaðarskyni hafa tekið mikið rúm í umræðunni um vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna, einkum eftir hina frægu „stjörnustríðsræðu“ Reagans Bandaríkjaforseta sem hann hélt 23. mars 1983. Þar boðaði hann byltingarkennda áætlun um svonefnt „geimvarnafrumkvæði“ (Strategic Defense Initiative) eða SDI-áætlun. Samkvæmt henni mundu Bandaríkin leita leiða til að eyða öllum langdrægum eldflaugum og kjarnaoddum, sem skotið yrði á loft í átt til Bandaríkjanna, og gera slík vopn óskaðleg.

Með slíkum vopnabúnaði, sem að hluta til yrði komið fyrir úti í himingeimnum, boðaði Reagan forseti að unnt ætti að verða að útiloka ógnina af gereyðingu af völdum kjarnorkuvopna og gera þau þar með „óvirk og óþörf“ í reynd.

Þessi boðskapur Bandaríkjaforseta og sú áætlun, sem honum tengist, hefur síðan kallað fram mikla og vaxandi gagnrýni, bæði innan Bandaríkjanna og á alþjóðavettvangi. Ýmsir þjóðarleiðtogar og þjóðþing hafa tekið eindregna afstöðu gegn geimvopnaáætluninni, m.a. í löndum sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu. Má þar nefna Mitterand Frakklandsforseta og danska þingið en meiri hluti þess ályktaði gegn geimvopnum 26. mars 1985.

Ástæðurnar fyrir vaxandi andstöðu við geimvopnaáætlunina eru af margvíslegum toga og verða hér aðeins nefnd örfá atriði:

1. Geimvopnakapphlaup milli risaveldanna mundi gera að engu samninginn um takmörkun gagneldflaugakerfa (Treaty on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems), ABM-sáttmálann frá árinu 1972, sem er einn gildasti þátturinn í SALT I samkomulaginu.
2. Geimvopnaáætlun Bandaríkjanna gæti girt fyrir allar frekari tilraunir til að hemja vígbúnaðarkapphlaupið og aukið þannig stórkostlega hættuna á gereyðingarstyrjöld.
3. Ríki Vestur-Evrópu yrðu hernaðarlega enn háðari Bandaríkjunum en nú er og vettvangur átakanna milli austurs og vesturs færðist í enn ríkari mæli en nú er til Evrópu.
4. Með tilkomu geimvopna mundi ákvörðun um stríð eða frið, líf eða tortímingu, færast endanlega úr mannlegu valdi yfir í vélrænar tölvur þar eð bregðast yrði við eldflaugaárás innan fárra sekúndna frá því að eldflaugum hefði verið skotið á loft. Hættan á tortímingu mannkyns vegna tæknilegra mistaka margfaldast að sama skapi.

Margir vísindamenn og hernaðarsérfræðingar hafa enga trú á að geimvarnadæmið gangi upp og geti veitt það öryggi sem Reagan notaði sem aðalröksemd í mars 1983. Viðbrögð gagnaðilans, þ.e. Sovétríkjanna, yrðu að líkindum ekki aðeins þau að setja af stað eða herða á eigin geimvopnarannsóknum, heldur öðru fremur að fjölga langdrægum eldflaugum og fullkomna þær til að komast þannig fram hjá varnarviðbúnaði andstæðingsins. Þannig muni Sovétríkin alltaf geta tryggt að hluti af eldflaugaregninu komist á leiðarenda. Geimvopnakerfi eru heldur ekki talin geta veitt vörn gegn árás stýriflauga sem fljúga lágt yfir yfirborði jarðar. Þannig er virkni slíkra vopnakerfa mjög óviss þótt tæknidraumarnir rættust sem SDI-áætlunin á að skera úr um. Niðurstaðan yrði að öllum líkindum langtum viðkvæmara og óvissara ástand en nú ríkir á hernaðarsviðinu.

Um tæknilegar hugmyndir að baki geimvopnaáætlun Bandaríkjastjórnar er fjallað ítarlega í fylgiskjali II með þessari tillögu, en það er grein eftir dr. Hans Kr. Guðmundsson eðlisfræðing, sem birtist í tímaritinu Þjóðlífi fyrr á þessu ári. Þar kemur einnig fram sú mikla óvissa sem tengist stjörnustríðsáætlun Reagans á öllum sviðum.

Hinn gífurlegi kostnaður við rannsóknaáætlun Bandaríkjanna er mál út af fyrir sig. Áætlað hefur verið að hann nemi fyrir tímabilið 1985–89 um 32 milljörðum bandaríkjadala (yfir 1300 milljörðum ísl. króna), þar af hefur Bandaríkjaþing samþykkt um 4 milljarða dala vegna áranna 1985 og 1986 og 3 milljarða vegna ársins 1987. Að þessu rannsóknatímabili loknu á m.a. að vera unnt að meta tæknilegar forsendur að baki SDI-áætluninni, en þær eru taldar afar óvissar miðað við núverandi þekkingu. Þessi hugarfóstur byggja m.a. á leysigeislum sem granda eiga eldflaugum sem fyrst eftir að þeim yrði skotið á loft, en flugtími þeirra er um 30 mínútur samtals milli meginlanda. Hér eru það sekúndur sem úrslitum gætu ráðið og allt er undir vélrænu mati tölvubúnaðar komið. Það segir sitt um viðtökur vísindamanna við þessari áætlun að um miðjan október 1985 bundust um 1300 bandarískir vísindamenn og háskólakennarar, þar af 12 nóbelsverðlaunahafar, samtökum um að eiga engan hlut að geimvopnarannsóknum sem nú eru að hefjast að frumkvæði Reagans forseta.

Í fylgiskjali I með þessari þingsályktunartillögu er að finna kafla úr riti Öryggismálanefndar, „Samningar um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar“ eftir Albert Jónsson og Þórð Ingva Guðmundsson (útg. 1985), þar sem m.a. er fjallað um ABM-sáttmálann frá 1972 um takmörkun gagneldflaugakerfa.

Litið hefur verið á þennan ABM-sáttmála sem einn þýðingarmesta samning milli risaveldanna um takmörkun vígbúnaðarkapphlaupsins. Í yfirlýsingu svonefnds Aspen-hóps stjórnmálamanna frá árinu 1984, sem að stóðu fjölmargir heimsþekktir menn, þeirra á meðal Helmut Schmidt, Pierre Trudeau og Robert McNamara, er ABM-samningurinn talinn vera „hornsteinn hernaðarlegs stöðugleika ... Á honum ætti að byggja og bæta um þar sem nauðsyn krefur, en ekki grafa undan honum", segir í yfirlýsingunni. Þar er enn fremur mælt með því að „viðræður ættu að byrja strax milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að ná tökum á vopnum sem grandað geta gervihnöttum. Eftirlits- og fjarskiptagervihnettir hafa ásamt öðrum gervihnöttum haft grundvallarþýðingu fyrir hernaðarlegan stöðugleika sem ekki má tefla í tvísýnu með truflandi viðleitni til að ná einhliða en skammvinnum yfirburðum."

Í sama streng er tekið í yfirlýsingum og ályktunum margra virtra aðila sem látið hafa sig skipta vígbúnaðarkapphlaupið, t.d. Palme-nefndarinnar og Delhi-hóps sex þjóðarleiðtoga frá árinu 1984.

Brýnt er að Alþingi Íslendinga marki afstöðu sína til geimvopna m.a. vegna þeirrar afstöðu sem fram hefur komið hjá Matthíasi Á. Mathiesen utanríkisráðherra til málsins. Í skýrslu sinni til Alþingis um utanríkismál í apríl 1986 sagði ráðherrann um þetta efni:

„Eftir leiðtogafund Reagans og Gorbachevs í nóvember vöknuðu vonir á Vesturlöndum um að samninganefndir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf myndu einbeita sér að því að ná samningum um atriði, sem minnstur ágreiningur var um, svo sem um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna og niðurskurð meðaldrægra kjarnavopna í Evrópu. Þessar vonir hafa ekki ræst, því Sovétmenn gera þá kröfu, að Bandaríkjamenn hætti við geimvarnaáætlun sína áður en samið verði um meðaldræg og langdræg kjarnavopn. Á þetta hafa Bandaríkjamenn ekki fallist og benda á, að hér sé aðeins um að ræða rannsóknir og alls óvíst um niðurstöður þeirra. Hins vegar sé von þeirra sú, að þær sýni fram á hvernig unnt sé að gera kjarnavopn óþörf. Vilja þeir þar af leiðandi ekki útiloka sjálfar rannsóknirnar. Vekja þeir athygli á því að Sovétmenn hafi stundað svipaðar rannsóknir um árabil.

Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að staðið verði við gerða alþjóðasamninga, þar á meðal áðurnefndan samning um takmörkun gagneldflaugakerfa. *Rannsóknir af því tagi, sem hér um ræðir, þurfa ekki að stríða gegn slíkum samningum.* Auk þess er óraunhæft að ætla að hægt sé að framfylgja banni við rannsóknum. Bendi niðurstöður geimvarnarannsókna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu, ber risaveldunum að sjá til þess að geimvarnaáætlanir verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana. *Vert er að hafa í huga, að geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna gerir ráð fyrir stórstígum framförum á sviði tækni og vísinda, og má þar nefna upplýsinga-, efna-, orku-, leysigeisla- og kerfistækni. Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni, er ljóst að Íslendingar geta, ekki síður en aðrir, notið góðs af samvinnunni."* (Lbr. flm.)

Hér er óvírætt gefið til kynna að æskilegt sé fyrir Íslendinga að taka þátt í geimvopnaáætlun Bandaríkjanna. Alþingi getur ekki látið hjá líða að taka hið fyrsta afstöðu til slíkra hugmynda utanríkisráðherra Íslands.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu mundi Alþingi taka undir með þeim fjölmörgu sem gera sér ljósa hættuna af þeirri stigmögnun vígbúnaðarkapphlaupsins sem fylgja mundi í kjölfar geimvopnarannsókna. Með tillögunni er lögð á það áhersla að Alþingi Íslendinga leggi sitt lóð á vogarskálina gegn öllum hugmyndum um að nota himingeiminn til hernaðar nú og í framtíðinni og að fulltrúar Íslands fylgi þeirri stefnu eftir á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal I.

Albert Jónsson og Þórður Ingvi Guðmundsson:

SAMNINGAR UM AFVOPNUN OG TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR

II. SALT I samningarnir.

(Úr riti Öryggismálanefndar, 4.)

SALT I samningunum frá 1972 má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi var gerður samningur sem takmarkaði eldflaugavarnir. Prótókollur við samninginn var gerður tveimur árum síðar og jók hann enn á þær takmarkanir sem fyrir voru. Í öðru lagi var gerður „bráðabirgðasamningur um vissar ráðstafanir með tilliti til takmörkunar strategískra sóknarvopna". Í þriðja lagi var komið á fót nefnd, sem skipuð er fulltrúum beggja, til að fjalla um og aðstoða við framkvæmd SALT samninganna.

II.1. Samningur milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa.

(Treaty between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)

Undirritaður í Moskvu 26. maí 1972: tók gildi 3. október 1972. Samningurinn gildir um ótakmarkaðan tíma. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, en aðilar skulu í sameiningu endurskoða samninginn á fimm ára fresti miðað við gildistöku hans. Prótókollur við samninginn var gerður árið 1974.

Með samningnum er Bandaríkjunum og Sovétríkjunum bannað að setja upp gagneldflaugakerfi sem geti varið allt landsvæði þeirra. Bannið gildir einnig fyrir varnir ákveðinna staða á landsvæði þeirra, nema að því leyti sem sérstaklega er leyft í samningnum. Gagneldflaugakerfi eru einungis leyfð við tvo staði í hvoru landi. Setja má upp eitt kerfi til að verja höfuðborgina og annað til að verja eitt af þeim svæðum þar sem strategískar landeldflaugar eru staðsettar. Ekki er leyfilegt að hafa nema 100 skotpalla fyrir gagneldflaugar og 100 gagneldflaugar í hvoru kerfi. Ratsjár í hvoru kerfi mega ekki fara yfir tiltekinn fjölda. Þær eru einnig háðar takmörkunum um tæknilega gerð og eðli.

Samningurinn felur ekki í sér fremur en hinir samningarnir að aðilar geti haft eftirlit með því innan landamæra hvor annars að samningnum sé framfylgt. Þess í stað er tekið fram að hvort ríki muni reiða sig á eigin eftirlitskerfi (national technical means of verification) til að tryggja að farið sé eftir ákvæðum samningsins. Eftirlitið hefur einkum farið fram með aðstoð gervihnatta en einnig, hvað Bandaríkjamenn hefur varðað, með sérstökum eftirlitsstöðvum – eða „hlustunarstöðvum" – í ríkjum sem liggja að landamærum Sovétríkjanna. Í þessum samningi, sem og öðrum, er tekið fram að hvor aðili skuldbindi sig til að gera ekkert það sem truflað geti eftirlitskerfi hins. Enn fremur að hann muni ekki af ásettu ráði gera neinar þær ráðstafanir er hindrað geti eftirlit hins, s.s. að hylja vopnin. Þetta á við alla samninga risaveldanna um takmörkun vígbúnaðar.

Í reynd var það svo þegar samningurinn var gerður að hvorugur aðila taldi sig geta sett upp áreiðanlegt og áhrifaríkt gagneldflaugakerfi. Í samningnum endurspeglast og sú trú að

svo takmarkaðar eldflaugavarnir, sem leyfðar eru í honum, skipti litlu sem engu máli. Enn fremur að eldflaugavarnir geti valdið pólitískum og hernaðarlegum óstöðugleika í samskiptum risaveldanna, vegna hugsanlegs kapphlaups milli þeirra á þessu sviði og þeirrar ógnunar við endurgjaldsgetu sem felast mundi í áhrifaríkum eldflaugavörnum.

Bandaríkjamenn settu upp gagneldflaugakerfi við eitt af hinum strategísku landeldflaugasvæðum sínum en það kerfi var síðan lagt niður. Sovétmenn byggðu kerfi við Moskvu en ekkert við landeldflaugasvæði. Í Moskvukerfinu eru nú einungis 32 gagneldflaugar í stað þeirra 100 sem leyfilegar eru.

Báðir aðilar stunda viðamiklar rannsóknir á sviði eldflaugavarna. Í samningnum er tekið fram að rannsóknir og prófanir séu leyfðar. Þó má hvor aðili ekki hafa fleiri en 15 tilraunaflaugar á tilraunasvæðum í einu. Það á að tryggja að ekki sé mögulegt að gera svo viðamiklar tilraunir að komast megi að því með einhverri vissu hvort tiltekið gagneldflaugakerfi sé áhrifaríkt eða ekki. Loks er leyft að endurnýja og bæta gagneldflaugakerfi brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samningsins.

II.2. „Prótókollur við samning Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa."

(Protocol to the Treaty Between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)

Undirritaður í Moskvu 3. júlí 1974: tók gildi 25. maí 1976. Um gildistíma, uppsagnarfrest og endurskoðun gildir hið sama og um gagneldflaugasamninginn frá 1972, enda er tekið fram að prótókollur þessi sé óaðskiljanlegur (integral) hluti af þeim samningi.

Í prótókolli þessum segir að hvor aðili megi einungis hafa eitt gagneldflaugakerfi, í stað tveggja eins og leyft var í samningnum frá 1972. Þetta eina kerfi skal annaðhvort vera við höfuðborg eða við eitt af þeim svæðum þar sem strategískar landeldflaugar eru staðsettar.

Prótókollurinn heimilar t.d. Bandaríkjunum að taka niður gagneldflaugakerfið sem þeir reistu við eitt af eldflaugasvæðum sínum og reisa annað, háð sömu takmörkunum, við Washington. Á sama hátt er Sovétmönnum leyfilegt að leggja niður kerfið sem þeir hafa við Moskvu og byggja annað við eitt landeldflaugasvæða sinna. Þetta var þó háð því að tilkynning um slíka fyrirætlan bærist hinum aðilanum áður en framkvæmdir hæfust; í fyrsta lagi 3. október 1977 og í síðasta lagi 2. október 1978. Eftir það varð og er þetta leyfilegt fimmta hvert ár og hvenær sem er á því ári. Þennan rétt má einungis nota einu sinni.

Fylgiskjal II.

STJÖRNUSTRÍÐSÁÆTLUN REAGANS

ENDALOK GEREYÐINGAR HÆTTUNNAR EÐA

ÓTRÚLEG SÓUN HUGVITS OG FJÁRMAGNS?

Þær hugmyndir og staðhæfingar sem forsetinn lét sér um munn fara eru mikilfengleg og hafa eflaust vakið þær vonir hjá einhverjum áheyrendum að nú myndi vígbúnaðarkapphlaupinu loksins linna og gereyðingarógn kjarnorkuvopnanna yrði bægt frá. Sú áætlun, sem fylgdi í kjölfar ummæla forsetans og kölluð er Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna, hefur hins vegar vakið efasemdir og vantrú margra á þeim raunveruleika sem í henni felst.

Áætlunin heitir opinberlega „The Strategic Defense Initiative", skammstafað SDI. Hún er í raun og veru stærsta og viðamesta vopnaþróunarverkefni sem nokkurn tíma hefur verið ráðist í. Til samanburðar má nefna að hún verður margfalt dýrari en Manhattanverkefnið svokallaða, þegar fyrstu kjarnorkuvopnin voru hönnuð og smíðuð. Af ræðu Reagans má ennfremur ráða að á þeim áratugum sem það tekur að koma geimvarnaáætluninni í framkvæmd, verður ógn kjarnorkuvopnanna að haldast óbreytt til þess að koma í veg fyrir sovéska árás.

Í þessari grein verður reynt að lýsa geimvarnaáætluninni í grófum drættum. Hugmyndum sem á lofti eru um uppbyggingu varnarkerfisins og nýjar tegundir vopna verða gerð nokkur skil. Reynt verður einnig að bera þær kröfur, sem gera þarf til fullkomins varnarkerfis, saman við stöðu tækninnar í dag. Það er von höfundar að þessi umfjöllun geti orðið lesandanum nokkur hjálp til að fylgjast á gagnrýninn hátt með þeirri umræðu, sem um málið snýst á ýmsum vettvangi, og ef til vill til að taka rökum studda afstöðu.

Hin góðu öfl munu sigra hin illu?

Síðan Reagan hélt ræðu sína eru liðin tæp þrjú ár. Á þessum árum hafa stjórnmálamenn, vísindamenn, herfræðingar *og fréttamenn deilt á ýmsum vettvangi* um gildi þessara varnarhugmynda og réttmæti þeirra gífurlegu fjárveitinga, sem áætlunin þarfnast þegar á upphafsskeiði.

Í munni almennings og fjölmiðla mótaðist fljótlega nafnið **stjörnustríð** um þau átök sem eiga munu sér stað í háloftunum ef áætlað varnarkerfi fer einhvern tíma í gang. Stjörnustríðsnafnbótina má rekja til samnefndrar vinsællar kvikmyndar, þar sem hin góðu öfl berjast við hin illu í óravíddum geimsins með leysigeislum og óteljandi tæknibrellum. Bandaríkjastjórn og forystumönnum áætlunarinnar var í fyrstu lítt um þessa nafnbót gefið og fóru til dæmis fram á að rétt nafn væri notað í umfjöllun fjölmiðla. Erfitt reyndist hins vegar að útrýma stjörnustríðslíkingunni og brátt fóru forystumenn áætlunarinnar sjálfir að nota samlikinguna við stjörnustríðið og *mæltust þá til þess að vera* kenndir við hin góðu öfl, sem bægja aðsteðjandi hættu frá.

Rannsóknastarf í þágu hernaðar og vopnatækni hefur aukist mjög á þessum þremur árum. Varnarmálaráðuneytið í Pentagon setti 50 manna varnartækninefnd undir stjórn James C. Fletchers (Fletcher-nefndin) til þess að leggja fram áætlun um rannsókna- og þróunarstarf sem leiða myndi í ljós hvort tilskipun forsetans er framkvæmanleg. Markmiðið er í stuttu máli að ákvarða hvort hanna megi varnarkerfi, byggt á háþróaðri skynjaratækni og vopnum án kjarnorkusprengja, sem getur eytt *sóknarflaugum í allsherjarárás.* Nefndin lagði línurnar að rannsóknaáætlun og á niðurstöðum hennar byggðist beiðni varnarmálaráðuneytisins um 26 milljarða dollara fjárveitingu vegna geimvarnarannsókna til áranna 1985 – 1989.

Í lok ársins 1983 var skipuð yfirstjórn rannsóknanna undir forystu James A. Abrahamsons jr., hershöfðingja í flughernum, og vísindalegur yfirmaður við hlið hans er Gerold Yones. Undir þessa yfirstjórn voru settar átta sviðsstjórnir, sem hver hefur umsjón með einu af eftirfarandi sviðum:

1. Kerfishönnun.
2. Skynjaratækni.
3. Lífslíkur/eyðingarmáttur/lykiltæknisvið.
4. Árekstravopn.
5. Geislavopn.
6. Nýsköpun í vísindum og tækni.
7. Samræming og fjármagnsstýring.
8. Ytri tengsl.

150 þróunarverkefni í hernaðartækni, sem þegar voru í fullum gangi, voru

Hinn 23. mars 1983 ávarpaði Ronald Reagan Bandaríkjaforseti þjóð sína í sjónvarpi og markaði í ræðu sinni tímamót í sögu vígbúnaðarkapphlaups stórveldanna. Í ávarpinu skýrði hann frá þeirri ákvörðun sinni að þróa skyldi nýtt varnarkerfi, sem gera ætti kjarnorkuvopnin „gagnslaus og úrelt". Hann taldi að þessi ákvörðun sín myndi „breyta gangi mannkynssögunnar" og „veita börnum okkar nýja von á 21. öldinni." Hið nýja varnarkerfi sagði hann að myndi veita bandarísku þjóðinni og bandamönnum hennar öryggi gegn sovéskri árás, með því að mæta langdrægum flaugum Sovétmanna á miðri leið og eyðileggja þær áður en þær næðu skotmörkum sínum.

innlimuð í áætlunina. Fyrirtæki á sviði flugtækni og geimvísinda svo sem Lockheed Missiles & Space Co. og RCA samsteypan settu upp sérstakar geimvarnadeildir og hinar ríkisreknu rannsóknastofnanir í hertækni, Los Alamos, Sandia og Lawrence Livermore efldu rannsóknir sínar verulega. Vísindamönnum í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum var og er boðið að sækja á mið þessara 26 milljarða með verkefni sem geta tengst áætluninni. Nú þegar hafa fjölmörg fyrirtæki farið af stað með slík verkefni. Auk þeirra sem að framan eru talin má nefna General Electric, TRW, Rockwell, Boeing, McDonnell Douglas, Westinghouse og mörg fleiri. Gert er ráð fyrir að gerðar verði fimmtán megintilraunir fyrir 1990, þar sem m.a. verða prófaðar ýmsar nýjar vopnagerðir. Reiknað er með því að niðurstöður rannsóknanna og útkoma tilraunanna, leiði til rökstuddra svara um og upp úr 1990 um það hvort geimvarnakerfi geti þjónað yfirlýstum tilgangi. Ef síðan verður tekin ákvörðun um að koma því fyrir, er reiknað með að það taki 20–30 ár og mun kerfið því ekki koma að fullu gagni fyrr en nokkuð er liðið á 21. öldina.

Einn sjóher í viðbót!

Til þess að kerfið geti orðið að veruleika verður að halda kostnaði við uppbyggingu og framleiðslu eininga þess í lágmarki. Sem dæmi má nefna að eitt þeirra verkefna, sem flugherinn vinnur nú að, er lækkun á kostnaði við flutninga geimferjunnar úr um 2500 dollurum á kg niður í um 20 dollara á kg. Einnig verður að minnka margfalt kostnaðinn við framleiðslu á hátæknifarúrðum framtíðarinnar, svo sem nýjum tölvum, skynjurum og geimbúnaði. Þetta er ef til vill sambærilegt við það verkefni að fjöldaframleiða bifreið í gæðaflokki Rolls Royce í sama verðflokki og ódýran smábíl.

Ýmsir hafa reynt að meta heildarkostnað við byggingu og uppsetningu kerfisins. Meðalhá tala í þeim útreikningum er um 800 milljarðar dollara. Þá er eftir að reikna með viðhaldi, rekstrarkostnaði og endurnýjun, því kerfið þarf auðvitað stöðugt að vera til viðbragðs reiðubúið. Sá kostnaður hefur verið talinn á bilinu 50–200 milljarðar dollara á ári hverju. Þetta mun vera nokkuð sambærilegt við það að koma upp svo sem eins og einum sjóher til viðbótar við Bandaríkjaher. Til samanburðar má geta þess að í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1986 eru gjöld íslenska ríkisins talin um 33.5 milljarðar króna, sem samsvarar um 0.8 milljörðum dollara.

Ef stjórnkerfið bregst þá er vörnin gagnslaus

Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna miðar að uppsetningu kerfis, sem á að veita vörn gegn árás langdrægra kastflauga Sovétríkjanna. Flugi kastflaugar má skipta í fjögur skeið: **Lyftiskeið**, þegar flaugin lyftir sér út úr lofthjúpnum, **skiptiskeið**, þegar hún sendir frá sér kjarnaoddana á braut, **renniskeið**, þegar kjarnaoddarnir fljúga áfram utan lofthjúpsins og **lokaskeið**, þegar þeir koma inn í lofthjúpinn aftur og lenda á skotmarkinu.

Gamlar hugmyndir um varnir gegn kastflaugum byggjast á því að gagnflaug sé skotið á móti árásarflaug á lokaskeiði og hún eyðilögð með árekstri eða sprengingu. Þessar hugmyndir þóttu á sínum tíma gagnslausar meðal annars vegna þess hve dýrt var að koma fyrir gagnflaugum miðað við hugsanlegan árangur. Stórveldin komu sér síðan saman um undirritun gagnflaugasamningsins 1972 sem bannaði frekari uppbyggingu vopna gegn langdrægum kastflaugum. Kerfið sem geimvarnaáætlunin byggist á er frábrugðið þessum eldri kerfum að því leyti að vörnin á nú að fara fram á öllum skeiðum flugsins og gert er ráð fyrir að því fyrr sem flaug er eyðilögð á ferð sinni því betra.

Flestar hugmyndir um slíkt varnarkerfi byggjast á lagskiptri vörn. Þá er átt við að ákveðnir hlutar kerfisins sjái hver um sitt skeið árásarinnar. Talað er um þrjú varnarlög, sem hvert um sig á helst að geta eyðilagt 90% af þeim árásarflaugum og kjarnaoddum sem koma í þess hlut. Með því móti yrði kerfið 99.9% öruggt. Fyrsta lagið mundi fá í sinn hlut fyrstu tvö skeiðin af flugi kastflauganna. Þetta varnarlag er mikil-

Nokkrir kaflar úr sjónvarpsræðu Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta þar sem hann kynnti stjörnustríðsáætlunina í fyrsta sinn, 23. mars 1983

... Okkur hefur tekist að halda stöðugu jafnvægi með árásarógninni. Okkur og bandamönnum okkar hefur þannig tekist að koma í veg fyrir kjarnorkustyrjöld í meira en þrjá áratugi ...

... Ég hef orðið sífellt sannfærðari um það að mannsandinn hljóti að vera fær um að rísa ofar því að samskipti milli manna og þjóða eigi sér stað með ógnun við tilverurétt þeirra ...

... Mikilvægasta framlag okkar er að sjálfsögðu að draga úr vígbúnaði, og þá sérstaklega kjarnorkuvígbúnaði ...

... Ég trúi því að til sé leið. Leyfið mér að deila með ykkur framtíðarsýn sem gefur von. Hún er sú að við hefjumst handa um það verkefni að mæta ógurlegri ógn sovésku flauganna með varnaraðgerðum. Við skulum nýta styrk þeirrar tækni sem iðnaður okkar byggist á og veitt hefur okkur þau lífsgæði sem við nú njótum.

Hvernig væri ef frjáls þjóð gæti lifað örugg í þeirri vissu að öryggi hennar byggðist ekki á því að Bandaríkin gætu endurgoldið sovéska árás, heldur á því að við gætum mætt langdrægu kastflaugunum á miðri leið og eyðilagt þær áður en þær lentu á okkur eða bandamönnum okkar?

Ég veit að þetta er gífurlega stórt tæknilegt verkefni, sem verður hugsanlega ekki leyst fyrir lok aldarinnar. Þrátt fyrir það er rétt að hefjast handa, vegna þess að nútíma tækni hefur náð vissri fullkomnun. Verkið mun taka mörg ár, jafnvel áratuga baráttu á mörgum sviðum. Ýmislegt mun mistakast og annað takast. Og samhliða því sem málum vindur fram verðum við stöðugt að halda við kjarnorkufælingunni og möguleikum okkar á sveigjanlegri svörun. En er það ekki hverrar krónu virði að frelsa heiminn undan ógnum kjarnorkustyrjaldar? Við vitum að svo er. Á meðan munum við halda áfram að ná fram raunverulegri fækkun kjarnorkuvopna. Við munum ganga af styrk til samninga með endurnýjuð langdræg vopn að bakhjarli. Á sama tíma verðum við að minnka hættuna á því að hefðbundið stríð magnist og verði að kjarnorkustríði með því að bæta hefðbundinn vopnabúnað okkar ...

... Samtímis því að við þróum varnartækni okkar, gerum við okkur grein fyrir því að bandamenn okkar treysta því að árásarmáttur hinna langdrægu vopna okkar fæli frá árás á þá. Hagur þeirra og okkar er tengdur órjúfanlegum böndum. Öryggi þeirra og okkar er eitt og hið sama. Engar tæknibreytingar munu geta breytt þeim raunveruleika. Við verðum að gegna skyldu okkar og það munum við gera ...

... Ég skora á vísindamenn þessa lands, sem létu okkur kjarnorkuvopnin í té, að beina nú sínu mikla hugviti til góðs fyrir mannkynið og alheimsfrið og gefa okkur tækifæri til þess að gera kjarnorkuvopnin gagnslaus og úrelt ...

... Við sækjumst ekki eftir yfirburðum í hernaði eða stjórnmálum. Eina takmark okkar – sameiginlegt öllum mönnum – er að leita leiða til þess að minnka hættuna á kjarnorkustyrjöld.

Kæru landar, í kvöld höfum við hrint af stað tilraun, sem mun geta breytt gangi mannkynssögunnar. Í henni felst áhætta og árangurs getur orðið langt að bíða. En ég trúi því að þetta takist. Á þessum tímamótum bið ég um bænir ykkar og stuðning. Kærar þakkir, góða nótt og guð blessi ykkur.

vægast af þeim öllum. Við ferðina upp úr lofthjúpnum hitnar flaugin og eins er útblásturinn heitur þannig að skynjarar varnarkerfisins, sem sjá innrauða varmageislun, eiga auðvelt með að fylgja flauginni eftir og miða hana út. Ennfremur borgar sig að eyðileggja flaug á þessum skeiðum áður en hún skiptir sér, því þá nær vörnin mörgum kjarnaoddum í einu „höggi".

Annað varnarlagið sér síðan um þá árásarodda sem sleppa í gegnum fyrsta lagið. Þetta verður miklum erfiðleikum bundið af tveimur ástæðum. Oddarnir fljúga hér án eigin afls, mótstöðulaust og eru því ekki auðgreindir. Ennfremur má gera ráð fyrir því að með oddunum verði á flugi alls kyns villuhlutir, sem árásaraðili sendir með til þess að villa um fyrir skynjurum varnarkerfisins. Gera má ráð fyrir að með hverjum oddi sem fer á eigin braut fljúgi 10 villuhlutir, oddaliki, radarspeglar og annað rusl.

Þriðja varnarlagið á svo að taka við oddunum sem eftir eru á lokaskeiðinu. Við ferðina niður í gegnum lofthjúpinn hitna oddarnir aftur þannig að auðvelt er að greina þá. Léttir villuhlutirnir hægja meira á sér og brenna upp.

Tæknibúnaði varnarkerfisins má skipta í tvo höfuðflokka:

- Búnað til eyðingar flauga og kjarnaodda; vopnin sjálf.
- Búnað til skynjunar, samskipta, stjórnunar og ákvarðanatöku; tölvukerfið.

Hér verður fyrst fjallað um síðari flokkinn. Segja má að tölvukerfið sé „heili" varnarkerfisins og hlutverk þess er hvað mikilvægast. Ef það bregst þá skiptir engu máli hve fullkomin vopnin eru, kerfið er gagnslaust ef samhæfinguna skortir.

Hvað þarf kerfið að gera?

- Varnarkerfið þarf fyrst af öllu að uppgötva árásarflaugarnar og gera viðvart. Þetta tekur um 90 sekúndur með þeim skynjunar- og njósnahnöttum sem nú eru í háloftunum, eða um helming þess tíma sem lyftiskeiðið varir. Síðan þarf að taka ákvörðun um það hvort þetta sé nú örugglega árás og hvort vörnin eigi að fara í gang.
- Varnarkerfið þarf síðan að skipta verkum. Ákveða þarf hvaða vopn á að eyðileggja hvaða árásarhlut og hvenær. Ennfremur verður kerfið að geta endurskipað í hlutverkin ef einhver varnarvopn eru eyðilögð eða bregðast á annan hátt í miðju kafi. Kerfið verður því að hafa áreiðanleg gögn um eigið ástand á hverju sekúndubroti. Þetta má kalla varnargagnagrunninn.
- Varnarkerfið þarf að fylgja eftir, miða út, skjóta á og eyðileggja árásarflaugar og odda. Í þessum tilgangi þarf kerfið að hafa stöðugt upplýsingastreymi um stöðu og hegðun árásarhlutanna, meta hvort hluturinn er kjarnaoddur eða eitthvað hættulaust og ekki síst fullvissa sig um að flaug eða oddur sem skotið er á eyðileggist. Þetta er sóknargagnagrunnurinn.

Erfiðast fyrir fyrsta varnarlagið er hinn skammi tími, örfáar mínútur, sem eru til stefnu frá því að árás hefst þar til fyrstu flugskeiðunum er lokið. Ef reiknað er með að 150 til 180 sekúndur verði til stefnu til að eyðileggja 1400 flaugar, þarf kerfið að anna 8 til 10 flaugum á sekúndu. Til þess mun þurfa um 15–16 leysiskotstöðvar. Gert er ráð fyrir að stöðvarnar séu á brautum í um 1000 km hæð. Þessar brautir eru miklu neðar en þær sístöðubrautir sem til dæmis fjarskiptahnettir fljúga eftir og gera þeim kleift að vera sífellt yfir sama jarðarblettinum. Það er því nokkuð ljóst að ef alltaf eiga að vera 15 skotstöðvar í sjónmáli við flaugaskotpallana, þarf margfaldur sá fjöldi að vera á brautum umhverfis jörðu. Margir hafa reynt að meta hvaða fjöldi mundi nægja, en niðurstöðurnar eru ólíkar vegna hve margar forsendur eru breytilegar. Endanleg tala er t.d. háð dreifingu flauganna um Sovétríkin, hraða flauganna út úr lofthjúpnum, viðbragsflýti miðunarbúnaðar og fleiri þáttum. Tölur sem birst hafa eru á bilinu 100–700 leysiskotstöðvar.

„Frá vöggu til grafar"

Eitt af stærstu vandamálum kerfisins, að mati forystumanna áætlunarinnar, er hvernig annað varnarlagið á að geta gegnt hlutverki sínu. Hér er það ekki tíminn sem er naumur, 20 mínútur, heldur hið gífurlega magn af hættulausum villuhlutum sem sóknaraðilinn mun láta fylgja oddunum, en um 100 slíkir hlutir munu geta fylgt hverri flaug. Þessir villuhlutir geta verið ýmiss konar, til dæmis radarspeglar eða þunnir málmhúðaðir belgir. Alla þessa hluti verður erfitt að greina vegna þess að þeir munu fljúga án eigin vélarafls.

Fin hugmynd, sem nefnd hefur verið, er að kerfið fylgi hverjum einstökum hlut eftir „frá vöggu til grafar". Skynjarar stjörnstöðvahnattanna geta þá séð flaugarnar þegar þær eru að skipta sér og séð hvort flaugin var að losa sig við þungan hlut (kjarnaodd) ef bakslag „rúturnar" er mikið, eða léttan villuhlut ef lítið bakslag sést. Hlutirnir eru þá merktir hættulegir eða hættulausir í gagnagrunninn og aðeins þeim hættulegu eytt. Leysivopn og öreindageislar gætu einnig nýst í skynjunarhlutverki með því að lýsa hlutina með vægum geisla og mæla endurkast til að átta sig á gerð þeirra. Erfitt gæti reynst að treysta fullkomlega þessu mati, vegna þess að sóknaraðili á marga mótleiki. Ef til dæmis væri blásinn út belgur utan um kjarnaodd, gæti kerfið metið hann hættulausan með hörmulegum afleiðingum.

Varnarkerfið þarf þannig bæði að vinna hratt og meðhöndla gífurlegt upplýsingamagn. Annað varnarlagið getur t.d. þurft að ráða við um 15000 hluti jafnvel þótt fyrsta lagið vinni með 90% virkni, eins og til er ætlast. Þessi verkefni verða ekki leyst nema með mjög fullkomnum tölvubúnaði, sem getur meðhöndlað risavaxin gagnasöfn, unnið upplýsingar úr þeim og tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra, allt á ótrúlega skömmum tíma. Sú tækni sem nú er fyrir hendi á langt í land að geta uppfyllt kröfurnar. Fletcher-nefndin taldi nauðsynlegt að hanna nýja kynslóð tölvubúnaðar, vélbúnað jafnt sem hugbúnað. Helstu framfara í vélbúnaði er að vænta með ljóstæknitölvunni, sem á að geta unnið margfalt hraðar en rafeindatölvurnar. Í hugbúnaðarþróun er rætt um svokallaða dreifða gagnameðferð, þar sem unnið er úr gögnum í mörgum einingum kerfisins samtímis. Í slíku tölvuneti mætti hugsanlega nota hefðbundinn vélbúnað, en samskiptin milli hinna mismunandi hlekkja yrðu mjög erfið viðfangs. Í árásinni er auðvitað mikil hætta á því að hlekkir bregðist og þarf þá kerfið að endurskipuleggja samskiptin, sem gæti orðið sérstaklega erfitt ef margir hlekkir bregðast á skömmum tíma. Netkerfi af svipuðu tagi sem nú eru til er nokkrar sekúndur að endurskipuleggja sig ef hlekkur bilar og geta hrunið ef annar hlekkur bilar á meðan. Tölvunet geimvarnanna gæti þurft að endurskipuleggja sig meira en hundrað sinnum á örfáum mínútum. Upplýsingarnar sem stöðugt flæða inn um ástand varnar- og árásarvopnanna

Eitt lítið árásardæmi

- Sovétríkin eru talin eiga 1400 langdrægar kastflaugar á landi. Ef hver um sig bæri 10 kjarnaodda, myndi allsherjarárás fela í sér 14000 kjarnorkusprengjur. Fyrsta varnarlagið eyðilegði 1260 flaugar (90%) og eftir væru 140 flaugar með 1400 odda.
- Annað varnarlagið fengi 1400 kjarnaodda til meðferðar. Ef hverjum oddi fylgdu 10 villuhlutir, þyrfti vörnin að greina 15400 hluti. Ef þetta varnarlag gæti eytt 1260 oddum (90%) myndu 140 kjarnaoddar ná inn í lofthjúpinn.
- Síðasta varnarlagið fengi í besta falli 140 odda til eyðingar. Ef hægt er að eyða 126 oddum (90%), þá falla 14 kjarnorkusprengjur á skotmörk sín einhvers staðar í Bandaríkjunum. Hver þessara sprengja hefði líklega að *minnsta kosti* tuttugufaldan sprengimátt á við sprengjurnar, sem sprengdar voru yfir Hiroshima og Nagasaki. 14 bandarískar stórborgir gætu því þurrkast út þrátt fyrir varnarkerfi sem er 99.9% þétt.

Í þessu árásardæmi er gert ráð fyrir því að hver sovésk flaug beri 10 kjarnaodda, sem aðeins nýjustu gerðir SS–18 flauganna gera. Að meðaltali munu vera 3.5 oddar í sovésku flaugunum. Ekki er í dæminu tekið tillit til annarra árásarvopna Sovétríkjanna, sem einnig eiga 940 langdrægar kafbátaflaugar, 290 kjarnorkusprengjur í langdrægum flugvélum, auk um 440 meðaldrægra flauga sem beint er að Evrópu. Tölurnar eiga við árslok 1983.

Þegar geimvarnakerfið gæti hugsanlega orðið að veruleika á fyrstu áratugum næstu aldar verða kerfishönnuðirnir að reikna með um það bil tvöföldum fjölda sovéskra flauga ef þeim heldur áfram að fjölga í sama takti og nú.

mega auðvitað ekki týnast við það að einhver hlekkurinn bregðist. Gögnin þarf því að geyma samtímis í mörgum stöðvum.

Úrvinnsla gagnanna frá hinum ýmsu skynjurum yrði í reynd miklu erfiðari en gagnasöfnunin sjálf. Hugsum okkur til dæmis að þrír skynjarar sendi samtímis inn upplýsingar um fjölda árásarhluta á einhverjum stað. Einn segir hlutina vera þrjá, annar að þeir séu sex og hinn þriðji níu. Hvaða tala er þá rétt? Sér einhver skynjarinn of fáa eða of marga hluti? Eru þeir allir jafn áreiðanlegir? Sjá skynjararnir kannski ekki sömu hlutina og eru árásarhlutirnir þá 18 í allt? Hugbúnaður stjórnkerfisins verður að vera reiðubúinn að mæta svona tilvikum, og stærsti vandinn verður að bregðast við á réttan hátt.

Hraðinn í allri meðferð upplýsinga þarf að vera öllu meiri en stór tölvusamskiptakerfi geta annað í dag. Stórt bankatölvunet mun til dæmis anna minna en 1000 viðskiptaaðgerðum á sekúndu en geimvarnatölvan þarf að vinna tífalt hraðar.

Verður aldrei treystandi

Gagnrýnendur geimvarnaáætlunarinnar halda því fram að áreiðanlegur hugbúnaður til að stjórna varnarkerfinu geti aldrei orðið að veruleika. David L. Parnas, prófessor í tölvuvísindum við Viktoríuháskóla í Bresku Kólumbíu og ráðgjafi Rannsóknastofu sjóhersins, sagði sig í júní síðastliðnum úr þeirri nefnd geimvarnaáætlunarinnar sem fjallar um „tölvutækni við orrustustjórnun". Hann sagði af því tilefni: „Ég hef ekki trú á því að frekari vinna nefndarinnar verði til gagns og ég get ekki með góðri samvisku þegið laun fyrir gagnslaus störf." Hann sagði ennfremur að „vegna þess hve kröfurnar til kerfisins eru gífurlegar og hve ómögulegt verður að prófa það, munum við aldrei geta treyst því að ætlunarverkið hafi tekist."

Og líklega verður aldrei hægt að treysta geimvarnakerfinu. Helstu ástæður þess eru:

- Kerfið er svo stórt að hugbúnaðurinn verður morandi í villum.
- Raunveruleg prófun hugbúnaðarins er ekki möguleg nema í kjarnorkustríði. Miklar líkur eru því á að villur birtist á örlagastund.

Sú tækni sem nú er notuð til þess að leita uppi villur í forritum er ekki talin geta náð fullkomnum árangri ef fjöldi lína í forriti fer mikið yfir 500 línur. Stærri forrit eru yfirleitt notuð með þeim villum sem sleppa í gegnum villuleit og prófanir og þær leiðréttar eftir því sem þær koma í ljós. Forritin til stjórnunar geimvarnanna munu verða upp á milljónir lína.

Eflaust munu fara fram miklar prófanir á hugbúnaðinum með ýmiss konar hermilíkönum, sem líkja eftir árás. Til þess að slík hermilíkön geti líkt eftir raunveruleikanum vantar ýmis gögn og forsendur. Til dæmis eru ekki til gögn um kjarnorkusprengingar í geimnum, enda eru þær ekki leyfðar samkvæmt samningi stórveldanna frá 1963. Kerfið mun þó líklega þurfa að vinna undir því álagi að kjarnorkusprengjur springi í háloftunum meðan starf þess er í hámarki. Rafsegulhögg, sem slík sprenging í háloftunum sendir frá sér, getur slegið út og eyðilagt rafeindabúnað í gervihnöttum ekki síður en á jörðu niðri.

Árásaraðili á auðvitað margar leiðir til þess að trufla varnarkerfið í starfi. Hér skulu nokkrar slíkar taldar:

- Mögulegt er talið að stytta lyftiskeiðið þannig að árásarflaug verði skemur *en eina mínútu* að fara út úr lofthjúpnum.
- Skjóta má gömlum, úreltum flaugum upp samhliða árásarflaugunum til þess að varnarkerfið þurfi að *fást* við fleiri árásarhluti.
- Hugsanlega mun það kosta minna fyrir sóknaraðilann að fjölga árásarvopnum en það kostar vörnina að auka getu sína til samræmis.
- Sprengja má kjarnorkusprengju í háloftunum rétt áður en aðalárásinni er hrundið af stað. Við það skellur rafsegulhögg og sterk hitageislun á varnarkerfið og viðkvæmir skynjarar gætu fengið „ofbirtu í augun." Árásarflaugarnar gætu síðan laumast framhjá skaðlitilli vörn.
- Auðvitað má beina vopnum að kerfinu sjálfu, svo sem sprengiflaugum frá gervihnöttum, leysigeislum og ekki síst dreifa möl og grjóti á brautir varnarvopnanna.

Það er álit margra að alltaf verði auðveldara að eyðileggja varnarkerfið en þau árásarvopn, sem það á að verjast.

Ekkert stríð án vopna

Þótt stjórnkerfið sé mikilvægt þá verður stríð ekki háð án vopna, hvort heldur er til varnar eða sóknar. Flest þeirra vopna, sem koma fyrir í hug-

myndum þeirra stjörnustríðsmanna, byggja á meira eða minna þekktri tækni. Ýmsar nýjungar eru þó með og má þar til dæmis nefna röntgenleysinn. Þegar vopnagerðir eru valdar í hlutverk í kerfinu þarf að taka tillit til ýmissar sérstöðu þeirra hverrar um sig. Sum vopn geta unnið í lofthjúpnum, til dæmis árekstraflaugar, önnur verða að vera utan hans, til dæmis agnageislavopnin. Sum vopnanna – til dæmis rafeindaleysinn – verður að staðsetja á jörðu niðri þar sem hægt er að tengja þau við orkuver. Auðvitað er verðið mikilvægt. Öll vopn verða að vera nógu ódýr til að það verði ódýrara fyrir vörnina að eyðileggja sóknarvopn en það er fyrir árásaraðila að koma nýjum fyrir.

Vopnagerðunum má skipta í þrjá meginflokka: Árekstravopn, orkugeislavopn og agnageislavopn.

Árekstravopnin eða hreyfiorkuvopn eins og þau eru einnig kölluð eiga að leita uppi árásarflaugina og eyðileggja hana í árekstri, líkt og byssukúla væri stöðvuð með annarri kúlu. Þessi vopn skiptast í tvær höfuðgerðir: „ratvisar" flaugar og sporbyssur.

„Ratvísu" flaugarnar fljúga fyrir eigin vélarafli og leita uppi skotmarkið. Þessi tækni var m.a. prófuð með tilraun 10. júní 1984 þegar árekstraflaug var lyft út úr lofthjúpnum með eldflaug yfir Marshalleyjum í Kyrrahafi og eyðilagði langdræga flaug, sem skotið hafði verið frá Kaliforníu. Innrauðu skynjararnir sem notaðir voru til að leita uppi „árásarflaugina" eru sagðir geta greint sem samsvarar hita mannslíkamans í allt að 2000 km fjarlægð á móti köldum bakgrunni geimsins. Svona flaugar eru hægfara miðað við önnur vopn og fljúga með svipuðum hraða og árásarflaugarnar sjálfar, um 5–7 km á sekúndu. Það er því erfitt að nota þær í fyrsta varnarlaginu, sérstaklega gegn hraðfleygum árásarflaugum, nema þeim sé skotið af skotpöllum í geimnum. Aðalnotin verða því á lokaskeiðinu ekki ósvipað og gömlu gagnflaugakerfin voru hugsuð.

Sporbyssan er ný tegund vopna í örri þróun. Hún á að senda frá sér „ratvísar" kúlur á ofsahraða. Þær leita uppi skotmarkið og eyðileggja það með árekstri. Sporbyssan er eins konar „hátæknirifill" sem kemur kúlunum af stað með rafsegulkröftum í stað þess að sprengja púðurhleðslu. Þeir stjörnustríðsmenn vonast til þess að geta skotið 3–5 kg kúlum sem fara um 20–30 km á sekúndu. Til samanburðar má nefna að venjulegar byssukúlur fara um 1 km á sekúndu. Los Alamos og Livermore rannsóknastofunum hefur tekist með þessari tækni að koma 3ja gramma plastkúlu á 11 km hraða á sekúndu. Við þessa tilraun reyndi svo mjög á byssuhlaupið að það rifnaði. Til þess að ná þeim forsendum sem þarf til að sporbyssan verði nothæft vopn í geimvörninni leita því efnisfræðingar að sterkari efnum meðal hátæknikeramiks og ofursterkra stálblandna. Ennfremur er ekki vitað hvernig hanna skal rafeindabúnaðinn sem þarf að vera í kúlunni til þess að hann lifi af skotið og rati í mark, en hann verður fyrir tífaldri hröðun á við rafeindabúnað hinna ratvísu fallbyssukúlna sem nú eru til. Sporbyssum verður komið fyrir úti í geimnum eða á jörðu niðri og nýtast þær á öllum skeiðum varnarinnar. Aflþörf þeirra er gífurleg, talin í gígavöttum meðan skotið er.

Árekstravopnin eru þau vopn sem hvað lengst eru komin í þróunarstiganum, og þá sérstaklega flaugarnar. Þessi vopn yrðu því líklega fyrstu vopnin sem sett yrðu upp í kerfinu.

Orkugeislavopnin eru ýmiss konar leysigeislabyssur sem beina geisla sínum að skotmarkinu frá skotstöðvum í geimnum eða á jörðu niðri. Efnið í skotmarkinu gleypir hluta af orku geislans og hitnar. Ef þessi orka er nógu mikil og gleypist nógu hratt, eyðileggst skotmarkið.

Leysigeislinn er einlitt ljós, sem á upptök sín í sameindum leysiefnisins. Þær gleypa orku og losa sig síðan við hana aftur, allar í sama takti (samfasa). Ljósið beinist allt í sömu stefnu í örmjóum en mjög björtum geisla. Það dreifist lítið út til hliðanna og er því hægt að senda geislann langar leiðir. Leysigeyslar hafa til dæmis verið notaðir til þess að mæla fjarlægðina til tunglsins. Ennfremur má nýta sér háan orkuþéttleika í mjóum geislanum til þess að brenna lífræna vefi og gera þannig skurðaðgerðir.

Í leysigeislavopnin þarf mjög aflmikla leysa. Aflmestu leysar sem nú eru til eru m.a. nýttir til málmsuðu og skurðar. 10 kílóvatta kolsýruleysir getur til dæmis á fáeinum mínútum skorið nokkurra sentimetra þykkt stál í sundur. Til þess að duga sem varnarvopn gegn flaugum sem fljúga í þúsunda kílómetra fjarlægð mun hins vegar þurfa allt upp í hundrað megavatta leysa – og þá hundruðum saman.

Fjórar megingerðir leysa munu koma til greina í geimvarnakerfinu. Það eru efnaleysar, „excimerleysar", rafeindaleysar og röntgenleysar.

Efnaleysarnir eru tæknilega lengst komnir og hafa verið notaðir um langt skeið í iðnaði, svo sem kolsýruleysirinn. Efnaleysarnir gefa innrautt ljós, utan sýnilega sviðsins, en það kemst illa í gegnum lofthjúpinn nema um sérstakar bylgjulengdir sé að ræða. Þeir verða því væntanlega á brautum utan lofthjúpsins ásamt eldsneyti sínu. Nú er í smíðum flúorvetnisleysir sem á að vera hægt að koma út í geiminn. Flúorvetnisleysar lýsa með 2.7 míkrómetra bylgjulengd, sem er talsvert styttri en 10 míkrómetra ljósbylgjur kolsýruleysisins. Þessi leysir á að hafa 2 megavatta afl. Hann mun verða tilbúinn til prófunar 1988.

„Excimerleysarnir" eru drifnir með raforku, og orkunýtnin er lág, ekki nema 6–10%. Erfitt og dýrt verður því að hafa þá staðsetta annars staðar en á jörðu niðri. Í „excimerleysunum" er eðalgasi, svo sem krypton og xenon, blandað við flúr eða klór. Ljós þeirra er á útfjólubláu sviði, 0.15–0.40 míkrómetrar, og á því auðvelt með að komast um lofthjúpinn. Slíkum leysigeisla yrði beint um tvo spegla að árásarflaugunum. Annar speglillinn yrði líklega í um 36 þúsund km hæð á sístöðubraut og því alltaf í sjónmáli við leysinn. Hinn speglillinn yrði miklu nær jörðu, tæki við geislanum frá efra speglinum og beindi honum að skotmarki. Orkumesti krypton-flúorleysir í vesturheimi er nú á lokastigi byggingar í Los Alamos. Hann á að gefa gífurlega aflmikla en örstutta ljóspúlsa.

Rafeindaleysarnir eru nýjung í leysitækninni, en í þeim kemur leysiljósið frá orkuríkum frjálsum rafeindum í segulsviði. Með því að stilla segulsviðið má breyta bylgjulengd ljóssins allt frá útfjólubláu yfir sýnilega sviðið og út í innrautt. Þeir þurfa mikla raforku og nýta hana enn verr en „excimerleysarnir" þannig að staðsetning þeirra verður á jörðu niðri. Í Los Alamos er í smíðum stærsti rafeindaleysir, sem hannaður hefur verið. Hann á að gefa stutta 30 kílóvatta ljóspúlsa á 10 míkrómetra innrauðri bylgjulengd. Unnið er mikið þróunarstarf til þess að stytta bylgjulengdina en það krefst meiri orku rafeindanna.

Röntgenleysirinn er nýjasta viðbótin í leysitæknina. Það eru ekki mörg ár síðan talið var mjög ólíklegt að nokkurn tíma yrði mögulegt að fá leysiljós á bylgjulengdum röntgensviðsins. Röntgenljós hefur miklu styttri bylgjulengd og er orkuríkara en annað leysiljós. Röntgenleysirinn þarf sterka aflgjafa til þess að fara í gang. Mikið þróunarstarf er nú unnið til þess að finna góðar aðferðir til að koma honum af stað, til dæmis með öðrum leysum. Öruggasta leiðin til þess að koma röntgenleysi af stað er að „kveikja í honum" með kjarnorkusprengju. Þá er röntgengeislum þeim sem myndast á fyrstu sekúndubrotum sprengingarinnar beint með röntgenspeglum eftir sívölum stöngum. Þar örva þessir geislar atómin í stöngunum, sem síðan senda röntgengeisla sem leysiljós út eftir stönginni. Mjótt, einlitt röntgengeislaknippi beinist svo út í umhverfið í stefnu stangarinnar. Ef margar stengur eru örvaðar samtímis og stefnt í mismunandi áttir, þá má þannig senda geisla til að eyðileggja margar flaugar í einu. Á næstu sek-

úndubrotum eyðileggur síðan kjarnorkusprengingin vopnið, sem nýtist aðeins einu sinni. Röntgenleysir er því einnota vopn.

Ekki hægt að prófa


Röntgenleysinn er ekki hægt að prófa í geimnum nema rjúfa það samkomulag sem stórveldin gerðu 1963 um bann við kjarnorkusprengingum þar. Hins vegar er reynt að prófa þessa aðferð í lofttæmdum hólfum neðanjarðar. Bandaríkjamenn hafa þegar sprengt a.m.k fjórar sprengjur í Nevadaeyðimörkinni í þessum tilgangi, og Sovétmenn munu einnig hafa gert svipaðar tilraunir. Röntgenleysirinn hefur vissa sérstöðu innan geimvarnaáætlunarinnar. Bæði stingur hann í stúf við yfirlýsta stefnu Bandaríkjaforseta um vörn sem ekki byggðist á kjarnorkuvopnum, og jafnframt munu kjarnorkusprengingar í geimnum setja stjórnkerfið í mjög erfiða aðstöðu þar sem áhrif sprenginganna gætu eyðilagt skynjara og tölvubúnað.

Röntgengeislavopnin verða að vera staðsett utan lofthjúpsins því að röntgengeislar komast ekki nema örfáa metra gegnum andrúmsloftið. Rætt er um að hafa slík vopn í kafbátaflaugum *sem sendar yrðu upp úr lofthjúpnum* við fyrsta boð um árás og myndu þau nýtast til eyðileggingar á skipti- og renniskeiði árásarflauganna.

Ekki vantar hugmyndir að orkugeislavopnum. Eyðingarmáttur þeirra er þó hvergi nærri nægur. Orkumagnið á flatareiningu, ljósstyrkurinn þar sem leysiljósið lendir á árásarhlutnum, þarf til að geta eyðilagt flaug að vera margþúsundfalt á við það sem nú er mögulegt. Til að auka eyðingarmáttinn þarf að auka afl leysisins. Styttri bylgjulengdir hafa svipuð áhrif. Ennfremur eykst eyðingarmátturinn, ef hægt er að hindra breikkun geislans á leið að skotmarkinu. Til þess þarf stóra og fullkomna spegla og linsur. Talað er um að setja spegla, sem eru um 10 metrar í þvermál, út í geiminn. Svo stóra spegla verður mjög vandasamt að smíða í þeim gæðaflokki sem krafist er. Speglarnir verða til dæmis að spegla nógu vel til þess að orkuríkir geislarnir eyði þeim ekki.

21. júní 1985 var sendur leysigeisli frá fjallstindi á Hawaieyjum. Geislinn, sem var á blágræna sýnilega sviðinu, hitti geimferjuna Discovery og var varpað til baka með speglum í glugga skutlunnar. Þessi tilraun sýndi að hægt var að hitta flaug á flugi í um 350 km hæð á 7 km *hraða á sekúndu með leysigeisla frá* jörðu. Hins vegar kom einnig vel í ljós hvert vandamál breikkun geislans er, því blýantsmjór geislinn var orðinn 10 metrar í þvermál þegar hann lenti á skutlunni.

Agnageislar eru knippi atóma eða minni einda, sem gefin er orka í hröðlum ekki ósvipuðum línuhröðlum þeim sem notaðir eru á sjúkrahúsum til meðferðar á krabbameini. Agnirnar losa sig við orku sína í skotmarkinu og eyðileggja það. Agnageislar eru um



Röntgenleysi yrði skotið upp úr lofthjúpnum úr kafbáti. Kjarnorkusprenging kemur svo leysigeislum af stað til eyðingar sovéskri kastflaug. (Mynd úr Scientific Am., okt. 1984)

margt „betri" vopn en leysigeislar. Þeir sökkva til dæmis dýpra inn í skotmarkið og hægt er að beina þeim með seglum í stað spegla, en þeir eru ekki eins viðkvæmir og speglarnir. Geislinn er ennfremur orkuþéttari en leysigeislar *og hefur þannig meiri eyðileggingar*mátt. Agnageislar stöðvast í lofthjúpnum og verða því einungis að gagni úti í geimnum. Séu agnirnar hlaðnar sveigja þær af leið í segulsviði jarðar og því er athyglinni helst beint að óhlöðnum agnageislum.

Við Los Alamos rannsóknastofnunina er nú í byggingu hraðall þar sem óhlaðin vetnisatóm eiga að ná um sautjánfaldri orku á við það sem áður var hægt. Talið er að enn þurfi að fimmfalda þá orku til að ná þeim kröfum sem eyðing árásarflauga gerir til geislans. Ef þeim kröfum yrði mætt má gera ráð fyrir að geislaskotstöðin sem flytja þarf á braut út fyrir lofthjúpinn verði a.m.k 25 metra löng og vegi um 50 – 100 tonn. Þrátt fyrir það að hraðlatæknin sé nú á háu stigi í eðlisfræðirannsóknum á minnstu eindum efnisins, öreindunum, þá krefst vopnatæknin miklu meiri agnastraums samfara hárri orku, en áður hefur þekkst. Þessi tækni er hvað styst komin í þróun af þeim vopnum sem hér eru nefnd. Sovétmenn búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og hafa bandarískir vísindamenn sótt þangað talsverðan fróðleik.


Kjarnorkuver út í geiminn?

Ef efnaleysar eru sendir á braut umhverfis jörðu til þess að eyðileggja árásarflaugar Sovétmanna á lyftiskeiðinu, verður að reikna með að hver leysir þurfi að hafa um 100 megavatta afl. Ef slíkur leysir getur á 2 sekúndum eyðilagt flaug og miðað á þá næstu þá nær hann að eyðileggja 90 flaugar á þeim 180 sekúndum sem lyftiskeiðið varir. 16 slíka leysa þarf þá til að eyða 1400 flaugum og heildaraflið samsvarar um 1.6 gígavatti. Ef gert er ráð fyrir að leysarnir þurfi um 1 sekúndu til að eyða hverri flaug verður heildarorkuþörfin um 140 gígajoule. Flúorvetnisleysar munu þurfa a.m.k. 1 kg af eldsneyti fyrir hvert megajoule af orku sem þeir gefa frá sér, eða eitt tonn á hvert gígajoule. Til þess að eyða þessum 1400 flaugum þarf því 140 tonn af eldsneyti. Eins og fyrr var nefnt þarf líklega nokkur hundruð leysa á braut til þess að 16 séu örugglega í sjónmáli við flaugarnar á hverjum tíma. Miðað við 250 leysa þarf þá að flytja um 2300 tonn af eldsneyti á brautir umhverfis jörðu, sem er meira en 1.5 tonn á hverja flaug sem á að eyðileggja.

Geimferjur geta nú borið um 15 tonna farm í hverri ferð upp á þær brautir *sem hér er um rætt. Samkvæmt þessu* litla reikningsdæmi þarf því um 160 ferðir bara til að koma eldsneytinu fyrir. Síðan þarf að margfalda þessa tölu til þess að koma sjálfum vopnunum fyrir.

Ef við notuðum excimerleysi á jörðu niðri til þessarar varnar og reiknum með 6% raforkunýtni þarf um 26 gígavatta rafafl til að eyða 1400 flaugum. Til þess þurfa um 26 kjarnorkuver að standa reiðubúin fyrir hugsanlega 3ja mínútna notkun. Þessa tölu þarf að margfalda til þess að vinna gegn orkutapi á leið geislans um skýjaðan lofthjúp.

Orkuþörf vopnanna sem eru staðsett á jörðu niðri er samt ekki talin vera neitt vandamál því tæknin er þekkt og aðeins kostnaður því fylgjandi að bæta við



Langdræg kastflaug er um 30 mínútur á leiðinni frá skotpalli í Sovétríkjunum yfir að skotmarki í Bandaríkjunum. Fluginu má skipta í nokkur skeið, hvert með sitt einkenni:

Lyftiskeiðið er fyrsti hluti leiðarinnar. Flaugin rís þá fyrir eigin afli upp í gegnum lofthjúp jarðar með því að brenna eldsneyti í þremur þrepum. Þegar þriðja þrepið brennur út, hefur flaugin náð um 200 km hæð og heldur síðan áfram án vélarafls eftir kastbraut sinni. Lyftiskeiðið tekur um 3 mínútur fyrir nýjustu gerðir flauga eins og bandarísku MX–flaugina, og mætti hugsanlega stytta enn frekar.

Næsta skeið er **skiptiskeiðið**, sem tekur um fimm mínútur. Flestar kastflaugar eru svokallaðar fjöloddaflaugar, þannig að í nefi hverrar flaugar eru margar litlar flaugar, sem kallast kjarnaoddar og bera eina kjarnorkusprengju hver. Á skiptiskeiðinu losar flaugarnefið, sem kallað er „rúta", sig við hvern oddinn, „farþegann", á fætur öðrum. „Rútan" færir sig til með eigin hjálparvélum þannig að oddarnir fara hver á sína kastbraut og geta því stefnt að mismunandi skotmörkum. Hver flaug má ekki bera fleiri en tíu odda samkvæmt SALT II samkomulaginu frá 1979, sem stórveldin hafa haldið, þótt það hafi aldrei verið staðfest.

Þriðja skeiðið er **renniskeiðið**. Á þessu skeiði, sem tekur rúmlega 20 mínútur, renna allt að tíu oddar úr hverri flaug, sem skotið var upp, hver eftir sinni kastbraut að skotmarki sínu. Með oddunum mun að öllum líkindum fljúga mergð villuhluta og oddalíkja til að villa um fyrir vörninni.

Lokaskeiðið er það síðan kallað þegar oddurinn fellur niður í gegnum lofthjúpinn, en það tekur um 40 sekúndur. Á þeirri leið munu hinir léttari villuhlutir hægja á sér og brenna upp.

Lýsingin hér að ofan á einnig við um meðaldrægar kastflaugar og kastflaugar sem skotið er úr kafbátum. Þeim er hins vegar ætlað að fara skemmri vegalengd og fara því hvorki eins hátt og langdrægu flaugarnar né eru eins lengi á leiðinni.

nokkrum tugum eða hundruðum orkuvera. Orkuþörfin úti í geimnum er miklu erfiðari viðureignar. Fjölmörg rannsókna- og þróunarverkefni eru nú í gangi til þess að fá fram létta og öfluga aflgjafa. Stærsti aflgjafi sem nokkru sinni hefur verið sendur út í geiminn var röð af sóldrifnum rafhlöðum í Skylab stöðinni 1973, og gaf hann stöðugt 12 kílóvatta afl. Gervihnettir hersins nota nú um 10 kílóvatta afl og reiknað er með að aflgjafar þarfnist endurnýjunar 4. eða 5. hvert ár. Talið er að sólarrafhlöður geti aldrei annað aflþörfinni, þær yrðu of stórar og þungar. Kjarnorkuver virðast hins vegar vera ákjósanlegur kostur.

Orkuþörf geimvarnakerfisins má skipta í þrjá þætti:

- **Í hægagangi** hefur aflþörfin verið metin allt frá 100 kílóvöttum upp í 2

megavött eftir því hvernig kerfið er hannað.

- Fari kerfið í **viðbragðsstöðu** eykst aflþörfin upp í 2–20 megavött um óákveðinn tíma.
- Ef **til árásar** kemur verður aflþörfin tugir gigavatta um nokkurra mínútna skeið.

Vopnatæknin þarf einnig aðgang að háspenntu afli, 100 kílóvoltum, og háum straumstyrk, 1000–3000 amperum. Geimtæknin getur nú gefið um 10 ampera straum og 300 volta spennu. Orkunýtni á þyngd aflgjafa er í dag talin um 0.005 kílóvött á kg en samkvæmt óskum stjórnustriðsmanna er þörf á 3 kílóvöttum á kg. Það er því enn mjög langt í land að aflgjafatæknin geti annað kröfum geimvarnaáætlunarinnar.

um og þróunarstarfi vísindamanna í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum, segja þó árangur vera framar öllum vonum. Það má því telja líklegt að einhver þeirra vopna, sem eru á döfinni, verði að veruleika, enda er ekki verið að sækja á mið óþekktra náttúrulögmála, heldur einungis að þróa nýja tækni byggða á gömlum lögmálum, sem teygð eru til hins ítrasta.

Vopnin duga hins vegar skammt ef samhæfingin og stjórnunin er ekki í lagi og þar virðist kraftaverka þörf. Stjórnkerfinu, sem lýst er hér að framan, mun aldrei verða treystandi. Líklega munu flestir sem til þekkja gera sér grein fyrir þessu. Forystumenn geimvarnaáætlunarinnar láta sér m.a. um munn fara að kerfið geti þjónað tilgangi sínum þótt það verði aldrei öruggt, m.a. hafa gegnt forystuhlutverki á ýmsum sviðum vísinda og tækni svo sem áður var getið um agnageislatæknina. Það er því ekki ólíklegt að þeir standi Bandaríkjamönnum framar í þróun einstakra vopnagerða. Þeir munu hins vegar vera mörgum árum á eftir Bandaríkjamönnum í rafeinda- og tölvutækni. Geimvarnakerfi í líkingu við það, sem hér hefur verið lýst, á því væntanlega miklu lengra í land austan hafs en vestan.

Ekki er erfitt að líta á geimvarnakerfi Bandaríkjanna frá sjónarhóli Sovétmanna sem sóknarvopn frekar en varnarkerfi. Ef geimvarnakerfið dugar til einhvers, þá er það góður bakhjarl fyrir sóknaraðila, sem hyggst gera árás að fyrra bragði. Þótt kerfinu verði aldrei treystandi til að verjast allsherjarárás 1400 flauga eða fleiri, þá er vel hugsanlegt að það geti varist þeim flaugum, sem slyppu óskaddaðar úr fyrstu árásinni.

Sovétmenn hafa því mætt geimvarnaáætluninni með harðri andstöðu og ekki er líklegt að hún muni stuðla að afvopnun. Eina raunhæfa leiðin til afvopnunar er fækkun kjarnorkuvopna. Hvort kjarnorkustórveldið um sig getur auðveldlega tekið fyrsta skrefið án uggs um eigin hag, svo margföld er ógnin á báða bóga. Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er ekki skref til afvopnunar, heldur í þveröfuga átt. Vígbúnaðarkapphlaupið færist út í geiminn og búast má við að Sovétríkin fjölgi frekar kjarnorkuflaugum en fækki til þess að gera vörninni erfiðara um vik. Reagan dregur heldur ekki dul á það í ræðu sinni, sem fyrr var vitnað í, að halda þurfi kjarnorkufælingunni stöðugt við, endurnýja langdræga flaugar og bæta hefðbundinn vopnabúnað.

Kjarnorkuvopnakapphlaupið hefur nú staðið í fjóra áratugi. Geimvarnaáætlunin býður okkur upp á 30–40 ára áframhaldandi kapphlaup uns öllum þáttum kerfisins hefur verið komið fyrir. Mannleg ákvarðanataka er útilokuð til þess að viðbragð kerfisins verði nógu snöggt, ef boð berst um árás. Kerfið verður ennfremur morandi í villum, og því er ekki ólíklegt að einhvern tíma á þeim tíma sem um er rætt fari kerfið sjálfkrafa í gang á röngum forsendum og kalli yfir okkur ragnarök.

Áætlaður kostnaður vegna geimvarnaáætlunarinnar til 1990

Tölurnar eru milljónir dollara.

TÆKNISVIÐ	1985	1986	1987	1988	1989	1990	heild
Skynjun og gagnasöfnun	546	1386	1875	2538	3065	3614	13024
Orku- og agnageislatækni	376	966	1196	1435	1677	1903	7553
Árekstravopnatækni	256	860	1239	1480	1675	1975	7485
Kerfistækni og orustustjórnun	99	243	273	303	358	445	1721
Eyðingarmáttur lífslíkur og lykiltæknisvið	112	258	317	400	514	700	2301
Heildarupphæð	1397	3722	4908	6166	7300	8652	32012

Tölurnar eiga við verkefni á vegum varnarmálaráðuneytisins. Verkefni á vegum orkumálaráðuneytis eru ekki meðtalin. Tölur ársins 1985 eru raunverulegar fjárveitingar, tölur ársins 1986 eru tillögur, aðrar tölur eru áætlaðar. Í heildartölum eru innifaldar fjárveitingar til almennrar stjórnunar. Taflan er fengin úr heimild (1).

Vörn til sóknar

Hér að framan hefur verið greint frá meginatriðum þeirra hugmynda sem opinberar eru um geimvarnaáætlun Bandaríkjanna, öðru nafni stjörnustríðið. Það dylst trúlega engum hvílíkum kröfum þarf að mæta til þess að komast í námunda við að láta þær vonir rætast sem Reagan gaf bandarísku þjóðinni og bandamönnum hennar. Ennfremur er ljóst hvert regingap er frá stöðu tækninnar í dag yfir í raunverulegt varnarkerfi. Fréttir, sem nú berast af rannsóknmeð því að rugla Sovétmenn í ríminu svo að þeir viti aldrei hvaða flaugar muni komast í gegn. Ljóst er því að draumsýn Reagans um fullkomið öryggi Bandaríkjanna og bandamanna þeirra gegn kjarnorkuvopnum verður aldrei að veruleika.

Forystumenn geimvarnaáætlunarinnar segja oft að sovéskar geimvarnarannsóknir séu í fullum gangi og Sovétmenn standi Bandaríkjamönnum þar síst að baki. Því miður eru upplýsingar um stöðu mála í Sovétríkjunum af skornum skammti. Sovétmenn hafa lengi átt mjög hæfa vísindamenn og

Vísindin efla . . . ?

Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er fyrst um sinn aðeins rannsókna- og þróunarverkefni, í þeim tilgangi að meta

raunverulega möguleika geimvarnakerfis. Í töflunni hér á síðunni sést hvernig þeim milljörðum dollara sem áætlað er að verja í verkefnið er skipt á milli sviða og ára áður en taka á ákvörðun um uppsetningu kerfisins. Þessir peningar eru kærkomnir fyrir marga vísindamenn í háskólum og stofnunum sem sífellt eru á höttunum eftir fé til að sinna hugðarefnum sínum í hinni eilífu þekkingarleit. Ég hef heyrt vísindamenn segja sem svo að það skipti ekki máli hvort peningaflæðið frá opinberum aðilum er merkt geimvörnum eins og nú, eða orkutækni eins og var fyrir um áratugi, í kjölfar orkukreppunnar. Það er oft hægt að sveigja verkefnislýsingar og verkefnaval örlítið í átt að því sem forskriftin segir og fá fjárveitingar til grundvallarrannsókna án þess að hafa áhyggjur af því hvernig niðurstöðurnar eru síðan notaðar. Hins vegar fer þeim vísindamönnum fjölgandi, sem hafa lýst því opinberlega yfir að þeir muni aldrei taka við peningum, sem merktir eru geimvarnaáætluninni, vegna þess siðleysis sem felist í forsendum þessara fjárveitinga.

Fyrirtæki í hátækniiðnaði, svo sem geimtækni, tölvu- og rafeindatækni, sjá sér einnig leik á borði að ná góðum verkefnasamningum við Bandaríkjastjórn, og efla með því vöxt sinn og viðgang. Bandamönnum í NATÓ hefur ennfremur verið boðið að taka þátt í framgangi áætlunarinnar og hafa hátæknifyrirtæki í Evrópu mörg lýst yfir áhuga á að krækja í sinn hlut af heildinni. Þegar þetta er ritað hefur breska ríkisstjórnin þegar lýst sig reiðubúna og fréttir berast af því að vesturþýska ríkisstjórnin muni taka svipaða ákvörðun. Mitterrand, Frakklandsforseti hefur reynt að ná samstöðu meðal Vestur-Evrópuríkja um sameiginlegt átak í hátækniiðnaði án tengsla við vígbúnaðarþróun. Átakið, sem kallað er Eureka, er hugsað sem tilraun til þess að halda í við þá þróun sem á sér stað í bandarískum hátækniiðnaði vegna geimvarnaverkefnanna. Undirtektir annarra ríkja virðast vera dræmar og vafasamt hvað úr verður.

Það er oft fært geimvarnaáætluninni til framdráttar að hún hleypi af stað tækniframförum á öllum öðrum sviðum og færi þjóðfélaginu hátækni á silfurfati til friðsamlegra nota. Oft er m.a. í því sambandi bent á fordæmi geimferðaáætlunar Bandaríkjanna, sem náði hápunkti með fyrsta karlinum á tunglinu í lok sjöunda áratugarins. Það er vissulega rétt að ákafinn í rannsóknum og tækniþróun er hvað mestur á stríðstímum og í öðrum tilvikum, þegar unnið er að skammtímamarkmiði með svo til ótakmörkuðum fjárveitingum. Hitt gleymist oft, hve miklu hraðar þjóðir heimsins yrðu þessarar velferðar aðnjótandi, ef sömu fjárveitingar lægju á lausu eingöngu til almenningsheilla. Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er því ein sú ótrúlegasta sóun á hugviti og fjármagni, sem nokkurn tíma hefur átt sér stað.

Einnig má benda á að frjáls samskipti vísindamanna eiga við ramman reip að draga þegar rannsóknir tengdar hertækni eiga í hlut, jafnvel þótt um hreinar grundvallarrannsóknir sé að ræða. Mikilvægar vísindaniðurstöður eru geymdar á bak við lás og slá trúnaðarstimpilsins af ótta við óvininn. Bandarískir vísindamenn eru mjög uggandi yfir þeirri þróun sem fylgt hefur í kjölfar geimvarnaverkefnanna. Fundum og ráðstefnum, sem áður voru opnar öllum vísindamönnum, hefur verið lokað alveg eða að hluta fyrir erlendum gestum. Einnig eru uppi hugmyndir um að hleypa ekki erlendum stúdentum og vísindamönnum að vissum búnaði, svo sem hinum svokölluðu ofurtölvum. Það er því augljóst að frjálsri hugmyndaþróun vísindanna er þröngur stakkur skorinn með geimvarnaáætluninni.

Framtíðarvelferð íslensku þjóðarinnar mun í ríkum mæli byggjast á nýsköpun í iðnaði og þá sérstaklega á hátæknisviðum eins og líftækni, efnistækni og upplýsingatækni. Í því sambandi hefur verið nefnt að nýta megi hernaðarlegt mikilvægi landsins og veru erlends herliðs til þess að flytja inn hátækniþekkingu. Íslendingar gætu eflaust hagnast á því efnislega að byggja upp hátækniiðnað í samvinnu við erlenda aðila, með verkefnum sem tengjast geimvarnaáætluninni. Það er hins vegar von höfundar að þjóðin og kjörnir fulltrúar hennar á Alþingi og í ríkisstjórn beri gæfu til þess að byggja upp íslenska atvinnuvegi á siðferðilega traustari grundvelli en vígvélasmíði.

Heimildir

Stuðst var við eftirfarandi aðalheimildir:
(1) Star Wars, SDI: The Grand Experiment, greinaflokkur í tímaritinu IEEE Spectrum, sept. 1985.
(2) Directed Energy Missile Defense in Space, OTA background paper, eftir Ashton B. Carter, apríl 1984.
(3) The Arms Race and Arms Control, The Shorter SIPRI yearbook, Taylor & Francis, London 1984.

Dæmi um mannleg mistök

Það er eiginlega ófrávíkjanlegt lögmál að tölvuforrit innihalda villur, og séu þau stór getur verið erfitt að komast fyrir þær fyrr en þær gefa sig til kynna þegar síst skyldi. Þessar villur eru af mörgum toga, forritarinn getur misritað eða forritið verið byggt á röngum forsendum.

Í tímaritinu New Scientist 10. febrúar 1983 (s.353) er sagt frá eftirfarandi atviki úr stríði Breta og Argentínumanna um Falklandseyjar. Nokkrum breskum orrustuskipum var sökkt með argentínskum „Exocet"-flugskeytum. Skipin voru búin tölvustýrðum varnarbúnaði, sem haldið var að hefði ekki getað séð skeytin sem skriðu við yfirborð sjávar, og því ekki komið við vörnum. Nokkrum mánuðum seinna kom hins vegar í ljós að varnarbúnaðurinn hafði vissulega séð flugskeytin og stjórntölvan meira að segja talið þau réttilega vera af gerðinni „Exocet". Tölvan hafði hinsvegar tekið þá ákvörðun samkvæmt forriti sínu að „Exocet"-flugskeytin, sem eru frönsk að uppruna, væru vinveittar flaugar og því látið þau afskiptalaus.

Í tímaritinu Nature 27. júní 1985 (s.702) er greint frá því þegar leysigeisla var beint að speglum í glugga geimferjunnar Discovery frá fjallstindi á Hawaieyjum viku áður. Fyrsta tilraunin misheppnaðist þannig að leysigeislinn lenti á öfugri hlið ferjunnar. Villan var leiðrétt og allt tókst vel í annarri tilraun. Hver var þá villan? Opinber skýring er sú að stjórntölva um borð í ferjunni hafi óvart verið forrituð með enska málu sem lengdareiningu í stað sjómílu, eins og átti að vera.

Vonandi kemur geimvarnakerfið ekki til með að ruglast á fetum og metrum.

Úr *Þjóðlífi*, 1. árg., 1. tbl. des. 1985.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um stuðning við yfirlýsingu Alkirkjuráðsins um málefni Nikaragúa.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Haraldur Ólafsson.

Alþingi ályktar að styðja yfirlýsingu Alkirkjuráðsins í september 1986 um Nikaragúa og felur ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum þannig að koma megi í veg fyrir efnahagslega og hernaðarlega íhlutun gegn Nikaragúa.

Greinargerð.

Á fundi Alkirkjuráðsins, sem haldinn var í Reykjavík 15.–19. september 1986, var m.a. fjallað um málefni Nikaragúa og efnahagslega og hernaðarlega íhlutun Bandaríkjastjórnar gegn landinu. Alkirkjuráðið samþykkti af þessu tilefni þá yfirlýsingu sem birt er í íslenskri þýðingu hér á eftir.

Með samþykkt þingsályktunartillögunnar tekur Alþingi undir þessa yfirlýsingu og þá hvatningu Alkirkjuráðsins að ríkisstjórnir beiti áhrifum sínum til að binda enda á þessa íhlutun og í stað hennar komi aukin viðskipti og aðstoð við landið.

Fylgiskjal.

Yfirlýsing Alkirkjuráðsins um Nikaragúa.

Fullveldi Nikaragúa er í hættu. Gerðar hafa verið árásir á landið og ráðist gegn sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Reynt er að hindra að hún fái að ráða eigin örlögum. Fólkið má nú þola sársauka og þjáningar. Þjóðin hrópar á hjálp til að ná friði og réttlæti.

Blygðunarlausar tilraunir ríkisstjórnar Bandaríkjanna til að koma ríkisstjórn Nikaragúa á kné urðu öllum ljósar þegar Bandaríkjaþing samþykkti 100 milljóna dala aukafjárveitingu til svokallaðra kontra-skæruliða. Samþykkt þessi kemur í kjölfar þess að Bandaríkjastjórn neitaði að fallast á niðurstöðu Alþjóðadómstólsins um að stuðningur Bandaríkjanna við uppreisnaröflin í Nikaragúa væri brot á alþjóðalögum. Fjölmennir hópar Bandaríkjamanna, þar á meðal innan kirkjunnar, hafa lýst yfir andstöðu sinni gegn stefnu stjórnvalda varðandi Nikaragúa.

Í sambandi við nýafstaðna heimsókn stjórnarnefndar heilbrigðismáladeildarinnar til Nikaragúa og fund deildarinnar, er þar var haldinn og fjallaði um þátttöku kirkjunnar í þróunarstarfsemi, veittist fulltrúum Alkirkjuráðsins á ný tækifæri til að hlýða á rödd fólksins í Nikaragúa og heyra um árangur þess, sérstaklega á sviði menntamála og heilsugæslu, svo og um vandamál þjóðarinnar. Báðir aðilar lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að ítreka stuðning hinnar almennu kristnu kirkju við Nikaragúa á þessum miklu þrengingartímum. Enn fremur var skýrt frá áhrifum efnahagslegra refsiaðgerða og hernaðaríhlutunar Bandaríkjanna í Nikaragúa.

Í bréfi til kirkjunnar og kristinna manna í Bandaríkjunum, dags. 4. júlí 1986, segir baptistaráðstefnan í Nikaragúa svo um ályktun Bandaríkjaþings um stuðning við skæruliðana:

„Ráðstöfun þessi felur í sér að verja fé til að auka sársauka, dauða og eyðileggingu meðal þjóðar sem þegar þjáist mikið. En fyrir okkur er samþykkt þessi annað og meira en brot ríkisstjórnar Reagans á alþjóðalögum því hér ræðst myrkrið gegn birtunni, dauðinn gegn lífinu, valdið gegn rökhyggjunni og réttlætinu. Þrátt fyrir þetta boðar Biblían okkur að myrkrið geti ekki sigrað ljósið (Jóhannes 1:5).

Vegna viðskiptabannsins gegn Nikaragúa, gagnbyltingaraðgerða Hvíta hússins, svo og rógsherferðar og þrýstings sem beitt er gegn landi þessu, er orðið nær ólíft hér. Matarbirgðir eru nærri hættumörkum, nauðsynlegustu lyf vantar, samgöngur eru ótryggar, yfirvofandi skortur er á hráefnum og varahlutum og atvinna að dragast saman. Daglega gröfum við og grátum látið fólk, en sjúkdómar, næringarskortur og örvænting breiðist út meðal þjóðarinnar."

Framkvæmdanefndin

ítrekar stuðning sinn við þjóðina í Nikaragúa er leitast við „að velja sér stjórnarfar sem hæfir sögu hennar og siðmenningu, sjálfstæði, hlutleysisstefnu og fjölhyggju, svo og þá skipan efnahagsmála er kemur fátæklingum til góða" (miðnefndin í ágúst 1985).

Framkvæmdanefndin

skorar á aðildarkirkjurnar að hvetja ríkisstjórnir landa sinna til að beita áhrifum sínum þannig að koma megi í veg fyrir efnahagsleg afskipti af Nikaragúa og hernaðaríhlutun í landinu og að auka viðskipti og aðstoð við þjóðina. Enn fremur að halda áfram að minnast kirkjunnar í Nikaragúa í fyrirbænum og koma orðsendingum til hennar í tilefni friðarhátíðar og réttlætis sem haldin verður í Nikaragúa hinn 31. október 1986.

Einnig er skorað á aðildarkirkjurnar að styðja kirkjuna í Nikaragúa og skyld samtök.

Framkvæmdanefndin

styður heils hugar málstað kirkjunnar og kristinna manna í Bandaríkjunum — í anda sáttmálans er gerður var á sjötta þinginu við kristna menn í Mið-Ameríku — sem veita kirkjunni í Nikaragúa stuðning jafnt andlegan sem veraldlegan og vinna þannig gegn stefnu ríkisstjórnar sinnar.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um rétt launafólks til námsleyfa.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um rétt launafólks til námsleyfa. Í frumvarpinu verði miðað við að launafólk geti reglulega fengið rétt til námsleyfa vegna verkmenntunar, þjálfunar, almenns náms eða endurmenntunar. Í frumvarpinu skal einnig gera ráð fyrir stofnun sjóðs í þessu skyni til þess að standa undir kostnaði við námið sjálft og til þess að bæta upp launatap meðan á námsleyfi stendur.

Í nefndinni verði fulltrúar frá aðilum sem hlut eiga að máli, þar á meðal Menningar- og fræðslusambandi alþýðu fyrir hönd Alþýðusambands Íslands, BSRB og atvinnurekendum eða samtökum þeirra.

Greinargerð.

Hér er flutt tillaga um rétt launafólks til námsleyfa. Hér er um að ræða mál sem verkalýðssamtökin hafa þegar látið til sín taka eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjölum með greinargerð þessari. Skyld mál hafa áður verið flutt á Alþingi en hafa ekki náð fram að ganga.

Nokkur verkalýðsfélög hafa þegar tryggt félagsmönnum sínum rétt á borð við þann sem hér er gerð tillaga um. Í því sambandi má nefna Einingu á Akureyri, Rafiðnaðarsamband Íslands, starfsmenn í álverinu og rétt trúnaðarmanna til einnar viku leyfis á ári hverju. Þannig liggur þegar fyrir viðurkenning á þessari almennu þörf endurmenntunar og þjálfunar af hálfu atvinnurekenda ekki síður en launafólks.

Í tillögunni er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að eingöngu verði miðað við endurmenntun í viðkomandi grein heldur einnig almennt nám svo og félagslega þjálfun.

Í tillögunni er bent á nauðsyn þess að stofna sjóð til þess að standa undir kostnaði í þessu skyni. Það er óhjákvæmilegt vegna þess hve mörg fyrirtæki hér á landi eru smá í sniðum. Því verður ekki tryggður réttur fólks með því að ætla einstökum fyrirtækjum að ráða fram úr verkefninu. Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands er gert ráð fyrir því að slíkur sjóður verði fjármagnaður annars vegar með 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu atvinnurekenda og hins vegar með framlagi úr ríkissjóði er verði jafnhátt framlagi atvinnurekenda.

Tillagan var lögð fram til kynningar seint á síðasta þingi en er nú lögð fram snemma þannig að unnt verði að taka afstöðu til hennar fyrir lok þingsins í vor.

Með greinargerð þessari eru birt þrjú fylgiskjöl:

1. Samþykkt *sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands* um launað námsfrí frá 16. okt. 1985.
2. Útvarpserindi eftir *Tryggva Þór Aðalsteinsson* um fullorðinsfræðslu frá sjónarhóli launafólks, flutt 31. janúar 1986.
3. Starfsmenntun fullorðinna, erindi sem *Snorri S. Konráðsson* flutti á sambandsstjórnarfundi ASÍ 1983.

Fylgiskjal I.

Samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands um launað námsfrí frá 16. október 1985:

Drög að tillögu til stefnumótunar um launað námsfrí, sbr. samþykkt 35. þings ASÍ 1984.

Á 35. þingi ASÍ í nóvember 1984 var gerð eftirfarandi samþykkt:

„35. þing Alþýðusambands Íslands samþykkir að fela miðstjórn að kjósa þriggja manna nefnd sem gerir tillögu um stefnu ASÍ varðandi rétt verkafólks til að sækja námskeið og aðra fræðslu án skerðingar launa. Nefndin skal skila áliti til miðstjórnar eigi síðar en 1. október 1985."

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Á liðnum árum hefur þörf verkafólks fyrir fræðslu af ýmsu tagi aukist. Á það ekki síst við um fræðslu er snertir störf þess, auk fræðslu um réttindi þess, skyldur og félagsmál verkalýðssamtakanna. Ein hindrun þess, að fræðsla af þessu tagi geti verið jafn öflug og nauðsyn krefur, er að verkafólk á ekki rétt á því að hverfa frá vinnu vegna náms nema að

afar takmörkuðu leyti. Því síður getur fólk af fjárhagsástæðum leyft sér að hverfa frá vinnu kauplaust í þeim tilgangi að afla sér þekkingar og menntunar.

Á þessu er þörf breytinga þannig að réttindi launafólks í þessu sambandi verði tryggð. Í því efni er nauðsynlegt að kanna mörg atriði. Þar á meðal með hvaða hætti slík réttindi eru í öðrum löndum, hvort tengja skuli slík réttindi starfstíma fólks, hvort fræðslusjóður launafólks, sem myndaður verði með framlagi launafólks og atvinnurekenda, sé heppileg leið svo nokkur atriði séu nefnd sem nefndin athugi og móti tillögur um. Í slíkri stefnumótun þarf enn fremur að koma fram hvaða leiðir séu líklegastar til þess að settu marki í þessu efni verði náð.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum til miðstjórnar ASÍ eigi síðar en 1. október 1985. Þannig er unnt að taka tillögur nefndarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi sambandsstjórnar ASÍ fyrir árslok 1985."

Á fundi miðstjórnar 14. febrúar 1985 var síðan samþykkt að skipa þessi í nefndina: Tryggva Þór Aðalsteinsson, Kristínu Hjálmarsdóttur og Magnús Geirsson.

Nefndin hefur haldið fjóra fundi og leggur til við miðstjórn eftirfarandi drög að tillögu að stefnu ASÍ um rétt verkafólks til námsfrís án launataps:

1. Allir, sem starfað hafa í sömu starfsgrein í a.m.k. tvö ár og eru orðnir 18 ára, skulu eiga rétt á námsfríi allt að fjórar vikur á hverju tveggja ára tímabili.

   Ef námsfrí er tekið vegna starfsþjálfunar eða til félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka fellur niður fyrrgreint skilyrði um starfstíma.
2. Réttur til námsfrís nær til almennrar menntunar, starfsþjálfunar og endurmenntunar vegna starfs, svo og félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka, m.a. í þágu trúnaðarstarfa á vegum stéttarfélaga.
3. Tilkynna skal um töku námsfrís með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Þó ekki ef námsfrí er 40 stundir eða styttra, þá nægir einnar viku fyrirvari.
4. Starfsmenn, sem taka námsfrí, skulu halda áunnum réttindum sínum, enda skal námsfrí metið til jafns við vinnutíma.
5. Til greiðslu launataps skal settur á stofn fræðslusjóður launafólks. Tekjur sjóðsins eru:
   a. Framlag atvinnurekanda sem reiknast 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu hans sem eru í stéttarfélögum innan ASÍ.
   b. Framlag ríkissjóðs sem verði jafn hátt og framlag atvinnurekanda.
6. Um fræðslusjóð þarf að setja sérstakar reglur þar sem kveðið verði á um eftirfarandi atriði meðal annars:
   a. Stjórn sjóðsins (kveða þarf á um ótvíræð yfirráð verkalýðssamtakanna).
   b. Fyrirkomulag greiðslna í námsfríi.
   c. Skilgreina þarf nánar þá fræðslu (tegund námskeiða) sem sjóðurinn tekur til.
   d. Hvað sjóðurinn greiðir annað en vinnutap. Þar er m.a. átt við kostnað vegna námskeiða eins og kennslulaun, námsgögn, húsaleigu og stjórnun.
   e. Þátttökugjöld.

Þessi atriði, sem hér koma fram, er nauðsynlegt að ræða í miðstjórn og síðar í sambandsstjórn eins og tillagan frá 35. þinginu gerir ráð fyrir. Niðurstaða, sem fæst, verður grunnur kröfugerðar í þessu sambandi því hér er auðvitað um samningsmál að ræða við atvinnurekendur og jafnvel krefst það lagasetningar.

Kristín Hjálmarsdóttir, Magnús Geirsson,
Tryggvi Þór Aðalsteinsson.

Fylgiskjal II.

Tryggvi Þór Aðalsteinsson:

Fullorðinsfræðsla frá sjónarhóli launafólks.
(Útvarpserindi 31. janúar 1986.)

Þegar við leiðum hugann að menntun og skólagöngu kemur trúlega oftast í huga myndin af barnaskólanum eða framhaldsskólanum, þ.e. hinum hefðbundna skóla, þar sem við sækjum grunnmenntun og starfsmenntun sem börn og ungt fólk. Samkvæmt því lýkur skólagöngunni þegar ákveðnum áfanga er náð og daglega lífið á vinnustað og heimili tekur við. En svona er þetta ekki í raun því menntun okkar er ekki lokið við tiltekin próf frá skóla þó að vissum réttindum hafi verið náð. Í sífellt auknum mæli tekur fullorðið fólk þátt í fjölbreyttu fræðslustarfi og sest á skólabekk. Það er þátttakendur í fullorðinsfræðslu eins og við köllum venjulega einu nafni námskeið og námsbrautir sem sérstaklega eru skipulagðar við hæfi fullorðins fólks þar sem það stundar nám yfirleitt í frístundum.

Í þessu erindi ætla ég að ræða sérstaklega fullorðinsfræðslu frá sjónarhóli launafólks. Það er ljóst að hagsmunir launafólks í þessu efni eru bæði brýnir og að nokkru leyti sérstakir vegna vinnu þess og lífsafkomu. En við skulum fyrst líta á þá skilgreiningu sem algengust er þegar fullorðinsfræðsla er annars vegar og henni skipt í nokkra þætti.

Í fyrsta lagi **almenn menntun**, samanber menntun sem boðin er í grunnskólum og framhaldsskólum, en skipulögð við hæfi fullorðinna.

Í öðru lagi **starfsmenntun og endurmenntun** vegna starfa.

Í þriðja lagi **félagsleg menntun**, meðal annars vegna trúnaðarstarfa fólks í stéttarfélögum og öðrum félagssamtökum.

Og í fjórða lagi **frístundanám** þar sem fólk fæst við ýmislegt sem það hefur helst áhuga á að verja tómstundum sínum til. Algengt í því sambandi er að fólk stundi nám tengt handverki, listiðn og öðru skapandi starfi sem það fær ekki tækifæri til annars. Auðvitað getur þessi skipting skarast með ýmsu móti og nægir þar að nefna tungumálanám sem við teljum með almennri menntun á grunnskólastigi og í framhaldsskóla en fullorðið fólk nýtir frístundir sínar til.

Allir þessir þættir hafa vaxið mjög á síðustu árum. Hvað almennu menntunina varðar má minna á námsflokka sveitarfélaganna sem margir þekkja af eigin raun og hafa í stærri bæjum hér á landi starfað um langt skeið. Fyrst þegar svokallaðar öldungadeildir tóku til starfa við menntaskólana var það í tilraunaskyni en brátt kom í ljós að áhugi fólks var mikill og þörfin rík. Áhuginn reyndist jafnvel mun meiri en forráðamenn skólanna gerðu ráð fyrir og nú eru öldungadeildir fastur þáttur í starfi margra menntaskólanna og fjölbrautaskólanna. Skólar, þar sem fólk sækir starfsmenntun, hafa einnig aukið þennan þátt skólastarfsins. Þannig er með Verzlunarskóla Íslands, en nýlega kom fram í fréttum að í nýjum húsakynnum skólans í Reykjavík yrði einmitt sérstök áhersla lögð á eftirmenntun og starfsþjálfun fólks sem þegar starfar í verslun og viðskiptalífi eða hyggst starfa í þeim greinum. Þetta er einmitt gildi fullorðinsfræðslunnar í þjóðfélagi þar sem þróun í atvinnulífinu er ör og tæknibreytingar geta gjörbreytt hefðbundnum störfum og jafnvel heilum starfsgreinum. Þá verður fólk að fá tækifæri til að læra og kynnast nýjum störfum, aðlaga sig tækninni á þann hátt að breytingar verði til hagsbóta fyrir fólkið, létti störfin og bæti kjörin.

Það eru ekki aðeins skólarnir sem koma hér við sögu. Stofnanir á borð við Iðntæknistofnun Íslands og Fræðslumiðstöð iðnaðarins reka umfangsmikla fræðslustarfsemi í þágu atvinnulífsins. Félög eiga hér líka drjúgan þátt og í því sambandi má nefna Stjórnunarfélag Íslands. Þá eru reknir einkaskólar sem sinna menntun fullorðinna. Þeir eru helst áberandi í tungumálakennslu og nú síðari árin í tölvufræðslunni.

Þá er kominn nokkur skriður á undirbúning starfsfræðslu fyrir fiskverkunarfólk á vegum sjávarútvegsráðuneytisins með aðild Fiskvinnsluskólans, Verkamannasambandsins og samtaka atvinnurekenda.

Einnig má búast við að ófaglærðu starfsfólki í verksmiðjuiðnaði, svo sem fataiðnaði, gefist á næstu árum fleiri tækifæri til að sækja nám sem tengist störfum þess. Í nokkrum iðngreinum, t.d. rafiðnaði, hefur verið tekið með myndarlegum hætti á endurmenntunarmálum og starfsþjálfun þeirra sem í greinunum starfa. Allt eru þetta dæmi um að til eru þeir, í hinum ýmsu atvinnugreinum, sem gera sér grein fyrir gildi þess að þeir sem störfin vinna fái tækifæri til að fylgjast með og að námi er aldrei lokið fyrir fullt og allt heldur er það eðlilegur þáttur atvinnulífsins. Hvað félagslega menntun varðar og fræðslustarf tengt stéttarfélögum má minna á að allt frá stofnun stéttarfélaga hér á landi hefur það verið einn þátturinn í starfi þeirra að gefa félagsmönnum kost á fræðslu, einkum fræðslu sem tengist starfinu í stéttarfélögunum og þeim margháttuðu réttindum sem stéttarfélögin hafa tryggt félagsmönnum sínum með samningum og réttindum sem hafa verið lögfest.

Þó starf að félagsmálum lærist með þátttökunni í gegnum árin er engu að síður margt á því sviði sem öðrum sem nauðsynlegt er að þekkja og kunna sem hægt er að læra á námskeiði í sínu eigin félagi hvort sem það er nú stéttarfélag, kvenfélag eða áhugamannafélag einhvers konar. Mörgum er það líka léttara að sækja fræðslu á meðal félaga sinna á vettvangi síns félags en í hefðbundnum skóla. Þess vegna m.a. er starf félagasamtaka og fræðsla á þeirra vegum mikilvægur hlekkur í fullorðinsfræðslunni allri sem ekki skal vanmetinn.

Fristundanámið er hægt að stunda víða eins og áður var getið. Í skólum, hjá stofnunum, félagssamtökum eða beinlínis hjá þeim aðilum sem eingöngu helga sig slíkri fræðslustarfsemi ætlaðri fullorðnum. Hér er nærtækast að nefna Tómstundaskólann sem starfar nú á sínu öðru starfsári í Reykjavík og Menningar- og fræðslusamband alþýðu á aðild að. Mikil þátttaka í námskeiðum skólans sannar enn þá þörf og þann huga sem er fyrir hendi. Ekki megum við gleyma Bréfaskólanum sem nokkur félagasamtök standa að en Samband íslenskra samvinnufélaga stofnaði fyrir nærri hálfri öld. Með bréfanámi, sem margir stunda, er opin leið fyrir þá sem annars eiga ekki tækifæri til að stunda nám, svo sem þá sem búa fjarri borg og bæjum. Hins vegar eru ónýttir að mestu möguleikar útvarps og sjónvarps í þágu fræðslu fullorðinna þar sem til að mynda er tengt saman heimanám með kostum bréfanáms og námskeið þar sem fólkið hittist og lærir.

Í Bretlandi er víðfrægur svo kallaður *opinn háskóli* sem athygli Íslendinga hefur beinst að í auknum mæli síðustu ár. En hann er einmitt dæmi um fullorðinsfræðslu þar sem tekist hefur að nýta ólíkar aðferðir við námið og gegnir útvarp og sjónvarp þar veigamiklu hlutverki.

Fullorðinsfræðsla er afar mikilvæg með tilliti til hagsmuna kvenna og í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Heimavinnandi húsmæður, bæði hér á landi og annars staðar, hafa getað nýtt sér fullorðinsfræðslu, t.d. þegar þær hafa sótt út á vinnumarkaðinn á ný eftir dvöl heima vegna barnauppeldis og heimilisstarfa. En þetta þarf að vera enn markvissara svo fleiri konur nýti sér þá möguleika sem námskeið og skólar gefa. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar það blasir við að konur hafa oft þurft að hverfa frá hálfkláruðu námi eða hafa af einhverjum ástæðum ekki aflað sér starfsmenntunar fyrr á ævinni.

Með stofnun Menningar- og fræðslusambands alþýðu 1969 steig verkalýðshreyfingin ákveðið skref í fræðslustarfi sínu og fullyrða má að starf MFA, sem er fræðslu- og menningarstofnun Alþýðusambands Íslands, sé einn mikilvægasti þátturinn í starfi verkalýðssamtakanna hér á landi. Um það vitnar fjöldi námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum og aðra félagsmenn stéttarfélaganna víða um land, Félgsmálaskóli alþýðu í Ölfusborgum, Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar, útgáfa fræðslurita og menningardagskrár á vinnustöðum og samkomum stéttarfélaganna sem eru allt þættir í starfi Menningar- og fræðslusambandsins. Þetta er líka fullorðinsfræðsla því fullorðinsfræðsla er meira en að sitja á skólabekk, hún er líka þátttaka í félagslegu starfi þar sem fólk fær tækifæri til að fræðast og hafa áhrif.

Þó ég hafi hér aðeins nefnt nokkra þá aðila sem hafa fullorðinsfræðslu á sínum vegum er ljóst að í landinu er umfangsmikil fullorðinsfræðsla. Fullorðinsfræðsla sem hefur sprottið af þörf fólks til að afla sér menntunar og nálgast fræðslu sér til gagns og ekki síður ánægju. Þetta hefur allt gerst án samræmdrar stefnu stjórnvalda því ekki eru til lög í landinu um fullorðinsfræðslu.

Það er dálítið merkilegt í ljósi þess að talið hefur verið nauðsynlegt að setja lög um þá menntun sem í boði er í landinu og jafnvel um einstaka skóla. En um fullorðinsfræðslu gilda sem sagt ekki lög. Í nágrannalöndum okkar er löggjöf um þetta efni sem hefur það að markmiði að styðja og stuðla að möguleikum fullorðinna til að stunda nám af ýmsu tagi. Í þeim felst því stefna stjórnvalda og grundvöllur mikillar fræðslu sem er skipulögð fyrir fullorðna.

Þrisvar sinnum á síðustu 10 árum hafa verið samin frumvörp hér á landi um fullorðinsfræðslu. Skipaðar hafa verið nefndir af menntamálaráðherra í þessu skyni sem hafa unnið að mörgu leyti gagnmerkar tillögur. Frumvörp um fullorðinsfræðslu hafa verið lögð fram á Alþingi, en varla rædd, svo skoðun þingmanna á málinu er óljós. Það er hins vegar mikilvægt að við slíka lagasetningu verði tekið tillit til þess veruleika að umfangsmikil fullorðinsfræðsla er til staðar sem felur í sér alla þá þætti sem ég rakti áðan. Skólum og opinberum aðilum má ekki einum ætla það hlutverk að mæta þörfinni fyrir fullorðinsfræðslu, heldur verði gert ráð fyrir að samtök og félög, sem hafa slíka fræðslu á stefnuskrá sinni, gegni hér stóru hlutverki. Vonandi líða ekki mörg ár áður en lög um fullorðinsfræðslu verða að veruleika og stjórnvöld tryggi þannig æskilega þróun og stuðning við menntun fullorðinna.

En hver er skoðun verkalýðssamtakanna varðandi fullorðinsfræðslu og menntamál. Í stefnuyfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, en hún hefur að geyma stefnu ASÍ í mörgum veigamiklum málum, segir m.a.:

„Nútímaþjóðfélag gerir kröfur til þess að fólk geti notið menntunar alla starfsævi sína. Af því leiðir að fullorðið fólk þarfnast og á kröfu á að hafa sömu menntunartækifæri sem fólk á unga aldri. Sérstaklega er fullorðinsfræðsla rík nauðsyn þeim sem í æsku hlutu takmarkaða fræðslu og ófullkomna starfsmenntun.

Þjóðfélaginu ber að gera stórátak til þess að gefa öllu verkafólki aðgang að grunnmenntun, framhaldsmenntun og endurmenntun til nýrra starfa sem það kann að þarfnast.

Tryggja verður verkafólki fullnægjandi tekjur meðan á endurmenntun og/eða nýþjálfun þess stendur.

Verkalýðshreyfingunni ber fyrir sitt leyti að stórauka átak sitt til að mennta og þjálfa félaga sína og trúnaðarmenn með sérstöku tilliti til lýðræðis í atvinnulífinu og einnig í þeim tilgangi að geta rækt mikilvægt almennt hlutverk sitt í atvinnulífinu.

Afskipti verkalýðshreyfingarinnar í menntunarmálum miða að því að skapa verkafólki aukið öryggi í atvinnulífinu og bæta lífskjör þess, en einnig að því að fullnægja þörfum

þjóðfélagsins fyrir vel menntað vinnuafl. En verkalýðshreyfingin lítur einnig á aukna menntun sem leið til aukins mannlegs frjálsræðis. Ef takast á að veita fjöldanum slíkt aukið frjálsræði verður menntunarkerfið í heild að verða sveigjanlegra, óþarfar aðgreiningar milli mismunandi tegunda skóla og kröfur um sérstök prófskírteini verða að hverfa, þannig að aðgangur að öllum skólum og hreyfingar skóla í milli verði auðveldari. Aðgangur að menntaskólum og háskóla verði víðtækari en nú er og sú einangrun, sem þessir skólar nú eru í, verði rofin. Kennsla í almennum skólum, iðnskólum, menntaskólum og háskóla þarf að veita víðtæka þekkingu á stofnunum atvinnulífsins og starfsemi þeirra. Námsskrár í þessum greinum ber að vinna í nánu samstarfi við samtök verkafólks.

Jafnréttiskröfur verkalýðshreyfingarinnar eru í fullu gildi í menningarmálum. Þess vegna stefnir framtak hennar í þeim málum að því að afnema stéttamismun og hindra að nýr stéttamismunur skapist milli þeirra sem vinna líkamleg störf og hinna sem andlega vinnu stunda."

Já, þetta var úr stefnuyfirlýsingu Alþýðusambandsins. Og hvað er það svo sem leggja ber áherslu á til þess að slíkum markmiðum verði náð, sérstaklega að því er varðar fullorðinsfræðslu. Við skulum líta á nokkur atriði:

Í fyrsta lagi skipta almenn lífskjör, svo sem laun og vinnutími, afar miklu máli, þegar um það er að ræða að eiga þess kost að afla sér menntunar eftir að komið er út í lífsbaráttuna. Það gefur auga leið að lítil laun, langur vinnutími og almennt rýr kjör, sem er hlutskipti margra, er beinlínis hindrun í vegi þess sem vill læra. Þess vegna er barátta verkalýðssamtakanna fyrir bættum lífskjörum, þar með styttri vinnutíma, um leið barátta fyrir rétti launafólks til náms.

Í öðru lagi má sú fræðsla, sem launafólki stendur til boða á hverjum tíma, ekki kosta svo mikið í formi námsgjalda að það verði hindrun þess að fólk nýti sér rétt sinn til náms.

Í þessu sambandi, og reyndar í sambandi við fullorðinsfræðslu yfirleitt, er oft minnt á þá staðreynd að þau verðmæti, sem skapast með vinnunni, eru undirstaða þeirrar velferðar sem við búum við. Og þá um leið undirstaða skólakerfisins sem að meginhluta er, og á að vera, þáttur í sameiginlegum rekstri þjóðfélagsins. Í því ljósi er það réttlætismál að launafólkið sjálft njóti hluta þess fjár sem varið er til menntamála. Kostnað við þá fræðslu, sem launafólki er ætluð, ber því að greiða að verulegu leyti af opinberu fé.

Í fjórða lagi ber að leggja áherslu á rétt fólks til að hverfa frá vinnu um lengri eða skemmri tíma til þess að afla sér þekkingar og fræðslu. Og ekki aðeins rétt til fris í þessu skyni heldur launaðs námsfris. Við skulum skoða það örlítið nánar. Það er viðurkennd staðreynd að ein forsenda þess, að öflug fullorðinsfræðsla verði eðlilegur hluti af menntakerfi þjóðar, er réttur fólks til að hverfa frá vinnu í þeim tilgangi að setjast á skólabekk, fara á námskeið eða stunda nám með öðrum hætti. Þetta gildir sérstaklega um starfsþjálfun en einnig um almenna menntun, félagslega menntun og jafnvel fristundanámið.

Fullorðinsfræðslukerfi, sem styðst eingöngu við fristundir fólks, verður aldrei nema brot af því sem það annars gæti verið, búi fólk við samningsbundinn eða lögfestan rétt til að nýta sér þá menntun sem í boði er. Þeir, sem hafa hug á að skipuleggja nám við hæfi fullorðinna, munu auðvitað aðlaga námið þeim rétti sem þátttakendurnir hafa. Alþýðusamband Íslands hefur markað sér stefnu í þessu efni. Það hefur ekki farið hátt en er engu að síður athyglisvert vegna þess að þar er stigið fyrsta skrefið til að tryggja launafólki almennan rétt til launaðs námsfris. Um þetta er vissulega nauðsynlegt að semja við atvinnurekendur eins og flest önnur hagsmunamál vinnandi fólks og jafnvel þarf að setja lög um slíkan rétt. En helstu atriðin í stefnu Alþýðusambandsins eru þessi:

Allir, sem starfað hafa í sömu starfsgrein, í a.m.k. tvö ár og eru orðnir 18 ára, skulu eiga rétt á námsfríi í allt að fjórar vikur á hverju tveggja ára tímabili. Ef námsfrí er tekið vegna starfsþjálfunar eða til félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka fellur niður skilyrðið um starfstíma. Réttur til námsfrís skal ná til almennrar menntunar, starfsþjálfunar og endurmenntunar vegna starfa, svo og félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka, m.a. í þágu trúnaðarstarfa á vegum stéttarfélaga.

Þá er mörkuð stefna varðandi fyrirvara um töku námsfrís og um að fólk haldi áunnum réttindum. Þá er gert ráð fyrir því í stefnu Alþýðusambandsins um launað námsfrí að stofnaður verði fræðslusjóður launafólks. Tekjur sjóðsins komi bæði frá atvinnurekendum og ríkissjóði og síðan gildi ákveðnar reglur um greiðslur úr sjóðnum. Þar er gert ráð fyrir að sjóðurinn beri kostnað við launatap þeirra sem hverfa frá vinnu vegna náms. Einnig að sjóðurinn greiði hluta þess kostnaðar, sem er við námskeiðahald og aðra fræðslu, sem launafólki er ætluð, á móti þátttakendagjöldum þeirra sem námið stunda hvort sem það er greitt af þeim sjálfum, fyrirtækjunum eða enn öðrum.

Rétturinn til launaðs námsfrís er afar mikilvægur. Í ljósi þess sem áður segir um vaxandi fullorðinsfræðslu á tímum örra breytinga, jafnt í atvinnulífinu sem öðrum þáttum þjóðfélagsins, getur slíkur réttur skipt sköpum um jafnræði milli þeirra sem hafa af einhverjum ástæðum skamma skólagöngu að baki og hinna sem hlotið hafa lengri menntun.

Alþjóðavinnumálastofnunin, sem Ísland á aðild að ásamt flestum ríkjum heims, gerði samþykkt um þetta efni árið 1974. Þar er því slegið föstu að ríkisstjórnir aðildarríkjanna skuli gera ráðstafanir sem tryggja launafólki rétt til launaðs námsfrís. Í samþykktinni er fjallað ítarlega um einstök atriði og gengið út frá því að rétturinn nái til fræðslu vegna atvinnu manna, almennrar fræðslu um samfélagsleg efni og verkalýðsmálafræðslu.

Ekki hefur bólað á þessu máli á Alþingi fyrir tilstilli ríkisstjórna og lítil von til þess héðan af. Því er rétt að gera ráð fyrir að rétturinn verði sóttur í samningum verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Rétturinn til launaðs námsfrís hefur verið til umfjöllunar meðal nágranna okkar, t.d. Dana og í danska þinginu hafa jafnaðarmenn lagt fram tillögur í þessu efni. Kjarni þeirra er að launað námsfrí tryggi launafólki raunhæfa möguleika til að taka þátt í fullorðinsfræðslu í vinnutíma með því markmiði að auka möguleika hvers og eins til að hafa áhrif á sitt daglega líf og einnig þjóðfélagið, um leið og það verði hverjum einstaklingi til gagns.

Þegar ný réttindi, sem ekki hafa náð fram að ganga, ber fyrst á góma, þykir vafalaust mörgum vera um fjarlægan draum að ræða eða jafnvel fjarstæðu. Þannig hefur verið með margt af því sem við teljum nú sjálfsögð lýðréttindi, en kostaði þrautseigju og baráttu að ná fram. Nægir í því sambandi að nefna almannatryggingar, lög og orlof og rétt til fæðingarorlofs sem er aðeins fárra ára gamall sem almennur réttur. Ekki skal fullyrt að það muni taka ár og áratugi að ná fram rétti fólks til að stunda nám án fjárhagslegra áfalla. Við skulum þvert á móti vona að ekki líði langur tími þangað til það þykir bæði eðlilegt og sjálfsagt að vinnandi fólk í öllum störfum stundi nám jafnhliða vinnu sinni þegar það þarf á því að halda og það langar til.

Fylgiskjal III.

Snorri S. Konráðsson:

Starfsmenntun fullorðinna.

Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ASÍ er ákveðin lína lögð í fræðslumálum verkafólks. Nauðsynlegt framhald af samþykktri stefnuskrá er umræða og tillögugerð um alla þætti í menntuninni og hvernig á að starfa að framgangi fræðslunnar.

Margar röksemdir koma fram í stefnuyfirlýsingunni varðandi nauðsyn á stóraukinni starfsmenntun fullorðinna. Stefnuyfirlýsingin er nánari skilgreining á markmiðum sambandsins „til að bæta kjör verkafólks og samræma hagsmuni þess í efnahagslegu, félags- og menningarlegu tilliti og verja réttindi félagsmanna sinna á öllum sviðum þjóðfélagsins og vinna að auknum réttindum þeim til handa".

Í eftirfarandi tilvitnunum í stefnuyfirlýsingunni kemur þetta fram.

Þegar Alþýðusamband Íslands bendir á þörf í stefnuyfirlýsingu sinni, segir það um leið hvað heildarsamtök íslenskrar alþýðu vilji og hvaða skyldur þau hafi.

Í kafla stefnuyfirlýsingarinnar um vald og ábyrgð segir m.a.:

„Lýðræði í atvinnulífinu, í fyrirtækjum og á vinnustað er jafnframt skilyrði fyrir hraðari þróun atvinnuveganna, sem er þjóðfélagsleg nauðsyn, ef þjóðin á að halda sér efnalega til jafns við aðrar þjóðir, því raunveruleg áhrif, völd og ábyrgð verkafólksins geta ein leyst úr læðingi þá miklu hæfileika sem það býr yfir í krafti þekkingar sinnar og atgervis til þess að auka og bæta framleiðslu og efla atvinnuvegina og atvinnulífið."

Enginn er fær um að hraða þróun atvinnuveganna án þekkingar og stöðugrar verkmenntunar. Völd og ábyrgð verkafólks á vinnustöðum haldast í hendur við þekkingu þess.

Starfsmenntun hefur mikið gildi til að eftirfarandi markmiðum í kaflanum „Frelsi, jöfnuður og réttlæti" verði náð.

„Baráttuna fyrir jöfnuði og réttlæti og gegn forréttindum einstakra hópa verður að heyja á öllum sviðum. Í atvinnulífinu verður mismunun í launum, vinnutíma og félagslegum efnum að hverfa. Snúast ber gegn öllum tilraunum og tilhneigingum til að auka launamismun með auknu átaki fyrir tekju- og eignajöfnun. Verkalýðshreyfingin mun halda áfram að efla baráttuna fyrir alhliða jafnrétti kvenna og karla jafnt í atvinnulífinu sem á öðrum sviðum þjóðlífsins."

Eitt stærsta skrefið til betri launakjara kvenna er fólgið í aukinni starfsmenntun.

„Formlega hefur verið komið á jöfnum launum kvenna og karla, en í raunveruleikanum er langt frá því að því marki sé náð. Þetta stafar m.a. af því, að konur ráðast fremur í störf, sem samkvæmt hefðum eru verr launuð en önnur, oft vegna ófullnægjandi menntunar og stundum vegna skemmri starfstíma. Verkalýðshreyfingunni ber að herða mjög baráttuna fyrir raunverulegum jöfnuði milli kvenna og karla, bæði í launakjörum og að því er varðar atvinnumöguleika."

Þessi tilvitnun er úr kaflanum „Launakerfi — launajöfnuður."

Atvinnuöryggi og starfsmenntun eru atriði sem horfa þarf til og í kaflanum „Atvinnuöryggi" kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Augljóst er að vaxandi iðnaður í landinu kallar á lausn ýmissa vandamála, sem fylgja breytingum í atvinnuháttum. Á æ fleiri verksviðum leysa vélar og tæknibúnaður mannaflið

af hólmi. Ýmsar starfsgreinar og handverk hverfa úr sögunni og nýjar greinar skapast. Hagræðing og ný tækni leiða til þess að mannaflafækkun verður í mörgum greinum og að fjöldi verkafólks hlýtur að hverfa að nýjum störfum. Af þessu skapast vandamál, ekki síst fyrir verkafólk af eldri kynslóðinni, vandamál sem forgangsrétt eiga á að leyst séu."

Að sjálfsögðu er fjallað beint um starfsmenntunina í stefnuyfirlýsingunni og í kaflanum „Menntun — undirstaða atvinnufrelsis og öryggis" segir m.a.:

„Verkmenntun, sem er ein af aðalundirstöðum framfara og möguleika verkafólks til bættra lífskjara, verður að efla. Í stjórn þeirrar fræðslu verði fulltrúar viðkomandi verkalýðsfélaga eða landssambanda. Þeir sem velja sér verklegar námsbrautir eiga allan rétt á sömu fjárhagslegri aðstoð og þeir sem önnur svið velja.

Afskipti verkalýðshreyfingarinnar í menntunarmálum miða að því, að skapa verkafólki aukið öryggi í atvinnulífinu og bæta lífskjör þess, en einnig að því að fullnægja þörfum þjóðfélagsins fyrir vel menntað vinnuafl. En verkalýðshreyfingin lítur einnig á aukna menntun sem leið til aukins mannlegs frjálsræðis.

Tryggja verður verkafólki fullnægjandi tekjur meðan á endurmenntun og/eða nýþjálfun þess stendur."

Í kaflanum „Fullnægjandi tryggingar — auknar frístundir" er vikið að þörfum eldra fólks.

„Eldra verkafólk á við vaxandi vandamál að etja í atvinnulífinu. Kröfur um vinnuhraða, tæknilegar breytingar og þörf á endurmenntun koma hér m.a. til."

„Atvinnutækifæri og valfrelsi", hvar kemur starfsmenntun fullorðinna til góða þar?

„Vinna að þjóðfélagsskipan, sem býður verkafólki fjölbreytileg atvinnutækifæri, atvinnuöryggi, frístundir og menningarstarfsemi, góð híbýli og umhverfi."

Verkalýðshreyfingin vill tryggja verkafólki öryggi vegna sífelldra breytinga í atvinnulífinu. Í kaflanum „Öryggi á tímum breytinga" segir m.a.:

„Atvinnulíf þjóðarinnar tekur stöðugum breytingum og líklegt er að þær verði á næstu árum og áratugum mjög örar. Sé þessum breytingum ekki mætt með virkum aðgerðum, leiða þær af sér öryggisleysi fyrir verkafólk. Verkalýðshreyfingin vill því með virku starfi beita sér fyrir fullnægjandi ráðstöfunum til þess að mæta afleiðingum breytinganna og skapa afkomuöryggi þrátt fyrir þær. Takmarkið er að tryggja öllum atvinnu og að vinna að því að sem flestir fái gegnum breytingar atvinnuhátta betur launuð og ánægjulegri störf. Í þessu sambandi er eitt hið mikilvægasta að tryggja rétt verkafólks til fullrar atvinnu og til að njóta fjárhagsstuðnings, leiðbeininga og launa í millibilsástandi, svo sem vegna starfsmenntunar, flutninga og biðtíma, þegar það verður að skipta um störf."

Á þessum stuttu inngripum í stefnuyfirlýsingu ASÍ má sjá, að margvíslegar ástæður liggja að baki áhuga verkalýðshreyfingarinnar á starfsmenntun fullorðins fólks.

Vitaskuld er ekki síður ástæða til afskipta af verkmenntun og starfsfræðslu yngra fólks og hefðbundinni skólafræðslu, en það er ekki viðfangsefnið hér.

Aukin þekking — fleiri möguleikar.

Ýmsir gera sér ljósa grein fyrir samhenginu milli menntunar og margháttaðra möguleika sem hún leiðir af sér og því sem nægir þeim til að hefja nám. En þegar menn velta þessum málum fyrir sér geta atriði komið í hugann:

1. Ég vil skipta um atvinnu og ein forsenda þess er öflun þekkingar á nýju sviði.
2. Ef ég vil fylgjast með og standast samkeppni í atvinnugrein minni er nauðsynlegt að sækja upprifjunar- og starfsmenntunarnámskeið.
3. Launa- og stéttamunur milli þeirra langskólagengnu og hinna sem stutta skólagöngu hafa eykst stöðugt.

4. Ég vil rífa mig upp úr gamla farinu sem óvirkur, vanafastur og frumkvæðislaus maður og hætta að bera óttablandna virðingu fyrir menntastofnunum.
5. Heimurinn, sem ég lifi og hrærist í, er of lítill og leið til úrbóta er fær með starfsmenntun ef viljann skortir ekki.
6. Það er tímabært að hefja nám þar sem frá var horfið og læra það er hugurinn girnist.
7. Ein leið til jafnaðar milli karla og kvenna er aukin menntun kvenna sem getur leitt af sér aukið sjálfstæði þeirra og sjálfstraust.

Það er alls ekki nóg að hver og einn í sínu horni ákveði að taka þátt í fræðslustarfi. Val verður að vera til milli mismunandi námsefnis. Það verður að leggja áherslu á slíkt.

Stefnumótun verkalýðshreyfingar.

Nauðsynlegt er fyrir verkalýðshreyfinguna að skilgreina nánar en gert er í stefnuyfirlýsingunni hvaða leiðir á að fara í starfsfræðslunni hvernig stöðugt á að fylgjast með nýjungum í starfsgreinum og líta eftir að starfsmenntun sé sinnt af alúð. Standa verður vel á verði svo menn einbeiti sér og vinni að sem mestu framboði á starfsmenntun en verði ekki eingöngu uppteknir af umræðunni um hvaða stofnun eigi að veita fræðsluna. Samstarf við fræðsluyfirvöld og skóla verður að vera gott. Gæta verður þess að þörf verkafólksins og atvinnulífsins fyrir starfsmenntun af öllum toga er sífellt að taka breytingum. Áherslur og mikilvægi breytast. Sýna þarf sveiganleika og viðbragðsflýti í stefnumótuninni svo hægt verði að mæta nýjum og breyttum þörfum á sem skemmstum tíma.

Alveg eins og læknar þurfa stöðugt að sækja aukna starfsfræðslu — símenntun til að fylgjast með í starfsgrein sinni þurfa verkamennirnir þess.

Jafnframt því sem Alþýðusambandið verður að örva frumkvæði verkalýðsfélaga og sambanda til þátttöku í starfsfræðslunni, ber Alþýðusambandinu sjálfu að beita sér á vettvangi starfsmenntunar. Starfsfræðsla má ekki falla niður vegna skorts á frumkvæði verkalýðsfélaganna. Hins vegar er nauðsynlegt að hvert og eitt verkalýðsfélag taki að hluta þátt í starfsmenntuninni vegna tengsla sinna við atvinnustaðina en þar eiga þau að beita sér og örva félagsmenn sína til þátttöku. Jafnframt þurfa félögin að koma fram með óskir félagsmanna sinna um fræðsluefni.

Algeng viðhorf til starfsmenntunar fullorðins fólks eru þannig að hún sé fyrir þá sem þegar hafa hlotið einhverja grunnmenntun á því sviði. En starfsmenntun er ekki einkamál þeirra sem þegar hafa hlotið nokkra. Starfsmenntun er brýnust fyrir þá sem enga slíka menntun hafa og í ljósi þeirrar staðreyndar ber verkalýðsfélögum og samtökum þeirra að vinna.

Aukin fræðsla — betri kjör.

Flestir eru sammála um að aukin menntun hafi beint og óbeint í för með sér betri kjör. Það geta verið betri laun, vinnutími, ánægjulegri og meira skapandi vinna og þannig mætti lengi telja. Hins vegar er ekki sjálfgefið að aukin starfsmenntun leiði af sér betri kjör í víðum skilningi þess orðs.

Verkamanni í verksmiðju er kennt á tiltekna vél sem notuð er í færibandakeðju til framleiðslu á einhverjum hlut. Í hverju betri kjör þessa verkamanns gætu legið mun e.t.v. sjást í kjarasamningi hans. En verkamaðurinn kann ekki á vélarnar sem eru sitt hvoru megin við hann og ef hann hefði hug á að skipta um vinnu og hefja störf á nýjum vinnustað er hann í engu betur settur en áður. Þó hann hafi lært á eina vél kann hann ekki á aðrar og nám hans nýtist ekki við nýjar aðstæður.

Aukin fræðsla — betri kjör — frjálsara mannlíf eru atriði sem verkalýðshreyfingunni ber að hafa í huga m.a. þegar hún mótar viðhorf sín til starfsmenntunar og vinnur að henni.

Aukin sérhæfing.

Tæknivætt atvinnulíf leiðir af sér aukna sérhæfingu starfsmanna, aukin afköst, einhæfari vinnu og minni innbyrðis samskipti starfsmanna. Hvað varðar starfsmenntunina þarfnast tæknivætt atvinnulíf færri starfsmanna með meiri þekkingu en áður var, en fjöldi starfsmanna með lágmarksmenntun vex aftur á móti.

Verkalýðshreyfingin má aldrei sætta sig við að fólk fái einungis tækifæri til starfsmenntunar sem rétt nægir til núverandi starfs þess.

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram í löndum, sem atvinnuleysið hrjáir, til hvers eigi að veita atvinnuleysingjum fræðslu þegar þeir fá hvort sem er enga vinnu. Því hefur verið svarað á þá leið að betra sé að vera menntaður atvinnuleysingi en ómenntaður. Fjöldi atvinnumöguleika eru í beinum tengslum við menntun.

Einhverjum kann að finnast sem svo að lítið sé hægt að sporna á móti þegar eldra fólk aðlagast ekki nýjum starfsaðferðum. Það er erfitt fyrir gamalt fólk, sem nánast aldrei hefur tekið þátt í fræðslustarfi á fullorðinsárum, að taka þátt í því í ellinni. Þess vegna verður verkafólki að standa til boða starfsfræðsla þegar frá þeim tíma sem barnsárunum sleppir. Þá vænst það þátttöku í fræðslustarfi.

Handverk — verksmiðjuframleiðsla.

Í samræmi við og sem afleiðing tækniþróunarinnar í atvinnulífinu færast störf úr höndum handverksmanna til starfsmanna sem stjórna vélum með einföldum aðferðum, mata þær hráefnum eða taka fullunna vöru frá þeim.

Löngum hefur verið klifað á nauðsyn þess að auka afköst og verkalýðsfélög semja gjarnan þannig að verkafólk fái hluta af afrakstrinum fyrir sinn snúð og svita.

En varla hafa menn hugsað til enda að eftir því sem tæknin og sérhæfingin vex verður verkmenntuninni, eins og hún er veitt í dag í verknámsskólum, ýtt til hliðar. Það er ekki þörf fyrir húsgagnasmiðinn eða rennismiðinn þegar tæknifræðingarnir hafa á sínum höndum forritun fyrir tölvur rennibekksins og trésmíðavélarinnar. Þetta er nú þróunin, segja menn, en hafa allir áttað sig á hvað þarf að yfirstíga og hverju þarf að breyta svo bilið annars vegar milli þeirra sem enga verkmenntun hafa og hinna sem eru iðnskólagengnir minnki og hins vegar gjáin milli þeirra iðnskólagengnu og tækniskólagengnu minnki?

Verkalýðshreyfingin verður að taka til umræðu hvernig mæta skuli þessum breytingum. Þegjandi er ekki hægt að horfa á vaxandi fjölda starfsmanna á vinnustöðum, sem enga menntun hafa utan grunnskólapróf, og minnkandi hóps hinna sem hafa menntunina og þekkinguna.

Vélvæðingin og fjöldaframleiðslan eru mótleikir þjóða í harðnandi samkeppni. Þegar þetta tvennt dugir ekki lengur til er leitað til landa með tækniþekkingu á háu stigi þar sem vinnulaunin eru lægri en í upphafslandi tækninnar og varan er síðan framleidd í nýja landinu.

Íslenskt atvinnulíf mun ekki vegna smæðar sinnar flytja tækniþekkingu sína á næstu árum út úr landinu umfram það sem gert hefur verið á sviði fiskiðnaðarins nema fullkomin verkþekking komi til. Með fullkominni starfsfræðslu má koma í veg fyrir að fluttir verði inn launataxtar frá Taiwan, Hong Kong eða Mexíkó og þeim troðið upp á verkafólk hér.

Undanfarin misseri hefur verkalýðshreyfingin staðið frammi fyrir sókn þeirra sem færa landið nær því að verða láglaunaland. Næstu missiri snýst baráttan um að hindra slíkt. Liður í slíku er starfsmenntun fyrir fullorðna. Ísland má aldrei verða láglaunaland í þágu atvinnulífsins. Atvinnulífið verður að styrkja með vel menntuðu starfsfólki.

Þá fær það stærri hlut í sinn vasa.

Námsfrí á launum.

Í stefnuyfirlýsingunni er lagt til að á meðan verkafólk sækir starfsfræðslu sé það á launum. Í kjarasamningum verður að tryggja slíkt. Eins verður að knýja stjórnvöld til að láta fé í fullorðinsfræðsluna til jafns við aðra fræðslustarfsemi.

Atvinnurekendur munu efalítið segja sem svo þegar knúið verður á um fast gjald frá þeim til starfsmenntunar að þeir sjálfir geti sem best sinnt þessu verki í sínum fyrirtækjum. Ekki á að vanmeta starfsþjálfun sem veitt er hjá einstökum fyrirtækjum, en Alþýðusambandið vill að starfsmenntun hafi í för með sér valfrelsi verkafólksins til starfa og vinnustaða.

Mörg orð þarf ekki um nauðsyn þess að verkafólk fái námsfrí á launum. Verkamaðurinn þarf ekki lengi að hugsa sig um með sín 12 000 króna mánaðarlaun, áður en hann hafnar þátttöku á námskeiði sem kostar tvö til fjögur þúsund krónur.

Örvandi fræðslustarf.

Hugtakið „örvandi fræðslustarf" er skilgreint þannig að í tengslum við alla fullorðinsfræðslu er nauðsynlegt að beita kynningu og hvatningu svo menn öðlist vilja og getu til að yfirstíga hindranir sem á veginum eru fyrir þátttöku í fræðslustarfi.

Tilgangi fullorðinsfræðslunnar verður ekki náð fullkomlega nema þeim sem skemmsta skólagöngu hafa verði sjálfsagt og eðlilegt að sækja hana.

„Ýmsar rannsóknir á síðari árum sanna að fullorðinsfræðsla, sem í boði er nú, er í höfuðatriðum nýtt af þeim sem áður hafa hlotið til þess að gera víðtæka menntun úr grunn- og unglingaskólum, en aðeins lítils háttar þátttaka er úr hópi þeirra sem skemmri menntun hafa."

(LO om voksen uddannelse, Landsorganisationen i Danmark. Bæklingur gefinn út af LO í febrúar 1978).

Verkalýðsfélögin verða hvert fyrir sig að beita sér í viðtölum við fólk og hvetja það til þátttöku í fræðslustarfi. Auglýsingar hafa lítið að segja í þeim efnum.

Samskipti verkalýðsfélaga.

Þeir sem eru með iðnréttindi hafa fleiri tækifæri til starfsmenntunar en þeir óiðnlærðu.

Jafnan er ástæðan fyrir því sú að iðngreinar eru lögverndaðar og öðrum óheimilt að sinna störfum sem undir þær falla. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að lögverndun iðngreina kemur ekki í veg fyrir að óiðnlærðir taki að sér störf iðnaðarmanna. Handverkinu er breytt yfir í verksmiðjustörf. Hins vegar færast launakjörin ekki með á milli starfsstétta.

Danska málmiðnaðarmannasambandið og samtök iðnverkafólks í Danmörku hafa gert með sér samskipta- eða verkaskiptingarsamning sem gildir um störf iðnlærðra og ófaglærðra.

Deilur og árekstrar um verkaskiptingu á vinnustöðum hafa minnkað og hinir ófaglærðu hafa haft greiðari aðgang að starfsmenntun en ella.

Starfsmenntun — allsherjarlausn?

Fyrr á árum háðu mannvinir víða um heim baráttu fyrir lestrarkennslu og ólæsinu var útrýmt. Enn eru þó fjölmennar þjóðir ólæsar.

Íslendingar hafa lengi verið læsir á bókstafina og tölustafir hafa ekki þvælst fyrir þeim að ráði.

Á brjóstvitinu hafa þeir komist langt á öðrum sviðum og þannig hefur atvinnulífið einhvern veginn verið látið ganga frá degi til dags. En nú verður vart farið lengra á brjóstvitinu í þeim efnum. Blaðinu verður að snúa við og undir atvinnuvegina verður að skjóta stoðum reistum á grundvelli þekkingar og tækni. Einn liður þekkingarinnar er starfsmenntun félagsmanna Alþýðusambands Íslands.

Vitanlega dugir starfsmenntunin ekki ein. Starfsemi fyrirtækja verður að byggjast á vitrænni skipulagningu, stjórnun og fjárfestingu. Þannig skapa margir þættir í atvinnulífinu samofna heild og á þá verður að horfa í samhengi. En allir þræðir atvinnulífsins liggja um hendur verkafólksins, hafa áhrif á kjör þess og velferð. Þess vegna ber verkalýðssamtökunum að taka rækilega á í starfsmenntuninni. Verkkunnáttan er stafróf nútímans.

Lokaorð.

Hér að framan hefur verið dregin upp mynd af því hvers vegna, til hvers og hvernig Alþýðusamband Íslands getur orðið fullorðnu fólki að liði á vettvangi starfsmenntunarinnar.

Eigi ber að skilja þetta svo að hinn eini sannleikur í málinu hafi verið borinn fram. Ef til vill er allur sannleikurinn fólginn í nauðsyn þess að þeir sem til forustu hafa valist fyrir sveitum verkafólksins skynji og skilji „að menntun er leið til aukins mannlegs frjálsræðis“ og starfi samkvæmt því.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi.

Flm.: Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson, Þórarinn Sigurjónsson, Ingvar Gíslason, Davíð Aðalsteinsson, Guðrún Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á *valdi* í íslensku þjóðfélagi. Könnunin skal fólgin í því að rannsaka og greina hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum stofnana og samtaka, bæði opinberra og óopinberra.

Könnun þessari skal lokið innan þriggja ára og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Hún er því flutt óbreytt nú.

Á undanförnum árum hafa orðið allmiklar umræður um hvernig háttað er beitingu valds hér á landi. Þær umræður hafa einkum snúist um hvernig *valddreifingu* er varið, þ.e. hvernig tengsl hins opinbera, ríkisins, og einstakra sveitarfélaga, byggðarlaga og landshluta eru. Einnig hefur talsvert verið rætt um innbyrðis afstöðu valdastofnana ríkisins og hvort æskilegt sé að breyta stjórnkerfi að einhverju leyti til þess að breyta valdahlutföllum í landinu. Enda þótt þessar umræður hafi oft á tíðum verið hinar fróðlegustu hefur nokkuð á skort að þær hafi verið markvissar og stundum hafa hugtök verið lítt skýrð eða ekki. Sjálft hugtakið *vald* er margþætt og engin ein skilgreining fullnægjandi til að lýsa eðli þess og áhrifum eða birtingarformum þess.

Vald er svo margslungið hugtak að sumir fræðimenn hafa lagt til að hætt verði að rannsaka það eitt sér. Aðrir telja að vissulega sé það nothæft sem rannsóknarviðfang. Rökin eru þau að það, sem sameiginlegt er valdi í hvaða formi sem það birtist, er að einhver eða einhverjir hafa *vald yfir einhverjum öðrum*. Það byggist reyndar á hinni þekktu skilgreiningu Max Webers: „Vald eru líkurnar á því að einhver, í gefinni samfélagslegri stöðu, fái komið fram vilja sínum þrátt fyrir andspyrnu, óháð því á hverju þessar líkur byggjast.“ Þetta þýðir að vald er að koma fram vilja sínum, jafnvel þótt reynt sé að koma í veg fyrir það. En valdi er unnt að beita þótt mótspyrna sé ekki veitt. Þá er um að ræða viðurkenningu á því að einhver hafi vald sem rétt og skylt, og jafnvel ljúft, sé að beygja sig undir. Vald getur einnig verið dulið, tengt erfðavenjum og siðum, eða þá innbyggt í samfélagsgerðina.

Hér er ekki ætlunin að telja upp birtingarform valdsins en á það bent að margs konar dulin og hálfdulin valdaöfl eru að verki í sérhverju þjóðfélagi og áhrif þeirra eru oft á tíðum langtum meiri en birtist í hinu beina og opinbera valdi. Þetta gerir nauðsynlegt að rýna djúpt inn í íslenskt þjóðfélag til þess að greina megi valdaþræðina sem þar greinast í allar áttir.

Tilgangur þeirrar könnunar, sem hér er lagt til að gerð verði, er sá að safna aukinni þekkingu á þjóðfélagi okkar. Allmikið skortir á að ýmsir þættir þess séu nægilega vel greindir. Könnun á margslungnu valdakerfi er einmitt til þess fallin að auka skilning á þjóðfélaginu og gerð þess. Á slíkum skilningi byggist öll umræða um hvernig gera megi umbætur og endurbætur á því. Þá er ekki fyrst og fremst átt við að unnt verði að búa til eitthvert vísindalegt þjóðfélag heldur miklu fremur hitt að góð þekking á þjóðfélagsgerð sé forsenda þess að geta sniðið vankanta af henni.

Lagt er til að ríkisstjórnin hafi forgöngu um þessa könnun. Eðlilegt er að Háskóla Íslands verði falið að gera hana. Þar er fyrir hendi sú sérfræðiþekking sem er forsenda þess að hægt sé að kanna þessi efni á fullnægjandi hátt. Hugsanlegt er að fleiri en ein deild Háskólans vinni saman að könnuninni, t.d. félagsvísindadeild, viðskiptadeild og e.t.v. lagadeild. Heppilegt er að einum manni verði falin umsjón könnunarinnar en honum við hlið verði nokkrir ráðgjafar. Gera verður kostnaðaráætlun og ráða starfslið sem þó verði ekki fjölmennt. Innan þriggja ára ætti að geta legið fyrir allrækileg skýrsla. Á grundvelli hennar væri hægt að taka ákvarðanir um framhald eða nánari útfærslu á einstökum þáttum könnunarinnar.

Það er skoðun flm. að könnun sem þessi sé ákaflega hagnýt. Í fyrsta lagi er farið inn á rannsóknarsvið sem ekki hefur verið gefinn mikill gaumur hér á landi til þessa en þekking á því er forsenda umræðna um valddreifingu og valdskipan í landinu.

Í öðru lagi er þetta rannsókn á lýðræðinu hér á landi, hvernig það virkar eða virkar ekki, athugað er hvernig stöðu einstaklingsins er háttað og hvort og hvernig einstakir hópar ná fram áhugamálum sínum.

Í þriðja lagi geta niðurstöður slíkrar könnunar auðveldað landsmönnum að taka mikilvægar ákvarðanir um framtíð sína.

Árið 1972 ákvað ríkisstjórn Trygve Bratteli að láta fram fara ítarlega könnun á valdi í Noregi. Endanleg skýrsla um hana var birt tíu árum síðar. Alllöngu áður höfðu þó meginniðurstöðurnar legið fyrir. Íslenskir rannsóknarmenn geta sótt mikinn fróðleik í þá könnun. Er hún talin sérlega vönduð og fjölmörg atriði hennar þess eðlis að þekking á þeim getur flýtt mjög fyrir sams konar könnun hér á landi. Sænski Þjóðarflokkurinn hefur ofarlega á blaði að stuðla að því að slík könnun verði gerð í Svíþjóð.

Sþ. 67. Fyrirspurn [67. mál]

til fjármálaráðherra um viðskiptastöðu ríkissjóðs við sveitarfélög vegna þátttöku í framkvæmdum.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hver er talin viðskiptastaða ríkissjóðs (skuld eða inneign) við einstök sveitarfélög um síðustu áramót vegna eftirtalinna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga:
   a. grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra,
   b. dagvistarheimila,

c. íþróttamannvirkja:
   1. þess hluta íþróttamannvirkja sem telst skólamannvirki,
   2. þess hluta íþróttamannvirkja sem styrktur er af íþróttasjóði,
d. sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða,
e. hafnarmannvirkja og lendingarbóta?

2. Hvað má áætla að skuldir ríkissjóðs vegna ofangreindra framkvæmda hafi aukist mikið í heild á árinu 1986?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 68. Fyrirspurn [68. mál]

til menntamálaráðherra um lögmæti skólamálaráðs Reykjavíkur.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Ingvari Gíslasyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Telur ráðherra að stofnun skólamálaráðs Reykjavíkur samrýmist 12. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974?
2. Telji ráðherra svo vera, hver er þá verkefnaskipting milli fræðsluráðs og skólamálaráðs?
3. Hefur staða fræðslustjórans í Reykjavík breyst við þessa nýskipan fræðslumála í borginni?
4. Telur ráðherra að fræðslustjórinn í Reykjavík, sem er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, eigi að hafa rétt til setu á fundum skólamálaráðs?
5. Telur ráðherra að nauðsyn hafi knúið á um stofnun skólamálaráðs; sé svo: hver var hún?

Sþ. 69. Fyrirspurn [69. mál]

til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar?

Nd. 70. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [70. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Kristín S. Kvaran.

1. gr.

51. gr. stjórnarskrár orðist svo:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 108. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er því endurflutt óbreytt.

Hlutverk löggjafans á að vera að setja leikreglur og hafa með því strangt eftirlit að þeim sé framfylgt.

Sú breyting, sem hér er lögð til, mundi að mati flutningsmanns styrkja löggjafarstarfsemi þingsins. Það gengur auðvitað ekki að það sé hlutverk eins og sama mannsins annars vegar að setja lög og hins vegar að hrinda þeim í framkvæmd, — auk þess sem það getur ekki talist eðlilegt að ætla nokkrum að hafa eftirlit með sjálfum sér.

Það er á hinn bóginn mjög æskilegt að æðstu menn framkvæmdarvaldsins eigi sæti á Alþingi og öðlist þannig af eigin reynslu innsýn í tilurð almennra leikreglna. Á sama hátt er það afar óæskilegt og óeðlilegt að þeir hafi þar nokkur áhrif með atkvæði sínu.

Árið 1971 varð breyting á launakjörum alþingismanna sem fól í sér viðurkenningu á því að þingmennska er mikið starf að umfangi og ábyrgð og að hún er fullt starf.

Til þess að styrkja virðingu Alþingis, sem þótt hefur í mörgu fara þverrandi undangengin ár, er nauðsynlegt að mati flutningsmanns að binda störf þingmanna við þingmennsku eingöngu þannig að hún teljist fullt starf og að ráðherradómur teljist að sama skapi einnig vera fullt starf.

Það segir sig sjálft að ráðherrar geta á engan hátt gegnt þingmennsku þannig að fullnægjandi sé. Ráðherrar taka t.d. ekki þátt í nefndastörfum þingsins sem er þó afar mikilvægur og tímafrekur þáttur í starfi þingmanna. Benda má á að verði frv. þetta samþykkt og ráðherradómur viðurkenndur sem fullt starf mætti e.t.v. fækka aðstoðarmönnum ráðherra sem sífellt fjölgar með hverri nýrri ríkisstjórn.

Í þessu sambandi má minna á þá skipan mála sem viðhöfð er í norska þinginu. Þar tekur varaþingmaður sæti um leið og þingmaður gerist ráðherra og situr svo lengi sem ráðherradómur hans varir. Um þetta atriði eru skýr ákvæði í 12. gr. norsku stjórnarskrárinnar, en þar segir m.a. að sérhver norskur ríkisborgari geti tekið við ráðherraembætti, þó því aðeins að hann sé ekki jafnframt þingmaður.

Það er skoðun flutningsmanns að með þessu frv. séu tekin af öll tvímæli um það hvert sé hlutverk Alþingis og að þessi tilhögun stuðli að virkari og betri starfsháttum þingsins.

Nd. 71. Frumvarp til laga [71. mál]

um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. l. nr. 40/1981) orðist svo:

Starfsemi dagvistarheimila skal miða að því að veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir. Þau skulu vera fjölskyldum eða foreldrum til stuðnings sem sjálfsögð viðbót við uppeldi barna. Dagvistarheimili skulu stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og skýr markmið skulu tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust.

Uppeldisstarf dagvistarheimila skal taka mið af markmiðum og leiðum í „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili“ sem unnin hefur verið og gefin út á vegum menntamálaráðuneytis, sbr. l. nr. 40/1981.

2. gr.

5. mgr. 14. gr. laganna falli brott.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem hafa umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki menntamálaráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með fósturmenntun til starfa. Má þá ráða fósturliða til uppeldisstarfa um skamman tíma. Skylt er þessum aðilum að sjá til þess að starfsemi dagvistarheimila sé miðuð við 1., 17. og 18. gr. þessara laga.

Heimilt er að mennta og þjálfa fósturliða til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið með reglugerð.

4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Forstöðumaður dagvistarheimilis skal í samvinnu við skólastjóra grunnskóla hverfisins styrkja samstarf dagvistarheimila og skóla til þess að samfella skapist í uppeldi og menntun barna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 108. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt óbreytt.

Í 1. gr. gildandi laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, sbr. lög nr. 40/1981, segir að gerð skuli starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna.

Með bréfi, dags. 2. júlí 1982, skipaði menntamálaráðherra nefnd til að semja starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum. Jafnframt réð menntamálaráðherra Valborgu Sigurðardóttur, skólastjóra Fósturskóla Íslands, til að vinna á vegum ráðuneytisins að þessu verkefni í samráði við nefndina. Í erindisbréfi Valborgar segir: „Starfsáætlunin skal byggjast á fræðilegum grunni í samræmi við þá þekkingu sem menn hafa í barnasálfræði og uppeldisfræði og með hliðsjón af álitsgerðum sem hafa verið lagðar fram af ýmsum aðilum sem ráðuneytið hefur leitað álits hjá.“

Nefndin kom sér saman um að nota orðið *uppeldisáætlun* um verkefni sitt í stað orðsins „starfsáætlun“.

Nefndin hefur lagt til að í kjölfar þessarar uppeldisáætlunar komi ritröð um skyld efni, t.d. um:

1. einstaka þætti í uppeldisstarfi dagvistarheimila,
2. tengsl dagvistarheimila og skóla,
3. fötluð börn og börn með sérþarfir,
4. skóladagheimili.

Nú, þegar þessi merka uppeldisáætlun liggur fyrir, þykir flutningsmönnum þessa frumvarps rétt að færa lögin til samræmis við þau markmið sem fram koma í þessu riti sem ætlað er að vera leiðarvísir þannig að unnt reynist að nýta þær starfsaðferðir sem vænlegastar eru til árangurs í samræmi við þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru hverju sinni. Með því að svo verði hefur uppeldisáætlunin fengið það vægi sem nauðsynlegt er til þess að tryggt sé að gengið verði út frá meginmarkmiðum hennar við gerð áætlana og við uppbyggingu starfsins almennt á dagvistarheimilum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að felld verði niður 5. mgr. 14. gr. laganna sem gerir ráð fyrir að framkvæmdaraðili megi útvega lánsfé til byggingar dagvistarheimila og að ríkissjóður ábyrgist slík lán. Þetta ákvæði er óþarft að hafa lengur í lögum þessum vegna þess að í öðrum lögum, l. nr. 60/1984, sem tekið hafa gildi síðar, er kveðið á um að aðilar, sem standa vilja fyrir byggingu dagvistarheimila, geti fengið lán til framkvæmda úr Byggingarsjóði ríkisins.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 16. gr. núgildandi laga verði skerpt með hliðsjón af breytingum á 1. gr. laganna. Þar eru markmiðin með rekstri dagvistarheimila gerð skýrari og þess vegna ekki óeðlilegt að auknar kröfur séu gerðar til þeirra sem starfa á dagvistarheimilum og að þeir miði starfsemina við þau markmið.

Þó er í þessari grein gert ráð fyrir mun meiri breytingu og byltingarkenndari en áður hefur verið gerð á lögum þessum. Hún felst í því að heimilt verði að mennta og þjálfa **fósturliða** til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum.

Gert er ráð fyrir að unnt sé að víkja frá þeim ákvæðum laganna að starfslið, er annast fósturstörf á dagvistarheimilum, hafi fósturmenntun, með því að ráðuneytinu er veitt heimild til að ráða fósturliða til uppeldisstarfa um skamman tíma sé þess enginn kostur að fá fólk með fullgilda fósturmenntun til starfa. Leitað var álits á þessum breytingum á svokölluðum vinnudegi fóstra sem haldinn var 22. febrúar 1986. Var hugur fóstra jákvæður til þessara breytinga. Sú skoðun kom skýrt fram að ekki væri ráðlegt að standa í vegi fyrir þeirri þróun sem hefur verið að eiga sér stað í mennta- og atvinnumálum á undanförnum árum. Fóstrur voru mjög á einu máli um að styðja bæri tillögu í því formi sem frv. gerir ráð fyrir. Flutningsmenn láta fylgja með frumvarpi þessu tillögu að reglugerð fyrir „Fósturliðaskóla Íslands“ sem unnin var af 1. flm. Við gerð hennar var höfð hliðsjón af gildandi reglugerð fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands. Þetta er gert til þess að auðvelda þingheimi að mynda sér skoðun á því hvað það er sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði að veruleika. Það er ótvíræður kostur fyrir alla þá, sem að þessum málum vinna, að þannig sé gengið frá þessum mikilvæga þætti að ekkert fari á milli mála hvað við er átt.

Það er því mat flutningsmanna að breyting sú, sem hér er lögð til, mundi verða til þess að stórbæta það starf sem nú er unnið á dagvistarheimilum og til þess að taka af öll tvímæli um að þar fer fram mikilvægur þáttur í uppeldi barna og undirbúningur að áframhaldandi menntun þeirra eins og glögglega kemur fram í 4. gr. þessa frumvarps. Samkvæmt henni skal forstöðumaður dagvistarheimilis í samvinnu við skólastjóra grunnskóla hverfisins styrkja samstarf þeirra á milli þannig að tengja megi saman á eðlilegan hátt þessa tvo grundvallarþætti í lífi barna, uppeldi og menntun.

Fylgiskjal.

Tillaga um reglugerð fyrir Fósturliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur fósturliða.

I. kafli.

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Fósturliðaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast nám fósturliða og búa þá undir að aðstoða við uppeldi, sbr. 16. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig: Einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður, tvo fulltrúa skv. tilnefningu Fóstrufélags Íslands þar til Fósturliðafélag Íslands hefur verið stofnað, en þá tilnefni hvort félag sinn fulltrúa, einn fulltrúa skv. tilnefningu Fósturskóla Íslands og einn skv. tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda sem skipaður skal árlega.

Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera fóstra. Æskilegt er að hann hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræði og/eða framhaldsnámi.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni.

Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Við skólann skal starfa skólaráð skólastjóra til ráðuneytis. Það skal skipað þrem kennurum og tveim fulltrúum nemenda og skulu þeir kosnir til eins árs í senn.

II. kafli.

Skráning nemenda, námstími og námsefni.

6. gr.

Skráning nemenda er í höndum skólastjórnar og skólastjóra skv. nánari reglum sem þau setja sér.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Umsækjandi skal vera 18 ára gamall.
2. Umsækjandi skal hafa lokið tveggja vetra námi í samræmdum framhaldsskóla (fjölbrautaskóla) í þeim námsgreinum, er Fósturliðaskólinn gerir kröfu til, eða hlotið hliðstæða menntun.
3. Heimilt er að veita umsækjanda skólavist þótt hann fullnægi ekki kröfum 2. tölul. enda sé þá höfð hliðsjón af hæfnisprófum eða öðru sérstöku mati. Skal við mat á slíkum umsóknum m.a. hafa í huga að umsækjandi hafi næga þekkingu til þess að geta tileinkað sér námsefni skólans.

7. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra. Þeim skal fylgja:

1. staðfest afrit af prófskírteini,
2. læknisvottorð,
3. umsögn frá vinnuveitanda og/eða skólastjóra.

8. gr.

Námstími skal vera eitt ár.

Skólanum skal sett námsskrá er ráðuneytið samþykkir. Til viðmiðunar skal höfð námsskrá Fósturskóla Íslands. Skal þar getið um verklega og bóklega kennsluþætti og lokapróf. Til þess að standast próf þarf nemandi að kunna skil á minnst helmingi þess námsefnis er kennt hefur verið. Nemanda er heimilt að endurtaka próf einu sinni og heimil endurseta í bekk einu sinni.

Á sama hátt skulu nemendur standast kröfur skólans í verknámi. Skólanum er heimilt að nota bókstafi eða tölustafi til einkunnagjafa.

9. gr.

Skólastjóra er heimilt að óska eftir prófdómara í prófgreinum og skal þá leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Verklegt nám skal vera 16 vikur á dagvistarheimilum undir handleiðslu fóstra.

Verklega námið fer fram á heimilum er skólinn viðurkennir og ráðuneytið samþykkir. Skólastjóri og verkmenntakennari skipuleggja námið í samráði við forstöðumenn og deildarfóstrur viðkomandi heimila.

Að lokinni námsdvöl fær nemandinn umsögn deildarfóstru.

11. gr.

Forfallist nemandi frá námi lengur en 10 daga lengist námið sem því svarar.

III. kafli.

Starfsréttindi og starfssvið fósturliða.

12. gr.

Rétt til þess að starfa sem fósturliði hér á landi og kalla sig fósturliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið löggildingu menntamálaráðherra.

13. gr.

Löggildingu samkvæmt 12. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá Fósturliðaskóla Íslands eða sambærilegu fósturliðaprófi hér á landi viðurkenndu af menntamálaráðuneytinu.

14. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 13. gr. tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun sem sambærileg er við viðurkennt fósturliðapróf hér á landi.

15. gr.

Fósturliði hefur rétt til þess að starfa í samræmi við 16. gr. reglugerðar þessarar. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð uppeldisstörf.

16. gr.

Fósturliðar skulu starfa undir stjórn deildarfóstru og í samræmi við 1. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

IV. kafli.

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Skólinn skal annast framhalds- og endurmenntunarnám fósturliða með skipulögðum námsbrautum eftir því sem þörf krefur. Námskeið skv. þessari grein skulu haldin árlega og taka a.m.k. þrjá mánuði hvert. Ráðuneytið skal samþykkja námsskrá fyrir þessi námskeið.

18. gr.

Kostnaður við Fósturliðaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.

19. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá fóstrur til starfa, má ráða fósturliða til uppeldisstarfa um skamman tíma og skulu þeir þá starfa undir stjórn forstöðumanns. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 16. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn og öðlast þegar gildi.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Kristjánsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar. Áætlunin taki mið af því að flutningi stofnunarinnar ljúki að sex árum liðnum.

Greinargerð.

Að undanskildum áratugnum 1971 til 1980 hefur mikil byggðaröskun staðið yfir áratugum saman, þ.e. flutningar fólks frá landsbyggðinni til Suðvesturlands, aðallega til höfuðborgarsvæðisins. Við upphaf s.l. áratugar fór byggðaröskun að minnka og örfá ár, 1975–1979, ríkti að heita má fullt jafnvægi á milli landsbyggðarinnar sem heildar annars vegar og Suðvesturlands hins vegar. Á árinu 1980 snerist byggðaþróunin við og síðan hefur brottflutningur fólks frá landsbyggðarkjördæmunum verið mikill. Frá og með því ári til og með 1985 hafa Vesturland, Vestfirðir, Norðurlandskjördæmin, Austurland og Suðurland til samans tapað 4447 manns eða 4,8% íbúafjöldans 1979. Byggðastofnun hefur það hlutverk að vinna að betra jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar eru ýmsar hugsanlegar byggðaþróunaraðgerðir utan áhrifasviðs Byggðastofnunar og í ýmsum tilvikum þarf að koma til kasta löggjafarvaldsins.

Í málefnasamningi vinstri stjórnarinnar, sem tók við völdum 1971, var ákvæði um að stuðla skyldi að flutningi ríkisstofnana út á land. Forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson, skipaði þá nefnd sem fjalla skyldi um þetta mál. Í nefnd þessari áttu hinir ágætustu menn sæti. Nefnd þessi vann mikið starf og hún skilaði ítarlegu nefndaráliti á árinu 1975. Nefndarálitinu var stungið undir stól og þar hefur það verið síðan.

Segja má að þar hafi mikið verk farið fyrir lítið. Í þessu nefndaráliti er mörkuð stefna um dreifingu ríkisstofnana um landið á þrennan hátt, með *heildarflutningi*, þ.e. að stofnun yrði í heilu lagi flutt frá höfuðborginni til staðar úti á landi, með *deildarflutningi*, þ.e. að meira eða minna sjálfstæðar deildir stofnana yrðu fluttar frá höfuðborginni út á land, og

með *útibúastofnun*, þ.e. að sett yrði upp kerfi útibúa ríkisstofnana á ákveðnum stöðum úti á landi. Til þess að stuðla að hagkvæmni í rekstri slíkra útibúa gerði nefndin tillögu um að komið yrði á fót *stjórnsýslumiðstöðvum ríkisins* þar sem mörg útibú gætu verið saman undir einu þaki með sameiginlegan rekstur og skrifstofuhald. Að lokum lagði nefndin svo fram frumvarp til laga um flutningsráð ríkisstofnana.

Að mörgu leyti er þetta nefndarálit athyglisvert og er tímabært að draga það undan stólnum og dusta af því rykið.

Á bls. 30 í nefndarálitinu eru sett fram markmið þeirra aðgerða sem nefndin leggur til:

1. Stofnanaflutningur sé liður í almennum byggðaþróunaraðgerðum.
2. Stofnanaflutningur dragi úr miðstýringu, stuðli að dreifingu valds og leiði til aukins lýðræðis.
3. Stofnanaflutningur jafni aðstöðu þegnanna um allt land til að njóta þjónustu ríkisins.
4. Stofnanaflutningur leiði til fjölgunar íbúa landsbyggðarinnar og dragi úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu.
5. Stofnanaflutningur leiði til jafnari dreifingar atvinnutækifæra um landið með því að skapa sérmenntuðu fólki starfsgrundvöll utan Reykjavíkur.
6. Stofnanaflutningur styrki efnahagskerfi einstakra landshluta með því að auka viðskipti og framkvæmdir innan þeirra og fjármagnsstreymi frá miðstöðvarsjóðum ríkiskerfisins.
7. Stofnanaflutningur dragi úr húsnæðiskröfum í miðbæjarhverfum Reykjavíkur og geri þannig skipulagsvandamál höfuðborgarinnar á því sviði minni en ella.
8. Stofnanaflutningur leiði ekki til lakari virkni stjórnkerfisins heldur stuðli að meiri hæfni og betri þjónustu einstakra hluta þess.
9. Stofnanaflutningur skerði ekki starfsgetu stofnunar þótt tímabundnir erfiðleikar séu eðlilega oft samfara slíkri breytingu.
10. Stofnanaflutningur hafi aðeins minni háttar kostnaðarauka í för með sér og helst meiri hagkvæmni fyrir þjóðarheildina vegna ódýrari og fljótvirkari samskipta þegnanna við ríkiskerfið.

Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nefndin gerði tillögur um flutning nokkurra ríkisstofnana í heild út á land og sjálfsagt orka sumar af þessum tillögum tvímælis.

Ein þeirra stofnana, sem nefndin gerði tillögu um að flutt yrði til „Borgarfjarðarsvæðisins“, var Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Við þá tillögugerð mun nefndin hafa haft í huga að á Hvanneyri er búnaðarskóli og háskólakennsla í búvísindum og þar eru stundaðar landbúnaðarrannsóknir. Skammt frá Hvanneyri er svo tilraunabú ríkisins að Hesti.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er miðpunktur í umfangsmiklu kerfi rannsókna og tilrauna- og ráðgjafarstarfsemi á vegum landbúnaðarins. Þetta kerfi hefur vitaskuld þjónað landbúnaðinum vel og að verulegu leyti hefur það verið forsenda hinna miklu tækniframfara sem orðið hafa í íslenskum landbúnaði undanfarin ár og áratugi. Hins vegar eru margir þeirrar skoðunar og hafa fundið fyrir því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins tengist ekki nógu vel tilraunastarfseminni úti á landi né ráðgjafarstarfseminni. Að frumkvæði stjórnar RALA hefur sérstök nefnd að undanförnu fjallað um þessi mál og hefur hún endurskoðað lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þann kafla sem fjallar um Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og samið drög að frumvarpi. — Í niðurstöðum nefndarinnar er að því vikið að í meginatriðum þurfi breytingar að beinast að eftirtöldum markmiðum:

„1. Að tengja betur rannsóknir og þróunarstarfsemi í landbúnaði við þarfir atvinnuvegarins á hverjum tíma og auka þátttöku hans í ákvörðunum um val verkefna og fjármögnun þeirra.
2. Að auka sveigjanleika rannsókna til að mæta nýjum þörfum.

3. Að auka gæði og virkni rannsókna.
4. Að auka samræmingu í vali rannsóknarverkefna og tryggja heildarsýn yfir þau.
5. Að auka tengsl rannsóknarstarfsemi við leiðbeiningarþjónustu, búnaðar- og garðyrkjuskóla og búnaðarsamtök.

Stefna þarf að aukinni samvirkni milli þeirra sem vinna að rannsóknum annars vegar og hins vegar þeirra sem nota niðurstöðurnar í búrekstri eða kenna og leiðbeina í landbúnaðargreinum. Á þann hátt fengi rannsóknarstarfsemin meira hvetjandi umhverfi en verið hefur og samstarf milli aðila málsins ætti að aukast. Þannig ættu fjármunir og sérþekking að geta nýst betur en nú er.“

Margt bendir til þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem nú er á höfuðborgarsvæðinu, hafi haft tilhneigingu til að verða einangruð vísindastofnun, nokkuð vel tengd Háskóla Íslands en mun lakar tengd þeim vettvangi sem hún á að þjóna. Tengslin við Háskólann eru góðra gjalda verð og nauðsynleg. En tengsl við landbúnaðinn sjálfan og við fræðslustarfsemi á hans vegum er mun mikilvægari. Hvanneyri, fyrir miðju landbúnaðarhéraði, er í eðli sínu mun eðlilegra umhverfi fyrir vísindastofnun landbúnaðarins en malarhólar ofan Reykjavíkur. Og með því að gera Hvanneyri að aðsetri vísinda, fræða, rannsókna og tilraunastarfsemi á vegum landbúnaðarins eignast íslenskur landbúnaður faglega miðstöð sem stenst samjöfnuð við hverja slíka sem er í öðrum löndum.

Vandalaust er að benda á hagkvæmni í því fólgna að reka vísindastarfsemina og kennsluna saman. Fullkomin tengsl komast á milli Rannsóknastofnunarinnar annars vegar og verðandi bænda, ráðunauta og búvísindamanna hins vegar. Þannig gæti flutningur RALA til Hvanneyrar, ef rétt er að honum staðið, einmitt bætt úr þeim annmörkum sem menn hafa fundið á starfsemi stofnunarinnar í þágu landbúnaðarins. Tengsl við Háskóla Íslands þurfa alls ekki að rofna því að í reynd hefur vegalengd á milli Hvanneyrar og Reykjavíkur styst til muna hin síðari ár síðan stofnanaflutningsnefndin skilaði áliti sínu. Meginhluti vegarins til Reykjavíkur hefur nú verið lagður bundnu slitlagi og þeir malarkaflar, sem enn eru á þessari leið, munu á næstu árum verða lagðir slitlagi. Verður þá þægilegur 90 mínútna akstur frá Hvanneyri til Reykjavíkur. Auk þess mætti vel hugsa sér í tímans rás að Háskólinn tæki upp nokkra starfsemi á Hvanneyri í skjóli þeirrar miðstöðvar sem þar væri risin.

Að síðustu skal bent á að búvísinda- og rannsóknamiðstöð á Hvanneyri getur styrkt framhaldsskólakerfi Vesturlands mjög mikið og gert því mögulegt að bjóða upp á sérhæfðar námsbrautir sem byggi á þeirri aðstöðu sem yrði á Hvanneyri.

Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar stenst afar vel það próf sem felst í markmiðunum tíu sem stofnanaflutningsnefndin setti með flutningi ríkisstofnana og rakin eru hér að framan og getur ekki síður þjónað þeim markmiðum sem RALA-nefndin setti fram.

Stofnun verður ekki pakkað saman og hún flutt í annan landshluta án fyrirvara. Stofnun er annars vegar starfsfólk hennar og hins vegar þær fasteignir og aðstaða sem byggð hefur verið upp. Ekki liggur fyrir að allt starfsfólk hafi aðstöðu eða vilja til að fylgja stofnuninni á nýjan stað. Þeir, sem ekki vilja flytja sig um set, þurfa að fá nægan tíma til að útvega sér önnur jafngóð störf og sjálfsagt er að aðstoða fólkið við það. Ný mannvirki og aðstaða verður að koma til fyrir stofnunina á hinum nýja stað og koma verður byggingum og landi syðra í verð. Auk þess standa yfir tilraunir sem taka mun nokkur ár að láta renna sitt skeið. Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar tæki óhjákvæmilega nokkur ár. Tillagan felur í sér að ákvörðun verði tekin sem fyrst um að RALA verði á Hvanneyri og er þá gert ráð fyrir að strax verði farið að skapa aðstöðu fyrir stofnunina þar og að ákveðnir þættir starfseminnar, sem nú eru syðra, verði fljótlega fluttir. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að flutningi ljúki á næstu sex árum. Ef nauðsynlegt reynist er að sjálfsögðu hægt að hnika til þeim tíma.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um tæknimat.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Kristjánsson, Guðmundur Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna með hvaða hætti áhrif nútímatækni í atvinnu- og þjóðlífi verði metin á skipulegan hátt samkvæmt þeirri fyrirmynd sem felst í því sem erlendis hefur verið nefnd tæknimat (Technology Assessment).

Hagnýta skal erlenda þekkingu á þessu sviði eftir því sem kostur er. Séríslenskar aðstæður verði þar að auki kannaðar og metnar á svipaðan hátt eftir því sem efni standa til hverju sinni.

Greinargerð.

Nútímaþjóðfélag getur ekki verið án háþróaðrar tækni af mörgu tagi. Tæknin er forsenda framfara og velmegunar að áliti flestra. Tæknin getur hins vegar haft margvísleg áhrif sem „hreyfilögmál" hennar og þeir, sem knýja fram þróun tækninnar, taka ekki mið af. Ýmsar ástæður liggja að baki. Sem dæmi má nefna hagsmuni þeirra sem kunna skil á tækninni og knýja fram þróun hennar.

Iðulega kemur upp sú staða að þeir einir, sem berjast fyrir hagnýtingu tækninnar, geta fjallað um hana af þekkingu. Aðrir komast þar ekki að sakir lítillar kunnáttu. — Þeir, sem berjast fyrir nýjungum, eru oft einsýnir þrátt fyrir allt og hyggja ekki að ágöllum sem augljósir kunna að vera ef víðsýni ræður. Þetta á einkum við þegar ágallarnir liggja utan þekkingarsviðs þeirra sem berjast fyrir nýjungunum.

Stundum hefur því farið svo að miklu hefur verið kostað til stórátaka á tæknisviði, fé sem síðar kom í ljós að nýttist ekki nógu vel vegna yfirsjóna þeirra sem fjölluðu um tæknina eða tilreiddu upplýsingar um hana. Stundum er slíkum aðstæðum lýst þannig að tæknin hafi í sér fólgið „innra hreyfiafl" sem knýi áfram stjórnlausan vöxt hennar án tillits til gagnsemi og áhrifa. Slíkar lýsingar eru að vísu nokkuð loftkenndar. Hreyfiafl nýrrar tækni er þekking, áhugi og hagsmunir einstaklinga, samtaka og fyrirtækja. Þetta afl er jákvætt í eðli sínu en það er iðulega slegið blindu og brenglað vegna stundarhagsmuna. Framrás tækninnar þarf því að veita aðhald með tímanlegu og víðsýnu mati í senn, ekki síst á því sem eyða á verulegu fé til að þróa og kann að hafa víðtæk áhrif á hagsmuni þjóðfélagsþegnanna.

Þetta er einmitt hlutverk „tæknimatsins" (Technology Assessment). Víða um lönd er hafið skipulegt tæknimat á vegum opinberra aðila. Bandaríkjamenn eru líklega fremstir á þessu sviði og hafa komið á fót öflugri stofnun, U.S. Office of Technology Assessment (OTA), sem vinnur fyrir Bandaríkjaþing.

Margar athuganir hafa verið gerðar á nýrri tækni á vegum þessarar stofnunar. Athuganir þessar eru aðgengilegar í formi margháttaðra skýrslna og niðurstaðna. Hér á landi hefur á undanförnum árum gætt aukins skilnings á nauðsyn ítarlegra undirbúningsathugana vegna stórframkvæmda og beitingar og þróunar nýrrar tækni. Engin sérstök aðferðafræði eða venja hefur þó orðið til í þessu efni sem líkja megi við það erlenda fordæmi sem hér er tilgreint. Full ástæða virðist því til að mál þetta verði tekið til athugunar hér á landi. Að öllum líkindum væri of mikið í lagt að koma á fót sérstakri stofnun í þessum tilgangi. Eðlilegra væri að finna einfaldar leiðir til að greiða þessari þekkingu og aðferðafræði götu inn í landið og stuðla að beitingu hennar. Ýmislegt kemur til greina í því sambandi. Það er tiltölulega einfalt að afla þeirra gagna sem liggja fyrir um þessi efni erlendis og kynna þær niðurstöður sem þýðingu kunna að hafa hér á landi. Það sama gildir um aðferðafræðina sem þróuð hefur verið. Forvinna af því tagi, sem hér er getið um, virðist sjálfsögð og eðlilegt að hið fyrsta verði hafist handa. Mat á séríslenskum aðstæðum og tækni er seinunnara og dýrara. Slíka vinnu á þó að sjálfsögðu að inna af hendi þegar mikið er í húfi í einstökum málum.

Nd. 74. Frumvarp til laga [74. mál]

um breytingu á lögræðislögum, nr. 68/1984.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna komi ný mgr. sem hljóði svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytis, sbr. 17. gr., skal fjalla um alla úrskurði um sjálfræðis-, fjárræðis- eða lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli a-, c-, d- og e-liða fyrri mgr. 3. gr. laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það. Sé það álit nefndarinnar að forsendur sviptingar séu úr gildi fallnar skal hún bera fram tilmæli til héraðsdómara um að svipting verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr.

2. gr.

17. gr. laganna hljóði svo:

Á vegum dómsmálaráðuneytisins starfar trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa lögmaður, sem er formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt er trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg málsatriði, og fulltrúi tilnefndur af samtökum um málefni geðsjúkra.

Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni er þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkvæmt 13. gr. Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna trúnaðarnefndinni þegar heimild hefur verið veitt til vistunar og skal trúnaðarnefndin kanna ástand og aðstæður sjúklings er dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi seinna en innan viku frá innlagningu.

Nefndin setur sér vinnureglur sem samþykktar eru af ráðherra.

3. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna hljóði svo:

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.–17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., er hljóði svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins skal veita þeim, sem vistaður er á sjúkrahúsi, sbr. 14.–17. gr., gegn vilja sínum, nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína og hvernig leita má úrskurðar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistun hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

„Á 106. löggjafarþingi voru samþykkt lögræðislög, nr. 68/1984, eftir mjög svo sögulega meðferð á Alþingi, sem hér skal rakin í stuttu máli.

Frumvarp til lögræðislaga var borið fram í efri deild og allsherjarnefnd efri deildar samþykkti að leggja til að það yrði afgreitt frá deildinni óbreytt. Var það og gert. Frumvarpið kom þá til neðri deildar og til umfjöllunar í allsherjarnefnd. Á fund nefndarinnar komu formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frumvarpið hafði samið,

svo og ritari þeirrar nefndar, en bent var á að önnur stjórnskipuð nefnd væri einnig að ljúka störfum, þ.e. nefnd er gera átti tillögur um úrbætur í geðheilbrigðismálum. Þótti rétt að óska eftir að sú nefnd kæmi til fundar við allsherjarnefnd þar eð nokkur ágreiningur var þar um viðkvæm atriði í frumvarpinu, þ.e. ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi gegn vilja sínum og sjálfræðis-, fjárræðis- og lögræðissviptingu. Ingvar Kristjánsson geðlæknir og formaður nefndarinnar um úrbætur í geðheilbrigðismálum og nokkrir meðnefndarmenn hans komu og lögðu fram breytingartillögur þær er hér liggja fyrir. Allsherjarnefnd féllst á breytingartillögurnar og neðri deild einnig.

Frumvarpið fór því aftur til efri deildar sem hafnaði breytingartillögum neðri deildar og samþykkti frumvarpið enn eins og það var lagt fram í upphafi. Einn þingmaður, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, lagði til að það yrði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Enn kom því frumvarpið til neðri deildar. Mjög var þá tekið að líða á þingtímann og vinnuálag á þingheimi mikið. Boðað var til fundar í allsherjarnefnd deildarinnar enn á ný, en áður en sá fundur yrði haldinn kom málið á dagskrá og var afgreitt sem lög frá Alþingi án þess að nefndin fengi um það að fjalla. Í umræðum um þingsköp var bent á að nefndin ætti eftir að fjalla um frumvarpið. Varð nokkur umræða um þessa afgreiðslu og voru margir þingmenn sammála um að hér hefðu orðið mistök. Bæði forsætisráðherra og forseti neðri deildar hörmuðu mistökin, en ekki þótti gerlegt að ógilda afgreiðslu frumvarps sem forseti hefði lýst sem lög frá Alþingi. Og þar við sat.

Aldrei varð því ljóst hver vilji meiri hluti þingmanna var í þessu máli, en sameinað þing hefði átt um það að fjalla. Því telja flutningsmenn ástæðu til að fá nú úr því skorið.

Önnur rök eru þó mikilvægari fyrir flutningi frumvarpsins, en það eru réttindi þeirra sem vistaðir eru í sjúkrahúsi gegn vilja sínum eða sviptir sjálfræði, fjárræði eða lögræði. Þau réttindi hafa engan veginn verið tryggð, og einkum hefur orðið misbrestur á að sviptingu væri aflétt eftir að lækningu var lokið og hagur hins svipta á þann veg að ekki var ástæða til sviptingar lengur. Hafa orðið um slík tilvik blaðaskrif sem engan mann láta ósnortinn.

Svipting mannréttinda er erfið ákvörðun, ekki síst fyrir aðstandendur sem oft verða að óska hennar. Og það er mikil ábyrgð lögð á herðar einum manni, í þessu tilviki trúnaðarlækni dómsmálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður og varla unnt að fela honum að fylgjast með hvernig lækningu allra þeirra, sem sviptir eru þessum réttindum, reiðir af. Fyrir hefur komið að þeir, sem engan eiga að til að fylgjast með þróun mála og lækningu, hafa lifað án mannréttinda áratugum saman vegna þess að aldrei var gengið frá því að aflétta sviptingu.

Mál sem þessi eru svo viðkvæm hverri manneskju að tryggja verður að hvert einasta mál fái viðunandi afgreiðslu og málalok sem hinum svipta eru fyrir bestu. Og aldrei má til þess koma að unnt sé að beita sviptingu mannréttinda nokkurrar manneskju í þágu annarra en hins svipta. Flutningsmenn telja að breytingartillögur nefndar þeirrar, sem gert hefur tillögur til úrbóta í geðheilbrigðismálum, séu tryggari en þau ákvæði sem nú eru í lögræðislögum og því nauðsynlegt að færa þau til betri vegar.

Geta má þess að enginn hefur verið fastráðinn til að gegna stöðu trúnaðarlæknis dómsmálaráðuneytisins þó að rúmt ár sé liðið frá setningu lögræðislaga. Því starfi hefur verið sinnt sem aukastarfi. Flutningsmenn telja að þetta ástand sé með öllu óviðunandi og engin von til þess að með málum sé fylgst eins og rétt og skylt væri.“

Og nú, tveim árum eftir setningu laganna, hefur enn ekki verið fastráðinn trúnaðarlæknir í dómsmálaráðuneytinu. Staðreyndin er sú að enginn aðili annast það eftirlit sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og ráðuneytið leitar sjaldnast til þess læknis sem sinnir trúnaðarlæknisstarfinu nú í hlutastarfi þó að æ fleiri sviptingar berist. Flutningsmenn telja að óviðunandi sé að svo alvarlegum málum, sem mannréttindasvipting er, sé ekki betur sinnt en raun er á. Því er frumvarp þetta nú flutt að nýju.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Lagt er til að trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins, sbr. 2. gr., fjalli reglubundið um málefni allra þeirra einstaklinga sem sviptir hafa verið sjálfræði, fjárræði eða lögræði eða verið vistaðir gegn vilja sínum í sjúkrahúsi og skuli nefndin sjá til þess að sjúklingur fái mannréttindi sín aftur svo fljótt sem aðstæður leyfa.

Við 2. gr.

Lagt er til að í stað embættis trúnaðarlæknis við dómsmálaráðuneytið komi trúnaðarnefnd er starfi á þess vegum. Nefndina skipi lögmaður, og sé hann formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt sé trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg málsatriði, og fulltrúi samtaka um málefni geðsjúkra sem ráðuneytið skipar samkvæmt tilnefningu. Eðlilegt verður að telja að nefndarmenn taki föst laun fyrir störf sín.

Við 3. og 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 75. Fyrirspurn [75. mál]

til félagsmálaráðherra um aukakostnað sveitarfélaga vegna kennara á grunnskólastigi.

Frá Magdalenu M. Sigurðardóttur.

Hverjar voru aukagreiðslur sveitarfélaga s.l. ár til kennara á grunnskólastigi og hvernig skiptast þær:

a. ferða- og flutningskostnaður,
b. húsnæðiskostnaður,
c. launabætur?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 76. Fyrirspurn [76. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfsemi Skógræktar ríkisins.

Frá Magdalenu M. Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptist fjármagn Skógræktar ríkisins á milli kjördæma?
2. Hve margir skógarverðir eru starfandi hjá Skógrækt ríkisins og hve margir starfa í hverju kjördæmi?

Nd. 77. Frumvarp til laga [77. mál]

um Bankaeftirlit ríkisins.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Geir Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Sérstök stofnun, Bankaeftirlit ríkisins, hefur með höndum eftirlit með starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga og hverrar þeirrar stofnunar annarrar sem tekur við innstæðum frá almenningi og stofnunum, annast greiðslumiðlun eða rekur sambærilega starfsemi að mati þess.

2. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með því að innlánsstofnanir og þeir aðilar, er annast kaup og sölu verðbréfa hvers konar eða annast greiðslumiðlun, fari að lögum og reglum sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Telji Bankaeftirlitið starfsemi fyrrgreindra aðila athugaverða skal það tafarlaust gera viðkomandi aðilum og ríkisstjórninni viðvart.

3. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með að útlán og greiðslutryggingar viðskiptaaðila séu í samræmi við fjárhagslegan styrk innlánsstofnunar og eigin fé viðskiptaaðila. Það skal einnig fylgjast með heildarskuldbindingum viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum viðskiptaaðilum að nauðsynlegt er talið að líta á þær í heild.

4. gr.

Innlánsstofnunum, stofnunum sem annast greiðslumiðlun og verðbréfasölum er skylt að láta Bankaeftirlitinu í té bókhaldsgögn sín og önnur þau gögn sem óskað kann að verða í því formi og svo oft sem Bankaeftirlitið leitar eftir þeim. Einnig er Bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka bókhald og eignir þessara stofnana hvenær sem því þykir ástæða til.

5. gr.

Nú óskar innlánsstofnun að opna útibú eða umboðsskrifstofu, sbr. 3. og 21. gr. l. nr. 86/1985 og 24. gr. l. nr. 87/1985, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Bankaeftirlitsins. Leggur það leyfisumsókn ásamt áliti sínu fyrir viðskiptaráðherra og tekur þá ráðherra ákvörðun um hvort leyfi skuli veitt.

6. gr.

Bankaeftirlitið heyrir undir forsætisráðuneytið. Forsætisráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar og tvo aðstoðarforstöðumenn til fjögurra ára í senn. Skulu þeir hafa sérþekkingu á sviði efnahagsmála og viðskiptalífs. Stjórn stofnunarinnar er í höndum þessara þriggja manna og skulu þeir gera ríkisstjórninni grein fyrir starfsemi Bankaeftirlitsins með reglubundnum hætti.

Forstöðumenn ráða annað starfsfólk Bankaeftirlits ríkisins.

Laun forstöðumanna skulu vera hin sömu og bankastjóra Seðlabanka Íslands, svo og önnur ráðningarkjör.

7. gr.

Kostnaður við starfsemi Bankaeftirlits ríkisins greiðist af þeim stofnunum sem eftirlit er haft með samkvæmt lögum þessum. Greiðslur innlánsstofnana skulu miðast við tiltekið hlutfall af heildarinnstæðum í hverri innlánsstofnun í upphafi hvers reikningsárs.

Nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein, svo og greiðslur verðbréfasala og greiðslumiðlara, skulu settar í reglugerð sem ráðherra gefur út.

8. gr.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi Bankaeftirlitsins, þar á meðal skal ákveða viðurlög ef ekki er farið að fyrirmælum þess.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sem um bankaeftirlitið fjalla.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um sjálfstætt bankaeftirlit var flutt á 108. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, byggir á sömu grundvallarhugmynd en er nú flutt í breyttri mynd, einkum vegna nýrra laga um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlit hefur verið starfrækt hér á landi frá stofnun Seðlabanka Íslands sem deild innan bankans og undir yfirstjórn hans. Ný lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, breyttu þar engu um. Flutningsmenn þessa frumvarps telja hins vegar höfuðnauðsyn að á Íslandi verði — eins og í velflestum vestrænum ríkjum — starfrækt fullkomlega sjálfstætt og óhlutdrægt bankaeftirlit, óháð m.a. Seðlabanka sem eðli máls samkvæmt ætti að falla undir eftirlit slíkrar stofnunar og er hluti af hagstjórnartækjum ríkisins. Aðskilnaður þessara stofnana er því tvímælalaust til styrktar eðlilegri verkaskiptingu stofnana ríkisins og eðlilegri starfsemi innlends peningamarkaðar.

Meginhlutverk Seðlabanka Íslands er að hafa stjórn á peningamagni í umferð og að „framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt“ eins og segir í 3. gr. laga nr. 36/1986. Seðlabanki á jafnframt „að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við“. Hann á að fara með gengismál, annast gjaldeyriskaup og gjaldeyrissölu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um gjaldeyris- og peningamál. Loks er hann banki innlánsstofnana, en jafnframt skal hann einnig samkvæmt núgildandi lögum hafa eftirlit með viðskiptum þeirra.

Seðlabanka Íslands eru ætluð mörg hlutverk og ekki alltaf samræmanleg. Það hefur a.m.k. enn ekki tekist að finna formúlu fyrir þeirri peninga- og lánsfjárstjórn seðlabanka sem í senn tryggir stöðugt verðlag *og* hagkvæmustu nýtingu framleiðslugetunnar hverju sinni. Í þessu samhengi skiptir þó meira máli að það kann að reynast ósamrýmanlegt hlutverk að fara bæði með stjórn peninga- og lánsfjármála samkvæmt stefnu stjórnvalda hverju sinni *og* vera banki innlánsstofnana *en* hins vegar að hafa jafnframt þess konar eftirlit með starfsemi bankanna að fjárhagsöryggi sparifjáreigenda sitji í fyrirrúmi. Enn fremur hlýtur að vera ósættanlegt ósamræmi í því að seðlabanki hafi yfirstjórn bankaeftirlits, eftirlits sem hann hlýtur eins og áður segir að falla að hluta undir sjálfur.

Það er engin tilviljun að öll mikilvægustu iðnríki hafa þróað sjálfstætt bankaeftirlit með víðtæku hlutverki sem lúta að því að tryggja heilbrigðan peningamarkað. Í þessum löndum er gerður skýr greinarmunur á hlutverki bankaeftirlits annars vegar og stjórn peninga- og lánsfjármála hagstjórnandans hins vegar. Í fyrstu tóku lög um bankaeftirlit víðast hvar aðeins til innlánsstofnana, en með sívaxandi framboði á nýjum tegundum viðskipta á þessari öld hefur hlutverk bankaeftirlits verið endurskilgreint til að tryggja eðlileg samkeppnisskilyrði og sérstaklega vörslu sparifjár í nútímahagkerfi. Og eftir því sem stórfyrirtækjum hefur vaxið fiskur um hrygg og samkeppni minnkað, ekki síst í peningaviðskiptum, hefur bankaeftirlit fengið æ stærri hlutverk í sambandi við eftirlit með viðskiptaháttum,

gjaldskrám og verðskrám banka og annarra aðila peningamarkaðarins. Þróunin hefur einnig gengið í þá áttina að sömu fyrirtæki starfa í mörgum löndum og sífellt meira fjárstreymi er yfir landamæri vegna vaxandi milliríkjaverslunar og hvort tveggja hefur kallað á sérstakt eftirlitshlutverk bankaeftirlits. Bankaeftirliti hefur sérstaklega í hinum smærri iðnríkjum verið falið strangt eftirlit með öflun og notkun erlends lánsfjár og með starfsemi erlendra peningasýslustofnana á innlendum vettvangi.

Meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndum ríkir hefð fyrir styrku eftirliti með peningamarkaðnum. Verkefni danska og sænska bankaeftirlitsins, þar sem peningamarkaður er þróaðastur á Norðurlöndum, er þannig ekki aðeins að fylgjast náið með starfsemi banka og sparisjóða með hag sparifjáreigenda í huga heldur einnig með hringamyndunum og samkeppnisaðstæðum í viðskiptalífinu. Mikil áhersla er einnig lögð á sjálfstæði bankaeftirlits á Norðurlöndum, óháð stjórnvöldum og seðlabanka. Í lögum viðkomandi landa er ítarleg upptalning á hlutverki bankaeftirlits og reynt að tryggja að til yfirstjórnar þessara stofnana veljist menn sem njóta almenns trausts vegna þekkingar sinnar á peningamarkaðnum og ekki eiga hagsmuni í þeim stofnunum sem þeim er ætlað að stjórna eftirliti á.

En á rótgrónum peningamörkuðum Englands, Frakklands og Þýskalands er hlutverkið margslungnara, einkum vegna alþjóðlegu viðskiptanna. Í Bretlandi verða peningastofnanir af þessum sökum að sækja um starfsleyfi hjá Englandsbanka. Efnahagsbandalagslöndin starfrækja sterkt bankaeftirlit, óháð seðlabanka og hagstjórnarvaldi, bæði til að halda uppi nauðsynlegu eftirliti og til að skapa stjórnvöldum aðgang að upplýsingum og möguleika á ráðgjöf.

Atburðir síðasta árs á íslenskum peningamarkaði, einkum „Útvegsbankamálið“, vekja þá spurningu hvort eftirlit með starfsemi innlendra peningastofnana sé nægilegt til að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda. Ónákvæmt mat yfirstjórnenda eins ríkisbankanna á eiginfjárstöðu lántakenda hefur sett bankann í gjaldþrotastöðu. Athugasemdum bankaeftirlitsdeildar Seðlabankans um þróun mála undangengin ár í þessum banka var oft stungið undir stól. Það er kostnaðarsamt fyrir þjóðarbúið ef mikilvægu sparifé er kastað á glæ í óarðbæra fjárfestingu á sama tíma og við stöndum frammi fyrir mörgum góðum fjárfestingarkostum og verulegum erlendum skuldum.

En það er einnig mikilvægt að íslenskt bankaeftirlit sinni eftirliti með sífellt fleiri aðilum hins innlenda verðbréfa- og peningamarkaðar, sérstaklega með ávöxtunarkjörum, gjaldskrám og samkeppnisaðstæðum. Enn fremur teljum við mjög mikilvægt að bankaeftirlitið geti fylgst með erlendu lánsfé og fjölþjóðlegum viðskiptum sem snerta hagsmuni landsins.

Það er ljóst að þeir níu starfsmenn Seðlabanka Íslands, sem nú starfa innan bankaeftirlitsins, eiga lítinn möguleika á að sinna þeim skyldum sem núgildandi lög kveða á um. En það er gersamlega óhugsandi að þessi stofnun geti nú sinnt þeim kröfum sem þróuð iðnríki gera til sambærilegra stofnana. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ný stofnun, Bankaeftirlit ríkisins, verði sett á laggirnar og verði búin þeirri aðstöðu sem hún þarfnast til að sinna eftirliti með nútímapeningamarkaði á Íslandi. Linnulausar ófarir okkar í peningamálum, óarðbær dreifing fjármagns til gagnslausrar atvinnustarfsemi, stórfellt brask með skuldir húsbyggjenda og óreiða í vaxtamálum kalla á sjálfstætt bankaeftirlit með vel skilgreint hlutverk og tryggðan fjárhagslegan grundvöll.

Í því skyni er þetta frumvarp flutt.

Ed. 78. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59 1. júní 1983.

Flm.: Helgi Seljan.

1. gr.

1. tölul. 13. gr. laganna orðast svo:

Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti: Heilsugæslustöð 2 (H2) þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H1) þar sem starfar einn læknir hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð. Heilsugæslustöð H þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur reglulega móttöku. Ráða skal lækni til starfa við H1-stöðvar 3–6 mánuði á ári eftir ástæðum sem héraðslæknir og landlæknir meta. Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2-stöð hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H-stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með. Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1- eða H2-stöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingin, sem lögð er til í frv. þessu, varðar H1-stöðvar, að í stað heimildar til ráðningar viðbótarlæknis komi nú skylda til ráðningar í 3–6 mánuði eftir ástæðum sem héraðslæknir og landlæknir meta. Þess skal sérstaklega getið að heilbrigðisráðuneytið hefur nýtt eina stöðuheimild til að dreifa á heilsugæslustöðvarnar til viðbótar eftir mati á þörf hverju sinni og því ekki um hreinan viðbótarkostnað að ræða að öllu leyti þótt heimildin verði gerð að skyldu.

Ein styrkasta stoð búsetuöryggis úti á landsbyggðinni er heilsugæsluþjónustan. Uppbygging þeirrar þjónustu í kjölfar laganna um heilbrigðisþjónustu frá 1973 hefur að vísu gengið hægar en efni stóðu til og m.a. hefur stórfelldur niðurskurður framkvæmda í þessum málaflokki sagt til sín á síðustu árum.

Erfiðast er hér um vik í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem einn læknir starfar að jafnaði og hafa þó flest umdæmi búið við unandi öryggi í þessum málum. M.a. kom þar mjög til hjálpar lagabreyting eða lagabót sem gerð var við endurskoðun heilbrigðislaganna 1983 þar sem heimilað var að ráða til starfa annan lækni við H1-stöðvarnar, að vísu mjög tímabundið.

Þessi heimild hefur nokkuð verið nýtt, svo sem áður segir, til ótvíræðra hagsbóta fyrir viðkomandi umdæmi og hefur létt mjög á þeim læknum sem þar starfa einir, oft við örðug skilyrði á ýmsan veg.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi var gerð ákveðin ályktun um þetta vandamál og birtist hún orðrétt hér sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Hér er sem sagt komið til móts við þessa ályktun sem áreiðanlega á hljómgrunn víða eða hvarvetna sem H1-stöðvar eru reknar. Því er frv. þetta flutt svo að reyna megi á vilja Alþingis til sjálfsagðrar leiðréttingar.

Fylgiskjal.

Ályktun SSA um heilbrigðismál.

Aðalfundur SSA, haldinn á Egilsstöðum 28. og 29. ágúst 1986, ályktar að skora á yfirvöld heilbrigðismála og Alþingi að tryggja með fjárframlögum að ráðnir verði viðbótarlæknar að eins læknis heilsugæslustöðvum í fjórðungnum sem nemur hálfu ári á stöð. Jafnframt verði tryggt að laun lækna við H1-stöð verði sambærileg við laun annarra heilsugæslulækna þar sem það á við.

Greinargerð.

Í einmenningshéruðum eru tíð læknaskipti og stundum læknisleysi. Skapar það öryggisleysi og torveldar uppbyggingu heilsuverndar á viðkomandi svæðum. Álag á lækna í þessum héruðum er meira en svo að þeir geti risið undir því til lengdar. Því er lagt til að nýttar verði heimildir laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og ráðnir verði tímabundið ár hvert viðbótarlæknar á H1-stöðvar. Til þess að svo megi verða í fjórðungnum þarf fjárveitingar sem nemur tveim læknisstöðum.

Ed. 79. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð skipa sjö menn. Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara. Þá skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn fulltrúa hvor í tryggingaráð, svo og varamenn þeirra.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er sú breyting lögð til um skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttháir, þ.e. frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Flutningsmaður hefur einnig hugleitt þann möguleika að fulltrúi aldraðra yrði í ráðinu einnig, en vandséð er hvaða aðili gæti tilnefnt fulltrúa þeirra í ráðið. Sé það unnt er um sjálfsagðan hlut að ræða sem ber að athuga í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar.

Tryggingastofnun ríkisins er viðamikil og á hennar vegum fer fram víðfeðm og um leið vandasöm starfsemi. Gleggst sést þetta af frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnr nemi nálægt 10 milljörðum króna, eða u.þ.b. 25% ríkisútgjalda. Lífeyristryggingar eru þar upp á um 5,7 milljarða króna og sjúkratryggingar nema tæpum 3,9 milljörðum króna.

Hér er um málaflokk að ræða sem vissulega þarf og á að fá mikið fjármagn til skipta. Elli- og örorkulífeyrir er nú hvergi nærri því sem vera þyrfti til þess að allir fái þar unandi hlut. Sama er að segja um sjúkradagpeninga og svo mætti lengi telja.

Á borð þessarar stofnunar koma fjöldamörg verkefni til umfjöllunar og úrskurðar og oft mjög vandmeðfarin. Flutningsmaður fullyrðir að embættismenn þessarar stofnunar leggi sig mjög í líma við að leysa úr málum og veita sem sanngjarnasta úrlausn. Gagnrýni á ýmislegt, sem þar mætti enn betur fara, á eflaust vissan rétt á sér, enda undarlegt ef svo væri ekki með hliðsjón af þeim fjölmörgu vafaatriðum sem þar er kveðinn upp úrskurður um.

Æðsta ráð þessarar stofnunar er tryggingaráð sem m.a. setur reglur um fjölmargt á grundvelli laganna um almannatryggingar. Þangað er ýmsu því vísað sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á, auk þess sem tryggingaráð fer með yfirstjórn stofnunarinnar og hefur æðsta vald við helstu ákvarðanir.

Hér er ekki lögð til breyting á kjöri fimm fulltrúa í tryggingaráð á Alþingi og allra síst er hér verið að kasta nokkurri rýrð á þá ágætu fulltrúa sem þar sitja og hafa setið, eða þeim vantreyst til góðra verka. Hins vegar eru flest vandasömustu úrlausnarefnin, álitaefnin, á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Flutningsmaður telur það því bæði eðlilegt og sanngjarnt, að þessi samtök eða fulltrúar þeirra setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnu fulltrúum sem fyrir eru.

Eflaust mun því haldið fram að hér komi þeir aðilar að málum sem eiga of ríkra hagsmuna að gæta fyrir umbjóðendur sína til að geta tekið hlutlausar ákvarðanir. Hitt vegur þó þyngra að mati flutningsmanns að hér munu koma að verki nákunnugir aðilar, fólk sem veit hvar skórinn helst kreppir og sem einnig getur eytt óþarfa misskilningi og tortryggni milli einstaklinga og hópa annars vegar og stofnunarinnar hins vegar.

Í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, sem úthlutar talsverðu fjármagni og kveður upp erfiða og vandasama úrskurði oft á tíðum, eiga fulltrúar þessara samtaka verðugan og réttmætan sess og ekki hefur heyrst um neina hagsmunaárekstra þar, miklu fremur telur flm. að þetta fyrirkomulag á skipun stjórnarnefndar hafi til heilla orðið og mælir þar af nokkurri reynslu.

Flutningsmaður telur einsýnt að á það verði látið reyna á Alþingi hver vilji þess er varðandi tryggingaráð, ekki síst með tilliti til farsællar reynslu af starfi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra þar sem fulltrúar fatlaðra ráða svo mjög um mótun alla sem og ákvarðanatöku.

Lögin um málefni fatlaðra eru ung og þar þótti Alþingi nauðsyn til bera að hagsmunaaðilar kæmu ríkulega inn í myndina varðandi alla stjórn. Á þessum mikilvæga og víðfeðma vettvangi eru ekki síðri ástæður fyrir því að fulltrúar þessara þýðingarmiklu og öflugu samtaka komi að málum til heilla jafnt fyrir stofnunina sjálfa sem og umbjóðendur samtakanna. Því er frv. þetta flutt.

Sþ. 80. Beiðni um skýrslu [80. mál]

frá forsætisráðherra um fíkniefnamál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Karvel Pálmasyni, Kjartani Jóhannssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fíkniefnavandann og til hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggist grípa til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna.

Í skýrslunni verði m.a. leitast við að svara eftirtöldum spurningum:

1. Hvað má áætla að fíkniefnanotkun sé útbreidd hér á landi og hvernig dreifist neyslan eftir aldurshópum?
2. Hvert er umfang neyslunnar miðað við nágrannalöndin og hvað er áætlað að mikið sé flutt inn af ólöglegum fíkniefnum?
3. Hve mikið hefur verið gert upptækt af ólöglegum fíkniefnum s.l. 10 ár?
4. Hve mikill hefur upptækur hagnaður vegna sölu ávana- og fíkniefna verið s.l. 10 ár? Hvernig hefur honum verið ráðstafað?
5. Hvað má áætla að margir bíði varanlegt heilsutjón árlega vegna fíkniefnanotkunar?
6. Hvað hafa stjórnvöld gert s.l. 5 ár í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn fíkniefnanotkun?
7. Hve margar eru innlagnir á meðferðarstofnanir vegna ávana- og fíkniefnaneyslu á s.l. 5 árum?
8. Hvaða úrræði og aðstaða er fyrir hendi til að veita fíkniefnaneytendum nauðsynlega meðferð og aðstoð til að vinna bug á fíkniefnaneyslu? Hvernig er aðstöðu hér á landi háttað samanborið við önnur norræn lönd?
9. Eru fyrir hendi upplýsingar um hve mörg afbrot á s.l. 10 árum megi rekja beint til fíkniefnaneyslu?
10. Hafa vopn — og þá hvaða og hversu oft — fundist í fórum þeirra sem teknir hafa verið fyrir sölu, dreifingu eða neyslu fíkniefna?
11. Hve mörg dauðsföll og sjálfsvíg má rekja til fíkniefnaneyslu?
12. Hvað má áætla að fíkniefnaneysla kosti í beinum fjármunum þann sem svo hefur ánetjast henni að hann neytir fíkniefna nær daglega?
13. Hefur verið kannað hvort, og þá hve mikil, fíkniefnaneysla eigi sér stað í fangelsum? Hvað hefur verið gert til að koma í veg fyrir slíkt?
14. Hve margir innan toll- og löggæslu hafa á s.l. 5 árum fengið sérstaka þjálfun á sviði fíkniefnamála? Hver er meðalstarfsaldur þeirra sem starfað hafa að fíkniefnamálum innan toll- og löggæslu?
15. Hvernig er háttað upplýsingamiðlun og samvinnu við erlend toll- og löggæsluyfirvöld?
16. Hvaða tækjakosti hefur toll- og löggæsla yfir að ráða, og hefur að fullu verið komið til móts við óskir toll- og löggæslu um tækjabúnað vegna eftirlits og rannsókna á fíkniefnum?
17. Hvað hefur ríkissjóður látið mikið fjármagn til aðgerða gegn fíkniefnum s.l. 5 ár? Hve mikið er það fjármagn samanborið við fjárframlög annars staðar á Norðurlöndum?
18. Hvernig er viðurlögum háttað við fíkniefnabrotum? Hvernig hefur þeim verið beitt og hve margir dómar hafa fallið vegna fíkniefnabrota? Hvaða fjárhæð hafa sektir numið og hvað mikið hefur innheimst?

19. Hefur löggæsla óheftan aðgang að pósti þegar grunur leikur á um að fíkniefni berist með pósti til landsins?
20. Hvaða þróun hefur orðið í neyslu vanabindandi löglegra lyfja s.l. 10 ár, skipt milli kynja?
21. Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna? Hvaða áform eru uppi til að aðstoða þá sem þegar hafa ánetjast fíkniefnum?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 22. okt. 1986.

Jóhanna Sigurðardóttir.	Eiður Guðnason.	Guðmundur Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Karl Steinar Guðnason.	Karvel Pálmason.
Kjartan Jóhannsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Stefán Benediktsson.

Greinargerð.

Neysla fíkniefna er orðið alvarlegt þjóðfélagslegt vandamál hér á landi eins og í öðrum löndum. Talið er að gífurleg aukning hafi orðið á fíkniefnaneyslu hér á undanförnum árum. Jafnframt er talið að sterkari og hættulegri fíkniefni séu í umferð en áður var. Ógnvekjandi tölur hafa einnig birst sem benda til þess að gífurlegt magn eiturefna sé í umferð. Þótt ekki beri öllum saman um hve mikið magnið er er þó ljóst að aðeins brot af því hefur verið gert upptækt af toll- og löggæslu.

Þegar er ljóst að fjöldi fólks, aðallega ungmenni, hefur orðið fórnarlömb fíkniefnaneyslunnar. Talið er að flestir neytendanna séu á aldrinum 20–30 ára. Ekki eru þó ófá dæmi um fíkniefnaneyslu hjá 14–15 ára unglingum. Afleiðingar fíkniefnaneyslunnar eru því þegar orðnar mjög alvarlegar. Þær birtast í þjáningu og kvöl fjölda ungmenna sem ánetjast hafa fíkniefnum. Það er ekki aðeins að fíkniefnaneysla hafi eyðilagt lífshamingju fjölda ungmenna, heldur eru afleiðingarnar ekki síður skelfilegar fyrir heimili og fjölskyldur fíkniefnaneytenda.

Alvarleg afbrot og þjófnaðir, sem eru framin til að fjármagna neysluna, gerast algengari. Reynsla nágrannaþjóða okkar í Vestur-Evrópu talar skýru máli um þá skelfilegu þróun sem orðið hefur á s.l. árum. Ofbeldi, misþyrmingar, rán og jafnvel manndráp hafa margfaldast, og má rekja það beint til fíkniefnaneyslu. Þeim, sem vistaðir eru á sjúkrahúsum og meðferðarstofnunum vegna notkunar fíkniefna, hefur fjölgað gífurlega.

Nú þarf þjóðarátak til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og neyslu þessara eiturefna. Í því sambandi skiptir hver einasta vika máli. Stjórnvöld þurfa að taka þessi mál föstum tökum þegar í stað. Allir, sem láta sig þessi mál skipta, þurfa að leggjast á eitt til að koma í veg fyrir að heimilin í landinu og þjóðin öll þurfi að búa við þessa þjóðfélagsmeinsemd lengur en orðið er. Hér er ekki aðeins í húfi lífshamingja fjölda einstaklinga og heimila þeirra — ekki aðeins hin mannlegu verðmæti. Afleiðingarnar eru einnig gífurleg útgjöld, m.a. á sviði heilbrigðis-, tryggingа- og félagsmála, sem mun fara vaxandi verði ekkert að gert. Það er því mikilvægt að stjórnvöld hafi skilning á þessu máli og leggi fram það fjármagn sem þarf til að hefta eins og kostur er útbreiðslu og neyslu þessara skaðlegu efna.

Ljóst er að fíkniefnamál falla með einum eða öðrum hætti undir mörg ráðuneyti, enda hefur mikið skort á að heildarstjórn og samræming á aðgerðum gegn fíkniefnavandanum sé fullnægjandi. Mikilvægt er að Alþingi láti þessi mál til sín taka í miklu meira mæli en hingað til, bæði að því er varðar nauðsynlega löggjöf um ýmsa þætti fíkniefnavandans, svo og að því er varðar stóraukin fjárframlög í fjárlögum til að beita megi öllum ráðum til að hefta dreifingu og neyslu fíkniefna. Ekki síst er nauðsynlegt að Alþingi fjalli ítarlega um hvernig heildarstjórn og samræming einstakra þátta, sem falla undir einstök ráðuneyti, verði best fyrir komið.

Beiðni þessi um skýrslu frá forsætisráðherra um fíkniefnavandann er fram borin til þess að Alþingi fái heildaryfirsýn yfir alla þætti mála sem tengjast fíkniefnavandanum. Í annan stað er nauðsynlegt að Alþingi verði veittar upplýsingar um til hvaða ráða ríkisstjórnin hyggst grípa til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna, sem og að fá fram hvaða úrræðum verður beitt til aðstoðar þeim sem þegar hafa ánetjast fíkniefnum.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hér er beðið um, fæst einnig betri yfirsýn yfir nauðsynlegar fjárveitingar sem brýnt er að leggja til þessa máls, og enn fremur hvaða úrræðum er best að beita í löggjöf til að raunhæfur árangur náist í baráttunni gegn fíkniefnavandanum.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 81. Fyrirspurn [81. mál]

til heilbrigðisráðherra um skipan í héraðslæknisembætti á Vestfjörðum.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hvaða sjónarmið lagði ráðherra til grundvallar er hún skipaði í stöðu héraðslæknis Vestfjarða nýlega?
2. Hvers vegna var fyrrverandi héraðslæknir ekki skipaður í stöðuna á ný?

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um áætlun um reiðvegagerð.

Flm.: Páll Pétursson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri áætlun um reiðvegagerð um landið. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerð ríkisins, einum tilnefndum af Landssambandi hestamanna, einum tilnefndum af skipulagsstjóra ríkisins og tveimur án tilnefningar.

Nefndin meti hver þörf er á nýjum reiðvegum, hvar varðveita skal gamla reiðvegi og hvar er heppilegast að reiðvegir liggi þannig að hestamönnum sé greið umferð um landið.

Nefndin skili áætluninni fyrir haustið 1987 þannig að framkvæmdir geti hafist samkvæmt henni sumarið 1988.

Greinargerð.

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og fjöldi fólks sækir sálubót og hreysti í samfélag við hesta og til ferðalaga á hestum. Með aukinni bílaumferð og bættum akvegum er umferð ríðandi fólks um marga þjóðvegi landsins orðin stórhættuleg og jafnvel ómöguleg. Á undanförnum árum hefur verið unnið stórvirki í vegagerð en umferð hestamanna hefur ekki verið sinnt nema að allt of litlu leyti. Á árinu 1985 var varið 400 þús. kr. til reiðvegagerðar og 1986 einni milljón. Þetta er auðvitað allsendis ófullnægjandi. Reiðvegagerð þarf ekki að vera dýr, sérstaklega ef hún er unnin með fyrirhyggju. Vegagerðin hefur sums staðar gætt þess við frágang vega, fyrir atbeina Landssambands hestamanna, að reiðmönnum væri fær leið meðfram vegum. Þetta hefur hins vegar ekki alls staðar verði gert og af því skapast slysahætta og leiðindi.

Skynsamlegast er að gera áætlun um það hver þörf sé fyrir nýja reiðvegi um landið, hvar beri að varðveita gamla reiðvegi og hvar heppilegast er að reiðvegir liggi. Þannig mundu fjármunir og verktækni nýtast betur en ella og óhjákvæmilegt er að leggja stóraukna áherslu á reiðvegagerð.

Íslendingar hafa ferðast á hestum um landið frá upphafi Íslands byggðar; óhæfa er að gera þeim það ómögulegt nú. Þess ber og að gæta að ríkisvaldið ver miklu fé til tómstunda og íþróttamála og einnig til lista. Hestamennska er hin göfugasta tómstundaiðja og auk þess bæði íþrótt og list þannig að eðlilegt er að verja allnokkru almannafé til þess að auðvelda fólki iðkun hestamennsku.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra, í samvinnu við einstök ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, að láta gera yfirlit um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Greint verði á milli samskipta er lúta að framkvæmdum annars vegar og rekstri og ýmissi þjónustu hins vegar. Fram komi skuldbindingar og fjárhagsstaða hvors aðila fyrir sig miðað við árslok 1985. Greinargerð um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt nokkuð seint á síðasta þingi og hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 fylgir yfirlit um stöðu framkvæmda við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Þetta yfirlit er ekki nema einn þáttur af mörgum sem tillagan fól í sér og því er hún endurflutt.

Tilgangurinn með þessari tillögu til þingsályktunar er að skýra og draga fram fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Um áraraðir hefur verið fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnir hafa haft einföldun samskipta þessara tveggja stjórnstiga að stefnumiði með það að leiðarljósi að fella saman ákvörðunarvald og fjárhagsábyrgð. Nefndir á vegum ríkis og sveitarfélaga hafa fjallað um málið án þess að verulegar breytingar til einföldunar hafi komist á.

Nauðsynlegt er að árlega liggi fyrir yfirlit um fjárhagsskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga. Það yrði ótvírætt til hagræðis og einföldunar allri málsmeðferð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, þingmenn, fjármálaráðuneyti og önnur ráðuneyti og sveitarstjórnir ef yfirlit sem þetta væri fyrirliggjandi þegar Alþingi fjallar um fjárlög og sveitarstjórnir um fjárhagsáætlanir sínar. Víða hafa aðilar ekki komið á formlegum samningum um sameiginlegar framkvæmdir en kröfur aftur á móti komið fram sem eru þó engan veginn staðfestar eða viðurkenndar af hlutaðeigandi aðilum. Það er því brýnt að þessi mál séu skoðuð sérstaklega og að ríkisvaldið og sveitarstjórnir komi meiri formfestu á samskipti sín. Hér er ekki síst haft í huga að gerðir verði samningar um sameiginleg verkefni.

Svo sem kunnugt er tekur ríkissjóður lögum samkvæmt þátt í ýmiss konar framkvæmdum með sveitarfélögum, svo sem hafnargerð, skólabyggingum, sjúkrahúsuppbyggingu, heilsugæslustöðvum og dagvistarheimilum. Í flestum tilvikum hafa sveitarfélögin frumkvæði að framkvæmdum. Umsjón framkvæmda er aftur á móti með mismunandi hætti. Skólaframkvæmdir annast sveitarfélögin að verulegu leyti, sama á við um dagvistarheimilabyggingar. Ríkið sér aftur á móti almennt um framkvæmdir við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar enda hlutur ríkisins í þeim framkvæmdum miklu stærri. Framlög ríkisins til þessara framkvæmda eru ákveðin í fjárlögum hvers árs. Þessi framlög hafa farið minnkandi að raungildi undanfarin ár og telja mörg sveitarfélög að þau eigi miklar kröfur á ríkissjóð af þessum sökum þó að þar séu ekki skriflegar skuldbindingar. Í fjárlögum ársins 1986 er t.d. veitt einhver fjárhæð til u.þ.b. 240 skólamannvirkja, ýmist til byggingarframkvæmda eða undirbúnings. Alls eru fjárveitingar til um 36 sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða og til um 70 dagvistarstofnana.

Af sameiginlegum rekstrarþáttum má nefna grunnskóla, framhaldsskólastigið að hluta, sjúkrasamlög, atvinnuleysistryggingar og málefni fatlaðra. Fjárhagsaðild ríkis og sveitarfé-

laga er ákvörðuð með lögum og reglugerðum. Um margt má bæta samskipti þessara aðila og nægir í því sambandi að minna á árlega erfiðleika vegna greiðslu kostnaðar við akstur skólabarna á grunnskólastigi. Á móti má nefna útistandandi kröfur ríkisins á sveitarfélögin vegna málefna fatlaðra.

Þessi tillaga er flutt til þess að draga fram alla þætti fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga. Með því móti á Alþingi, svo og allir hlutaðeigandi aðilar, að geta gert sér betur grein fyrir og metið stöðu málsins en nú er. Tillagan þjónar því tvíþættum tilgangi, þ.e. í fyrsta lagi að greiða fyrir umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og einnig að bæta vinnubrögð í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um auglýsingalöggjöf.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu þingmanna til að undirbúa, í samráði við helstu hagsmunaaðila, heildarlöggjöf um auglýsingar. Við vinnu sína skal nefndin taka sérstaklega mið af þeim miklu breytingum sem orðið hafa eða standa fyrir dyrum á sviði fjölmiðlunar. Jafnframt skal nefndin hafa að leiðarljósi að tryggja sem best gæði auglýsinga og eðlilega og nauðsynlega neytendavernd, þar með talið að vernda börn og unglinga fyrir innrætandi auglýsingum.

Nefndin skal hraða störfum og skila áliti sínu í frumvarpsformi til Alþingis eigi síðar en í lok febrúar 1987.

Greinargerð.

Engin heildarlöggjöf er til um auglýsingar á Íslandi. Það er aðeins kaflinn um neytendavernd og óréttmæta viðskiptahætti í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá 16. maí 1978 sem unnt er að styðjast við. Sá kafli getur engan veginn talist fullnægjandi sem lagaákvæði um allt er að auglýsingum vöru og þjónustu lýtur og því brýnt að sett verði sérstök löggjöf um þetta svið. Jafnhliða væri full ástæða til að endurbæta ákvæði um upplýsingaskyldu seljanda, nægar og réttar upplýsingar, bann við villandi umbúðum og annað, hvar í lögum sem slík ákvæði yrðu sett til frambúðar.

Öllum er ljóst að geysilegar breytingar eru að verða á sviði fjölmiðlunar. Með mjög fáum undantekningum (áfengi og tóbak, lyf o.s.frv.) eru auglýsingar hvers kyns vöru og þjónustu leyfðar í öllum íslenskum fjölmiðlum og eftir því sem þeim fjölgar og rekstrarform þeirra verður margbreytilegra vex þörfin á skýrum lagaákvæðum og reglum til að vinna eftir.

Eftir því sem reynsla margra nágranna okkar hefur fært heim fleiri sannanir um áhrifamátt nútímafjölmiðla hefur skilningur manna vaxið á þörfinni fyrir neytendavernd. Á þetta ekki síst við um auglýsingar. Nauðsynlegt er að setja fastmótaðar reglur um gæði auglýsinga, réttar upplýsingar og því um líkt. Sérstakrar varúðar verður að gæta þegar auglýstar eru vörur er einkum höfða til þeirra neytendahópa sem viðkvæmastir eru fyrir áhrifum og innrætingu, svo sem börn og unglingar.

Hér skulu tekin tvö dæmi um auglýsingar sem báðar hljóta að teljast orka tvímælis. Hið fyrra eru þær auglýsingar sem oft heyrast um vörukaup með afborgunarskilmálum þar sem af auglýsingunni verður ekki ráðið annað en fyrsta útborgun ein og sér dugi fyrir vörunni.

Hver kannast ekki við að heyra eitthvað af þessu tagi: „Átt þú 4 þúsund krónur? Þá færð þú ... hjá okkur", þó að varan kosti tugi eða hundruð þúsunda króna. Annað dæmi sem hlýtur að teljast á mörkunum, a.m.k. í siðferðislegu tilliti, er stórt auglýsingaspjald sem komið var upp við innkeyrslu að söluturni á Suðurlandi og á stóð **NAMMI**. Slík auglýsing sem höfðar beint til barnanna, getur naumast talist heppileg hvort sem litið er heldur til hollustusjónarmiða eða hinnar uppeldislegu hliðar.

Slík dæmi, og önnur hæpnari, eru óteljandi. Hér skal ekki lagður neinn dómur á það hvað eðlilegt yrði talið að leyfa og hvað ekki. Um hitt geta vonandi flestir orðið sammála að nauðsynlegt sé að hafa skýrar reglur í þessu efni.

Mikilvægt er að við undirbúning löggjafar um þessi málefni verði haft náið samstarf við hagsmunaaðila, svo sem samtök neytenda, auglýsendur, starfsfólk í auglýsingaiðnaði, verðlagsyfirvöld, aðila sem annast hollustu- og gæðaeftirlit o.fl.

Fylgiskjal I.

Auglýsingar eða fréttir?

Forustugrein úr Neytendablaðinu, 1. tbl. október 1986.

Auglýsingar hafa jafnan verið ríkur þáttur þess að koma neysluvarningi á framfæri og selja hann. Sá sem hæst hrópar, er fundvísastur á sniðugt orðfæri eða hefur í frammi athyglisverðustu kúnstirnar, á jafnan meiri söluvon en sá sem stendur hljóður hjá vöru sinni, jafnvel þótt hún sé jafngóð eða betri. Þetta á jafnt við um torgsölumenn fyrri alda og auglýsendur í sjónvarpi sem elta neytendur inn í friðhelgi heimilanna.

Frá komu sjónvarps til Íslands má greina verulega breytingu á auglýsingum. Erlendar fyrirmyndir komu allt í einu fyrir hvers manns augu og íslenskir auglýsingagerðarmenn roðnuðu við samanburðinn, hristu af sér „afdalamennskuna" og reyndu að líkja eftir. Fjarri fer því að allir telji þessa þróun til bóta. Sölumennskan hefur harðnað. Sífellt meiri hugkvæmni og tækni er beitt við að gera vörur sem eftirsóknarverðastar. Sífellt meira fjármagni er varið til þess að telja neytendum trú um að einhver vara sé annarri betri. Fáránlegustu slagorðum og fullyrðingum er beitt. Fólk á að brosa og öðlast hamingju ef það drekkur dísæta sykurdrykki, verða miðpunktur samkvæma í fötum frá ákveðnum aðila, veröldin snýst á betri veg með drykkju ákveðinnar kaffitegundar, og þannig mætti lengi telja.

Fagmenn og fyrirtæki eru orðin allsráðandi í auglýsingagerð. Dýrir sérfræðingar, sem hafa aðeins eitt markmið — að gera vöru seljanlega. Sumir svífast lítils til þess að sýna hæfni sína, enda eru þeir einnig að selja þ.e. selja sölutækni sína. Sérfræðingar í auglýsingagerð gera vöruna girnilegri og sérfræðingar í almannatengslum gera fyrirtækin aðlaðandi. Fjármagnið streymir og neytendur borga brúsann.

Um allan heim hafa stjórnvöld séð sitt óvænna og sett lög til þess að vernda neytendur fyrir óhæfilegum auglýsingum og skrumi og seljendur hafa komið sér saman um siðareglur til þess að „stríðið" fari ekki úr böndunum. Eins og frá var skýrt í síðasta Neytendablaði hafa Neytendasamtökin reynt að leggja sitt lóð á vogarskálina með því að taka sæti í siðanefnd um auglýsingar. Þrátt fyrir lög og siðareglur ber þó talsvert á því að auglýsendur fari út fyrir markaðar línur, annað hvort af þekkingarleysi eða af útsmognu virðingarleysi.

Í kjölfar sjónvarpsauglýsinga á Íslandi fylgdi þróun sem neytendur hljóta að vera á varðbergi gagnvart. Blöð og tímarit sáu spón úr aski sínum tekinn og bjuggust til varnar.

Tímaritin urðu glæstari og litskrúðugri og gátu boðið seljendum fallegri, áhrifameiri og jafnframt dýrari auglýsingar. Það sem verra er, þau fóru í auknum mæli að bjóða þjónustu, sem ekki hefur þótt til fyrirmyndar af þeim sem standa vörð um svokallað siðgæði. Tímarit og dagblöð birta misdulbúin „viðtöl“ við seljendur sem reka þar áróður fyrir ágæti vöru sinnar eða þjónustu og kaupa jafnframt í sama blaði ákveðið magn auglýsingarýmis. Viðtölin eru dulbúin sem fræðsla og stundum er jafnvel fjallað um fyrirtækin og vörurnar eins og um einhvers konar gæðamat sé að ræða. Ensk tunga á heiti yfir eina tegund slíkra auglýsinga. Þegar svona „blaðamennska“ gengur lengst kaupa fyrirtækin leiðara blaðsins. Það kalla enskir Advertorial (advertisement-editorial). Kannski mætti segja á íslensku að þá séu ritstjórarnir farnir að skrifa skrumara í stað leiðara. Í slíkum tilfellum leggst ritstjóri blaðs svo lágt að fjalla um eitthvert dægur- eða þjóðfélagsmál en lauma jafnframt inn áróðri um vörur eða fyrirtæki. Á Íslandi þekkjast nú jafnvel dæmi um að fyrirtæki hafi keypt myndbirtingar af forsvarsmönnum sínum utan á forsíður tímarita.

Þegar skrum og skringilegheit hrífa ekki lengur er reynt að gera vöru seljanlegri á þann hátt að „gæði“ hennar séu fréttnæm eða óumdeilanleg. Neytendur treysta fréttamönnum til þess að fara með rétt mál. Þegar svona auglýsingatækni á greiða leið inn í íslenskt samfélag er rík ástæða til þess að óttast að aukin fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi, í formi fjölgunar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva, sem reknar verða með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi, hafi í för með sér hættu á annarri og jafnvel hvimleiðari tegund auglýsinga. Víða erlendis hefur sú þróun orðið að almannatengslafyrirtæki og auglýsingastofur framleiði efni fyrir tímarit, hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar. Þessi framleiðsla er ekki aðeins bundin við skemmtiefni heldur eru einnig búnir til fréttaþættir, jafnvel þannig að hver stöð getur skotið inn rödd eða andliti síns fréttamanns og látið hann lesa upp spurningarnar eins og um bein viðtöl sé að ræða. Spyrjandi og svarandi hafa þó aldrei sést né komið í námunda við hvorn annan. En þetta gerir viðtalið trúverðugra. Inn í þessa þætti eða viðtöl er síðan laumað áróðri fyrir ákveðnum vörum, fyrirtækjum eða hverju því sem ætlað er að koma á framfæri. Litlar stöðvar með lítið fjármagn og fátt starfsmanna eru sérstaklega ginnkeyptar fyrir efni sem þessu. Í Bandaríkjunum hafa verið afhjúpuð mörg dæmi um sölumennsku af þessu tagi, sum lygileg og jafnvel átakanleg.

Þótt menn deili um ágæti auglýsinga eða áhrif þeirra á vöruval er eitt þó óumdeilanlegt. Neytendur eiga skýlausa kröfu á því að greint sé á ljósan hátt milli auglýsinga og annars efnis í fjölmiðlum. Sérstaklega að þeir geti treyst því að fréttir og fræðsluefni séu ekki dulbúinn áróður fyrir söluvarningi. Í þeirri öru þróun sem framundan er í fjölmiðlun á Íslandi eiga neytendur mikið undir siðgæði blaða- og fréttamanna og stjórnenda fjölmiðla. Því trausti mega þeir ekki bregðast, þótt áðurnefnd glöp hafi hent suma þeirra. Bregðist þeir þessu trausti verður löggjafinn að koma til skjalanna og setja skýrar reglur um þessi efni og ströng viðurlög sem framfylgt verði af festu.

Fylgiskjal II.

Siðareglur um auglýsingar.

Bæklingur útgefinn af Sambandi íslenskra auglýsingastofa 1985.

Inngangur

Í bæklingi þessum eru birtar siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins (International Chamber of Commerce), svo og lög og reglugerðir sem gilda hér á landi um auglýsingar á vörum og þjónustu.

Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi voru fyrst birtar *árið 1937 og hafa síðan verið rækilega endurskoðaðar með vissu millibili.* Þær reglur sem hér birtast eru frá árinu 1973 ásamt viðbót um auglýsingar og börn frá 1984.

Siðareglurnar eru aðallega ætlaðar auglýsingaaðilum sem sjálfir vilja beita viðteknum reglum um starfsemi sína og eru þær lagðar til grundvallar í starfsemi yfir 200 stofnana í um það bil 30 löndum. Siðareglunum er einnig ætlað að vera *til viðmiðunar fyrir dómstóla við lögskýringar í einstökum löndum.*

Reglurnar fjalla um alla auglýsingastarfsemi, hvort sem um er að ræða vörur, þjónustu eða aðstöðu. Hins vegar falla kynningarmál og markaðsrannsóknir undir aðrar reglur Alþjóðaverslunarráðsins. Reglurnar eiga að vera grundvallarmælikvarði fyrir alla aðila er starfa á sviði auglýsinga, jafnt auglýsendur, auglýsingastofur og fjölmiðla. Þar sem reglurnar hvetja einkum til sjálfsaga, skulu landssamtök með slíkt markmið nota þær í starfi sínu. Á viðara grundvelli skal reglunum beitt af markaðsmáladeild Alþjóðaverslunarráðsins eftir því sem þörf gerist.

Við túlkun reglnanna skal tekið mið af tilgangi þeirra eigi síður en bókstaf. Vegna þess að mismunandi auglýsingaaðferðir (í blöðum, sjónvarpi, útvarpi, utan dyra, í kvikmyndahúsum o.s.frv.) eru ólíkar í eðli sínu, kann svo að fara að sama auglýsing hljóti samþykki hjá einum slíkum aðila en ekki hjá öðrum.

Auglýsingar skal meta eftir því hvaða áhrif þær eru líklegar til að hafa á neytendur, með það í huga að neytendur líta yfirleitt einungis lauslega á auglýsingar er bera fyrir augu þeirra.

Reglurnar ná til *alls* innihalds í auglýsingum og teljast þar með orð og tölur (í ræðu og riti), myndir, notkun á tónlist og öðrum hljóðáhrifum.

Í siðareglunum er orðið *auglýsing* notað í víðustu merkingu sinni og nær yfir auglýsingar sem snerta varning, þjónustu og aðstöðu, án tillits til þess hvar auglýsingin birtist. Meðtaldar eru auglýsingar utan á umbúðum, á áfestum miðum o.s.frv. Orðið *söluvara* (product) nær yfir þjónustu og aðstöðu. Orðið *neytandi* nær yfir alla einstaklinga sem auglýsingunni er beint til og einnig yfir þá sem verða varir við auglýsinguna yfirleitt, hvort sem það eru dreifingaraðilar eða endanlegir notendur.

Grundvallarhugmyndir siðareglnanna eru, að allar auglýsingar skulu vera löglegar, siðlegar, heiðarlegar og segja sannleikann. Auglýsing skal samin með tilliti til félagslegrar ábyrgðar og þess gætt að viðteknum hefðum um samgirni í samkeppni sé fylgt.

Siðareglur um auglýsingar

1. gr. Velsæmi

Auglýsingar skulu ekki innihalda boðskap, í orðum eða myndum, sem brýtur gegn almennri velsæmiskennd.

2. gr. Heiðarleiki

Auglýsingar skal semja þannig að traust neytandans, takmörkuð reynsla hans eða þekking sé ekki misnotuð.

3. gr.

1. Auglýsingar skulu ekki að ástæðulausu höfða til ótta fólks.
2. Auglýsingar skulu ekki höfða til hjátrúar.
3. Auglýsingar skulu ekki innihalda neitt sem getur hvatt til ofbeldisverka eða stutt slíkt athæfi.

4. gr. Sannleiksgildi

1. Auglýsingar skulu ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem líklegar eru til að villa um fyrir neytandanum, beint eða óbeint, með því að gefa eitthvað í skyn, halda eftir nauðsynlegum upplýsingum eða með því að nota tvíræða framsetningu eða ýkjur. Þetta snertir einkum:
   a) Eðli söluvarnings, samsetningu hans, framleiðsluaðferð og framleiðslutíma, notagildi miðað við tilgang, notkunarsvið, magn, nafn upprunalegs framleiðanda og framleiðsluland.
   b) Verð vörunnar og heildarkostnað við afhendingu.
   c) Sérstaka söluskilmála, svo sem kaupleigusamninga og reikningsviðskipti (sjá Viðauka).
   d) Afhendingarskilmála, skipti á varningi, endursendingu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu.
   e) Ábyrgðarskilmála (sjá Viðauka).
   f) Útgáfurétt og réttindi iðnaðaraðila, svo sem einkaleyfi, vörumerki, hönnunaraðferðir og módel, og vörunöfn framleiðenda.
   g) Opinbera viðurkenningu eða gæðastimpil, einnig verðlaun af margvíslegu tagi.
2. Í auglýsingum skal ekki misnota niðurstöður rannsókna né heldur tilvitnanir í tæknileg eða vísindaleg rit. Tölfræðilegar upplýsingar skulu ekki notaðar þannig að þær gefi í skyn annað en það sem er sannleikanum samkvæmt. Ekki skal nota tæknioró á villandi hátt. Ekki skal nota óþarfa fræðiorð til að gefa í skyn að auglýstir eiginleikar séu vísindalega staðfestir, ef svo er ekki.

5. gr. Samanburður

Ef samanburður er notaður í auglýsingum skal þess gætt að samanburðurinn sjálfur sé ekki villandi og að hann brjóti ekki gegn grundvallarreglum um sanngirni í samkeppni. Samanburðaratriði skulu byggð á staðreyndum sem ganga má úr skugga um og slík atriði skulu valin sanngjarnlega.

6. gr. Vitnisburður

Auglýsingar skulu ekki innihalda vitnisburð eða meðmæli nema slík umsögn sé raunverulega fyrir hendi og reynsla vitnisburðargjafa málinu skyld. Ekki skal nota í auglýsingum úreltan vitnisburð eða meðmæli né heldur slíkan stuðning ef hann er fallinn úr gildi af öðrum ástæðum.

7. gr. Last

Í auglýsingum skal ekki hallmæla neinu fyrirtæki eða samkeppnisvöru, hvorki beint né með því að gefa ókosti í skyn. Gildir þetta jafnt um fyrirlitningu, skop og önnur brögð í sama tilgangi.

8. gr. Verndun einkalífs

Í auglýsingum skal ekki sýna eða minnast á einstaklinga, hvort sem þeir starfa á eigin eða opinberu sviði, nema áður fengin heimild sé fyrir hendi. Ekki skal í auglýsingum heldur sýna eða minnast á eignir fólks á neinn hátt sem túlka mætti sem meðmæli eigandans, nema að fengnu *samþykki hans.*

9. gr. Misnotkun á velvild

1. Í auglýsingum skal ekki nota nafn eða upphafsstafi neins fyrirtækis eða stofnunar, nema ástæða sé til og heimild fyrir hendi.
2. Í auglýsingum skal ekki hagnýta óheiðarlega þá velvild sem vöruheiti, tákn eða framleiðsla óviðkomandi aðila hefur áunnið sér né heldur árangur sem fengist hefur í auglýsingaherferðum þeirra.

10. gr. Eftirlíking

1. *Við gerð auglýsingar skal ekki stæla uppsetningu („layout"), texta,* mynd, tónlistar- eða hljóðnotkun annarrar auglýsingar, né líkja eftir henni á annan hátt sem sennilegt er að villi um fyrir neytendum.
2. Þegar auglýsandi starfar í mörgum löndum og hefur áunnið vissri vöru nokkurt orð í einhverju landanna, skulu aðrir auglýsendur í hinum löndunum ekki stæla óheiðarlega auglýsingar hins fyrst*nefnda, þar sem slíkt* myndi koma *í* veg fyrir *eðlilegt* gagn hans af auglýsingaverki sínu annars staðar.

11. gr. Sérkenni auglýsinga

Auglýsingar skulu hafa greinileg sérkenni, í hvaða formi sem þær birtast og *án tillits til hvar þær koma fram. Ef auglýsing birtist í fjölmiðli* sem einnig dreifir fréttum eða stefnumarkandi greinum, skal sjá til þess að hún sé auðþekkjanleg sem auglýsing.

12. gr. Virðing fyrir öryggi

Auglýsingar skulu ekki sýna eða lýsa á neinn hátt hættulegu atferli eða atvikum þar sem öryggi er vanvirt nema sérstök ástæða sé til í menntun-

arlegum eða félagslegum tilgangi. Varúð skal sérstaklega viðhöfð í auglýsingum sem höfða til barna eða unglinga eða sýna slíka aldursflokka.

13. gr. Börn og unglingar

1. Í auglýsingum skal ekki misnota hina eðlilegu trúgirni barna né reynsluskort yngri kynslóðarinnar og skal þess gætt að auglýsingar raski ekki samlyndi innan fjölskyldunnar.
2. Auglýsingar sem beint er til barna eða unglinga eða eru líklegar til að hafa áhrif á þá aldursflokka skulu ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað hina yngri geðrænt, siðferðislega eða líkamlega.

14. gr. *Ábyrgð á auglýsingum*

1. Ábyrgðin á því að ákvæðin í þessum reglum séu haldin hvílir á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu, og einnig á útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum slíkum samningsaðila við birtingu.
   a) Auglýsandi skal taka á sig heildarábyrgð vegna auglýsinga á sínum vegum.
   b) Semjandi auglýsingar eða auglýsingastofa skal vinna verkið af fyllstu kostgæfni og á þann hátt að auglýsandi sé fær um að inna skyldur sínar af hendi sem honum ber.
   c) Útgefandi, eigandi fjölmiðils eða hver annar aðili sem birtir, miðlar eða dreifir auglýsingum skal viðhafa réttmæta varúð er hann tekur við auglýsingum og kemur þeim á framfæri við almenning.
2. Allir sem starfa hjá fyrirtæki eða stofnun sem fellur undir einhverja af áðurnefndum þremur skilgreiningum og taka þátt í undirbúningi *auglýsinga, gerð þeirra, birtingu eða miðlun til annarra ber skylda* til, í samræmi við stöðu sína, að sjá um að reglunum sé fylgt.

15. gr.

Ábyrgðin á að reglunum sé fylgt nær yfir allt innihald og form auglýsingar. Þar telst með vitnisburður og yfirlýsingar ásamt myndaefni, jafnvel þótt slíkt sé aðfengið.

16. gr.

Villandi auglýsing skal ekki réttlætt með því að benda á að auglýsandi hafi síðar séð neytendum fyrir réttri vitneskju.

17. gr.

Vörulýsingar og staðhæfingar um eðli eða myndameðferð skulu ávallt vera sannleikanum samkvæmar. Auglýsendur skulu fúsir til að leggja fram sönnunargögn án tafar sé þess óskað af aðilum sem sjá um að reglunum sé framfylgt.

18. gr.

Enginn auglýsandi, semjandi auglýsingar eða auglýsingastofa, útgefandi, eigandi fjölmiðils eða annar birtingaraðili skal taka þátt í birtingu auglýsingar ef hún hefur verið dæmd óframbærileg af þeim aðila sem sér um að reglunum sé framfylgt.

Aukaákvæði um auglýsingar á sérsviðum

Atriðin sem fjallað er um í þessum viðauka krefjast sérstakrar varúðar af hálfu auglýsenda gagnvart hinum endanlega neytanda og skal bera eftirfarandi ákvæði saman við almennu ákvæðin í reglunum.

A. Verslunarhættir

A. 1. Ábyrgð

Í auglýsingum skal ekki minnast á ábyrgð sem bótalaust ógildir eða skerðir réttindi sem kaupandi annars hefur. ÁBYRGÐ og önnur orð sömu merkingar mega því aðeins koma fram í auglýsingu að greint sé fyllilega frá öllum skilmálum. Ennfremur skal auglýsingin skýra á fullnægjandi hátt hvernig kaupandi getur leitað réttar síns, en slíkar upplýsingar skulu að öðrum kosti látnar honum í té skriflega við sölu eða með varningnum.

A. 2. Afborganir og annar greiðslufrestur

Auglýsingar sem geta um leigu er gangi upp í kaup, greiðslufrest eða hvers konar afborgunarskilmála fyrir neytendur skulu settar fram þannig að enginn misskilningur geti orðið um staðgreiðsluverð, útborgun, vexti og heildarkostnað þess sem auglýst er, né heldur um söluskilmála.

A. 3. Póstverslun

Auglýsingar á vörum til afhendingar í pósti skulu gerðar þannig að neyt*endur hafi ekki ástæðu til að verða óánægðir þótt þeir geti yfirleitt ekki* skoðað vöru fyrir móttöku. Í lýsingu á póstsöluvarningi skal einkum:

a) gefa ljósa og nákvæma vitneskju um það sem stendur til boða, - verð, greiðsluskilmála, afhendingu (þar með teljast áætlaðar tímasetningar, burðargjald, áhætta við flutning og trygging). Einnig skal greina frá endursendingarskilmálum og full skýring skal gefin á öllu sem boðið er „ókeypis" og á öllum samningum um áframhaldandi viðskipti.
b) Tilgreina skal fullt nafn og varanlegt heimilisfang auglýsanda svo að neytendur geti haft samband við hann beint. Ekki skal taka til dreifingar auglýsingar sem gefa aðeins upp heimilisfang eða pósthólf.

A. 4. Ópantaðar sendingar

Ekki skal fást við auglýsingar á varningi sem dreift er án þess að pantanir hafi borist. Aðferðin sem vikið er að hér byggist á að senda ópantaða vöru og krefjast þess að viðtakandi greiði eða endursendi varninginn. Annað afbrigði er að gefa slíkt í skyn.

A. 5. Umboðssala (franchise)

Ef auglýst er eftir umboðssöluaðilum skal gæta þess að gefa ekki upplýsingar sem eru villandi, beint eða óbeint, um stuðning og sennilegan hagnað eða tilkostnað og fyrirhöfn. Fullt nafn umboðsbjóðanda og varanlegt heimilisfang skal tilgreint í auglýsingunni.

A. 6. Góðgerðarstarfsemi

Í auglýsingum sem bjóða til sölu varning til styrktar góðu málefni skal ekki gefa villandi upplýsingar um hver hlutur góðgerðarstarfseminnar

A. 7. Sölukynning

Ef auglýsingar bjóða neytendum happdrætti eða samkeppni í því skyni að örva sölu, ef boðnar eru „gjafir" eða verðlaun eða ef auglýsing fjallar um kynningu er snýst um afsláttarmerki (trading stamps), sameinuð tilboð o.s.frv., skal í öllum tilvikum greina skýrt frá skilyrðum. Ekki skal villa um fyrir neytendum þannig að tilboðið verði óeðlilegra en efni standa til.

B. Sérstakar vörutegundir og þjónusta

B. 1. Lög eða reglur um einstakar vörutegundir eða þjónustu

Auglýsendur, semjendur auglýsinga og auglýsingastofur, svo og útgefendur og eigendur fjölmiðla skulu gæta þess að farið sé að lögum er kveða á um auglýsingar á einstökum vörutegundum og þjónustu, hvort sem um er að ræða sérstakar reglur um meðferð þeirra eða bann við auglýsingum.

B. 2. Lán og fjárfesting

Auglýsingar skulu ekki hafa orðalag sem líklegt er til að villa um fyrir almenningi hvað snertir lánakjör, eðli boðinna verðbréfa, raunverulegan eða áætlaðan hagnað, eða innlausnarskilmála.

B. 3. Atvinna og námskeið

1) Ef starf er auglýst skal ekki gefa villandi eða ýktar upplýsingar um eðli starfsins, launamöguleika, vinnuskilyrði eða húsnæðishorfur á staðnum.

2) Auglýsingar sem bjóða námskeið skulu ekki gefa villandi loforð um atvinnu né heldur gylla atvinnumöguleika eða væntanlegar tekjuhorfur þeirra er slík námskeið sækja. Ekki skal bjóða „próf" eða hæfnisvottorð sem ekki njóta viðurkenningar eða rangfæra gildi viðurkenndra prófa.

B. 4. Vinna í heimahúsum

1) Auglýsingar um vinnu í heimahúsum skulu gefa fullnægjandi lýsingu á starfinu og á væntanlegum tekjum af því.

2) Auglýsingin skal greina á fullnægjandi hátt frá fyrirkomulagi ef verkþega er ætlað að kaupa vélar, hráefni eða panta efni til samsetningar, eða ef auglýsandi býðst til að kaupa framleiðsluna. Tilgreina skal fullt nafn auglýsanda og heimilisfang hans.

B. 5. Ferðalög

Auglýsingar um ferðalög af ýmsu tagi skulu orðaðar þannig að ólíklegt sé að neytandinn verði fyrir vonbrigðum. Þess vegna skal í kynningarefni gera nákvæma og rétta grein fyrir eftirfarandi atriðum:

a) fyrirtækinu sem stendur að ferðinni,
b) hvernig ferðast verður (tilgreina skal hvort um er að ræða leigu- eða áætlunarferð og ef kostur er skal gefa upp nafn fyrirtækis í fólksflutningum, tegund flugvélar eða annars farartækis og gæðaflokk farrýmis),
c) áfangastað og ferðaáætlun,
d) lengd ferðar (nákvæmlega) og dvalartíma á hverjum stað,
e) aðbúnaði á gististað og fæði sem boðið er,
f) hvers kyns aukatilboðum sem í boði eru (skemmtanalífi, kynnisferðum, o.s.frv.),
g) auglýstu heildarverði ferðalagsins (að minnsta kosti hámarks- og lágmarksverði) og kostnaðarliðum sem felast í því (flugvallarsköttum, ýmsum útgjöldum, fargjöldum á styttri leiðum, greiðslu fyrir burðarþjónustu, þjórfé o.s.frv.),
h) skilyrðum um afturköllun pantana.

B. 6. Hættulegur varningur

Ef auglýsingar fjalla um vörur sem hætta getur stafað af vegna hugsanlegra eiturverkana, eldfimi o.s.frv. - án þess þó að neytendur geti auðveldlega gert sér slíkt ljóst - skal gera grein fyrir áhættunni.

B. 7. Fasteignir, sala og leiga

1) Auglýsingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða sölu eða leigu á fasteignum, skulu ekki vera villandi eða ýktar að því er snertir:

a) lóðina sjálfa og allar byggingar á henni eða hús sem þar á að byggja,

b) eðli húsnæðisins innanhúss og utan (þar með telst húsbúnaður og þægindi), útlit byggingar og íbúðar, svo og umhverfi,

c) eignarrétt og formsatriði,

d) réttindi eiganda og annarra hlutaðeigandi aðila (rights and easements).

e) kröfur skipulagsnefnda bæjar- eða sveitarfélaga og aðrar skyldar reglur,

f) skatta, gjöld og skylda liði,

g) verð, greiðsluskilmála og lánafyrirgreiðslu.

2) Sérstaka varúð skal viðhafa ef um er að ræða auglýsingar um fasteignir í öðru landi. Í þeim tilvikum skal gæta þess að nákvæm og rétt lýsing sé gefin á fasteigninni og skal sú lýsing ná yfir öll atriði sem máli skipta, eins og að ofan greinir.

Auglýsingar og börn

Alþjóðaverslunarráðið hefur samþykkt eftirfarandi leiðbeiningar við siðareglur sínar um auglýsingar:

1. gr. Auðkenning

Vegna þess hve börn eru viðkvæm og til þess að auka áhrif 11. greinar siðareglnanna ætti að merkja auglýsingar og auglýsingaefni greinilega „Auglýsing" eða á annan jafntryggan hátt, ef hætta er á að villst verði á auglýsingum og öðru efni blaða og tímarita eða dagskrárefni hljóðvarps og sjónvarps.

2. gr. Ofbeldi

Í samræmi við grein 13.2 skal haft í huga að auglýsingar mega ekki sýna ofbeldi þar sem það er andstætt lögum eða siðvenjum.

3. gr. Gildismat

Auglýsingar ættu ekki að rýra gildismat viðkomandi þjóðfélags með því að gefa í skyn að umráð eða notkun vöru veiti barni líkamlega, félagslega eða sálfræðilega yfirburði yfir jafnaldra sína, eða að það hafi öfug áhrif að vera án vörunnar. Auglýsingar ættu ekki að grafa undan valdi og áliti foreldra, ábyrgð þeirra, dómgreind og smekk, að teknu tilliti til ríkjandi gildismats á hverjum tíma.

4. gr. Öryggi

Í samræmi við 12. grein og grein 13.2 ættu auglýsingar ekki að innihalda yfirlýsingar með myndefni sem gæti orðið þess valdandi að börn komist í hættu, séu hvött til að hafa samneyti við ókunnuga eða sækja heim óvenjulega eða hættulega staði.

5. gr. Sannfæring

Auglýsingar ættu ekki að innihalda áskorun til barna um að telja aðra á að kaupa hina auglýstu vöru handa þeim.

6. gr. Framsetning

Í samræmi við 4. grein siðareglnanna ætti að gæta þess sérstaklega að tryggja að auglýsingar villi ekki um fyrir börnum hvað varðar rétta stærð, verðmæti, eðli, endingu og notagildi auglýstra vara. Sé aukahluta þörf (t.d. rafhlaða) til að nota vöruna eða til að ná þeim árangri sem lýst er eða er sýndur (t.d. málning), ætti að gefa slíkt skýrt til kynna. Sé vara hluti af flokki, röð eða stærri heild (t.d. sería) ætti að taka slíkt skýrt fram, svo og hvar og hvernig megi afla sér þess sem á vantar. Auglýsingar ættu ekki að gera minna en efni standa til úr þeirri hæfni sem þörf er á til að nota vöruna. Þegar árangur af notkun vöru er sýndur eða honum lýst ætti auglýsingin að kynna einungis það sem eðlilega má ætlast til af barni á þeim aldri sem varan er ætluð.

7. gr. Verð

Hugmynd um verð á ekki að gefa þannig að börn ofmeti raunverulegt verðmæti vörunnar, t.d. vegna notkunar orðanna „einungis" eða „aðeins". Auglýsingar ættu aldrei að gefa í skyn að allar fjölskyldur hafi ráð á að eignast tiltekna vöru.

Siðanefnd

Til þess að framfylgja framanskráðum siðareglum um auglýsingar skal sett á stofn siðanefnd. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra auglýsingastofa, einn fulltrúi tilnefndur af Verslunarráði Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Neytendasamtökunum. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum og setur sér starfsreglur.

Starfsreglur siðanefndar um auglýsingar

1. gr.

Siðanefnd er skipuð 5 mönnum. Skulu 3 tilnefndir af Sambandi íslenskra auglýsingastofa (SÍA), einn tilnefndur af Verslunarráði Íslands (VÍ) og einn tilnefndur af Neytendasamtökunum (NS).

Ef einhver nefndarmanna á hagsmuna að gæta eða er í nánum tengslum við aðila kærumáls, skal hann víkja sæti og varamaður skipaður í hans stað.

2. gr.

Siðanefnd skiptir sjálf með sér verkum, velur sér formann, varaformann og ritara.

Nefndin skal halda gjörðabók þar sem skráðar eru fundargerðir og afgreiðsla mála.

3. gr.

Hver sem er (einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir) getur kært til siðanefndar brot á Siðareglum um auglýsingar eða brot á öðrum reglum um auglýsingar. Einnig getur siðanefnd tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði.

4. gr.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd. Hafi auglýsing birst á prenti, skal eintak af henni eða ljósrit fylgja kæru. Hafi auglýsing birst í útvarpi eða sjónvarpi, skal nákvæmlega tilgreint hvenær það var, um hvað auglýsingin fjallar og hvaða aðili auglýsti.

Kærur skal senda til skrifstofu Sambands íslenskra auglýsingastofa.

5. gr.

Siðanefnd getur afgreitt kærur með eftirfarandi hætti:

1. Ef siðanefnd telur auglýsingu ekki brjóta í bága við siðareglur, vísar hún kærunni frá með bréfi til kæranda og greinargerð til aðildarsamtaka siðanefndar.
2. Ef siðanefnd telur vera um minniháttar brot að ræða, fer nefndin fram á leiðréttingu auglýsingarinnar og sendir síðan greinargerð til aðildarsamtaka siðanefndar og svarbréf til kæranda.
3. Ef um meiriháttar brot er að ræða á siðareglum, skal siðanefnd fyrst fara fram á stöðvun birtingar og leiðréttingu auglýsingar. Jafnframt óskar siðanefnd eftir greinargerð frá ábyrgðarmanni auglýsingar. Ef neitað er að stöðva birtingu eða leiðrétta auglýsingu, skal aðilum boðið að leggja deiluefnið fyrir gerðardóm Verslunarráðs Íslands. Hafni aðilar gerðardómsmeðferð, getur siðanefnd ráðlagt kæranda málsókn fyrir almennum dómstólum. Siðanefnd skal senda greinargerð um málsmeðferð sína og afgreiðslu til aðildarsamtaka siðanefndar og til kæranda.

6. gr.

Siðanefnd er heimilt að birta úrskurði sína opinberlega. Nöfn aðila skulu þó ekki birt nema um meiriháttar brot sé að ræða og aðeins samkvæmt ákvörðun siðanefndar hverju sinni.

Reglur um flutning auglýsinga í útvarpi og sjónvarpi

1. gr.

Ríkisútvarpið tekur auglýsingar til flutnings með eftirtöldum skilyrðum:

1. Þess skal gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem er satt og rétt í öllum greinum.
2. Að þær brjóti ekki í bága við íslensk lög, svo sem almenn hegningarlög, útvarpslög, lög um lækningaleyfi o.fl., lyfsölulög, áfengislög eða lög um óréttmæta viðskiptahætti.
3. Að þær brjóti ekki í bága við smekk og velsæmi.
4. Að enginn vafi leiki á því í augum og eyrum hlustenda að um auglýsingu sé að ræða.

2. gr.

Auglýsingar skulu aðeins fluttar á tilteknum nánar ákveðnum tímum. Þær skulu ætíð aðgreindar frá öðru óskyldu dagskrárefni.

Á öðrum tímum er eingöngu heimilt að flytja tilkynningar frá Ríkisútvarpinu svo og aðvaranir eða neyðartilkynningar.

Við ákvörðun um lengd og fjölda auglýsingatíma, skal ætíð hafa í huga að meginhlutverk Ríkisútvarpsins er á sviði upplýsinga, menntunar og skemmtunar.

3. gr.

1. Ráðherra ákveður gjald fyrir auglýsingar að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.
   Útvarpsstjóri setur reglur um greiðslu auglýsinga.
2. Auglýsandi eða umboðsaðili hans ber fulla ábyrgð á pöntunum og greiðslu auglýsinga fyrir umbjóðendur sína.

4. gr.

Auglýsandi ber fulla ábyrgð á efni auglýsingar.

Auglýsandi eða umboðsaðili hans skilar auglýsingu mynd- og/eða hljóðritaðri og tilbúinni til flutnings. Ríkisútvarpið setur nánari reglur um tæknileg atriði og hafnar auglýsingu, sem það telur tæknilega ófullnægjandi.

Falli birting auglýsingar niður, eða komi fram galli í útsendingu sem rekja má til mistaka eða tæknilegra örðugleika hjá Ríkisútvarpinu, skal það bætt með: a) aukabirtingu án endurgjalds b) niðurfellingu gjalds í þeim tilvikum sem endurbirtingu verður ekki við komið.

Auglýsandi ber allan kostnað af gerð auglýsingar og flutningi hennar, þar á meðal greiðslum vegna höfundarréttar eða flytjendaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- eða kvikmynda.

5. gr.

Ríkisútvarpið áskilur sér rétt til þess að takmarka lengd auglýsinga. Hafna skal auglýsingu, ef á henni eru eftirtaldir annmarkar:

1. Ef vafi leikur á hvort telja beri auglýsingu til dagskrárefnis eða auglýsingar.
2. Ef auglýsing (eða heiti auglýsanda) er mengað áðeilu eða hlutsamri umsögn um einstaka menn, stofnanir, félagsheildir, stefnur í almennum málum eða stjórnmálaflokka.
3. Ef í auglýsingu felst ósanngjarn samanburður við aðra vöru eða þjónustu.
4. Ef tal eða texti auglýsingar er ekki á réttu íslensku máli.
Foreldrar þurfa að nýta betur þau tækifæri sem gefast til að afla upplýsinga og halda persónulegu sambandi við kennara (símatímar, viðtalstímar, fundir).

Skólar þurfa að koma upplýsingum um skólatíma, stundaskrá o.fl. tímanlega til heimilanna. Æskilegt er að gróft skipulag fyrir haustið liggi fyrir að vori áður en skólum lýkur.

Stefna þarf að því að ráðningu kennara geti að mestu verið lokið í maí.

Skólar ættu að gefa út eins konar námsvísi í byrjun skólaárs og um áramót þar sem gerð er grein fyrir starfinu fram undan, skipulagi, námsefni, kennurum, aðstöðu, nýbreytni o.s.frv. Æskilegt er að skólar sendi eins konar skóladagatal til heimila í byrjun skólaárs og um áramót. Á dagatalinu verði tilgreindir lögboðnir frídagar, niðurfelling kennslu sem vitað er um, viðburðir í skólalífinu, s.s. skíðaferðir, árshátíðir, íþróttamót o.s.frv., prófdagar, skólalok og annað sem foreldrum er nauðsynlegt að vita um með fyrirvara (sbr. reglug. um starfstíma grunnskóla, nr. 191/1984, 2. og 4. gr.).

Kynningarfundir fyrir foreldra bekkjar, árgangs eða sambærilegs hóps, þar sem kynnt eru markmið námsins, námsefni og kennsluáætlanir, ættu að vera fastur liður í starfi

kennara. Til að tryggja þátttöku sem best þurfa slíkar kynningar að vera utan venjulegs vinnutíma foreldra. Kennarar verða að fá slíka vinnu metna sem kennslu eða greidda sérstaklega.

Foreldrar verða að sjá til þess að kennarar fái upplýsingar um heimilishagi sem geta haft bein áhrif á skólaveru nemenda (s.s. flutningar, skilnaður, dauðsfall í fjölskyldu, veikindi).

Auka þarf kynningu á skólum og skólastarfi í fjölmiðlum.

2.2. efla starfsemi foreldra- og kennarafélaga.

Fræðsluskrifstofur haldi skrár yfir starfandi félög, lög félaga, stjórnir og helstu verkefni.

Foreldrar hvers bekkjar eða námshóps, kennarar hans og nemendurnir eru sú starfseining sem gefur mesta möguleika á beinum tengslum við skólastarfið.

Hætta er á að frumkvæði skólanna, sem er ein meginforsenda þess að starfsemin haldist lífleg, minnki ef kennarar fá ekki umbun fyrir vinnu sína, t.d. sem fulltrúar í stjórn félaganna.

Æskilegt er að ákveðnum starfsmanni skóla sé falið að vera tengiliður milli foreldrafélaga og skólans í öllum almennum málum. Þetta starf gæti t.d. verið hluti af kennsluskyldu kennara.

Skólar ættu að láta foreldra- og kennarafélögum í té aðstöðu til útgáfu fréttabréfa og upplýsingarita, annast útsendingu og standa straum af efniskostnaði.

Fræðsluskrifstofur ættu að sjá um að safna saman upplýsingum og hugmyndum um starfsemi foreldra- og kennarafélaga og koma þeim á framfæri, t.d. árlega.

2.3. auka bein kynni og þátttöku foreldra í skólastarfi.

Gera þarf foreldrum kleift að heimsækja skóla á skólatíma til að kynnast af eigin raun því sem fram fer.

Foreldrar gætu stutt skóla sinn rækilega með því að leggja fram t.d. tveggja stunda vinnu á hverju skólaári.

Með því að sitja í kennslustund eða aðstoða kennara við kennslu komast foreldrar í beina snertingu við skólastarf. Slík bein tengsl kunna að vera forsenda þess að skilja það sem fram fer eða mynda sér skoðun á gildi viðfangsefna.

Efla þarf foreldrafræðslu með því að gefa út upplýsingarit, bæklinga eða koma á annan hátt á framfæri leiðbeiningum til foreldra um það á hvern hátt þeir geta hjálpað til við heimanám eða annast viðfangsefni heima fyrir sem efla skólanámið. Sem dæmi um slíkar upplýsingar má taka fræðslu um máltöku barna, fræðslu um vitrænan þroska og þroska almennt, um unglingsárin og kynþroska, um sérstök vandamál eins og einelti, sérkennslu, geðvernd og geðheilsu, kennslu barna með sérhæfileika o.s.frv.

Koma þarf á sem víðast sveigjanlegum vinnutíma til þess að foreldrum sé unnt að halda beinum tengslum við skóla án þess að missa laun.

Tryggja verður öllum foreldrum orlof í veikindum barna og gera ákveðnari ráðstafanir varðandi forfallakennslu þegar kennarar eru heima vegna veikinda eigin barna.

2.4. auka áhrif foreldra í stjórn skóla.

Vinnuhópurinn mælir eindregið með því að við hvern grunnskóla starfi skólaráð. Þar eigi sæti fulltrúar foreldra, nemenda, starfsfólks skóla, skólanefndar og skólastjóri eða yfirkennari. Skólaráð sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál skólans.

Þar sem foreldrafélög starfa velji þau fulltrúa foreldra í skólaráði.

Til þess að tryggja tengsl milli skólaráðs og skólanefndar, sem skipuð er af sveitarstjórn, er mikilvægt að fulltrúi skólanefndar sitji í skólaráði. Sömuleiðis ættu foreldrar a.m.k. að eiga áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Reykjavík hefur hér sérstöðu þar sem fræðsluráð gegnir hlutverki skólanefndar. Þar mætti e.t.v. fara þá leið að fræðsluráð tilnefni fulltrúa sinn úr hverfi viðkomandi skóla.

Í gildandi lögum um grunnskóla er tekið fram í 21. gr. að „fulltrúi foreldrafélags eigi rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti". Vinnuhópurinn hvetur til þess að foreldrar nýti þennan rétt og skólar noti þetta tækifæri til aukinna tengsla við foreldra.

Ábyrgð foreldra á því sem fram fer í skólum, eykst ef þeim eru falin mál til úrlausnar. Foreldrar verða að axla ábyrgð um leið og áhrif þeirra á skólastarf aukast.

Fylgiskjal II.

Nokkur atriði úr skýrslu landlæknisembættisins um barna- og unglingaslys á Íslandi (sept. 1985).

Slysatíðni barna og unglinga (drengja) á Íslandi er með þeirri hæstu sem gerist í heiminum (skv. upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni 1981). Á sama tíma og mjög hefur dregið úr slysum á börnum og unglingum í nágrannalöndum hefur slysum fjölgað á Íslandi.

Unglingum á aldrinum 15–19 ára er 4–5 sinnum hættara við slysi í umferð en fólki 25 ára og eldra.

Slys eru flest meðal 17–18 ára unglinga, þ.e. skömmu eftir að þeir fá ökuréttindi.

Í framhaldsskóla þar sem eru 500 piltar og 500 stúlkur má búast við því að á hverju ári slasist 20–25 piltar og 10–12 stúlkur, sum lífshættulega. Margir bæklast varanlega eða um lengri tíma.

Ekki er vitað um slysatíðni í grunnskólum en kannanir á Norðurlöndum hafa leitt í ljós að allt að þriðja hvert barn verður fyrir einhverju slysi á ári hverju.

Rúmlega 80% þeirra, er lentu í vélhjólaslysum í Reykjavík, voru í aldurshópnum 15–19 ára.

Langflestir þeirra, er slösuðust á reiðhjólum, voru 5–14 ára.

Slys á *gangandi vegfarendum* voru flest *meðal barna og unglinga*, hámarkið var í *5–9 ára* aldurshópnum. Hvað snertir manntjón má að nokkru leyti líkja umferðarslysum við berklafaraldurinn er gekk hér yfir fyrr á öldinni.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Helgi Seljan, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að undirbúin verði og framkvæmd eftirfarandi atriði til úrbóta í umhverfismálum og náttúruvernd:

1. Í tengslum við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfisverndar sameinuð í einu ráðuneyti ekki síðar en í árslok 1987. Þess verði jafnframt gætt að fela heimaaðilum sem flest verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála.
2. Undirbúin verði löggjöf um umhverfismál sem sérstaklega taki til mengunarvarna á landi, í sjó og í lofti, svo og framkvæmdaáætlun um að draga úr mengun frá frárennsli og verksmiðjum. Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum til varnar mengun og tryggðar verði aðgerðir og eftirlit í samræmi við þá.
3. Endurskoðuð verði lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, m.a. til samræmis við nýja löggjöf um mengunarvarnir (skv. 2. lið) og breytta yfirstjórn umhverfismála (skv. 1. lið).
4. Lagt verði fyrir yfirstandandi Alþingi í tæka tíð til afgreiðslu frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd sem undirbúið hefur verið á vegum Náttúruverndarráðs og stjórnvalda.
5. Gripið verði til samræmdra aðgerða til verndar gróðri með friðun og hóflegri nýtingu, m.a. í tengslum við breytta búskaparhætti, og stjórnun og eftirlit í þessu skyni bætt. Næsta landgræðsluáætlun (1987–1990) verði mótuð með hliðsjón af slíku endurmati og nýjum viðhorfum.
6. Auknar verði rannsóknir á dýrastofnum á landi og í sjó við Ísland og tryggt að tekið sé mið af vistfræðilegum sjónarmiðum við nýtingu þeirra og verndun.
7. Gert verði átak í skipulagsmálum með lagabótum og með langtímasjónarmið í huga og tekið tillit til þess að landið allt er skipulagsskylt. Hraðað verði gerð korta og annarra undirstöðugagna svo að unnt sé að koma við nútímalegum vinnuaðferðum við undirbúning og gerð skipulagstillagna og landnýtingaráætlunar.
8. Náttúruverndarráð undirbúi í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Slík áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar og staðfestingar.
9. Mótuð verði opinber stefna í ferðamálum sem feli í sér nauðsynlegar aðgerðir til verndar náttúru landsins með tilliti til breyttra samgönguhátta og aukins ferðamannastraums.
10. Fræðsla um íslenska náttúru, umhverfisvernd og auðlindir í fjölmiðlum og skólum verði efld, m.a. með því að nýta söfn, friðlýst svæði og náttúrulegt umhverfi í og við þéttbýli með skipulegum hætti í þessu augnamiði.

Ríkisstjórnin láti gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun til næstu 10 ára um æskilegar úrbætur samkvæmt ofangreindu og leggi hana fyrir næsta reglulegt Alþingi til að auðvelda stefnumörkun og fjáröflun í þessu skyni.

Greinargerð.

Eftir mikla vakningu í umhverfismálum um 1970 og fram eftir síðasta áratug, sem m.a. birtist í lagabótum, margefldum umsvifum Náttúruverndarráðs og þróttmiklu starfi áhugafélaga um náttúruvernd, hafa umhverfis- og náttúruverndarmál lent í öldudal. Má segja að nú ríki ládeyða á þessu sviði miðað við það sem var fyrir nokkrum árum. Birtist hún m.a. í minnkandi fjárveitingum til þessara mála, svo sem til Náttúruverndarráðs og til landgræðsluáætlunar.

Að mati flutningsmanna stafar þessi öfugþróun m.a. af því að ekki hefur verið komið á nauðsynlegum endurbótum í stjórnkerfinu varðandi umhverfismál með því að sameina í einu ráðuneyti málaflokka á þessu sviði. Þannig er ábyrgð í umhverfismálum og náttúruvernd nú dreift á flest ráðuneyti og enginn einn ráðherra er öðrum fremur talsmaður umhverfismála. Nauðsynlegar lagabætur í mikilvægum málaflokkum hafa dregist úr hömlu og fjárveitingar til framkvæmda og eftirlits á grundvelli gildandi laga og reglugerða verið alls ónógar.

Í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa og framkvæma mörg þau atriði sem brýnust eru á sviði umhverfismála og náttúruverndar og móta áætlun um aðgerðir til næstu 10 ára. Verði sú áætlun lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Tillagan tekur m.a. mið af ályktunum síðustu náttúruverndarþinga (fylgiskjal I) og ítarlegri samþykkt landsfundar Alþýðubandalagsins í nóvember 1983 um umhverfisvernd og auðlindir (fylgiskjal II).

Sú leið er valin með flutningi tillögunnar að benda á marga þætti, þar sem skórinn kreppir, í stað þess að flytja um þá sjálfstæðar tillögur. Er þá haft í huga að óvíða er jafnmikil þörf á góðri yfirsýn og á sviði umhverfismála og því æskilegt að Alþingi fjalli um þessi mál í samhengi. Flutningsmönnum er ljóst að ábendingar í tillögunni eru engan veginn tæmandi og þess er að vænta að í meðferð þingsins bætist sitthvað við sem réttmæt er að taka inn í þennan áhersluramma.

1. Umhverfisráðuneyti.

Fjórtán ár eru liðin frá því að náttúruverndarþing fyrst ályktaði um nauðsyn þess að meðferð umhverfismála í stjórnkerfinu yrði gerð skilvirkari og yfirstjórn helstu þátta umhverfismála sameinuð í einu ráðuneyti. Síðan hefur þetta verið áréttað á öllum náttúruverndarþingum og að stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti.

Náttúruverndarráð beitti sér fyrir undirbúningi að þessu máli þegar á árunum 1974–75 og í framhaldi af því starfaði stjórnskipuð nefnd sem undirbjó frumvarp um umhverfismál. Var það fyrst flutt á Alþingi 1977–78 og hefur síðan ítrekað verið í endurskoðun innan stjórnkerfisins án þess að löggjafinn hafi tekið af skarið. Á fylgiskjali III með þessari tillögu er að finna ábendingar um þá málaflokka sem eðlilegt er að mati flutningsmanna að falli undir umhverfisráðuneyti, svo og stofnanir sem eðlilegt er að tengist umhverfisráðuneyti í heild eða að hluta (fylgiskjal IV).

Á fylgiskjali III er einnig að finna skrá yfir helstu lög sem snerta umhverfisvernd og á fylgiskjali V er listi yfir nokkrar stofnanir, ráð og nefndir sem fjalla um umhverfismál.

Af þessum gögnum má ljóst vera hvílík sundurvirkni nú ríkir í þessum málum og hversu brýnt er að úr verði bætt. Óhætt er að fullyrða að í samanburði við önnur lönd Vestur-Evrópu eru þessi mál í óvenjuslæmu horfi innan okkar stjórnkerfis. Í grannlöndum okkar, svo sem í Noregi, Danmörku og Englandi, voru stofnuð sjálfstæð umhverfisráðuneyti fyrir meira en áratug og varð tilkoma þeirra lyftistöng fyrir stjórn umhverfismála í þessum löndum.

Á síðasta þingi (1985–86) kom fram stjórnarfrumvarp um Stjórnarráð Íslands og fól það ekki í sér neina breytingu varðandi skipan ráðuneyta. Þó hafði nefndin, sem undirbjó málið,

sett fram allróttækar hugmyndir um breytingar á Stjórnarráðinu, m.a. um samruna ráðuneyta og stofnun nýrra. Þingflokkur Alþýðubandalagsins kom á framfæri við nefndina tillögum sínum um að yfirstjórn helstu þátta umhverfismála verði sameinuð í einu ráðuneyti og að umhverfismál komi fram í heiti ráðuneytisins. Frumvarpið um Stjórnarráð Íslands strandaði í nefnd.

2. Mengunarlöggjöf.

Óvíða eru jafnmiklar gloppur í lögum er snerta umhverfismál og varðandi mengun á landi, í sjó og í lofti. Ósamræmið í stjórnsýslunni og varðandi eftirlit er einnig hrikalegt á þessu sviði og vöntun á tengslum milli aðila sem fara með einstaka þætti mengunarmála. Þetta skýrist m.a. ef litið er á fylgiskjöl III–V.

Frárennsli frá íbúðarhúsnæði og atvinnurekstri er í miklum ólestri, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, og mengun frá iðnrekstri víða tilfinnanleg, m.a. frá fiskimjölsverksmiðjum. Sorphirðu og sorpeyðingu er einnig víða áfátt í þéttbýli og strjálbýli.

Á þessum þáttum þarf að taka í löggjöf og með raunsæjum framkvæmdaáætlunum því að vandinn vex stöðugt á meðan ekkert er að gert. Hugsanlega þarf að marka sérstaka tekjustofna hjá sveitarfélögum til að tryggja úrbætur.

Áðurnefnt lagafrumvarp um umhverfismál, sem fyrst var flutt á Alþingi 1977–78, var viðleitni til úrbóta, svo og setning laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem vikið er að hér á eftir.

Í september 1986 var á vegum Norðurlandaráðs haldin alþjóðleg ráðstefna um loftmengun yfir landamæri, m.a. með þátttöku íslenskra þingmanna. Lokaályktun ráðstefnunnar er birt sem fylgiskjal XV. Vakin er athygli á að Ísland er enn ekki aðili að ýmsum alþjóðasáttmálum og samþykktum á sviði mengunarmála, m.a. sáttmála frá júlí 1985 um að draga skuli úr brennisteinsútstreymi um a.m.k. 30% fyrir árið 1993.

Birt er minnisblað (fylgiskjal XIV) frá Geislavörnum ríkisins til fulltrúa Íslands á ráðstefnunni um loftmengun, dags. 5. sept. 1986, þar sem greint er frá áhrifum slyssins í Chernobyl hér á landi. Þar er m.a. vakin athygli á að ef veðurfar hefði verið óhagstætt hefði getað skapast alvarlegt ástand hér á landi eftir slysið. Einnig kemur þar fram að aðstæður til geislamælinga og viðbúnaður allur er mjög af skornum skammti.

3. Endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Með setningu laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og breytingum nr. 92/1984, var leitast við að ná fram meiri hagkvæmni á sviði hollustumála og fylla í eyður í löggjöf. Innan Hollustuverndar ríkisins er skv. lögum reynt að sameina „yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdu“ (sbr. 13. gr.). Stofnunin heyrir eins og framkvæmd laganna í heild undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sem nýlega hefur sett reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (fylgiskjal XIII) í stað eldri reglugerðar frá 1972.

Í ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum er kveðið á um að þau skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku og sérstaklega skyldi kanna innan þriggja ára frá gildistöku laganna möguleika á frekari samræmingu löggjafar um þau mál sem lögin taka til.

Við nefnda endurskoðun laganna, sem væntanlega er nú unnið að á vegum stjórnvalda, er nauðsynlegt að hafa í huga þá endurskipan stjórnsýslunnar sem fjallað er um í 1. lið tillögunnar. Í tíð síðustu ríkisstjórnar komu í ljós verulegir annmarkar á núverandi skipan í sambandi við undirbúning að umhverfisráðuneyti.

4. Endurskoðun laga um náttúruvernd.

Á 3. náttúruverndarþingi 1978 var m.a. fjallað um endurskoðun laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og skorað á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því máli. Á 4.

náttúruverndarþingi vorið 1981 var kynnt endurskoðað frumvarp að náttúruverndarlögum og samþykkti þingið samhljóða að mæla með því. Þremur hugmyndum um breytingar var vísað til athugunar Náttúruverndarráðs. — Frumvarp þetta var lagt fram seint á 107. löggjafarþingi vorið 1985 og var vísað til nefndar en síðan hefur ekkert til þess spurst. Hér er lögð áhersla á að frumvarp þetta komi fram snemma á yfirstandandi þingi þannig að unnt verði að lögfesta það fyrir þinglok.

5. Verndun gróðurs og jarðvegs.

Náttúruverndarþing 1984 samþykkti nokkrar ályktanir varðandi gróðurvernd, þar á meðal á hálendi landsins. Til staðar eru heimildir í lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, sem ekki hefur verið beitt svo sem æskilegt væri, m.a. ákvæðum 21.–23. greina um gróðurvernd og ítölu. Gróðurverndarnefndir, sem lögin kveða á um, hafa verið lítilvirkar með fáum undantekningum og þarfnast sú skipan gagngerrar endurskoðunar.

Þá skortir mjög á að fyrir liggi aðgengilegar upplýsingar um raunverulegt beitarþol afréttarlanda, þrátt fyrir mikið starf að kortlagningu gróðurlendis landsins á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nýting á fjármagni skv. landgræðsluáætlunum 1974–1986 hefur einnig verið gagnrýnd og nauðsynlegt er að taka þau mál til róttækrar endurskoðunar við gerð næstu landgræðsluáætlunar (1987–1990).

Tryggja þarf að vegna breyttra aðstæðna í landbúnaði verði framar öllu tekið tillit til landgæða og ásigkomulags gróðurlendis og dregið úr eða útilokuð beit um lengri eða skemmri tíma á ofnýttum landsvæðum.

6. Nýting og verndun dýrastofna.

Fáar þjóðir eiga afkomu sína jafn mikið undir fiskveiðum og Íslendingar. Viðgangur fiskistofnanna er því eitt stærsta mál þjóðarinnar en langtum minna fé og mannafla hefur verið varið til hafrannsókna en eðlilegt gæti talist. Sérstaklega skortir á víðtæka þekkingu á lífsskilyrðum á íslenskum hafsvæðum og vistfræði fiskimiðanna og yfirsýn varðandi einstaka nytjastofna.

Þetta á einnig við um aðra dýrastofna í sjó, t.d. bæði hvali og seli, sem mjög hafa verið umræddir hin síðari ár. Rannsóknir á þessum stofnum hafa verið ónógar og ráðist hefur verið í aðgerðir eins og fækkun sela í tengslum við hringorm í fiski án fræðilegrar undirstöðu og viðhlítandi rökstuðnings.

Svipuðu máli gegnir um fugla. Má þar nefna handahófskenndar tilraunir til að halda „vargfugli“ í skefjum, svo og gæsastofnum sem valda tjóni á ræktuðu landi.

Af landspendýrum má minna á íslenska refinn sem reynt hefur verið að halda í skefjum og útrýma með ærinni fyrirhöfn. Nú telja sumir æskilegt að friða refinn á vissum landsvæðum í tilraunaskyni og tengja þá aðgerð kerfisbundnum rannsóknum á stofninum. Átak hefur verið gert undanfarin ár til að auka þekkingu á hreindýrastofninum en þær athuganir hafa lítil áhrif haft á stjórn veiða úr honum enn sem komið er.

Brýnt er að markvisst verði fyllt í eyður á þekkingu manna á dýrastofnum og að tiltækri vitneskju sé síðan beitt við stjórn á nýtingu stofnanna. Þar þurfa vistfræðileg viðhorf að koma í stað fordóma og handahófs.

7. Skipulagsmál.

Vísað er til ítrekaðra tillagna á náttúruverndarþingum um skipulagsmál og til samþykktar Alþingis um landnýtingaráætlun (fylgiskjal VI) og álits nefndar sem skilaði skýrslu í maí 1986 undir heitinu „Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir landnýtingaráætlun“.

Í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens hafði Svavar Gestsson félagsmálaráðherra frumkvæði að víðtækri endurskoðun á löggjöf um skipulagsmál. Þeirri endurskoðun á nú að vera lokið og frumvarp að nýjum skipulagslögum kemur væntanlega fljótlega fram á yfirstandandi Alþingi.

Til þessa hefur vinna að skipulagsmálum beinst nær eingöngu að þéttbýlisstöðum og allt of lítil tengsl verið á milli hagrænna og landfræðilegra þátta við mótun skipulags.

Náttúruverndarráð hefur með aðstoð áhugamanna um náttúruvernd lagt fram mikilsverðan skerf til skipulags utan þéttbýlis með friðlýsingum og skráningu náttúruminja (fylgiskjöl VII–VIII), en fjölda annarra þátta vantar inn í myndina til að unnt sé að móta heildstætt skipulag um landnotkun er taki til landsins alls. Þáttur í slíku skipulagi þarf að vera víðtæk landslagsvernd og reglur til að takmarka jarðrask og efnisnám og beina því á tiltekna staði sem valdir hafa verið í þessu skyni.

8. Verndun fossa og hvera.

Síðasta náttúruverndarþing ályktaði að flýta beri vinnu við forgangsröðun orkuframkvæmda. Í upphafi rannsókna þurfi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif hugsanlegra virkjana og raða þeim í forgangsröð út frá víðtæku mati, m.a. varðandi áhrif á umhverfið.

Á vegum Náttúruverndarráðs hefur þegar farið fram mikil vinna og gagnaöflun til að flokka vatnsföll og fossa, jarðhitasvæði og einstaka hveri út frá verndargildi, svo og votlendissvæði og aðrar gróðurvinjar á hálendinu sem gætu orðið í hættu vegna vatnsmiðlana (sjá fylgiskjöl IX–XI). Sérstök samráðsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnaðarráðuneytis hefur fjallað um virkjanaáform og umhverfisáhrif, er þeim mundu fylgja, allt frá árinu 1972. — Þessir aðilar eiga því fljótlega að geta lagt fram áætlun um æskilega forgangsröðun virkjana og um leið verndaráætlun varðandi vatnsföll og jarðhitasvæði. Alþingi ætti síðan að staðfesta slíka áætlun og gefa þannig leiðbeiningar um rannsóknir og framkvæmdaáform til lengri tíma litið. — Í þessu sambandi má vísa til reynslu Norðmanna þar sem norska Stórþingið hefur friðlýst fjölmörg vatnsföll, sumpart um takmarkaðan tíma. Slík flokkun og mat af hálfu Alþingis á að geta komið í veg fyrir illvíg átök eins og þau sem við þekkjum m.a. úr Laxár- og Blöndudeilum.

9. Ferðamál og umhverfisvernd.

Vaxandi ferðamannastraumi fylgja margháttuð vandamál og hættur á fjölsóttum en viðkvæmum svæðum, ekki síst í óbyggðum. Vegslóðar, sem í upphafi voru lagðir fyrir smalamenn, veiðimenn eða rannsóknaraðila, eru fyrr en varir orðnir fjölfarnir af innlendum og útlendum ferðamönnum á kraftmiklum ökutækjum. Rallakstur ýtir undir aðra fullhuga að spreyta sig, einnig utan vega. Merkingum og leiðbeiningum er afar áfátt og eftirlit í molum.

Ferðamálaráð hefur lögum samkvæmt skyldum að gegna varðandi umhverfisvernd en fjárráð eru takmörkuð og hagsmunaaðilar í ferðamálum gefa tóninn.

Að leiðsögumönnum og eftirlitsaðilum á áningarstöðum ferðamanna hefur verið illa búið og útlendir ferðahópar sniðganga sumir hverjir innlenda leiðsögumenn.

Friðlýst svæði eru víða afar illa undir það búin að taka við ferðamannastraumi, snyrtiaðstaða bágborin, gönguleiðir fáar og illa merktar.

Allt kallar þetta á stefnumörkun í ferðamálum með tilliti til umhverfisverndar. Þess þarf að gæta að uppbygging ferðamannarekstrar verði ekki á kostnað viðkvæmrar náttúru landsins og fjármagn verði tryggt til nauðsynlegra aðgerða til að varna tjóni og truflun af völdum ferðamennsku.

Sérstaklega er brýnt að taka á þessum málum nú eftir þá miklu kynningu sem Ísland hefur fengið í tengslum við fund leiðtoga risaveldanna hérlendis í október 1986.

10. Umhverfisfræðsla.

Fátt er mikilvægara til að ná árangri í umhverfisvernd en fræðsla og upplýsingar til almennings. Á undanförnum árum hefur verið gert átak í umhverfisfræðslu í grunnskólum, m.a. með bættu kennsluefni. Á þessu sviði má hins vegar ekki verða stöðnun og hlutur fjölmiðla og samtaka áhugamanna og opinberra stofnana skiptir hér miklu. Síðasta náttúruverndarþing fjallaði um umhverfisfræðslu og samþykkti allítarlega ályktun sem tekið er mið af í tillögugreininni. Nýting náttúrulegs umhverfis í byggð og óbyggð til umhverfisfræðslu er á byrjunarstigi hérlendis en einmitt á því sviði er unnt að ná miklum árangri til að glæða skilning og móta afstöðu ungra og aldinna til umhverfisins. Tilraunir með slíka leiðsögn, sem gerðar hafa verið í þjóðgörðunum í Skaftafelli og á Þingvöllum, lofa góðu. Að sama marki beinast göngu- og skoðunarferðir á vegum ferðafélaga sem njóta vaxandi vinsælda.

Í umhverfisvernd gildir svipað og um heilsugæslu að fyrirbyggjandi aðgerðir skila bestum árangri og kosta minnst til lengri tíma litið. Sé brugðist við á þeim sviðum sem vísað er til í þingsályktunartillögunni er unnt að bæta úr mörgu í umhverfismálum og náttúruvernd í tíð einnar kynslóðar. Alþingi þarf hér að vísa veginn og tryggja almannahagsmuni og verndun íslenskrar náttúru.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 107. löggjafarþingi og þá vísað til allsherjarnefndar sem leitaði umsagnar allmargra aðila, en afgreiddi ekki tillöguna frá sér. Umsagnir er bárust nefndinni um tillöguna þá og á síðasta þingi eru margar efnismiklar og jákvæðar. Eru þær birtar sem fylgiskjal nú þegar tillagan er endurflutt.

Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar á tillögunni og þeirri áherslu bætt við í 1. tölul. að þess verði gætt að fela heimaaðilum sem flest verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála.

Fylgiskjöl:

1. Ályktanir náttúruverndarþings í apríl 1984.
2. Samþykkt landsfundar Alþýðubandalagsins í nóv. 1983 um umhverfisvernd og auðlindir.
3. Skrá yfir málaflokka og lög á sviði umhverfisverndar.
4. Minnisblað um frumvarpsdrög til laga um umhverfismál (30. apríl 1979).
5. Skrá yfir nokkrar stofnanir, ráð og nefndir sem fjalla um umhverfismál.
6. Þingsályktun um landnýtingaráætlun (22. maí 1984) og helstu niðurstöður nefndar um landnýtingaráætlun.
7. Friðlýst svæði — uppdráttur.
8. Náttúruminjaskrá — uppdráttur.
9. Fossar — verndartillögur.
10. Háhitasvæði — verndartillögur.
11. Votlendissvæði — verndartillögur.
12. Þingsályktun um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum (13. júní 1985) og starfsleyfisveitingar Hollustuverndar ríkisins.
13. Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (30. september 1985).
14. Minnisblað frá Geislavörnum ríkisins vegna slyssins í Chernobyl (5. sept. 1986).
15. Lokafréttatilkynning frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, 8.–10. september 1986.
16. Umsagnir um þingsályktunartillöguna.

Fylgiskjal I.

ÁLYKTANIR FIMMTA NÁTTÚRUVERNDARÞINGS
13.—15. apríl 1984 í Reykjavík.

Allar tillögur, sem lagðar voru fyrir þingið, voru teknar til umfjöllunar í einni eða fleiri hinna fjögurra nefnda sem störfuðu á þinginu, þ. e. mannvirkjagerðarnefnd, ferðamálanefnd, umhverfisfræðslunefnd og allsherjarnefnd, en þeirri síðastnefndu var skipt í tvennt vegna mikils fjölda tillagna er til hennar bárust. Nefndirnar ræddu þessar tillögur og lögðu síðan fyrir þingið til afgreiðslu.

Allar tillögurnar, sem lagðar voru fyrir þingið eftir umfjöllun í nefndum, voru samþykktar samhljóða utan tillögu um friðlýsingu Fossvogsdals, en hún var samþykkt með 45 atkvæðum gegn 12.

Hér á eftir fara allar ályktanir sem samþykktar voru á fimmta náttúruverndarþingi 1984.

Um beitarnýtingu hálendisins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ályktar að sem best þurfi að tryggja að hinn viðkvæmi hálendisgróður verði aldrei ofnýttur. Tryggja þarf að búpeningur sé ekki rekinn á fjall fyrr en gróður er nægur og beitartími verði jafnan takmarkaður eftir árferði. Ein helsta forsenda þess er að nægilegum fjármunum verði varið til gróður- og beitarþolsrannsókna. Nú þegar liggja fyrir niðurstöður um „reiknað beitarþol" margra hálendisvinja samkvæmt gróðurkortum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en ákvörðun á „raunverulegu beitarþoli" er skammt á veg komin.

Náttúruverndarþing fer þess á leit við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að hún leggi sem fyrst fyrir Náttúruverndarráð yfirlit um stöðu beitarþolsrannsóknanna og áætli hversu langan tíma taki og hversu kostnaðarsamt verði að ljúka rannsóknum og ákvörðun á raunverulegu beitarþoli hálendisins, svo og annars úthaga í landinu. Sjá má árangur af ýmiss konar aðgerðum til að minnka beitarálag, t. d. með því að draga úr upprekstri stóðhrossa í afrétti og með styttingu á beitartíma, og sauðfé hefur fækkað verulega síðustu árin. Þó er rík ástæða til að vara við ofnýtingu hálendisgróðurs, ekki síst vegna hins kalda árferðis sem einkennt hefur síðustu ár.

Um landnýtingaráætlun.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að flýta afgreiðslu tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun sem nú liggur fyrir þinginu (mál nr. 106, þingskjal 128).

Um verndun náttúrulegs gróðurs á friðuðum svæðum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 vekur athygli Náttúruverndarráðs á nauðsyn þess að í þjóðgörðum, á friðlöndum og fólkvöngum sé reynt að vernda náttúrulegan gróður eins og kostur er og verja hann áföllum og eyðingu.

Um sauðfjárveikivarnagirðingu á Kili.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 felur Náttúruverndarráði að kanna fyrirhugaðar breytingar á sauðfjárveikivarnagirðingunni á Kili og tryggja að hún samræmist náttúruverndarsjónarmiðum. Ef úr framkvæmd verður ber að kanna hvort unnt sé að friða hólfið sem myndast á milli gömlu girðingarinnar og hinnar nýju.

Um þjóðgarða í umsjá Náttúruverndarráðs.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að þjóðgarðar, sem eru í umsjá ráðsins, njóti framvegis meiri verndar. Í því sambandi verði lögð áhersla á aukið eftirlit, betri umgengni og komið í veg fyrir búfjárbeit í þjóðgörðum.

Um náttúruvernd í landnámi Ingólfs.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að unnið verði að aukinni náttúruvernd í landnámi Ingólfs. Þingið hvetur sveitarstjórnir og samtök þeirra á svæðinu til þess að vinna skjótt að því máli í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Búnaðarfélag Íslands. Landnám Ingólfs er landfræðilega og félagslega sérstætt. Hefðbundinn landbúnaður er þar að víkja fyrir þéttbýli og öðrum landnotum. Samhliða aukinni náttúruvernd þarf að vinna að heildarskipulagi fyrir landnotkun á svæðinu og m. a. tryggja víðefðm útivistarsvæði og opnar gönguleiðir til fjalls og fjöru og koma í veg fyrir gróðureyðingu og óheft jarðrask.

Um friðlýsingu Fossvogsdals.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 samþykkir að skora á bæjaryfirvöld, sem eiga land í Fossvogsdal, að sameinast nú þegar um friðlýsingu dalsins sem útivistarsvæðis frá fjöru að vestan inn í Meltungu að austan.

Um framkvæmd laga um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að veita á næsta ári nægt fé til rannsókna og verndunar Mývatns og Laxár, þannig að hægt verði að standa við lög og reglugerðir um verndun þessa svæðis. Felur þingið Náttúruverndarráði að sækja á þessu ári um fjárveitingar til ráðningar á líffræðingi við Rannsóknastöðina við Mývatn, fjárveitingar til ákveðinna rannsókna þar og fé til að ljúka við endurbætur á gamla prestsseturshúsinu á Skútustöðum.

Um náttúruminjaskrá.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir eftirfarandi tilmælum til Náttúruverndarráðs:

Að náttúruminjaskrá verði kynnt ítarlega við næstu útgáfu og að þar komi fram m. a. hver staða skráningar náttúruminja er í landinu (eða einstökum landshlutum).

Að náttúruminjaskrá fylgi upplýsingar um tillögur til náttúruminjaskrár frá landshlutasamtökum um náttúruvernd og að Náttúruverndarráð fjalli um þær og gefi umsögn sem komi fram í skránum.

Að Náttúruverndarráð gefi umsögn um verndartillögur sem gerðar eru í framhaldi af sérstökum náttúruverndarkönnunum vegna ýmissa stórframkvæmda.

Að Náttúruverndarráð hvetji náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir enn frekar til þess að vinna að skráningu náttúruminja.

Um setningu laga um umhverfismál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hraðað verði undirbúningi og setningu laga um umhverfismál og stofnun sérstaks ráðuneytis þar sem sameinuð verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfismála. Stefnt verði að því að slíkt ráðuneyti taki til starfa ekki síðar en í ársbyrjun 1986 og fram að þeim tíma verði endurskoðaðir lagabálkar er varða umhverfisvernd.

Um friðun landsvæða fyrir beit.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að markvisst verði unnið að friðun landsvæða fyrir beit, bæði friðlýstra svæða sem til þess eru fallin og landsvæða umhverfis þéttbýlisstaði.

Um verndarlöggjöf fyrir vatnasvæði Þingvallavatns.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 hvetur til þess að sett verði hið fyrsta verndarlöggjöf um allt vatnasvæði Þingvallavatns og stjórn náttúruverndarmála á svæðinu verði samræmd í samvinnu við Þingvallanefnd.

Þingið telur eðlilegt að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði settur undir stjórn Náttúruverndarráðs eins og aðrir þjóðgarðar en þinghelgin verði áfram undir stjórn Alþingis.

Um eftirlit með breytingum á loft- og sjávarmengun.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að skipulega verði fylgst með langtímabreytingum á mengun í lofti og á hafsvæðum við Ísland, m. a. vegna geislavirkra efna og efna er valda súrri úrkomu.

Um vistfræðilegar rannsóknir á fjörum og grunnsævi.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að lögð verði áhersla á skipulagningu og framkvæmd vistfræðilegra rannsókna á fjörum og grunnsævi.

Sérstaklega verði rannsakað lífríki þeirra innfjarða sem ætla má að verði brúaðir á næstu árum og áhrif þeirra mannvirkja á það. Þar má til nefna: Kolgrafarfjörð og Álftafjörð á Snæfellsnesi, Gilsfjörð, Þorskafjörð í A-Barð., Dýrafjörð í V-Ís. o. fl. Nauðsynlegt er að þessum rannsóknum sé hraðað og þeim lokið áður en til framkvæmda kemur.

Um frið og útrýmingu kjarnorkuvopna.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að kjarnorkuvopnum verði útrýmt úr vopnabúri heimsins.

Stærsta ógn við náttúru jarðar og allt lífkerfi hennar er kjarnorkuváin. Afleiðingar kjarnorkuátaka yrðu ekki sambærilegar við nein vistfræðileg áföll í skráðri sögu mannkyns og mundu skilja eftir jörð eitraða af geislavirkni.

Þrátt fyrir þessa vitneskju rennur gífurlegt fjármagn til vaxandi kjarnorkuvígbúnaðar. Á meðan berst mannkynið harðri baráttu við gróðureyðingu, þurrka, hungur, sjúkdóma og fátækt.

Þingið beinir því til allra, sem vettlingi geta valdið, ríkisstjórna, samtaka og almennings, að vinna að friði í smáu og stóru í sátt við líf og land, himin og jörð.

Um Friðarviku 1984.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 tekur undir málstað FRIÐARVIKU 1984 og með öllum þeim sem af einlægni vinna að friði og afvopnun.

Um útivistarsvæði í þéttbýli.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ítrekar samþykkt síðasta þings um útivistarsvæði í þéttbýli svohljóðandi (sjá bls. 4 í viðauka í Skýrslu um störf Náttúruverndarráðs 1981—1984):

„Þingið beinir þeim tilmælum til sveitarstjórna og náttúruverndarnefnda að við skipulagningu verði tekin frá í þéttbýli rúm svæði með þarfir komandi kynslóða fyrir heilbrigt umhverfi og útivist fyrir augum. Minnir þingið á að ráðstöfun lands hefur áhrif um langa framtíð og að með auknum frítíma verður meiri þörf fyrir nálæg útivistarsvæði. Varar þingið eindregið við því að gengið sé á svæði sem í skipulagi hefur verið ætlað til útivistar. Jafnframt beinir þingið því til náttúruverndarnefnda að þær komi fólkvangsfriðun skv. náttúruverndarlögum á öll stærri útivistarsvæði í eða við þéttbýli."

Um lögfestingu friðlýsinga.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að staðfesta með lögum mikilvægar

friðlýsingar sem nú eru ákveðnar með reglugerðum. Þannig yrðu t. d. sett sérstök lög um hvern þjóðgarð og aðra mikilvæga staði.

Um landvörslu á hálendinu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hið fyrsta verði komið á hreyfanlegri landvörslu, einkum á hálendinu og öðrum viðkvæmum svæðum. Þingið felur náttúruverndarráði að leita allra leiða, m. a. með viðræðum við dómsmálaráðuneytið og ferðamálaráð um þátttöku í kostnaði, til að slík varsla geti orðið að veruleika sem allra fyrst. Einnig telur þingið að auka þurfi staðbundna vörslu á friðlýstum svæðum frá því sem nú er, m. a. til að landverðir geti betur sinnt upplýsinga- og fræðsluhlutverki sínu og öðru eftirliti.

Um takmörkun á innflutningi torfæruökutækja erlendra ferðamanna.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á viðkomandi yfirvöld að setja reglur um takmörkun á innflutningi stórra torfæruökutækja útlendinga til ferðalaga hérlendis.

Um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að gerð verði ítarleg úttekt á skipulagi og umfangi fræðslustarfsemi fyrir erlenda ferðamenn við komu til landsins. Þingið telur að í kjölfar slíkrar úttektar sé æskilegt að Náttúruverndarráð starfi að úrbótum á þessu sviði í samvinnu við ferðamálaráð og aðra aðila.

Um herferð ferðamálaráðs Íslands til bættrar umgengni um landið.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir stuðningi við herferð ferðamálaráðs Íslands til bættrar umgengni um landið. Þingið telur að setja þurfi í löggjöf skýrari ákvæði um skyldur landeigenda til góðrar umgengni.

Um varðveislu náttúrufars á hálendi landsins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur áherslu á að auknar ráðstafanir verði gerðar til að varðveita náttúrufar á hálendi landsins. Gróður- og jarðvegseyðing verði stöðvuð og unnið að endurheimt gróðurs jafnt á hálendi sem láglendi.

Þingið telur að öll landnot, s. s. búfjárbeit, ferðamennska, orkunýting og önnur mannleg afskipti, þurfi að vera með þeim hætti að landgæðum og svipmóti landsins verði ekki spillt.

Um álver við Eyjafjörð.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur á það áherslu vegna hugmynda um álver við Eyjafjörð að fyrir slíkar stórframkvæmdir beri jafnan að rannsaka vandlega umhverfið og líkleg áhrif þeirra á það og leita til fremstu sérfræðinga á því sviði.

Þingið beinir þeirri eindregnu áskorun til stjórnvalda að engar ákvarðanir séu teknar né samningar hafnir fyrr en að fengnum niðurstöðum úr slíkum rannsóknum.

Jafnframt minnir þingið á að þær niðurstöður geta verið háðar túlkun og þess vegna leggur náttúruverndarþing á það áherslu að haft sé fullt og reglubundið samráð við náttúruverndarráð og náttúruverndarnefndir í heimahéraði um rannsóknir og framkvæmdir af þessu tagi.

Um undirbúning orkumannvirkja.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar því að við undirbúning orkumannvirkja er nú farið að huga miklu fyrr að líklegum áhrifum þeirra á umhverfi. Þannig telur náttúruverndarþing að strax í upphafi rannsókna þurfi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif þeirra og raða þeim í forgangsröð eftir þeim áhrifum til samanburðar við forgangsröðun eftir öðrum

sjónarmiðum. Þetta ætti að tryggja að fullt tillit sé tekið til umhverfisáhrifa til jafns við önnur sjónarmið þegar valið er milli kosta til nánari rannsókna og framkvæmda. Því þarf að flýta vinnu við endurskoðun á forgangsröðun á orkunýtingarkostum með hliðsjón af umhverfis- og náttúruvernd.

Náttúruverndarþing telur að sú reynsla, sem fengist hefur af samráði Náttúruverndarráðs og þeirra sem að mannvirkjagerð standa, sé afar mikilsverð. Þingið telur því rétt að við setningu nýrrar reglugerðar um náttúruvernd komi ákvæði sem byggi á þessari reynslu.

Um skipulagsmál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hefja stórátak í skipulagsmálum með langtímasjónarmið í huga sem taki tillit til þess að allt landið er orðið skipulagsskylt og umsvif í strjálbýli og óbyggðum fara stöðugt vaxandi. Samræma þarf framkvæmdaáform opinberra aðila sem annarra og fella þau í eina skipulagslega heild þar sem tekið verði mið af æskilegri landnýtingu. Jafnframt þarf að tryggja reglulega endurskoðun á staðfestu skipulagi.

Um kortagerð vegna skipulagsvinnu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að bætt verði úr vöntun á nauðsynlegum kortum vegna skipulagsvinnu í dreifbýli og óbyggðum og Landmælingum Íslands falið að hafa forustu um þau efni. Jafnframt verði tryggð samræming á starfi þeirra aðila sem vinna að kortagerð í landinu.

Um friðlýsingu stórra ósnortinna landsvæða.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að kannað verði hvar enn séu til staðar stór landsvæði ósnortin af akvegum, vegslóðum og öðrum mannvirkjum. Valin verði síðan nokkur slík óbyggðasvæði og þau friðlýst.

Um umhverfisfræðslu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar aukinni fræðslu um umhverfismál í skólum og meðal almennings. Jafnframt leggur þingið áherslu á að aukinn verði þáttur náttúru Íslands og náttúruverndar í fræðslunni. Með því móti má efla virðingu og skilning landsmanna á náttúrlegu umhverfi og stuðla að skynsamlegri nýtingu á auðlindum lands og sjávar.

Náttúruverndarþing hvetur Náttúruverndarráð til að leggja aukna áherslu á útgáfu aðgengilegra fræðslu- og upplýsingarita fyrir skóla og bókasöfn þeirra. Einnig verði fræðsla um náttúru landsins aukin í fjölmiðlum. Þingið hvetur kennara til að notfæra sér námskeið skólarannsóknadeildar og Kennaraháskóla Íslands í umhverfisfræðslu og leiðsögn um vettvangsrannsóknir í nánasta umhverfi skólanna svo að þeir megi flytja þá fræðslu áfram til nemenda sinna.

Náttúruverndarþing telur að við skipulagningu byggðar þurfi að halda eftir opnum svæðum er sýni náttúrulegt umhverfi, s. s. fjörur, votlendi, tjarnir, holt og móar. Jafnframt hvetur þingið til að þannig verði gengið frá nánasta umhverfi skóla að það rækti með nemendum virðingu fyrir umhverfi sínu. Þá beinir þingið þeirri áskorun til sveitarfélaga að umhverfisfræðsla verði veigamikill þáttur í sumarstarfi barna og unglinga.

Náttúruverndarþing hvetur sveitarstjórnir og Náttúruverndarráð til að undirbúa í samvinnu við kennara fræðslu fyrir skólanemendur og almenning um áhugaverð svæði í byggð og óbyggð. Í því skyni verði gengið frá merkingum, göngustígum, fræðsluefni, verkefnum og vakin athygli á því sem örvar skilning á náttúru þessara svæða.

Um umhverfisfræðslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum og í Alviðru.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir yfir eindregnum stuðningi við þau áform Þingvallanefndar að stórauka umhverfisfræðslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þá fagnar

þingið þeirri ákvörðun Landverndar og Árnessýslu að stofna til umhverfisfræðslu að Alviðru í Ölfusi.

Um endurskoðun laga um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir þeim tilmælum til menntamálaráðherra og Alþingis að endurskoðuð verði hið fyrsta lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, með það að markmiði að slík starfsemi verði efld, m. a. með stuðningi ríkisins við náttúrufræðistofur í tengslum við náttúrugripasöfn landshlutanna. Vísað er til álitsgerðar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 1972 „til að gera athugun og gefa ráðuneytinu skýrslu um hvort æskilegt muni vera að koma á formlegum tengslum milli héraða- og bæjanáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með hvaða hætti".

Minnt er á eitt hundrað ára afmæli Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 1989 sem verðugt tilefni þess að henni verði fengið nýtt og hentugt húsnæði fyrir starfsemina þannig að hún geti starfað sem nútímalegt náttúrugripasafn og vísindastofnun sem glæðir áhuga og eykur skilning á náttúrunni og náttúruvernd í landinu.

Um rannsóknir á smáhvölum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnar að fé verði veitt til grundvallarrannsókna á smáhvölum hér við land, t. d. hnísu og háhyrningi, sbr. ráðleggingar Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1983 (IWC/34/4, bls. 45 og 47f).

Um rannsóknir á hvölum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar því að auknar hafa verið rannsóknir á hvölum hér við land á undanförnum árum. Bent er á að utanríkismálanefnd Alþingis lagði til hinn 2. febr. 1983 að hvalarannsóknir verði stórauknar, en þessu hefur ekki enn verið fylgt eftir með nauðsynlegum fjárveitingum. Náttúruverndarþing skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að efla enn verulega þessar rannsóknir á næstu árum og nýta þannig þau tækifæri sem gefast meðan hvalveiðar eru stundaðar. Þingið leggur áherslu á að jafnframt því að byggja á rannsóknum á veiddum hvölum verði einnig stundaðar í auknum mæli alhliða rannsóknir sem unnt er að stunda án veiða.

Um friðun dýralífs í Hornstrandafriðlandi.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að það kanni leiðir til að friða allt dýralíf í Hornstrandafriðlandi.

Um setningu laga um selveiðar.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algjörlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er, svo sem á friðlýstum svæðum og í látrum.

Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frumvarp það, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, leggur þingið eindregið til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt. Hún hljóðar í frumvarpinu svo:

„Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Lagt er til að 3. gr. verði orðuð svo, og er þetta orðalag í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd, er samdi frumvarpið, lagði til:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn

nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvað eina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða."

Að öðru leyti tekur þingið ekki afstöðu til frumvarpsins, enda ekki haft tækifæri til að kynna sér það.

Um notkun eiturefna til skordýraeyðingar.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir yfir áhyggjum vegna víðtækrar notkunar hættulegra eiturefna til skordýraeyðingar og hvetur til notkunar hættuminni aðferða til að minnka tjón af völdum skordýra.

Um mikilvægi lífríkis Þjórsárvera.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ítrekar sérstöðu og mikilvægi lífríkis Þjórsárvera og beinir þeim eindregnu tilmælum til virkjunaraðila að hlífa friðlandi veranna. Enn fremur skorar þingið á Alþingi að lögfesta friðlýsingu Þjórsárvera.

Um friðland í Þjórsárverum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur til að friðlandið í Þjórsárverum verði tilnefnt á skrá Ramsar-samþykktarinnar um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi.

Um frárennslismál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á sveitarstjórnir og stjórnvöld að marka heildarstefnu í frárennslismálum á sama hátt og almennt tíðkast hjá menningarþjóðum þar sem ástand í frárennslismálum á höfuðborgarsvæðinu og reyndar landinu öllu er óviðunandi.

Náttúruverndarþing bendir á að með lögum nr. 67/1981 var staðfestur alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum þar sem fjallað er um almenna skyldu aðildarríkja samningsins til að draga sem mest úr mengun sjávar, þar með talin mengun frá landi um holræsi. Áhersla verði lögð á að varðveita lífríki fjöru og fjöruborðs um leið og komið verði í veg fyrir mengun sjávar og ferskvatns.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKT LANDSFUNDAR ALÞÝÐUBANDALAGSINS Í NÓV. 1983 UM UMHVERFISVERND OG AUÐLINDIR

Lífríki lands og sjávar er það fjöregg sem þjóðin hefur reist tilveru sína á frá öndverðu: Grasnytjar, afurðir búpenings og sjávarafli. Þær auðlindir verður því að vernda gegn ofnýtingu, rányrkju og mengun og bæta sem verða má fyrir þá röskun sem orðið hefur af mannavöldum.

Á auðlindir lands og sjávar ber að líta sem sameign þjóðarinnar sem hver kynslóð nýtir og skilar hinni næstu, helst í betra ástandi en við var tekið. Æskilegt er að stuðla að sem víðtækastri almannaeign á landi og landgæðum og tryggja afnotarétt í stað einkaeignar. Bændur skulu eiga jarðir til landbúnaðarnytja ef þeir kjósa, en nauðsynlegt er að hindra allt brask með jarðnæði til sveita og með lóðir og lendur í þéttbýli og grennd.

Í stað handahófs í landnýtingu þarf að koma skipulag er taki til landsins alls og kveði á um ráðstöfun þess til einstakra nýtingarþátta. Að þessu þarf að vinna á lýðræðislegan hátt og leitast við að samræma sjónarmið og jafna aðstöðu fólks í þéttbýli og dreifbýli til að njóta landsins auk þess sem tryggð sé víðtæk náttúruvernd. Varðveita skal fornan rétt gangandi manna til umferðar um landið og friðsæld og sérkenni ósnortinnar náttúru.

Við uppbyggingu raforkuiðnaðarins þarf sem fyrst að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð um orkuverð og örugga raforku, en því marki verður best náð með samtengingu og dreifingu orkuvera um landið.

Enn er lítill hluti fallorkunnar virkjaður og nýting jarðvarma til raforkuvinnslu er á byrjunarstigi. Ráðstöfun þessara orkulinda er eitt örlagaríkasta mál þjóðarinnar og ákvarðanir þar að lútandi geta skipt sköpum um efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði hennar. Ljóst er að borgarastéttin hefur fullan hug á að bjóða þessa orku fala útlendum auðhringum og gæti endurtekið samninga á borð við þann sem fulltrúar hennar gerðu við Alusuisse um álverið í Straumsvík. Þar er á ferðinni útlent auðfélag sem kaupir orku á gjafverði til langs tíma og nýtur þar að auki margs konar hlunninda og var um skeið undanþegið lágmarksmengunarvörnum.

Alþýðubandalagið er því andvígt að erlend auðfélög fái aðstöðu til atvinnurekstrar á Íslandi og telur að uppbyggingu stóriðju í landinu beri að haga eftir efnahagsgetu þjóðarinnar sjálfrar.

Alger forsenda er að íslenska ríkið eigi meiri hluta í stóriðjufyrirtækjum. Við byggingu og staðsetningu stóriðjumannvirkja ber að sýna ítrustu aðgæslu um mengunarvarnir, en ekki er síður nauðsynlegt að taka fullt tillit til félagslegra og efnahagslegra áhrifa.

Við undirbúning framkvæmda í orkumálum og iðnaði sem og við aðra mannvirkjagerð ber að leggja áherslu á að fullt tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða frá byrjun.

Vaxandi blikur eru á lofti í umhverfismálum víða um lönd, á sinn hátt ólíkar að ásýnd en samslungnar að eðli í iðnaðarríkjum og fátæktarlöndum. Í hinum síðarnefndu veldur skefjalaust arðrán auðvaldslanda fyrr og nú mestu um það hungurstig sem þar er hlutskipti milljóna. Ör fólksfjölgun án samsvarandi efnahagslegra og félagslegra umbóta bætir síðan gráu ofan á svart. Á hinn bóginn hafa framleiðsluhættir og markaðskerfi auðvaldslanda í för með sér gegndarlausa sóun auðlinda og mengun umhverfis sem æ víðar ógnar vistkerfum og tilveruskilyrðum manna. Þessi helstefna bætir nýjum, ógnvekjandi kreppuboðum við þær mótsagnir sem fyrir voru í auðvaldsskipulaginu og gerir það enn brýnna að hið blinda peningaveldi verði leyst af hólmi. Þess í stað þarf að stefna til sósíalisma með félagslegum framleiðsluháttum, sameign á auðlindum og mikilvægustu þáttum efnahagsstarfseminnar undir lýðræðislegri stjórn. Þá fyrst — í þjóðfélagi þar sem ábyrgðin á framleiðslu og arðskiptingu hvílir á herðum hins vinnandi fjölda — er unnt að sigrast á aðsteðjandi vistkreppu og öðrum efnahagslegum og félagslegum mótsögnum auðvaldsskipulagsins.

Einnig hér á Íslandi verður verndun auðlinda og umhverfis ekki skilin frá almennri þjóðfélagsþróun í landinu. Félagsleg eign auðlinda og stórvirkra framleiðslutækja, ásamt óskoruðu efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfsforræði, er leiðin til að tryggja farsæla þróun þessara mála með alþjóðarheill og framtíðarmarkmið fyrir augum.

Frumkvæði Alþýðubandalagsins.

Þetta eru nokkrir kaflar úr stefnuskrá Alþýðubandalagsins eins og hún var samþykkt fyrir 9 árum en Alþýðubandalagið setti fyrst íslenskra stjórnmálaflokka fram afdráttarlausa stefnu í umhverfismálum. Sú stefna er enn í fullu gildi. Þar er krafan um óskert íslenskt forræði yfir sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar ásamt andstöðu gegn erlendri ásælni meðal grundvallaratriða.

Flokkurinn hefur ítrekað minnt á þessa stefnu sína síðan í fundarsamþykktum og leitast við að koma henni í framkvæmd á Alþingi, í ríkisstjórnum og í samvinnu við áhugamanna-

samtök. Má í því sambandi minna á að Alþýðubandalagið hefur á síðustu árum haft forgöngu um víðtækar rannsóknir á náttúrufarslegum og félagslegum áhrifum af staðsetningu meiri háttar iðju- og orkuvera, sett lög og reglugerðir um hollustuvernd og stutt bann við hvalveiðum, svo að dæmi séu tekin.

Tillögur Alþýðubandalagsins um almannaeign á orkulindum, virkjunarrétti og jarðhita neðan 100 m dýpis fengu hins vegar ekki byr í ríkisstjórnum síðustu 5 árin. Sama máli gegndi um endurbætur á stjórnkerfinu varðandi umhverfismál.

Hætturnar fram undan.

Þótt ýmislegt hafi áunnist í umhverfisvernd eru þau atriði miklu fleiri sem ekki hafa náð fram að ganga og á ýmsum sviðum blasa við meiri hættur en áður. Má þar m. a. nefna:

- Hættuna af kjarnorkuvá, m. a. fyrir fiskimiðin vegna siglinga kjarnorkukafbáta í grennd við landið.
- Minnkandi sjávarafla vegna ofveiði samfara óhagstæðum ytri skilyrðum.
- Ofbeit og ofnýtingu á stórum landsvæðum sem verður enn afdrifaríkara í kólnandi árferði.
- Hnignun gróðurvinja og margháttað rask í óbyggðum vegna vaxandi umferðarþunga og ferðamennsku.
- Ásókn erlendra auðhringa í orkulindir landsmanna og þjónkun innlendra afla við hagsmuni þeirra.
- Mengun af völdum frárennslis við þéttbýli.

Nýting auðlindanna.

Alþýðubandalagið mun beita sér fyrir því að vörn verði snúið í sókn í skynsamlegri nýtingu auðlindanna og heitir á önnur stjórnmálaöfl og áhugamenn um umhverfisvernd til samstöðu um framtíðarhagsmuni lands og þjóðar á þessu sviði. Lífrænum auðlindum má ekki stofna í tvísýnu fyrir stundarhag með því að ganga á höfuðstólinn. Þjóðin á sjálf að njóta arðsins af íslenskum orkulindum.

Ræktun í stað rányrkju.

Landsfundurinn hvetur til stóraukinna rannsókna á íslenskri náttúru og auðlindum til að auka þekkingu og auðvelda skipulag og stjórn á nýtingu þessara gæða. Afdrifaríkar sveiflur í stærð ýmissa mikilvægustu fiskistofna okkar síðustu árin undirstrika nauðsyn þessa. Ræktun verður að taka við af rányrkju á gróðurlendum og fiskimiðum og afstýra verður skaðlegri mengun. Tært loft og ómengað vatn og haf eru ómetanleg gæði fyrir þjóðina bæði í starfi og tómstundum.

Efnahagslögsaga og kjarnorkuvá.

Landsfundur Alþýðubandalagsins krefst þess að íslenska efnahagslögsagan verði friðuð fyrir kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja um hana bönnuð. Ísland á að skipa sér í hóp þjóða sem berjast gegn losun geislavirkra úrgangsefna í sjó og taka virkan þátt í umræðum um mengun úthafa og andrúmslofts.

Sérstök áhersla verði lögð á samstarf við grannþjóðirnar um nýtingu stofna sem fara milli lögsögusvæða. Fyllstu aðgát verður að sýna við vinnslu auðæfa af hafsbotni í Norður-Atlantshafi sem haft gæti mengun í för með sér, ekki hvað síst við olíuvinnslu.

Endurvinnsla og orkusparnaður.

Stefna ber að endurvinnslu úrgangs og efnisleifa eins og frekast er kostur og draga úr notkun einnota varnings sem felur í sér sóun verðmæta og mengun umhverfis. Á tímum

þverrandi auðlinda og vaxandi mengunar er það siðferðisleg skylda hverrar þjóðar að leggja áherslu á orkusparnað og sem fyllsta nýtingu hráefna.

Umhverfismálaráðuneyti.

Enn eru mikilvægir þættir umhverfismála til meðferðar í eigi færri en sex ráðuneytum, þótt meira en áratugur sé liðinn síðan sett var fram krafa um bætta stjórn þeirra mála. Landsfundurinn ítrekar kröfuna um sérstakt umhverfismálaráðuneyti sem taki til starfa innan tveggja ára í tengslum við endurskipulagningu Stjórnarráðsins. Stjórnarnefnd umhverfismála taki strax til starfa til að vinna að samhæfingu af opinberri hálfu uns sérstakt ráðuneyti hefur verið stofnað.

Fræðsla og landkynning.

Brýnt er að stórauka fræðslu um náttúru landsins og umhverfismál í skólum og auka útgáfustarfsemi og kynningu á þessu sviði. Rannsóknir, fræðsla og upplýsingamiðlun til þjóðarinnar eru forsendur eðlilegrar skoðanamyndunar og skynsamlegrar afstöðu til umhverfismála.

Öll landkynning og auglýsingastarfsemi skal taka mið af ströngustu umhverfisverndarkröfum. Koma verður í veg fyrir að viðkvæm náttúra landsins verði miskunnarlausri sölumennsku að bráð.

Kortlagning og skipulag.

Landsfundurinn bendir á að kortlagning landsins er enn afar ófullkomin og brýnt er að bæta þar úr, m. a. til að unnt sé að hraða gerð landnýtingarskipulags. Kortlagning hafsbotnsins innan íslenskrar lögsögu er á algjöru frumstigi og einnig á því sviði þarf að efla rannsóknir og fylla í eyður.

Mun meiri gaum þarf að gefa skipulagi vinnustaða með tilliti til hollustu og aðlaðandi starfsumhverfis.

Verndun hálendis.

Reynsla síðasta sumars sýnir að hamla verður gegn vaxandi ásókn erlendra „safari"-hópa og rallakstursklúbba um óbyggðir landsins. Gera verður þá kröfu til ferðamálaráðs að það fylgi fast eftir reglugerðum sem settar voru s. l. vor um eftirlit með hópferðum erlendra ferðaskrifstofa um landið og takmörkun á innflutningi þeirra á vistum, eldsneyti og farartækjum. Tryggja verður að innlendur fararstjóri sé í hverri hópferð. Auka þarf fjárveitingar til landvörslu og koma í veg fyrir bifreiðaakstur um viðkvæmustu gróðurvinjar hálendisins og akstur utan vega.

Endurskoðun náttúruverndarlaga.

Endurskoða þarf lög um náttúruvernd með hliðsjón af tillögum náttúruverndarþings 1981, m. a. til að rýmka rétt almennings til umferðar og útivistar og kveða skýrar á um skyldur þeirra er ferðast um landið. Sérstaklega þarf að huga að verndun óbyggðanna fyrir óeðlilegri röskun vegna rannsóknarstarfa og annars undirbúnings og mannvirkjagerðar, svo sem virkjana, sem og vegna ferðamennsku.

Landsfundur Alþýðubandalagsins 1983 telur umhverfisvernd og bætta auðlindameðferð eitt brýnasta mál þjóðarinnar. Meðferð auðlindanna varðar hag ókominna kynslóða á sama hátt og efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði. Ekki aðeins þarf að vernda hið hagnýta heldur einnig hið fagra og óræða í íslenskri náttúru.

Fylgiskjal III.

SKRÁ YFIR MÁLAFLOKKA OG LÖG Á SVIÐI UMHVERFISVERNDAR

A. MÁLAFLOKKAR Á SVIÐI UMHVERFISVERNDAR.
Byggt á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Náttúruverndarmál og útilífsmál.

Menntamálaráðuneyti:	Náttúruvernd, minjar og þjóðgarðar aðrir en Þingvellir.
Forsætisráðuneyti:	Þingvellir og Þingvallaþjóðgarður.
Samgönguráðuneyti:	Ferðalög.

Friðun og verndun villtra dýra og plantna.

Menntamálaráðuneyti:	Fuglafriðun og fuglaveiðar.
	Friðun hreindýra og eftirlit.
Landbúnaðarráðuneyti:	Veiði í ám og vötnum.
	Eyðing refa og minka.
Sjávarútvegsráðuneyti:	Hvalveiðar (selveiðar).

Þjóðminjavernd.

Menntamálaráðuneyti:	Þjóðminjasafn.
	Byggðasöfn.

Skipulagsmál og ráðstöfun lands.

Félagsmálaráðuneyti:	Skipulag, skipulagsstjórn og embætti skipulagsstjóra.
	(Byggingarmál).
Landbúnaðarráðuneyti:	Þjóðgarðar og kirkjujarðir.
	Jarðeignasjóður.
	(Jarðalög).

Mengunarvarnir.

Félagsmálaráðuneyti:	Vinnustaðir.
Heilbrigðismálaráðuneyti:	Almenn heilbrigðismál, heilsugæsla og heilsuvernd.
	Eiturefni og hættuleg efni.
Samgönguráðuneyti:	Siglingar, eftirlit með skipum (mengun sjávar).

Umhverfisrannsóknir.

Menntamálaráðuneyti:	Náttúrufræðistofnun Íslands.
	Náttúrugripasöfn.
	Rannsóknaráð ríkisins.
Samgönguráðuneyti:	Landmælingar.
	Veðurstofan.

Nýting og vernd auðlinda.

Iðnaðarráðuneyti:	Orka, orkunýting.
	Námurekstur.
Sjávarútvegsráðuneyti:	Friðun og nýting fiskimiða.

Gróðurvernd.

Landbúnaðarráðuneyti:	Landgræðsla.
	Skógrækt.

B. LÖG SEM SNERTA UMHVERFISVERND.

1. Mengun.

Lög nr. 85/1968 og 27/1973, um eiturefni og hættuleg efni.
Lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, (sjá mengun sjávar og vatnalög).
Lög nr. 117/1985, um geislavarnir.

2. Skipulag, ráðstöfun lands.

Lög nr. 19/1964 og 31/1978, skipulagslög.
Lög. nr. 54/1978, byggingarlög.
Lög nr. 65/1976, jarðalög.

3. Náttúru- og þjóðminjavernd.

Lög nr. 52/1969, þjóðminjalög.
Lög nr. 47/1971, um náttúruvernd.
Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla.
Lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

4. Dýrategundir.

Lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.
Lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.
Lög nr. 26/1949, um hvalveiðar.
Lög nr. 52/1957, 9/1964 og 26/1971, um eyðingu refa og minka.
Lög nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks.
(Tvenn staðbundin lög um seli.)

5. Gróðurvernd.

Lög nr. 3/1955, um skógrækt.
Lög nr. 17/1965, um landgræðslu.
Lög nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.
Lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.
Lög nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
Lög nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks.

6. Námur.

Lög nr. 24/1973, námulög.
Lög nr. 16/1940, um mótak.

7. Orka, vatn.

Lög nr. 15/1923 og 90/1938, vatnalög.
Lög nr. 58/1967, orkulög.
Lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

8. Auðlindir sjávar.

Lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.
Lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

9. Mengun sjávar.

Lög nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins.
Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.
Lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó.

Fylgiskjal IV.

MINNISBLAÐ UM FRUMVARPSDRÖG TIL LAGA UM UMHVERFISMÁL

Minnisblað
til félagsmálaráðherra
frá iðnaðarráðherra.

Iðnaðarráðuneytið
30. apríl 1979.

Efni: Frumvarpsdrög til laga um umhverfismál.

Varðandi fyrirhugað frumvarp um umhverfismál vil ég gefa eftirfarandi ábendingar:

1. Stofnað verði sjálfstætt umhverfisráðuneyti, sbr. tillögur náttúruverndarþings 1978 og á fyrri þingum.
2. Auk málaflokka, sem tillögur voru um í frv. fyrri ríkisstjórnar frá 1977 að félli undir ráðuneyti umhverfismála, legg ég til að athugað verði að **bæta við** eftirtöldum:
   2.1 Auðlindamál með tilliti til rannsókna, upplýsingaöflunar og tillögugerðar til stjórnvalda (Alþingis, ríkisstjórnar, ráðuneyta).
   2.2 Landnýting (land, landgrunn, sjór) innan íslenskrar auðlindalögsögu (tengist auðlindamálum).
   2.3 Skógrækt (skógvernd).
   2.4 Landgræðsla (gróðurvernd).
   2.5 Þjóðminjavernd (fornminjar, húsavernd).
3. Stofnanir sem eðlilegt væri að tengdust umhverfisráðuneyti í heild eða að hluta (ásamt útibúum utan höfuðstöðva):
   Náttúruverndarráð,
   Heilbrigðiseftirlit ríkisins,
   Skipulagsstjórn ríkisins,
   Rannsóknaráð ríkisins,
   Rannsóknastofnanir atvinnuveganna (tengsl),
   Hafrannsóknastofnun (tengsl),
   Orkustofnun (tengsl),
   Náttúrufræðistofnun Íslands,
   Landmælingar Íslands,
   Öryggismálaeftirlit,
   Eiturefnanefnd,
   Siglingamálastofnun (mengun sjávar),
   Landgræðsla ríkisins,
   Skógrækt ríkisins,
   Þjóðminjasafnið,
   Veðurstofa Íslands.
4. Athuga þyrfti um breytingar á frumvarpinu frá 1977 með hliðsjón af ofangreindum hugmyndum.

Ég teldi rétt að ætla sér tíma fram að Alþingi að hausti til að fara vandlega yfir frumvarpið og ræða umrædda skipulagsbreytingu varðandi Stjórnarráðið í ríkisstjórninni og við fleiri aðila eftir atvikum. Leggja málið síðan fram vel undirbúið í þingbyrjun.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal V.

NOKKRAR STOFNANIR, RÁÐ OG NEFNDIR SEM FJALLA UM UMHVERFISMÁL

Náttúruverndarráð, sjö manna, kosið af náttúruverndarþingi skv. lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd (undir menntamálaráðuneyti).

Náttúruverndarnefndir, starfandi í sýslum (sýslunefndir) og kaupstöðum (bæjarstjórnir) skv. náttúruverndarlögum. (Umhverfismálaráð í nokkrum kaupstöðum.)

Gróðurverndarnefndir, starfandi í sýslum og kaupstöðum skv. lögum nr. 17/1965, um landgræðslu (undir landbúnaðarráðuneyti).

Skógrækt ríkisins, skv. lögum nr. 3/1955 (undir landbúnaðarráðuneyti).

Landgræðsla ríkisins, skv. lögum nr. 17/1965 (undir landbúnaðarráðuneyti).

Þjóðminjasafn Íslands, skv. þjóðminjalögum, nr. 52/1969, (undir menntamálaráðuneyti).

Náttúrufræðistofnun Íslands, skv. lögum um almennar náttúrurannsóknir, nr. 48/1965 (undir menntamálaráðuneyti).

Rannsóknaráð ríkisins, skv. lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, (einnig rannsóknastofnanir atvinnuveganna) (undir menntamálaráðuneyti).

Hollustuvernd ríkisins, skv. lögum frá 1981, m. a. með heilbrigðiseftirlit (starfsleyfi), mengunarvarnir og eiturefnanefnd (undir heilbrigðisráðuneyti).

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar á vegum stærri sveitarfélaga (skv. lögum um hollustuvernd).

Siglingamálastofnun, varnir gegn mengun sjávar, skv. lögum nr. 20/1986 og lögum nr. 32/1986 (undir samgönguráðuneyti).

Skipulagsmál, skipulagsstjórn o. fl., skv. skipulagslögum nr. 19/1964, með síðari breytingum (undir félagsmálaráðuneyti).

Skipulagsnefndir, byggingarnefndir og byggingarfulltrúar á vegum sveitarfélaga (skv. byggingarlögum frá 1978 og reglugerð frá 1979).

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, skv. lögum nr. 41/1979 (undir utanríkisráðuneyti).

Hafsbotn, hagnýting auðlinda og eignarréttur að auðlindum hafsbotns (löggjöf í undirbúningi) (undir iðnaðarráðuneyti).

Nefndir tengdar iðnaðarráðuneyti:

Samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs (frá 1972): Tilnefndir þrír menn frá hvorum.

Staðarvalsnefnd um iðnrekstur (frá 1980): Fulltrúar tilnefndir af iðnaðarráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Framkvæmdastofnun — byggðadeild.

Fylgiskjal VI.

Þingsályktun

um landnýtingaráætlun.

(Samþykkt á Alþingi 22. maí 1984.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast nú þegar til um að undirbúningi og vinnu við landnýtingaráætlun verði hraðað. Við gerð slíkrar áætlunar verði lögð áhersla á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Gerð verði kostnaðaráætlun um landnýtingarskipulag sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um framkvæmdahraða.

Úr ritinu:

LANDNÝTING Á ÍSLANDI OG FORSENDUR FYRIR LANDNÝTINGARÁÆTLUN

Nefnd um landnýtingaráætlun.
Landbúnaðarráðuneytið.
Maí 1986.

Reykjavík 21. maí 1986

LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA JÓN HELGASON
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI
ARNARHVÁLI
REYKJAVÍK

Nefnd um landnýtingaráætlun, skipuð af landbúnaðarráðherra með fulltrúum tilnefndum af viðkomandi stofnunum, hefur lokið störfum.

Nefndin hóf störf í janúar 1985 og hefur í starfi sínu leitast við að taka á verkefninu í samræmi við þingsályktun um gerð landnýtingaráætlunar sem samþykkt var á alþingi 22. maí 1984.

Nefndin hélt alls 14 reglulega fundi, en aðalstarfið hefur hvílt á þriggja manna undirnefnd sem haldið hefur marga vinnufundi með einstökum nefndarmönnum og öðrum sérfræðingum. Hafa nefndarmenn orðið sammála um niðurstöður og tillögur í öllum megin atriðum.

Með bréfi þessu fylgir skýrsla nefndarinnar um landnýtingu á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Sveinbjörn Dagfinnsson

Birgir Þorgilsson

Bjarni Reynarsson

Eyþór Einarsson

Gísli Júlíusson

Hákon Sigurgrímsson

Hermann Sveinbjörnsson

Ingvi Þorsteinsson

Jakob Björnsson

Leifur Kr. Jóhannesson

Ólafur R. Dýrmundsson

Sigurður Blöndal

Sigurður Þorsteinsson

Stefán H. Sigfússon

Zóphónías Pálsson

11 GERÐ LANDNÝTINGARÁÆTLUNAR

11.1 Yfirlit og helstu niðurstöður

Líklegt er að miklar breytingar verði á landnýtingu á næstu 10 til 20 árum. Til þess liggja margar ástæður, en þó einkum breytingar á atvinnuháttum og búsetu ásamt vaxandi kröfum ýmissa hópa þjóðfélagsins um viðtæk og fjölbreytt afnot af landinu. Dreifing byggðar um landið endurspeglar atvinnu- og lífnaðarhætti þjóðarinnar á hverjum tíma, þótt stjórnvöld geti haft, að minnsta kosti um tíma, áhrif á búsetu með pólitískum aðgerðum. Ýmsar breytingar virðast í vændum, til dæmis á vinnslu og sölu sjávarafurða og á skipulagi landbúnaðarins. Margt bendir til að byggð muni dragast saman víða um land, einkum í hinum afskekktari sveitum og þar sem aðstaða til búskapar er erfið, en styrkjast í og umhverfis þéttbýli sem byggir afkomu sína á fjölbreyttara atvinnulífi. Slíkt þéttbýli heldur líklega áfram að vaxa umfram almenna fólksfjölgun í landinu. Þessi þróun er þegar hafin og verður að öllum líkindum enn hraðari en hingað til vegna breyttra atvinnuhátta og nýrra viðhorfa. Óskir um frjálslegri lífshætti, auknar kröfur um menntun og þjónustu, ásamt möguleikum á starfi fyrir báða í hjónabandi eða sambúð, hafa einnig áhrif á þróunina. Þegar á heildina er litið er ekki ástæða til að líta á slíka byggðaþróun sem „byggðaröskun" heldur miklu fremur sem aðlögun að breytingum á atvinnu- og lífsháttum þjóðarinnar. Eðlilegt er að samfélagið komi til aðstoðar ef slíkar búsetubreytingar valda óviðunandi röskun á högum fólks.

Aðeins lítill hluti Íslands getur talist byggilegur vegna hæðar yfir sjó eða brattlendis, en einungis 17% af landinu eru neðan 100 m og 26% neðan 200 m. Auk þess henta mörg svæði á láglendi illa til búsetu af ýmsum ástæðum. Aðeins um fjórðungur af flatarmáli landsins er gróinn, en skortur á ræktanlegu landi mun þó óvíða takmarka búrekstur um langa framtíð. Byggðin er dreifð á belti umhverfis hálendið, sem gerir búsetu í landinu bæði erfiða og dýra.

Auðnir Íslands eru ekki eingöngu á hálendinu. Stór flæmi á láglendi eru sandar, hraun eða örfoka svæði vegna gróður- og jarðvegseyðingar. Gróður landsins hefur legið undir miklu álagi af völdum eldvirkni og erfiðs veðurfars og því urðu afleiðingar búsetu og skógeyðingar meiri en ella. Oft var þó um að kenna þekkingarleysi, en það er okkur ekki afsökun nú á tímum.

Landnýtingarvandamál hér á landi eru að flestu leyti frábrugðin því sem til dæmis gerist í Norður-Evrópu. Þar er mengun víða alvarlegt vandamál og veldur því meðal annars að skógeyðing ágerist, auk þess sem vöxtur þéttbýlis leiðir til þess að sífellt gengur á verðmætt landbúnaðarland. Hér á landi eru ekki horfur á að skortur verði á landrými fyrir þéttbýli eða landbúnað á láglendi um langa framtíð. Mengunarvandinn hér á landi er lítill miðað við ástandið í nágrannalöndum, en mengun vegna ófullnægjandi frárennslislagna í þéttbýli er þó veruleg. Ef ekki verður gert átak til úrbóta verður þetta vandamál enn alvarlegra með aukinni þéttbýlismyndun. Ennfremur getur sú hraða þróun sem hér á sér stað í fiskeldi skapað ný og áður óþekkt mengunarvandamál ef ekki er gætt fyllstu varúðar. Landnýtingarvandamál á Íslandi tengjast einkum samnýtingu stórra landsvæða eða jafnvel landshluta, einkum á hálendinu. Athyglisvert er að réttur til landnýtingar og ábyrgð vegna landskemmda fer sjaldnast saman hér á landi, jafnvel þótt um land í ríkiseign sé að ræða.

Landbúnaður er lang áhrifamestur landnýtingarþátta og skipulag hans ræður miklu um svigrúm til annarrar landnýtingar. Um 4000 bændur stunda nú framleiðslu mjólkur og kindakjöts. Miðað við núverandi tækni, afurðir og markaðsaðstæður virðist hins vegar ekki vera starfsgrundvöllur fyrir fleiri en 2000–2500 bændur í þessum búgreinum. Í framtíðinni má jafnvel reikna með að enn færri bænda verði þörf til að anna innanlandsmarkaði fyrir kjöt og mjólk, þar eð framleiðsluaukningar munu sennilega stækka, framleiðni aukast og neysluvenjur breytast.

Stjórnvöld gera ráð fyrir að verja miklum fjármunum á næstu árum til að draga úr áhrifum samdráttar í hinum hefðbundnu búgreinum, meðal annars með aðstoð til uppbyggingar í öðrum búgreinum sem búa við betri markaðsskilyrði. Flestar nýju búgreinanna hafa mun minni landþörf en þær hefðbundnu. Líklegt er að búskap verði hætt á fjölmörgum býlum á næstu árum. Mótun markvissrar stefnu í byggðamálum til að koma í veg fyrir mistök í skipulagi og fjárfestingu er brýn, en krefst ýmissa viðkvæmra ákvarðana og er því erfið í framkvæmd. Til dæmis þarf að taka tillit til landkosta og aðstöðu til búrekstrar og hvernig framleiða á búvörur á hagkvæmastan hátt. Í því sambandi þarf að reikna með kostnaði vegna viðhalds og eflingar landgæða, vegna kaupa ríkisins á jörðum með erfiða búrekstraraðstöðu og vegna annars opinbers stuðnings við breytingar á búskaparháttum og búsetu. Þá þarf að meta þau áhrif sem breytingar í landbúnaði hafa á aðra atvinnuvegi og þjóðlífið.

Eitt meginmarkmið landnýtingaráætlunar hlýtur að vera að viðhalda gróðri og efla hann, en gróðurfar er

víða allt annað en náttúruskilyrði leyfa. Landbúnaðurinn, einkum sauðfjár- og hrossarækt, er hér langáhrifamestur og því er eðlilegt að gerð landnýtingaráætlunar tengist mjög framtíðarskipulagi landbúnaðar. Svæðaskipting sauðfjárræktarinnar milli héraða, meðal annars með tilliti til landkosta, á að vera framkvæmanleg. Erfiðara getur reynst að skipuleggja hrossarækt, sem er að nokkru rekin sem tómstundaiðja og lýtur aðeins að takmörkuðu leyti hagrænum lögmálum. Hrossaræktarmenn eru nú að verða einna stórtækastir notendur úthagagróðurs. Ljóst er að ástand gróðurs og jarðvegs er slæmt víða um land og mikil gróðureyðing á sér enn stað. Nokkuð hefur áunnist við stjórn úthagabeitar á síðustu árum og á svæðum þar sem dregið hefur úr beit hefur ástand gróðurs batnað. Þó er mjög víða brýnt að draga enn frekar úr beit, — það stríðir gegn skynsemi og þjóðarhag að nýta áfram sum þeirra svæða sem verst eru farin og viðkvæmust. Rányrkja lands er í raun enn alvarlegri misgerð en ofveiði í sjó. Ofveiddir fiskistofnar ná sér oft á nokkrum árum, eins og dæmi hafa sannað, en áratugir og jafnvel aldir geta liðir áður en örfoka land grær aftur. Þó að meðferð Íslendinga á landinu hafi batnað mikið á síðustu áratugum er hún enn langt frá því að vera í samræmi við vísindalega þekkingu nútímans og getu okkar til að taka á þessum vanda.

Nauðsynlegt er að hraða eftir föngum gerð ítölu eða samninga við bændur um hámarksfjölda sauðfjár og hrossa og tilhögun beitar á flestum jörðum og öllum afréttum í landinu. Unnt á að vera að laga fjölda búfjár að landkostum um land allt á 10–15 árum, eða fyrir aldamót. Með því móti væri tekið fyrir frumorsök gróður- og jarðvegseyðingar og alhliða rýrnun landkosta. Framkvæmdahraði þessa verkefnis ræðst hins vegar mjög af stefnu stjórnvalda.

Opinberar stofnanir sem gegna því hlutverki að viðhalda landgæðum og efla þau eru fyrst og fremst Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins. Víða eru dæmi um góðan árangur af starfi þeirra. Samstarf þessara stofnana sín á milli og við Náttúruverndarráð, rannsóknaraðila og skipulagsyfirvöld þarf að rækja sem best. Með því móti er hægt að vinna með meiri yfirsýn að alhliða verndun lands og landbótum. Þetta á til dæmis við um meðferð friðlýstra svæða, græðslu fjölbreytts og aðlaðandi gróðurs á útivistarsvæðum og varðveislu og eflingu þess birkikjarrs sem eftir er í landinu. Slíkt samstarf þarf að mótast af langtímamarkmiðum þar sem hagsmuna þjóðarinnar í heild er gætt.

Markmið náttúruverndar hér á landi hafa ekki verið nægjanlega vel skilgreind. Þannig er til dæmis ekki fullljóst samkvæmt lögum um náttúruvernd hvort stefna skuli að því að viðhalda ákveðnum svæðum í því ástandi sem þau eru, bíða eftir náttúrulegum breytingum, eða skapa æskilegt umhverfi á markvissan hátt. Með öðrum orðum, ekki er ljóst í lögunum hvort náttúruvernd á að vera fyrir íbúa landsins í samræmi við óskir þeirra og þarfir, eða fyrst og fremst friðun, en æskilegt er að þetta fari saman og hvors tveggja sé gætt. Misjafn skilningur er oft lagður í verndunarákvæði og hvernig þeim skuli framfylgt. Þau meginmarkmið landnýtingaráætlunar að bæta landkosti í samræmi við það sem æskilegt er talið á hverjum stað og tíma þurfa ekki að stangast á við náttúruverndarsjónarmið ef rétt er á málum haldið, en þó má ekki missa sjónar af framtíðarmarkmiðum. Með aukinni þéttbýlismyndun, meiri frítíma og ört vaxandi ferðamannastraumi eykst stöðugt þörf fyrir land til útivistar og gæti útivist jafnvel orðið mikilvægasta landnýtingin á stórum landsvæðum í framtíðinni.

Með betra skipulagi á dreifingu búfjár um landið verður auðveldara að takmarka lausagöngu þess þar sem með þarf, draga úr beit á viðkvæmum svæðum og friða land til að gróður geti þroskast í friði þar sem æskilegt er talið að gera umhverfið hlýlegra og vistlegra. Einnig gefst þá aukið svigrúm til að rækta skóg á stórum samfelldum svæðum, opna nýja þjóðgarða og byggja upp gróðursæl útivistarsvæði án dýrra girðingaframkvæmda.

Gerð samgöngumannvirkja hefur lítil bein áhrif á landnýtingu, nema ef til vill með tilliti til náttúruverndarsjónarmiða. Nýting lands og dreifing byggðar ræðst hins vegar mikið af samgöngum. Bundið slitlag á vegum styttir ferðatíma, en það hefur ásamt öryggi í samgöngum mikil áhrif á atvinnumöguleika fólks í dreifbýli og þjónustu við það. Jarðrask vegna virkjana og landþörf fyrir miðlunarlón er aðallega á hálendinu. Þessi mannvirki geta haft áhrif á aðra landnýtingu, til dæmis til útivistar, og slíkar áætlanir stangast stundum á við gróðurfarsvernd og önnur náttúruverndarsjónarmið. Þar sem raforkan skapar forsendur fyrir byggð verður ekki hjá því komist að dreifikerfið sé víðtækt. Það getur valdið spjöllum á umhverfi, en þeim þarf að halda í lágmarki. Líklegt er að jarðhiti muni áfram hafa mikil áhrif á dreifingu byggðar vegna gildis hans til upphitunar húsa og einnig vegna þeirra atvinnugreina sem byggjast á jarðhita, svo sem fiskeldis, ylræktar og ferðaþjónustu. Takmörkun alhliða landnýtingar vegna virkjunar jarðvarma gæti skipt máli á stöku stað á landinu, til dæmis á Hengilssvæðinu.

Allt frá landnámi hefur eyðing gróðurs og jarðvegs vafalítið verið mesta og alvarlegasta umhverfisvandamál Íslendinga. Taka þarf tillit til þessarar staðreyndar við samræmingu á stjórn umhverfismála. Heildarstjórn umhverfismála mundi auðvelda yfirsýn við gerð landnýtingaráætlana og auðveldara væri að gæta hlutlægni við samræmingu á sjónarmiðum sprottnum af ólíkum hagsmunum.

11.2 Núverandi grundvöllur til áætlanagerðar

Á síðustu áratugum hefur mikið brautryðjandastarf verið unnið og nýtist það beint eða óbeint sem undirstaða skipulags og stefnumótunar í landnýtingu. Má þar nefna loftmyndatöku, kortagerð, gróðurrannsóknir og svæðisbundnar rannsóknir ýmissa stofnana. Fyrir ýmis landsvæði eru nægar upplýsingar fyrir hendi til að gera

vel grundvallaða áætlun um nýtingu lands. Þegar litið er á landið í heild er hins vegar ljóst að gögn vantar um ýmsa landshluta svo og samræmi milli upplýsinga og helstu forsendna fyrir áætlanagerð.

Þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vill nefndin setja fram til hugleiðingar dæmi um það hvernig hægt er að nálgast eiginlega áætlanagerð með því að stilla mismunandi forsendum saman í eina heild. Valdir eru tveir þættir landnýtingar, útivist og verndun lands.

11.2.1 Útivist

Á mynd 11.1 er gerð tilraun til að afmarka þau svæði sem talin eru hafa mikið útivistargildi og flokka þau eftir mikilvægi. Til hliðsjónar er höfð búseta væntanlegra notenda svæðanna á heimilum eða á ferðamanna- og sumarleyfisstöðum. Leitast er við að svæðin séu í rýmra lagi, fjölbreytt að allri gerð og að innan þeirra séu landslagsheildir.

Reynt var að skipta svæðunum í tvo flokka, meðal annars með tilliti til almenns útivistargildis, fræðslugildis, ásóknar ferðamanna sumar og vetur, veiðimöguleika og nándar við þéttbýli. Þegar lagt er mat á þessa þætti vegur almennt útivistargildi mest og geta þar farið saman til dæmis göngusvæði og kjarr- og skóglendi. Fjölbreyttustu svæðin eru sett í 1. flokk en önnur í 2. flokk.

Sú mynd sem fram kemur er athyglisverð fyrir margra hluta sakir, svo sem hvað varðar dreifingu milli landshluta og samanburð við landslag og jarðfræðilega þætti. Stór og fjölbreytt útivistarsvæði virðast samkvæmt þessu mati vera síst á stórum hluta Vestfjarða, á Norðvesturlandi og á Austurlandi. Þetta stafar þó að nokkru af því að ekki hefur verið útbúin nægilega góð aðstaða til að taka á móti ferðamönnum í þessum landshlutum. Þessi svæði eru einnig í mestri fjarlægð frá þéttbýli Suðurlands, ef miðhluti Norðurlands er undanskilinn, og því minna þekkt en þau sem nær liggja höfuðborgarsvæðinu.

þátta annar vegar og dreifingar útivistarsvæða hins vegar. Í grófum dráttum má segja að mikilvægi og vinsældir lands með tilliti til útivistar minnki með auknum jarðfræðilegum aldri þess. Segja má að nær allt gosbeltið, eða berggrunnurinn frá ísöld og kvarter, sé vinsælt til útivistar. Á þessu svæði eru einnig stærstu jöklar og háhitasvæði landsins, sem eru meðal helstu sérkenna í íslenskri náttúru og hafa mikið aðdráttarafl.

Ljóst er að svæðin þola misvel álag af völdum ferðamanna og skipta þar miklu máli þættir eins og gróðurfar, jarðvegur, berggrunnur, veðurfar og hæð yfir sjávarmáli. Þau svæði sem eru viðkvæmust fyrir örtröð eru gegndræp móbergssvæði þar sem úrkoma er tiltölulega lítil og jarðvegur öskublandaður. Stór hluti mikilvægra útivistarsvæða á Íslandi er þessu marki brenndur.

Eðlilegt verður að teljast að ferðamannaaðstaða byggist helst upp á láglendi eða við jaðar hálendisins, þannig að dregið verði úr hættu á of miklu álagi á gróður á hálendinu. Þegar er risin þjónustumiðstöð í þjóðgarðinum í Skaftafelli og hafin er uppbygging í Ásbyrgi í þjóðgarðinum við Jökulsárgljúfur. Ennfremur má nefna Húsafell sem dæmi um stað með svipaða aðstöðu og í þjóðgörðunum. Til þess að dreifa sem mest álaginu þarf að byggja fleiri slíkar miðstöðvar dreift um landið. Staðir sem koma til greina í því sambandi eru Þjórsárdalur, Hallormsstaður, Vaglaskógur, Skagafjörður og Snæfellsnes. Auk þess er æskilegt að auka hótelrými í þéttbýli víðsvegar um landið og hlúa vel að ferðaþjónustu bænda sem gæti gegnt veigamiklu hlutverki við að dreifa straumi ferðamanna betur um landið. Gerð nýrra vega og slóða um álitleg svæði og til þeirra skiptir einnig miklu í þessu sambandi, en þá þarf um leið að gæta vel að náttúruverndarsjónarmiðum.

11.2.2. Verndun lands


Þegar upplýsingum og ábendingum um náttúruvernd, ástand gróðurs og jarðvegseyðingar er stillt saman (mynd 11.2) kemur meðal annars í ljós að mörg þeirra svæða sem þegar eru friðlýst eða á náttúruminjaskrá eru á belti þar sem er að finna síðkvarter hraunlög, móbergsmyndun, jarðhita og eldvirkni.

Belti þetta teygir sig frá Reykjanesskaga um Langjökul og Hofsjökul norður í Öxarfjörð annars vegar og hins vegar frá Mýrdalsjökli og norður. Innan þessa beltis er jafnframt stór hluti afgirtra svæða Landgræðslu ríkisins. Helstu svæði gróður- og jarðvegseyðingar og meginauðnir hálendisins eru einnig innan þessa beltis. Þarna eru bæði svæði sem þegar njóta verndar á einn eða annan hátt og svæði þar sem frekari verndunar er þörf. Í landnýtingaráætlun væri því hægt að benda á margs konar rök fyrir tillögu um að þessi svæði yrðu tengd í samfellt verndunarbelti sem næði yfir landið frá suðvestri til norðausturs. Vegna mikils þéttbýlis á Reykjanesskaga, útivistargildis og minnkandi mikilvægis landbúnaðarframleiðslu þar, mætti tengja hann við slíkt verndunarbelti.

Áhrif slíkrar svæðisbundinnar verndunar á landbúnað mundu beinast fyrst og fremst að bættri skipan við sauðfjár- og hrossabeit á viðkomandi svæðum. Verndun landsvæða vegna framangreindra sjónarmiða gæti tengst svæðaskiptingu búvöruframleiðslunnar, þannig að sauðfjárbúskapur færðist í auknum mæli á þau landsvæði sem betur þola beit. Á hlutum þess svæðis sem nefnt er hér að framan er einnig þörf sérstakrar verndunar vegna mengunarhættu, töku efnis til vegagerðar og bygginga, beitar fyrir hross þéttbýlisbúa, vaxandi ásóknar í sumarbústaðalönd, og fleira. Nauðsynlegt er að tryggja með skipulagsaðgerðum samfelld landsvæði til útivistar handa komandi kynslóðum á þessum svæðum.

11.3 Viðbótarupplýsingar sem afla þarf

Nefndin telur skorta upplýsingar og pólitískar ákvarðanir til að hún geti lagt fram eiginlega og raunhæfa landnýtingaráætlun fyrir landið allt að svo stöddu. Ýmsar grundvallarforsendur vantar. Til dæmis liggur ekki fyrir langtímastefna frá stjórnvöldum í framleiðslumálum landbúnaðarins og byggðamálum, og ekki eru



Alþt. 1986. A. (109. löggjafarþing). 51

fyrir hendi nægar upplýsingar um óskir og stefnu hagsmunahópa, til dæmis um útivist. Á sama hátt er langtímastefna í náttúruvernd og skógrækt fremur óljós. Ýmis grunngögn vantar enn, og ljúka þarf gerð gróður- og byggðakorta og mati á beitarþoli og gera upplýsingar um búrekstur aðgengilegar í formi jarðabókar í tölvu. Ýmsar forsendur þarf að skýra áður en hægt er að hefja eiginlega áætlanagerð:

— Hvert er markmið áætlunarinnar?
— Til hve langs tíma á áætlunin að vera og hvernig verður staðið að endurskoðun hennar?
— Hve mikið má áætlunin kosta?
— Hvaða pólitískar og lagalegar hindranir torvelda helst gerð landnýtingaráætlunar?

Við mótun og framkvæmd landnýtingaráætlunar er nauðsynlegt að vega og meta hin ýmsu markmið í þjóðfélaginu. Í því sambandi er nauðsynlegt að meta hvaða áhrif ákvarðanir á einu sviði hafa á önnur svið landnýtingar og þjóðlífs. Hvaða áhrif hefur það til dæmis á atvinnu, byggð, útivist og náttúruvernd ef ákveðið er að reisa orkuver á tilteknu svæði eða ef ákveðið væri að haga framleiðslu sauðfjárafurða eingöngu eftir beitarþoli jarða eða landshluta? Við gerð landnýtingaráætlunar þarf að fá svör við mörgum slíkum spurningum, því að eitt meginhlutverk landnýtingaráætlunar er að draga úr hagsmunaárekstrum vegna mismunandi landnýtingarþarfa.

Fara þarf yfir öll lagaákvæði er varða landnýtingu og benda á pólitískar ákvarðanir sem taka þarf í því sambandi, svo sem um:

— Nýja byggðastefnu miðað við núverandi ástand og horfur.
— Stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins er miði að eflingu landgæða.
— Landnýtingarstefnu með tilliti til ferðamennsku og útivistar.
— Stefnu um eignarrétt á landi, afnotarétt og ábyrgð með tilliti til viðhalds landgæða. Ákvæði um bætur eða eignarnám ef gróðurvernd eða önnur náttúruvernd er aðkallandi.
— Skýrari línur um hlutverk hagsmunaaðila við töku ákvarðana um landnýtingarmál.
— Stefnu og langtímaáætlun í landvernd og landgræðslu með vel skilgreindum markmiðum og áföngum.
— Stefnu og langtímaáætlun í skógrækt, svo sem varðveislu og eflingu núverandi skóglendis, nytjaskógrækt og ræktun nýrra útivistarskóga.
— Stefnu í náttúruverndarmálum sem tekur tillit til alhliða landnýtingar.

11.4 Ábendingar um kostnaðarliði

Áður en hægt er að gera kostnaðaráætlun um alla meginþætti landnýtingaráætlunar, eins og gert er ráð fyrir í þingsályktuninni, þarf að móta skýra stefnu á hinum ýmsu sviðum umhverfismála. Landnýtingaráætlun verður til í áföngum og gerð hennar lýkur í raun aldrei. Á hverju stigi þarf markvissa gagnaöflun í samræmi við vel skilgreind markmið. Nákvæmar áætlanir um kostnað við gagnasöfnun er ekki hægt að gera fyrr en ljóst er hvaða spurningum þarf að svara til að geta skýrt markmið og leiðir. Hér á eftir eru nokkrar ábendingar um kostnaðarþætti sem eru óhjákvæmilegir vegna undirbúnings landnýtingaráætlunar. Ábendingar um fleiri þætti koma fram í köflum 1–10. Upphæðir miðast við verðlag í byrjun árs 1986.

11.4.1 Kortagerð

Loftmyndir og grunnkort

Unnið er að kortagerðaráætlun Landmælinga Íslands fyrir tímabilið 1986–1991. Stofnunin leggur höfuðáherslu á gerð eftirfarandi kortaflokka.

Mælikvarði	fjöldi kortablaða:
1. 1:25.000	732 kort, þar af byggð svæði 420 kort.
2. 1:50.000	208 kort
3. 1:100.000	65 kort
4. 1:250.000	9 kort

Auk þess verða gerð á vegum Landmælinga Íslands kort í öðrum mælikvörðum, svo sem jarðfræðikort, sýslu- og hreppakort og vegakort. Ýmis sérkort fyrir ferðamenn og kort vegna útivistar verða einnig gerð í auknum mæli.

Við gerð grunnkorta í mælikvarðanum 1:25.000 verður tekið sérstakt tillit til skipulags og áætlanagerðar, til gerðar gróður- og jarðakorta, jarðvegs- og jarðfræðikorta, og til eignamarka og örnefna. Lagt er til að árlega verði gerð 30 kortablöð í mælikvarðanum 1:25.000. Gert er ráð fyrir að:

1. Mælipunktar verði endurmerktir sé þess þörf.
2. Þríhyrninga- og hæðarmælingakerfin verði endurreiknuð og samræmd með nýjum mælingum.
3. Kortagerðin fari fram eftir nýjum loftmyndum.
4. Landgreining og örnefnastaðsetning verði endurskoðuð.

Árlegur kostnaður við þetta verk er áætlaður um 24 milljónir króna.

Gróður og jarðakort

Gróður- og jarðakort, sem gerð eru af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í mælikvarða 1:25.000, sýna eðli og útbreiðslu gróðurs og ræktunarhæfni jarða og eru þannig ein af undirstöðum við mat á beitarþoli og skipulagi í landbúnaði. Þessi kort nýtast einnig til skipulags á mörgum öðrum sviðum. Hvert kort þekur um 160 km² og mundu því um 250 kort þekja alla byggð landsins, nema þar sem hún nær langt inn á hálendið, en þar taka við gróðurkort í minni mælikvarða. Að frátöldum þeim 24 kortum, sem gefin hafa verið út eða eru í vinnslu, yrði heildarkostnaður við gerð og útgáfu gróður- og jarðakorta af byggð landsins um 27 milljónir króna. Kostnaður við útivinnu vegna kortanna er hér ekki meðtalinn enda er gert ráð fyrir honum á fjárlögum.



NEFND UM
LANDNÝTINGARÁÆTLUN

MYND 11.2

SÉRSTÖK VERNDARSVÆÐI

SKÝRINGAR

Svæði sem að stórum hluta eru þegar vernduð skv. náttúruverndarlögum eða afgirt vegna skógræktar og landgræðslu

Sérstök verndun vegna nálægðar við mesta þéttbýlið. Stór svæði eru þegar afgirt vegna skógræktar og landgræðslu

Stærstu samfelldu svæði gróður- og jarðvegseyðingar og auðna. Sum þessara svæða eru vernduð skv. náttúruverndarlögum

0 100 km

Heimild

Á vegum RALA hafa verið færð inn á kort landamerki um 1000 jarða en ólokið er að færa inn landamerki um 5500 jarða í ábúð og í eyði. Ýmis kennileiti, sem landamerki eru miðuð við, eru óðum að hverfa og gleymast, og því ber brýna nauðsyn til að hraða þessu starfi. Reikna má með að kostnaður vegna þeirra jarða sem eftir eru verði um 22 milljónir króna. Ljúka mætti gerð gróður- og jarðakorta og innsetningu landamerkja á 10 árum og yrði árlegur heildarkostnaður við það verk um 4,9 milljónir króna.

11.4.2 Varðveisla og endurheimt landgæða

Rannsóknir á jarðvegseyðingu

Frekari rannsókna er þörf um samhengi gróður- og jarðvegseyðingar og ýmissa umhverfisþátta. Gera þarf kort yfir eyðingarhættu og safna tölulegum upplýsingum um gróður- og jarðvegseyðingu í einstökum sveitarfélögum og á afréttum landsins. Tilgangurinn er fyrst og fremst að auðvelda fyrirbyggjandi ráðstafanir þar sem mikil eyðing á sér stað eða er yfirvofandi. Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður um 2 milljónir króna næstu 5 árin.

Úttekt á ástandi og beitarþoli úthaga

Beitarþol afrétta eða jarða ákvarðast meðal annars af víðáttu og eðli gróðurlendisins og ástandi gróðurs og jarðvegs. Til þessa hefur verið metið ástand fimm afrétta og tveggja landsvæða í byggð. Kostnaður við slíka könnun á svæðum þar sem ástand gróðurs og jarðvegs er talið slæmt eða mjög slæmt (kafli 6.2) er áætlaður um 18 milljónir króna, en á svæðum þar sem ástandið er talið sæmilegt eða gott um 9 milljónir króna. Ef reiknað er með að þetta verk verði unnið á 10 árum verður árlegur kostnaður um 2,7 milljónir.

Skógræktarkönnun

Gera þarf kort yfir þau svæði sem best henta til skógræktar með innlendum og innfluttum trjátegundum. Miða mætti við skógrækt til viðarframleiðslu, skógrækt til umhverfisfegrunar og útivistar og skógrækt til gróður- og jarðvegsverndar. Niðurstöður þessarar könnunar yrðu grundvöllur skógræktaráætlunar fyrir landið allt. Áætlað er að um 10 ársverk þurfi til þessa verks og heildarkostnaður yrði um 10 milljónir króna.

Könnun á ástandi birkiskóga

Kanna þarf ástand birkiskóga að nýju í því augnamiði að efla þá og viðhalda vegna umhverfisfegrunar og landverndar. Umfang þessa verks er áætlað 5 ársverk. Niðurstöður könnunar yrðu grundvöllur birkiverndaráætlunar. Heildarkostnaður við þessa könnun yrði um 5 milljónir kr.

Ofangreindir skógræktarþættir fela í sér kostnað upp á 3 milljónir króna á ári ef miðað er við að verkið verði unnið á 5 árum.

11.4.3 Framleiðsluskipulag í landbúnaði

Gerð framleiðsluskipulags í landbúnaði sem byggist meðal annars á hóflegri nýtingu heimalanda og afrétta og búrekstraraðstöðu er einn mikilvægasti þáttur landnýtingaráætlunar. Áætlað er að kostnaður vegna endurskoðunar og úrvinnslu búrekstrarkönnunar sem gerð var á árunum 1980–1981 sé um 1 milljón króna. Mikilvægt er að allar upplýsingar sem þarf til slíks skipulags séu tiltækar í aðgengilegri jarðabók. Áætlað er að kostnaður við gerð slíks gagnabanka í tölvu verði um 2 milljónir króna, en árlegt viðhald um 1 milljón króna.

11.4.4 Skipulag ferðamála

Ýmsar upplýsingar vantar til að skipuleggja betur ferðamál og útivist, til dæmis um nauðsynlegar úrbætur í ferðaþjónustu og um leiðir til að dreifa ferðamannastraumnum betur um landið og hlífa viðkvæmum stöðum. Kostnaður við könnun á þessum þáttum er áætlaður um 2 milljónir króna.

11.4.5 Endurskoðun laga

Lög sem snerta landnýtingu eru mörg og ósamræmd. Nauðsynlegt er að samræma þau og breyta til að ná fram markmiðum landnýtingaráætlunar. Áætlaður kostnaður er um 1 milljón króna.

11.4.6 Gerð svæðisskipulags fyrir alla byggð.

Reiknað er með að lokið verði gerð svæðisskipulags fyrir þéttbýlustu svæði landsins á árinu 1987. Þessi svæði eru Ölfus, Eyjafjörður, Suðurnes og höfuðborgarsvæðið. Ef vilji sveitarstjórna og nauðsynlegar upplýsingar lægju fyrir væri hægt að ljúka við gerð svæðisskipulags fyrir alla byggð á Íslandi fyrir næstu aldamót. Ekki er á þessu stigi hægt að segja fyrir um hvaða sveitarfélög muni sameinast um gerð svæðisskipulags en reikna má með að svæðin verði á bilinu 16–20 og heildarkostnaður 50–60 milljónir króna.

Samkvæmt skipulagslögum skiptist kostnaður til helminga milli ríkis og sveitarfélaga.

11.5 Lokaorð

Við eins viðamikið og víðtækt verkefni og alhliða landnýtingaráætlun þarf að vera fullt samkomulag og samvinna milli þeirra ráðuneyta, ríkisstofnana og annarra sem fjalla um þennan mikilvæga málaflokk. Eins þarf að vera ljóst hvort það er á valdi eins ráðuneytis að gera slíka áætlun og stjórna framkvæmd hennar eða hvort fleiri ráðuneyti, og þá hver, ættu að tengjast því starfi.


Eins og fram hefur komið þarf að taka tillit til margra þátta þegar unnið er að gerð landnýtingaráætlunar. Landbúnaðarframleiðslan vegur þar þyngst en raunhæf áætlanagerð þarf einnig að taka ríkt tillit til þéttbýlismyndunar, náttúruverndar, samgangna, þjónustu og byggðaþróunar í heild sinni. Þrátt fyrir tilvist ýmissa áætlana um landnýtingu og landnotkun er engum aðila í stjórnkerfinu enn falið með lögum að halda þeim saman, fara yfir þær og samræma með tilliti til hugsanlegra hagsmunaárekstra eða innbyrðis mótsagna. Skapa þarf skipulagsyfirvöldum grundvöll til að framfylgja

lagaákvæðum um skipulagsskyldu landsins alls. Í slíku skipulagi eru vegnar saman kröfur um umhverfisvernd og ýmis afnot af landi og landgæðum. Vel heppnað landsskipulag getur skapað grundvöll fyrir heildarstjórn umhverfismála, þar sem hagræn sjónarmið, heilsufarssjónarmið og verndar- og friðlýsingarsjónarmið eru fléttuð saman í eina heild.


Á vettvangi skipulagsstjórnar ríkisins og félagsmálaráðuneytisins hafa á undanförnum árum verið gerðar tillögur um að setja í skipulagslög ákvæði um landsskipulag, sem þá væri áætlun sem tæki til landsins alls og fjallaði um aðalatriði í þróun byggðar, atvinnuvega og landnýtingar almennt. Hlutverk landsskipulags væri að marka stefnu og vera til samræmingar fyrir áætlanagerð hinna ýmsu ráðuneyta og að samhæfa einstakar áætlanir sem kunna að verða gerðar fyrir landið allt. Slíkt skipulag væri í samræmi við núverandi ákvæði um skipulagsskyldu alls landsins. Markmið með landsskipulagi hlýtur að vera að auðlindanýting verði í samræmi við heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Nefndin telur rétt að Skipulagi ríkisins verði falið að vinna að gerð landnýtingaráætlunar. Tvær nefndir verði skipaðar til að fylgjast með og vera til ráðgjafar við það verk. Önnur verði skipuð fulltrúum alþingis og hin fulltrúum þeirra ráðuneyta, ríkisstofnana og annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta við gerð slíkrar áætlunar.


Fylgiskjal VII.





Fylgiskjal VIII.




Fylgiskjal IX.






HÁHITASVÆÐI: TILÖGUR UM VERND
Friðlýst svæði
Alfriðun æskileg
Friðlýsing að hluta æskileg
Hlíf ð æskileg
Stærð háhitasvæða í km² (HEIMILD: ORKUSTOFNUN)
HVERAVELLIR
GEYSIS-SVÆÐIÐ
HENGILL
KRÝSUVÍK
TRÖLLADYNGJA
SVARTSENGI
REYKJANES
BRENNISTEINSFJÖLL
TORFAJÖKULL



MÝVATNSSVÆÐI
KRÍSUVÍK
HVERAVELLIR
GEYSIS-SVÆÐIÐ
HENGILL
TORFAJÖKULL
0 10 20 30 40 50 100 km
REYKJAVÍK APRÍL 1978.
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Fylgiskjal XI.






VATNAVERND: B-FLOKKUR
Skráð svæði
Svæði < 10km²
Guðm. Ingvarsson


0 10 20 30 40 50 100 km
REYKJAVÍK APRÍL 1978.
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Fylgiskjal XII.

Þingsályktun

um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við eigendur og samtök þeirra, svo og yfirvöld heilbrigðismála.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir verði fullnægt í öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum og feli jafnframt í sér mat á fjárþörf og þeim tíma sem slíkar aðgerðir tækju. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum.

Samþykkt á Alþingi 13. júní 1985.

HOLLUSTUVERND RÍKISINS

Yfirlit yfir starfsleyfisumsóknir og starfsleyfisveitingar til fiskimjölsverksmiðja á árinu 1986.

Veitt starfsleyfi á árinu 1986:

Síldarvinnslan hf., fiskmjölsverksmiðja, Neskaupstað.
Hraðfrystihús Eskifjarðar, fiskmjölsverksmiðja, Eskifirði.
Síldarverksmiðjur ríkisins, Reyðarfirði.
Fiskimjöl og lýsi hf., Grindavík.
Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf., Akranesi.

Starfsleyfistillögur fyrir eftirtaldar verksmiðjur eru í vinnslu og verða væntanlega allar afgreiddar fyrir áramót:

Hraðfrystihús Þórshafnar hf., fiskmjölsverksmiðja, Þórshöfn.
Tangi hf., Vopnafirði.
Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar hf., Hornafirði.
Fiskimjölsverksmiðja Vestmannaeyja hf., (FIVE), Vestmannaeyjum.
Fiskimjölsverksmiðja Einars Sigurðssonar (FES), Vestmannaeyjum.
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan hf. (a) að Kletti, Reykjavík, (b) í Örfirisey, Reykjavík.
Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Einars Guðfinnssonar hf., Bolungarvík.

Eftirtaldar verksmiðjur hafa nýlega sótt um starfsleyfi:

Búlandstindur hf., Djúpavogi.
Síldarverksmiðjur ríkisins, Húsavík.
Síldarverksmiðjur ríkisins, Raufarhöfn.

1. janúar 1986 tók gildi ný reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (nr. 390/1985). Samkvæmt henni breytist undirbúningur starfsleyfisveitinga og verður hann nú mun ítarlegri.

Fylgiskjal XIII.

REGLUGERÐ

um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

I. KAFLI
Starfsleyfisskyldur atvinnurekstur.

1. gr.

1.1. Eftirtalinn atvinnurekstur má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi skv. reglugerð þessari:

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Framleiðsla á tilbúnum áburði.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla (SiFe).
6. Kísilmálmframleiðsla (Si).
7. Kísilframleiðsla (SiO_2).
8. Cellulosa- og pappírsframleiðsla.
9. Járn- og stálframleiðsla.
10. Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli eða öðrum málmum, t. d. zinkhúðun.
11. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
12. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.
13. Sútunarverksmiðjur.
14. Seiða- og fiskeldisstöðvar.
15. Fyrirtæki sem annast förgun og endurvinnslu úrgangs eða varnings úr pappír, málmi, jarðefnum, eiturefnum og hættulegum efnum.
16. Lím- og málningarvöruverksmiðjur.
17. Hreinlætisvöruverksmiðjur.
18. Plastvöruframleiðsla.
19. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
20. Sorphaugar og sorpbrennslustöðvar.
21. Skolphreinsistöðvar.

1.2. Eigi má breyta eða auka við þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar nema að fengnu nýju starfsleyfi.

1.3. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, bætt við og fellt út atvinnurekstur skv. 2. tl.

II. KAFLI
Ákvörðun um staðsetningu.

2. gr.

2.1. Ákvörðun um staðsetningu atvinnureksturs sem upp er talinn í gr. 1.1. er háð samþykkt heilbrigðisráðherra. Umsóknir um staðsetningu skulu sendar Hollustuvernd ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum sem stofnunin lætur í té. Hollustuvernd ríkisins leitar álits heilbrigðisnefndar, Náttúruverndarráðs, skipulags- og byggingarnefndar og gerir tillögu til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu málsins.

III. KAFLI
Starfsleyfisumsóknir og vinnsla starfsleyfistillagna.
3. gr.

3.1. Áður en sótt er um starfsleyfi skal liggja fyrir ákvörðun um staðsetningu.
3.2. Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar viðkomandi heilbrigðisnefnd sem sendir þær til Hollustuverndar ríkisins ásamt umsögn.
3.3. Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, byggingum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn sem máli kunna að skipta.
3.4. Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs, einnig umsagnar Ríkismats sjávarafurða, Vinnueftirlits ríkisins, eiturefnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins, yfirdýralæknis og annarra sérfróðra aðila eftir því sem við á hverju sinni.
3.5. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar skorti má setja sem skilyrði að umsækjendur láti fara fram athuganir eða rannsóknir. Athugunar- og/eða rannsóknaraðilar skulu fyrir fram samþykktir af Hollustuvernd ríkisins.

IV. KAFLI
Réttur til athugasemda.
4. gr.

4.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. gr. 3.5., getur hann leitað úrskurðar heilbrigðismálaráðherra.
4.2. Hollustuvernd ríkisins sér um að starfsleyfistillögur liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. 4.3. Skal auglýsing þess efnis birt á fullnægjandi hátt, t.d. í Lögbirtingablaði, dagblöðum eða staðarblöðum. Enn fremur skulu umsagnaraðilar fá sendar starfsleyfistillögur. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru fyrst kynntar. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur ef sérstakar ástæður mæla með því.
4.3. Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:
   1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi, svo og forsvarsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
   2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
   3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.
4.4. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda heilbrigðisnefnd sem sendir þær ásamt umsögn áfram til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og lætur í té álit. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun skal leita úrskurðar ráðherra ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar, má vísa því áfram til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 30. gr. laga nr. 109 1984.

V. KAFLI
Veiting starfsleyfa.
5. gr.

5.1. Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðauka, í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. IV. kafla.

5.2. Starfsleyfi, sem ráðuneytið gefur út samkv. reglugerð þessari, skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.
5.3. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi við ákveðinn tíma sé talin sérstök ástæða til, þó eigi skemur en 10 ár.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

6. gr.

6.1. Annar atvinnurekstur, sem valdið getur mengun og ekki er upptalinn í reglugerð þessari, er háður leyfi heilbrigðisnefndar.
6.2. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeinandi reglur fyrir þessa starfsemi að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

7. gr.

7.1. Um eftirlit, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7.2. Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi, frá sama tíma reglugerð nr. 164/1972, um mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi atvinnurekstur, sem ekki hefur gilt starfsleyfi eða hefur ekki þegar sótt um í samræmi við reglugerð nr. 164/1972, skal sækja um starfsleyfi í samræmi við reglugerð þessa fyrir 1. mars 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1985.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal XIV.

GEISLAVARNIR RÍKISINS

MINNISBLAÐ

til fulltrúa Íslands á ráðstefnu í Stokkhólmi um loftmengun vegna slyssins í kjarnorkuverinu í Chernobyl.

5. sept. 1986.

Hér með, til fróðleiks og kynningar, eru sendar nokkrar upplýsingar um áhrif slyssins í Chernobyl hér á landi.

1. Sökum hagstæðs veðurfars og mikillar fjarlægðar frá Chernobyl urðu áhrif slyssins óveruleg á Íslandi miðað við flest önnur lönd Vestur-Evrópu.
2. Óveruleg aukning á geislavirkni í *andrúmslofti* og *regnvatni* mældist hér á landi í maí.
3. Mælingar á geislavirkni í *mjólk* frá Árnessýslu, Borgarfirði, Eyjafirði og Skaftafellssýslu eftir slysið, þ.e. eftir að kúm var sleppt úr húsum, sýna minna en 5 Bq/l af cesíni-137, en var um 2 Bq/l fyrir slysið. Viðmiðunarmörk eru 370 Bq/l. Hliðstæðar tölur fyrir nágrannalönd okkar eru minna en 1 Bq/l fyrir slysið og 20–100 Bq/l eftir slysið.

4. Mælingar á geislavirkni í *jarðvegi* sýna litla aukningu vegna slyssins í Chernobyl. Mest á Austurlandi, um 70 Bq/m^2 af cesíni-137, en ekki er mælanleg aukning á Vesturlandi. Fyrir slysið mældust milli 350–550 Bq/m^2 af cesíni. Í nágrannalöndum okkar hafa mælst í þúsundum Bq á m^2 af cesíni-137, t.d. eru um 11 000 Bq/m^2 að meðaltali í Svíþjóð.
5. Eftir tilraunir með kjarnorkuvopn í andrúmslofti á árunum um 1960 féll meira geislavirkt úrfall hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Áhrif slyssins í Chernobyl eru mun minni nú en var þá, gagnstætt því sem er í nágrannalöndum okkar.
6. Ekki er ástæða til þess að hafa áhyggjur af heilsufarslegum afleiðingum slyssins hér á landi.
7. Ef veðurfar hefði verið óhagstætt hefði getað skapast alvarlegt ástand hér á landi eftir slysið. Aðstæður hér til geislamælinga og viðbúnaður allur eru mjög af skornum skammti. Mikilvægt er að hugað verði sérstaklega að þessum þáttum á næstu árum.

Virðingarfyllst,

Sigurður M. Magnússon,
forstöðumaður.

Fylgiskjal XV.

Norðurlandaráð,
forsætisnefndin.

LOFTMENGUN YFIR LANDAMÆRI

Stokkhólmi, 10. september 1986.

Lokafréttatilkynning frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, 8.–10. september 1986.

Þingmenn frá Mið- og Norður-Evrópu sem komu saman á fjölþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 8.–10. september 1986 hafa komið sér saman um eftirfarandi lokaskjal.

Með eftirfarandi atriði í huga

— skaðleg áhrif, staðbundin, svæðisbundin og sem ná til jarðarinnar allrar, er stafa af loftmengandi efnum og súrum úrfellingum, á vistkerfi, jarðveg og vatn, skóga og annan gróður, dýralíf, byggingar, vélbúnað, menningarsögulega muni og heilsu manna, einkum barna;
— þá vinnu sem fer fram nú þegar innan ramma sáttmálans um langtímaloftmengun yfir landamæri;
— bókun við áðurnefndan sáttmála, undirritaða í Helsinki í *júlí* 1985, um að draga skuli úr brennisteinsútstreymi, eða streymi hans yfir landamæri, um að minnsta kosti 30% fyrir árið 1993;
— nauðsyn þess að gera einnig ráðstafanir til að draga úr útstreymi köfnunarefnisoxíða, kolvatnsefna og annarra efnasambanda;
— aukna erfiðleika og aukinn kostnað við að bæta úr umhverfisspjöllum meðan ekki eru gerðar fullnægjandi ráðstafanir og hætta verður á óbætanlegu tjóni;
— þá staðreynd, að þegar er fyrir hendi tækniþekking til að draga verulega úr útstreymi

brennisteinstvísýrlings, köfnunarefnisoxíðs og kolvatnsefnis bæði af staðbundnum og færanlegum uppruna;
— þá staðreynd að alþjóðleg samvinna um umhverfisvernd stuðlar að friði og öryggi í Evrópu. Umhverfisvandamál verða aðeins leyst í friði,

leggja þátttakendur áherslu á þörf fyrir
— árangursríka viðleitni til að draga úr útstreymi brennisteins- og köfnunarefnissambanda og kolvatnsefna með því að nota aukna tækniþekkingu á sviði orku og framleiðslu, endurvinnslu og háþróaða stýritækni ásamt mótun stefnu um skynsamlega orkunotkun; unnt er að leysa núverandi umhverfisvandamál án þess að skapa ný með því að beita aðferðum sem taka bæði tillit til umhverfis og framleiðslu;
— auknar aðgerðir gegn útstreymi loftmengandi efna frá fólksflutningabifreiðum, öðrum vélknúnum ökutækjum og flugvélum, þannig þarf betri árangur við að fjarlægja mengunarefni úr útblæstri ökutækja og breytingar á uppbyggingu í samgöngumálum;
— árangursrík mæli- og greiningarkerfi til eftirlits með loftstreymi, dreifingarháttum og áhrifum eðlis- og efnafræðilegra umbreytinga í því skyni að öðlast betri yfirsýn yfir mengun yfir landamæri og orsakasamhengi milli loftmengandi efna og skaðlegra áhrifa þeirra;
— auknar upplýsingar og rannsóknir, bæði á þjóðlegum og samræmdum alþjóðlegum grunni, á uppruna og skaðlegum áhrifum loftmengandi efna og koltvísýrlings á umhverfið og samverkandi tengslum þeirra gagnvart heilsu manna;
— að athygli sé beint sérstaklega að og rannsóknir séu efldar til skýringar á efnafræðilegum umbreytingum sem leitt gætu til myndunar ósons og öðrum ljósefnafræðilegum hvörfum sem gætu valdið alvarlegum skaða á skógum og öðrum gróðri;
— víðtækar áætlanir um viðhald og viðgerðir til að vernda alla þá menningarsögulegu muni og þær sögulegu og menningarsögulegu minjar sem eru óbætanlegur hluti af evrópskri menningararfleifð.

Til að ná þessum markmiðum er eftirfarandi nauðsynlegt:
— að allir aðilar sáttmálans samþykki bókunina um að draga úr brennisteinsútstreymi og að viðræðufundir hefjist innan ramma sáttmálans í þeim tilgangi að setja markmið af meiri stórhug til að draga enn frekar úr brennisteinsútstreymi á síðasta áratug aldarinnar; við setningu þessara markmiða skal meðal annars taka tillit til hver eru álagshættumörk mismunandi svæða og vistkerfa;
— að auka viðleitni til að draga úr útstreymi köfnunarefnisoxíða og kolvatnsefna með það í huga að semja bindandi bókanir þar sem þau ríki sem undirrita samkomulagið skuldbinda sig til að draga úr útstreymi innan gefins tímafrests; bæta þarf við þekkingu okkar á þætti mannsins í tilurð, flutningi og umbreytingum köfnunarefnisoxíða og kolvatnsefna og afleiddra efna í andrúmsloftinu og reikna þarf út streymi þeirra yfir landamæri fyrir hvert land fyrir sig;
— án tillits til tímans sem það mun taka að ljúka gerð alþjóðlegrar bindandi bókunar, þá þurfa öll ríki að grípa til árangursríkra aðgerða til að hafa hemil á útstreymi köfnunarefnisoxíða bæði af föstum og færanlegum uppruna;
— að halda áfram að veita því verulegan forgang að þróa orkusparandi aðgerðir og orkugjafa sem eru hagstæðir umhverfinu og framleiðsluhætti sem hafa í för með sér lítið af úrgangsefnum eða engin slík, einnig að þróa hagkvæma stýritækni, þetta á bæði við tækniþróun innan einstakra ríkja og í fjölþjóðlegri efnahags- og tæknisamvinnu; ráðstefnan hvetur til fjölþjóðlegra verkefna á þessu sviði;
— að öll ríki leggi aukna áherslu á það í gerð áætlana um stefnu sína í orku-, flutninga- og iðnaðarmálum að samhæfa slíkar áætlanir stefnu í umhverfismálum; í þessu skyni er

mælt með vistfræðilegum kostnaðaráætlunum þar sem tekið er tillit til kosta og galla við ýmsar aðferðir við orkuframleiðslu;
— að efla rannsóknir á áhrifum loftmengunar á heilsu manna;
— að auka menningarstarf í því skyni að vernda og gera upp menningarsögulega muni og sögulegar og menningarsögulegar minjar sem hætta er búin vegna örra skemmda ef ekki verður dregið úr loftmengun og jafnframt ráðist í umfangsmiklar viðgerðir; ráðstefnan hvetur til sameiginlegra fjölþjóðlegra verkefna á þessu sviði;
— að verslun við þróunarlönd og aðstoð við þau fari fram á þann hátt að viðtakendum sé gerð grein fyrir vistfræðilegum áhrifum framleiðsluaðferða og framleidds varnings og að ráðstafanir séu gerðar til að tryggt sé að vistfræðilega ábyrg þróun fái ævinlega forgang þegar aðstoð er veitt eða tækniþekkingu er miðlað;
— að bæta eftirliti með köfnunarefnisoxíði og kolvatnsefni á framkvæmdaáætlun EMEP; í þessu sambandi ættu allir aðilar sáttmálans að veita EMEP verulegan stuðning og staðfesta bókunina um fjármögnun stofnunarinnar svo fljótt sem auðið er;
— að auka alþjóðlega samvinnu á sviði rannsókna til að skýra frekar orsakatengsl milli loftmengandi efna, þar á meðal geislavirkra mengunarvalda, efnafræðilegra umbreytinga efnasambanda og umhverfisskemmda; ráðstefnan leggur áherslu á að mikilvægt sé að veita sérstökum fjármunum til rannsókna á díoxini og ósonmyndun og öðrum ljósefnafræðilegum breytingum;
— að auka alþjóðlega samvinnu, fyrst og fremst innan ramma IAEA, í samvinnu við öryggi í kjarnorkuiðnaði og þá hættu sem fylgir því að geislavirk efni sleppa út í umhverfið, í því skyni að afla sem fyrst stuðnings við drög að alþjóðasáttmála um tafarlausa tilkynningarskyldu um kjarnorkuslys og aðstoð vegna kjarnorkuslysa og í neyðartilvikum af völdum geislavirkni;
— að þróa annars vegar alþjóðleg viðvörunarkerfi og vitneskju um aðgerðir sem grípa skal til vegna kjarnorkuslysa, neyðarástands af völdum geislavirkni og hins vegar viðmiðunarkerfi vegna aðgerða sem grípa þarf til í því skyni að vernda fólk og umhverfi ef um er að ræða að geislavirk efnasambönd í andrúmsloftinu séu utan eðlilegra marka;
— að hver þjóð, auk þess að styðja aukna alþjóðlega viðleitni, taki á sig ábyrgð á því að taka upp árangursríkar stýriaðgerðir sem taki m.a. til fólksflutningabifreiða, flutningabifreiða og flugvéla og á því að draga úr mengandi útstreymi af staðbundnum uppruna, að þróa tækniþekkingu á sviði orku og framleiðslu sem er vistfræðilega heppileg.

Þátttakendur hvetja ríkisstjórnir landa sinna til að stórauka viðleitni sína á þessum sviðum innan ramma þeirra sáttmála sem í gildi eru eða með annars konar samvinnu eftir því sem við á.

Fylgiskjal XVI.

UMSAGNIR

I

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Kópavogi, 25. febr. 1985.

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í dag var eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn SSH telur nauðsynlegt að setja sem fyrst heildarlöggjöf varðandi umhverfis- og náttúruverndarmál og skyld mál og að þessum málaflokkum verði ætlaður staður í stjórnkerfi landsins.“

Þetta tilkynnist hér með,

f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,

Gestur Ólafsson,
frkvstj.

II

Hafrannsóknastofnunin.

Reykjavík, 21. febr. 1985.

Vísað er í bréf nefndarinnar, dags. 14. febr. 1985, þar sem óskað er umsagnar um till. til þál. um náttúruvernd.

Telja verður að hér sé hin þarfasta tillaga þar sem mörgum góðum málum er hreyft og góðra gjalda vert að samþykkja. Slík samþykkt kæmi þó einkum að gagni ef með henni fylgdi kostnaðaráætlun og samsvarandi fjárveitingar á næstu fjárlögum.

Virðingarfyllst,

Jakob Jakobsson.

III

Náttúruverndarráð.

Reykjavík, 26. febr. 1985.

Allsherjarnefnd sameinaðs þings og menntamálaráðuneytið hafa nýlega sent Náttúruverndarráði til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd.

Tillagan tekur til tíu atriða, sem öll eru mjög mikilvæg, og er hún því allumfangsmikil. Með þeim stutta fyrirvara, sem Náttúruverndarráði er veittur til svara, hefur ráðið ekki getað fjallað nánar um einstök atriði tillögunnar. Hins vegar tekur ráðið undir það sem í tillögunni felst í heild, að margra úrbóta sé þörf í umhverfis- og náttúruverndarmálum, bæði á þeim sviðum sem þar eru tilgreind og ýmsum fleiri.

Náttúruverndarráð og náttúruverndarþing hafa fjallað meira eða minna um flest atriði tillögunnar og ályktað um þau og mörg þeirra hafa verið til umræðu og meðferðar á Alþingi. Sum þessara mála eru að komast í höfn og má þar nefna að frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd mun verða lagt fyrir yfirstandandi Alþingi. Önnur eru skemmra á veg komin, en þó engu síðri nauðsyn á að leyst verði úr þeim hið bráðasta, svo sem að sett verði heildarlöggjöf um umhverfismál sem taki til sem flestra þátta þeirra. Náttúruverndarráð tekur því vel að athygli skuli hafa verið vakin á því á Alþingi með tillögunni hve mörg og merk mál á þessu sviði bíða úrlausnar. Ráðið mun fúslega aðstoða við undirbúning þessara mála eins og því er unnt, verði þess óskað, en þar hljóta þó ýmsar fleiri stofnanir að þurfa að koma við sögu.

Með vinsemd og virðingu,

Gísli Gíslason,
framkvstj.

IV

Hollustuvernd ríkisins.

Reykjavík, 28. febr. 1985.

Með bréfi nefndarinnar, dags. 14. febrúar 1985, er óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, 118. mál 1984.

Þrjú atriði fyrrnefndrar tillögu varða stofnunina sérstaklega, þ.e. liðir 2, 3 og 7.

Í lið 2 er vikið að tveim atriðum:

a. Hollustuvernd ríkisins telur að ekki sé þörf frekari lagasetningar hvað snertir hina einstöku þætti þar sem þeim sé þegar sinnt af fagráðuneytum og stofnunum þeim tengdum og að þessu leyti nægjanlega vel að lagahliðinni búið.

Hollustuvernd ríkisins er hins vegar þeirrar skoðunar, að brýna þörf beri til að kveða á um stjórnun umhverfismála, þ.e.a.s. að koma upp lögformlegum tengslum og samstjórn hinna einstöku ráðuneyta og stofnana sem með öll þessi mál fara, sérstaklega með það fyrir augum að vinna að stefnumótun og samræmingu umhverfismála og sameiningu þeirra starfskrafta, sem að þessum málum vinna.

Fyrsta skrefið til lausnar þessara mála ætti að vera að koma á samræmdri yfirstjórn umhverfismála og að skipuleggja samstarf þeirra aðila sem starfa að umhverfismálum samkvæmt ýmsum sérlögum, svo og annarra aðila sem fjalla um skipulagsmál, náttúruvernd, mengunarmál og aðra þætti umhverfismála.

b. Hollustuvernd ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa átt samvinnu um að kanna ástand frárennslismála um land allt og leita tæknilausna sem sveitarfélög geti ráðið við fjárhagslega.

Á ráðstefnu, sem nefndir aðilar héldu ásamt Samtökum tæknimanna sveitarfélaga í maí 1984, komu fram ýmis ný sjónarmið í þessum efnum og í ljós kom að hægt er að leysa mengunarvandamál samfara frárennsli í áföngum þannig að hægt væri að kippa þessum málum í lag á næstu áratugum.

Hins vegar skortir enn á rannsóknir og væri því mjög þarft ef veitt yrði fé á fjárlögum til þessara verkefna, en það hefur ekki fengist þó eftir hafi verið leitað.

Að því er varðar mengun frá iðju og iðnaði vill stofnunin vekja athygli á því að unnið er að tillögum að mengunarvarnarreglugerð, samanber 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það verk er vel á veg komið og ætti ekki að skorta vinnureglur að því er þennan þátt varðar.

Í lið 3 er vikið að endurskoðun laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Sú endurskoðun er hafin í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar 24. janúar 1985 að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að standa fyrir viðræðum milli þeirra ráðuneyta sem fara með mál er snerta heilbrigðiseftirlit í víðasta skilningi með það fyrir augum að kanna hvort og á hvern hátt sé mögulegt að kveða á um frekari samræmingu löggjafar á þessu sviði en þegar hefur verið gert, samanber fyrirmæli í 9. tölulið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nú lög nr. 109/1984, með sama heiti, en þar segir:

„Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirliti til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara."

Lög nr. 50/1981 öðluðust gildi frá og með 1. ágúst 1982 þannig að nefndri könnun skal vera lokið fyrir 1. ágúst 1985.

Í þessu sambandi má einnig nefna að á fundi ríkisstjórnarinnar 3. jan. 1985 var samþykkt tillaga frá félagsmálaráðherra þess efnis að þau ráðuneyti, sem fara með mál er snerta umhverfisvernd, taki upp viðræður um þessi mál.

Þessar viðræður eru þegar hafnar og taka þátt í þeim fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.

Í lið 7 er vikið að skipulagsmálum.

Frá sjónarhóli Hollustuverndar ríkisins skortir nokkuð á formleg tengsl heilbrigðis- og skipulagsyfirvalda

Úr þessu mætti auðveldlega bæta með samræmdri yfirstjórn umhverfismála, eins og fram er sett í greinargerðinni.

Að lokum skal ítrekað:

Hollustuvernd ríkisins telur að ekki skorti lög til þess að hægt verði að koma á úrbótum í mengunarmálum, en að koma þurfi á yfirstjórn sem stilli saman átak þeirra aðila er með þessi mál fara. Jafnframt er bent á að slík samræming er þegar hafin.

F.h. Hollustuverndar ríkisins,

Örn Bjarnason,
forstjóri.

V

Landgræðsla ríkisins.

Gunnarsholti, 8. mars 1985.

Landgræðsla ríkisins fagnar því að þessi tillaga er lögð fram. Samræmdar úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd eru brýnar. Í svari þessu er aðeins fjallað um þá liði sem varða Landgræðslu ríkisins beint.

Liður 1. — Landgræðslan telur að sérstakt ráðuneyti sem fjallaði um umhverfisverndarmál yrði þeim málum til framdráttar og samræmingar þar eð þau heyra nú undir mörg ráðuneyti. Landgræðslan fer með veigamikinn þátt umhverfisverndarmála sem er einkum fólginn í varðveislu og endurheimt landgæða og því teljum við nauðsynlegt að starfa í nánum tengslum við hið nýja ráðuneyti ef því verður komið á fót. Samt sem áður telur Landgræðslan að skv. lögum tilheyri Landgræðslan frekar undir yfirstjórn landbúnaðarmála. Meginástæðan er hið nána samstarf sem verður að vera við bændur og aðra umráðahafa lands um friðun og uppgræðslu og um stjórn beitar og gróðureftirlit.

Liður 5. — Landgræðslan er sammála um nauðsyn þess að komið verði á virkari stjórn beitar og auknu eftirliti með gróðri. Einkum er þörf á að bæta skipulag á beit stóðhrossa sem er að verða mun erfiðara vandamál en beit sauðfjár. Skipulag sauðfjárbeitar eftir landgæðum er ekki í viðunandi ástandi af mörgum ástæðum sem ekki eru hér taldar. Ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma sérstaklega til ef takast á að koma á virkari stjórn beitar þar eð ekki má draga úr fjármagni til uppgræðslu og áburðardreifingar til gróðuraukningar sem þegar er í lágmarki að mati landgræðslunnar. Skortur á aðgengilegum upplýsingum um beitarþol hefur mjög háð framgangi virkrar beitarstjórnar. Gera þarf sem fyrst áætlun um æskilegt beitarálag fyrir landið. Í því sambandi er minnt á ályktun búnaðarþings um landnýtingu, búfjárframleiðslu og gerð jarðabókar (mál nr. 18, 1983). Finna þarf leiðir til að nýta láglendi betur til beitar en nú er gert. Með því móti yrði unnt að draga úr beitarálagi á hálendið.

Liður 7. — Betra heildarskipulag, sem lyti m.a. að landnýtingarsjónarmiðum, er ákaflega brýnt. Setja þarf með löggjöf ákveðnari reglur um lausagöngu búfjár, tryggja að bústofn sé í samræmi við landkosti og stærð jarða og að tillit sé tekið til gróðurverndarsjónarmiða við skipulagningu búvöruframleiðslunnar, t.d. með svæðaskipulagi. Vænta má að nefnd, sem landbúnaðarráðuneytið skipaði 1985 til að fylgja eftir þingsályktun um landnýtingaráætlun (mál 118, 1984), bendi á nauðsynlegar endurbætur á löggjöf um þau mál.

Liður 10. — Landgræðslan telur aukna fræðslu um umhverfismál einn helsta lykilinn að aukinni umhverfisvernd þegar til lengri tíma er litið. Einkum eru skólarnir mikilvægir. Í því sambandi vill stofnunin benda á nauðsyn þess að auka kennslu í bændaskólum og búvísindadeildinni á Hvanneyri um umhverfis- og gróðurverndarmál. Fyrirbyggjandi aðgerðir til gróðurverndar eru mikilvægasti þátturinn í almennri umhverfisvernd. Auk fegurðar landsins og gildi til almennra nota er búskapur í framtíðinni kominn undir því hvernig til tekst að varðveita og efla landgæðin. Landgræðslan mælir með því að tillaga þessi hljóti jákvæða afgreiðslu og lýsir sig fúsa til frekari viðræðna um þessi mál.

Virðingarfyllst,

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.

VI

Menntamálaráðuneytið,
Safna- og listadeild.

Reykjavík, 13. mars 1985.

Með vísan til bréfs allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 14. febrúar s.l., þar sem farið var fram á umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, skýrir ráðuneytið hér með frá því að það leitaði umsagnar Náttúruverndarráðs um mál þetta. Náttúruverndarráð mun hafa sent allsherjarnefnd umsögn sína.

Menntamálaráðuneytið tekur undir þau atriði til úrbóta í umhverfismálum og náttúruvernd sem tíunduð eru í tillögunni til þingsályktunar um það efni, um leið og það minnir á að frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga hefur þegar verið lagt fram á yfirstandandi þingi.

F.h.r.

Knútur Hallsson,
Þórunn Hafstein.

VII

Landbúnaðarráðuneytið.

Reykjavík, 13. mars 1985.

Ráðuneytinu hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar nr. 122, um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, og tekur af þeirri ástæðu fram:

Hinn 22. maí 1984 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um gerð landnýtingaráætlunar. Landbúnaðarráðuneytinu var send þingsályktunartillagan til frekari umfjöllunar og framkvæmda.

Samstarfshópur fulltrúa frá ráðuneytum og stofnunum, sem fjalla um flest þau viðfangsefni sem talin eru í lið 1–10 í þingsályktunartillögu nr. 122, hefur hafið undirbúning að gerð landnýtingaráætlunarinnar. Takist að ljúka því verki mun í því felast stefnumótun um ýmsa þætti þingsályktunartillögunnar, einkum 5., 7., 8. og 9. lið hennar.

F.h.r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

VIII

Félag leiðsögumanna.

Reykjavík, 15. mars 1985.

Félag okkar lýsir ánægju sinni með tilurð tillögu þessarar og vill með nokkrum orðum leggja áherslu á nokkra liði hennar.

1. Félag leiðsögumanna hefur árum saman bent á nauðsyn þess að sameina sem flesta málaflokka varðandi umhverfisvernd í einu ráðuneyti. Leiðsögumenn hafa vægast sagt óbærilega reynslu af árekstrum við núverandi skipulag.

4. Tekið skal sérstaklega undir þennan lið og jafnframt bent á ákvæði í 7. gr. náttúruverndarlaga þar sem lagt er fyrir Náttúruverndarráð að hafa forgöngu um almenningsfræðslu. Jafnframt er nauðsynlegt að benda á, að Náttúruverndarráð hefur verið og er í fjársvelti.

7. Eitt grundvallaratriða í móttöku ferðamanna, s.s. uppbygging ýmiss konar þjónustustarfsemi (tjaldstæði o.fl.), fellur undir þennan lið.

9. Til áréttingar þessum lið skal tekið fram að varla hefur verið haldinn sá fundur eða ráðstefna um ferðamál að ekki hafi verið samþykktar ályktanir og áskoranir um mörkun heildarstefnu í ferðamálum. Samhæfingu hinna ýmsu aðila, sem leggja þar hönd á plóginn, skortir algerlega. Ferðamálaráð Íslands, sem hlýtur að teljast miðpunktur aðgerða í þeim efnum, hefur ekki enn þá markað neina slóð, m.a. vegna þess að aldrei hefur verið farið að lögum um fjárstreymi til ráðsins og þess vegna hafa aðgerðir þess ætíð verið mjög ómarkvissar. Sömu sögu er að segja um alla aðra þætti ferðamálanna.

Tekið skal heils hugar undir þá fullyrðingu í greinargerð að hagsmunaaðilar gefi tóninn. Það þarf ekki að vera af hinu illa, en við núverandi aðstæður gilda lög frumskógarins óbeisluð og afleiðingarnar hljóta að bera þess merki.

Hvað varðar leiðsögumenn má bæði taka undir og mæla á móti því að illa sé að þeim búið. Óhætt er að setja landverði undir sama hatt að því leyti. Leiðsögumenn hafa frá stofnun félags þeirra barist sjálfir fyrir því að gerðar væru til þeirra auknar kröfur og gert sér grein fyrir mikilvægi góðs árangurs starfa þeirra á einhverju viðkvæmasta stigi ferðaþjónustunnar. Þeir hafa ekki enn þá gengið hart fram um ágóðahlutdeild í þessari blómlegu atvinnugrein sem hlýtur að teljast með útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar. Enn fremur hafa þeir staðið sjálfir undir mestum hluta námskostnaðar, sem skýtur skökku við þegar litið er til uppbyggingar hins opinbera námskerfis og möguleika annarra stétta til starfsmenntunar.

10. Þessi liður á það samnefnt með öllum hinum að hafa fengið ítarlega umfjöllun á fundum og ráðstefnum og mikilvægt er að ýta þessu úr vör strax.

Fylgiskjal I:

Félag leiðsögumanna er aðili að náttúruverndarþingi og hvetur til að tekið verði fullt tillit til þeirra ályktana sem fram komu á fimmta náttúruverndarþingi.

Fylgiskjal II:

Fræðsla og landkynning. Auglýsinga- og sölustarfsemi getur verið beinlínis náttúrufjandsamleg. Oft er hálfur sannleikur engu betri en falskar upplýsingar. Þessar staðreyndir eiga bæði við um náttúru landsins og öryggi ferðamanna.

Verndun hálendisins. Vissulega mundi það leysa margan vanda að skylda alla ferðahópa til að hafa innlendan leiðsögumann, líkt og gert er í mörgum þeirra landa þar sem Íslendingar eru tíðir gestir. Þar þykir það ekki tiltökumál, en hérlendis, þar sem margar gildar ástæður mæla enn frekar með því en víðast annars staðar, heyrast ætíð háværar raddir um frelsisskerðingu o.þ.u.l. þegar þetta ber á góma. Félag leiðsögumanna lýsir fullum stuðningi við þennan lið og hvetur sérstaklega til aukinnar landvörslu, þ.m.t. hreyfanlegrar.

Að lokum skal tekið fram að réttu upplýsingastreymi til ferðamanna hefur verið ábótavant og eitt frumverkefna okkar verður að vera lagfæring á því áður en við verðum gerð bæði siðferðislega og lagalega ábyrg fyrir dauðaslysum í líkingu við þau sem urðu á s.l. sumri.

Leiðsögumenn hafa kynnt sér starfsemi sína eins og kostur er hverju sinni líkt og aðrar þjónustugreinar. Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til að láta auglýsingaspjald með upplýsingum um leiðsögumenn liggja frammi á helstu viðkomustöðum ferðamanna. Undirtektir ferðaskrifstofanna voru þær að fjarlægja það hið allra fyrsta og hafa í hótunum um að hætta að gera kjarasamninga við leiðsögumenn. Verði slíkur miðaldahugsunarháttur ekki kveðinn niður er varla von til framfara í ferðaþjónustunni og umhverfisverndarmálum.

Hingað til hefur tíðast ekki verið farið að náttúruverndarlögum og lögbrjótar sloppið þrátt fyrir kærur eða verið dæmdir til svo vægra refsinga að engar líkur eru til að lögin njóti þeirrar virðingar sem til var ætlast. Hér má mörgu um kenna: Áhugaleysi, skorti á eftirliti, skorti á kynningu og fjölda þeirra aðila sem um málin eiga að fjalla samkvæmt núverandi skipulagi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags leiðsögumanna,

Friðrik Haraldsson,
formaður.

IX

Rannsóknaráð ríkisins.

Reykjavík, 18. mars 1985.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar, dags. 14. febrúar 1985, þar sem farið er fram á umsögn um tillögu til þingsályktunar um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs hefur haft mál þetta til umræðu og samþykkt eftirfarandi umsögn:

„Með þingsályktun þessari er hreyft mörgum athyglisverðum málum á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Framkvæmdanefndin tekur undir þær ábendingar um nauðsyn á að auka rannsóknir á dýrastofnum á landi og sjó við Ísland sem fram koma í tillögunni. Flestir aðrir liðir hennar fjalla um efni sem liggja að mestu utan verksviðs Rannsóknaráðs og tekur framkvæmdanefndin því ekki afstöðu til þeirra á þessu stigi.

Með hliðsjón af ábendingum sem fram koma í fylgiskjölum III og IV með frumvarpinu bendir framkvæmdanefndin á nauðsyn þess að rannsóknastofnanir heyri ótvírætt undir eitt og aðeins eitt ráðuneyti. Ekki er eðlilegt að stofnanir sem fyrst og fremst fjalla um önnur

atriði en umhverfismál falli undir umhverfismálaráðuneyti. Á hinn bóginn þarf að sjá fyrir samræmingu á störfum í þágu umhverfisnefndar með öðrum hætti.“

Virðingarfyllst,
f.h. framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins,
Vilhjálmur Lúðvíksson.

X

Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Ísafirði, 24. mars 1985.

Hér með send umsögn sem samþykkt var á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga í gær, um till. til þál. um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd sem óskað var umsagnar um með bréfi dagsettu 14. febrúar 1985.

Virðingarfyllst,
Fjórðungssamband Vestfirðinga,
Jóhann T. Bjarnason.

„Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur efni tillögunnar það viðamikið að ekki verði ráðrúm til að fjalla um og afgreiða málið á viðhlítandi hátt á yfirstandandi þingi. *Leggur stjórnin því til, að málinu verði frestað.*

Þó vill stjórnin ekki láta hjá líða að lýsa andstöðu sinni gegn því að öll upptalin verkefni verði falin einu, sérstöku ráðuneyti. Flest upptalin verkefni snerta málefni sveitarfélaganna með einum eða öðrum hætti. Stjórnin vill að ekki verði skert frekar en orðið er sjálfdæmi sveitarfélaganna, hvers og eins, um þessi mál. Telur hún að fremur ætti að sporna gegn meintu ráðríki og útþenslutilhneigingum sumra þeirra aðila sem falið hefur verið að sýsla um hina nefndu málaflokka.“

XI

Skipulag ríkisins.

Reykjavík, 28. mars 1985.

Vísað er til tillögu nr. 122 til þingsályktunar um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd sem þér hafið sent til umsagnar, sbr. bréf frá 14. febr. s.l.

Þingsályktunartillagan fjallar um nokkuð mörg þýðingarmikil mál og er orðið aðkallandi að taka sum þeirra til endurskoðunar hið bráðasta.

Margt mælir með því að taka hin ýmsu lög er snerta umhverfismál til sameiginlegrar heildarendurskoðunar og fella þau undir eitt ráðuneyti og kemur félagsmálaráðuneytið helst til greina.

Í þingsályktunartillögunni er blandað saman ýmsum óskyldum atriðum og þyrfti hún að orðast á markvissari hátt ef henni er ætlað að verða stefnumarkandi um þessi mál.

Virðingarfyllst,
Zóphónías Pálsson.

XII

Ferðamálaráð Íslands.

Reykjavík, 2. apríl 1985.

Hjálagt sendist umsögn Ferðamálaráðs um tillögu til þingsályktunar um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, 118. mál.

Virðingarfyllst,

Birgir Þorgilsson
ferðamálastjóri.

„Ferðamálaráð hefur fjallað um ofangreinda tillögu og vill sérstaklega leggja áherslu á eftirfarandi atriði hennar:

4. atriði — um ný lög um náttúruvernd.

Ferðamálaráð telur brýnt að sett verði sérstök reglugerð með lögum um náttúruvernd sem fjalli um akstur og umgengni í óbyggðum, sbr. 13. gr. núgildandi náttúruverndarlaga, þar sem segir m.a.: „Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þ.á m. um merkingu bílaslóða ... Það skal gera tillögur ... um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingar þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um."

Ráðið minnir einnig á ákvæði í 7. gr. laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um forgöngu Náttúruverndarráðs um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins.

9. atriði — opinber ferðamálaráðstefna o.fl.

Ferðamálaráð tekur heils hugar undir það sem fram kemur í greinargerð tillögunnar um þetta atriði (bls. 5). Þessi mál hafa öll verið rædd í nefndum og á ráðstefnum um umhverfis- og ferðamál í áraraðir og gerður fjöldi ályktana en lítið áunnist vegna skorts á fjármagni og sameiginlegu átaki þeirra fjölmörgu aðila sem málið fellur undir. Ráðið minnir t.d. á nokkur atriði sem snerta umhverfismál og náttúruvernd, en falla undir marga aðila: Lagning vega og slóða, merking vega og slóða, lokun villuslóða á hálendinu og víðar, þungatakmarkanir á þjóðvegum á vorin, lokun hálendisvega vegna aurbleytu á vorin og merking þeirra samkvæmt því, innflutningur ferðamanna á mat og bensíni, innflutningur ferðamanna á ökutækjum, meðferð kærumála á meintum náttúruspjöllum, korta- og bæklingaútgáfa fyrir ferðamenn (oft með mjög villandi upplýsingum).

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að illa hafi verið búið að leiðsögumönnum og eftirlitsaðilum á áningarstöðum ferðamanna. Ráðið telur að gera þurfi strangar kröfur til menntunar leiðsögumanna svo að þeir verði starfi sínu vaxnir.

Í greinargerð tillögunnar um ferðamál og umhverfisvernd kemur réttilega fram að Ferðamálaráð Íslands hafi lögum samkvæmt skyldum að gegna varðandi umhverfisvernd, en þau lög eru brotin á hverju ári að því leyti að Ferðamálaráð hefur *aldrei*, síðan lögin voru sett árið 1976, fengið það fé sem 8. grein ferðamálalaganna kveður á um. Ferðamálaráð hefur að nokkru sinnt umhverfismálum á ferðamannastöðum, en auk fjárskorts hefur það verið mikil hindrun að vitneskja um ráðstöfunarfé ráðsins liggur ekki fyrir fyrr en langt er liðið á árið þegar framkvæmdir ættu að vera komnar í gang. Ábyrgðarmenn ferðamannastaða sem hyggja á uppbyggingu eða endurbætur þurfa að undirbúa þær framkvæmdir með löngun fyrirvara og er of seint að hefjast handa þegar ferðamannatíminn er hafinn. Við núverandi

aðstæður er óframkvæmanlegt að gera áætlun og móta stefnu fram í tímann. *Frumskilyrði þess að Ferðamálaráð geti sinnt skyldum sínum á sviði umhverfismála er að staðið verði við núgildandi lög um skipulag ferðamála.* Ekki er ljóst hvað við er átt með orðunum í 9. kafla, „og hagsmunaaðilar í ferðamálum gefa tóninn", en sé hér um að ræða aðdróttanir um ábyrgðarleysi hagsmunaaðila mótmælir Ferðamálaráð slíkum ásökunum.

10. atriði — aukin umhverfisfræðsla.

Ferðamálaráð tekur undir það sem kemur fram í 10. lið greinargerðarinnar á bls. 5 og væri reiðubúið að leggja því máli lið *ef* fjárveiting væri fyrir hendi.

Fylgiskjal I — hreyfanleg landvarsla á hálendinu o.fl. (bls. 9).

Ferðamálaráð tekur undir þessa ályktun Náttúruverndarráðs og leggur áherslu á að þetta komist til framkvæmda sem allra fyrst.

Fylgiskjal II — fræðsla og landkynning (bls. 15).

Ferðamálaráð bendir á að til þarf að koma aukin samvinna allra þeirra aðila sem standa að ferðaþjónustu og umhverfisvernd. Minnt er á að Ferðamálaráð átti aðild að útgáfu Ferðahandbókar 1982 þar sem birt var fræðsluefni og landkynning með töluverðu umhverfisverndarívafi.

Fylgiskjal III — verndun hálendis (bls. 16).

Ferðamálaráð minnir á að reglugerð nr. 175/1983 fjallar um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í *atvinnuskyni*. Ef tryggja á að leiðsögumaður sé í hverri hópferð þarf að fá skorið úr um hvað sé hópferð. (Í hópferðalögum er miðað við átta manns.)

Ráðið er sammála því að auka þurfi fjárveitingu til landvörslu og koma í veg fyrir að bifreiðaakstur um viðkvæmar gróðurvinjar hálendisins og akstur utan vega, en til þess að svo megi verða þarf aukna samvinnu allra þeirra sem málið fellur undir, svo og gagnkvæman skilning og traust.

Ítrekað skal að forsenda þess að geta fylgt eftir þeim reglugerðum, sem um er rætt í þessari grein, er samvinna og sameiginlegur vilji margra ráðuneyta. Nauðsynlegt er að fá túlkun á ýmsum atriðum sem mismunandi skilningur virðist vera á.

Fylgiskjal V — nokkrar stofnanir ... (bls. 20).

Ferðamálaráð telur að hér vanti nafn Ferðamálaráðs Íslands.

Ferðamálaráð leggur áherslu á skjótar aðgerðir í eftirfarandi málum: Auka þarf verulega leiðbeiningar og umferðarmerki fyrir ferðamenn, bæði hvað snertir göngu- og akstursleiðir, m.a. til að koma í veg fyrir slys á fólki og náttúruspjöll. Bæta þarf hreinlætisaðstöðu á mörgum ferðamannastöðum og tryggja að salernisnotkun geti verið kvaðalaus. Eftirlit með fjallvegum á vorin er jafnsjálfsagt og þungatakmarkanir á byggðavegum vegna aurbleytu á vorin. Áríðandi er að setja skilti við allar aðkomuleiðir við hálendisvegi með upplýsingum um að leiðin sé aðeins fær fjórhjóladrifsbílum og hvenær. Líta þarf á náttúruspjöll sem sakarhæft athæfi og beita sektum í stað þess að svæfa mál af því tagi. Koma þarf á löggæslu á hálendinu og mjög aðkallandi að lögreglan fái fjórhjóladrifsfarartæki til að sinna löggæslu þar. Vanda þarf kortaútgáfu og útgáfu bæklinga og forðast villandi upplýsingar.

Ferðamálaráð telur að nóg sé komið af tillögum og ályktunum frá félögum og samtökum um umhverfis- og ferðamál frá undangengnum árum ef ekki áratugum til að ástæða sé til að taka nú af skarið og hefja framkvæmdir. Aðalfyrirstaðan, þegar á hefur átt að reyna, hefur vafalaust verið sú hve mörg ráð og ráðuneyti hafa verið við málin riðin og enginn einn hefur treyst sér til að taka ákvörðun í vafaatriðum."

XIII

Fjórðungssamband Norðlendinga.

Akureyri, 9. apríl 1985.

Nefndin sendir með bréfi 14. febrúar sambandinu tillögu til þingsályktunar um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd til umsagnar.

Með tilliti til þess að Fjórðungssamband Norðlendinga hefur fengið frá menntamálanefnd efri deildar frumvarp um náttúruvernd telur sambandið ekki efnislegar ástæður til að mæla með samþykkt tillögunnar á þessu stigi.

F.h. Fjórðungssamb. Norðlendinga,
Áskell Einarsson.

XIV

Líffræðistofnun Háskólans.

Reykjavík, 4. mars 1986.

Líffræðistofnun háskólans hefur haft ofangreinda tillögu til umsagnar og hafa fjórir sérfræðingar stofnunarinnar á sviði vistfræði fjallað um málið.

Það er samdóma álit sérfræðinganna að ráðstafanir, þær sem tillagan felur í sér, horfi mjög til bóta og sem fyrst þurfi að sameina umhverfis- og náttúruverndarmál í einu ráðuneyti. Stofnunin leggur áherslu á að núverandi ástand er óviðunandi.

Eftirfarandi athugasemdir komu fram um einstaka liði þessarar tillögu:

6. Tekið er sérstaklega undir nauðsyn þess að beitt sé vísindalegum vinnubrögðum í sambandi við vernd og nýtingu þeirra dýrastofna sem taldir eru valda vandamálum. Hér skiptir miklu að fræðilegur grundvöllur sé sem traustastur. Slíkt næst einkum með bættri stjórn rannsókna þar sem vísindamenn fremur en óupplýstir hagsmunaaðilar ættu að ráða ferðinni, auk þess sem nokkuð virðist þar skorta á opna fræðilega umræðu og lýðræðislega meðferð. Viðhald og verndun búsvæða skiptir oft mestu í vernd dýrastofna, og má þar m.a. nefna vernd votlendis.

8. Hliðstæða áætlun um verndun votlendra svæða þyrfti að gera með samvinnu Náttúruverndarráðs og búnaðaraðila.

Virðingarfyllst,
Líffræðistofnun háskólans,
Arnþór Garðarsson.

Sþ. 91. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Málið hefur verið rætt ítarlega í nefndinni, bæði áður en það kom formlega til meðferðar og nú eftir að vísað var til nefndarinnar samningi um lausn þess.

Á fundum nefndarinnar voru gefnar upplýsingar um þau atriði sem rædd voru við fyrri umræðu og liggja þau nú ljós fyrir.

Þar sem hér er um að ræða hagstæða lausn á erfiðu vandamáli telur meiri hl. nefndarinnar einsýnt að samþykkja beri tillöguna.

Minni hl., Hjörleifur Guttormsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 27. okt. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Gunnar G. Schram.	Haraldur Ólafsson.	Ingvar Gíslason.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um þjóðaratkvæði.

Flm.: María Jóhanna Lárusdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þingmanna geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Komi fram slík krafa um mál sem er til meðferðar á þingi skal fresta endanlegri afgreiðslu þess þar til þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram. Kjósendum skal gefinn eðlilegur tími til að kynna sér það mál er kjósa á um en niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar skal þó liggja fyrir eigi síðar en tólf vikum eftir að hennar er óskað.

Greinargerð.

Íslendingar búa við lýðræðislegt stjórnarfar eins og flestar aðrar vestrænar þjóðir. Í lýðræðishugtakinu felst að æðsta valdið sé hjá þjóðinni og að allur almenningur eigi að velja um þá kosti sem fyrir liggja um skipan og þróun þjóðfélagsins.

Fyrrum réðu Íslendingar ráðum sínum á opnu þjóðþingi þar sem teknar voru ákvarðanir er vörðuðu land og þjóð. Þegar fram liðu stundir þótti þetta form þungt í vöfum og óhagkvæmt og er stjórnarfar Íslendinga nú eins og margra annarra þjóða byggt á fulltrúalýðræði. Allir Íslendingar, sem hafa kosningarrétt, eiga rétt á að kjósa menn á Alþingi til að fara með stjórn samfélagsins fyrir sína hönd. Í stað þess að allir Íslendingar ráði ráðum sínum og taki sameiginlega ákvarðanir fela þeir fulltrúum sínum fullt vald til slíks. Í raun er um valdaframsal að ræða frá þjóðinni til fulltrúa hennar, alþingismanna, í ákveðinn tíma. Samkvæmt stjórnarskrá eru alþingismenn þó ekki bundnir af fyrirmælum umbjóðenda sinna í afstöðu til einstakra mála heldur eingöngu af sannfæringu sinni. Það er oft löng leið frá kjósanda til fulltrúa hans á þingi. Í almennum kosningum er kosið um fjölmörg mál í einu og þess ekki að vænta að þingmenn geti vitað um afstöðu umbjóðenda sinna í öllum málum. Það hefur því lengi tíðkast meðal lýðræðisríkja að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem kjósendur eru spurðir um afstöðu til einstakra mála, annaðhvort að ósk íbúanna, hluta þingmanna eða valdhafa. Þjóðaratkvæðagreiðsla er lifandi þáttur í stjórnarfari sumra ríkja eins og í Sviss sem byggir á langri hefð í þessum efnum. Á Norðurlöndum og víða í Evrópu hefur það færst í vöxt að slíkar kannanir fari fram í þeim málum er ætla má að skoðanir landsmanna séu skiptar um. Nægir að nefna sem dæmi atkvæðagreiðslu um inngöngu Norðmanna og Dana í Efnahagsbandalagið, áframhaldandi

dvöl Breta í því bandalagi og afstöðu Svía til kjarnorkumála. Hér á landi hefur engin þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram síðan 1944 en fram að þeim tíma sex sinnum frá árinu 1908. Í stjórnarskránni er aðeins í þremur tilvikum kveðið á um að mál skuli lögð undir dóm kjósenda. Það er þegar forseti synjar um staðfestingu á lagafrumvarpi, sbr. 26. gr., ef forseti er leystur frá störfum, sbr. 11. gr., og ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipaninni, sbr. 79. gr. Hins vegar er ekkert í stjórnarskrá okkar er heimilar kjósendum eða hluta þingmanna að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu ef um ágreiningsmál er að ræða.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að hluti þjóðarinnar geti óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, sem og hluti þingmanna. Samkvæmt tillögunni eru engin sérstök mál undanskilin slíkri ósk. Úrslit atkvæðagreiðslunnar eru ekki bindandi fyrir Alþingi en hins vegar má ætla að hún verði stefnumótandi og ráðgefandi fyrir Alþingi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að mál, sem vísað er til þjóðaratkvæðagreiðslu, hljóti ekki endanlega afgreiðslu í þinginu fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta ákvæði er nauðsynlegt vegna þess að stuttur tími líður frá samþykkt frumvarps og þar til það hefur öðlast lagagildi með undirskrift forseta Íslands og gæti það torveldað framkvæmd málsins. Skylt er að láta atkvæðagreiðsluna fara fram innan tólf vikna frá því að krafan um hana kemur fram til að afgreiðsla málsins tefjist ekki um of, en þó skal gefa kjósendum nægan tíma til að kynna sér það mál er þeir eiga að kjósa um. Um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu er eðlilegt að setja ákveðnar reglur ef þingmenn samþykkja þessa ályktun.

Í stjórnlagafrumvarpi því, er Gunnar Thoroddsen lagði fram á Alþingi vorið 1983 og í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá sama tíma, er ákvæði um rétt kjósenda til að óska eftir ráðgefandi atkvæðagreiðslu um einstök málefni. Er þetta nýmæli skýrt með því að engin ákvæði séu í stjórnarskrá um rétt kjósenda til að óska eftir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilsverð mál og því sé full ástæða til að taka upp ákvæði er tryggi alþingiskjósendum slíkan rétt. Hugmyndin er býr að baki þessari þingsályktunartillögu er því ekki ný af nálinni en ætla má að framkvæmd hennar dragist ef beðið er eftir þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem nú fer fram og ekki sér fyrir endann á.

Í almennum kosningum er kosið um fjölmörg mál því hlýtur það að vera styrkur fyrir þingmenn að vita hver afstaða umbjóðenda þeirra er í einstökum málum. Það styrkir einnig íslenskt stjórnarfar ef ákvarðanir eru teknar í samræmi við þjóðarvilja. Þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir auknum lýðræðislegum réttindum Íslendinga og er það í samræmi við forna lýðræðishefð þjóðarinnar.

Nd. 93. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú fær skip eða loftfar Landhelgisgæslunnar laun fyrir björgun verðmæta og fer þá um ráðstöfun björgunarlauna eftir ákvæðum laga, þó svo að hlutur áhafnar skiptist að réttri tiltölu miðað við föst mánaðarlaun hvers og eins. Hlutur Landhelgisgæslunnar af björgunarlaunum rennur í Landhelgissjóð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda um björgun eftir 15. september 1986.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 12. gr. laga nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands, eru sérákvæði um skiptingu björgunarlauna sem til landhelgisgæslunnar falla er nokkra sérstöðu hafa. Skiptast björgunarlaun, er til skipta koma, þannig að áhöfn skips eða flugvélar hlýtur einn fjórða hluta er síðan skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins en Landhelgissjóður hlýtur þrjá fjórðu hluta. Af óskiptu skal fyrst greiða útgjöld vegna björgunarinnar önnur en venjulegan rekstrarkostnað og af hluta Landhelgissjóðs má greiða ákveðna fjárhæð til þeirra sem mest hafa lagt sig fram við björgunina.

Í 169. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, eru almenn ákvæði um skiptingu björgunarlauna sem falla til skips. Þegar greiddur hefur verið af óskiptu tiltekinn kostnaður vegna tjóns, er hlýst af björgunarstarfinu, aukinn rekstrarkostnaður sem af því leiðir og sérstök aukaþóknun til björgunarmanna skiptast björgunarlaunin þannig að í hlut útgerðar koma þrír fimmtu hlutar en tveir fimmtu hlutar falla til áhafnar. Er meginreglan þá sú að hlutur áhafnar skiptist þannig að skipstjóri hlýtur þriðjung en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta er svo skiptast að réttri tiltölu við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur. Hin nýju siglingalög breyttu að ýmsu eldri ákvæðum um skiptingu björgunarlauna. Áttu þær breytingar sér að verulegu leyti fyrirmynd í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða en nokkur atriði áttu sér hliðstæðu í lögum um landhelgisgæsluna. Með hinum nýju lögum var heimilað að greiða í ríkara mæli en áður af óskiptu rekstrarkostnað og aukaþóknun til björgunarmanna, svipað og er samkvæmt lögum um landhelgisgæslu. Auk þess var hlutur skipshafnar í björgunarlaunum hækkaður úr einum þriðja hluta (miðað við gufuskip) á kostnað útgerðarinnar. Þá var skiptingu milli áhafnar innbyrðis breytt en þeim hluta var áður skipt að jöfnu milli skipstjóra annars vegar og skipshafnar hins vegar.

Í lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, eru eigi hliðstæð ákvæði um skiptingu björgunarlauna en um rétt til bjarglauna vegna björgunar loftfars gilda hliðstæðar reglur og um björgun skipa, sbr. 139. gr. laganna.

Við endurskoðun siglingalaga var talið að eigi væru rök til að láta aðrar reglur gilda um varðskip en um önnur skip og að sömu sjónarmið hljóti þá og að eiga við um loftför. Voru tillögur þessa efnis lagðar fram af nefnd sem endurskoðaði ákvæði siglingalaga um björgun, sbr. þingsályktun frá 19. maí 1981, er síðan voru felld inn í heildarendurskoðun siglingalaganna.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu að samræma ákvæði laga um landhelgisgæslu að mestu almennum reglum um skiptingu björgunarlauna og eykst þá hlutur áhafnar úr 25% í 40% af því sem til skipta kemur. Frumvarpið gerir þó áfram ráð fyrir því að skipting björgunarlauna milli áhafnar innbyrðis verði óbreytt og að hlutur skipstjóra ráðist af launahlutfalli einu.

Frumvarp þetta fjallar í engu um það hvenær unnið sé til björgunarlauna eða hvernig þau verða ákvörðuð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að hinar nýju reglur um skiptingu björgunarlauna gildi um björgunaraðgerðir eftir 15. september 1986. Er þá höfð hliðsjón af gildistöku samkomulags um þóknun til varðskipa og fiskiskipa (útgerða og áhafna) fyrir björgun fiskiskipa 100 rúmlesta eða stærri þegar ekki er um yfirvofandi hættu að ræða. Þetta samkomulag var undirritað 16. september 1986 af Sambandi íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna hins vegar ásamt Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Flm.: Helgi Seljan, Jón Kristjánsson, Skúli Alexandersson,
Karvel Pálmason, Steingrímur J. Sigfússon, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á hagkvæmni útboða og því hvort aðrar leiðir séu heppilegri og æskilegri fyrir byggðarlög og þjóðarheild. Sérstaklega verði athuguð áhrif útboða á byggðarþróun í landinu og samhliða heildarhagkvæmni þeirra verði litið til röskunar á rekstri ýmiss konar þjónustu á landsbyggðinni.

Settar verði nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra á þann veg að smærri verktakar á einstökum svæðum og aðilar heima í héraði hafi sem besta möguleika á því að taka að sér verkefni í nágrenni sínu. Jafnframt verði undirbúnar reglur sem koma í veg fyrir að einstakir aðilar geti einokað verktakastarfsemina.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveimur síðustu þingum en fékk ekki afgreiðslu. Ekki er síður nú en áður þörf á athugun þessa máls í heild. Meginefni þessarar greinargerðar fylgdi þá með tillögunni.

Útboð á vegum hins opinbera hafa mjög farið í vöxt á undanförnum árum. Þessi útboð eiga sér vissa stoð í lögunum um skipan opinberra framkvæmda. Enn fremur hefur Alþingi samþykkt þingsályktun um útboð verklegra framkvæmda á vegum hins opinbera þar sem þeim verður við komið. Hin almenna stefna hefur því verið að út skuli boðið og reglan sú að tekið sé lægsta tilboði.

Þannig hafa verkefni flust frá aðilum í heimabyggð með tilviljanakenndum hætti en að sjálfsögðu sem bein afleiðing af útboðsstefnunni almennt. Forsendur þess, að útboð eigi rétt á sér, eiga að vera heildarhagkvæmni og þau mega aldrei leiða til þess að þjónusta ýmissa aðila á landsbyggðinni leggist af eða framkvæmdafé flytjist úr heimabyggðum með þeim hætti sem nú gerist. Ýmislegt þarf því að athuga áður en fylgt er í blindni útboðsstefnu í öllum greinum.

Útboðin hafa á sér margar hliðar og væri freistandi að nefna nokkur atriði. Aðeins skal þó staðnæmst við áhyggjuefni sem forráðamenn Verktakasambandsins hafa rætt. Það eru undirboðin og afleiðingar þeirra fyrir hina smærri verktaka sem hafa séð sér þá eina leið færa til að brjótast inn á markaðinn að bjóða svo lágt að útboðið hefur falið í sér endalokin fyrir þá. Um leið hefur oft ekki tekist að ljúka við verk sem þannig hefur verið ástatt um. Undirboð í smærri verk af hálfu voldugustu verktakanna hafa hins vegar ekki skaðað þá mjög. Þetta hafa verið nokkurs konar aukaverkefni sem unnt hefur verið að vinna til hliðar við eða í hléum frá stórverkefnum.

Samkeppnin í útboðsheiminum er grimm og miskunnarlaus og lögmálið um hinn sterka og betur setta gildir þar ríkulega. Margir hinna smærri aðila, sem hafa viljað hasla sér völl á þessu sviði, hafa horfið af vettvangi illa sárir eða óvígir með öllu.

En veigamesta ástæðan fyrir þingsályktunartillögu af þessu tagi snertir þó landsbyggðina, þjónustuaðilana þar og möguleika þeirra í þessari samkeppni eða útilokun þeirra frá þessum markaði. Nú er það staðreynd að hvert meðalstórt byggðarlag þarf á þjónustuaðilum að halda svo sem vinnuvélaeigendum og vörubifreiðarstjórum. Sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar þurfa á ýmiss konar þjónustu þeirra að halda en stopul kann sú aðstoð — sú nauðsynlega þjónusta — að verða ef þessir aðilar ætla að byggja lífsafkomu sína á því einu og hafa um leið eðlilegan arð af tækjum sínum. Ýmis verk á vegum hins opinbera, vegagerð,

hafnargerð og flugvallargerð, alveg sér í lagi vegagerðin, hafa hins vegar gert þessum aðilum það kleift að sinna sínu ómetanlega þjónustuhlutverki fyrir byggðirnar. Í þessum verkum hins opinbera hafa þessir aðilar fengið þá viðspyrnu og þá viðbót sem hefur dugað þeim til þjónustuhlutverksins heima fyrir. Ef þeir missa að miklu leyti möguleika til þátttöku í verkum þessum — að ekki sé nú minnst á ef þeir missa alla möguleika — þá leggst starfsemi þeirra einfaldlega niður.

Þessi uggvænlega þróun blasir við og við henni ber að snúast réttilega með einhverju því fyrirkomulagi og þeim reglum sem tryggi hlut heimaaðila og aðild þeirra að verkum þeim sem hið opinbera hefur með höndum. Þessi mál þarf öll að grandskoða og flutningsmenn óttast ekki óhagkvæmni af annarri skipan þessara mála en nú gildir ef litið er til allra átta og þátta þessa máls. Hér er um veigamikið byggðarmál að ræða, stórkostlegt atriði fyrir byggðarlögin og íbúana þar og þetta er spurning um eðlilega hlutdeild íbúa landsbyggðarinnar í atvinnulífinu í heimabyggðum. Allra leiða þarf því að leita til að koma hér á eðlilegri skipan mála þar sem hagkvæmni í víðustu merkingu situr í fyrirrúmi, fyrir hið opinbera, fyrir byggðirnar, fyrir íbúana sem þurfa á þjónustu þessara aðila að halda.

Flutningsmenn gera sé ljósa grein fyrir erfiðleikum í allri framkvæmd og setningu reglna um þá framkvæmd. Svæðaskiptingin er ein þeirra leiða sem athuga ber þó að ekki séu allir sáttir við þá hugmynd. Aðstoð við smærri verktaka og heimaaðila í upphafi kemur til greina. En síðast en ekki síst þarf að huga að því hvaða verk skuli boðin út og hver hagkvæmnin raunverulega verður þegar upp er staðið — hin þjóðhagslega hagkvæmni fyrir heildina.

Með greinargerð í fyrra var birt ályktun frá vörubifreiðastjórafélaginu Snæfelli. Til hennar og fleiri atriða mun vísað í framsögu. Minni verkefni, meiri harka á útboðsmarkaðnum kalla enn frekar nú en áður á athugun þessa máls. Áhyggjur manna víða úti á landsbyggðinni hafa komið sérstaklega fram frá SSA — Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi — og verður einnig vitnað nánar í það álit í framsögu.

Nd. 95. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir,
Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. koma nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist.

Nú er öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur hann þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknisins um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn:

1. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir einn mann.
2. Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar.
3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefnir einn mann og skal hann vera lögfræðingur.

Auk aðalmanna skulu tilnefndir varamenn.

Nefndin skal í störfum sínum hafa hliðsjón af öllum þeim þáttum sem b-liður 1. mgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er nú flutt á Alþingi í fimmta sinn. Frá fyrri þingum liggja fyrir ítarlegar umsagnir. Verður nú að gera þá kröfu til Alþingis að þetta mál verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Sumarið 1985 héldu samtök öryrkja fund þar sem m.a. var fjallað sérstaklega um frumvarp þetta. Lýstu þau eindregnum stuðningi við þá málsmeðferð sem hér er gerð tillaga um.

Frumvarpinu hefur á undanförnum þingum fylgt þessi greinargerð:

„Á 105. löggjafarþinginu var flutt stjórnarfrumvarp sem gerði ráð fyrir því að breyting yrði gerð á ákvæðum almannatryggingalaga um örorkumat. Í frumvarpinu var miðað við að örorkumat væri alltaf framkvæmt af örorkumatsnefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Við umræður á Alþingi kom fram að þingmenn töldu óeðlilegt að láta nefnd annast þetta verk í öllum tilvikum — eðlilegra væri að setja á laggirnar áfrýjunarnefnd en úrskurður væri áfram í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta frumvarp, sem hér er nú flutt, tekur tillit til þessara sjónarmiða.

Í núgildandi lögum er tryggingayfirlæknir einvaldur um úrskurði örorkumats. Það verður að teljast óeðlilegt fyrirkomulag, annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingana og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Því er hér lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna.

Þegar málið var til meðferðar á síðasta löggjafarþingi fylgdi stjórnarfrumvarpinu stutt greinargerð sem var á þessa leið:

„Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumats hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til bóta, m.a. þá sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þar á meðal flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumats, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slíkt mat yrði að taka mið af a.m.k. þremur ákvarðandi atriðum, þ.e.a.s. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1. lið, og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklinga, þar á meðal fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o.fl., o.fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. greinar laga nr. 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra sem sækja um örorkubætur (örorkulífeyri og örorkustyrki) er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg eigi að reyna hér nýjar leiðir."

Frumvarpsgreinin er ítarleg og skýrir sig sjálf, auk þess sem hún verður nánar skýrð í framsögu."

Frumvarpið er nú flutt snemma þings og á því að vera unnt að afgreiða það á þessu þingi. Frumvarpið var fyrst flutt sem stjórnarfrumvarp 1983, síðan hefur það verið lagt fram á þingunum 1983–1984, 1984–1985, 1985–1986 og er nú flutt í fimmta sinn, eins og áður segir.

Fylgiskjal.

UMSÖGN ÖRYRKJABANDALAGSINS

Heilbrigðis- og trygginganefnd
neðri deildar Alþingis.

Reykjavík, 1. mars 1985.

Á stjórnarfundi Öryrkjabandalags Íslands 25. febrúar 1985 var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Öryrkjabandalag Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins, en telur æskilegt að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1. Í 1. lið komi: Öryrkjabandalag Íslands tilnefni einn mann.
2. Að fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sé lögfræðingur.
3. Að setningarnar „Nefndin skal í störfum sínum taka tillit til sömu þátta“ o.s.frv. og „Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra þátta“ o.s.frv. falli niður.
4. Til þess að örorkumatsnefnd fái nægilegt svigrúm til ákvarðana um leiðréttingar á bótagreiðslum þarf að gera frekari breytingar á tryggingalöggjöf, t.d. með því að taka upp nýtt örorkustig, 60% eða 65%, með tilteknum bótarétti.

Stjórn Öryrkjabandalags Íslands vekur athygli á nauðsyn þess að hraðað verði endurskoðun á lögum um almannatryggingar.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Öryrkjabandalags Íslands,

Vilhjálmur Vilhjálmsson
formaður.

Ásgerður Ingimarsdóttir
deildarstjóri.

Sþ. 96. Fyrirspurn [95. mál]

til utanríkisráðherra um framlög til þróunarsamvinnu og hjálparstarfs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig miðar framkvæmd á samþykkt Alþingis frá 28. maí 1985 um að auka framlög til þróunarsamvinnu í áföngum?
2. Hvert verður hlutfall þróunaraðstoðar af áætlaðri þjóðarframleiðslu á næsta ári miðað við tölur í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi?
3. Hvar hefur Ísland verið í röð ríkja OECD s.l. 10 ár hvað varðar þjóðarframleiðslu á mann, hver hefur þjóðarframleiðslan verið í bandaríkjadölum annars vegar og íslenskum krónum hins vegar á verðlagi hvers árs?

4. Hvaða upphæð hefur verið ráðstafað til þessa málaflokks s.l. 10 ár að árinu 1986 meðtöldu og hvaða hlutfall eru umræddar upphæðir af þjóðarframleiðslunni eins og hún varð eða er áætluð viðkomandi ár?
5. Hverju sætir að framlags Íslands til þróunaraðstoðar er ekki getið í skýrslum OECD og hvernig er aðild okkar að samstarfi OECD-ríkja um hjálpar- og þróunarstarf háttað?
6. Hvaða 10 lönd hafa s.l. 10 ár ráðstafað hæsta hlutfalli þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar og hver hefur þjóðarframleiðslan í viðkomandi löndum verið á mann í bandaríkjadölum á verðlagi hvers árs?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 97. Fyrirspurn [96. mál]

til samgönguráðherra um dýpkunarskip.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Skúla Alexanderssyni.

1. Hyggst samgönguráðherra beita sér fyrir því að dýpkunarskip komi til landsins á næstunni eða er þess að vænta að þessu kjörtímabili ljúki án þess að nokkurt tæki komi til landsins í stað Grettis?
2. Hversu mikil verkefni fyrir dýpkunarskip liggja fyrir í landinu og í hvaða höfnum? Hversu aðkallandi eru þau og hver er áætlaður heildarkostnaður þeirra verkefna sem dýpkunarskip þyrfti að vinna á næstu 2–4 árum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 98. Fyrirspurn [97. mál]

til samgönguráðherra um öryggisfræðslu sjómanna.

Frá Árna Johnsen.

1. Hvaða áform eru um framhald öryggisfræðslu sjómanna sem samgönguráðherra fól Slysavarnafélaginu að annast samkvæmt tillögu öryggismálanefndar sjómanna?
2. Hve margir sjómenn hafa sótt námskeiðin?
3. Hvernig er áformað að ná til allra sjómanna landsins á sem skemmstum tíma með þá grunnfræðslu sem hér um ræðir?
4. Verða þessi námskeið sjómönnum framvegis að kostnaðarlausu eins og t.d. námskeið fyrir fiskvinnslufólk?

Sþ. 99. Fyrirspurn [98. mál]

til samgönguráðherra um sjálfvirkt tilkynningarkerfi fiskiskipa.

Frá Árna Johnsen.

1. Hvað líður þróun sjálfvirks tilkynningarkerfis fyrir fiskiskip sem unnið hefur verið að um árabil við Háskóla Íslands?
2. Hvenær og hvernig er áformað að hrinda í framkvæmd notkun hins nýja búnaðar sem veldur byltingu í þessum þætti öryggismála sjómanna?

Sþ. 100. Fyrirspurn [99. mál]

til fjármálaráðherra um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hve miklu fé er áætlað að lífeyrissjóðirnir verji til kaupa á skuldabréfum af Húsnæðisstofnun ríkisins á þessu ári?
2. Hvernig verður brugðist við ef lífeyrissjóðirnir óska eftir að kaupa skuldabréf fyrir hærri upphæð af Húsnæðisstofnun en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun fyrir árið 1986?
3. Verður hugsanlegri umframfjárhæð varið til útlána á vegum Húsnæðisstofnunar? Ef ekki, hvernig verður henni þá varið?

Sþ. 101. Fyrirspurn [100. mál]

til félagsmálaráðherra um aukningu á fé til Byggingarsjóðs verkamanna.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hefur Byggingarsjóður verkamanna fengið þá 200 milljóna króna aukningu á fé sem gert var ráð fyrir þegar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins voru samþykktar á Alþingi s.l. vor?
2. Ef svo er, hvaðan hefur þetta fé komið?

Sþ. 102. Fyrirspurn [101. mál]

til menntamálaráðherra um stuðnings- og sérkennslu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða stuðnings- og sérkennsla hefur verið samþykkt og hvaða slík kennsla hefur farið fram á landinu öllu og í einstökum fræðsluumdæmum frá og með árinu 1980 að telja til yfirstandandi árs?
2. Hver hefur verið metin þörf fyrir stuðnings- og sérkennslu á landinu öllu og í einstökum fræðsluumdæmum á sama tímabili?

3. Hver verður heimilaður stundafjöldi til stuðnings- og sérkennslu á næsta ári miðað við tölur í fjárlagafrumvarpi samanborið við þá þörf sem greind hefur verið og óskir fræðsluskrifstofa, allt sundurliðað á sama hátt og að ofan?
4. Hvernig hafa nemendur í sérkennslustofnunum ríkisins, sbr. 50.–52. gr. grunnskólalaga, skipst eftir fræðsluumdæmum s.l. sex ár?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 103. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Aronska í umbúðum.

Talsvert hugmyndaflug þarf til að ráða í hvaða mál býr að baki þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna. Ekki verður gátan auðleystari þegar rýnt er í upphaf samnings sem er fylgiskjal I með tillögunni. Þar segir m.a. í inngangi: „Ríkisstjórnir lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku ... taka mið af mikilvægi varnarsamningsins fyrir samskipti Íslands og Bandaríkjanna, svo og einstæðu gildi hans fyrir Norður-Atlantshafsbandalagið.“

Þó rofar til nokkru síðar í textanum því að ríkisstjórnirnar „viðurkenna að sanngjörn þátttaka skipa beggja landanna í vöruflutningum vegna varnarsamningsins muni treysta samskipti aðilanna og bæta samvinnu á nauðsynlegum sviðum varnarmála.“

Síðan dregur að kjarna máls *sem er að samningsbinda það sem hérlendis hefur fengið heitið* **aronska**, *í þessu tilviki að því er varðar hergagna- og vöruflutninga á sjó fyrir bandaríska setuliðið á Íslandi.*

Gamalkunn helmingaskipti.

Talsmenn samningsins, þar á meðal utanríkisráðherra, hafa reynt að sveipa mál þetta hugsjónum um „frjálsar siglingar“, „samkeppni“ og „eðlileg viðskipti“. En þegar komið er að kjarna þessa samnings og meðfylgjandi samkomulags liggur fyrir niðurnjörvuð kvótaskipting sem er þannig orðuð í 1. gr. samningsins:

„Þessum markmiðum verði náð með því að Bandaríkin og Ísland komi sér saman um *hlutfallsskiptingu farms,* sem flytja skal sjóleiðis vegna varnarsamningsins, milli skipa, sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum, og bandarískra skipa á grundvelli *slíkrar* samkeppni.“

Þessi niðurstaða, kvótaskipting flutninganna í hlutfallinu 65%:35%, er mjög í ætt við alkunn *helmingaskipti* sem hér hafa lengi verið tíðkuð í framkvæmdum fyrir herliðið á Keflavíkurflugvelli undir verndarvæng núverandi stjórnarflokka.

Það er líka mjög í ætt við skilning forustumanna í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki á viðskiptafrelsi að samkvæmt 1. gr. „samkomulagsins“ (fskj. II) er íslenskum og bandarískum stjórnvöldum ætlað að vera með nefið niðri í mati á tilboðum hverju sinni. Þar má lesa:

„Ef áður nefnt næstlægsta tilboð er frá íslensku skipafélagi og bandarísk stjórnvöld, sem annast samningagerð, telja tilboðið ósanngjarnt skulu aðilar að samkomulagi þessu *ráðgast um* hvað sé sanngjarnt farmgjald fyrir flutningana.“

Allt verður það ráðslag væntanlega undir formerkjunum „að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna“.

Það flutningamagn, sem gæti verið til skiptanna miðað við tölur síðustu ára, er samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins nálægt 12 þúsund tonnum. Flutningskostnaður á tonn sjóleiðina milli Íslands og Bandaríkjanna hefur að undanförnu numið um 800–850 bandaríkjadölum, þannig að hér hanga á spýtunni um 10 millj. bandaríkjadala eða u.þ.b. 400 milljónir íslenskra króna ef tölur um magn og verð eru nærri lagi.

Rainbow-skipafélagið með sitt á þurru.

Í fréttatilkynningu Rainbow-skipafélagsins frá 30. sept. s.l. kemur m.a. fram það mat að þótt hergagnaflutningum sé beint til íslenskra skipafélaga andstætt lögunum frá 1904 muni þátttaka skipa undir bandarískum fána, svo og tekjur og störf, haldast að fullu eins og þegar lögin voru í gildi. Einnig er tekið fram í fréttatilkynningu Rainbow að bandarísk og íslensk stjórnvöld muni ganga fram af góðum vilja til að *ryðja úr vegi öllum hindrunum sem gætu staðið í vegi fyrir aðild bandarískra skipa í almennum vöruflutningum á sjó til og frá Íslandi.*

Þessar yfirlýsingar benda til þess að Rainbow-skipafélagið hyggist nota þennan samning til að styrkja stöðu sína í samkeppni við íslensk skipafélög um almenna vöruflutninga og hafi fengið vilyrði frá bandarískum stjórnvöldum um að félaginu yrði bættur sá spónn sem það kann að missa úr aski sínum í hernaðarflutningunum.

Flyst uppskipun til Reykjavíkur?

Í umræðum um mál þetta hefur verið um það spurt hvort fyrirliggjandi samningur gæti haft það í för með sér að uppskipun flyttist að verulegu leyti frá Njarðvíkurhöfn til Reykjavíkur. Ljóst er af svörum utanríkisráðherra að engar tryggingar liggja fyrir um það efni en ráðherrann segir íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að engin breyting verði á framkvæmd uppskipunar frá því sem verið hefur síðustu ár.

Lögum vikið til hliðar með þingsályktun.

4. gr. samningsins hljóðar svo:

„Ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans, sem gert er samkvæmt 1. gr., skulu ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands eða Bandaríkja Ameríku.“

Staðhæft er í athugasemdum með tillögunni: „Er hér átt við bandarísk lög frá 1904, „Cargo Preference Act“, en á Íslandi er ekki um að ræða ósamrýmanleg lög.“

Hafa ber í huga ummæli sem höfð voru eftir Matthíasi Á. Mathiesen utanríkisráðherra strax að gerðum þessum samningi, *að ekki væri þörf á að leggja samninginn fyrir Alþingi* og endurtók hann þá skoðun sína í umræðum á Alþingi 14. október 1986.

Þessum sjónarmiðum mótmælti undirritaður strax, m.a. við sömu umræðu. Hér skal ítrekað að óhæfa væri að leita ekki staðfestingar Alþingis á gjörningi sem þessum þar sem m.a. er kveðið á um að samningurinn gangi fyrir „ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands . . .“ *Er mikil spurning, hvort ekki ber að veita samningi með slíku ákvæði formlegt lagagildi en láta ekki sitja við þingsályktun.*

Utanríkisráðherra ber fyrir sig umsögn Baldurs Möllers, fyrrv. ráðuneytisstjóra, undir heitinu „Hvenær er skyldugt að leggja milliríkjasamninga fyrir Alþingi,“ dags. 25. sept. 1986. Höfundur vitnar þar m.a. í 21. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Forseti

lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða *ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins,* nema samþykki Alþingis komi til.“ (Lbr. HG.)

Í umsögn sinni segir Baldur Möller m.a.:

„Meira tvímælis getur orkað um til hverra atriða háir fyrirvarinn um að samþykki Alþingis þurfi til ef samningur horfir „til breytinga á stjórnarlögum [les: stjórnarhögum] ríkisins“. Fræðimenn telja að hér sé frekast haft í huga að samningur valdi því að breyta þurfi gildandi lögum, jafnvel mikilvægum lagaatriðum, til þess að efnisatriðum samnings yrði fullnægt. Væri því að þeirra dómi öruggast fyrir handhafa framkvæmdavalds að leggja til grundvallar þann skilning, að leggja beri fyrir Alþingi alla samninga er valdi því að lögum þurfi að breyta vegna efnis þeirra. Það sýnist ljóst að samningur þessi breytir ekki „stjórnarlögum [les: stjórnarhögum] ríkisins“ með neinum skilgreinanlegum hætti.

Það er því niðurstaða þessarar athugunar að ekki beri skylda til að leita samþykkis Alþingis á þessum samningi.“

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu sér Baldur Möller ástæðu til að taka fram m.a.:

„Þess skal getið, að þar sem hinn undirritaði samningur inniheldur ákvæði um fullgildingu, ber að sjálfsögðu að leggja hana fyrir forseta Íslands til staðfestingar.“

Samkvæmt þessu virðist það hafa verið ásetningur utanríkisráðherra við undirritun samningsins að leggja hann ekki fyrir Alþingi en ætlast samt til að forseti Íslands staðfesti hann án þess að þjóðþingið hefði um hann fjallað.

Þá er rétt að vekja athygli á eftirfarandi viðhorfi dr. Ólafs Jóhannessonar lagaprófessors sem fram kemur í riti hans *Stjórnskipun Íslands*:

„Í milliríkjasamningi kunna að vera ákvæði, sem ósamþýðanleg eru íslenskum lögum — venjulegri löggjöf eða stjórnarskrárákvæðum. Slíkum lagaákvæðum er réttast að breyta áður en fullgilding samningsins fer fram. Sé samþykki Alþingis veitt í lagaformi, gætu þau lög jafnframt veitt samningnum lagagildi, og yrðu þá eldri lagaákvæði, er brytu í bág við hann, að þoka. Séu nauðsynlegar lagabreytingar eigi gerðar, áður en samningur er fullgildur, er spurning hvernig fari. *Hafi Alþingi heimilað samninginn með þingsályktun, fullnægir samningurinn fyrirmælum 21. gr. stjskr. og er því gildur að þjóðarétti, en felist í samningnum ákvæði, sem andstæð eru landslögum, skortir hann að því leyti gildi að íslenzkum lögum. Slík samningsákvæði fá hér ekki lagagildi, fyrr en búið er að breyta íslenzkri löggjöf til samræmis við samninginn,* sbr. l. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Dómstólar, stjórnvöld og almenningur verða að fara eftir landslögum þangað til þeim er breytt með lögformlegum hætti, en ríkisstjórn — og reyndar Alþingi líka — er skylt að annast um, að nauðsynlegar lagabreytingar séu gerðar sem fyrst, til þess að unnt sé að fullnægja þjóðréttarlegri skuldbindingu ríkisins. Og eins og áður er sagt, er rétta aðferðin sú að fullgilda ekki samninginn fyrr en nauðsynlegar lagabreytingar eru gerðar.“ (Lbr. HG.) (2. útg. 1978. Gunnar G. Schram annaðist útg. II. hluti, bls. 374.)

Þetta álit rennir frekari stoðum undir það viðhorf minni hl. að *ótækt hefði verið að leggja samning þennan ekki fyrir Alþingi* og það fremur í formi lagafrumvarps en þingsályktunartillögu, sbr. ákvæði 4. greinar samningsins.

Í tvíriti á ensku.

Eitt af endemum við þennan samning er að hann er gerður „í tvíriti á ensku“, sbr. lokagrein hans. Íslenskir ábekingar samningsins hafa vakið á þessu verðskuldaða athygli nú þegar þeir hafa svarað mörgum aðfinnslum á Alþingi og í utanríkismálanefnd þingsins varðandi íslenska þýðingu á fylgiskjali I og II með tillögunni, sem á að „bæta samvinnu á nauðsynlegum sviðum varnarmála“. Óhætt er að fullyrða að leitun er að hliðstæðu í

samningum milli ríkja þar sem þjóðir mæla á ólíkum tungum. Venjulega lýkur samningum á þeirri klausu að textinn liggi fyrir á tveimur tungumálum og séu báðir jafngildir. *Alþingi er hér í raun að fjalla um enskan texta* og málvísir þingmenn ráku fljótt augun í að íslensk þýðing utanríkisráðuneytisins á frumtextanum er harla skothent. Sniðgengið er að þýða „military cargo". Forseti neðri deildar, Ingvar Gíslason, talaði réttilega um „ýmiss konar vandræðalegt orðalag" (umræða í Sþ. 14. okt. 1986). Það er raunar það lengsta sem Framsóknarflokkurinn hefur gengið í að finna að þessum samningi og Alþýðuflokksþingmenn bentu á eina prentvillu í enska textanum. — Þrátt fyrir að menn viðurkenni ónákvæma og klúðurslega þýðingu á samningnum sá meiri hl. utanríkismálanefndar ekki ástæðu til að bæta þar um, enda er það enskan sem ein gildir!

Tillaga um rökstudda dagskrá.

Samningur þessi er einn af fáum tilburðum hérlendra stjórnvalda til að hafa aðra skoðun á samskiptum við Bandaríkin en stjórnin í Washington. Hugsunin að baki er að íslensk fyrirtæki eigi að hafa sem mest upp úr veru erlends herliðs í landinu. Í því sé ekki síst fólgið „mikilvægi varnarsamningsins fyrir samskipti Íslands og Bandaríkjanna".

Alþýðubandalagið hefur lýst öndverðri skoðun og leggur áherslu á að á meðan því marki er ekki náð að herinn hverfi á brott eigi að leitast við að einangra herstöðvarnar og draga úr efnahagslegum tengslum og öðrum samskiptum við hið erlenda herlið. Jafnframt þurfi þjóðin að sameinast um að efla atvinnulíf á þeim svæðum sem einkum hafa byggt á vinnu fyrir Bandaríkjaher.

Með skírskotun til þess sem að framan greinir leggur minni hl. nefndarinnar til að tillögunni verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð fyrirliggjandi „samningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna" mun torvelda Íslendingum enn frekar en orðið er að taka afstöðu til veru erlends hers í landinu án tillits til efnahagslegra hagsmuna vísar Alþingi þingsályktunartillögu þessari frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. okt. 1986.

Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 104. Frumvarp til laga [102. mál]

um skógvernd og skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Markmið, skýrgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að því:

1. að skóglendi verði verndað, aukið og bætt,
2. að nýir skógar verði ræktaðir þar sem það er talið hagkvæmt,
3. að frætt verði og leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs.

2. gr.

Skóglendi telst samkvæmt lögum þessum land sem að mestu eða öllu leyti er vaxið trjágróðri, náttúrulegum eða ræktuðum, skógi eða kjarri.

Skógarjörð telst samkvæmt lögum þessum jörð eða jarðarhluti þar sem skógur er ræktaður á 25 ha lands eða meira.

Nytjaskógur telst samkvæmt lögum þessum skógur að nánar tilteknu lágmarksflatarmáli sem ræktaður er til búdrýginda og framleiðslu skógarafurða.

Skjólbelti teljast samkvæmt lögum þessum röð eða raðir af trjám og runnum sem ræktaðar eru til þess að draga úr vindhraða á nálægum svæðum.

Skógarlundur telst samkvæmt lögum þessum land þar sem skógur er ræktaður á 3–25 ha lands.

Löggirðing: Girðing sem gerð er samkvæmt ákvæðum girðingarlaga.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála.

II. KAFLI

Skógrækt ríkisins.

4. gr.

Skógrækt ríkisins annast framkvæmd þessara laga og hefur eftirlit með því, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, að þeim sé fylgt.

Skógrækt ríkisins annast rekstur skóglenda, gróðrarstöðva, skógarjarða í eigu ríkisins og leigulanda samkvæmt sérstökum samningum.

Skógrækt ríkisins annast rannsóknir á sviði skógræktar og hefur samvinnu um þær við aðrar rannsóknarstofnanir eftir því sem um er samið eða lög ákveða.

Skógrækt ríkisins annast leiðbeiningar og fræðslu um skógvernd og skógrækt.

5. gr.

Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins. Skipun skógræktarstjóra gildir til sex ára í senn.

Skógræktarstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í skógrækt. Hann fer með daglega stjórn Skógræktar ríkisins.

6. gr.

Ráðherra skipar sérmenntaða starfsmenn Skógræktar ríkisins að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi eða prófi frá skógtækniskóla.

Verkefni starfsmanna skal tilgreina með erindisbréfi.

Skógræktarstjóri ræður annað starfslið Skógræktar ríkisins.

III. KAFLI

Skógvernd og friðun.

7. gr.

Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ef sérstakar ástæður mæla með.

8. gr.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi skulu vegfarendur loka þeim hliðum sem á girðingum eru svo að öruggt sé að þau opnist ekki af sjálfu sér. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum skulu þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

Komist búfé inn í skógargirðingu utan heimalands jarða er ráðherra heimilt, samkvæmt tilmælum skógræktarstjóra, að fyrirskipa að þau sveitarfélög, sem líklegast er að eigi búfé innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað.

9. gr.

Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965.

10. gr.

Komist búfé inn á skógræktarsvæði sem girt er löggirðingu má umsjónarmaður svæðisins taka það í gæslu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra hverjir séu eigendur búfjárins og hvernig það sé merkt. Hreppstjóri skal gera eigendum eða umsjónarmönnum boð ef búfé þeirra er tekið í gæslu og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé búfjárins ekki vitjað ákveður hreppstjóri hvar því skuli sleppt.

Komist sama búfé aftur inn á skógræktarsvæðið án þess að snjóalögum verði um kennt getur umsjónarmaður svæðisins tekið það í sína vörslu og gert kröfu um að eigendur greiði kostnað af smölun, svo og uslagjald samkvæmt mati tveggja manna er hreppstjóri tilnefnir. Hafi eigendur búpeningsins ekki sinnt þessu innan tveggja sólarhringa getur umsjónarmaður krafist þess að fénaðurinn verði seldur á opinberu uppboði. Uppboðsandvirði, að frádregnu uslagjaldi, smölun og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

Nú verða óvenjuleg snjóalög svo að hætta er á að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt búfjáreigendum í nágrenni hennar á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn og ber þá búfjáreigendum að hafa gætur á gripum sínum og halda þeim frá þessum svæðum uns girðing telst gripheld á ný. Á sama hátt ber búfjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart ef þeir verða þess varir að skógargirðing sé ótrygg vörn.

11. gr.

Skógræktarstjóra er heimilt að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert.

Hagi svo til að gripahús standi í skóglendi eða við jaðra þess þá er eiganda þeirra eða notanda skylt að girða í hæfilegri fjarlægð frá húsunum svo að búpeningur komist ekki í skóglendið á tímabilinu 1. nóvember til 1. júní.

12. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á að skóglendi eyðist og alger friðun þess er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra en eigendur eða notendur landsins treystast ekki til að standa straum af friðun þess. Skógræktarstjóra er þá heimilt, með samþykki ráðherra, að kosta girðingu um landið gegn því að eigendur eða notendur ábyrgist um ákveðið árabil umsjón og viðhald girðingar, svo og friðun fyrir ágangi búfjár. Gera skal sérstakan samning um slíka friðun lands.

Takist ekki samningar um friðun landsins samkvæmt framansögðu getur Skógrækt ríkisins tekið skóglendið til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur ef þörf krefur. Við afhendingu landsins aftur til landeiganda ber að meta til verðs friðunarárangur þann sem orðið hefur og ber landeiganda að greiða matsverð til Skógræktar ríkisins. Skirrist landeigandi við því er Skógrækt ríkisins heimilt að taka hluta af skóglendinu sem greiðslu, allt eftir mati dómkvaddra manna.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um friðun ásamt kostnaðaráætlun.

IV. KAFLI

Meðferð skóglendis.

13. gr.

Skylt er eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum. Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu svo nærri skóglendi að hætta sé á að eldur geti borist þangað.

Hlífa skal nýgræðingi trjágróðurs.

14. gr.

Skóg má ekki höggva nema fyrir liggi samþykki Skógræktar ríkisins. Rækta skal nýjan skóg í stað hins höggna.

15. gr.

Gróðurverndarnefndir skv. l. nr. 17/1965 skulu senda Skógrækt ríkisins skýrslu um ástand og meðferð skóglendis í viðkomandi sýslu þyki þeim ástæða til eða sé um hana beðið af skógræktarstjóra.

16. gr.

Hreppstjórar og starfsmenn Skógræktar ríkisins skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um verndun og friðun skóglendis og hvort brotið sé gegn ákvæðum laga þessara og þeim reglugerðum sem settar kunna að verða um meðferð skóglendis samkvæmt lögum þessum. Þeir skulu, jafnskjótt og þeir verða slíks varir, gera skógræktarstjóra grein fyrir málinu.

17. gr.

Þar sem landeyðing og skógeyðing fara saman á stórum svæðum skulu Langræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafa samvinnu um friðunaraðgerðir.

V. KAFLI

Ræktun nytjaskóga á bújörðum.

18. gr.

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeigenda.

19. gr.

Styrkur skv. 18. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ.m.t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

a. Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins vegna ráðstöfunar lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
b. Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m.a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

20. gr.

Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 19. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað má taka hann lögtaki.

Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 19. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins, er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.

21. gr.

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 19. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum, sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga, skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 en styrkur samkvæmt þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi að ræktun nytjaskógar hafi mistekist getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 19. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi enda endurgreiði landeigandi 4/5 af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

22. gr.

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 19. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

a. að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið;
b. að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 19. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 19. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 19. gr. Líði átta ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja þann árangur sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 23. gr. en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu fjórum árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.

23. gr.

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 19. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignarslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðeigandi ráðstafar jörðinni í heild enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar en að frádregnum styrk samkvæmt þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverð er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 22. gr. og 1. mgr. 23. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

24. gr.

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 19. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlunin tekur til skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

25. gr.

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingavaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

VI. KAFLI

Ræktun skjólbelta og skógarlunda.

26. gr.

Skógrækt ríkisins er heimilt, umfram það sem 18. gr. ákveður, að styrkja einstaklinga og félagasamtök til skógræktar, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, enda njóti viðkomandi ekki styrks til slíks samkvæmt öðrum lögum.

27. gr.

Styrkur greiðist aðeins á framkvæmdir á landi sem telst vel fallið til skógræktar að mati skógræktarstjóra og viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og er minnst 3 ha innan girðingar.

28. gr.

Styrk er heimilt að greiða til ræktunar skógarlunda, skjólbelta og til friðunar og ræktunar lands undir skóg.

29. gr.

Styrkur má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við girðingar vegna ræktunarinnar.

30. gr.

Skógrækt ríkisins setur reglur um vörslu og hirðu svæða sem styrks njóta samkvæmt framanskráðu og ber öllum sem hlut eiga að máli að hlíta þeim.

VII. KAFLI

Sala og skipting skógarjarða og skóglendis.

31. gr.

Skógarjarðir má ekki selja án vitundar Skógræktar ríkisins. Skal hún hafa forkaupsrétt að skógarjörðum, að frágengnum þeim sem forkaupsrétt hafa samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976.

32. gr.

Skóglendi má ekki hluta í sundur, skipta upp í lóðir eða á annan hátt. Þau má ekki taka undir mannvirki, svo sem sumarhús, veitulagnir, vegi o.þ.h., nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn skógræktarstjóra.

VIII. KAFLI

Skógræktarfélag Íslands.

33. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu.

34. gr.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

35. gr.

Ráðherra úthlutar styrknum að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

36. gr.

Ríkissjóði er heimilt að greiða laun og ferðakostnað vegna sérfróðs starfsmanns í skógrækt sem Skógræktarfélag Íslands kann að ráða til fræðslu og ráðgjafarstarfs í skógvernd og skógrækt á vegum félagsins.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

IX. KAFLI

Sektir, málsmeðferð o.fl.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3/1955, 22/1966 og 76/1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um skógrækt eru frá 6. mars 1955. Með lögum nr. 22 16. apríl 1966 var settur viðauki við þau lög sem kvað á um skjólbeltaræktun og styrki til hennar. Með lögum nr. 76 30. maí 1984 var lögunum frá 1955 síðan breytt þannig að bætt var við nýjum kafla með ákvæðum um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Markmið þessa frumvarps er einkum að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög, auk breytinga á gildandi löggjöf. Langt er um liðið síðan lög um skógrækt voru samþykkt og hafa breyttar aðstæður leitt af sér nokkur nýmæli og breytingar eins og rakið er í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins. Árið 1979 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1955, um skógrækt. Sú nefnd vann um tíma að endurskoðun laganna en lauk ekki störfum. Síðan var endurskoðunin tekin upp að nýju og unnið að verkinu í samráði við starfsmenn Skógræktar ríkisins og er þetta frumvarp, sem nú sér dagsins ljós, árangur af þeirri samvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um markmið, skýrgreiningar og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um markmið laganna og er sama efnis og 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að Skógrækt ríkisins er ekki nefnd í texta enda eru ákvæði um Skógrækt ríkisins í sérstökum kafla frumvarpsins, sbr. II. kafla.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um skógrækt og þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II. KAFLI

Um Skógrækt ríkisins.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er upptalning á verkefnum Skógræktar ríkisins sem eru skilgreind betur en í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum rannsóknir á sviði skógræktarmála í samvinnu við aðra aðila er stunda rannsóknir í þágu atvinnuveganna og er það nýmæli frá því sem gildandi lög kveða á um.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli að því leyti að gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri sé skipaður tímabundið til sex ára í senn úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir því nýmæli að við Skógrækt ríkisins starfi sérmenntaðir starfsmenn er hafi tilskilda lágmarksmenntun, háskólapróf eða próf frá skógtækniskóla. Gert er ráð fyrir að sérmenntaðir starfsmenn Skógræktar ríkisins hafi með höndum eftirlit um meðferð skóga á ákveðnum afmörkuðum svæðum landsins og skulu verkefni þeirra tilgreind í erindisbréfi.

III. KAFLI

Um skógvernd og friðun.

Kafli þessi svarar efnislega mest til III. kafla núgildandi laga en efnið er þó sett fram með talsvert öðrum hætti en í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin svarar til 14. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri hafi einn heimild til að veita undanþágu frá banni fyrsta málsliðar og er það breyting frá því sem nú gildir.

Um 8. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin vísar til ákvæða girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965, en skv. 1. gr. þeirra laga eru girðingar sex strengja gaddavírsgirðingar, 1,10 m að hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en fjórir metrar, eða girðing er jafngildi henni að vörslunotum, þ.m.t. skurðir með þremur eða fleiri gaddavírsstrengjum.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar svarar til 17. gr. gildandi laga en hér er þó um að ræða mun einfaldari ákvæði í framkvæmd en eru í núgildandi lögum. Hér er lagt til að heimilt verði að selja það búfé á uppboði sem fer inn á girt skógræktarsvæði a.m.k. í tvígang, vitji eigandi þess ekki og greiði hann smölunarkostnað og uslagjald. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti búfé að gera enn frekari usla í skógræktarsvæði áður en umsjónarmaður gat krafist uppboðssölu.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar felst heimild til handa skógræktarstjóra til að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert og er ákvæðið hliðstætt 1. málsl. 8. gr. gildandi laga. Önnur málsgrein hefur hins vegar að geyma nýmæli sem tekur til þeirrar sérstöðu þegar gripahús eru í eða við skóglendi og er þá eiganda eða notanda gripahússins skylt að hindra með girðingu að búfé komist í skóglendið á nefndu tímabili.

Um 12. gr.

Greinin svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Þó er nú gert ráð fyrir að heimild til friðunaraðgerða, vegna yfirvofandi hættu á að skóglendi eyðist, verði hjá skógræktarstjóra, að fengnu samþykki ráðherra, í stað ráðherra áður, sbr. 1. mgr.

IV. KAFLI

Um meðferð skóglendis.

Efni IV. kafla svarar til efnis II. kafla núgildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar er mun fortakslausara en svipuð ákvæði eldri laga. Skýlaust bann er við skógarhöggi án samþykkis Skógræktar ríkisins. Þá er ótvírætt skilyrði sett um að rækta skuli skóg í stað þess sem höggvinn er og er það nýmæli.

Um 15. gr.

Greinin er nýmæli, sem gerir ráð fyrir að gróðurverndarnefndir geti haft frumkvæði um sérfræðilegt mat á ástandi og meðferð skóglendis, jafnframt því sem skógræktarstjóri getur leitað til nefndanna og óskað eftir skýrslu til Skógræktar ríkisins um ástand skóglendis og meðferð þess.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Er sama efnis og 24. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir samvinnu Landgræðslu ríkisins, sbr. lög nr. 17/1965, og Skógræktar ríkisins um friðunarðagerðir þegar svo háttar að saman fara landeyðing og skógeyðing á stórum svæðum.

V. KAFLI

Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Efni kaflans svarar til 3. gr. laga nr. 76 30. maí 1984, um breytingu á lögum nr. 3 1955, um skógrækt, en með þeirri grein var nýjum kafla „Um ræktun nytjaskóga á bújörðum" bætt við lög nr. 3/1955.

VI. KAFLI

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

Um efni þessa kafla eru ákvæði í lögum nr. 22 16. apríl 1966 um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt. Í þessum kafla er þó gert ráð fyrir talsverðum breytingum á stuðningi við skógrækt.

Auk stuðnings samkvæmt þessum kafla er að finna ákvæði um framlög til skjólbeltaræktunar í 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79/1972, sbr. lög nr. 71/1985, um breyting á þeim lögum, og reglugerð um jarðrækt nr. 344/1985.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum styrkveitingar til einstaklinga og félagasamtaka til skógræktar og hafi til þess fé á fjárlögum. Það skilyrði er sett í greininni að viðkomandi styrkþegi njóti ekki styrks skv. öðrum lögum.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir því skilyrði fyrir styrkveitingu að land það, sem ætlað er til skógræktar, sé a.m.k. 3 ha að stærð og sé auk þess vel fallið til skógræktar að mati viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og skógræktarstjóra.

Um 28. gr.

Grein þessi hefur að geyma fyrirmæli um hvaða framkvæmdir er heimilt að styrkja.

Um 29. gr.

Efni greinarinnar er hliðstætt 6. gr. l. nr. 22/1966. Þó er gert ráð fyrir verulega hærri styrk til trjáplöntukaupa en skv. núgildandi ákvæði.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

VII. KAFLI

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

Um 31. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli að bannað er að selja skógarjarðir án vitundar Skógræktar ríkisins. Eigandi skógarjarðar, sem hyggst selja jörð sína, verður því að bjóða Skógrækt ríkisins hana til kaups með þeim hætti er greinir í 32. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984, næst á eftir sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem eignin er, sbr. 30. gr. jarðalaga.

Um 32. gr.

Greinin er nýmæli og leggur bann við skiptingu skóglendis eða að það sé tekið undir mannvirki án leyfis ráðherra.

VIII. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

Um 33. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 34. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi lögum.

Um 35. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 36. gr.

Hinn 8. mars 1985 skipaði forsætisráðherra nefnd til þess að stuðla að þjóðarátaki í trjárækt í þéttbýli og dreifbýli. Nefndin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að ráða starfsmann til að vinna að leiðbeiningum og kynningarstarfi í trjárækt og skógrækt. Nefndin sótti um fjárveitingu í þessu skyni á fjárlögum þessa árs. Erindi nefndarinnar var ekki sinnt.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í september 1986 var samþykkt tillaga þess efnis að brýnt væri að ráðinn yrði erindreki fyrir félagið og gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði laun hans og ferðakostnað á sama hátt og greitt er vegna ráðunauta búnaðarsambanda.

Nefnd sú, sem skipuð var 8. mars 1985, telur að með því að verða við samþykkt aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sé fenginn sá starfsmaður sem nefndin vildi fá til starfa.

Gert er ráð fyrir að aðalverkefni slíks ráðunautar verði fólgin í daglegum og félagslegum leiðbeiningum. Hinum sérfróða manni verður ætlað að ferðast um landið milli aðildarfélaga (sveitarfélaga) og leiðbeina um framkvæmdir við trjá- og skógrækt, svo sem við hirðingu á eldri reitum, val á ákjósanlegu ræktunarsvæði og plöntum, aðferðir við gróðursetningu, skipulag trjáræktarsvæða, vernd upprunalegra skóglenda og einstakra trjáa, námskeiðahald, eflingu félagslífs, útgáfustarf og leiðbeiningar í ræðu og riti, könnun á möguleikum á samvinnu skógræktarfélaga við aðra aðila, almennt áróðursstarf fyrir gildi trjá- og skógræktar og samstarf við fjölmiðla í því efni.

Þá gerir 2. mgr. 36. gr. frumvarpsins ráð fyrir því nýmæli að ráðherra kveði nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

IX. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o.fl.

Kaflinn skýrir sig sjálfur.

Nd. 105. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Orðið „banki“ merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum, svo og Lánastofnun sparisjóðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera nauðsynlega breytingu á gildandi lögum um tékka þannig að Lánastofnun sparisjóðanna geti gefið út tékka á stofnunina og þannig sinnt þeirri greiðslumiðlun sem henni er ætlað að hafa á hendi fyrir sparisjóðina. Um þessa breytingu var fjallað í greinargerð er fylgdi með frumvarpi til laga um sparisjóði sem nú er orðið að lögum nr. 87 frá 4. júlí 1985.

Til þess að Lánastofnun sparisjóðanna geti gegnt því hlutverki er í lögum nr. 87/1985 greinir er brýnt að sú breyting, er hér er lögð til, verði að lögum.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um bifreiðakaup öryrkja.

Flm.: Helgi Seljan, Karvel Pálmason, Guðmundur J. Guðmundsson, María Jóhanna Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög og reglur um eftirgjöf bifreiðagjalda til öryrkja með það að leiðarljósi að öryrkjar njóti áfram samsvarandi fyrirgreiðslu og þeir hafa haft umfram almenna bifreiðakaupendur varðandi kaup þeirra á bifreiðum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt í lok síðasta þings en náði ekki að komast til umræðu. Málið er engu síður brýnt nú en þá og flutningsmenn telja einsýnt að á vilja Alþingis verði látið reyna gagnvart þessu hagsmunamáli öryrkja. Tillögunni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Eftir þá almennu tollalækkun, sem orðið hefur á bifreiðum, er ljóst að þau sérstöku kjör, sem öryrkjar hafa notið umfram almenna bifreiðakaupendur, eru nú nær því úr sögunni. Sannast það best á þeim upplýsingum fjármálaráðherra að öryrkjar fái aðeins 25 þús. kr. aukalega í eftirgjöf og því borið við m.a. að lög heimili ekki meira. Möguleikar öryrkja til að njóta eðlilegs lífs, stunda vinnu við sitt hæfi o.s.frv., ráðast óneitanlega mjög af því hvort þeir eiga og hafa til umráða eigin bifreið. Þetta hefur verið viðurkennt af löggjafanum sem félagslegt réttlætismál þessu fólki til handa og áfram ber að vinna í þeim anda.

Aðstæður öryrkja eru enda þær í dag að sjaldan hefur verið meiri nauðsyn en nú að viðhalda áður fengnum réttindum þessa fólks.

Fjármálaráðherra hefur m.a. bent á að eðlilegt gæti verið að fella mál þetta inn í hið almenna tryggingakerfi með einhverjum hætti og ber vissulega að skoða þá leið. En fyrst og síðast ber að tryggja það að þessi ákveðnu hlunnindi, sem öryrkjar hafa notið umfram aðra, megi haldast áfram í einhverju formi. Því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 107. Þingsályktun [20. mál]

um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

(Afgreidd frá Sþ. 28. okt.)

Samhljóða þskj. 20.

Sþ. 108. Fyrirspurn [105. mál]

til menntamálaráðherra um endurmat á störfum kennara.

Frá Maríu Jóhönnu Lárusdóttur.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir endurmati á störfum kennara í samræmi við niðurstöður nefndar er Ragnhildur Helgadóttir fyrrv. menntamálaráðherra skipaði 12. des. 1984 og skilaði áliti í lok febrúar 1985?

Sþ. 109. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um endurskoðun laga um innflutning búfjár.

Flm.: Jón Kristjánsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nú þegar nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem varðar tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á.

Nefndin ljúki störfum fyrir 1. mars 1987.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt.

Núverandi lög um innflutning búfjár eru frá árinu 1962, breytt með lögum nr. 19/1972. Með lagasetningunni varð mögulegt að flytja inn búfjársæði og loðdýr.

Á grundvelli þessara laga var komið upp einangrunarstöð fyrir holdanaut í Hrísey og leyfður innflutningur á djúpfrystu sæði af Galloway-kyni. Tilgangurinn var að hreinrækta holdanautastofna með endurtekinni notkun sæðis. Að þessum málum hefur verið unnið síðan árið 1972 að einangrunarstöðinni í Hrísey var komið á fót.

Nú hefur tækni fleygt fram í notkun erfðaefnis búfjár sem felst í því að notuð eru frjóvguð egg í stað sæðis. Með þessari aðferð næst skjótur árangur og hreinræktaður gripur fæst við fyrsta burð. Benda má á það í þessu sambandi að 10 ár tekur að hreinrækta kyn með notkun sæðis. Því er nauðsynlegt að innflutningur og notkun frjóvgaðra eggja verði heimil samkvæmt áðurnefndum lögum.

Jafnframt þessari breytingu er ástæða til þess að huga að því hvort ekki sé ástæða til þess að leyfa innflutning á öðrum kynjum nautgripa en Galloway-stofninum. Margt bendir til þess að önnur nautgripakyn geti hentað betur hér á landi, gefið af sér stærri vöðva og meira kjötmagn, og með því verði hægt að auka fjölbreytni þess nautakjöts sem er á markaði hérlendis.

Ástæða er til þess að taka fram að áfram mun þurfa að nota sóttvarnarstöðina í Hrísey þótt breyting verði á í þessu efni þannig að ekki verði slakað á þeim sóttvarnarkröfum sem sjálfsagðar eru.

Þess má geta að þekking er í landinu á tækni við flutning á frjóvguðum eggjum og hefur þegar verið reynd á íslenskum kúm, fyrsti glasakálfurinn fæddist á tilraunabúinu í Laugardælum í nóvember síðast liðnum.

Nd. 110. Frumvarp til laga [107. mál]

um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson,
Guðrún Helgadóttir, Guðmundur J. Guðmundsson,
Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum.

2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar í eða á hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

4. gr.

Leyfi til hagnýtingar auðlinda á eða í hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal meðal annars ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um efni leyfa þeirra sem um ræðir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni skulu innan sex mánaða sækja um leyfi samkvæmt 4. gr.

Greinargerð.

Það frumvarp, sem hér er flutt, er samhljóða stjórnarfrumvarpi sem fyrsti flutningsmaður mælti fyrir í efri deild Alþingis á 105. löggjafarþingi 1982.

Frumvarpið var upphaflega undirbúið af nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins á árinu 1982 en sú nefnd hafði á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir. Í hópi nefndarmanna var Benedikt Sigurjónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari. Frumvarpinu var að tillögu allsherjarnefndar efri deildar vísað til ríkisstjórnarinnar „til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga". Lagði nefndin „áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing". Álit nefndarinnar frá 9. mars 1983 er nú birt í heild sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Engin hreyfing hefur verið á þessu máli síðan á vegum núverandi ríkisstjórnar og er það því flutt öðru sinni sem þingmannafrumvarp.

Með lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, voru settar reglur um fullveldi Íslands yfir hafinu og hafsbotninum umhverfis landið. Þar segir í 2. gr. að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Þá segir í 6. gr. laganna að fullveldisrétturinn yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru.

Þótt settar hafi verið lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum skortir reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum þeim sem þar kunna að finnast, a.m.k. á svæðum utan netlaga.

Rannsóknir á hafsbotninum umhverfis Ísland eru skammt á veg komnar. Hagnýt efni hafa ekki til þessa verið numin af hafsbotni, ef frá eru skilin möl og sandur. Þó hefur nokkuð verið hugað að þeim efnum.

Á árunum 1972 og 1973 voru gerðar allvíðtækar rannsóknir á landgrunninu umhverfis Ísland. Meðal annars voru gerðar þyngdar-, segul- og dýptarmælingar. Þá var og aflað gagna um þyngdarmælingar bandarískra sjóhersins frá árunum 1967 til 1969.

Síðan á árinu 1978 hafa nefndir, skipaðar af iðnaðarráðherra, unnið að skipulagningu rannsókna á hagnýtum efnum á og í hafsbotninum. Einkum hefur verið unnið að athugun á því hvort kolvetni kunni að finnast á þeim hafsbotnssvæðum sem fullveldisréttur Íslands tekur til. Af ýmsum ástæðum hefur athygli manna aðallega beinst að hafsvæðunum norðan Mið-Norðurlands. Á árinu 1978 veitti iðnaðarráðherra erlendu fyrirtæki leyfi til mælinga

fyrir Norðurlandi. Fóru mælingarnar fram í nóvember- og desembermánuði 1978 undir umsjón og eftirliti Orkustofnunar. Íslenskur jarðeðlisfræðingur, fulltrúi stofnunarinnar, var um borð í skipi því er notað var við mælingarnar og fylgdist síðar með vinnslu gagna. Við könnun þessa komu fram á mælitækjum atriði er við úrvinnslu bentu til þess að setlög væri þarna að finna á hafsbotni. Mældar voru fjórar línur, samtals 857 km.

Sumarið 1982 var boruð kjarnahola, 554 m djúp, í Flatey á Skjálfanda til að leita staðfestingar á tilvist setlaga þessara og kanna gerð þeirra. Með borununum var staðfest að þarna er um setlög að ræða en engar vísbendingar um olíumyndun greindust í borkjarnanum né lífræn efni sem gætu ummyndast í olíu við hagstæðari skilyrði. Bora þyrfti allmiklu dýpra til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í jarðlögum þessum. Samkvæmt fyrri vísbendingu gætu umrædd setlög verið allt að 4 km á þykkt.

Í þessu sambandi er rétt að drepa á samning Íslands og Noregs sem undirritaður var 22. október 1981, um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, en samningur þessi gekk í gildi 2. júní 1982. Þar er ákveðið að Íslendingar og Norðmenn skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar verði reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim ef til komi. Í framhaldi af samningi þessum hófust sumarið 1985 rannsóknir á Jan Mayen-hryggnum innan íslenskrar lögsögu með samkomulagi milli Orkustofnunar og norska jarðeðlisfræðifyrirtækisins Geco. Í tengslum við þær mælingar var með sérstöku samkomulagi bætt við mælingum úti fyrir Norðurlandi frá rannsóknaskipi á mælingalínum samtals 230 km að lengd. Ekkert óvænt mun hafa komið fram í þessum rannsóknum til þessa en niðurstöður úrvinnslu munu fyrst liggja fyrir á árinu 1987.

Utan þessara svæða hefur ekki verið um verulega skipulegar hagnýtar rannsóknir að ræða. Veturinn 1985–86 hafði sovéskt rannsóknaskip fengið leyfi til mælinga undan suðurströndinni í samráði við Orkustofnun en það leyfi var afturkallað að frumkvæði utanríkisráðuneytisins.

Eins og að framan hefur verið rakið er lítið vitað um auðlindir á hafsbotninum við Ísland. Ekki er útilokað að þar kunni að finnast verðmæt efni sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja sem fyrst lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Það er engum vafa undirorpið að ríkið sem slíkt er eigandi að auðlindum þeim er á hafsbotni kunna að finnast og ræður yfir nýtingu þeirra. Er það í samræmi við viðurkenndar skoðanir manna í nágrannalöndum okkar.

Valinn hefur verið sá kostur að setja almenn lög um þetta efni þar sem ákveðnar eru meginlínur í stefnu þeirri sem tekin er. Um einstök svið hagnýtra rannsókna og vinnslu má síðar setja ákvæði í lögum eða með reglugerðum, eftir því sem þurfa þykir, m.a. um umhverfisvernd. Við samningu frumvarpsins hefur einkum verið höfð hliðsjón af tilhögun Norðmanna í þessum efnum. Hjá þeim gilda nú lög nr. 12/1963 eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1977.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er því slegið föstu að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum, frá netlögum og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær. Auðlindir þær, sem hér um ræðir, geta bæði verið lífrænar og ólífrænar.

Um 2. og 3. gr.

Hér er kveðið á um að enginn megi leita í eða á hafsbotninum að efnum til nýtingar nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra og að enginn megi heldur taka eða nýta efni á þessum svæðum, nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherrans.

Um 4. og 5. gr.

Hér er ákveðið að gildistími leyfa þeirra, sem rætt er um í 3. gr., megi ekki vera lengri en 30 ár. Þá er ákveðið að í leyfisbréfi skuli greint ítarlega hvaða ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Er miðað við það að skilyrði um þetta verði í meginatriðum ákveðin í reglugerð þannig að þeir sem áhuga hafa á að sækja um slík leyfi viti fyrir fram í meginatriðum hvers muni verða af þeim krafist í þessum efnum.

Um 6. og 7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laga þessara taka efni af eða úr hafsbotninum verða að sækja um leyfi til slíkrar starfsemi innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Geri þeir það ekki er heimild þeirra til tökunnar niður fallin og haldi þeir áfram starfsemi sinni getur það varðað þá viðurlögum skv. 6. gr.

Fylgiskjöl:

1. Álit allsherjarnefndar efri deildar, 9. mars 1983.
2. Uppdráttur af Íslandi og hafinu umhverfis.
3. Uppdráttur er sýnir m.a. umfang þyngdarmælinga 1972 og 1973.
4. Uppdráttur er sýnir mælilínurnar norðan við land 1978.
5. Uppdráttur er sýnir fyrirhugaðar mælilínur norðan við land 1985.
6. Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.
7. Uppdráttur af sameiginlegu nýtingarsvæði á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen.
8. Norsk lög um nýtingu auðlinda hafsbotnsins.

Fylgiskjal I.

ÁLIT ALLSHERJARNEFNDAR EFRI DEILDAR

um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (þskj. 542).

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál að ógjörlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen-svæðinu fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotnsins. Samkvæmt 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotnsins er einnig ótvírætt eign strandríkisins.


Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbotn þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar en tilheyrir Íslandi samkvæmt 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða yfirborð landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg, Jan Mayen-svæðinu og Rockall-hásléttu, falli undir sjávarútvegsráðuneytið en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú **vísað til ríkisstjórnarinnar** til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi.


Alþingi, 9. mars 1983.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., frsm.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Stefán Jónsson.
	Egill Jónsson.	


Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.




Fylgiskjal IV.



Fylgiskjal V.

Fyrirhugaðar mælilínur úti fyrir Norðurlandi á vegum Geco sumarið 1985.



Fylgiskjal VI.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs
sem óska eftir að ákvarða markalínuna á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen,

sem með gerð samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál urðu ásáttar um að efnahagslögsaga Íslands skuli ná út í 200 sjómílur, einnig á þeim svæðum milli Íslands og Jan Mayen þar sem fjarlægðin milli grunnlínanna er minni en 400 sjómílur,

sem í 9. gr. fyrrnefnds samkomulags urðu ásáttar um að aðilar skyldu í sameiningu skipa sáttanefnd sem gera skyldi tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen, og sem sameiginlega skipuðu slíka nefnd,

sem í maí 1981 fengu samhljóða tillögur sáttanefndarinnar, er fela í sér að mörk landgrunns hvors aðila á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skuli vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu hvors aðila, svo og að komið verði á samvinnu milli aðilanna um rannsóknir og nýtingu á olíuefnum („hydrocarbons") á nánar tilgreindu svæði milli Íslands og Jan Mayen, beggja vegna markalínunnar, og

sem telja sig geta farið að tillögum nefndarinnar,
hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Mörk landgrunns hvors aðila á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skulu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra.

2. gr.

Ákvæði 3.–9. gr. taka til svæðis, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

70°35′ n.br.
68°0′ n.br.
10°30′ v.lg.
6°30′ v.lg.

3. gr.

Á fyrsta stigi rannsókna sem ætlað er til kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar á svæði því, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar sameiginlega annast jarðsveiflumælingar („seismic" mælingar) svo og segulrannsóknir, ef með þarf. Norska olíustofnunin sér um framkvæmdahlið þessara rannsókna á grundvelli áætlana, sem samdar verða sameiginlega af sérfræðingum aðilanna. Kostnaður við þessar rannsóknir verður greiddur af norsku olíustofnuninni/norska ríkinu, nema aðilar komi sér saman um annað. Norskir og íslenskir sérfræðingar skulu hafa jafna möguleika á þátttöku í rannsóknunum og í mati á upplýsingum sem fram koma. Upplýsingar og matsgerðir skal leggja fyrir stjórnvöld landanna. Fara skal með þær sem trúnaðarmál nema aðilar komi sér saman um annað.

Verði ágóði af sölu jarðsveiflu- eða seguluppplýsinga til fyrirtækja eða samtaka skal skipta hreinum hagnaði milli beggja aðila samkvæmt samningi þeirra á milli.

4. gr.

Sýni þær rannsóknir, sem um er fjallað í 3. gr., að æskilegt sé að framkvæma nákvæmari athuganir á vissum hlutum þessa svæðis, þ. á m. að gera nákvæmari jarðsveiflumælingar og að hefja boranir, skulu hugsanleg einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á slíkum sérsvæðum veitt á grundvelli samnings um sameiginlegt verkefni („joint venture"), nema aðilar komi sér saman um annað samningsform. Aðilar geta komið sér saman um að láta olíufélög, ríkisrekin eða ekki, eiga aðild að slíkum samningum.

5. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur norðan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 32.750 km²) skal Ísland eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, ber Noregi að reyna að fá því framgengt, að bæði

norskur og íslenskur hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn („carried") af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) allt fram að því að lýst er yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði.

Verði ekki unnt að fá því framgengt, að kostnaður beggja aðila verði borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) skulu aðilar taka upp samningaumleitanir um möguleika á að reka starfsemina sem sameiginlegt verkefni, þar sem hvor þeirra beri sinn kostnað eða þeir skipti með sér kostnaði. Óski Ísland ekki eftir þátttöku á þessum grundvelli er Noregi heimilt að halda áfram á eigin áhættu. Verði því lýst yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal Ísland á því stigi eiga þess kost að ganga inn í starfsemina með sinn hlut gegn því að greiða Noregi þann hluta útlagðs kostnaðar fram að þessum tíma sem hefði svarað hlut Íslands ef það hefði verið þátttakandi frá upphafi.

Norsk löggjöf, norsk stefna í olíumálum og norsk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Norsk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

6. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur sunnan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 12.720 km²) skal Noregur eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, skal Íslandi ekki vera skylt að reyna að fá því framgengt, að hinn norski hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum).

Íslensk löggjöf, íslensk stefna í olíumálum og íslensk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Íslensk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

7. gr.

Eftir að lýst hefur verið yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal hvor aðili bera sinn kostnað við áframhaldandi framkvæmdir á svæðinu í hlutfalli við sinn hlut í viðkomandi samningi.

8. gr.

Finnist olíuefni á svæði sem liggur báðum megin markalínu efnahagslögsögu landanna eða sé það allt sunnan markalínunnar en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr. skulu venjulegar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda („unitisering") gilda um skiptingu og nýtingu fundarins. Aðilar skulu semja um nánari reglur sem gilda eiga í slíkum tilvikum.

Finnist olíuefni á svæði sem allt liggur norðan markalínu, en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr., skal það allt teljast liggja innan hnitanna, sbr. 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

Ef annar aðilinn telur að ákvæðin um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd, sem um er fjallað í 5. og 6. gr., veiti ekki nægilega vernd þegar fram fara rannsóknir eða vinnsla á því svæði, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar hafa samráð, sbr. 10. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Verði aðilar ekki sammála í slíkum samráðum skal málinu vísað til sáttanefndar þriggja manna. Aðilar skulu eigi hefja slíkar aðgerðir eða halda þeim áfram fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji.

Hvor aðili skal tilnefna einn mann í sáttanefndina. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Tillögurnar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegri stjórnskipunarmeðferð sé lokið.


Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Osló hinn 22. október 1981 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
Svenn Stray.

Fylgiskjal VII.



Fylgiskjal VIII.

Lov nr. 12 av 21. juni 1963 om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 1.[1]).

Denne lov gjelder utforskning og utnyttelse av naturforekomster på havbunnen eller i dens undergrunn, så langt havets dybde tillater utnyttelse av naturforekomstene, såvel innenfor som utenfor de ellers gjeldende sjøgrenser, likevel ikke ut over midtlinjen i forhold til andre stater.

Loven kommer også til anvendelse ved virksomhet som nevnt i første ledd i område utenfor den norske del av kontinentalsokkelen dersom dette følger av særskilt avtale med fremmed stat eller av folkeretten forøvrig.

§ 2.

Retten til undersjøiske naturforekomster tilligger staten.

Kongen kan gi norske eller utenlandske personer, herunder også stiftelser, selskaper og andre sammenslutninger, adgang til å utforske eller utnytte naturforekomstene. Det kan settes bestemte vilkår for slike tillatelser.

§ 3.

Kongen kan gi regler om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 4.

Eldre lover skal ikke være til hinder for bestemmelser gitt i medhold av § 2 og 3 i denne lov.

§ 5.

Retten til skipsfart og fiske berøres ikke av denne lov.

§ 6.

Denne lov trer i kraft straks.

[1]) Endret i lov nr. 21 av 25. mars 1977.

Sþ. 111. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um endurskipulagningu á tannlæknaþjónustu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta löggjafarþing tillögu að endurskipulagningu tannlæknaþjónustu ásamt kostnaðaráætlun þar sem eftirfarandi verði lagt til grundvallar:

1. komið verði á tannlæknaþjónustu sem ríki og sveitarfélög kosti og reki sameiginlega fyrir þá hópa sem greitt er fyrir samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga; heimilt verði að ráða erlenda tannlækna sé þess talin þörf;
2. opinber gjöld af aðföngum til tannlækninga verði lækkuð;
3. endurskoðaðir verði frá grunni allir verðmyndunarþættir í gjaldskrá tannlækna;
4. skipuð verði gjaldskrárnefnd sem ákvarði gjaldskrá tannlækna; í nefndinni eigi sæti fulltrúar tannlækna, ríkis og sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, Neytendasamtakanna og Verðlagsstofnunar;
5. aukið verið fjármagn til fyrirbyggjandi aðgerða sem stuðli að tannvernd;
6. greiddur verði að fullu tannlæknakostnaður fyrir börn og unglinga til 20 ára aldurs; jafnframt verði gerð fjárhagsleg athugun á kostnaði sem er samfara því að greiða 25% tannlæknakostnaðar fyrir þá hópa sem ekki fá nú greitt úr almannatryggingum;
7. skattstjóri hafi heimild til að lækka tekjuskattsstofn þeirra sem hafa verulega útgjöld vegna tannlækninga; þeir sem ekki greiða tekjuskatt fái greiddan út ónýttan persónuafslátt.

Greinargerð.

Þingsályktunartillagan felur í sér að endurskipulagning fari fram á tannlæknaþjónustunni og er markmiðið eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að kannað verði hvort með þeirri endurskipulagningu, sem tillagan gerir ráð fyrir, megi nýta betur það fjármagn sem fer til greiðslu á tannlæknakostnaði samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.

Í öðru lagi að stuðla að lækkun á tannlæknakostnaði fyrir landsmenn og gjaldtöku fyrir tannlækningar m.a. með

a. aðhaldi í gjaldskrá tannlækna,
b. að lækka opinber gjöld af aðföngum til tannlækninga,
c. víðtækari þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði.

Í þriðja lagi að lögð verði stóraukin áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og tannvernd.

Í fjórða lagi að hið opinbera greiði fyrir tannlæknakostnað fyrir börn og unglinga til 20 ára aldurs.

Í fimmta lagi að kanna verðmyndun í gjaldskrá tannlækna og að sérstök gjaldskrárnefnd ákveði gjaldskrá tannlækna.

Útgjöld vegna tannlæknakostnaðar, sem greitt er fyrir samkvæmt almannatryggingalögum, hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Tannlæknakostnaður, sem greiddur er samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga, hefur numið frá 52–65% af lækniskostnaði, þ.e. almennum lækniskostnaði og sérfræðingskostnaði. Þó er tannlæknakostnaður aðeins greiddur fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.

Á árinu 1985 voru útgjöld vegna tannlæknakostnaðar eftirfarandi:

Sjúkrasamlög	176 421 854 kr.
Sveitarfélög (skólatannlækningar)	109 953 509 kr.
Sjúklingahlutinn	77 015 510 kr.
Samtals:	363 390 873 kr.

Að auki greiddi Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1985 rúmar 9,6 milljónir kr. vegna heimildarákvæða 39. gr. almannatryggingalaga.

Ef þessari upphæð er skipt niður á 220 starfandi tannlækna kemur í ljós að meðaltal greiðslna almannatrygginga til hvers tannlæknis var um 1,7 milljónir kr. á árinu 1985. Talið er að tannlæknaverk, sem greitt er fyrir gegnum tryggingakerfið, sé 10–15% allra tannlæknaverka (sbr. Mbl. 23. sept. 1986, grein formanns samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins). Sé þessi forsenda lögð til grundvallar má áætla að heildartannlæknakostnaður á öllu landinu hafi *á árinu 1985 numið 2,5 milljörðum kr. eða að meðaltali um 11 milljónum kr. á hvern tannlækni.* Samkvæmt því sem tannlæknar sjálfir áætla er rekstrarkostnaður tannlæknastofu á *núgildandi* verðlagi 3 milljónir kr. á ári (sbr. Mbl. 23. sept. 1986, sama grein). Sé þessi forsenda lögð til grundvallar má ætla að laun tannlækna séu að meðaltali mjög há og mun hærri en til að mynda í Danmörku. Samkvæmt rannsókn, sem danska tannlæknafélagið gerði, voru nettólaun tannlæknis í fullu starfi 318 000 d. kr. árið 1983 eða að meðaltali um 1,7 milljónir kr. á núverandi gengi. Þar er um að ræða sömu upphæð og nemur meðaltali greiðslna til hvers tannlæknis fyrir tannlæknaverk sem einungis er greitt fyrir samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga. Eins og áður er getið er það um 10–15% allra tannlæknaverka.

Því hefur oft verið haldið fram að tannlæknaþjónustan hér á landi sé mun dýrari en í nágrannalöndunum. Það styður einnig þá skoðun að í Noregi er tímagjald á klst. fyrir tannlækningar 2287 kr., í Svíþjóð 2139 en á Íslandi 2700 kr. ef gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út, er lögð til grundvallar. Tímagjaldið er 3000 kr. á klst. ef gjaldskrá, sem tannlæknar hafa einhliða gefið út, er lögð til grundvallar.

Ljóst er að tannlæknakostnaður er gífurlega hár hér á landi og virðist fara vaxandi. Jafnframt er talið að hér á landi sé mun minna gert í tannverndarmálum en í nágrannalöndum og tíðni tannsjúkdóma sé mun meiri en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Tillaga þessi felur í sér að stóraukin áhersla verði lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og til þess varið auknu fjármagni. Jafnframt verði kannað hvort með endurskipulagningu á allri tannlæknaþjónustunni sé hægt að nýta betur það fjármagn sem nú rennur úr tryggingakerfinu í tannlæknakostnað.

Auk þeirrar hagræðingar, sem ætla má að endurskipulagningin hafi í för með sér, gætu ríki og sveitarfélög einnig náð fram betri stjórn og eftirliti með tannlæknaþjónustunni og kostnaði við tannlækningar.

Samskipti Tryggingastofnunar ríkisins við tannlækna hafa lengst af verið mjög stirð. Má þar nefna að um langt árabil hafa staðið yfir deilur milli tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslukvittanir tannlækna. Það sýnir kannske best hve litla stjórn eða tök ríkisvald eða sveitarfélög hafa á tannlæknaþjónustunni að það þurfi að taka mörg ár að fá tannlækna til að samþykkja fullnægjandi greiðslukvittun fyrir þjónustu sem greitt er fyrir af opinberu fé.

Allt frá árinu 1979 hefur Tryggingastofnun ríkisins reynt að fá tannlækna til að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun fyrir tannlæknaverk, þannig að á greiðslukvittun fyrir tryggða sjúklinga komi skýrt fram fyrir hvers konar þjónustu er greitt. Sú greiðslukvittun, sem tannlæknar hafa lagt fram, hefur ekki verið í því formi að hægt sé að hafa virkt eftirlit

með gjaldtöku tannlækna en verkþættir aðgerða hafa ekki verið flokkaðir í greiðslukvittunum frá tannlæknum. Með þeirri greiðslukvittun, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur lagt áherslu á að ná fram, opnaðist möguleiki til að halda uppi virku eftirliti með gjaldtöku tannlækna. Sundurliðuð greiðslukvittun er ekki síður mikilvæg til að hægt sé að koma við skipulögðum rannsóknum á tíðni ýmissa tannsjúkdóma sem á megi byggja skipulega tannvernd og gildi hefði einnig við fræðilega könnun á stöðu tannlækninga hér á landi. Eftir margra ára samningaþóf við tannlækna um jafnsjálfsagðan hlut og greiðslukvittun er voru tannlæknar með lögum 1984 skyldaðir til að leggja fram reikninga í því formi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður. Engu síður var það ekki fyrr en síðla þess árs sem slík reikningsform tóku gildi og tannlæknar féllust á greiðslukvittanir Tryggingastofnunar ríkisins.

Auk áralangrar deilu um greiðslukvittun hefur iðulega komið upp ágreiningur um gjaldskrá tannlækna. Vísa má í deilur sem komu upp á s.l. ári þegar tannlæknar höfðu hækkað gjaldskrá sína umfram það sem eðlilegt gat talist. Var þeim gert að lækka gjaldskrána en niðurstaða hefur enn ekki fengist um það hvort og þá með hvaða hætti tannlæknum verður gert að endurgreiða það sem ofreiknað var í gjaldskrá þeirra á þeim tíma.

Á þessu ári hafa tannlæknar síðan tvívegis hækkað gjaldskrár sínar einhliða. Nú er svo komið að í gildi eru tvær gjaldskrár, þ.e. gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands og gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út. Endurgreiðsla til þeirra tryggðu er miðuð við gjaldskrá heilbrigðisráðherra. Vegna þessarar deilu, sem nú stendur yfir um gjaldskrána, er sá hluti, sem hinir tryggðu verða að standa undir, *um 11% hærri en ella væri.*

Mjög hefur skort á að gjaldskrár tannlækna væru undir virku eftirliti. Í reynd hefur það verið svo að tannlæknar hafa einhliða ákvarðað sínar gjaldskrár án eftirlits frá opinberum aðilum. Gjaldskrá, sem tannlæknar gefa út, er í reynd nokkurs konar viðmiðunargjaldskrá. Því geta tannlæknar tekið meira til sín en viðmiðunargjaldskráin segir til um. Í raun má segja að þeir hafi einir fengið að ráðskast með hvað þeir setja upp fyrir sína þjónustu. Slíkt fyrirkomulag er með öllu óviðunandi og nauðsynlegt að leitað sé leiða til að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur. Hér er oft um stóran útgjaldalið hjá heimilunum að ræða, sem og hjá hinu opinbera. Til að auðvelda virkt eftirlit og aðhald með gjaldskrám tannlækna þarf að gera ítarlega athugun á vægi hvers einstaks kostnaðarþáttar í gjaldskránni, sem og vægi rekstrarkostnaðar og launahluta tannlæknis í heildarverðmynduninni. Í þingsályktunartillögunni er einnig lagt til að komið verði á fót sérstakri gjaldskrárnefnd sem ákvarði gjaldskrá tannlækna hverju sinni. Eðlilegt er að fulltrúar tannlækna, ríkisvalds, sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, sem og fulltrúi Neytendasamtakanna og Verðlagsstofnunar, eigi sæti í slíkri nefnd. Ekki ósvipaður háttur er hafður á í Noregi. Þar er það neytenda- og stjórnsýsluráðuneyti sem gerir samning við tannlækna sem gildir til eins árs í senn. Gjaldskráin gildir um allar tannlækningar hjá sjálfstætt starfandi tannlæknum, jafnt þær sem almannatryggingarnar taka þátt í að greiða og aðrar tannlækningar. Sérstaklega var athugað í Noregi á s.l. ári hvort rétt væri að hætta því fyrirkomulagi og fella gjaldskrá tannlækna undan verðlagsákvæðum að frjálsri samkeppni. Niðurstaðan er sú að enn er haldið í óbreytt fyrirkomulag í Noregi og hefur verðlagning á tannlæknaþjónustunni ekki verið gefin frjáls.

Í þeirri endurskipulagningu, sem hér er gert ráð fyrir, er hugmyndin sú að ríkið og sveitarfélög reki tannlæknaþjónustu fyrir þá hópa sem tryggingakerfið greiðir fyrir. Ráðnir verði tannlæknar í þjónustu ríkis og sveitarfélaga fyrir ákveðin umsamin laun. Náist ekki samningar við tannlækna verði heimilt að ráða erlenda tannlækna sem starfi við tannlæknaþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ætla má að með því fyrirkomulagi væri hægt að ná fram meiri hagræðingu í rekstri tannlæknaþjónustunnar. Jafnframt má ætla að með þessu fyrirkomulagi væri hægt að auka tannlæknaþjónustu á vegum hins opinbera og taka inn fleiri

hópa sem tannlæknakostnaður yrði greiddur fyrir án mikils viðbótarkostnaðar fyrir tryggingakerfið. Sú leið, sem hér er lögð til, er þekkt víða á Norðurlöndum. Má þar nefna sem dæmi Svíþjóð, Danmörku og Noreg og enn fremur Bretland. Þar eru tannlækningar barna og unglinga reknar algerlega af sveitarfélögunum og/eða ríki. Tannlæknar eru síðan ráðnir að tannlæknaþjónustu ríkis og/eða sveitarfélaga fyrir föst umsamin laun. Í Noregi er hugmyndin sú að fella aðra hópa en börn og unglinga, sem greitt er fyrir af opinberu fé, undir slíka tannlæknaþjónustu sveitarfélaga. Greiðir ríkið sveitarfélögunum fast framlag til tannlæknaþjónustunnar. Misjafnt er í þessum löndum hve kostnaðarþátttaka ríkis og sveitarfélaga í tannlæknaþjónustunni er mikil. Þó má segja að að einhverju leyti er greiddur kostnaður fyrir alla aldurshópa. Ef dæmi er tekið t.d. af fyrirkomulaginu í Danmörku þá eiga allir landsmenn þar kost á tannlækningum almannatrygginganna. Að meðaltali taka sjúkratryggingarnar þátt í 50% af heildarkostnaði þeirra verka sem þær á annað borð greiða fyrir. Þátttaka sjúkratrygginga eykst síðan ef reglubundið er leitað tannlækninga. Tekjur tannlækna frá sjúkratryggingunum eru taldar nema um þriðjungi af heildartekjum þeirra.

Á Alþingi hefur á undanförnum árum verið til meðferðar frumvarp um aukna hlutdeild almannatrygginga í tannlækningum. Fyrsti flutningsmaður þessarar þáltill. hefur m.a. þrívegis flutt frumvarp um 25% hlutdeild almannatrygginga í tannlæknakostnaði fyrir þá einstaklinga sem ekki fá nú greitt úr almannatryggingum. Einnig má nefna frumvarp, sem nokkrum sinnum hefur verið flutt, um skattafslátt ef um er að ræða veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Þessi mál náðu ekki fram að ganga.

Aukin hlutdeild almannatrygginga í tannlækningakostnaði gæti haft verulega þýðingu. Má þar nefna virkt eftirlit með tannlæknakostnaði, gjaldskrá og tekjum tannlækna. Í annan stað gæti slíkt auðveldað skipulegar rannsóknir á tannsjúkdómum og stuðlað að tannvernd. Auk þess mundi slík hlutdeild tryggginganna létta verulega framfærslubyrði heimilanna í landinu. Allir vita að tannlæknaþjónusta er mjög dýr og víst er að það er ekki á allra færi að veita sér hana svo vel sé. Því verður að draga í efa að hægt sé að koma við skipulagðri tannvernd og eftirliti meðan hið opinbera styður ekki meira við bakið á tannlæknaþjónustunni en raun ber vitni og ýtir ekki undir með raunhæfum aðgerðum til að draga úr alvarlegum og kostnaðarsömum tannsjúkdómum. Aukin hlutdeild almannatrygginganna í tannlæknakostnaði og skipulögð tannvernd ætti að ná því markmiði.

Þó að efalítið megi rekja það til vanrækslu í mörgum tilfellum að ekki er leitað reglulega til tanneftirlits eða lækninga á tannskemmdum og öðrum tannsjúkdómum er óhætt að fullyrða að ein af meginorsökunum fyrir tíðum og slæmum tannsjúkdómum og oft miklum tannviðgerðum er sá mikli kostnaður sem oftast fylgir tannlæknaþjónustu. Einstaklingar, sem ekki fá greitt samkvæmt almannatryggingakerfinu, verða að bera þennan kostnað sjálfir og veigra sér við því í lengstu lög að leita sér þessarar þjónustu. Almannatryggingakerfið tekur að þessu leyti lítið mið af lágtekjuhópum heldur er miðað við vissa aldurshópa. Afleiðing þess er oft sú að ekki er leitað tannlækninga fyrr en í óefni er komið og tannsjúkdómurinn orðinn erfiður viðureignar og kostnaðurinn við tannlækningar þá kominn á það stig að fæstir geta staðið undir honum.

Í þessari tillögu er lagt til að kannaður verði kostnaðurinn sem er því samfara að greiða 25% af almennum tannlækningum. Þegar sú kostnaðaráætlun liggur fyrir mætti hugsa sér að farin yrði sú leið í áföngum að greiða 25% tannlæknakostnaðar fyrir þá sem ekki fá þegar greitt úr almannatryggingum.

Telja verður þó að brýnt sé að hækka þegar aldursmörkin í 20 ár fyrir þá sem almannatryggingar greiða allan tannlæknakostnað fyrir. Styðst það fyrst og fremst við þau rök að tannskemmdir eru algengar hjá þessum aldurshópi og brýnt að hið opinbera stuðli að reglubundnu eftirliti með þessum aldurshópum sem væri stór þáttur í tannvernd og fyrirbyggjandi aðgerðum. Benda má einnig á í þessu sambandi að annars staðar á

Norðurlöndum er þátttaka ríkis og sveitarfélaga mun meiri í tannlæknakostnaði en hér á landi. Til að mynda er tannlæknakostnaður yfirleitt greiddur til 18 ára aldurs og í sumum tilfellum allt til 20 ára aldurs.

Það er skylda stjórnvalda að leita allra leiða til að halda uppi góðri tannlæknaþjónustu og ekki síst stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að hún sé veitt á sanngjörnu og eðlilegu verði. Á því sviði sem öðrum ber að leita hagræðingar til að það fjármagn, sem veitt er í þennan mikilvæga heilbrigðisþátt, nýtist sem best. — Stjórnvöld hafa gefið tannlæknum of lausan tauminn í þessu efni og ekki beitt sér sem skyldi til að ná fram meiri hagkvæmni og sanngjarnara verði á þjónustunni fyrir heimilin í landinu. Á því eru þó vissulega til undantekningar og dæmi um að einstaka tannlæknar séu sanngjarnir í verðlagningu á sinni þjónustu.

Stjórnvöldum ber skylda til að kanna allar leiðir til að lækka og halda niðri verði á tannlækningum án þess að þjónustan skerðist. Ein leiðin er að stjórnvöld kanni ítarlega áhrif þeirrar endurskipulagningar á tannlæknaþjónustunni sem hér er gert ráð fyrir og leggi fyrir Alþingi tillögu og kostnaðaráætlun þar að lútandi. Fleiri leiðir gætu komið til greina en að færa rekstur tannlæknaþjónustunnar til ríkis og sveitarfélaga. Aðalatriðið er að stjórnvöld taki þessi mál föstum tökum og láti einskis ófreistað til að ná fram sanngjarnari verðlagningu og betra skipulagi á tannlæknaþjónustunni.

Sþ. 112. Fyrirspurn [109. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða verð greiddi ÍSAL fyrir raforku frá Landsvirkjun á árinu 1985 og hvert er verðið ársfjórðungslega samkvæmt samningi á yfirstandandi ári?
2. Hver hefur verið raforkunotkunin hjá ÍSAL á sama tímabili?
3. Hverjar eru horfurnar um raforkuverð og raforkunotkun hjá ÍSAL á árinu 1987 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins?
4. Hverju var spáð um raforkuverð og raforkunotkun hjá ÍSAL á árunum 1985, 1986 og 1987 samkvæmt þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984?
5. Hver er lækkunin á raungildi raforkuverðsins á árunum 1985 og 1986 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu?

Beðið er um raforkuverð tilgreint í mill/kwst. og ísl. aurum/kwst., heildarársgreiðslur, raunverulegar og áætlaðar, í bandaríkjadölum og íslenskum krónum miðað við meðalgengi og á verðlagi 1986.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 113. Fyrirspurn [110. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvenær er ráðgert að framkvæmdir hefjist við nýbyggingu Egilsstaðaflugvallar, hvað er áætlað að flugvallargerðin kosti og hver er álitinn æskilegur framkvæmdahraði?

Sþ. 114. Fyrirspurn [111. mál]

til utanríkisráðherra um bann við tilraunum með kjarnavopn.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til áframhaldandi tilrauna Bandaríkjamanna með kjarnavopn?
2. Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst í þessu efni á grundvelli samþykktar Alþingis frá 21. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum?

Sþ. 115. Fyrirspurn [112. mál]

til menntamálaráðherra um hússtjórnarfræðslu.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hver var ástæðan fyrir því að rekstri hússtjórnarskólanna að Laugum í Þingeyjarsýslu, Varmalandi í Borgarfirði og að Laugarvatni í Árnessýslu var hætt 1. sept. s.l.?
2. Hve margir hússtjórnarskólar eru nú starfandi í landinu?
3. Eru fyrirhugaðar ráðstafanir til að efla hússtjórnarfræðslu í framhaldsskólum?

Sþ. 116. Fyrirspurn [113. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd 22. gr. l. nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hefur framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna, verið lögð fram í ríkisstjórn?
2. Hvenær er þess að vænta að hún verði lögð fyrir Alþingi til umræðu?

Sþ. 117. Fyrirspurn [114. mál]

til fjármálaráðherra um álagningu skatta árin 1985 og 1986.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarálagningarstofn til útsvars, eignar- og tekjuskatts samtals hjá öllum tannlæknum á landinu við álagningu skatta árin 1985 og 1986?
2. Hverjar voru framtaldar heildareignir og tekjur allra tannlækna tekjuárin 1984 og 1985 skv. skattframtölum. Hvernig skiptust heildartekjur milli:
   a. rekstrarkostnaðar tannlæknastofu,
   b. framtalinna launa?
3. Hver var heildarálagning skatta hjá öllum tannlæknum á landinu álagningarárin 1985 og 1986, sundurliðað þannig:
   a. útsvör,
   b. tekjuskattar,
   c. eignarskattur,
   d. aðstöðugjöld,
   e. önnur gjöld?
4. Hver er fjöldi tannlækna samkvæmt skattframtölum sömu ár?
5. Hver var hlutur sjálfstæðra atvinnurekenda í álögðum tekjuskatti einstaklinga álagningarárin 1985 og 1986 og hver er fjöldi þeirra samkvæmt skattframtölum?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 118. Frumvarp til laga [115. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8. 18. apríl 1986.

Flm.: Skúli Alexandersson, Helgi Seljan,
Ragnar Arnalds.

1. gr.

106. gr. laganna orðast svo:

Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Ráðuneytið skal beita sér fyrir viðræðum á milli forsvarsmanna sveitarfélaga um sameiningu og boða til funda sveitarstjórnarmanna á stærri svæðum til umræðu um sameiningu sveitarfélaga. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

2. gr.

108. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. mgr. orðast svo:

Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té að kostnaðarlausu þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný mgr. er orðast svo:

Ráðuneytið skal hlutast til um að fé verði veitt úr ríkissjóði til að styrkja fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað. Ráðuneytið skal

gera fjárhagslega úttekt á viðkomandi sveitarsjóðum og fyrirtækjum þeirra og byggja fjárhagsstuðning á slíkri úttekt.

c. 4. mgr., er verður 5. mgr., orðast svo:

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu og ráðuneytið gert fjárhagslega úttekt skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ný sveitarstjórnarlög voru samþykkt á síðasta þingi. Þau leystu af hólmi 25 ára gömul lög um þessi málefni.

Veigamestu breytingarnar á nýju lögunum eru þær að sýslunefndir eru aflagðar og kveðið er á um að íbúar í hverju sveitarfélagi skuli vera a.m.k. 50. Sýslunefndir voru a.m.k. sums staðar vanmegnugar til flestra hluta. Með því að leggja þær niður var því verið að staðfesta orðinn hlut.

Mikil umræða hefur átt sér stað mörg undanfarandi ár um það að fámenni sveitarfélaga væri dragbítur á byggðaþróun og stæði í vegi fyrir því að þau gætu tekið að sér og sinnt ýmsum fleiri verkefnum en þau gera nú og hefðu ekki getu til að ráða við mörg af núverandi verkefnum.

Með 5. gr. sveitarstjórnarlaganna, þar sem segir „lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar“, er verið að koma til móts við þessar skoðanir og umræðu. Mörgum finnst að markið hefði mátt vera hærra, t.d. 100 eða jafnvel 200 til 300 íbúar. Flutningsmenn telja að í lögum megi una við íbúatöluna 50. Forðast ber of mikið valdboð í þessum efnum. En með frjálsri sameiningu fámennra sveitarfélaga ber að stefna að því að þau verði flest með 300–500 íbúa og þar yfir.

Sú umræða, sem nú á sér stað víða um land um sameiningu hreppa, bendir til þess að ef ríkisvaldið væri tilbúið að styðja fjárhagslega þau sveitarfélög þar sem áhugi á sameiningu er fyrir hendi og ríkið (félagsmálaráðuneytið) beitti sér einnig fyrir kynningu og umræðu um sameiningu mundi hún verða að veruleika á nokkuð mörgum svæðum á landinu.

Ákvæði sveitarstjórnarlaganna um hvernig ráðuneytið skuli vinna að stækkun og sameiningu sveitarfélaga eru ekki nægilega markviss, einnig ákvæði um hver skuli vera þáttur þess við undirbúning sameiningar og hver skuli vera hlutur ríkissjóðs til þess að jafna fjárhagslega stöðu þeirra sveitarfélaga sem sameinast.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úr þessu verði bætt með breytingum á 106. gr. og 108. gr. laganna. Með frumvarpinu er lagt til að skýrar og ákveðnar sé kveðið á um hvernig ráðuneytið skuli standa að því að vinna að sameiningu og stækkun sveitarfélaga.

Eftir samþykkt þessa frumvarps mundi ríkissjóður greiða kostnað við undirbúning að sameiningu og einnig styrkja fjárhagslega stöðu þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust. Bæði þessi atriði eru í raun grundvöllur þess að sameining eigi sér stað að einhverju ráði á annan hátt en með valdboði.

Undirbúningur sameiningar kostar bæði fjármagn og fyrirhöfn og í upphafi slíks verks er erfitt að gera sér grein fyrir umfangi þess og niðurstöðu. Slík staða dregur úr áhuga og er líkleg til að koma í veg fyrir að málin séu athuguð.

Fjárhagsleg staða sveitarfélaga er mjög breytileg. Sú staðreynd kemur eðlilega í veg fyrir áhuga á sameiningu. Íbúar vel stæðs sveitarfélags hafa ekki áhuga á því að sameinast illa stæðu nágrannasveitarfélagi og taka að sér að standa undir skuldum þess.

Ef meiri hluti er fyrir því á Alþingi að vinna beri að því að efla sveitarfélögin í landinu og að til þess að svo megi verða sé nauðsynlegt að stuðla að stækkun og samruna fámennari

sveitarfélaga í fjölmennari og öflugri heildir þarf með stjórnvaldsaðgerðum að skapa skilyrði til þess.

Þetta frumvarp er flutt til að láta á það reyna hvort slíkt meirihlutafylgi er fyrir hendi. Samþykkt þess mundi að mati flutningsmanna skapa gjörbreytt og betri skilyrði fyrir sameiningu sveitarfélaga og þar með eflingu þeirra.

Ed. 119. Frumvarp til laga [116. mál]

um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Íslands sem vinna á farskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skal vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er óheimilt að segja þeim farmönnum, sem bráðabirgðalögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar skv. 1. mgr. og sker þá félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér að Skipstjórafélag Íslands hafi beitt vinnustöðvun fyrir félagsmenn sína á skipum farskipaútgerða 29. og 30. apríl, 5., 6. og 7. maí. Jafnframt standi yfir ótímabundin vinnustöðvun Sjómannafélags Reykjavíkur vegna félagsmanna á farskipum frá og með 30. apríl s.l. Sáttatilraunir hafi reynst árangurslausar og engar líkur séu taldar á lausn deilnanna í bráð. Verkfall þetta hafi valdið röskun á flutningum til og frá landinu og skapað erfiðleika í helstu útflutningsgreinum landsmanna þannig að hætta sé á að varanlega verði spillt árangri í markaðs- og sölustarfsemi íslenskra fyrirtækja vestan hafs og austan.

Síðastliðinn vetur náði ríkisstjórnin víðtæku samkomulagi við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Ríkisstjórnin telur það skyldu sína að gera það sem í hennar valdi stendur til að halda þetta samkomulag og tryggja þannig framgang þeirrar meginstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar sem í samkomulaginu felst. Því telur ríkisstjórnin að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda enda á deilur þessar. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skal vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara skv. bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er óheimilt að segja þeim farmönnum, sem bráðabirgðalögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar skv. 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Matthías Bjarnason.

Ed. 120. Frumvarp til laga [117. mál]

um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild sem nefnist Stofnfjársjóður fiskiskipa.

2. gr.

Hlutverk Stofnfjársjóðs er að tryggja að eigendur fiskiskipa greiði af stofnlánum sem á skipunum hvíla og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipunum.

3. gr.

Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá Stofnfjársjóði. Inn á reikning þennan skulu renna greiðslur sem nema 7% af samanlögðu hráefnisverði skipsins, sbr. 1. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Semji Fiskveiðasjóður Íslands og útgerðarmaður um hærri greiðslur inn á stofnfjársjóðsreikning skips skal greiðslan við það miðuð enda sé haldið eftir meira fé en 15%, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1986.

4. gr.

Ef innstæða er á reikningi skips hjá Stofnfjársjóði og eigandi þess skuldar jafnframt Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, verðbætur, vexti, dráttarvexti eða kostnað af lánum, sem tryggð eru með veði í skipinu, skal Fiskveiðasjóður taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna að svo miklu leyti sem það hrekkur til þess.

5. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 4. gr., er sjóðnum heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjársjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánum vegna skipsins hjá Ríkisábyrgðasjóði og Byggðastofnun.

6. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs eða Byggðastofnunar skv. 4. og 5. gr. skal Fiskveiðasjóður greiða skipseiganda innstæðu skipsins hjá Stofnfjársjóði óski eigandinn þess. Þó er Fiskveiðasjóði heimilt að halda eftir fjárhæð sem á hverjum tíma má ekki nema hærra hlutfalli af næstu greiðslu afborgana og vaxta sem á skipinu hvílir hjá sjóðnum en svarar þeim tíma sem liðinn er frá síðasta gjalddaga í hlutfalli við allt tímabilið milli gjalddaganna.

Nú hvílir ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði og skal Stofnfjársjóður þá greiða skipseiganda, án sérstakrar greiðslubeiðni, það fé sem inn á reikning þess kemur.

7. gr.

Sé innstæða í Stofnfjársjóði á reikningi skips þegar greiðslur skv. 4. gr., 5. gr. og 1. málsl. 6. gr. hafa verið inntar af hendi skal Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti sem hverju sinni eru ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum sem teknir eru af skuldum er á skipinu hvíla.

8. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu skips.

9. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppboði.

Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt skal innstæða hjá Stofnfjársjóði falla til skipseiganda.

10. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa, nr. 4/1976, og 12. gr. l. nr. 24/1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ársbyrjun 1985 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd með aðild samtaka sjómanna og útvegsmanna og þingflokka til þess m.a. að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegs og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Markmið þessarar endurskoðunar var einkum að gera millifærslur fjármuna innan sjávarútvegs og verðmyndun einfaldari og skýrari. Með bréfi ráðherra 17. febrúar 1986 var nefndinni einnig falið að fjalla sérstaklega

um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegs og var þá bætt í nefndina fulltrúum frá samtökum fiskvinnslunnar.

Í framhaldi af fyrri hluta álits nefndarinnar voru síðastliðið vor sett l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Nefnd til að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegs skilaði síðan ráðherra síðari hluta álits síns um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og Stofnfjársjóð fiskiskipa 10. október s.l. Að tillögu fulltrúa Landssambands íslenskra útvegsmanna lét nefndin semja drög að frumvarpi um breytingu á lögum um Stofnfjársjóð fiskiskipa, sem hér er flutt, til þess að einfalda framkvæmd þeirra gagnvart útvegsmönnum með tilliti til hinna nýju ákvæða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Þeir sem störfuðu í nefndinni voru: Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, formaður, Skúli Alexandersson, Alþýðubandalagi, Kjartan Jóhannsson, Alþýðuflokki, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, Valdimar Indriðason, Sjálfstæðisflokki, Guðjón A. Kristjánsson, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson og Þórhallur Helgason, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Óskar Vigfússon, Sjómannasambandi Íslands, Árni Benediktsson, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, og Knútur Óskarsson, Sambandi fiskvinnslustöðvanna. Með nefndinni störfuðu að gerð síðari hluta nefndarálitsins Gylfi Gautur Pétursson, lögfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu, sem var jafnframt ritari nefndarinnar, og Benedikt Valsson, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, sem einkum vann að gerð yfirlits yfir starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Frumvarpið, sem hér er flutt, er samið samkvæmt tillögum nefndarinnar og var fullt samkomulag um efni þess meðal nefndarmanna. Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað núgildandi laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa, nr. 4 13. febrúar 1976, sbr. 12. gr. l. nr. 24/1986. Nauðsynlegt er að laga þessi lagaákvæði að hinni nýju greiðslutilhögun sem ákveðin var með lögum nr. 24/1986. Megintilgangur frumvarpsins er að auðvelda eigendum skipa, sem standa í skilum eða skuldlausir eru við Fiskveiðasjóð Íslands, að fá endurgreitt sem fyrst það fé sem berst inn á reikning þeirra hjá Stofnfjársjóði. Frumvarpið er í mörgum greinum efnislega samhljóða l. nr. 4/1976 en breytingartillögur nefndarinnar hafa verið felldar inn í meginmál laganna og eru þær í stuttu máli eftirfarandi:

1. Hvíli ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði Íslands er Stofnfjársjóði skylt að greiða til skipseiganda innstæðu á reikning þess án þess að sérstaklega sé óskað eftir því.
2. Eigandi skips, sem skuldar ekki gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs Íslands, Ríkisábyrgðasjóðs eða Byggðastofnunar, getur með sérstakri beiðni fengið greidda innstæðu sína hjá Stofnfjársjóði. Þó er Fiskveiðasjóði heimilt að halda eftir hluta innstæðunnar samkvæmt sérstakri hlutfallsreglu til greiðslu á næsta gjalddaga.
3. Sú innstæða á reikningi skips við Stofnfjársjóð, sem eftir er að uppfylltum lið 1 og 2, skal njóta vaxta sem ákveðnir eru hverju sinni með hliðsjón af vöxtum sem teknir eru af skuldum er á skipinu hvíla.

Um 1. gr.

Óbreytt frá l. nr. 4/1976.

Um 2. gr.

Breytt þannig að skýrt sé að hér er um greiðslutilhögun að ræða á eigin tekjum útgerðar en ekki aðstoð við eigendur fiskiskipa eins og stóð í 2. gr. l. nr. 4/1976.

Um 3. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega samhljóða fyrstu tveimur málsliðum 12. gr. l. nr. 24/1986.

Síðari málsgrein 3. gr. er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. tölul. 7. gr. l. nr. 24/1986 þar sem lögfest var sú venja að semji útvegsmaður við Fiskveiðasjóð um hærri greiðslu en hina

lögboðnu 7% greiðslu skuli hún öll renna inn á reikning skipsins við Stofnfjársjóð enda hækki þá sú heildarfjárhæð sem haldið er eftir.

Um 4. gr.

Óbreytt. Var áður 8. gr.

Um 5. gr.

Hér er sú breyting gerð að þó að skipseigandi skuldi ekki gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs er heimilt að nota innstæður skips til greiðslu gjaldfallinna afborgana á skuldum skipsins hjá Ríkisábyrgðasjóði og Byggðastofnun.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir í 1. mgr. að sé skipseigandi skuldlaus við þrjá fyrrgreinda stofnlánasjóði skuli greiða honum innstæðu hjá sjóðnum óski hann þess. Þó er gerð sú undantekning að halda má eftir fjárhæð til greiðslu á næsta gjalddaga lánsins sem takmarkast af auðskilinni hlutfallsreglu sem miðast við tímabil milli gjalddaga.

Í 2. mgr. 6. gr. er nýmæli en þar er gert ráð fyrir því að hvíli ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði er Stofnfjársjóði skylt, án þess að þess sé sérstaklega óskað og án nokkurra skilyrða, að greiða til skipseiganda það fé sem á reikning skipsins kemur. Með ákvæði þessu er útvegsmönnum auðveldað mjög að fá fé sitt fljótt aftur í hendur.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að sé skip með öllu skuldlaust við Fiskveiðasjóð þá hlutist Stofnfjársjóður ekki til um að greiða gjaldfallnar afborganir af stofnlánum skips hjá Ríkisábyrgðasjóði og Byggðastofnun eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frv.

Um 7. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir að sé innstæða á reikningi skips, sem ekki hvíla á gjaldfallnar skuldir, skuli greiða vexti af fjárhæðinni. Þetta hefur verið venja hjá Fiskveiðasjóði í langan tíma en var fyrst lögbundin með l. nr. 24/1986. Með 12. gr. l. nr. 24/1976 var sú breyting gerð á l. nr. 4/1976, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, að 3. og 4. gr. laganna voru felldar úr gildi og 5. gr. laganna breytt. Var m.a. kveðið svo á að væri innstæða á reikningi skips lengur en hálfan mánuð skyldi Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti jafnháa hæstu lögleyfðu fasteignaveðlánavöxtum. Eðlilegt verður að telja að þessu ákvæði sé breytt, aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hefur sjóðnum reynst erfitt að ná sambærilegri ávöxtun á eigin fé til að vega upp á móti þessum fasteignaveðlánavöxtum. Í öðru lagi er fyrirsjáanleg óvissa um hugtakið fasteignaveðlánavextir í næstu framtíð.

Forstjórar Fiskveiðasjóðs hafa bent á að erfitt og óhentugt geti verið að miða vexti af innstæðum nákvæmlega við þá vexti sem teknir eru af lánum einstakra skipa. Hér er lagt til að þessir vextir verði ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum sem teknir eru af skuldum er á skipi hvíla. Með þessu er veitt nokkurt svigrúm sem ætti að auðvelda ákvörðun vaxtanna.

Um 8. gr.

Grein þessi er óbreytt frá 12. gr. l. nr. 4/1976.

Um 9. gr.

Grein þessi er óbreytt frá 13. gr. l. nr. 4/1976.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 121. Svar [43. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Guðrúnar Helgadóttur um starfsemi dagvistarstofnana.

Í meðfylgjandi töflu er að finna svör við fyrirspurnum á þskj. 43 um starfsemi dagvistarheimila:

Sveitarfélag	Íbúar 1. des. 1985	Pláss á dagheimilum 1. des. 1985			Pláss á 100 íbúa 1. des. 1985			Starfsfólk við barnaheimili Heilar stöður		
		Dagheimili	Skóla-dagh.	Leikskólar	Dagh.	Skóla-dagh.	Leikskólar	Fóstrur	Önnur uppeldis-menntun	Ófaglært fólk
Reykjavík	89 868	1 455	353	2 385	1,62	0,39	2,65	209	23	334
Kópavogur	14 631	181	20	372	1,24	0,14	2,54	47	1	30
Akureyri	13 766	125	26	327	0,91	0,19	2,38	17	2	32
Hafnarfjörður	13 214	145	22	315	1,10	0,17	2,38	21	6	31
Keflavík	6 922	57	0	187	0,82	0	2,70	5	1	21
Garðabær	6 027	24	0	102	0,40	0	1,69	11	0	7
Akranes	5 419	49	0	153	0,90	0	2,82	6	3	14
Vestmannaeyjar	4 787	55	0	161	1,15	0	3,36	10	1	11
Seltjarnarnes	3 764	17	0	137	0,45	0	3,64	6	0	10
Selfoss	3 710	15	0	126	0,40	0	3,40	5	0	7
Mosfellskauptún	3 510	45	0	138	1,28	0	3,93	5	1	14
Ísafjörður	3 448	28	0	145	0,81	0	4,21	4	0	16
Húsavík	2 482	36	0	83	1,45	0	3,34	5	0	7
Sauðárkrókur	2 386	0	0	146	0	0	6,12	2	0	10
Njarðvík	2 258	17	0	116	0,75	0	5,14	1	0	10
Grindavík	2 033	0	0	65	0	0	3,20	1	0	4
Siglufjörður	1 917	11	0	74	0,57	0	3,86	1	0	8
Neskaupstaður	1 714	16	0	55	0,93	0	3,21	2	0	5
Borgarnes	1 705	0	0	85	0	0	4,99	4	0	2
Höfn	1 516	0	0	84	0	0	5,54	3	1	3
Hveragerði	1 426	0	0	76	0	0	5,33	2	0	4
Dalvík	1 340	4	0	53	0,30	0	3,96	1	1	4
Egilsstaðir	1 312	0	0	61	0	0	4,65	5	0	2
Stykkishólmur	1 304	6	0	77	0,46	0	5,90	2	0	5
Bolungarvík	1 256	0	0	73	0	0	5,81	2	0	4
Sandgerði	1 221	0	0	70	0	0	5,73	1	0	6
Ólafsvík	1 208	0	0	71	0	0	5,88	1	0	5
Ólafsfjörður	1 148	3	0	56	0,26	0	4,88	3	0	3
Blönduós	1 115	10	0	59	0,90	0	5,29	1	1	6
Þorlákshöfn	1 102	0	0	73	0	0	6,62	0	2	5
Eskifjörður	1 087	0	0	64	0	0	5,89	2	0	2
Garður	1 087	0	0	69	0	0	6,35	0	0	5
Seyðisfjörður	1 003	0	0	63	0	0	6,28	1	0	5
Samtals:	200 686	2 299	421	6 121				386	43	632

Ed. 122. Frumvarp til laga [118. mál]

um breytingu á l. nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám, sbr. og 5. gr.

Að lágmarki skal við það miða að námsstyrkir nægi fyrir helmingi áætlaðs fæðis- og húsnæðiskostnaðar.

Greinargerð.

Opinber stuðningur við framhaldsskólanemendur, sem verða að sækja nám fjarri heimabyggð sinni, er óhjákvæmilegur í því skyni að stuðla að jafnrétti til menntunar.

Samkvæmt lögum nr. 69 frá 1972 skal veita nemendum styrki „að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum ...“ Hins vegar hafa þessir styrkir rýrnað svo hrapallega í tíð núverandi stjórnar að ekki verður við unað. Í frumvarpi þessu er að því stefnt að lögbinda lágmarksstyrki vegna fæðis- og húsnæðiskostnaðar. Til skamms tíma námu þessir styrkir þriðjungi áætlaðs fæðiskostnaðar og helmingi húsnæðiskostnaðar. En seinustu ár hafa þessir styrkir lækkað mjög ört eins og best sést á því að framlag ríkisins á fjárlögum 1987 er 20 millj. kr., var sama árið 1986 og 1985 og tæpar 18 millj. kr. árið 1984 og þó hækkar framfærsluvísitala yfir 80% á þessum tíma.

Með frumvarpinu er bundið í lög að styrkir skuli að lágmarki nema helmingi fæðis- og húsnæðiskostnaðar. Ef slíkt ákvæði hefði verið í gildi á þessu ári hefðu styrkir orðið um það bil fjórfalt hærri en nú er og kostnaður aukist úr 20 millj. kr. í 80 millj. kr. Er það heldur ríflegri stuðningur til jöfnunar á aðstöðumun nemenda en lengstum var eftir setningu laganna þar sem löngum var miðað við þriðjung fæðiskostnaðar en verður samkvæmt frumvarpinu helmingur fæðis- og húsnæðiskostnaðar.

Einnig er ákvæði í frumvarpinu þess efnis að styrkir skuli veittir án tillits til búsetu ef efnaleysi torveldar nemendum að sækja skóla en nú er aðeins heimild til að veita styrki af þessari ástæðu og mun litlu fé varið í þessu skyni.

Ed. 123. Frumvarp til umferðarlaga. [119. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. GILDISSVIÐ O.FL.

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda, nema annað sé ákveðið, um umferð á vegum.

Þar sem vegur er fyrir sérstaka tegund umferðar, gilda ákvæði laganna, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Skilgreiningar.
2. gr.

Akbraut:
Sá hluti vegar, sem ætlaður er fyrir umferð ökutækja.

Akrein:
Hver og ein af samhliða reinum, sem akbraut er skipt í að endilöngu með merkjum eða er nægilega breið fyrir umferð bifreiða í einni röð.

Ásþungi:
Þungi, sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.

Bifhjól:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Sem bifhjól telst einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni.

Bifreið:
a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst.
c. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

Dráttarvél:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum.

Eftirvagn:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Eigin þyngd:
Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum búnaði, sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum o.þ.h.

Gangbraut:
Sérstaklega merktur hluti vegar, sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt:
Sá hluti vegar til hliðar við akbraut, sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.

Heildarþyngd:
Þyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd, sem leyfð er við skráningu þess.

Hliðarvagn:
Ökutæki á einu hjóli, sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Lagning ökutækis:
Staða ökutækis, með eða án ökumanns, lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

Létt bifhjól:
Bifhjól með aflvél eigi stærri en 2,5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli, sem eigi er hannað til hraðari aksturs en 50 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Reiðhjól:
Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks. Sem reiðhjól telst einnig vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Stór fólksbifreið:
Bifreið, sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Tengitæki:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki, og er ekki eftirvagn. Enn fremur hjólhýsi og tjaldvagn.

Vegamót:
Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.

Vegfarandi:
Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegur:
Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúið ökutæki:
Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram.

Vélsleði:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vinnuvél:
a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
c. Vélknúið ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.

Péttbýli:
Svæði afmarkað með sérstökum merkjum, sem tákna þéttbýli.

Ökutæki:
Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

3. gr.

Ákvæði um umferð ökutækja gilda, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn og þá, sem teyma eða reka búfé.

Gangandi vegfarandi telst einnig sá, sem fer á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum, sá, sem rennir sér á sleða, ekur barnavagni, leiktæki eða hjólastól eða leiðir reiðhjól eða létt bifhjól.

Fatlaður maður, sem sjálfur ekur hjólastól, telst gangandi vegfarandi, ef hann ekur á venjulegum gönguhraða.

II. REGLUR FYRIR ALLA UMFERÐ

Meginreglur.

4. gr.

Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð, þannig að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim, sem búa eða staddir eru við veg, tillitssemi.

Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum, öldruðum og þeim, sem bera auðkenni fatlaðra eða eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að hái þeim í umferðinni. Dómsmálaráðherra setur reglur um auðkenni fatlaðra.

Lögreglustjóri og veghaldari skulu í samráði við viðkomandi skólayfirvöld gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla.

Leiðbeiningar fyrir umferð.

5. gr.

Vegfarandi skal fara eftir leiðbeiningum um umferð, sem gefnar eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum eða hljóðmerkjum eða öðrum merkjum á eða við veg, sbr. 84. gr. Leiðbeiningar þessar gilda framar almennum umferðarreglum.

Leiðbeiningar gefnar með umferðarljósum gilda framar leiðbeiningum um biðskyldu eða stöðvunarskyldu samkvæmt umferðarmerki.

Vegfarandi skal fara eftir leiðbeiningum um umferð, sem lögreglumaður eða sá annar, sem dómsmálaráðherra hefur heimilað að stjórna umferð, gefur. Þær leiðbeiningar gilda framar leiðbeiningum, sem gefnar eru á annan hátt.

Leikir o.fl.

6. gr.

Eigi má stökkva af eða upp í ökutæki á ferð eða vera utan á ökutæki á ferð.

Eigi má draga vagn, sleða eða þess háttar aftan í ökutæki, sbr. þó 62. gr. Eigi má hanga í ökutæki á ferð eða draga með ökutæki á vegi þann, sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum.

Eigi má vera að leik á vegi, þannig að til óþæginda verði fyrir umferð.

Vistgötur.

7. gr.

Ákvæði greinar þessarar gilda um umferð á svæði, sem afmarkað er með sérstökum merkjum, sem tákna vistgötu.

Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Þar ber að aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Ef gangandi vegfarandi er nærri má eigi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða.

Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

Eigi má leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.

Neyðarakstur o.fl.

8. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um neyðarakstur og getur undanþegið þann akstur frá ákvæðum laga þessara.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar eða bifhjóls, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur sérstakt hljóð- eða ljósmerki skulu aðrir vegfarendur víkja úr vegi í tæka tíð og ökumenn nema staðar, ef nauðsyn ber til. Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum þessum skuli háttað. Þau má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um vélknúið ökutæki, sem í einstakt skipti er notað í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúkra manna eða slasaðra. Skal ökutækið þá auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni um aksturinn svo fljótt sem verða má. Önnur notkun hvítrar veifu er bönnuð.

Óviðkomandi má eigi koma svo nærri slys- eða brunastað að hamli björgunar- eða slökkvistarfi, þar á meðal akstri að og frá staðnum.

Vegfarandi má eigi rjúfa eða á annan hátt hindra för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar lögmætrar hópgöngu.

Skemmdir á umferðarmerkjum.

9. gr.

Án leyfis má eigi nema brott eða breyta umferðarmerki.

Sá, sem á hlut að því að skemma umferðarmerki, skal strax lagfæra það, ef kostur er. Annars ber honum að tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar öðrum vegfarendum.

Skyldur vegfarenda við umferðaróhapp.

10. gr.

Vegfarandi, sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi, skal þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á eða ekki. Hann skal veita slösuðum mönnum og dýrum hverja þá hjálp, sem honum er unnt, og taka að öðru leyti þátt í aðgerðum, sem óhappið gefur efni til. Hver sá, sem hlut á að umferðaróhappi eða hefur verið sjónarvottur að því, skal skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er óskað af öðrum þeim, sem hlut á að óhappinu eða hefur orðið fyrir tjóni.

Ef maður hefur látist eða slasast í umferðarslysi skal sá, sem átti hlut að því, tilkynna lögreglunni um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef tjón hefur orðið á eignum og enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum, sem um ræðir í 1. mgr., skal tjónvaldur tilkynna það tjónþola eða lögreglunni svo fljótt sem auðið er.

Hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi, má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki, sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn þess. Ef ökutæki veldur verulegri hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.

III. UMFERÐARREGLUR FYRIR GANGANDI VEGFARENDUR

11. gr.

Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, gangstíg eða þann hluta vegar, sem liggur utan akbrautar (vegaröxl). Ef ekki er gangstétt, gangstígur eða vegaröxl meðfram vegi má nota akbraut. Skal þá að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Ef gangandi vegfarandi leiðir reiðhjól eða létt bifhjól skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl má gangandi vegfarandi hvorki leiða reiðhjól eða létt bifhjól né flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra.

12. gr.

Gangandi vegfarandi, sem ætlar yfir akbraut, skal hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum, sem nálgast. Hann skal fara yfir akbrautina án óþarfrar tafar.

Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut, ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

Þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.

IV. UMFERÐARREGLUR FYRIR ÖKUMENN

Notkun akbrauta.

13. gr.

Ökumaður skal nota akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt eða gangstíg.

Þar sem sérstakar reinar eru fyrir mismunandi tegundir ökutækja, skal ökumaður nota þá rein, sem ökutæki hans er ætluð.

Hvar aka skal á vegi.

14. gr.

Ökumaður skal vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti.

Nú er akbraut með þremur akreinum, og má þá eigi aka á þeirri akrein, sem er lengst til vinstri miðað við akstursstefnu, nema einstefnuakstur sé á akbrautinni.

Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera svo langt frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Utan þéttbýlis skal ökutæki, sem háð er sérstökum hraðareglum samkvæmt 1. og 2. mgr. 38. gr., auk þess vera svo langt frá næsta ökutæki á undan, að þeir, sem fram úr aka, geti án hættu komist á milli þeirra.

Aka skal hægra megin við umferðareyju o.þ.h., sem komið er fyrir á akbraut. Þó má aka vinstra megin, ef það er gefið til kynna með merki eða ekið er á akbraut með einstefnuakstri.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Akstur á vegamótum og í beygjum.

15. gr.

Ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, skal í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá akrein, sem lengst er til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri, en á þá akrein, sem lengst er til vinstri, ef hann ætlar að beygja til vinstri. Sá, sem ætlar beint áfram, getur notað þá akrein, sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumaður, sem ætlar að beyja á vegamótum, skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur.

Við hægri beygju ber að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og á akbraut með einstefnuakstri eins nálægt vinstri brún og unnt er. Beygjuna skal taka þannig, að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum, sé það hægra megin á akbrautinni, sem beygt er inn á.

Nú er akbraut, sem beygt er inn á, með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu, og skal þá beygjan, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Nú koma tveir ökumenn úr gagnstæðum áttum á vegamót, og ætla báðir að beygja til vinstri. Mega þeir þá aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum, þegar þeir mætast, ef það er unnt án hættu eða óþæginda.

16. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. 15. gr. gilda einnig um akstur yfir akbraut eða af henni, þótt eigi sé um vegamót að ræða.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein.

17. gr.

Ökumaður skal, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra.

Ökumaður skal, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama er, ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess.

Ökumaður á aðrein skal aðlaga hraða ökutækis síns umferð á akrein þeirri, sem hann ætlar inn á, og fara af aðreininni strax og það er unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Ökumaður á akrein, sem umferð af aðrein ætlar inn á, skal auðvelda þeirri umferð akstur inn á akreinina.

Afrein skal nota strax og hún byrjar.

Akstur við biðstöð stórra fólksbifreiða o.fl.

18. gr.

Ökumaður, sem nálgast stóra fólksbifreið á biðstöð í þéttbýli, skal draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur, til þess að bifreiðin geti yfirgefið biðstöðina, enda hafi ökumaður hennar gefið merki um þá ætlan. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann fólksbifreiðarinnar undan því að hafa sérstaka aðgát til að draga úr hættu.

Ökumaður, sem nálgast merkta skólabifreið, sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal hafa sérstaka aðgát og nema staðar.

Þegar ökutæki mætast.

19. gr.

Þegar ökutæki mætast skal þeim ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt, að nægilegt hliðarbil sé milli þeirra. Aka ber varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar, ef nauðsyn ber til. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin á akbrautinni, sem hindrunin er. Ef ökutæki mætast þar, sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Mæta má ökutæki í vegavinnu eins og best hentar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Framúrakstur.

20. gr.

Aka skal vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Hjólreiðamaður má fara hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum.

Ökumaður, sem ætlar fram úr ökutæki, skal ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu, og athuga sérstaklega:

a. að akrein sú, sem nota á til framúraksturs, sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað, er hindri framúraksturinn,
b. að sá, sem á undan er, hafi ekki gefið merki um, að hann ætli að aka fram úr öðru ökutæki,
c. að enginn, sem á eftir ekur, hafi byrjað akstur fram úr honum, og
d. að hann geti komist inn í umferðarstrauminn á ný án óþæginda fyrir aðra, þegar framúrakstri lýkur. Þetta á þó eigi við um framúrakstur á akrein þar, sem mótumferð er óheimil.

Sá, sem ekur fram úr, skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess, sem ekið er fram úr. Sá, sem ekið hefur vinstra megin fram úr, skal aka til hægri á ný, svo fljótt sem unnt er án hættu eða óþæginda. Hann þarf þó ekki að aka til hægri, ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

Aka má fram úr ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er, enda sé sýnd full aðgæsla.

21. gr.

Þegar ökumaður verður þess var, að ökumaður, sem á eftir kemur, ætlar að aka fram úr vinstra megin, skal hann vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er. Má hann ekki auka hraðann eða torvelda framúraksturinn á annan hátt.

Ef ökutæki er ekið hægt eða er fyrirferðarmikið og akbraut er mjó eða bugðótt eða umferð kemur á móti, skal ökumaður gæta sérstaklega að umferð, sem kemur á eftir. Ef það getur auðveldað framúrakstur skal hann aka til hliðar eins fljótt og unnt er, draga úr hraða og nema staðar, ef þörf krefur.

Bann við framúrakstri.

22. gr.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, nema:

a. ökutækin séu á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
b. aka skuli hægra megin fram úr vegna ökutækis, sem beygt er til vinstri,
c. umferð á vegamótum sé stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða
d. umferð hafi forgang gagnvart hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.

Eigi má heldur aka fram úr öðru ökutæki, þegar vegsýn er skert vegna hæðar eða beygju á vegi, nema unnt sé að aka fram úr á akrein þar, sem umferð á móti er óheimil.

Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjóli eða léttu bifhjóli.

Framúrakstur og akreinaskipti í þéttbýli.

23. gr.

Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar, sem hraðinn ræðst af þeim, sem á undan fara, má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein, nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

Aka má fram úr ökutæki, ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein, sem ætluð er sérstakri tegund umferðar.

Framúrakstur við gangbraut.

24. gr.

Eigi má aka fram úr ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Ef umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, má þó aka fram úr ökutæki, ef það hindrar eigi útsýn yfir gangbrautina.

Skylda til að veita öðrum forgang.

25. gr.

Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát við vegamót.

Ökumaður, sem ætlar að aka inn á eða yfir veg, skal veita umferð ökutækja á þeim vegi úr báðum áttum forgang, ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu.

Nú ætlar ökumaður að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl og skal hann þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang.

Þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang.

Ökumaður, sem á að veita öðrum forgang, skal gefa greinilega til kynna, að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við, hvar þau eru á vegi, hver fjarlægð þeirra er og hraði.

Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum, ber honum að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur, svo og gangandi vegfarendum, hjólreiðamönnum og ökumönnum léttra bifhjóla, sem fara þvert yfir akbraut þá, sem hann ætlar að fara á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar, sem eigi eru vegamót.

Ökumaður, sem nálgast eða ekur inn á vegamót, skal haga akstri sínum þannig, að hann valdi ekki umferð á veginum, sem hann fer yfir, óþarfa óþægindum, ef hann neyðist til að nema þar staðar. Á vegamótum, þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum, má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á grænu ljósi, ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni, að hann muni eigi komast yfir vegamótin, áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

26. gr.

Ökumaður, sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda, skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

Ökumaður, sem ætlar að aka yfir gangstétt eða gangstíg eða að aka út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn, skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer fram hjá. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

Við akstur á göngugötu skal ökumaður hafa sérstaka aðgát og tillitssemi gagnvart gangandi vegfaranda.

Við beygju á vegamótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda, sem fer yfir akbraut þá, sem beygt er inn á, hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni, þar sem ekki eru vegamót.

Við gangbraut, þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda, sem er á gangbrautinni á leið yfir akbrautina, þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu ökumannsins. Ef gangbrautin er við vegamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum, skal hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi, sem er á gangbrautinni eða á leið út á hana, kemst fram hjá.

Ökumaður, sem nálgast gangbraut, þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal aka þannig að ekki valdi gangandi vegfaranda á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar, ef nauðsynlegt er, til að veita hinum gangandi færi á að komast yfir akbrautina.

Ökumaður skal forðast, svo sem unnt er, að stöðva ökutæki á gangbraut.

Stöðvun ökutækis og lagning þess.

27. gr.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.

Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er, má þó setja aðrar reglur, sbr. 2. mgr. 81. gr. Utan þéttbýlis má stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.

Opna skal dyr ökutækis þannig, að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við, þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

28. gr.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:

a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,
b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,
d. í göngum eða undir brú,
e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein,
g. á hringtorgi,
h. á merktu stæði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga, og
i. í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð stórra fólksbifreiða.

Eigi má leggja ökutæki:

a. á brú,
b. þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan,
c. við hlið ökutækis, sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls, létts bifhjóls eða bifhjóls,
d. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og
e. við vatnshana slökkviliðs.

29. gr.

Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki um ökutæki í vegavinnu, enda sé nauðsynlegt að stöðva það eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Sama á við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs eða sjúkraflutningaliðs.

Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.

30. gr.

Nú stöðvast ökutæki vegna umferðaróhapps, vélarbilunar eða annarra orsaka á stað, þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því. Skal þá flytja það á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, nema það sé óheimilt samkvæmt 10. gr. Hafi ökutækið stöðvast þannig að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina, skal ökumaður gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott.

Dómsmálaráðherra setur reglur um viðvörunarbúnað og notkun hans.

Merki og merkjagjöf.

31. gr.

Þegar nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða afstýra hættu skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða á annan hátt vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni. Merki skal gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og ekki að nauðsynjalausu. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur má einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki má eigi nota lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal ökumaður vélknúins ökutækis gefa ljósmerki í stað hljóðmerkis, nema um yfirvofandi hættu sé að ræða. Ljósmerki skal gefa með því að blikka háljósum eða lágljósum.

Ökumaður, sem ætlar að aka frá brún vegar, beygja, snúa eða skipta um akrein, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Sama á við um akstur til hliðar á vegi, nema um óverulega breytingu á akstursstefnu sé að ræða. Merkið skal gefa með stefnuljósi, þegar ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta út hönd.

Ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Merkið skal gefa með hemlaljósi, ef ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta upp hönd.

Merki samkvæmt 2. og 3. mgr. skal gefa tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Merkjagjöf skal hætt, þegar hún á ekki lengur við.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

Ljósanotkun.

32. gr.

Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl.

Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás, svo og á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella, þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skulu búin ljósum, skulu þá merkt samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Nota skal háan ljósgeisla, þegar sjónsvið ökumanns nægir ella ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Þokuljós má einungis nota í þoku eða þéttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

33. gr.

Stöðuljós skulu vera tendruð, ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á vegi í myrkri eða dimmviðri. Þetta á þó ekki við, ef vegur er svo vel lýstur, að ökutækið sést greinilega úr nægilegri fjarlægð, eða það hefur verið stöðvað eða því lagt utan akbrautar. Ef ökutækið er eigi búið slíkum ljósum, skulu önnur lögboðin ljós vera tendruð.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir mega önnur ljós en þar greinir eigi vera tendruð.

Ef vélknúnu ökutæki, sem ekki er meira en 6 m á lengd og 2 m á breidd, er lagt samhliða brún vegar í þéttbýli, þarf einungis að nota stöðuljós það og afturljós, sem nær er miðju vegar, nema ökutækið sé tengt öðru ökutæki. Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem heimila notkun sérstakra hliðarljósa í staðinn.

Ljós þurfa eigi að vera tendruð á reiðhjóli eða bifhjóli án hliðarvagns, ef þeim er lagt samhliða ystu brún vegar.

Aksturskeppni.

34. gr.

Eigi má efna til aksturskeppni, nema með leyfi lögreglustjóra. Eigi má án samþykkis vegamálastjóra heimila keppni á þjóðvegi eða sýsluvegi og án samþykkis sveitarstjórnar keppni utan vega.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um aksturskeppni, þar á meðal um eftirlit, greiðslu kostnaðar o.fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, svo og ákvæðum um hámarkshraða, enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Óþarfa hávaði o.fl.

35. gr.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal haga meðferð þess og akstri þannig, að frá því stafi eigi hávaði eða loftmengun að óþörfu.

Í námunda við íbúðarhús má ekki valda ónæði með ónauðsynlegum akstri. Þar skal haga hraða og akstursháttum að öðru leyti þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

V. ÖKUHRAÐI

Almennar reglur.

36. gr.

Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má aldrei verða meiri

en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinu breytta sjónsviði.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður:

a. í þéttbýli,
b. þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs,
c. við vegamót og í beygjum,
d. áður en komið er að gangbraut,
e. við blindhæð eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þegar hætta er á að ljós valdi glýju,
g. þegar ökutæki mætast á mjóum vegi,
h. þegar vegur er blautur eða háll,
i. þegar ökutæki nálgast stóra fólksbifreið eða merkta skólabifreið, sem numið hefur staðar til þess að hleypa farþegum inn eða út,
j. þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg,
k. þegar ökutæki nálgast aldraðan eða fatlaðan vegfaranda eða vegfaranda, sem ber auðkenni sjónskertra,
l. þegar ökutæki nálgast búfé á eða við veg,
m. þar sem vegavinna fer fram, og
n. þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

Ökumaður má eigi að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu.

Þegar vegur er blautur skal ökumaður, eftir því sem unnt er, aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

Almennar hraðatakmarkanir.

37. gr.

Í þéttbýli má ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst.

Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 70 km á klst., þó 80 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.

Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 90 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er til að greiða fyrir umferð, enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.

Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.

Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.

38. gr.

Ökuhraði fólksbifreiðar, sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 80 km á klst.

Ökuhraði annarra bifreiða, sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 70 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 70 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með annað tengitæki má aldrei vera meiri en 30 km á klst.

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur ákveðið, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1.–4. mgr. þessarar greinar, ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

Eigi má aka vélsleða á opinberum vegi hraðar en 30 km á klst. Það á þó eigi við um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

VI. SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL OG BIFHJÓL

Reiðhjól.

39. gr.

Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða, ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamaður skal hjóla hægra megin á akrein þeirri, sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs, ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, má vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Gildir þetta þrátt fyrir umferðarmerki eða önnur merki, nema þau séu sérstaklega ætluð hjólreiðamönnum.

Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Læsa skal reiðhjóli, sem lagt er, nema því sé lagt um stutta stund, og ganga þannig frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af.

40. gr.

Barn yngra en 9 ára má eigi hjóla á akbraut, nema undir leiðsögn og eftirliti manns, sem náð hefur 17 ára aldri.

Eigi má reiða farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 17 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið, að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

Eigi má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól.

41. gr.

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

Við akstur bifhjóls skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klofvega.

42. gr.

Ökumaður létts bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og að jafnaði báðar hendur á stýri.

Ökumaður létts bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Eigi má reiða farþega á léttu bifhjóli.

Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

VII. UM ÖKUMENN

Veikindi, áfengisáhrif o.fl.

43. gr.

Ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvíldartíma ökumanna.

44. gr.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50‰, en er minna en 1,20‰, eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Það leysir ökumann ekki undan sök, þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi, sem að framan greinir, stjórn ökutækis eða hests.

45. gr.

Ökumaður vélknúins ökutækis má eigi neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna í næstu 6 klst. eftir að akstri lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin vegna akstursins. Bann þetta á þó ekki við eftir að lögregla hefur látið taka blóðsýni úr ökumanni eða ákveðið að það skuli eigi gert.

46. gr.

Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann sé stjórnandi ökutækis og að hann sé vegna áfengisneyslu ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega, ber þeim að reyna að hindra hlutaðeigandi í því að aka ökutækinu, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Eigi má selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis. Skylt er bensínafgreiðslumönnum, ef þeir vita eða hafa ástæðu til að ætla, að ökumaður ætli að aka ökutækinu, að reyna að koma í veg fyrir brotið, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Öndunarsýni, blóðsýni o.fl.

47. gr.

Lögreglumaður getur tekið öndunarsýni af ökumanni vélknúins ökutækis, ef:

a. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 44. gr.,
b. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga, enda hafi dómsmálaráðherra ákveðið að öndunarsýni megi taka í þeim tilvikum,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða
d. hann hefur verið stöðvaður við almennt umferðareftirlit þar, sem fyrir fram hefur verið ákveðið af lögreglustjóra, að öndunarsýni skuli tekin.

Lögreglumaður getur fært ökumann til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 43. gr. eða 44. gr. eða hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það eigi. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisrannsóknar. Sama á við, þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega vegna rannsóknar samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn samkvæmt 1. og 2. mgr.

Ökupróf og ökuskírteini.

48. gr.

Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli, nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini, sem lögreglustjóri gefur út. Ökumaður skal hafa skírteinið meðferðis við akstur og sýna það, er löggæslumaður krefst þess.

Veita má ökuskírteini þeim, sem:

a. er fullra 17 ára,
b. sér og heyrir nægilega vel og er að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega, og
c. hefur hlotið kennslu löggilts ökukennara og sannað með prófi að hann hafi næga akstursháefni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf.

Neita má þeim um ökuskírteini, sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi efna eða er ekki nægilega reglusamur. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

49. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft að gefin séu út til fatlaðra manna, sem eru fullra 15 ára, ökuskírteini til að mega stjórna hægfara vélknúnum ökutækjum fyrir fatlaða.

50. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um kennslu og próf, til að mega stjórna:

a. vörubifreið, sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd,
b. stórri fólksbifreið,
c. bifreið, sem dregur eftirvagn eða tengitæki, sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd,
d. bifreið, sem flytur hættuleg efni eða tæki, og
e. bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Eigi má veita þeim, sem er yngri en 20 ára, réttindi til að mega stjórna ökutækjum þessum.

Heimilt er að synja manni um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

51. gr.

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í tvö ár.

Fullnaðarskírteini gildir þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 50. gr. skuli gilda skemur.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gildistíma ökuskírteina, sem gefin eru út til þeirra, sem eru fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur enn fremur ákveðið, að ökuskírteini skuli, ef aðstæður mæla með því, gilda skemur en ákveðið er í 3. mgr.

Endurnýja má ökuskírteini að loknum gildistíma, enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskírteini útgefið. Lögreglustjóri ákveður, hvort taka skuli próf að nýju. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að próf skuli tekið að nýju.

52. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. ökukennslu,
b. skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun, þar á meðal um ökupróf,
c. efni og form ökuskírteinis, og
d. gjald fyrir próf og ökuskírteini.

Lögreglustjórar halda skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Afturköllun ökuréttinda.

53. gr.

Lögreglustjóri getur afturkallað ökuréttindi, ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskírteini. Nú neitar hlutaðeigandi að taka þátt í rannsókn eða prófi, sem nauðsynlegt er til ákvörðunar þessarar, og getur lögreglustjóri þá afturkallað ökuréttindin þegar í stað. Varði skilyrðið það, hvort hlutaðeigandi er háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna, eða er ekki nægilega reglusamur, má bera ákvörðunina undir dómstóla eftir reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár, öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma, nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökupróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Sá, sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar eða afturköllunar, skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Erlend ökuskírteini.

54. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini, mega stjórna vélknúnum ökutækjum hér. Hann getur og sett reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem hafa erlend ökuskírteini, geta fengið íslenskt ökuskírteini.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og vélsleða.

55. gr.

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Ökuskírteini til að mega stjórna dráttarvél má ekki veita þeim, sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 14 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna vinnuvél utan vegar, enda sé ökumaður fullra 17 ára.

Enginn má stjórna léttu bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifhjóli. Ökuskírteini til að mega stjórna léttu bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 16 ára.

Enginn má stjórna vélsleða, nema hann sé fullra 16 ára og hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki.

Ákvæði 48. gr., 3.–5. mgr. 51. gr., 52. og 53. gr. gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um ökuskírteini samkvæmt grein þessari. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

Ökukennarar.

56. gr.

Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla hefur sá, sem hlotið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra.

Veita má slíka löggildingu þeim, sem:

a. er 21 árs eða eldri,
b. hefur ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að staðaldri síðustu þrjú árin, og
c. hefur staðist sérstakt próf fyrir ökukennara að afloknu ökukennaranámi.

Heimilt er að synja manni um löggildingu til ökukennslu, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding gildir í fimm ár, þó eigi lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi. Endurnýja má löggildingu, enda fullnægi ökukennari enn þá framangreindum skilyrðum og hafi að jafnaði stundað ökukennslu á liðnu löggildingartímabili. Í reglugerð má kveða á um endurmenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingu.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Æfingaakstur.

57. gr.

Æfingaakstur á bifreið má því aðeins fara fram, að við hlið nemanda sitji löggiltur ökukennari, sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi við prófakstur. Nú óskar maður, sem hefur ökuskírteini, að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 43.–47. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

Æfingaakstur á bifhjóli má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á að æfingaakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hætta af. Hann skal og gæta þess, að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af æfingaakstrinum.

Æfingaakstur má eigi fara fram fyrr en þremur mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið. Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum, má eigi æfa sig í akstri fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur á sérstökum lokuðum æfingasvæðum.

Upplýsingaskylda o.fl.

58. gr.

Eiganda (umráðamanni) ökutækis er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutækinu á tilteknum tíma.

Eigi má fela stjórn ökutækis þeim, sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki.

VIII. UM ÖKUTÆKI

Gerð og búnaður.

59. gr.

Ökutæki skal svo gert og því haldið þannig við að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi.

Ökumaður skal gæta þess, að ökutæki sé í góðu lagi. Sérstaklega skal þess gætt, að stýrisbúnaður, hemlar, merkjatæki og ljósabúnaður séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um eftirvagn og tengitæki, svo og tengingu þeirra og tengibúnað.

60. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð ökutækja og búnað þeirra og öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega, svo og hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem banna viðskipti með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum, ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþæginda fyrir ökumann eða aðra vegfarendur.

Dómsmálaráðherra getur, ef nauðsynlegt er út frá umferðaröryggissjónarmiðum, bannað notkun ökutækis, enda þótt það uppfylli skilyrði reglna, sem settar eru skv. 1. mgr.

61. gr.

Nú rís ágreiningur um það, til hvaða flokks samkvæmt 2. gr. ökutæki skuli teljast, og sker þá dómsmálaráðherra úr.

Dómsmálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að ökutæki af tiltekinni gerð skuli falla undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu 2. gr.

Tenging og dráttur ökutækja.

62. gr.

Við bifreið, vélsleða og reiðhjól má tengja einn eftirvagn eða tengitæki.

Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo eftirvagna eða einn eftirvagn og eitt tengitæki.

Við bifhjól og létt bifhjól má eigi tengja eftirvagn eða tengitæki.

Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn, sem skal þá vera hægra megin við ökutækið. Eigi má tengja hliðarvagn við létt bifhjól.

Dómsmálaráðherra setur reglur um tengingu eftirvagna, tengitækja og hliðarvagna. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

Dómsmálaráðherra setur reglur um drátt ökutækja.

Skráning.

63. gr.

Áður en bifreið, bifhjól, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um eftirvagn, sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að eigi þurfi að skrá ökutæki, sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

64. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. skráningu ökutækja og eigenda þeirra,
b. tilkynningu eigendaskipta,
c. skráningarmerki,
d. skráningarskírteini, sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
e. tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar, og
f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

65. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra. Við bifreiðaeftirlitið skulu starfa eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög og reglur, er um þau gilda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði bifreiðaeftirlitsmanna. Hann setur og reglur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins og starfssvið bifreiðaeftirlitsmanna.

Erlend ökutæki.

66. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um notkun erlendra ökutækja hér á landi, þar á meðal hvenær beri að skrá þau hér.

Skoðun ökutækja og eftirlit.

67. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur og sett reglur um framkvæmd almennrar skoðunar.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Það getur hvenær sem er krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, einstakar tegundir eða gerðir, skuli færð til sérstakrar skoðunar.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita einstökum verkstæðum löggildingu til að annast almenna skoðun ökutækja undir eftirliti bifreiðaeftirlitsins. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur með sama hætti veitt verkstæðum heimild til að annast tiltekna þætti skoðunar. Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðunarheimildir verkstæða.

Skoðunarmaður ritar vottorð um skoðun ökutækis í skráningarskírteini.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir skoðun ökutækja.

68. gr.

Löggæslumönnum er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og hleðslu. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það skuli fært til sérstakrar skoðunar.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins viðvart og síðan tilkynna það hlutaðeigandi lögreglu eða bifreiðaeftirliti, ef eigi verður úr bætt.

Bann við notkun ökutækis.

69. gr.

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá löggæslumaður tekið af því skráningarmerki.

Leiga ökutækja.

70. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra setur reglur um leigu ökutækja án ökumanns og ákveður gjald fyrir leyfi. Í þeim reglum má ákveða, að eigi þurfi leyfi til leigu á tilteknum flokkum ökutækja eða fyrir tiltekinni leigustarfsemi.

IX. UM NOTKUN ÖRYGGIS- OG VERNDARBÚNAÐAR

Öryggisbelti.

71. gr.

Hver sá, sem situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti, þegar bifreið stendur kyrr eða þegar ekið er aftur á bak. Sama á við um akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Ökumanni leigubifreiðar til mannflutninga er eigi skylt að nota öryggisbelti í leiguakstri.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis við annan sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

Hlífðarhjálmar.

72. gr.

Hver sá, er situr á bifhjóli, skal nota hlífðarhjálm.

Ökumaður skal sjá um að farþegi noti hlífðarhjálm.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálm, þegar bifhjól stendur kyrrt eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

X. FLUTNINGUR, HLEÐSLA, ÞYNGD OG STÆRÐ ÖKUTÆKJA

Hleðsla ökutækja.

73. gr.

Gæta skal þess, að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórntækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir, að eigi byrgi lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt, að valdi þeim eða öðrum hættu.

Farm skal flytja þannig, að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt, að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana, valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hleðslu og frágang farms, svo og hvernig merkja skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa vátryggingu, er bæti tjón vegna flutnings þeirra.

Flutningur á farþegum.

74. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Breidd, lengd og hæð ökutækja.

75. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja, með og án farms, þar á meðal um akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja. Reglur þessar skulu einnig taka til samtengdra ökutækja.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., um hæð ökutækja, hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning, sem eftir reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., má aðeins fara fram að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri metur hverju sinni þörf á aðstoð.

Ásþungi og þyngd.

76. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark ásþunga og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., getur veghaldari leyft meiri ásþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni ásþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum, sem settar eru samkvæmt grein þessari, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð, sem þörf er á að mati lögreglustjóra við flutning, sem veghaldari heimilar.

XI. HINDRUN Á VEGI

Óhreinkun vegar o.fl.

77. gr.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina.

Ef eitthvað, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, fellur eða rennur af ökutæki á veg, skal það þegar fjarlægt. Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfarendur við með merkjum eða á annan hátt, þar til það, sem hættu eða óþægindum veldur, hefur verið fjarlægt.

Leyfi lögreglu þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni, sem getur haft í för með sér óþægindi fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráðabirgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir eins utarlega á henni og unnt er og staðurinn merktur viðvörunarmerkjum. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvernig merkja skuli slíka staði.

Rekstur búfjár.

78. gr.

Eigi má án leyfis lögreglustjóra reka búfé á vegi í þéttbýli.

Utan þéttbýlis má reka búfé á vegi, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi, ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

XII. UMFERÐARSTJÓRN, UMFERÐARMERKI O.FL.

Umferðarstjórn o.fl.

79. gr.

Lögreglan getur stjórnað umferð þar sem hún telur þess þörf.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild annarra til að stjórna umferð.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um merkjagjöf við umferðarstjórn.

80. gr.

Við vegavinnu og þar sem skemmd hefur orðið á vegi, þannig að hætta stafi af fyrir umferð, getur veghaldari eða sá, sem hefur með höndum vegavinnu, stjórnað umferð, eftir því sem nauðsynlegt er, þar á meðal beint henni fram hjá vinnusvæði.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um umferðarstjórn skv. 1. mgr.

81. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum vegamálastjóra hvaða þjóðvegir utan kaupstaða og kauptúna skv. V. kafla vegalaga skuli teljast aðalbrautir þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, svo og vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða sýsluveg er að ræða, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem:

a. stöðvun og lagningu ökutækja,
b. hvar umferð skuli hafa forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.,
c. einstefnuakstur,
d. gangbrautir,
e. bann við tiltekinni umferð, og
f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

Dómsmálaráðherra ákveður hraðamörk skv. 3. og 4. mgr. 37. gr., að fengnum tillögum vegamálastjóra, ef um þjóðveg utan kaupstaða og kauptúna, sbr. V. kafla vegalaga, er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lögreglustjóri hraðamörkin, að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórni umferðinni. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, má þó í stað þess birta með opinberri auglýsingu.

82. gr.

Veghaldari getur takmarkað eða bannað umferð um stundarsakir, ef það er nauðsynlegt til hlífðar vegi; í kaupstað eða kauptúni að fengnu samþykki lögreglustjóra.

Stöðukort og stöðureitir.

83. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin, megi því aðeins leggja ökutæki að notuð skuli sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í kaupstað eða kauptúni er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Umferðarmerki o.fl.

84. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna.

Víkja má frá almennum umferðarreglum með merkjum skv. 1. mgr.

85. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að merki skv. 1. mgr. 84. gr. verði sett á eða við veg, þar sem sérreglur gilda um umferð eða þörf er á til stjórnunar, viðvörunar eða leiðbeiningar. Vegamálastjóri skal þó sjá um, að slík merki verði sett á eða við þjóðveg utan kaupstaða og kauptúna og sýsluveg.

Eigi má án leyfis lögreglustjóra (vegamálastjóra) setja merki skv. 1. mgr. 84. gr. á eða við veg.

Kostnað vegna merkja skv. 1. mgr. 84. gr. skal veghaldari greiða.

86. gr.

Þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt.

87. gr.

Spjöld, auglýsingar, ljósabúnað og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki skv. 1. mgr. 84. gr.

Hluti, sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi, getur lögreglustjóri látið fjarlægja, ef þeir líkjast merkjum skv. 1. mgr. 84. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XIII. UM FÉBÆTUR OG VÁTRYGGINGU

Grundvöllur ábyrgðar o.fl.

88. gr.

Sá, sem ábyrgð ber á vélknúnu ökutæki, skal bæta það tjón, sem hlýst af ökutækinu vegna umferðarslyss eða annars umferðaróhapps eða vegna sprengingar eða bruna, sem stafar frá eldsneytiskerfi í ökutækinu.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður, ef sá, sem varð fyrir tjóni eða lést, var meðvaldur að tjóninu af ásetningi. Bæturnar má enn fremur lækka og, ef sérstaklega stendur á, fella niður, ef sá, sem varð fyrir tjóni eða lést, var meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi.

Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður, ef sá, sem fyrir tjóni varð, var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

89. gr.

Nú hlýst tjón af vélknúnu ökutæki á annan hátt en greinir í 1. mgr. 88. gr. og skal þá sá, sem ábyrgð ber á ökutækinu, greiða bætur eftir almennum skaðabótareglum.

90. gr.

Líkamstjón eða tjón vegna missis framfæranda, sem hlýst af árekstri vélknúinna ökutækja, skal bæta eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. 88. gr.

Nú hlýst tjón á munum af árekstri vélknúinna ökutækja og fer þá með hliðsjón af atvikum öllum, hvort og hve miklar bætur skuli inna af hendi.

91. gr.

Bótaábyrgð samkvæmt 88.–90. gr. hvílir á þeim eiganda eða umráðamanni, sem notar ökutækið eða lætur nota það.

Ökumaður ber bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Vátryggingarskylda.

92. gr.

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af vélknúnu ökutæki, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra.

Vátryggingin skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda allt að 250 000 000 kr. og vegna tjóns á munum allt að 50 000 000 kr., sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

Dómsmálaráðherra skal árlega, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, breyta vátryggingarfjárhæðum þessum í samræmi við verðlagsbreytingar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að hve miklu leyti vátryggingin skuli bæta tjón, sem hlýst erlendis.

93. gr.

Vátryggingarskylda vegna skráningarskylds vélknúins ökutækis hvílir á eiganda ökutækisins eða umráðamanni. Að því er varðar önnur vélknúin ökutæki hvílir vátryggingarskyldan á þeim, sem notar það eða lætur nota.

Eigi er skylt að kaupa vátryggingu vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra getur undanþegið ökutæki, sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana, vátryggingarskyldu.

94. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um vátryggingarskylduna.

Vátryggingariðgjald nýtur lögtaksréttar, einnig þótt vátryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Greiðsluskylda og endurkröfuréttur vátryggingafélags.

95. gr.

Vátryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 92. gr.

Samningur milli vátryggingafélags og vátryggingartaka um að félagið skuli eiga endurkröfurétt á hendur þeim, sem skv. 91. gr. ber ábyrgð á tjóninu, þegar vátryggingaratburðurinn stafar af gáleysi þess, sem ber bótaábyrgðina, er einungis gildur, ef vátryggingaratburðurinn stafar af gáleysi, sem telja má vítavert tillitsleysi.

96. gr.

Vátryggingafélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu skv. 92. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingafélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort beita skuli endurkröfurétti vegna ásetnings eða gáleysis þess, sem ábyrgð ber á tjóni. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til nefnir Félag íslenskra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingafélögin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

Meðferð skaðabótamála.

97. gr.

Nú er höfðað einkamál til heimtu bóta gegn þeim, sem bótaskyldur er skv. 91. gr., og skal þá höfða slíkt mál jafnframt gegn vátryggingafélagi því, sem ábyrgðartryggt hefur ökutækið.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 88. og 89. gr. höfð uppi í opinberu máli, og skal þá tilkynna vátryggingafélagi því, er ábyrgðartryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellisdómur bindandi fyrir vátryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

98. gr.

Nú eru bætur vegna sama tjóns ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði, má vátryggingafélagið vítalaust greiða vátryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

99. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að láta uppi álit um skiptingu bótaábyrgðar skv. 2. mgr. 90. gr. Skulu nefndarmenn fullnægja kröfum um almenn dómaraskilyrði.

Nefndin getur látið uppi álit um skiptingu ábyrgðar að kröfu aðila máls, eins eða fleiri. Skulu vátryggingafélög senda nefndinni gögn, er þau hafa reist á álit sitt um skiptingu ábyrgðar. Álit nefndarinnar skal byggjast á gögnum þessum, nema sérstakar ástæður mæli með öflun frekari gagna. Nefndin skal láta uppi álit eins fljótt og unnt er, og að jafnaði ekki síðar en þremur vikum eftir að málsgögn hafa borist henni.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en vátryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann getur og sett nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

Fyrning bótakrafna.

100. gr.

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

XIV. VIÐURLÖG

Refsingar.

101. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Eigi skal þó refsa fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 109. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

Svipting ökuréttinda.

102. gr.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuréttindi.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma og eigi skemur en einn mánuð eða ævilangt, ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki skal gerð í dómi.

103. gr.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 44. gr., og skal hann þá sviptur ökuréttindum. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2. mgr. 44. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3. mgr. 44. gr. eða 45. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en eitt ár. Fari vínandamagn í blóði ökumanns yfir 2‰, skal svipting að jafnaði ekki vera skemur en tvö ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 44. eða 45. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3. mgr. 44. gr., skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

Bráðabirgðasvipting.

104. gr.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Áhrif áfrýjunar.

105. gr.

Áfrýjun dóms, þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttinda, frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði, að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar, ef sérstaklega stendur á.

Brot erlendis.

106. gr.

Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt sviptingu ökuréttinda eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu ökuréttinda, og má þá svipta hann þeim réttindum í sérstöku opinberu máli, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 102.–105. gr.

Endurveiting ökuréttinda.

107. gr.

Nú hefur maður verið sviptur ökuréttindum um lengri tíma en þrjú ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað, að honum skuli veitt ökuréttindi að nýju. Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

Endurveitingu skal því aðeins heimila að sérstakar ástæður mæli með því, en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

Haldsréttur í ökutækjum.

108. gr.

Ef ökumaður vélknúins ökutækis, sem búsettur er erlendis, brýtur gegn ákvæðum laga þessara, og ökutækið er skráð erlendis, getur lögreglan lagt hald á það þar til makleg sekt, málskostnaður, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

Þegar hald er lagt á ökutæki skv. 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um meðferð opinberra mála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um ökumenn, sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Gjald vegna stöðvunarbrota.

109. gr.

Leggja má gjald á vegna brota á:

a. ákvæðum 4. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 28. gr.,
c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og
f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.

Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds þessa, að öllu leyti eða að hluta, fram

með aðstoð sérstakra stöðuvarða. Hann getur og ákveðið, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélags.

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

Gjald, sem lagt hefur verið á, rennur í ríkissjóð, þegar lögreglan annast álagningu gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags rennur gjaldið til sveitarsjóðs, og getur dómsmálaráðherra þá ákveðið, hvernig því skuli varið.

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins og setur nánari reglur um hvernig það skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest.

110. gr.

Gjald, sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 109. gr., hvílir á þeim, sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði, að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti, hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í ökutækinu, hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests, skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um, að málið verði, að tilteknum tíma liðnum, sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

Verði gjaldið eigi greitt innan frests skv. 2. mgr., og engar mótbárur eða varnir hafa verið hafðar uppi, má krefjast nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar gjaldinu, eftir reglum laga nr. 49 1951, en þó þarf ekki að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðsþola frekari tilkynningu. Einnig má krefjast lögtaks hjá þeim, sem ábyrgð ber á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr.

Ef fram koma mótbárur eða varnir, sem ekki eru teknar til greina, skal, innan mánaðar frá móttöku, beiðast lögtaks hjá þeim, sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, þannig að færa megi fram varnir í fógetarétti. Mótbárum eða vörnum, sem berast eftir að liðinn er frestur skv. 2. mgr., skal fógeti vísa frá, nema dráttur sé eigi eiganda eða notanda að kenna og varnir eru bornar fram eins fljótt og unnt er.

Brottflutningur ökutækja.

111. gr.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki, sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja, eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki, sem skilið hefur verið eftir án skráningarmerkja, og ökutæki, sem telja verður að eigandi hafi yfirgefið að fullu. Enn fremur ökutæki, sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði, sem ekki er ætlað til almennrar umferðar, skal það því aðeins flutt á brott, að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað, sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um, ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins,

nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram, að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur, verði það selt. Ef eigandi er óþekktur, má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægt.

Að loknum fresti skv. 3. mgr. skal selja ökutækið á opinberu uppboði eða til niðurrifs, ef ætla má að hærra verð fáist þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó, innan árs frá því sala fór fram, krafist greiðslu á söluandvirðinu, að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu eða bifreiðaeftirlits.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða í grein þessari, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

XV. UMFERÐARRÁÐ, UMFERÐARFRÆÐSLA O.FL.

112. gr.

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, sem stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

113. gr.

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn, og skal hlutverk þess vera:

a. að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,
b. að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,
c. að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,
d. að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,
e. að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum,
f. að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu,
g. að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru, er umferð varðar,
h. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
i. að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði, og
j. að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða.

Umferðarráði ber árlega að efna til opinnar ráðstefnu um umferðaröryggismál.

114. gr.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður.

Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra eftir tilnefningu og eiga eftirtaldir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara: Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra,

Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bílgreinasambandið, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur", lögreglustjórinn í Reykjavík, menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands.

115. gr.

Innan Umferðarráðs skal starfa fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum, sem Umferðarráð velur til eins árs í senn.

Framkvæmdanefnd fer með yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn á starfsemi ráðsins og ræður starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri skulu vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um, og gefa ráðinu skýrslu um starfsemi þess á milli funda.

116. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun framkvæmdanefndar Umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í Umferðarráði ólaunuð.

Kostnaður við starfsemi Umferðarráðs greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

117. gr.

Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Slíka nefnd skal skipa í kaupstöðum og kauptúnahreppum. Sveitarstjórnum er heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

118. gr.

Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur, að fenginni umsögn Umferðarráðs, reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum.

XVI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Gildistaka.

119. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1987.

Jafnframt falla úr gildi umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, með áorðnum breytingum.

120. gr.

Fullnaðarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara án sérstakrar tímatakmörkunar, skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára.

Ákvæði þetta gildir ekki um ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968.

Þeir, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa öðlast rétt til að mega stjórna léttu bifhjóli eða vélsleða, halda þeim rétti sínum, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 3. og 4. mgr. 55. gr. um aldur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til umferðarlaga, samið af umferðarlaganefnd, hefur legið fyrir Alþingi á síðustu tveimur þingum, en hefur eigi hlotið afgreiðslu. Er frumvarpið var til meðferðar á síðasta Alþingi lágu fyrir margvíslegar umsagnir allmargra aðila. Við þinglok hafði allsherjarnefnd efri deildar, sem hafði frumvarpið til athugunar, eigi lokið yfirferð sinni yfir frumvarpið og umsögnum þeim sem borist höfðu.

Til að undirbúa frumvarpið fyrir næsta þing skipaði dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 12. maí 1986, alþingismennina Eið Guðnason, Helga Seljan, Salome Þorkelsdóttur og Jón Kristjánsson sem formann í nefnd til þess að endurskoða frumvarpið, m.a. með hliðsjón af athugasemdum og umsögnum sem fram höfðu komið. Jafnframt var ákveðið að Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri skyldi starfa með nefndinni af hálfu ráðuneytisins.

Nefndin skilaði niðurstöðu sinni til ráðuneytisins með bréfi, dags. 6. október 1986.

Skriflegar athugasemdir, umsagnir og ábendingar höfðu borist frá eftirtöldum samtökum, stofnunum og embættum: Bifreiðaeftirliti ríkisins, Bifreiðastjórafélaginu Sleipni, Bílgreinasambandinu, borgardómaraembættinu í Reykjavík, Búnaðarfélagi Íslands, Félagi íslenskra bifreiðaeftirlitsmanna, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, framkvæmdastjóra Umferðarráðs, landlækni, landsnefnd um slysavarnir, Landssambandi íslenskra akstursíþróttafélaga, Landssambandi lögreglumanna, Landssambandi vörubifreiðastjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, námsstjóra umferðarfræðslu, Neytendasamtökunum, Rauða krossi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipulagi ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, sýslumanninum í Húnavatnssýslu, sýslumanninum í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetanum á Eskifirði, Tryggingaeftirlitinu, Tryggingastofnun ríkisins, Umferðarráði, Vegagerð ríkisins, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, Vinnueftirliti ríkisins og Ökukennarafélagi Íslands. Enn fremur bárust athugasemdir frá nokkrum einstaklingum.

Nefndin varð sammála um að leggja til að gerðar yrðu á frumvarpinu allmargar breytingar áður en það yrði á ný lagt fyrir Alþingi. Varða þær flestar greinar frumvarpsins, ýmist málfar eða efni. Helstu efnisbreytingar, sem nefndin lagði til að gerðar yrðu á frumvarpinu, eru þessar:

Ljósatími allan sólarhringinn lengist um tvo mánuði, þannig að hann verði frá 1. september til 30. apríl.

Nýmæli um vinstri beygju hjólreiðamanns verði valkvætt.

Aldur barns til að mega hjóla verði 9 ár og aldur hjólreiðamanns til að reiða farþega verði 17 ár.

Gildistími fullnaðarskírteinis til aksturs venjulegrar bifreiðar og bifhjóls verði til 70 ára aldurs.

Ákvæði komi um heimild til að setja reglur um æfingaakstur á lokuðum svæðum.

Felldar verði niður undanþágur frá notkun hlífðarhjálms á bifhjóli.

Bótaábyrgð verði rýmkuð til samræmis við þróun erlendis.

Lögboðin vátryggingarfjárhæð verði hækkuð verulega.

Ákvæði komi um árlega ráðstefnu um umferðaröryggismál á vegum Umferðarráðs.

Nokkur atriði taldi nefndin af ýmsum ástæðum rétt að bíði meðferðar Alþingis. Á það m.a. við um ákvæði er varða ökuhraða, ákvæði um aldur til að stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli og vélsleða, ákvæði um skipan Umferðarráðs o.fl.

Breytingartillögur endurskoðunarnefndarinnar hafa í öllum meginatriðum verið felldar inn í frumvarp umferðarlaganefndar ásamt nokkrum atriðum til viðbótar, fyrst og fremst til lagfæringar á orðalagi. Breytingarnar varða ekki uppsetningu frumvarpsins. Hins vegar verður nokkur breyting á greinatölu þar sem inn í frumvarpið bætast tvær nýjar greinar, á eftir 2. og 88. gr. miðað við fyrra frumvarp, og fjórar greinar fyrra frumvarps eru felldar niður, þ.e. 12., 43., 67. og 95. gr. Þegar frumvarp þetta er borið saman við fyrra frumvarp er þessa þá að geta: 1. og 2. gr. frumvarpsins ásamt 13.–42. gr. svara til sömu greina í fyrra frumvarpi, 3. gr. er ný, 4.–12. gr. svara til 3.–11. gr., 43.–65. gr. til 44.–66. gr., 66.–88. gr. til 68.–90. gr., 90.–93. gr. til 91.–94. gr. og 94.–120. gr. frumvarpsins svara til 96.–122. gr. fyrra frumvarps.

Í hinum almennu athugasemdum og í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er byggt á athugasemdum við hið upphaflega frumvarp, en þær endurskoðaðar miðað við þær breytingar sem á frumvarpinu hafa verið gerðar.

Núgildandi umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968 eru að stofni til frá árinu 1958, en þá voru sett heildarlög um umferð, umferðarlög nr. 26 2. maí 1958. Frá þeim tíma hafa verið gerðar ýmsar breytingar á umferðarlögunum, og var veigamesta breytingin gerð þegar hægri umferð var lögleidd hér á landi árið 1968.

Tilgangur endurskoðunar umferðarlaga að þessu sinni er einkum tvíþættur. Annars vegar er ljóst, að umferðarlögin eru á ýmsum sviðum orðin ófullkomin og sums staðar beinlínis úrelt. Hins vegar er nauðsynlegt, m.a. vegna aukinna samskipta þjóða í milli, að samræma umferðarlög hér á landi eftir því sem kostur er umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamningum um umferð. Hafa þessi tvö atriði ráðið mestu um breytingar þær sem felast í frumvarpinu. Gerir frumvarpið, ef samþykkt verður, það kleift að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um umferð sem gerður var í Vínarborg 8. desember 1968. Við samningu lagafrumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af breytingum sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á umferðarlögum og reglum annars staðar á Norðurlöndum, en sú endurskoðun byggði á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite (NVK), sem gert hafði tillögur um samnorrænar umferðarreglur er byggðu m.a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál.

Við samningu frumvarpsins hefur einnig verið tekið tillit til aðstæðna hér á landi. Leitaði umferðarlaganefnd í upphafi starfs síns eftir ábendingum og óskum frá aðilum, stofnunum og samtökum sem láta sig umferðarmál varða á einn eða annan hátt, og bárust henni mörg svör með gagnlegum ábendingum og tillögum.

Í frumvarpi þessu er uppsetningu breytt verulega frá því sem nú er í umferðarlögum. Skiptist frumvarpið í fleiri kafla og er hverjum kafla skipt með millifyrirsögnum. Ætti fyrirkomulag þetta að auðvelda mjög uppflettingu og lestur. Þá er röð einstakra kafla breytt. Er það einkum gert með tilliti til áhersluatriða. Þannig eru umferðarreglur fyrst teknar fyrir, þá reglur um ökumenn, síðan ákvæði um ökutæki o.s.frv.

Helstu breytingar frá gildandi umferðarlögum samkvæmt frumvarpinu eru:

Skilgreiningu á hugtakinu bifreið er breytt þannig að vélknúin ökutæki til fólks- eða vöruflutninga sem aka hægar en 30 km á klst. teljast ekki bifreið. Sama er um vélknúin ökutæki sem ekki eru ætluð til slíkra flutninga og aka má hraðar en 30 km á klst., sbr. 2. gr.

Skilgreining á hugtökunum dráttarvél og vinnuvél er gerð skýrari, og 30 km hraðaviðmiðun felld niður, sbr. 2. gr.

Lagning ökutækja er skilgreind, sbr. 2. gr.

Vernd barna og fatlaðra er aukin, sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 18. gr.

Ákvæði um vistgötur, sbr. 7. gr.

Reglum um skyldur við umferðaróhöpp er breytt, sbr. 10. gr.

Kveðið er skýrar á um að ökutæki skuli vera vel til hægri á akbraut, sbr. 1. mgr. 14. gr.

Ákvæði um akstur af aðrein og um notkun afreinar, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr.

Ákvæði um sérstaka skyldu ökumanns gagnvart skólabifreið sem numið hefur staðar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Nánari ákvæði um framúrakstur, þar á meðal um akstur á akreinum í þéttri umferð, sbr. 20.–24. gr.

Reglur um skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum eru ítarlegri, sbr. 26. gr.

Ákvæði um bann við lagningu ökutækja á gangstéttum, sbr. 3. mgr. 27. gr.

Ákvæði um skyldu til að gera ráðstafanir, ef þörf krefur, til að vara aðra vegfarendur við ef ökutæki er bilað á akbraut, sbr. 30. gr.

Ákvæði um merkjagjöf við breytta aksturssstefnu eru gerð nokkru ákveðnari, sbr. 2. mgr. 31. gr.

Nánari reglur um ljósanotkun, þar á meðal um notkun ljósa allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl, sbr. 32. gr.

Sérákvæði um að nægilegt sé að nota ljós sem eru nær miðju vegar á tilteknum ökutækjum sem lagt er í þéttbýli, sbr. 3. mgr. 33. gr.

Heimild til að setja reglur um greiðslu kostnaðar vegna lögregluaðstoðar, sbr. 34. gr., 3. mgr. 75. gr. og 3. mgr. 76. gr.

Heimild til að víkja frá ákvæðum um fébótaábyrgð og vátryggingu í reglum um aksturskeppnir, sbr. 34. gr.

Ákvæði um að ekki megi valda ónæði með ónauðsynlegum akstri í námunda við íbúðarhús, sbr. 2. mgr. 35. gr.

Ákvæði sem beinist gegn þeim sem með hægum akstri tefja akstur annarra, sbr. 3. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Heimild til að aka á allt að 80 km hraða á klst. á vegum með bundnu slitlagi utan þéttbýlis, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Reglur um ökuhraða stórra fólksbifreiða, vörubifreiða og dráttarbifreiða eru rýmkaðar, sbr. 1.–3. mgr. 38. gr.

Ökuhraði vélsleða á opinberum vegi er takmarkaður við 30 km á klst., sbr. 6. mgr. 38. gr.

Nýjar reglur um vinstri beygju hjólreiðamanna, sbr. 3. mgr. 39. gr.

Ákvæði um 9 ára lágmarksaldur barns til að hjóla á akbraut og 17 ára lágmarksaldur til að reiða barn, sbr. 1. og 2. mgr. 40. gr.

Reglur um bifhjól gildi í aðalatriðum um létt bifhjól, sbr. 4. mgr. 42. gr.

Ákvæði um áfengisneyslu eftir umferðaróhapp o.þ.h., sbr. 45. gr.

Ákvæði um skyldu bensínafgreiðslumanna að hindra ölvunarakstur, sbr. 2. mgr. 46. gr.

Ákvæði um töku öndunarsýna, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Ákvæðum um ökuréttindaflokka er breytt, sbr. 50. gr.

Bráðabirgðaökuskírteini gildi í 2 ár, sbr. 2. mgr. 51. gr.

Fullnaðarskírteini til aksturs venjulegrar bifreiðar og bifhjóls gildi til 70 ára aldurs, sbr 3. mgr. 51. gr.

Heimild til að ákveða að norræn ökuskírteini gildi hér á landi, sbr. 2. mgr. 54. gr.

Ákvæði um 14 ára aldursmark við akstur dráttarvéla við landbúnaðarstörf, sbr. 1. mgr. 55. gr.

Ákvæði um 16 ára aldursmark til útgáfu ökuskírteina til aksturs léttra bifhjóla og vélsleða, sbr. 3. og 4. mgr. 55. gr.

Heimild til að setja reglur um endurmenntun ökukennara, sbr. 4. mgr. 56. gr.

Ákvæði um heimild til að setja reglur um æfingaakstur á lokuðum svæðum, sbr. 5. mgr. 57. gr.

Heimild til að ákveða skráningu tengitækja og vinnuvéla, sbr. 1. mgr. 63. gr.

Heimild til að ákveða að eigi þurfi að skrá ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan vega, sbr. 2. mgr. 63. gr.

Skráning ökutækja verði í höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins, sbr. 65. gr.

Heimild til að fela verkstæðum almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar, sbr. 3. mgr. 67. gr.

Felldar eru niður undanþágur frá notkun hlífðarhjálms á bifhjóli, sbr. 72. gr.

Heimild til að setja reglur um flutning hættulegra efna og tækja, sbr. 5. mgr. 73. gr.

Reglur verði settar um breidd, lengd og hæð ökutækja og um ásþunga og þyngd, sbr. 75. og 76. gr.

Ákvæði um að setja megi reglur um heimild annarra en lögreglu til að stjórna umferð, sbr. 2. mgr. 79. gr.

Heimild til að setja reglur um notkun stöðukorta, sbr. 1. mgr. 83. gr.

Ákvæði um rýmkun bótaábyrgðar, sbr. 80.–91. gr.

Ákvæði um hækkun vátryggingarfjárhæða, sbr. 92. gr.

Ákvæði um lögboðna eigin áhættu felld niður, sbr. 95. gr.

Skipuð verði nefnd til að láta uppi álit um skiptingu bótaábyrgðar, sbr. 99. gr.

Breytt ákvæði um ökuleyfissviptingu og endurveitingu, sbr. 102., 103. og 107. gr.

Ákvæði um haldsrétt í erlendum ökutækjum, sbr. 108. gr.

Ákvæði um gjald vegna stöðvunarbrota, sem ekki verða refsiverð, sbr. 109. og 110. gr. og 2. mgr. 101. gr.

Ákvæði um brottflutning ökutækja, sbr. 111. gr.

Ákvæði um árlega ráðstefnu um umferðaröryggismál, sbr. 3. mgr. 113. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í *1. kafla* er fjallað um gildissvið laganna og skilgreiningu hugtaka.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða 1. gr. umferðarlaga.

Um 2. gr.

Greinin svarar til 2. gr. umferðarlaga og fjallar um skilgreiningu hugtaka sem notuð eru í frumvarpinu. Er efni greinarinnar skipað með öðrum hætti en nú er og hugtökum raðað í stafrófsröð til hægðarauka. Ýmsum skilgreiningum er breytt og nokkrum hugtökum, sem nauðsynlegt þykir að skilgreina, bætt við. Nokkrar breytingar eru gerðar á skilgreiningum miðað við fyrra frumvarp.

Akbraut: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Akrein: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Ásþungi: Kemur í stað öxulþunga, og er efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Bifhjól: Í meginatriðum í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga. Tekið er þó fram, að til bifhjóla teljast einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni. Létt bifhjól eru flokkur bifhjóla.

Bifreið: Gerðar eru veigamiklar breytingar á skilgreiningu þessa hugtaks og því skipt í þrennt til hægðarauka. Í *fyrsta* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og eru á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hönnuð eru til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga. Í *öðru* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem

aðallega eru ætluð til að draga annað ökutæki og hönnuð eru til hraðari aksturs en 30 km á klst., og í *þriðja* lagi vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og eru búin beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og eru 400 kg að eigin þyngd eða meira. Meginbreytingin er sú að áskilinn er 30 km ökuhraði á klst. að því er varðar ökutæki til fólks- eða vöruflutninga. Þá lenda utan skilgreiningarinnar ýmis ökutæki sem ekki eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og aka má hraðar en 30 km á klst. og teljast þau þá til dráttarvéla eða vinnuvéla.

Dráttarvél: Skilgreiningin er gerð skýrari. Er gert ráð fyrir því að dráttarvélar skuli ekki einungis aðallega hannaðar til að draga annað ökutæki heldur jafnframt til að draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki. Fellt er niður að dráttarvélar megi eigi vera gerðar til hraðari aksturs en 30 km á klst.

Eftirvagn: Samheiti fyrir festivagn og tengivagn, en þau hugtök eru skilgreind í umferðarlögum. Skilgreining á flokkum eftirvagna þarf hins vegar ekki að koma fram í umferðarlögum.

Eigin þyngd: Breytt frá skilgreiningu umferðarlaga til samræmis við Vínarsamninginn um umferð, þannig að til eigin þyngdar teljist eldsneyti, smurolía og kælivatn.

Gangbraut: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Gangstétt: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Heildarþyngd: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga þegar tillit er tekið til skilgreiningar á hugtakinu eigin þyngd.

Hliðarvagn: Samsvarandi skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Lagning ökutækis: Ekki skilgreint í umferðarlögum. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort ökumaður er í ökutækinu.

Létt bifhjól: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Reiðhjól: Ekki skilgreint í umferðarlögum. Tekið er fram að hægfara vélknúnir hjólastólar skuli teljast til reiðhjóla.

Stór fólksbifreið: Ekki skilgreint í umferðarlögum. Orðið samsvarar „bus" í erlendri löggjöf og því er ætlað að koma í stað almenningsvagns sem notað er í umferðarlögum.

Tengitæki: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Tekið er fram að til tengitækja skuli teljast útileguvagnar (hjólhýsi og tjaldvagnar).

Vegamót: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Vegfarandi: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga.

Vegur: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga með þeirri breytingu að bifreiðastæðum er bætt í upptalninguna.

Vélknúið ökutæki: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga.

Vélsleði: Efnislega í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu beltabifhjól í umferðarlögum.

Vinnuvél: Gerðar eru veigamiklar breytingar á skilgreiningu þessa hugtaks í samræmi við breytingar á skilgreiningu hugtaksins bifreið. Er hugtakinu til hægðarauka skipt í þrennt. Í *fyrsta* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til sérstakra verka, eru búin áfestum tækjum eða vélum og eru á hjólum og/eða beltum. Í *öðru* lagi vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og eru á hjólum og eigi eru hönnuð til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól. Og í *þriðja* lagi vélknúin ökutæki sem stjórnað er af gangandi manni. Breytingin felur í sér nákvæmari skilgreiningu á hefðbundnum vinnuvélum, en jafnframt er hraðaviðmiðun felld niður að því er þau ökutæki varðar. Þá eru felld undir þennan flokk hægfara ökutæki sem ekki falla undir a- og b-lið í skilgreiningu á bifreið.

Þéttbýli: Hugtakið er ekki skilgreint í umferðarlögum, en ýmsum ákvæðum frumvarpsins er ætlað að gilda um þéttbýli, þar á meðal ákvæðin um ökuhraða.

Ökutæki: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Tekið er fram að eingöngu er átt við tæki, sem ætluð eru til aksturs á landi. Ekki er gert ráð fyrir að loftför teljist ökutæki samkvæmt skilgreiningunni.

Um 3. gr.

Greinin er ný miðað við fyrra frumvarp.

1. mgr. um reiðmenn kemur í stað 1.–3. mgr. 43. gr. fyrra frumvarps, er komu í stað ákvæða í 63. gr. umferðarlaga. Gilda þá um reiðmenn almenn ákvæði um umferð ökutækja eftir því sem við á.

2. og 3. mgr. fjalla um það hverjir teljist einnig til gangandi vegfarenda í skilningi umferðarlaga. Koma þær í stað 12. gr. fyrra frumvarps, með nokkrum breytingum á 1. mgr. hennar, og í stað 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Er tekið fram, að þeir sem eru á skíðum, hjólaskíðum eða skautum eða renna sér á sleða teljist til gangandi vegfarenda.

Í *II. kafla* er fjallað um reglur sem gilda fyrir alla umferð.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. kemur í stað 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Samkvæmt gildandi ákvæði skal sýna sérstaka varúð þar sem vænta má að börn séu að leik og gagnvart þeim sem bera merki fatlaðra. Lagt er til að fleiri vegfarendahópar verði taldir með þeim sem sýna skal sérstaka tillitssemi. Taki ákvæðið þá til barna án tillits til þess hvar þau eru og aldraðra, svo og þeirra sem eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að hái þeim í umferðinni, jafnvel þótt þeir beri ekki auðkenni fatlaðra. Gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um auðkenni fatlaðra, þar á meðal um notkun hvíts stafs fyrir sjónskerta, svo sem raunar þegar hefur verið gert.

3. mgr. kemur í stað 90. gr. umferðarlaga með þeirri breytingu, að frumkvæði að því að gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu á leið þeirra til og frá skóla flyst frá skólastjórum til viðkomandi lögreglustjóra og veghaldara. Þeir skulu þó hafa samráð við skólayfirvöld á hverjum stað.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 4. gr. fyrra frumvarps, en er með breyttu orðalagi og efnisskipan.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Ákvæði um umferðarmerki o.þ.h. eru í 84. gr. frumvarpsins.

2. mgr. er í samræmi við ríkjandi skilning.

3. mgr. samsvarar 3. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti heimilað öðrum en lögreglumönnum að stjórna umferð, sbr. 2. mgr. 79. gr. frv. Ákvæði um merkjagjöf við umferðarstjórn eru í 3. mgr. 79. gr. frv.

Um 6. gr.

1. og 2. mgr. samsvara 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi, og með þeirri viðbót, að einnig er bannað að draga með ökutæki á vegi þann, sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum.

3. mgr. samsvarar 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. umferðarlaga.

Um 7. gr.

Ákvæði um vistgötur er nýmæli. Vistgötur eru svæði, t.d. götur, sem einkum eru ætluð til dvalar og leiks, en umferð ökutækja er þar engu að síður heimil með takmörkunum. Á þetta einkum við um íbúðahverfi þar sem atvinnustarfsemi er lítil eða engin og umferð annarra en þeirra sem þar búa og gesta þeirra lítil. Vistgötur eru auðkenndar með sérstöku umferðarmerki, sem gefur til kynna takmarkanir á umferð ökutækja. Meginreglan er sú að gangandi vegfarendur hafa þar forgang gagnvart umferð ökutækja og ber ökumönnum að sýna þeim sérstaka tillitssemi. Þó má gangandi vegfarandi eigi hindra för ökutækja um vistgötu að óþörfu. Sérstök ákvæði gilda um lagningu ökutækja á vistgötum. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við erlendar reglur og þarfnast eigi skýringa.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um neyðarakstur tiltekinna ökutækja og svara ákvæðin til 2. mgr. 38. gr. og 1.–4. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglur um neyðarakstur, þ.e. hvenær grípa megi til neyðaraksturs og með hvaða hætti hann er undanþegin ákvæðum laganna.

2. mgr. er efnislega í samræmi við 1. og 2. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er efnislega í samræmi við 3. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

4. mgr. er nýmæli til verndar slys- eða brunastað.

5. mgr. samsvarar 39. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Um 9. gr.

1. mgr. kemur í stað 4. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Er lagt til að eigi megi nema á brott eða breyta umferðarmerki, nema með leyfi viðkomandi yfirvalds, svo sem í tengslum við vegavinnu.

2. mgr. kemur í stað 3. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Er lagt til að áfram hvíli skylda á þeim sem skemmt hefur umferðarmerki til að lagfæra það ef þess er kostur, en annars skal hann tilkynna lögreglu um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar. Felld er hins vegar niður skylda vegfaranda sem verður þess var að umferðarmerki er laskað eða fært úr stað til að lagfæra það og tilkynna lögreglu. Þykir ákvæðið heldur viðurhlutamikið og erfitt í framkvæmd.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 9. gr. fyrra frumvarps með nokkrum breytingum.

1. mgr. er í meginatriðum í samræmi við 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. kemur í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Er gerður munur á tilkynningarskyldu þess sem hlut hefur átt að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi eftir því hvort meiðsl hafa orðið á mönnum eða ekki. Ef meiðsl hafa orðið á mönnum, skal tilkynna lögreglu um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef einungis hefur orðið eignatjón verður því aðeins skylt að tilkynna lögreglunni um óhappið ef enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum sem um ræðir í 1. mgr. greinarinnar. Með þessu mun fækka þeim tilvikum er kveðja þarf til lögreglu þegar einungis er um eignatjón að ræða. Mun það draga úr umferðartöfum vegna óhappa. Er breyting þessi til samræmis við ákvæði í löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

3. mgr. er nýmæli. Er þar kveðið á um að eigi megi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn slyss, hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi. Þó er heimilt að færa úr stað ökutæki sem veldur verulegri hættu fyrir umferðina.

Í *III. kafla* eru umferðarreglur sem gilda fyrir gangandi vegfarendur.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um notkun gangandi vegfarenda á vegi. Meginreglan er sú samkvæmt 1. mgr. sem kemur í stað 1. og 2. mgr. 61. gr. umferðarlaga að gangandi vegfarendur skuli nota þann hluta vegar sem liggur utan akbrautar, þ.e. gangstétt, gangstíg eða vegaröxl. Annars skal að jafnaði ganga á akbraut við vinstri vegarbrún í gönguátt, nema hinn gangandi vegfarandi leiði reiðhjól eða létt bifhjól, en þá skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Í 2. mgr. er lagt bann við því að leiða reiðhjól eða létt bifhjól eða flytja fyrirferðarmikla hluti á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 62. gr. umferðarlaga.

Um 12. gr.

Greinin sem fjallar um það hvernig gangandi vegfarandi skal fara yfir akbraut samsvarar 3. mgr. 61. gr. umferðarlaga, með nokkrum breytingum. Aðalreglan er sú að gangandi vegfarandi skal nota gangbraut, göng eða brú fyrir gangandi vegfarendur, ef fyrir hendi er. Að öðrum kosti skal hann leitast við að fara yfir akbrautina sem næst vegamótum.

Í 1. mgr. er þess krafist af gangandi vegfarendum að þeir gæti vel að ökutækjum sem nálgast er þeir ætla yfir akbraut, og tefji ekki að nauðsynjalausu á leið yfir hana.

2. mgr. fjallar um hvar gangandi vegfarandi má fara yfir akbraut. Ef ekki er farið eftir gangbraut skal ganga þvert yfir akbraut.

3. mgr. er nýmæli og fjallar um umferð gangandi vegfarenda þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum.

Í *IV. kafla* eru umferðarreglur sem gilda fyrir ökumenn.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um notkun vegar fyrir ökumenn. Er meginreglan sú að ökumaður skal nota akbraut, hvert sem ökutækið er. Hann má ekki aka eftir gangstétt eða gangstíg. Bannið ber að skilja í samhengi við önnur ákvæði frv., sbr. 2. mgr. 26. gr., 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 39. gr.

2. mgr. svarar til 44. gr. umferðarlaga.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um það hvar aka skuli á vegi og svarar til 45. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan um hægri umferð. Svarar ákvæðið til 1. mgr. 45. gr., en kveðið er skýrar en nú á um að ökutæki skuli vera vel til hægri á akbraut. Frávik frá reglunni koma fram um akstur á akreinum og í beygjum, sbr. 15. og 23. gr. frv. Sjá og um hjólreiðamenn ákvæði 2. mgr. 39. gr. frv.

2. mgr. er nýmæli, og fjallar um akstur á akbraut með þrjár akreinar. Má þar eigi aka á þeirri akrein sem er lengst til vinstri miðað við akursstefnu. Framúrakstur er þannig bannaður á þessum akreinum. Að jafnaði mun hindrunarlína banna slíkan akstur, en ákvæðið gildir þótt engin hindrunarlína sé. Ákvæði greinarinnar gilda ekki þar sem einstefnuakstur er. Sérákvæði fyrra frumvarps um akstur á akbraut með fjórum akreinum er fellt niður.

3. mgr. fjallar um fjarlægð milli ökutækja á ferð og svarar til 5. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum. Ákvæði 2. málsl. 5. mgr. um fjarlægð stórra bifreiða og

bifreiða með tengivagna frá ökutæki á undan er látið ná til þeirra ökutækja sem falla undir hraðareglur 1. og 2. mgr. 38. gr. frv., en sérákvæði 3. málsl. 5. mgr. um þung ökutæki á ferð yfir brú er fellt niður þar sem þess er eigi talin þörf lengur.

4. mgr. svarar til 3. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum.

5. mgr. svarar til 6. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um akstur á vegamótum og í beygjum og svarar til 46. gr. umferðarlaga.

1. mgr. kemur í stað 3. málsl. 2. mgr. 46. gr., en er ítarlegri.

2. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 46. gr. en með breyttu orðalagi. Skal ökumaður ganga úr skugga um að unnt sé að beygja án hættu og óþæginda fyrir aðra umferð í sömu átt, en ekki einungis án hættu fyrir þá sem á eftir koma. Nær ákvæðið því einnig til þeirra sem aka samhliða, t.d. reiðhjóla.

3. mgr. er í samræmi við 1. og 2. málsl. 2. mgr. og 1. og 2. málsl. 3. mgr. 46. gr. en með breyttu orðalagi.

4. mgr. um akstur þegar beygt er inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu er nýmæli.

5. mgr. er einnig nýmæli og í samræmi við akstursvenju.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt er að láta reglur um beygju á vegamótum einnig gilda um akstur yfir akbraut eða af henni.

Um 17. gr.

1. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

1. málsl. 2. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 45. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. 2. málsl. 2. mgr. er nýmæli.

3. mgr. er nýmæli. Aðreinar eru sérstakar akreinar fyrir aðkomandi umferð meðfram aðalumferðaræðum. Er ákvæðinu ætlað að auðvelda ökumanni akstur af aðrein inn á akrein þá sem hann ætlar inn á. Ákvæðið leggur skyldur á ökumenn á báðum akreinum.

4. mgr. er nýmæli. Afreinar eru sérstakar akreinar meðfram aðalumferðaræðum þar sem útakstur fer fram. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr. frv. skal ökumaður í tæka tíð fara á þá akrein sem er hentugust. Með ákvæðinu er lagt til að afrein skuli nota strax og hún byrjar.

Um 18. gr.

1. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 40. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Ákvæðinu er ætlað að ná til allra stórra fólksbifreiða (þ.e. bifreiða fyrir fleiri en 8 farþega) á biðstöð í þéttbýli, en það tekur nú einungis til bifreiða sem eru sérstaklega auðkenndar.

2. mgr. er nýmæli. Leggur ákvæðið sérstaka skyldu á herðar ökumönnum sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að auknu öryggi barna á leið til og frá skóla. Gengið er út frá því að reglur verði settar um auðkenni skólabifreiða. Yrðu þær settar samkvæmt 1. mgr. 60. gr. frv.

Um 19. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. og 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Tekið er sérstaklega fram að nægilegt hliðarbil skuli vera milli ökutækjanna.

2. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Um 20. gr.

1. málsl. 1. mgr. er samhljóða 1. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga. 2. málsl. svarar til 5. mgr. 47. gr., en samkvæmt ákvæðinu verður skylt að aka hægra megin fram úr ökutæki

sem beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. 3. málsl. um hjólreiðamenn er nýmæli. Verður hjólreiðamanni heimilt, en ekki skylt, að fara hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að auknu öryggi hjólreiðamanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um atriði sem ökumaður sem ætlar að aka fram úr ökutæki þarf að gæta. Svarar ákvæðið til 2. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga en er mun ítarlegra.

Ákvæðin í 3. mgr. eru nýmæli. Í 1. málsl. er kveðið á um skyldu þess sem ekur fram úr að hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr. Í 2. málsl., sem kemur í stað 3. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga, er ákvæði um skyldu til að aka til hægri eins fljótt og það er unnt án hættu eða óþæginda. Frá þeirri reglu er gerð undantekning í 3. málsl. ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

4. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar um skyldur þess sem ekið er fram úr koma í stað 3. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. verður þeim sem á undan fer eigi, svo sem nú er, skylt að draga úr hraða eða nema staðar. Honum ber hins vegar að vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er og má hann ekki auka hraðann eða torvelda framúraksturinn á annan hátt. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að framúrakstur hafi eigi truflandi áhrif á umferðina, svo sem núgildandi regla getur leitt til.

Samkvæmt 2. mgr. gildir meginreglan í 1. mgr. ekki þegar um er að ræða ökutæki sem fylgja ekki almennum ökuhraða eða hættulegt getur verið að aka fram úr vegna þess að þau eru fyrirferðarmikil. Þegar slíku ökutæki er ekið á mjóum vegi eða bugðóttum eða þar sem umferð kemur á móti ber ökumanni þess að gæta sérstaklega að umferð sem kemur á eftir og aka til hliðar, draga úr hraða og nema staðar ef þess er þörf til að auðvelda framúrakstur. Ákvæði þetta mundi m.a. taka til dráttarvéla, vinnuvéla, stórra vörubifreiða og bifreiða sem draga annað ökutæki en einnig til annarra ökutækja sem ekki fylgja almennum ökuhraða.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað 2. og 3. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er óbreytt sú meginregla að eigi megi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, en frá þeirri reglu eru gerðar undantekningar. Við framúrakstur getur ökutækið sem ekið er fram úr byrgt útsýn þess, sem fram úr ekur, til hægri. Þau sjónarmið eiga ekki við að því er varðar þau tilvik sem um ræðir í b–d liðum og er því eigi varhugavert að víkja frá meginreglunni í þeim tilvikum. Undantekning samkvæmt a-lið er nauðsynleg til að tryggja flæði umferðar þar sem tvær eða fleiri akreinar eru fyrir umferð í sömu akstursstefnu.

2. mgr. fjallar um bann við framúrakstri þar sem vegsýn er skert vegna hæðar eða beygju á vegi.

3. mgr. er nýmæli. Er heimilt að aka fram úr reiðhjóli eða léttu bifhjóli þótt ákvæði greinarinnar að öðru leyti banni framúrakstur, enda sé þá gætt meginreglu 2. mgr. 20. gr. frv.

Um 23. gr.

Greinin kemur í stað 6. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er heimilað að aka hægra megin fram úr ökutæki þar sem umferð fer fram á fleiri en einni akrein í sömu akstursstefnu, og er það í samræmi við gildandi reglu. Reglan er hins vegar þrengd, þar sem það skilyrði er sett að umferð sé þétt og að hraðinn ráðist af þeim sem á undan fara. Eigi er unnt að kveða á um þéttleika umferðar. Ákvæðið mundi taka til

þess þegar eigi er unnt án hættu eða óþæginda að aka inn á akreinina til hliðar en einnig þegar ökuhraði er breytilegur og fjarlægð milli ökutækja mismunandi. Ekki er gert að skilyrði að akreinar séu merktar sérstaklega. Ákvæði 2. málsl. er nýmæli, sem ætlað er að koma í veg fyrir tíð akreinaskipti.

2. mgr. er nýmæli þar sem heimilaður er framúrakstur ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein fyrir sérstaka tegund umferðar, t.d. fyrir strætisvagna.

Um 24. gr.

Greinin svarar til niðurlags 3. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga, þó svo að heimilað er að aka fram úr við eða á gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum enda hindri ökutækið sem ekið er fram úr eigi útsýn yfir gangbrautina.

Um 25. gr.

Greinin kemur í stað 48. gr. umferðarlaga. Er efnisröðun breytt og ákvæðin gerð ítarlegri. Greinin hefur verið orðuð um miðað við fyrra frumvarp. Í stað þess að ökutæki skuli víkja fyrir annarri umferð er kveðið á um að ökutæki skuli veita annarri umferð forgang.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um skyldu ökumanna til að hafa sérstaka aðgát við vegamót.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 48. gr. Ekki skiptir máli hvort vegur í heild er aðalbraut eða ekki, heldur nægir að vegamót séu merkt biðskyldu- eða stöðvunarmerki.

3. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 48. gr. með breyttu orðalagi. Samkvæmt gildandi ákvæði ber umferð af einkavegi að víkja fyrir umferð á vegi sem ekið er inn á. Er lagt til að upptalning minni háttar vega verði nokkru ítarlegri, þannig að ákvæðið taki einnig til umferðar af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi.

4. mgr. hefur að geyma meginregluna um að umferð frá hægri skuli hafa forgang og er í samræmi við 1. mgr. 48. gr. með breyttu orðalagi.

5. mgr. kveður á um með hvaða hætti sá sem á að veita öðrum forgang uppfyllir skyldur sínar. Er ákvæðið ítarlegra en í 3. mgr. 48. gr., sem einungis tekur til aksturs inn á veg sem nýtur aðalbrautarréttar.

6. mgr. svarar til 4. málsl. 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Er ákvæðið ítarlegra. Ber ökumanni einnig að veita forgang gangandi vegfarendum, hjólreiðamönnum og ökumönnum léttra bifhjóla sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar inn á.

7. mgr. er nýmæli. Er ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir að ökumaður tefji umferð á vegamótum, ef hann getur eigi óhindrað ekið um þau.

Um 26. gr.

Í greinina er safnað ákvæðum um sérstakar skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum. Rétt er að vekja athygli á því að í 2. mgr. 4. gr. frv. er sérstakt ákvæði um tillitssemi gagnvart börnum, öldruðum, fötluðum o.fl., sem að jafnaði eru gangandi vegfarendur.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan, að ökumaður skal gefa gangandi vegfaranda tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými. Samsvarandi ákvæði er eigi í umferðarlögum.

Regla 2. mgr. um skyldu ökumanns, sem ekur yfir gangstétt eða gangstíg eða út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn, felst í 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

3. mgr. um akstur á göngugötu er nýmæli, sem þarfnast ekki skýringa. Sbr. og 7. gr. frv. um akstur á vistgötu.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ökumaður sem beygir á vegamótum, eða ekur yfir akbraut eða af henni, þar sem ekki eru vegamót, megi ekki valda gangandi vegfaranda sem fer yfir akbrautina sem beygt er inn á hættu eða óþægindum. Ákvæði þetta tengist 2. mgr. 12. gr. frv. um að gangandi vegfarandi skuli að jafnaði fara yfir akbraut sem næst vegamótum.

5. og 6. mgr. fjalla um skyldu ökumanns gagnvart gangandi vegfarendum á gangbraut, hvort heldur umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum eða ekki. Koma ákvæðin í stað 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

1. málsl. 5. mgr. miðar að því að vernda gangandi vegfaranda á gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eftir að merki lögreglumanns eða grænt ljós hefur heimilað ökumanni akstur í akstursstefnu hans. 2. málsl. 5. mgr. er ætlað að vernda gangandi vegfaranda sem er á slíkri gangbraut eða á leið út á hana þegar ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótum.

6. mgr. fjallar um gangbrautir þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum. Er ákvæðinu ætlað að vernda gangandi vegfaranda þar, en réttur hans er þó eigi jafnskilyrðislaus og þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum.

Ákvæði 7. mgr. miðar að því að hindra að ökumaður hefti för eftir gangbraut.

Um 27. gr.

1. mgr. samsvarar 1. mgr. 51. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Hugtakið „lagning ökutækis“ er skilgreint þannig í 2. gr. frv. að það sé staða ökutækis með eða án ökumanns lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

2. mgr. kemur í stað 2. og 3. mgr. 51. gr. umferðarlaga. Meginreglan um að einungis megi stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin á vegi er látin gilda jafnt í þéttbýli og utan þess. Heimilt verður þó að stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin þar sem einstefnuakstur er ef það er ákveðið samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. frv. Einnig verður heimilt að stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin utan þéttbýlis ef nauðsyn krefur.

Í 3. mgr. er lagt til að tekið verði beinlínis fram að óheimilt sé að stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, en slíkt bann felst nú í 44. gr. umferðarlaga. Setja má þó aðrar reglur um þetta efni samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. frv.

4. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 51. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

5. mgr. er í samræmi við 8. mgr. 51. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

Um 28. gr.

1. mgr. fjallar um þá staði þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því, en 2. mgr. um þá staði þar sem stöðva má en bannað er að leggja. Er greinin að verulegu leyti í samræmi við 5. og 6. mgr. 51. gr. umferðarlaga en með nokkrum breytingum.

Í a-lið 1. mgr. er lagt til að auk þess sem bannað verði að stöðva eða leggja ökutæki á gangbraut svo sem nú er samkvæmt d-lið 5. mgr. taki bannið einnig til svæðis í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið. Er það gert til að auka líkur á að sjáist til gangandi vegfarenda sem ætla eftir gangbraut.

Í b-lið er þrengt það svæði við vegamót sem bann við stöðvun eða lagningu ökutækis nær til borið saman við meginreglu b-liðar 5. mgr. og miðast svæðið við 5 metra frá næstu brún akbrautar á þvervegi. Slík ákvæði eru víða í lögreglusamþykktum, og þykir rétt að lögfesta regluna.

Ákvæði d-liðar um bann við stöðvun eða lagningu í göngum eða undir brú er nýmæli, er þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt f-lið takmarkast bann við stöðvun og lagningu ökutækja á akreinaskiptum vegi við það að akbraut sé skipt með hindrunarlínu. Samkvæmt e-lið 5. mgr. er ákvæðið nú miðað við allar merktar akreinar, en ekki er þörf á banni alls staðar þar sem akreinar eru merktar með varúðarlínu.

Að öðru leyti felur 1. mgr. í sér minni háttar breytingar frá ákvæðum 5. mgr. 51. gr. laganna.

Ákvæði c-liðar 2. mgr. um bann við því að leggja ökutæki við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar er nýmæli. Slík lagning gæti fallið undir ákvæði 1. mgr. 51. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 27. gr. frv., ef hún veldur hættu eða óþægindum.

Ákvæði d-liðar 2. mgr. er einnig nýmæli, sem ætlað er að hindra að ökutæki lokist inni vegna ökutækja sem síðar koma.

Að öðru leyti felur 2. mgr. í sér minni háttar breytingar frá ákvæðum 6. mgr. 51. gr. laganna.

Um 29. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Oft er nauðsynlegt að stöðva eða leggja ökutækjum þeirra aðila sem um ræðir í greininni, þótt það sé annars bannað.

Um 30. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur í stað 4. mgr. 51. gr. umferðarlaga, en tekur til stöðvunar vegna umferðaróhappa, vélarbilunar og annarra orsaka, í stað bilunar almennt nú. Ákvæðið tekur þó eigi til ökutækis sem aðild hefur átt að umferðarslysi ef maður hefur látist eða slasast alvarlega, sbr. 3. mgr. 10. gr. frv.

Í 3. málsl. 1. mgr. er lögð skylda á ökumann til að vara aðra vegfarendur við, ef ökutæki hefur stöðvast þannig að hætta eða óþægindi stafi af. Hvernig viðvörun skuli háttað fer eftir aðstæðum hverju sinni, en sem dæmi má nefna notkun varúðarþríhyrnings á akbraut, notkun sérstaks ljósabúnaðar á ljósatíma eða viðvörunarljósa ef stefnuljós eru þannig gerð.

Að öðru leyti er vísað til 1. mgr. 10. gr. frv. þar sem vegfaranda sem átt hefur hlut að umferðaróhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis umferð.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að settar verði reglur um viðvörunarbúnað, t.d. varúðarþríhyrninga, og hvernig hann skuli nota.

Um 31. gr.

Ákvæði 1. mgr. um hljóð- og ljósmerki koma í stað 1. mgr. 52. gr. umferðarlaga. Lagt er til að notkun hljóðmerkis verði verulega takmörkuð. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur megi einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki megi ekki gefa lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal nota ljósmerki í stað hljóðmerkis nema hætta sé yfirvofandi.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga. Ákvæðið er nokkru ákveðnara, þannig að merki skal ávallt gefa í leiðbeiningarskyni þegar ekið er frá brún vegar, beygt, snúið eða skipt um akrein.

3. mgr. samsvarar 3. mgr. 52. gr. laganna, en með breyttu orðalagi.

4. mgr. kveður nánar á um það hvenær og hvernig merki skuli gefa, sbr. nú 4. og 5. málsl. 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga.

5. mgr. er samhljóða 2. málsl. 4. mgr. 52. gr. umferðarlaga.

Um 32. gr.

Skilgreining á ljósatíma hefur verið felld úr 2. gr. frv. og koma ákvæði í þess stað í 1. og 2. mgr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að við akstur bifreiðar skuli nota lögboðin ljós allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl. Um bifhjól eru sérákvæði í 3. mgr. 41. gr. frv.

Í 2. mgr. felast eldri ákvæði um ljósatíma, en nánar er kveðið á um það hvenær ljós skuli nota þegar birta er ófullnægjandi. Kemur ákvæðið í stað 1. málsl. 1. mgr. 73. gr.

umferðarlaga. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. er fellt niður, svo og ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 53. gr., en gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um ljósabúnað samkvæmt 1. mgr. 60. gr. frv. Þá er gert ráð fyrir því að settar verði reglur um merki á ökutæki sem ekki skulu hafa ljósabúnað t.d. reiðhjól.

3.–5. mgr. koma í stað 2. mgr. 53. gr. umferðarlaga og hafa að geyma ítarlegri ákvæði um notkun ljósa.

Í 3. mgr. eru ákvæði um það hvenær nota skuli háan ljósgeisla, en í lögum eru nú engin ákvæði um það efni.

Í 4. mgr. eru ákvæði um það hvenær ekki má nota háan ljósgeisla. Eru þau í samræmi við 1. og 2. málsl. 2. mgr. 53. gr. Að auki er ákvæði um að ekki megi nota háan ljósgeisla þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Í 5. mgr. eru ákvæði um það hvenær nota skuli lágan ljósgeisla. Skal nota lágan ljósgeisla þegar hvorki er skylt né heimilt að nota háan ljósgeisla. Er því ekki heimilt að nota stöðuljós við akstur, og er gert ráð fyrir því að heimildarákvæði 6. mgr. 53. gr. umferðarlaga falli niður.

Ákvæði 6. mgr. um notkun þokuljósa og hjálparljósa er í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.

7. mgr. er einnig í samræmi við gildandi reglur.

8. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 53. gr. umferðarlaga.

9. mgr. er nýmæli. Er lagt til að setja megi reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta, t.d. glitmerki.

Um 33. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 53. gr. umferðarlaga, en nokkru fyllri og með breyttu orðalagi. Eigi er þörf að nota stöðuljós ef ökutæki er stöðvað eða því lagt á vel upplýstum vegi eða utan akbrautar.

2. mgr. svarar til 4. mgr. 53. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er nýmæli, sem felur í sér að á fólksbifreiðum af tiltekinni stærð, sem lagt er samhliða brún vegar í þéttbýli, nægi að hafa stöðuljós það og afturljós sem er nær miðju vegar tendruð og að heimila megi notkun sérstakra hliðarljósa í staðinn. Tíðkast slíkur ljósabúnaður á ýmsum tegundum bifreiða.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í meginatriðum í samræmi við 50. gr. a í umferðarlögum. Gert er ráð fyrir því að setja megi reglur þar sem keppnisakstur verði undanþeginn ákvæðum umferðarlaganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, enda óeðlilegt að bætur vegna slíks aksturs falli á hina lögboðnu ábyrgðartryggingu. Í reglunum verði hins vegar kveðið á um ábyrgð og vátryggingu við keppnisakstur þannig að tryggi rétt þeirra sem ekki eru þátttakendur í keppni. Verði þessar reglur svo og reglur um heimild til að víkja frá reglum um hámarkshraða bundnar við vegi sem lokaðir eru annarri umferð eða að keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Um 35. gr.

1. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

2. mgr. er nýmæli sem m.a. er ætlað til að koma í veg fyrir óþarfan og hávaðasaman akstur sem að öðru leyti fer fram í samræmi við umferðarreglur, svo sem akstur léttra bifhjóla.

Í *V. kafla* eru reglur um ökuhraða.

Um 36. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga, en með nokkuð breyttu orðalagi. Felld er niður regla 2. mgr. 49. gr. um að ökumaður skuli geta stöðvað ökutæki á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus fram undan og hann hefur útsýn yfir. Þykir sú regla of ströng og hefur víðast hvar verið felld úr gildi. Í þess stað kemur ákvæði um að ökumaður skuli geta stöðvað ökutæki á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þá er bætt inn ákvæði um að ökumaður skuli aðlaga ökuhraða breyttu sjónsviði, þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan.

2. mgr. er efnislega í samræmi við 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga, en með orðalagsbreytingum. Nýmæli eru ákvæði i-liðar um skólabifreið, sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, sbr. og 2. mgr. 18. gr. frv., k-liðar um aldraða, fatlaða og þá sem bera merki sjónskertra og n-liðar um akstur þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

3. mgr. er nýmæli, ætlað til að greiða fyrir umferð, og beinist gegn ökumönnum sem með sérstaklega hægum akstri tefja umferð.

4. mgr. kemur í stað 4. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Um 37. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

2. mgr. kemur í stað 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Er miðað við óbreyttan almennan hámarkshraða, 70 km á klst., utan þéttbýlis. Þó er lagt til að hámarkshraði á vegum með bundnu slitlagi utan þéttbýlis verði 80 km á klst., enda eru akstursskilyrði á þeim vegum að jafnaði betri en á malarvegum. Að því er varðar skilgreiningu á hugtakinu þéttbýli vísast til 2. gr. frv.

Í 3. mgr. er lagt til að heimila megi allt að 90 km hámarkshraða á klst. á tilteknum vegum að uppfylltum vissum skilyrðum, og í 4. mgr. er lagt til að lækka megi hámarkshraða, þar sem nauðsynlegt þykir. Koma ákvæði þessi í stað 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Um ákvörðun hámarkshraða samkvæmt 3. og 4. mgr. fer samkvæmt 3. mgr. 81. gr. frv.

Um 38. gr.

Greinin kemur í stað 3. mgr. 50. gr. umferðarlaga, og felur í sér nokkra rýmkun á reglum um ökuhraða.

Í 1.–4. mgr. eru ákvæði um mesta leyfðan ökuhraða nokkurra flokka ökutækja. Gilda þau framar ákvæðum 37. gr. Ökuhraði fólksbifreiða, sem að leyfðri heildarþyngd eru meira en 3500 kg, má aldrei vera meiri en 80 km á klst., og ökuhraði annarra bifreiða, sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd og bifreiða með eftirvagn eða skráð tengitæki, svo sem útileguvegna (hjólhýsi og tjaldvagna), má aldrei vera meiri en 70 km á klst. Hámarkshraði bifreiða með önnur tengitæki verður 30 km á klst.

Ákvæði 5. mgr. er nýmæli. Er þar lagt til að ákveða megi lægri hámarkshraða vélknúinna ökutækja en greinir í 1.–4. mgr. eða 37. gr. frv. ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækis.

6. mgr. er einnig nýmæli, en þar er lagt til að eigi megi aka vélsleða á opinberum vegi hraðar en 30 km á klst., nema um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu sé að ræða.

Í *VI. kafla* eru sérreglur fyrir reiðhjól og bifhjól, þar á meðal létt bifhjól.

Um 39. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að meginreglan verði sú að hjólreiðamenn hjóli í einfaldri röð og er það í samræmi við 3. málsl. 1. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Þó mega tveir hjólreiðamenn hjóla samhliða þar sem nægilegt rými er og það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef merki hefur verið gefið um framúrakstur mega þeir ekki hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji, svo sem vera mundi um leiðsögn eða eftirlit samkvæmt 1. mgr. 40. gr. frv.

2. mgr. kveður á um hvar á vegi hjóla megi og er nýmæli. Skal að jafnaði hjóla hægra megin á akrein sem er lengst til hægri.

3. mgr. um hjólreiðar á vegamótum er einnig nýmæli. Er hjólreiðamanni, sem ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, heimilt að vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst þegar það er unnt án óþæginda.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Um þá sem leiða reiðhjól er nú fjallað í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 11. gr. frv.

5. mgr. svarar til 1. málsl. 1. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Er ákvæði um báða fætur á fótstigum eigi gert fortakslaust.

6. mgr. svarar til 2. málsl. 1. mgr. 60. gr. umferðarlaga, en bann við því að leiða annað reiðhjól er fellt niður.

7. mgr. kemur í stað 3. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Eigi er talin þörf á að mæla fyrir um að læsa skuli reiðhjóli sem lagt er stutta stund.

Um 40. gr.

1. mgr. kemur í stað 4. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Í stað þess að barn yngra en 7 ára má nú eigi hjóla á almannafæri verður börnum yngri en 9 ára eigi heimilt að hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns, sem náð hefur 17 ára aldri.

2. mgr. er efnislega samhljóða 5. mgr. 60. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 60. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

Um 41. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um akstur allra bifhjóla, einnig léttra bifhjóla, sbr. 4. mgr. 42. gr. frv., og koma í stað 59. gr. umferðarlaga. Eru létt bifhjól eðli sínu samkvæmt líkari öðrum bifhjólum en reiðhjólum.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 59. gr. en felur í sér bann við akstri bifhjóls samhliða öðru ökutæki, þannig að bannið takmarkast ekki lengur við akstur við hlið annars bifhjóls.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 59. gr., en felur í sér heimild til að aka yfir gangstétt og gangstíg, sbr. 2. mgr. 26. gr. frv.

3. mgr. um notkun ökuljósa er nýmæli, ætlað til að auka öryggi ökumanna bifhjóla, þannig að hjólið sjáist betur í umferðinni.

4. mgr. er nýmæli er þarfnast eigi skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru í samræmi við 5. og 6. mgr. 39. gr. frv. um hjólreiðamenn. Þó er kveðið á um að ökumaður létts bifhjóls skuli að jafnaði hafa báðar hendur á stýri.

3. mgr. er í samræmi við gildandi lög, sbr. 8. mgr. 60. gr. umferðarlaga.

Í 4. mgr. er tekið fram, að ákvæði 41. gr. frv. um bifhjól gildi um létt bifhjól, en samkvæmt 8. mgr. 60. gr. umferðarlaga gilda ákvæði um reiðhjól nú einnig um létt bifhjól.

Í *VII. kafla* eru ákvæði um ökumenn.

Um 43. gr.

Greinin svarar í meginatriðum til 24. gr. umferðarlaga.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 24. gr.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 24. gr. með breyttu orðalagi.

3. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 24. gr.

4. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

5. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 24. gr. með breyttu orðalagi.

6. mgr. er í samræmi við 6. mgr. 24. gr. með breyttu orðalagi.

Um 44. gr.

Greinin svarar í meginatriðum til 25. gr. umferðarlaga.

1. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 25. gr. með breyttu orðalagi.

2. og 3. mgr. eru í samræmi við 3. og 4. mgr. 25. gr. með breyttu orðalagi.

4. mgr. er samhljóða 9. mgr. 25. gr.

5. mgr. er í samræmi við 8. mgr. 25. gr. með breyttu orðalagi.

6. mgr. svarar til 5. mgr. 25. gr. Tekur ákvæðið einnig til reiðmanna en ekki til stjórnanda hestvagns, svo og til áhrifa af völdum annarra örvandi eða deyfandi efna en áfengis.

7. mgr. svarar til 6. mgr. 25. gr.

Um 45. gr.

Greinin er nýmæli. Ákvæðinu sem varðar neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eftir að akstri lauk ef ökumaður hefur ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin vegna akstursins er ætlað að koma í veg fyrir að ökumaður sem brotið hefur af sér spilli sönnunargögnum. Ákvæðið er eftir norskri fyrirmynd. Hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 52. gr. loftferðalaga nr. 34/1964.

Um 46. gr.

1. mgr. er í samræmi við 10. mgr. 25. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

2. mgr. er í samræmi við 11. mgr. 25. gr. umferðarlaga með þeirri viðbót að á bensínafgreiðslumenn er lögð sama skylda og á veitingamenn og þjóna í 1. mgr. um að reyna að koma í veg fyrir brot.

Um 47. gr.

1. mgr. er nýmæli og felur í sér heimild fyrir lögreglumenn til að taka öndunarsýni af ökumönnum. Hafa ákvæði þessa efnis verið sett í lög víða erlendis í þeim tilgangi m.a. að heimila töku öndunarsýna þótt ökumaður beri þess ekki merki að vera undir áhrifum áfengis. Ákvæðið telur í sér takmörkun á heimild til töku öndunarsýna við ákveðin tilvik, sbr. a- og c-liði og tilvik sem ráðherra tilgreinir nánar, sbr. b-lið. Ákvæði d-liðar er til að tryggja að ekki gæti mismununar við framkvæmd á töku öndunarsýna.

2. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga með nokkrum breytingum þannig að heimild til að færa ökumann til rannsóknar nái m.a. einnig ótvírætt til þeirra sem aka undir áhrifum lyfja eða ávana- og fíkniefna. Þá er samkvæmt ákvæðinu gert ráð fyrir því að blóðtaka geti farið fram án atbeina læknis, en setja skal nánari reglur um töku sýna og rannsókn, sbr. 3. mgr.

Um 48. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

2. og 3. mgr. svara til 2. mgr. 27. gr. umferðarlaga með nokkrum breytingum. Eru skilyrði til útgáfu ökuskírteinis í meginatriðum þau sömu og nú. Í 2. mgr. er tekið fram að

umsækjandi skuli hafa nægilega sjón í stað góðrar sjónar og tekið er inn ákvæði um heyrn. Þá er felld niður tilvísun til meðvitundarleysis vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms, en slíkt ástand mundi falla undir andlega og líkamlega hæfni samkvæmt b-lið 2. mgr. Nánari skýring á þessum skilyrðum mundi koma í reglugerð, sbr. 52. gr. frv.

3. mgr. er nýmæli að því er varðar heimild til að bera undir dómstóla synjun á útgáfu ökuskírteinis vegna neyslu ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi efna eða skorts á reglusemi.

Um 49. gr.

Greinin svarar til 2. málsl. 29. gr. umferðarlaga. Er aldursmark fært úr 16 árum í 15.ár.

Um 50. gr.

Greinin kemur í stað 3. og 4. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Flokkun ökutækja þar sem krafist er aukinna réttinda er breytt til samræmis við alþjóðasamning um umferð. Þarf þá aukin réttindi til að stjórna vörubifreið sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd (í stað þess að vera skráð fyrir fimm smálesta farm eða meira) og til að stjórna bifreið til flutnings fleiri en átta farþega (í stað 16 farþega). Jafnframt er tekin upp heimild til að áskilja aukin réttindi til að stjórna bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd og til að stjórna bifreið sem flytur hættuleg efni eða tæki, svo sem eldfima vökva eða lofttegundir, eitur eða sprengiefni. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um skilyrði til að mega stjórna þessum ökutækjum, þar á meðal um kennslu og próf.

2. mgr. er í samræmi við gildandi ákvæði, sbr. 3. mgr. 27. gr.

3. mgr. samsvarar 4. mgr. 27. gr.

Um 51. gr.

Greinin svarar til 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Lagt er til að bráðabirgðaskírteini til byrjanda gildi í 2 ár í stað 1 árs. Þykir rétt að lengja reynslutíma byrjenda þannig að fylgst verði sérstaklega með ferli þeirra lengur en nú er gert. Um nánari skilyrði fyrir útgáfu fullnaðarskírteinis yrði kveðið í reglugerð, sbr. 52. gr. frv.

2. mgr. felur í sér nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir því að fullnaðarskírteini verði að jafnaði gefið út til 70 ára aldurs hlutaðeigandi. Er talið forsvaranlegt umferðaröryggis vegna að draga þannig úr skriffinnsku. Á móti mundi mega auka aðhald gagnvart ökumönnum með notkun ökuferilsskrár, sbr. 2. mgr. 52. gr. frv. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti ákveðið að ökuskírteini til að stjórna ökutækjum samkvæmt 50. gr. frv. gildi skemur. Einnig er gert ráð fyrir því að ráðherra setji reglur um gildistíma ökuskírteinis þeirra sem eru fullra 70 ára og að hann geti ákveðið að ökuskírteini skuli, ef aðstæður mæla með því, gilda skemur en ákveðið er í 3. mgr.

Um 52. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. mgr. 33. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði fjallað um atriði sem að er vikið í athugasemdum við 2. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 50. gr. Þar mundi og fjallað um atriði sem nú eru í umferðarlögum, svo sem 5. málsl. 2. mgr. og 6.–9. málsl. 6. mgr. 27. gr. og 1. málsl. 29. gr.

2. mgr. kemur í stað 30. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um að allir lögreglustjórar skuli halda skrá um ökuferil ökumanna. Slíkar skrár eru haldnar við nokkur stærri lögregluumdæmi, og eru grundvöllur að því að beita megi aðhaldi gagnvart ökumönnum, m.a. afturköllun ökuréttinda samkvæmt 53. gr. frv. Jafnhliða lengingu á gildistíma ökuskírteina til 70 ára aldurs þarf að auka aðhald með ökumönnum með aðstoð ökuferilsskrár.

Um 53. gr.

1. mgr. svarar til 7. mgr. 27. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Ákvæði 3. málsl. svarar til 3. mgr. 48. gr. frv.

2. mgr. er nýmæli. Lögreglustjórar hafa þó í samræmi við ákvæði í reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. að jafnaði gert kröfu um próf áður en ökuskírteini er afhent að loknum sviptingartíma sem staðið hefur lengur en eitt ár.

3. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Um 54. gr.

1. mgr. er efnislega í samræmi við 34. gr. umferðarlaga, með nokkrum breytingum þó. Er gert ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið á um heimild þeirra, sem eigi hafa íslenskt ökuskírteini til aksturs hér á landi og til að fá íslenskt ökuskírteini. Vísun til alþjóðasamninga er felld niður, en að sjálfsögðu mundu reglugerðarákvæði verða í samræmi við samninga sem Ísland er aðili að.

2. mgr. felur í sér heimild til að ákveða að ökuskírteini útgefin annars staðar á Norðurlöndum skuli gilda hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að. Hefur Norðurlandaráð mælst til þess að slíkar reglur verði settar.

Um 55. gr.

1. mgr. er efnislega í samræmi við 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga, með þeirri breytingu að lagt er til að lágmarksaldur við stjórn dráttarvéla við landbúnaðarstörf utan alfaravegar verði 14 ár, en nú er ekkert slíkt ákvæði í lögum. Dráttarvélar eru stór og öflug tæki, sem bæði þarf kunnáttu og þroska til að stjórna. Er því lagt til að ofangreint aldursmark verði sett.

2. mgr. er efnislega í samræmi við 2. mgr. 28. gr. umferðarlaga.

3. mgr. svarar til 3. mgr. 28. gr. umferðarlaga. Lagt er til að ekki megi veita þeim sem er yngri en 16 ára ökuskírteini til að stjórna léttu bifhjóli, en nú er lágmarksaldur 15 ár. Slys á léttum hjólum hafa verið tíð og oft alvarleg. Létt bifhjól eru nú orðið að jafnaði aflmeiri en áður, þótt þau séu innan löglegra marka. Er því talið rétt að hækka lágmarksaldur ökumanna léttra bifhjóla. Sá sem aka má bifhjóli má og aka léttu bifhjóli.

4. mgr. svarar til 4. mgr. 28. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að taka megi sérstakt ökupróf á vélsleða, og verði miðað við 16 ára aldursmark.

5. mgr. kemur m.a. í stað 5. og 6. mgr. 28. gr. umferðarlaga.

Um 56. gr.

Greinin svarar til 31. gr. umferðarlaga.

1. mgr. er í samræmi við gildandi ákvæði.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að veita þeim sem náð hefur 21 árs aldri löggildingu til ökukennslu, í stað 25 ára nú. Eru eigi efni til að áskilja svo hátt aldursmark til að mega stunda ökukennslu. Þá er lagt til að ákveðið verði að viðkomandi skuli hafa ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að jafnaði síðustu 3 árin, en áskilnaður um leigubifreiðastjóraréttindi er felldur niður. Er gert ráð fyrir því að ökukennaranám og próf taki mið af þeim kröfum sem gerðar eru til leigubifreiðastjóra auk efnis sem varðar ökukennslu beint.

3. mgr. svarar til 3. mgr. 51. gr. frv.

Í 4. mgr. er tekið fram, að löggilding skuli gilda í 5 ár, þó eigi lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi, en þetta er nú ákveðið í reglugerð. Lagt er til að við endurnýjun löggildingar þurfi ökukennari að fullnægja skilyrðum til að fá löggildingu, þar á meðal b-lið 2. mgr. um ökuréttindi í 3 ár. Enn fremur skal ökukennari hafa stundað ökukennslu að jafnaði á liðnu löggildingartímabili, þ.e. ökukennari þarf að leggja fram gögn um að hann

hafi kennt nemendum og skilað til prófs. Að öðrum kosti ber að vísa ökukennara í ökukennarapróf að nýju. Þá er lagt til að heimilt verði að kveða á um endurmenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar. Nauðsynlegt þykir að ökukennarar fylgist náið með þróun á sviði umferðarmála og breytingum á umferðarlöggjöf.

5. mgr. er að meginstofni í samræmi við gildandi ákvæði. Gert er ráð fyrir því m.a. að settar verði reglur um tilhögun ökukennaranáms og um starfsemi ökukennara.

6. mgr. er samhljóða 4. málsl. 31. gr. umferðarlaga. Æskilegt er að ökukennurum sé veitt aðhald. Geta ýmsar ástæður legið til að rétt sé að beita sviptingu ökukennararéttinda, svo sem ef ökukennari brýtur ákvæði umferðarlaga eða önnur lagaákvæði, þannig að varhugavert þyki að hann kenni áfram ungmennum eða að ökukennari skilar ítrekað illa undirbúnum nemendum til prófs.

Um 57. gr.

Greinin er í samræmi við 32. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Nýmæli er að gert er ráð fyrir því að setja megi reglur um æfingaakstur á sérstökum lokuðum æfingasvæðum.

Um 58. gr.

Greinin er í samræmi við 35. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Í *VIII. kafla* eru ákvæði um ökutæki.

Um 59. gr.

1. og 2. mgr. svara til 4. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

3. mgr. svarar til 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Um 60. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Ekki þykir ástæða til að hafa í lögum ákvæði er varða gerð ökutækja og búnað þeirra, svo sem nú er í 5.–9. gr. umferðarlaga, umfram það sem leiðir af 3. mgr. 60. gr. frv., og er gert ráð fyrir því að ákvæði um það efni og um öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega verði sett í reglugerð.

2. mgr. svarar til 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Eigi þykir þörf á ákvæði er svarar til 1. málsl. þeirrar mgr., enda mundi bann sem þar greinir felast í reglum sem settar verða samkvæmt 1. mgr.

3. mgr. er nýmæli. Hentugt er talið að hafa heimild til að banna notkun ökutækis, þótt það uppfylli skilyrði reglna um gerð og búnað ökutækja, ef það er nauðsynlegt út frá umferðaröryggissjónarmiðum.

Um 61. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. er nýmæli. Felur ákvæðið í sér heimild til að fella ökutæki af tiltekinni gerð undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu í 2. gr. frv. Slík ákvörðun felur óbeint í sér breytingu á skilgreiningunum. Er talið hentugt að hafa slíka heimild vegna tækniþróunar.

Um 62. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað 57. og 58. gr. umferðarlaga.

Að því er tengingu ökutækja varðar er lagt til að í umferðarlögum verði eingöngu ákvæði er kveði á um það hvaða flokka ökutækja megi tengja saman, sbr. 1.–4. mgr. Hins vegar verði nánari ákvæði um tenginguna sjálfa sett í reglugerð, sbr. 5. mgr.

6. mgr. um drátt kemur í stað 6. mgr. 58. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um það efni.

Um 63. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 11. gr. umferðarlaga. Er í meginatriðum gert ráð fyrir skráningu sömu flokka ökutækja. Þó er lagt til að kveðið verði á um skráningu útileguvagna (hjólhýsa og tjaldvagna), sem flokkast sem tengitæki samkvæmt skilgreiningu 2. gr. frv. Þá er lagt til að fyrirskipa megi skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla. Ekki er gert ráð fyrir því að ákveðin verði skráning allra tengitækja heldur verði öryggissjónarmið látin ráða um skráningu. Sama á við um skráningu vinnuvéla. Samkvæmt 2. gr. frv. er gert ráð fyrir nýrri skilgreiningu á hugtakinu vinnuvél. Munu þannig falla undir það hugtak ökutæki sem aka má hraðar en 30 km á klst. og teljast nú til bifreiða, en eru í eðli sínu vinnuvélar. Einnig munu hægfara ökutæki til fólks- eða vöruflutninga teljast til þeirra.

2. mgr. er nýmæli. Er lagt til að heimilt verði að ákveða að eigi þurfi að skrá ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega. Er þá einkum haft í huga að eigi þurfi að skrá ökutæki sem notuð eru á afmörkuðu vinnusvæði. Við beitingu ákvæðisins mundu jafnframt koma til álita sjónarmið fjármálaráðuneytisins vegna álagningar gjalda.

Um 64. gr.

Eðlilegt þykir að ákvæði um framkvæmdaatriði í sambandi við skráningu ökutækja verði sett í reglugerð en eigi bundin í lögum. Kemur greinin í stað 2.–4. mgr. 11. gr., 12.–14. gr., 16. gr., 1. mgr. 17. gr., 2. og 3. mgr. 20. gr. og 21. gr. umferðarlaga.

Tekið skal fram, að gert er ráð fyrir því að umdæmaskráning ökutækja verði lögð niður, og að landið verði eitt skráningarumdæmi.

Um 65. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 15. gr. umferðarlaga með minni háttar breytingum. Nýmæli er að lagt er til að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra sem nú gegna því hlutverki samkvæmt 1. mgr. 11. gr. umferðarlaga.

Um 66. gr.

Ákvæði greinarinnar um erlend ökutæki kemur í stað 23. gr. umferðarlaga. Er gert ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið á um heimild til notkunar erlendra ökutækja hér á landi, og verði þá fylgt ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að. Jafnframt er gert ráð fyrir því að í reglugerð verði sett ákvæði um það hvenær skrá skuli slík ökutæki hér. Rétt er að samræmis gæti milli skráningarreglna og reglna um greiðslu aðflutningsgjalda.

Um 67. gr.

Ákvæði greinarinnar um skoðun ökutækja koma í stað 18. og 22. gr. umferðarlaga.

1. mgr. kemur í stað 2. og 3. málsl. 18. gr.

2. mgr. kemur í stað 1. og 4. málsl. 18. gr. Er gert ráð fyrir því að bifreiðaeftirlitið ákveði hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram en eigi lögreglustjóri svo sem nú er.

3. mgr. er nýmæli. Er þar gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti veitt einstökum verkstæðum löggildingu til að annast almenna skoðun ökutækja undir eftirliti, svo og að bifreiðaeftirlitið geti veitt verkstæðum heimild til að annast tiltekna þætti skoðunar.

4. mgr. svarar til 5. málsl. 18. gr.

5. mgr. svarar til 22. gr.

Um 68. gr.

Ákvæði greinarinnar um eftirlit með ökutækjum er efnislega í samræmi við 19. gr. umferðarlaga, en heimildin lögð í hendur löggæslumönnum almennt. Þó er ekki gert ráð fyrir skoðun ökutækja við umskráningu, svo sem nú er samkvæmt 3. mgr. 19. gr.

Um 69. gr.

Ákvæði greinarinnar um bann við notkun ökutækja kemur í stað 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Lagt er til að heimildin verði lögð í hendur löggæslumönnum almennt. Hins vegar er heimildin þrengd þannig að því einungis megi taka skráningarmerki af ökutæki að það sé til hættu fyrir umferðaröryggi eða það er eigi fært til skoðunar þegar krafist er.

Um 70. gr.

Ákvæði greinarinnar um leigu ökutækja koma í stað 91. gr. umferðarlaga. Er lagt til að öll leiga skráningarskyldra ökutækja án ökumanns í atvinnuskyni skuli háð leyfi lögreglustjóra, en nú þarf eingöngu leyfi vegna ökutækja til mannflutninga, þó svo að ákveða megi að eigi þurfi leyfi til leigu á tilteknum flokkum ökutækja eða fyrir tiltekinni leigustarfsemi.

Í *IX. kafla* eru ákvæði um skyldunotkun öryggis- og verndarbúnaðar.

Um 71. gr.

Ákvæði greinarinnar um skyldu til að nota öryggisbelti í framsæti bifreiðar eru efnislega í samræmi við 64. gr. a umferðarlaga með þeirri breytingu að felld er niður undanþága að því er varðar farþega í framsæti leigubifreiðar. Jafnframt er lagt til að ökumaður hennar verði einungis undanþeginn skyldu til að nota öryggisbelti þegar bifreiðin er í leiguakstri.

Um 72. gr.

Ákvæði greinarinnar um skyldu til að nota hlífðarhjálm við akstur bifhjóls eru að mestu í samræmi við 4. mgr. 59. gr. og 3. málsl. 8. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Felld er þó niður undanþága að því er varðar farþega undir 12 ára aldri, svo og ákvæði um heimild til að setja reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms. Ákvæðin taka einnig til ökumanna léttra bifhjóla, sbr. skilgreiningu 2. gr. frv.

Í *X. kafla* eru ákvæði um flutning og um hleðslu, þyngd og stærð ökutækja.

Um 73. gr.

Ákvæði greinarinnar um hleðslu ökutækja koma í stað 54. gr. umferðarlaga.

1. og 3. mgr. svara til 1.–3. mgr. 54. gr. með nokkrum breytingum.

2. mgr. um farþega er nýmæli.

Í 4. mgr. er lagt til að settar verði reglur um hleðslu og frágang farms og um hvernig merkja skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm, sbr. nú 2. og 3. málsl. 4. mgr. 54. gr.

5. mgr. er nýmæli. Lagt er til að heimilt verði að setja reglur um flutning hættulegra efna og tækja, svo sem sprengiefnis, eldfimra efna og eiturefna, þannig að kveða megi á um tilteknar varúðarráðstafanir við flutninginn. Enn fremur verði heimilt að kveða á um sérstaka vátryggingu vegna slíks flutnings, m.a. vegna ákvæðis 92. gr. frv. um takmörkun vátryggingarfjárhæðar og þess að óvissa kann að vera hvort hin lögboðna ábyrgðartrygging bæti allt tjón sem orðið gæti af mengunarslysi.

Um 74. gr.

Ákvæði greinarinnar um flutning á farþegum kemur í stað 2. og 3. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Um 75. gr.

Ákvæði greinarinnar um breidd, lengd og hæð ökutækja koma í stað 55. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er lagt til að reglur um þetta efni verði settar í reglugerð en eigi bundnar í lögum. Ljóst er að slíkar reglur þurfa að vera ítarlegri en nú er. Þær geta þó aldrei orðið

tæmandi og ekki verður komist hjá því að heimila margs konar undanþágur vegna þróunar í gerð ökutækja og breytilegra þarfa við flutninga. Gert er ráð fyrir því að í reglum þessum verði heimild til lögreglustjóra til að veita undanþágu vegna sérstakra flutninga, sbr. nú 8. mgr. 55. gr.

2. mgr. svarar til 2. málsl. 6. mgr. 55. gr.

3. mgr. felur í sér heimild til að setja reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning sem fram fer með leyfi lögreglustjóra, en slík aðstoð er oft tímafrek.

Um 76. gr.

Ákvæði greinarinnar um ásþunga og heildarþyngd ökutækja koma í stað 56. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er lagt til að reglur um hámark ásþunga og heildarþyngdar ökutækja verði settar í reglugerð en eigi bundnar í lögum svo sem nú er samkvæmt 1. og 2. mgr. 56. gr. Vísað er til athugasemda við 1. mgr. 75. gr. frv.

2. mgr. fjallar um heimild veghaldara til að ákveða meiri eða minni ásþunga og heildarþyngd á einstökum vegarköflum og svarar til 3. mgr. 56. gr.

3. mgr. fjallar um heimild veghaldara til að veita undanþágu vegna sérstakra flutninga og svarar til 4. mgr. 56. gr. Þar er og heimild til að setja reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð hliðstæð 3. mgr. 75. gr. frv.

Í *XI. kafla* eru ákvæði um hindrun á vegi.

Um 77. gr.

Ákvæði greinarinnar um óhreinkun vegar o.fl. koma í stað 43. gr. umferðarlaga, en eru nokkuð breytt.

1. mgr. svarar til 3. mgr. 43. gr.

2. mgr. er nýmæli, sem eigi þarfnast skýringa.

3. mgr. svarar til 1. og 2. mgr. 43. gr. Fellt er niður ákvæði um að vörður skuli gæta muna á vegi. Er gert ráð fyrir því að viðvörunarmerki nægi, enda verði settar reglur um það hvernig merkja skuli slíka staði.

Um 78. gr.

Ákvæði greinarinnar um rekstur búfjár eru í samræmi við 64. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Í *XII. kafla* eru ákvæði um umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.

Um 79. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Ákvæði 4. mgr. 65. gr. laganna falla niður, enda felast heimildir þær sem þar um ræðir í 1. mgr.

2. mgr. er nýmæli og felur í sér heimild til að setja reglur um heimild annarra en lögreglunnar til að stjórna umferð. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að bifreiðaeftirlitsmenn hafi lögregluvald á sínu starfssviði, og að settar verði reglur um það, sbr. 65. gr. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um heimildir löggæslumanna að þessu leyti, sbr. 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 68. gr. og 69. gr.

3. mgr. er nýmæli. Gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um merkjagjöf við umferðarstjórn. Slíkar reglur hafa ekki verið settar formlega til þessa en lögreglan hefur mótað ákveðnar reglur, sem eftir er farið.

Um 80. gr.

1. mgr. ásamt 84. gr. frv. svarar til 5. mgr. 65. gr. umferðarlaga.

2. mgr. er nýmæli, en með setningu reglna er unnt að tryggja samræmda merkingu um allt land.

Um 81. gr.

1. mgr. svarar til 1. málsl. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra ákveði, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hvaða þjóðvegir utan kaupstaða og kauptúna (sbr. V. kafla vegalaga) skuli teljast aðalbrautir, en að um aðra vegi fari samkvæmt 2. mgr.

2. mgr. svarar til 2. og 3. málsl. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Er gert ráð fyrir því að lögreglustjórar, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, svo og vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða sýsluveg er að ræða, kveði á um varanleg sérákvæði um notkun vega til umferðar, önnur en þau sem um ræðir í 1. mgr.

3. mgr. kemur í stað 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Er lagt til að ákvörðun um hraðamörk samkvæmt 3. og 4. mgr. 37. gr. frv. verði í höndum dómsmálaráðherra að fengnum tillögum vegamálastjóra ef um er að ræða þjóðveg utan kaupstaða og kauptúna, en ella hjá lögreglustjóra að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Meginbreyting málsgreinarinnar felst í því að reglur um sérstakan hámarkshraða í þéttbýli verða ekki settar í lögreglusamþykktum.

4. mgr. er nýmæli. Ákvarðanir sem fela í sér sérákvæði um umferð skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórni umferð. Er ekki talin þörf á að mæla fyrir um að slíkar ákvarðanir skuli auglýstar. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, heldur t.d. bæjarhluta eða byggðarlag, er hins vegar talið nægilegt að birta með opinberri auglýsingu, og er þá ekki þörf umferðarmerkja.

Um 82. gr.

Grein þessi ásamt 1. mgr. 80. gr. frv. svarar til 5. mgr. 65. gr. umferðarlaga.

Um 83. gr.

1. mgr. um stöðukort er nýmæli. Stöðukort eru notuð víða erlendis þar sem tímatakmörkun er hvað varðar lagningu ökutækja. Er lagt til að heimilt verði að setja reglur um stöðukort og notkun þeirra.

2. mgr. um heimild til gjaldtöku fyrir notkun stöðureita er í samræmi við 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga.

Um 84. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 66. gr. umferðarlaga en með breyttu orðalagi.

Í 2. mgr. er lagt til að ótvírætt verði að víkja megi frá almennum umferðarreglum með umferðarmerkjum o.þ.h., sbr. og 1. mgr. 5. gr. frv.

Um 85. gr.

1. mgr. svarar til 2. og 3. mgr. 66. gr. umferðarlaga með nokkrum breytingum.

2. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 66. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 66. gr. umferðarlaga.

Um 86. gr.

Greinin er í samræmi við 6. mgr. 66. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Um 87. gr.

Greinin svarar til 5. mgr. 66. gr. umferðarlaga. Felur 1. mgr. í sér bann við því að setja spjöld, auglýsingar, ljósabúnað o.þ.h. á eða í tengslum við umferðarmerki, en 2. mgr. heimilar lögreglustjóra að láta fjarlægja slíka hluti ef þeir sjást frá vegi og líkjast umferðarmerkjum eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum.

Í *XIII. kafla* eru ákvæði um fébætur og vátryggingu.

Um 88. gr.

Greinin svarar til 67. gr. umferðarlaga og felur í sér nokkra breytingu frá gildandi ákvæðum.

1. og 2. mgr. koma í stað 1. mgr. 67. gr. Með 1. mgr. er alfarið tekin upp hlutlæg ábyrgð á tjóni sem hlýst af vélknúnu ökutæki vegna umferðarslyss eða annars umferðaróhapps eða vegna sprengingar eða bruna, sem stafar frá eldsneytiskerfi í ökutækinu. Með því er felld niður takmörkun á hinni hlutlægu ábyrgð, sem felst í 2. mgr. 67. gr. Reglan tekur til allra vélknúinna ökutækja, en gildandi ákvæði tekur einungis til skráningarskyldra ökutækja. Hið nýja ákvæði tekur þannig til vinnuvéla, þótt þær verði eigi skráningarskyldar, sbr. 63. gr. frv. Ábyrgðarreglan er hins vegar takmörkuð við tjón sem hlýst af umferðaróhappi eða vegna sprengingar eða bruna sem stafar frá eldsneytiskerfi í ökutækinu, en gildandi regla er nokkru rýmri og tekur til alls tjóns, sem hlýst af notkun ökutækisins.

2. og 3. mgr. koma í stað 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Ákvæði 2. mgr. felur í sér að dregið er úr heimild til að lækka eða fella niður bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda, þannig að lækkun eða niðurfelling bóta má því aðeins fara fram að sá sem varð fyrir tjóni eða lést hafi sýnt af sér ásetning eða stórkostlegt gáleysi. Vegna þessa verður eigi þörf sérákvæðis um vanrækslu á notkun öryggisbeltis eða hlífðarhjálms, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 67. gr.

Breytingar þær, sem fram koma í þessari grein frv. og næstu greinum á eftir miða að því að samræma ákvæði umferðarlaga um fébætur og vátryggingu enn betur löggjöf nágranna-þjóða okkar. Er þá einkum höfð hliðsjón af breytingum sem gerðar voru á dönskum umferðarlögum í árslok 1985 og byggðust á áliti nefndar er fjallaði um skaðabætur og vátryggingar vegna tjóna af notkun vélknúinna ökutækja (betænkning nr. 1036).

Um 89. gr.

Greinin svarar til 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga.

Um 90. gr.

Greinin svarar til 68. gr. umferðarlaga. Að því er varðar líkamstjón eða tjón vegna missis framfæranda vegna áreksturs vélknúinna ökutækja fer um bótarétt og þar með heimild til að lækka bætur eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. Að því er varðar munatjón er ákvæði 2. mgr. í samræmi við ákvæði 68. gr.

Um 91. gr.

Greinin svarar til 1. og 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Er bótaábyrgðin samkvæmt 88.–90. gr. lögð á eiganda eða umráðamann, sem notar ökutækið eða lætur nota það, auk þess sem ökumaður ber bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Ákvæði 4. mgr. 69. gr. um lögveð í ökutæki vegna bótakröfu er fellt niður. Með aukinni vátryggingarvernd hefur dregið úr þörf á slíku ákvæði.

Um 92. gr.

Greinin svarar til 1.–5. mgr. 70. gr. umferðarlaga. Lagt er til að vátryggingarfjárhæð verði hækkuð verulega og að hún verði tvískipt, en án tillits til leyfðs farþegafjölda. Tryggi hún annars vegar bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda allt að 250 millj. kr. og hins vegar bætur vegna tjóns á munum allt að 50 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

3. mgr. felur í sér að endurskoða skal vátryggingarfjárhæðir árlega í samræmi við verðlagsbreytingar.

4. mgr. er nýmæli, þannig að ákveða má að hve miklu leyti hin lögboðna ábyrgðartrygging skuli bæta tjón er hlýst erlendis.

Um 93. gr.

1. málsl. 1. mgr. svarar til upphafs 1. mgr. 70. gr. umferðarlaga, með þeirri breytingu að vátryggingarskyldan hvílir einnig á umráðamanni ökutækis. 2. málsl. er nýmæli, og er vátryggingarskyldan vegna vélknúinna ökutækja sem ekki eru skráningarskyld lögð á þann sem notar ökutækið eða lætur nota það.

2. og 3. mgr. koma í stað 6. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Gert er ráð fyrir því að ákvæði 71. gr. umferðarlaga falli niður. Með breyttum ábyrgðarreglum nýtur ökumaður aukins bótaréttar frá því sem nú er, en eftir sem áður verða í gildi ákvæði um þetta efni í c-lið 29. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

Um 94. gr.

1. mgr. svarar til 79. gr. umferðarlaga.

2. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga. Ákvæði 2. mgr. 72. gr. laganna um forgangsrétt iðgjalda við gjaldþrot er fellt niður. Er sú breyting í samræmi við breytingar sem gerðar voru á reglum um niðurröðun skulda með lögum nr. 32/1974.

Um 95. gr.

1. mgr. er nýmæli er kveður á um að vátryggingafélag sé greiðsluskylt gagnvart tjónþola.

2. mgr. kemur í stað 73. gr. umferðarlaga. Eru ákvæði um lögboðna eigin áhættu samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. málsl. 3. mgr. 73. gr. felld niður, en eigi er talin ástæða til að lögbjóða slíka eigin áhættu lengur miðað við þá reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi.

Þá er fellt niður ákvæði 2. mgr. 73. gr. um endurkröfurétt á hendur þeim sem ábyrgð ber á tjóni, þegar hann hefur valdið því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Verður vátryggingafélag að áskilja sér þennan rétt í vátryggingarskilmálum. Að því er varðar gáleysi er réttur þessi þó bundinn við atvik þar sem sá sem ábyrgðina ber hefur valdið vátryggingaratburði af gáleysi sem telja má vítavert tillitsleysi. Stafi vátryggingaratburðurinn hins vegar af ásetningi fer um endurkröfurétt eftir ákvæðum í lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

Ákvæði þetta varðar einungis endurkröfu þar sem hún byggist á afstöðu hins ábyrga til vátryggingaratburðarins, en takmarkar ekki heimild vátryggingafélags til að áskilja endurkröfu að öllu leyti eða að hluta á hendur hinum vátryggða með skilmálum, svo sem vegna sjálfsábyrgðar, hlutlægrar áhættutakmörkunar, brota á ákvæðum um varúðarráðstafanir, rangra upplýsinga, aukinnar áhættu o.fl.

Um 96. gr.

Greinin er í samræmi við 76. gr. umferðarlaga með þeirri breytingu er leiðir af breytingum í endurkröfurétti samkvæmt 95. gr. frv.

Um 97. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Er lagt til að einkamál til heimtu bóta skuli jafnan höfðað gegn vátryggingafélagi auk þess sem það er höfðað gegn þeim sem bótaskyldur er. Einkamál hafa að jafnaði verið höfðuð gegn báðum þessum aðilum skv. 2. mgr. 74. gr. og er því í reynd ekki um aðra breytingu að ræða en að heimild er breytt í skyldu.

2. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Um 98. gr.

Greinin er í samræmi við 75. gr. umferðarlaga en með breyttu orðalagi.

Um 99. gr.

Greinin er nýmæli. Er lagt til að skipuð verði nefnd er láti uppi álit um skiptingu bótaábyrgðar. Ágreiningsmál koma oft upp milli tjónþola og vátryggingafélaga. Langan tíma tekur einatt að fá úrlausn þess háttar ágreinings fyrir dómstólum, og er því lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd er kveðið geti upp úrskurð fljótlega.

Um 100. gr.

Greinin svarar til 78. gr. umferðarlaga þegar tillit hefur verið tekið til þess að ákvæði um lögboðna eigin áhættu hafa verið felld niður, sbr. athugasemd við 95. gr.

Í *XIV. kafla* eru ákvæði um viðurlög.

Um 101. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga.

2. mgr. er nýmæli. Er gert ráð fyrir því að ekki verði refsað fyrir brot sem gjald er lagt á samkvæmt heimild í 109. gr. frv., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða valdið óþarfa óþægindum.

3. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 80. gr. umferðarlaga.

Um 102. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga með þeirri breytingu að tekið er fram að svipting varði rétt til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til, og er það í samræmi við ríkjandi skilning.

2. mgr. svarar til 1. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, þó þannig að eigi verður skylt að ákveða ökuréttindasviptingu ævilangt strax við ítrekað brot.

3. mgr. svarar til 1. málsl. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Um 103. gr.

1. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, þó svo að neysla áfengis við akstur án þess að um refsiverð áfengisáhrif sé að ræða fellur eigi undir ákvæðið.

2. mgr. svarar til 2. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, en bætt er við tilvísun til 45. gr. frv. sem fjallar um eftirfarandi áfengisneyslu og er nýmæli. Þá er nýmæli að vínandamagn yfir 2‰ skuli að jafnaði varða a.m.k. tveggja ára ökuréttindasviptingu.

3. mgr. er nýmæli. Er lagt til að ítrekað brot á 44. og 45. gr. varði a.m.k. tveggja ára ökuréttindasviptingu í stað ævilangrar sviptingar nú. Þó varði ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3. mgr. 44. gr., a.m.k. þriggja ára ökuréttindasviptingu. Endurtekið ítrekað brot varðar hins vegar ævilangri sviptingu, sbr. 2. mgr. 102. gr. frv.

Um 104. gr.

1. mgr. svarar til 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Felld er niður skylda lögreglustjóra til að senda dómara tilkynningu um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda. Hins vegar er lagt til að lögreglustjóri skuli leiðbeina ökumanni um rétt hans til að bera ákvörðun um bráðabirgðasviptingu undir dómstóla um leið og hún er birt.

2. mgr. svarar til 3. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Er lagt til að sviptingartími skuli jafnan dragast frá endanlegri ákvörðun dómara í stað þess að dómari skal taka afstöðu til þess nú.

Um 105. gr.

Greinin svarar til 2. málsl. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Meginreglan er sú áfram að áfrýjun dóms frestar ekki verkun ökuréttindasviptingar. Þó er lagt til að dómari geti ákveðið annað með úrskurði ef sérstaklega stendur á.

Um 106. gr.

Greinin er í samræmi við 9. mgr. 81. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

Um 107. gr.

Greinin kemur í stað 4. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að áfram verði heimilt að endurveita ökuréttindi þegar svipting hefur staðið í þrjú ár. Því verði ekki heimilt að veita ökuréttindi fyrr en eftir fimm ár þegar svipting hefur verið ákveðin ævilöng. Ákvæði um endurveitingu eftir sex ára sviptingartíma, sbr. 4. málsl. 4. mgr., er fellt niður. Fellt er og niður ákvæði er kveður á um að eigi megi veita ökuréttindi að nýju ef viðkomandi hefur gerst brotlegur við áfengislöggjöf síðustu þrjú árin. Veldur ákvæði þetta oft misrétti þar sem mismunandi háttur getur verið á meðferð mála vegna ölvunar á almannafæri. Þá er fellt niður ákvæði um vottorð tveggja manna, en slík vottorð þykja eigi alltaf traust heimild. Loks er fellt niður ákvæði um að leita skuli umsagnar áfengisvarnanefndar vegna endurveitingar. Hafa nefndirnar takmarkaða aðstöðu til að fjalla um slík mál. Þess í stað er lagt til að leitað skuli umsagnar viðkomandi lögreglustjóra áður en endurveiting er ákveðin, enda hafa þeir að jafnaði gleggri upplýsingar um reglusemi og hagi umsækjenda og ítarlegri en fram koma í sakavottorði.

Um 108. gr.

Grein þessi er nýmæli. Notkun erlendra ökutækja hér á landi hefur aukist á undanförnum árum. Ökumaður slíks ökutækis, búsettur erlendis, kann að brjóta gegn ákvæðum umferðarlaga. Til að tryggja greiðslu sektar, málskostnaðar, skaðabóta eða vátryggingariðgjalds vegna slíkra brota er nauðsynlegt að geta lagt hald á ökutæki. Er því lagt til að slík heimild verði í umferðarlögum.

Um 109. gr.

Grein þessi ásamt 110. gr. er nýmæli. Brotum vegna stöðvunar og lagningar ökutækja fjölgar mjög, og er meðferð þeirra oft tafsöm. Er lagt til að tekin verði upp einfaldari málsmeðferð vegna ýmissa slíkra brota, sem tilgreind eru í 1. mgr., og að eigi verði refsað fyrir þau nema brot hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða valdið óþarfa óþægindum, sbr. 2. mgr. 101. gr. frv. Gert er ráð fyrir því að lögreglan annist álagningu og innheimtu gjaldsins, en ákveða má að álagning og innheimta þess fari að öllu leyti eða að hluta til fram á vegum sveitarfélags.

Um 110. gr.

Í þessari grein er fjallað um innheimtu gjalds samkvæmt 1. mgr. 109. gr. Er gert ráð fyrir að gjaldið verði lagt á þann sem ábyrgð ber á stöðvun eða lagningu ökutækisins, en

eigandi þess eða umráðamaður ber jafnframt ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Lagt er til að gjaldið megi innheimta með lögtaki og að því fylgi lögveð í ökutækinu. Fari greiðsla eigi fram innan tiltekins frests er gert ráð fyrir að mál verði sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar. Eru nánari ákvæði um þá málsmeðferð, þar á meðal um rétt til að bera fram mótbárur eða varnir vegna álagningar gjaldsins.

Um 111. gr.

Greinin er nýmæli. Lagt er til að í lögin verði sett ákvæði er heimili lögreglu að flytja eða láta flytja á brott ökutæki sem með ýmsum hætti standa í bága við reglur um stöðvun eða lagningu, valda truflun eða óþægindum eða skilin hafa verið eftir. Kveður greinin nánar á um flutninginn og geymslu ökutækja, kostnað og innheimtu.

Í *XV. kafla* kafla eru ákvæði um Umferðarráð, umferðarfræðslu o.fl.

Um 112. gr.

Greinin, sem er samhljóða 82. gr. umferðarlaga, felur í sér almenna yfirlýsingu um umferðarfræðslu fyrir almenning. Nauðsynlegt er að unnið sé að umferðarfræðslu og að fjármagni sé varið í því skyni. Gert er ráð fyrir því að framkvæmd umferðarfræðslu verði fyrst og fremst í höndum Umferðarráðs, sveitarfélaga og skóla, sbr. 113., 117. og 118. gr. frv., en einnig í höndum annarra.

Um 113. gr.

Greinin fjallar um hlutverk Umferðarráðs og er að meginstofni til í samræmi við 84. gr. umferðarlaga. Ákvæði g-liðar um könnun á umferðarháttum og öðru er umferð varðar, er nýmæli, svo og ákvæði 3. mgr. um árlega ráðstefnu um umferðaröryggismál.

Um 114. gr.

Greinin er að meginstofni til í samræmi við 83. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra skipi tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar, formann og varaformann, en varaformann skipar ráðherra nú úr hópi tilnefndra fulltrúa.

Um 115. gr.

Greinin kemur í stað 85. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 86. gr. umferðarlaga. Lagt er til að framkvæmdanefnd verði skipuð fimm mönnum í stað þriggja. Eigi formaður og varaformaður sæti í nefndinni og að auki þrír ráðsmenn sem ráðið velur til eins árs í senn. Þá er lagt til að framkvæmdastjóri verði skipaður af ráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, en framkvæmdastjóri ráði annað starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd, en nú ræður framkvæmdanefnd starfsfólk, þar á meðal framkvæmdastjóra.

Um 116. gr.

Greinin er í meginatriðum í samræmi við 86. og 87. gr. umferðarlaga.

Um 117. gr.

Greinin er samhljóða 88. gr. umferðarlaga að því viðbættu að lagt er til að umferðarnefndir skuli skipaðar í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum.

Um 118. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 89. gr. umferðarlaga að því viðbættu að gert er ráð fyrir því að ráðherra geti sett reglur um að umferðarfræðsla nái til fleiri skóla en grunnskóla.

Í *XVI. kafla* eru ákvæði um gildistöku.

Um 119. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júní 1987. Nauðsynlegt er að ætla tíma til að ganga frá ýmsum reglugerðum sem gert er ráð fyrir að settar verði samkvæmt frumvarpinu ef að lögum verður. Þá er nauðsynlegt að ætla tíma til að undirbúa kynningu nýrra umferðarreglna og annarra nýmæla og að gildistaka fari fram á heppilegum árstíma.

Um 120. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. frv. er lagt til að fullnaðarskírteini til aksturs bifreiðar og bifhjóls gildi almennt til 70 ára aldurs hlutaðeigandi. Er lagt til að ákveðið verði að þau skírteini sem þegar hafa verið gefin út og eru án sérstakrar tímatakmörkunar þegar ákvæðin taka gildi, gildi áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi verður 70 ára. Þetta gildi þó ekki um ökuréttindi samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Er eðlilegt að það hagræði sem felst í hinni nýju reglu frumvarpsins taki einnig til þeirra sem gild ökuskírteini hafa þegar hin nýju ákvæði taka gildi.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 55. gr. frv. er lagt til að lágmarksaldur til útgáfu ökuskírteinis til aksturs létts bifhjóls og vélsleða verði 16 ár, en samkvæmt 3. mgr. 28. gr. umferðarlaga er lágmarksaldur til aksturs létts bifhjóls nú 15 ár og má sá sem þau réttindi hefur aka vélsleða (beltabifhjóli), sbr. 4. mgr. 28. gr. laganna. Eigi þykir rétt að fella eldri ökuréttindi úr gildi þótt aldursmarkinu verði breytt.

Ed. 124. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar skal þinglýsingardómari senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í ökutækjaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. málsgr. 7. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo:

Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip, sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta varðar breytingu á reglum um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir. Fer nú um það efni samkvæmt VI. kafla þinglýsingalaga með sama hætti og um þinglýsingu skjala er varða skráð skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir. Skal slíku skjali þinglýst þar sem bifreiðin er skráð. Ef skráð bifreið er flutt milli skráningarumdæma skal senda skjöl er hana varða til þinglýsingardómara í nýja umdæminu en þinglýsing fer hins vegar ekki fram á ný.

Samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því að umdæmisskráning ökutækja verði lögð niður og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði þinglýsingalaga nýjum reglum um skráningu ökutækja ef lögfestar verða. Felur frumvarp þetta í sér breytingar að þessu leyti og er þá gert ráð fyrir því að um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, fari eftir sömu reglum og um lausafé almennt svo sem ákveðið er í VII. kafla þinglýsingalaga. Verður skjali þá þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðarinnar. Flytji eigandi úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að bifreið má þinglýsing fara fram að nýju en hún er eigi nauðsynleg.

Til að tryggja að tiltækar séu upplýsingar um það hvort skjali hafi verið þinglýst á bifreið er gert ráð fyrir því að í ökutækjaskrá bifreiðaeftirlitsins, þar sem færðar eru upplýsingar um skráð ökutæki af öllu landinu, verði færðar upplýsingar um þinglýsingar á skjölum er varða bifreiðir. Vegna tölvuvæðingar bifreiðaeftirlits og embætta þinglýsingardómara verður unnt að koma slíkum upplýsingum í ökutækjaskrá um leið og skjal er móttekið til þinglýsingar. Um tilhögun tilkynninga að þessu leyti og færslu í ökutækjaskrá verði settar nánari reglur. Gert er ráð fyrir því að í ökutækjaskrá verði einungis færðar upplýsingar um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir en ekki önnur skráð ökutæki, svo sem bifhjól, dráttarvélar, tengi- og festivagna o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að þegar skjal er varðar skráða bifreið er móttekið til þinglýsingar skuli dómari senda bifreiðaeftirlitinu tilkynningu og verði þessa getið í ökutækjaskrá samkvæmt nánari reglum þar um. Við það er miðað að þess verði einungis getið í ökutækjaskrá að skjal hafi verið móttekið og við hvaða embætti það var en hins vegar verði ekki færðar í skrána upplýsingar um efni skjals.

Um 2.–5. gr.

Samkvæmt gildandi þinglýsingalögum fer um þinglýsingu um skráðar bifreiðir samkvæmt reglum VI. kafla þar sem m.a. er byggt á umdæmaskiptingu eins og um þinglýsingu skipa minni en 5 rúmlesta. Lagt er til að um þinglýsingu þessa fari framvegis eftir reglum VII. kafla um þinglýsingu á lausafé almennt.

Um 6. og 7. gr.

Rétt þykir að halda því ákvæði um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir að eigi þurfi að þinglýsa eignarheimild heldur skuli sú eignarheimild, sem fram kemur í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjals.

Um 8. gr.

Gildistaka er miðuð við gildistöku nýrra umferðarlaga samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga sem liggur fyrir Alþingi.

Sþ. 125. Beiðni um skýrslu [121. mál]

frá landbúnaðarráðherra um forsendu og afleiðingu sérstaks jöfnunargjalds af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim.

Friðriki Sophussyni, Kristínu S. Kvaran, Guðmundi H. Garðarssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Gunnari G. Schram, Ólafi G. Einarssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Salome Þorkelsdóttur og Valdimar Indriðasyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óska undirritaðir þingmenn eftir því að landbúnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu þar sem fram komi upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Tilgreind dæmi um óeðlilega verðfellingu erlendis á kartöflum og vörum unnum úr þeim.
2. Áhrif verðjöfnunargjaldsins á verðlag og þar með kaupgjald hérlendis.

Greinargerð.

Hinn 24. júní s.l. var reglugerð sett á sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Var gjaldinu ætlað að jafna samkeppnisaðstöðu innlendra kartöfluframleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum sem talið var að beittu óeðlilegri verðfellingu. Kom þetta m.a. fram í málflutningi forsætisráðherra er hann sagði: „Þetta frv. er eingöngu flutt til að heimild fáist til að vernda innlenda framleiðslu á kartöflum þegar um óeðlilega verðfellingu er að ræða . . .“ Forsætisráðherra sagði enn fremur: „Ef svo reynist, sem hv. þm. lýsti, að þetta verði til að hækka framfærslukostnað mun þessi heimild ekki verða notuð.“ Stuðningur við heimild þessa byggist m.ö.o. eingöngu á gildi framangreindra þátta, þ.e. að um óeðlilega verðfellingu erlendis sé að ræða og jafnframt að gjaldið hafi ekki áhrif á framfærslukostnað.

Í sumar birtust fréttir þess efnis að verðhækkun á kartöflum á milli júlí- og ágústmánaðar hefði numið 72% sem svo hækkaði framfærsluvísitöluna um 0,31%. Framfærsluvísitalan í ágúst hækkaði um 1,13% sem var 0,38% fram yfir „rauða strikið“ svokallaða og leiddi til launahækkana umfram febrúarsamninga sem þessu nam. Þá hefur því einnig verið haldið fram að engin óeðlileg verðfelling hafi átt sér stað erlendis. Í ljósi þessara frétta þykir undirrituðum þingmönnum ástæða til að þessar staðhæfingar verði kannaðar nánar.

Alþingi, 3. nóv. 1986.

Friðrik Sophusson.	Kristín S. Kvaran.	Guðmundur H. Garðarsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Gunnar G. Schram.	Ólafur G. Einarsson.
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 126. Fyrirspurn [122. mál]

til fjármálaráðherra um söluskatt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað hefur ríkissjóður afskrifað miklar fjárhæðir í söluskatti sem ekki hefur tekist að innheimta á árunum 1983, 1984, 1985 og fyrstu níu mánuðina 1986?

Hvernig skiptast fjárhæðirnar eftir skattumdæmum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um úttekt á áreiðanleika skoðanakannana.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að láta nú þegar gera úttekt á áreiðanleika íslenskra skoðanakannana. Úttekt þessi nái m.a. til eftirfarandi atriða:

1. Að hvaða marki íslenskar kannanir standist þær kröfur sem gera þarf til kannana af þessu tagi með hliðsjón af gagnasöfnun, túlkun og úrvinnslu gagna. Enn fremur verði leitast við, þar sem því verði við komið, að meta raunverulegt forsagnargildi slíkra kannana. Sérstaklega skal fjalla um skoðanakannanir um fylgi stjórnmálaflokka og framkvæmd og meðferð þeirra í skólum landsins.
2. Hvort æskilegt sé að setja einhverjar reglur og þá hverjar um framkvæmd og birtingu skoðanakannana.

Greinargerð.

Kannanir á ýmsum sviðum íslensks þjóðlífs hafa farið mjög í vöxt á síðustu árum og þær koma til með að aukast enn í framtíðinni. Að sama skapi hafa niðurstöður úr könnunum af ýmsu tagi orðið æ meira áberandi í almennri þjóðmálaumræðu en áður var. Það hefur ekki síst komið í hlut stjórnmálamanna að fjalla um niðurstöður þessara kannana enda fjalla þær gjarnan um viðhorf almennings til mikilvægra atburða líðandi stundar eins og efnahagsaðgerðir ríkisstjórnar eða fylgi stjórnmálaflokkanna, svo að dæmi séu nefnd. Hafa slíkar umræður oftar en einu sinni teygt arma sína inn í sali Alþingis. Umræður um niðurstöður kannana hafa oft einkennst af deilum um áreiðanleika þeirra og marktækni. Hefur þeirri skoðun jafnvel verið haldið á lofti að svo illa sé að mörgum þessara kannana staðið að ekkert mark sé á þeim takandi.

Gagnrýni þessi hefur beinst nær jafnt að öllum meginþáttum skoðanakannana. Deilt hefur verið um úrtaksaðferðir, úrtaksstærð, orðalag spurninga, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Slíkar deilur eru í alla staði eðlilegar þegar þess er gætt að nauðsynlegt er að geta gert greinarmun á „góðum“ könnunum, þeim sem standast lágmarkskröfur um fræðileg vinnubrögð, og lélegum könnunum, þeim sem ekki standast slíkar kröfur.

Það er megintilgangur þeirrar tillögu sem hér er flutt að lagt verði kerfisbundið mat á íslenskar skoðanakannanir með hliðsjón af því hvort þær standist þær fræðilegu kröfur sem gera þarf til skoðanakannana almennt. Þar sem því verði við komið verði enn fremur gengið úr skugga um að hvaða marki niðurstöður skoðanakannana standist í reynd.

Það er annar megintilgangur þessarar tillögu að það verði kannað hvort æskilegt sé að setja einhverjar reglur og þá hvaða reglur um framkvæmd og birtingu skoðanakannana. Slík úttekt sem hér um ræðir verður enn brýnni í ljósi þess að kannanir, góðar jafnt sem slæmar, geta haft veruleg áhrif á almenningsálit. Með því að draga í eitt skipti fyrir öll fram meginkosti og galla skoðanakannana, og með því að leggja fræðilegt mat á kannanir sem þegar hafa verið framkvæmdar, væri stigið spor í þá átt að gera öllum aðilum fært að meta betur en nú er mögulegt áreiðanleika og marktækni slíkra kannana yfirleitt.

Ed. 128. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafaþingi 1986.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Frumathugun er könnun og samanburður þeirra kosta er til greina koma til að leysa úr þeirri þörf sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja. Frumathugun skiptist í forathugun og framhaldsathugun. Forathugun er könnun á þörfum, áætlun um stofnkostnað, þ.m.t. kostnaður við áætlanagerð, áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ.m.t. lánsfjárkostnaður og tekjur ef við á. Framhaldsathugun er samanburður kosta, tillögur um staðsetningu og stærð svo og frumuppdrættir að fyrirhugaðri framkvæmd ef við á.

Greinargerð um forathugun skal send samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., sem tekur ákvörðun um hvort hún mælir með frekari athugun eða ekki. Telji nefndin ástæðu til frekari athugana fer framhaldsathugun fram. Hún skal á sama hátt leggjast fyrir samstarfsnefnd sem þá tekur ákvörðun um hvort ráðast skuli í áætlanagerð, sbr. 6. og 7. gr.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun annast undirbúning, útboð og samningagerð um opinberar framkvæmdir og hefur yfirlit um fjárhagsskuldbindingar. Ríkisféhirðir greiðir verkreikninga eftir tilvísun framkvæmdadeildar og ríkisbókhald annast reikningshald.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmda, skuli fá samþykki Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

3. gr.

17. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins“ komi: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

4. gr.

1. mgr. 21. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins“ komi: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

3. mgr. 21. gr. orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þessi verkefni. Engu að síður skal verk að jafnaði unnið samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr.

Um tilhögun undirbúnings verklegra framkvæmda skal fara í samræmi við ákvæði þessara laga og laga nr. 84/1985.

5. gr.

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er Fjárlaga- og hagsýslustofnun til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I.–III. kafla. Í nefndinni eiga sæti þrír menn: Formaður fjárveitinganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, fulltrúi tilnefndur af forsætisráðherra og hagsýslustjóri ríkisins sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum þar sem fjallað

er um mál sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga á fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

6. gr.

23. gr. orðist svo:

Þegar eftir gildistöku laga þessara fer Fjárlaga- og hagsýslustofnun með yfirstjórn áætlunargerðar, sbr. III. kafla, og verklegra framkvæmda, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um gerð forskrifta og norma um opinberar framkvæmdir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til í fjárlögum en ekki eru hafnar við gildistöku laga þessara, skal fara að þessum lögum, enda sé að jafnaði ekki raskað þeim undirbúningi sem unninn hefur verið.

Um framkvæmdir, sem hafnar voru en ólokið er við setningu laganna, skal ákvæðum þeirra beitt eftir því sem við getur átt um framvæmdirnar í heild og einstaka áfanga þeirra. Í samræmi við þessi ákvæði starfar Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins og að því marki sem við á Innkaupastofnun ríkisins til ársloka 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd sem Albert Guðmundsson fjármálaráðherra skipaði vorið 1984 til að athuga starfshætti Innkaupastofnunar ríkisins (IR), þ.m.t. starfshætti Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins (FIR). Nefndin skilaði einnig frumvarpi til laga um opinber innkaup þar sem felld eru inn í ákvæði um Innkaupastofnun ríkisins. Í nefndinni voru Magnús Pétursson hagsýslustjóri, formaður, Finnur Jónsson verkfræðingur, Ingimar Haukur Ingimarsson arkitekt, Óthar Örn Petersen lögmaður og Friðrik Friðriksson hagfræðingur sem hætti störfum í nefndinni vorið 1985 vegna dvalar erlendis og nýrra starfa.

Niðurstöður og tillögur nefndarinnar.

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru þær að opinberar framkvæmdir þarfnast markvissari umfjöllunar en nú er. Tekur þetta bæði til stjórnar framkvæmda og mats á gildi þeirra og arðsemi. Nefndin telur að það skuli vera ófrávíkjanleg regla að allar framkvæmdir séu metnar með tilliti til fjárhagslegrar hagkvæmni. Þar með er ekki sagt að sú mælistika ein eigi ávallt að stýra vali verkefna. Nefndin telur enn fremur að breytingar þurfi að gera á stjórn opinberra framkvæmda. Styrkari stjórn þarf að hafa á öllum undirbúningi verkefna og framkvæmdir má ekki hefja fyrr en fyrir liggur ákvörðun sem færir byggingu til loka.

Á þeim 15 árum, sem liðin eru frá setningu laga um opinberar framkvæmdir, hefur margt breyst í verkskipulagi og framkvæmdum. Upp hafa risið öflug fyrirtæki á tæknisviði sem fær eru um að veita sérhæfða þjónustu sem nauðsynleg er frá upphafi til enda framkvæmdar. Þar er því fátt sem kallar á nauðsyn þess að ríkið fastbindi tilhögun verklegrar framkvæmdar og verkeftirlit við ríkisstarfsmenn.

Nefndin telur að í öllum gundvallaratriðum séu lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda í eðli sínu ákjósanleg umgjörð um tilhögun framkvæmda. Er þá átt við allar opinberar framkvæmdir hvort heldur um er að ræða vegagerð, hafnargerð, flugvallargerð eða húsabyggingar.

Nefndin bendir á tvo möguleika til breytinga. Annar er sá að lögum um opinberar framkvæmdir verði ekki breytt en að öll starfsemi FIR verði sveigð til innan þess ramma sem lög heimila. Hins vegar er lögð fram tillaga að frumvarpi (drög) um breytingu á lögum þar sem FIR er lögð niður og umfjöllun opinberra aðila um framkvæmdir efld með öðrum hætti. Báðar tillögurnar miða að sama marki.

Í fyrsta lagi því að stjórnun opinberra framkvæmda færist í ríkara mæli en nú er til fjármálayfirvalda og þar fari fram mat á hagkvæmni og forgangsröðun verkefna. Jafnframt sé ávallt til staðar heildaryfirsýn um opinberar framkvæmdir.

Í öðru lagi verði hinn eiginlegi, verklegi þáttur framkvæmda leystur meira en nú er af óháðum aðilum samkvæmt tilskildum samningum.

1. Breytingar á skipulagi og áherslum án lagabreytinga.

Að vel athuguðu máli telur nefndin að ýmsum veigamiklum breytingum megi kom á án lagabreytinga. Verði þessi leið valin þá er lagt til:

— að við Fjárlaga- og hagsýslustofnun taki til starfa byggingar- eða framkvæmdadeild er annist áætlanagerð framkvæmda, mat á hverning þörfum skuli haganlegast mætt og gerð samninga um aðkeypta ráðgjöf. Við deildina starfi 2–4 tæknimenn sem haldi yfirlit um allar opinberar framkvæmdir og vinni í samvinnu við samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, FIR og hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

— að starfsemi FIR verði dregin saman þannig að eftirlit með öllum meiri háttar framkvæmdum verði unnið af óháðum aðilum. Að þessari breytingu verði unnið og hún komi til framkvæmda fyrir árslok 1986.

— að við FIR starfi nokkrir starfsmenn sem hafi umsjón með ýmsum viðhaldsverkefnum á eigum ríkisins og minni háttar framkvæmdum. Þá verði það hlutverk FIR í samráði við Fjárlaga- og hagsýslustofnun að sjá um samningagerð við verktaka og eftirlitsaðila og tryggja að uppgjör og skilamat verka fari fram.

— að sérhverri meiri háttar framkvæmd verði ráðinn „verkefnisstjóri". Fjárlaga- og hagsýslustofnun ráði þennan aðila. Hlutverk hans sé að fylgja eftir áætlunargerð tiltekins verkefnis, leggja á ráðin um ráðningar framkvæmda- og eftirlitsaðila og sjá um gerð skilamats í samráði við FIR.

— að tengsl FIR og Innkaupastofnunar ríkisins verði rofin. Frá ársbyrjun 1986 annist ríkisféhirðir og ríkisbókhald greiðslur reikninga og bókhald en FIR og framkvæmdadeild Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og FIR haldi yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar í samráði við eftirlitsaðila og verkefnisstjóra.

— að Innkaupastofnun ríkisins annist auglýsingar útboða eins og hingað til og útvegun efnis og annars stofnbúnaðar til framkvæmda eftir því sem við á og stofnuninni er falið.

— að gefin verði út handbók um opinberar framkvæmdir. Í slíkri bók verði bæði skýrðar boðleiðir og ákvörðunaratriði um opinberar framkvæmdir, verkgangi lýst og leiðbeining gefin um þau atriði er máli skipta. Handbók sem þessi verði kynnt ráðuneytum, stofnunum og sveitarstjórnum og einnig samtökum ráðgjafa, hönnuða og verktaka.

— að fram fari skilamat og uppgjör á framkvæmdum samkvæmt fyrirmælum ríkisendurskoðunar. Þegar verði hafist handa um gerð skilamats og uppgjörs allra framkvæmda sem við á, samkvæmt fyrirmælum ríkisendurskoðunar og að því verði lokið fyrir áramót 1985/1986.

2. Breyting á lögum.

Síðari kosturinn er sá að lögum nr. 63/1970 verði breytt og að auki verði breytingar gerðar eins og segir í 1. tölul. hér að framan eftir því sem við á. Breytingar þær á lögum, sem nefndin gerði að tillögu sinni, er efni þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nauðsynlegur undanfari frumathugunar er verkefnislýsing gerð af höfundi hugmyndar um opinbera framkvæmd þar sem skilgreind eru og færð rök að þeirri þörf sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja. Slík verkefnalýsing er þannig grundvöllur frumathugunar og leiðir af sér markviss vinnubrögð undirbúnings strax á frumstigi. Þessa er saknað í framkvæmd og ef til vill í núverandi lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 63/1970.

Æskilegt væri að skipta frumathugun í tvö stig, þ.e. a) forathugun og b) framhaldsathugun, og lagt til að þessi skipting verði lögfest. Í 3. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að niðurstaða frumathugunar leiði til einhvers konar framkvæmdar eða mannvirkjagerðar. Eðli málsins samkvæmt hlýtur önnur lausn á tiltekinni þörf, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, einnig að koma til greina.

Forathugun á að leiða slíkt í ljós þannig að niðurstaða hennar gæti leitt til þess að ekki yrði úr framkvæmd. Leiði forathugun til framkvæmdar yrði gerð framhaldsathugun á þann hátt sem lýst er í 3. gr. laga nr. 63/1970. Hugmyndin með þessu er sú, að forathugun sé „rekstrarlegs" eðlis og því jafnan framkvæmd t.d. af rekstrarráðgjafa. Hönnun væri lítill sem enginn hluti af gerð forathugunar. Í heild er 3. gr. of „hönnunarhvetjandi" sem getur leitt til ótímabærrar undirbúningsvinnu hönnuða.

Um 2. gr.

Breyting sem leiðir af samþykkt 6. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Sbr. 2. grein.

Um 4. gr.

Síðasta málsgrein vísar til ákvæða 16. gr. laga nr. 84/1985 um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982 um breyting á þeim lögum og hljóðar svo:

„Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu einstök ráðuneyti, í samvinnu við Fjárlaga- og hagsýslustofnun, gera tillögur hvert á sínu verksviði um einstakar opinberar framkvæmdir og fjárfestingarframlög til atvinnuvega og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Jafnframt skulu þau gera grein fyrir mati sínu á fjárfestingarhorfum og fjármögnunarþörfum atvinnugreina þeirra sem þau fjalla um. Fjármálaráðherra ákveður nánar til hvaða verksviða tillögur þessar og greinargerðir skulu ná. Tillögur þessar og greinargerðir skulu gerðar um leið og fjárlagatillögur ráðuneyta og ákveður fjármálaráðherra skiladag þeirra til fjármálaráðuneytisins".

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 22. gr. núgildandi laga (nr. 63/1970) er gert ráð fyrir setu forstöðumanns Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Verði ákvæði 6. gr. frumvarpsins lögfest fellur sú staða niður og er lagt til að í staðinn komi í nefndina fulltrúi tilnefndur af forsætisráðherra.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að yfirstjórn verklegra framkvæmda verði flutt frá Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Verkefni deildarinnar er fyrst og fremst að fara með yfirstjórn áætlunargerðar og verklegra framkvæmda auk þess að hafa frumkvæði um gerð forskrifta og norma um opinberar framkvæmdir. Með þessu telur nefnd-

in vinnast það að stjórnun opinberra framkvæmda færist í ríkara mæli en nú er til fjármálayfirvalda og þar fari fram mat á hagkvæmni og forgangsröðun verkefna. Einnig verði ávallt til staðar heildaryfirsýn um opinberar framkvæmdir.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Úr áliti nefndarinnar um skipan opinberra framkvæmda.

1. Inngangur.

Í febrúar 1985 skilaði nefnd þessi áliti til fjármálaráðherra um málefni Innkaupastofnunar ríkisins (IR). Lagt var til að lögum yrði breytt og sett á þeim grundvelli reglugerð um opinber innkaup. Í álitsgerð þeirri voru fyrirheit um að fljótlega mundi nefndin skila áliti sínu um málefni Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins (FIR).

Nefndin hefur haldið fundi um málefni FIR og átt viðræður við fjölda aðila um framkvæmdamálefni ríkisins. Þá hefur hún aflað gagna frá ýmsum aðilum innan sem utan ríkiskerfisins. Í fylgiskjölum eru birt þau gögn sem nefndin telur gagnleg.

Í 2. kafla hér á eftir fer yfirlit um stöðu opinberra framkvæmda áður en sérstök lög þar að lútandi voru sett 1970. Síðan er fjallað um kosti og galla þeirra laga og þá reynslu sem fengist hefur á 15 ára tímabili sem lögin hafa gilt. Í 4. kafla er sérstaklega fjallað um starfsemi FIR og að lokum eru í 5. kafla settar fram niðurstöður og tillögur.

2. Athugun nefndar frá 1966 á tilhögun opinberra framkvæmda.

Á árinu 1966 setti þáverandi fjármálaráðherra á fót nefnd til þess að fjalla um tilhögun og málsmeðferð opinberra framkvæmda. Sú nefnd starfaði undir forystu Jóns Sigurðssonar, þáverandi deildarstjóra fjármálaráðuneytisins. Nefndin vann gagnmerkt starf og gerði tillögur um fjölmörg atriði er að framkvæmdum lúta. Á grundvelli þessa nefndarálits voru sett lög um opinberar framkvæmdir og gilda þau lög enn lítt breytt. Skulu nú rakin helstu efnisatriði er lýsa stöðu opinberra framkvæmda frá og fyrir 1970 og því sem að var stefnt með setningu laga um opinberar framkvæmdir.

2.1 Staða opinberra framkvæmda fyrir 1966–70.

Nefndin lýsir skipan á opinberum framkvæmdum fyrir 1966 þannig í bréfi sínu til fjármálaráðherra 19. apríl 1966 (helstu atriði og orsakir):

1. Framkvæmdakostnaður margra opinberra framkvæmda er of mikill. Meginorsök er ónógur tæknilegur og fjárhagslegur undirbúningur. Ákvarðanir um að hefja opinberar framkvæmdir hafa verið teknar örar en fé hefur verið veitt til þeirra og afleiðingin ekki síst sagt til sín í miklum kostnaði.
2. Engar fastar reglur eða venjur eru ríkjandi um hvernig undirbúningi að mannvirkjagerð á vegum ríkisins skuli hagað. Ekkert samræmi er í því hvað slíkur undirbúningur skuli fela í sér.

3. Fast skipulag hefur ekki komist á um framkvæmd mannvirkjagerðar á vegum ríksins. Venjulegasta skipulagsformið er að skipuð er sérstök byggingarnefnd sem hefur í hendi yfirstjórn undirbúnings og framkvæmda við mannvirkjagerðina. Þekking nefndarmanna er yfirleitt á því sviði sem hlutaðeigandi mannvirki á að þjóna en síður að þar sé saman komin kunnátta eða reynsla í mannvirkjagerð.
4. Útboð eru lítið notuð í framkvæmdum við opinbera mannvirkjagerð.

Nefndin gerir svofelldar tillögur til úrbóta:

1. Settar verði ákveðnar reglur um þá boðleið sem mál til undirbúnings ákvörðunum um opinbera framkvæmd þarf að fara.

   Tilgangurinn er:
   - að tryggja samræmdan undirbúning allra verka.
   - að tryggja að ákvörðun um að hefja verk verði ekki tekin fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið.
   - að auðvelda samanburðarathugun á verkum sem tímabært er að hefja svo og að ekki verði ráðist í fleiri verk en fjármagnið leyfir.
   - að tryggja að verkefni, sem af einhverjum ástæðum er synjað eða frestað í bili, komi sjálfkrafa til athugunar að nýju með vissu millibili.
2. Fjárveiting til að greiða allan áætlaðan kostnað verks verði tekin í fjárlög um leið og verk er ákveðið.

   Tilgangurinn er:
   - að tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verksins sem ákveðið hefur verið og þar með sem stystan framkvæmdatíma.
   - að gera mögulegar greiðsluskuldbindingar fyrir heilt verk, sem dreifist á fleiri en eitt ár.
   - að koma í veg fyrir að einstakar stofnanir taki lán til framkvæmda.
3. Gerðar verði ráðstafanir til að taka upp ákveðna stefnu við stjórnun mannvirkjagerðar á vegum ríkisins er miði að eftirtöldum markmiðum:
   - Skilja algerlega á milli þeirra aðila sem „projektera" verk og hinna sem framkvæma verkið.
   - Takmarka afskipti þeirra aðila, sem nota eiga mannvirkið, við undirbúningsstig þess, en gera þeim ekki að annast framkvæmdastjórn verksins.
   - Fá ákveðnum aðila það verkefni að hafa frumkvæði að hvers konar stöðlun mannvirkja sem reisa þarf á ríkisins vegum.
   - Tryggja ákveðnar aðferðir við úttekt og skilagreinar vegna mannvirkja, sem reist eru á vegum ríkisins, og birtingu skýrslna um þau opinberlega.
   - Tryggja samræmt bókhald fyrir mannvirkjagerð sem auðveldar samanburð kostnaðar.
   - Bjóða út á einum stað alla mannvirkjagerði á ríkisins vegum þar sem eðli máls og aðstaða á markaðnum leyfir útboð.

Til að koma þessari stefnu í framkvæmd, telur nefndin, auk þess sem talið er í liðum 1 og 2, meðal annars nauðsynlegt:

- að koma á fót fastri skipulagseiningu undir fjármálaráðuneytinu sem annist þá samræmingu og umsjón sem nauðsynleg er til að það kerfi, sem nefndin leggur til starfi eðlilega, svo og til að tryggja tengsl þess við fjárlagaundirbúning.

2.2 Viðhorf nú til sjónarmiðanna frá 1966.

Sú nefnd er nú skilar áliti hefur athugað að hve miklu leyti framkomin sjónarmið 1966 eigi nú við. Þótt ýmislegt hafi áunnist er annað ekki sem skyldi. Verður nú farið nokkrum orðum um að hvað miklu leyti þau markmið hafi náðst sem stefnt var að með setningu laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Fullyrða má að kostnaður við opinberar byggingar og aðrar framkvæmdir hafi lækkað frá því sem gilti fyrir og um 1970. Skýrist þetta af ýmsu.

Í fyrsta lagi hefur framleiðni í byggingar- og verktakaiðnaði fleygt fram. Þessa nýtur bæði hið opinbera svo og almenningur í landinu.

Í öðru lagi hefur undirbúningur opinberra framkvæmda batnað frá því sem áður var. Kemur þar bæði til að ýmsar stærri ríkisstofnanir hafa í þjónustu sinni sérfróða menn á sviði skipulagningar og verkstjórnar. Einnig hitt að í landinu er nú sjálfstætt starfandi hópur manna sem veitir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu á sviði framkvæmda.

Í þriðja lagi hefur það ótvírætt stytt byggingartíma og þar með lækkað framkvæmdakostnað að fjárútvegun (fjárframlög) til opinberra bygginga er nú alfarið í höndum fjármálaráðherra og Alþingis en ekki einstakra byggingarnefnda.

Frá gildistöku laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda hefur útboð framkvæmda verið aðalreglan, a.m.k. að því er snertir nýsmíði húsa. Hafi verið vikið frá útboðum hefur venjulega verið um að ræða breytingar eða lagfæringar á eldra húsnæði og þá oftast samið um framkvæmdina við tiltekinn aðila á grundvelli áætlaðs kostnaðar við verkið. Lögin taka einnig til annarra opinberra framkvæmda, svo sem vegagerðar, hafnargerðar, flugvallagerðar og orkuframkvæmda. Á þessum sviðum hefur útboðum fjölgað á síðari árum.

Fjármálalegar ákvarðanir eru þrátt fyrir allt enn í því horfi að þær má verulega bæta. Í tillögum nefndarinnar frá 1966 kemur fram nauðsyn þess að framkvæmda- og fjármagnsákvarðanir marki hlutaðeigandi framkvæmd þann framkvæmdahraða sem skemmstur og skipulegastur telst. Það er skoðun þessarar nefndar að enn gildi að þegar framkvæmd er ákveðin þurfi að ákveða fjárframlög til enda verksins. Að þessu leyti er enn hægt að lækka byggingarkostnað frá því sem nú er. Þetta er ekki síst brýnt vegna hins háa fjármagnskostnaðar og fjárskorts til opinberrar starfsemi um þessar mundir. Þá þarf enn að bæta allan undirbúning framkvæmda. Betur þarf að skilgreina þær þarfir sem leysa skal og skil milli byggingaráforma og sjálfra framkvæmdanna eru ekki nægjanlega skýr. Úrbætur á þessum sviðum rúmast innan laga um opinberar framkvæmdir og falla að tilgangi þeirra.

3. Lög um opinberar framkvæmdir. Gagnrýni.

Í þessum kafla eru tekin til gagnrýninnar athugunar lög um opinberar framkvæmdir. Bæði er fjallað um ákvæði laganna og hvernig til hefur tekist um framkvæmd þeirra. Fyrst er nokkur grein gerð fyrir almennum sjónarmiðum um stjórn og afskipti af opinberum framkvæmdum.

3.1 Stjórn opinberra framkvæmda.

Sé litið til nálægra landa um tilhögun framkvæmda þá er slíkt með ýmsum hætti. Almennt er þó skýr munur dreginn annars vegar milli rekstrarstarfsemi stofnana og hins vegar framkvæmda og fjárfestingar. Er þá litið svo á að mikill eðlismunur gildi um stjórnun og allan framgang hvors sviðs.

Hér á landi er fjárveitingum beint til einstakra stofnana hvort heldur er til rekstrar eða framkvæmda. Þetta hefur í för með sér að einstakar stofnanir og stjórnendur verða ekki aðeins aðilar að fjárfestingaráformum heldur einnig að framkvæmdum, sérstaklega fjármálum. Ráðuneyti, sem í senn eru yfirvald stofnana og hafa það hlutverk að fara með málefni til ákvörðunar, eru misjafnlega búin til að fjalla um framkvæmdamál. Menntamálaráðuneyti hefur t.d. starfandi byggingadeild en heilbrigðisráðuneytið hefur aftur á móti ekki starfandi byggingarfróða starfsmenn.

Samkvæmt lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda er fjármálaráðuneyti, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, ætlað að fara með fjármálalega yfirstjórn opinberra fram-

kvæmda, þ.e. frumathugun og áætlanagerð. Í lögum nr. 13/1979 og í nýjum lögum nr. 84/1985 er Fjárlaga- og hagsýslustofnun ætlað að leggja mat á arðsemi og nytjar opinberra framkvæmda.

Þessi nefnd telur því að túlka beri vilja löggjafans þannig að á einum tilteknum stað í stjórnkerfinu sé ætlast til að yfirsýn fáist fyrir opinbera fjárfestingu, ákvarðanir um upphaf hennar, nýja verkþætti, tilhögun framkvæmdanna sjálfra og fjármálalegra skuldbindinga og áhrifa þeirra.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur ekki nægjanlega sinnt því hlutverki sem ráðuneytinu er ætlað um samræmingu og mat framkvæmda. Meginákersla hefur verið lögð á eftirlit með því að framkvæmdir hefjist ekki án þess að tryggt fjármagn sé til greiðslu þess áfanga sem út er boðinn hverju sinni. Tæknileg ráðgjöf, samræming og arðsemismat framkvæmda ætti að vera ríkari þáttur en nú er. Nefndin leggur áherslu á úrbætur á þessu sviði.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir starfar skv. lögum nr. 63/1970 og er hlutverk hennar að vera ráðgefandi fyrir fjármálaráðherra um opinberar framkvæmdir. Þar sem nefndin er skipuð formanni fjárveitinganefndar er með þeim hætti tryggð aðild fjárveitingavalds Alþingis að ákvörðunum sem iðulega hafa áhrif út yfir fjárhagsár ríkissjóðs. Hér af leiðir að ekki á að leiða til erfiðleika að ákveða framkvæmd þó svo að fjármálaleg og framkvæmdaleg áhrif hennar spanni nokkur ár.

Lög um opinberar framkvæmdir verða ekki skilin á annan veg en þann að um allar opinberar framkvæmdir skuli fara eftir ákvæðum laganna. Í 21. gr. er heimild fjármálaráðherra til að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast slík verkefni. Sama máli gegnir um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga þar er heimild til að fela sveitarfélögum framkvæmd og eftirlit þeirra.

Nokkrar ríkisstofnanir hafa formlega fengið heimild hjá fjármálaráðherra til að annast eigin framkvæmdir á sérsviðum sínum, þ.e. vegagerð ríkisins, vita- og hafnarmálastofnun, póst- og símamálastofnun, flugmálastjórn, rafmagnsveitur ríkisins og orkustofnun, sbr. bréf fjármálaráðherra til samgöngu- og iðnaðarráðuneyta, dags. 19. júní og 14. júlí 1970. Í bréfum fjármálaráðherra, dags. 8. nóv. 1979, til samgöngu- og utanríkisráðuneytisins er ítrekað að „undir sérsvið flokkast ekki byggingar eða neinskonar húsnæði, þar með taldar flugstöðvarbyggingar". Ekki hefur þó verið farið eftir þessum fyrirmælum. Þannig annast t.d. póst- og símamálastofnun og fleiri stofnanir allar framkvæmdir sem stofnuninni tengjast.

Þá er álitamál í hve miklum mæli lögin ná til fyrirtækja eins og t.d. Landsvirkjunar, ríkisbanka, Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Hvað sem öðru líður hafa framkvæmdir þessara aðila ekki farið samkvæmt lögum um opinberar framkvæmdir. Loks er bent á að byggingarmálefni stofnana fatlaðra eru í mjög óljósu fari, sbr. lög nr. 41/1983.

Athugunarefni er að hve miklu leyti þær stofnanir, sem hafa umsjón með eigin framkvæmdum, fara að forskrift laga um opinberar framkvæmdir. Útboð vegagerðar eru til þess að gera nýtilkomin og útboð við hafnar- og flugvallagerð þarf að auka.

Nefndin telur í fyrsta lagi mikið upp úr því leggjandi fyrir stjórn opinberra framkvæmda að á einum stað í stjórnkerfinu sé yfirsýn um allar framkvæmdir ríkisins og annarra opinberra aðila. Nefndin leggur því til að þessi þáttur stjórnsýslunnar verði styrktur.

Í öðru lagi telur nefndin, eins og fram er komið, að skilja þurfi sem mest á milli undirbúningsvinnu og áætlunargerðar annars vegar og verklegra framkvæmda hins vegar. Þar er því til skoðunar að hve miklu leyti yfirmaður verklegra framkvæmda, þ.e. forstöðumaður FIR eigi að vera til ráðuneytis fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun, fagráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir. Þessa tilhögun telur nefndin að þurfi að endurskoða.

Í þriðja lagi telur nefndin ábyrgðarsvið við opinberar framkvæmdir óljóst. Byggingarnefndir og forstöðumenn stofnana hafa mjög mismunandi hlutverk og afskipti fagráðuneyta eru með mismunandi hætti. Úr þessu þarf að bæta.

3.2 Fjögur stig opinberra framkvæmda.

Ekki verður séð að vel skilgreindum og markvissum framgangi undirbúnings opinberra framkvæmda, sem lýst er í lögum nr. 63/1970, sé fylgt. Í heild virðist álit nefndarinnar frá 1966, um ákveðnar reglur og samræmingu varðandi undirbúning, ekki hafa náð fram að ganga.

Enn eru engar reglur til eða viðteknar venjur um hvernig staðið skuli að undirbúningi og framkvæmd verkefna. Sé vikið að undirbúningi fyrst, er allur gangur á ráðningu og ráðgjöf hönnuða. Ráðgjafar eru ýmist valdir af notanda mannvirkisins, ráðuneyti eða stofnun. Einnig virðast ráðningarskilmálar varðandi umfang og tilhögun ráðgjafar vera með ýmsu móti og stundum engir. Nefndin telur að gera eigi skriflega samninga við hönnuði og aðra þá er til ráðgjafar eru ráðnir. Þá verði verk verkefnastjóra, hönnuða og eftirlitsaðila boðin út eftir því sem við verður komið.

Um skipulag á framkvæmd mannvirkjagerðar hafa tillögur nefndarinnar frá 1966 ekki náð nægjanlegri fótfestu en helstu markmið með tillögunum voru þessi:

- að skilja á milli undirbúnings og framkvæmdar,
- að takmarka afskipti notenda af undirbúningi framkvæmda og fela örðum stjórnun verksins,
- að koma á ákveðnum aðferðum við úttekt og skilagreinar og samræmdu bókhaldi fyrir mannvirkjagerð.

3.2.1 Frumathugun.

Nauðsynlegur undanfari frumathugunar er verkefnislýsing gerð af höfundi hugmyndar um opinbera framkvæmd þar sem skilgreind eru og færð rök að þeirri þörf sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja. Slík verkefnislýsing er þannig grundvöllur frumathugunar og leiðir af sér markviss vinnubrögð undirbúnings strax á frumstigi. Þessa er saknað í framkvæmd og ef til vill í núverandi lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 63/1970.

Æskilegt væri að skipta frumathugun í tvö stig, þ.e. a) forathugun og b) framhaldsathugun.

Í 3. gr. laganna er gert ráð fyrir að niðurstaða frumathugunar leiði til einhvers konar framkvæmdar eða mannvirkjagerðar. Eðli málsins samkvæmt hlýtur önnur lausn á tiltekinni þörf sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti einnig að koma til greina. Forathugun á að leiða slíkt í ljós þannig að niðurstaða hennar gæti leitt til þess að ekki yrði úr framkvæmd. Leiði forathugun til framkvæmdar yrði gerð framhaldsathugun á þann hátt sem lýst er í 3. gr. laga nr. 63/1970. Hugmyndin með þessu er sú að forathugun sé „rekstrarlegs“ eðlis og því jafnan framkvæmd t.d. af rekstrarráðgjafa. Hönnun væri lítill sem enginn hluti af gerð forathugunar. Í heild er 3. gr. of „hönnunarhvetjandi“, sem getur leitt til ótímabærrar undirbúningsvinnu hönnuða.

Órökrétt verða að teljast ákvæði 4. gr. laganna þar sem gert er ráð fyrir að frumathugun geti ýmist farið fram á vegum:

- hlutaðeigandi ráðuneytis,
- ríkisstofnunar,
- sveitarfélags,
- eða annars væntanlegs eignaraðila.

Nauðsynlegt er að taka af allan vafa um að „forathugun“ skuli fara fram á vegum fagráðuneytisins en eðlilegt er að verkefnislýsing sé gerð af stofnun, sveitarfélagi eða öðrum eignaraðila. Forathugun yrði síðan lögð fyrir og sannreynd af fagráðuneyti og Fjárlaga- og hagsýslustofnun eins og til er ætlast í lögum áður en næsta skref er stigið.

Á þessu er misbrestur. Tökum sem dæmi skólabyggingar. Almennt er aðild ríkisins í sameiginlegum byggingum ákveðin með greiðslu skv. normkostnaði. Með þessum hætti er

það á ábyrgð sveitarfélaga hvort reistar eru ódýrar eða dýrar byggingar. Þó svo að ríkið hafi trygga stöðu um útgjöld þá á það að vera áhugamál að opinberar byggingar þess, hverju nafni sem þær nefnast, miðist við þarfir og séu reistar á sem hagkvæmastan hátt.

Nefndin telur að gera þurfi þessum mikilvægasta hluta undirbúningsstarfsins hærra undir höfði en gert er í lögum og sér í lagi framkvæmd. Því þarf að kveða nánar á en nú er um gerð frumathugunar og ráðningu og störf ráðgefandi aðila.

3.2.2 Áætlunargerð.

Sá kafli laganna sem náð hefur einna bestri fótfestu er eflaust áætlunargerðin. Þó væri nauðsynlegt að þeir sem væru fengnir til að taka að sér áæltunargerð væru ráðnir með skriflegum samningi.

Jafnframt þarf að ganga betur eftir því að 2. málsl. 7. gr. sé framfylgt, þ.e. gerð rekstraráætlunar. Hér er þó ekki við lögin að sakast heldur framkvæmd þeirra. Ákvæði mætti vera í 8. eða 9. gr. um að afskiptum væntanlegs notanda mannvirkis af undirbúningi og framkvæmd lyki með áætlunargerðinni.

3.2.3 Verkleg framkvæmd.

Í lögunum um opinberar framkvæmdir eru það 11.–19. gr. sem varða verklega framkvæmd. Verklega framkvæmd er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur heimild í fjárlögum, ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis að nota þá heimild og staðfesting fjármálaráðuneytis á því að fjármagn verði handbært. Samkvæmt þessu er unnið.

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. FIR aftur á móti undirbýr samningagerð við verktaka. Þá gerir FIR tillögur til hlutaðeigandi ráðuneytis um það hverju þeirra tilboða skuli taka sem borist hafa.

Skv. 17. gr. skal FIR ráða einn eða fleiri eftirlitsmenn er hafi eftirlit með framkvæmdum verksamnings. Nánar er kveðið á um verkefni og ábyrgð eftirlitsmanna í erindisbréfi. Bæði er það upplýsingagjöf úr bókhaldi og greiðslufyrirkomulag, svo og hlutverk eftirlitsmanna með framkvæmdum sem gagnrýnd eru.

Nefndin leggur áherslu á að hér er um að ræða afmarkaðan þátt í ferli opinberra framkvæmda. Við framkvæmdir, hvort heldur opinberar eða einkaaðila, skiptir mjög miklu að allt eftirlit bæði verklegt og kostnaðarlegt og verklýsing sé í góðu lagi.

3.2.4 Skilamat.

Í 20. grein laga nr. 63/1970 er ákvæði um skilamat en það er úttekt á því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Þar skal einnig gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar. Ríkisendurskoðun skal setja reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um að greinargerð um skilamat séu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar eru ekki tekin af öll tvímæli um það hver skuli sjá til þess að skilamat sé gert en í athugasemdum við frumvarpið um skipan opinberra framkvæmda á sínum tíma er talið eðlilegt að ríkisendurskoðun, sem óháðum aðila, sé ætlað að gera eða láta gera skilamat.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflaði sér hefur ríkisendurskoðun ekki gefið slíkar reglur út en til eru drög að reglum um skilamat opinberra framkvæmda frá í janúar 1982. Nefndinni er ekki kunnugt um að nokkurt skilamat hafi farið fram.

Nefndin telur að skerpa þurfi ákvæði 20. gr. laganna, t.d. með ákvæði í reglugerð, og hún leggur áherslu á að skilamat þurfi ekki að miðast við lok framkvæmdarinnar (fullbyggt hús o.s.frv.) heldur geti skilamat farið fram við lok einstakra verkþátta eða útboða. Með tilliti til þessa verði gerð forskrift að því hvernig gera skuli skilamat og hver beri ábyrgð á að það sé gert.

4. Starfsemi Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Aðalverkefni nefndarinnar er að fjalla um starfsemi FIR. Eins og áður er fram komið valdi nefndin jafnframt að fjalla um lög um opinberar framkvæmdir enda má segja að FIR sé aðeins einn þáttur í framkvæmd þeirra laga.

FIR er sett á stofn 1970. Ágreiningur hefur verið um hvort á stofnunina eigi að líta sem hluta af Innkaupastofnun ríkisins eða sem algjörlega sjálfstæða stofnun.

Í fjárlögum er FIR t.d. talin sem A-hluta stofnun er ekki deild í Innkaupastofnun ríkisins. Í lögum er þó bundið að fjármál og fjárreiður FIR o.fl. skuli vera alfarið í höndum Innkaupastofnunar ríkisins. Upplýsingagjöf um fjármál og skuldbindingar verða fyrst og fremst af þessari ástæðu erfið. Eigi FIR aftur á móti að starfa sem deild innan Innkaupastofnunar þá þarf stjórn á starfsmönnum, skrifstofuhald o.fl. að vera á ábyrgð forstjóra Innkaupastofnunar. Úr þessum stjórnunarmálum telur nefndin að þurfi að leysa og gerir tillögur þar að lútandi.

4.1 Verklegt eftirlit.

Í II. kafla laga nr. 63/1970 er fjallað um verklega framkvæmd og í 17. gr. laganna er kveðið á um eftirlit með opinberum framkvæmdum. Lögin kveða ótvírætt á um að ráðnir skuli sérfróðir eftirlitsmenn, samkvæmt sérstöku erindisbréfi, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Jafnframt er tekið fram að Framkvæmdadeildin beri ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum. Ljóst er því að átt er við óháða sérfræðinga sem ráðnir skuli til hvers einstaks verks og að því loknu sé ráðningu þeirra lokið.

Í raun hefur Framkvæmdadeildin ráðið fasta ríkisstarfsmenn er annast hafa eftirlitið og ekki er ætíð um sérfróða menn að ræða. Eftirlitsmönnum hefur ekki verið sett erindisbréf eins og lögin gera þó ráð fyrir. Valdsvið eftirlitsmannanna er óljóst og virðast þeir í sumum tilvikum geta samið um breytingar á verksamningum á eigin spýtur.

Samkvæmt lögum ber eftirlitsmönnum að gera skýrslu um framkvæmdir er berast skuli öllum aðilum að framkvæmdinni svo og ríkisendurskoðun. Brestur hefur orðið á framkvæmd laganna að þessu leyti. Skýrslugerð þessi er undirstaða skilamats sem ekki hefur farið fram til þessa.

4.2 Samskipti FIR við IR, starfsmannahald og bókhald.

Í 23. gr. segir að þegar eftir gildistöku laganna skuli koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Í reynd starfar framkvæmdadeildin að mestu sem sjálfstæð stofnun þó þannig að Innkaupastofnun ríkisins hefur annast fjárreiður og bókhald framkvæmdadeildar auk þess að auglýsa útboð sem undirbúin eru af framkvæmdadeild.

Bókhaldupplýsingar til verkkaupa um stöðu fjármála og skuldbindingar í verkum hafa ekki verið sem skyldi. Örðugt hefur reynst fyrir ráðuneyti og verkkaupa yfirleitt að fá fullnægjandi upplýsingar um fjármálalega stöðu verka. Óljóst hefur þótt hver inneign er á einstökum fjárveitingaliðum innan ársins og ekki liggur fyrir reglulegt yfirlit um skuldbindingar og heildarkostnað við framkvæmdir. Úr þessum málum þarf að bæta, m.a. með því að rjúfa tengsl FIR og IR.

Við FIR eru nú 16 starfsmannaheimildir (stöðugildi). Við byggingareftirlit starfa nú fimm verk- og tæknifræðingar og sjö iðnaðarmenn og við stjórn og skrifstofuhald fjórir starfsmenn (eins og fram er komið). Án þess að í því felist minnsta gagnrýni á störf starfsmanna FIR, þá er almennt talið að eftirlit með flóknum byggingum sé sérsvið þar sem krafist er verkfræði- og tæknimenntunar.

Nefndin hefur mikið rætt skipulagningu framkvæmda. Í stærri fjárfestingarverkefnum hefur þótt gefast vel að fela tilteknum aðila (einum eða fleiri) stjórnun verkefnis á þann hátt að yfirsýn náist um öll meiriháttar atriði, samræmingu, á störfum hönnuða, verktaka og

eftirlits. Þetta hefur verið nefnt verkefnisstjórnun eða samræming og stýring. Nefndin telur þennan þátt framkvæmda mjög mikilvægan. Starf verkefnisstjóra má þó á engan hátt skerða ábyrgð annarra aðila að framkvæmdum. Hönnuðir bera samkvæmt reglum ábyrgð á því að allt hönnunarverk falli í eina heild. Á þessu er stundum misbrestur, sem úr þarf að bæta.

(Hér er sleppt þeim hluta skýrslunnar (5. kafla) sem er samhljóða greinargerð hér að framan svo og tillögum til lagabreytinga sem í frumvarpinu felast.)

Ed. 129. Frumvarp til laga [125. mál]

um opinber innkaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðuneytið.

2. gr.

Yfirstjórn opinberra innkaupa er falin sérstakri stjórn sem er skipuð þremur mönnum. Fjármálaráðherra skipar stjórnina til tveggja ára í senn.

3. gr.

Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun sem starfar samkvæmt ákvæðum 1. gr. Stjórn opinberra innkaupa er jafnframt stjórn innkaupastofnunarinnar. Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir og fyrirtæki ríkisins. Fjármálaráðherra getur þó að fenginni umsögn stjórnarinnar heimilað einstökum ríkisstofnunum eða fyrirtækjum að annast eigin innkaup. Ríkisstofnanir (innkaupadeildir ríkisstofnana) skulu haga viðskiptum sínum í samræmi við ákvæði þessara laga og hlíta fyrirmælum stjórnar opinberra innkaupa.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstjóri ræður starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

5. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té viðskiptalega aðstoð og leiðbeiningar um einstök vörukaup eftir því sem þörf gerist. Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.

6. gr.

Innkaupastofnunin skal viðhafa þá meginreglu að kaupa ekki inn aðrar vörur en þær sem fyrir fram er vitað að ríkisstofnanir þarfnist eða þær hafa pantað hjá stofnuninni. Þeirri meginreglu skal fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar. Skal tilboða leitað með hæfilegum fyrirvara. Jafnan skal tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Skylt er að veita tilbjóðendum upplýsingar um hvaða tilboði er tekið og hvers vegna.

7. gr.

Innkaupastofnunin selur eða útvegar ríkisstofnunum og fyrirtækjum allar vörur á kostnaðarverði að viðbættri þóknun samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar. Gjaldskráin miðast við að þóknunin standi undir rekstri stofnunarinnar.

8. gr.

Stofnuninni er eigi heimilt að binda fjármuni umfram fjárútvegun einstakra ríkisstofnana í kaupum á vörum og þjónustu nema til komi heimild fjármálaráðuneytis.

9. gr.

Á grundvelli laga þessara setur ráðherra reglugerð um opinber innkaup og starfshætti Innkaupastofnunar ríkisins og innkaupadeilda.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og falla þá úr gildi lög nr. 72/1947, um Innkaupastofnun ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vorið 1984 skipaði þáverandi fjármálaráðherra nefnd til að yfirfara starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins. Í nefndinni áttu sæti Magnús Pétursson hagsýslustjóri, Finnur Jónsson verkfræðingur, Ingimar Haukur Ingimarsson arkitekt, Friðrik Friðriksson hagfræðingur og Othar Örn Petersen lögfræðingur. Í febrúar 1985 skilaði nefndin álitsgerð um opinber innkaup og um starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins. Megintillögur nefndarinnar eru þær að sett verði lög um opinber innkaup þar sem stefnt er að samræmi í málsmeðferð og aukinni verðleit til hagsbóta fyrir hið opinbera bæði með útboðum og sérstökum samningum. Nefndin skilaði ráðherra drögum að frumvarpi til laga um opinber innkaup, ásamt drögum að reglugerð sem byggir á frumvarpinu.

Núgildandi lög um Innkaupastofnun ríkisins eru nr. 72/1947 og hafa staðið óbreytt. Helstu ákvæði laganna eru þessi:

Ríkisstjórnin setur á stofn innkaupastofnun sem hefur það hlutverk að annast innkaup vegna ríkisstofnana og sérstakra framkvæmda ríkisins.

Ríkisstjórnin ræður forstöðumann stofnunarinnar og ákveður með reglugerð starfssvið hennar.

Innkaupastofnunin skal selja ríkisstofnunum vörur þær, sem hún annast innkaup á, við kostnaðarverði að viðbættum ómakslaunum sem svarar kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

Skylt er öllum ríkisstofnunum, sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs, svo og þeim sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda sem kostaðar eru af ríkissjóði, að fela innkaupastofnuninni innkaup þeirra nauðsynja sem falla undir starfssvið hennar nema ráðherra heimili annað. Ákvæði þessi taka þó ekki til þeirra innkaupa sem einkasölum ríkisins eru falin samkvæmt lögum þar um.

Núgildandi reglugerð um Innkaupastofnun ríkisins er nr. 164/1959 og kom hún í stað eldri reglugerðar nr. 73/1952, um Innkaupastofnun ríkisins.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru þessi:

1. Veigamesta breytingin felst í því að gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra skipi þriggja manna stjórn yfir öll opinber innkaup sem jafnframt er stjórn yfir Innkaupastofnun ríkisins. Tilgangurinn er sá að samræma starfsaðferðir um opinber innkaup hvort sem Innkaupastofnun ríkisins annast þau eða innkaupadeildir einstakra ríkisstofnana. Þrátt fyrir ákvæði núgildandi laga um að öllum ríkisstofnunum sé skylt að fela Innkaupastofnun ríkisins að annast innkaup sín hefur misbrestur orðið á því og það án þess að fengin sé heimild

ráðherra til undanþekkinga eins og lögin gera ráð fyrir. Ósamræmi í starfsaðferðum innkaupaaðila er óheppilegt.

2. Útboð í opinberum innkaupum er gert að meginreglu. Þetta er þó ekki nýmæli í starfsháttum Innkaupastofnunar ríkisins þar sem hún efnir oft til útboða með góðum árangri.

3. Lagt er til að forstjóri IR verði skipaður til fjögurra ára í senn og stjórn til tveggja ára. Vísast til nánari umsagnar um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um tilgang laganna og þau látin ná yfir öll opinber innkaup hvort sem þau eru gerð af Innkaupastofnun ríkisins eða einstökum opinberum stofnunum. Er þetta því rýmkun á ákvæðum 1. gr. laga nr. 72/1947 sem eingöngu kveða á um að sett sé á stofn innkaupastofnun.

Um 2. gr.

Það er nýmæli að yfirstjórn allra opinberra innkaupa sé sett undir þriggja manna stjórn sem fjármálaráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ákvæðinu er ætlað að tryggja betur en ella hefði orðið að lögin nái tilgangi sínum.

Um 3. gr.

Í greininni felast einkum fimm atriði:

1. Að innkaupastofnun skuli rekin á vegum ríkisins og er það í samræmi við ákvæði 1. gr. núgildandi laga (nr. 72/1947).
2. Yfir innkaupastofnunina er sett stjórn sem er jafnframt yfirstjórn allra opinberra innkaupa. Þetta er nýmæli sem er sett til þess að tryggja samræmi í öllum innkaupum á vegum ríkisins eftir því sem frekast er unnt.
3. Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir ríkisins. Þetta ákvæði er í 1. gr. núgildandi laga.
4. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum stjórnar að veita einstökum ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum heimild til að annast eigin innkaup enda liggi til þess gildar ástæður. Svipuð heimild til undanþágu er í 5. gr. núgildandi laga en hér er hún gerð ítarlegri og nánar skilgreind.
5. Innkaupadeildir ríkisstofnana skulu haga innkaupum sínum í samræmi við ákvæði þessara laga og hlíta fyrirmælum stjórnar opinberra innkaupa. Þetta er nýmæli sem er rökrétt afleiðing af þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til, sbr. ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 2. gr. núgildandi laga eru ekki önnur ákvæði um ráðningu forstjóra en að „ríkisstjórnin ræður forstöðumann stofnunarinnar". Hér er þetta ákvæði gert ákveðnara. Það er hins vegar nýmæli að forstjórinn skuli skipaður til fjögurra ára í senn og er það í samræmi við þróun síðustu ára í þá átt að binda skipunartíma forstöðumanna ríkisstofnana í tiltekinn tíma, sbr. t.d. stöðu forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Landmælinga Íslands. Ákvæði um samráð við stjórn opinberra innkaupa er afleiðing af ákvæði í 3. gr. um hlutverk stjórnarinnar.

Um 5.–10. gr.

Þarfnast ekki skýringa en efnislega eru hliðstæð ákvæði í núgildandi lögum og reglugerð (nr. 164/1959), um Innkaupastofnun ríkisins. Eina nýmælið efnislega er ákvæðið í 5. gr. um að stofnunin ráðstafi eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir. Hins vegar hefur þetta ákvæði verið framkvæmt í reynd þar sem Innkaupastofnun ríkisins hefur séð um sölu ýmissa eigna ríkisins, svo sem bíla, fasteigna o.s.frv.

Sþ. 130. Svar [46. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Agnarsdóttur um launagreiðslur starfsfólks stjórnarráðsins.

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um launagreiðslur til starfsfólks stjórnarráðsins á s.l. þremur árum. Óskað er greiningar á launagreiðslum og fjölda þeirra sem fá

a. fasta yfirvinnugreiðslu,
b. aukalegar yfirvinnugreiðslur („unna yfirvinnu"),
c. greiðslur fyrir sérstök verkefni og hafa að auki fastar og aukalegar yfirvinnugreiðslur,
d. greiðslur fyrir sérstök verkefni en fá ekki yfirvinnugreiðslur.

Enn fremur er óskað eftir að viðtakendur greiðslna séu flokkaðir eftir kyni og stöðugildi.

Þó að launakerfi ríkisins sé margbrotið og sundurliðun launa eftir tegundum mikil skortir enn nokkuð á að úr því verði unnin sú sundurliðun, sem óskað er eftir, með vélrænum hætti. Til nákvæms svars við spurningunum þarf væntanlega að skoða einstakar launafærslur og einstök fylgiskjöl.

Starfsmenn í stjórnarráðinu á þeim árum sem um ræðir hafa verið 300–400 talsins og má áætla að færslur í bókhaldi vegna launa þeirra skipti nokkrum tugum þúsunda. Þar sem úrvinnsla úr þessu efni mundi taka langan tíma og valda verulegum kostnaði fylgja hér á eftir upplýsingar sem tiltækar eru um launagreiðslur til starfsmanna stjórnarráðsins og launagreiðslur ráðuneytanna og ætla má að varpi ljósi á þau atriði sem fyrirspurninni er væntanlega ætlað að upplýsa.

1. Í fylgiriti með ríkisreikningi sem gefið er út með honum skv. lögum nr. 31/1982, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966, er yfirlit yfir launagreiðslur ríkisstofnana og þar á meðal ráðuneyta. Yfirvinna er sundurgreind eftir því hvort um er að ræða fasta yfirvinnu eða aðra yfirvinnu. Samkvæmt yfirliti þessu fyrir árin 1983 og 1984 er fasta yfirvinnu einungis að finna í forsætisráðuneytinu.
2. Í meðfylgjandi töflu, nr. 1, er yfirlit yfir launagreiðslur ráðuneytanna á árinu 1985 sundurgreindar í dagvinnulaun, yfirvinnu, önnur laun og aðrar greiðslur. Tekið skal fram að í öðrum launum eru nefndagreiðslur ráðuneytanna meðtaldar en þær ganga að meiri hluta til annarra en starfsmanna í stjórnarráðinu.
3. Í töflu 2 er yfirlit yfir laun félaga í Félagi starfsmanna stjórnarráðsins en í því eru um 240 af þeim 378 starfsmönnum sem í stjórnarráðinu unnu árið 1985. Hinir dreifast á mörg félög eða eru utan félaga.

   Til samanburðar eru hliðstæð yfirlit fyrir heildarsamtök opinberra starfsmanna sem ríkið semur við, þ.e. BSRB, BHM og sjúkrahúslækna. Í tölum þessum er ekki meðtalin yfirvinna háskólakennara né aukagreiðslur til þeirra sjúkrahúslækna sem jafnframt eru prófessorar við Háskóla Íslands, og ekki heldur greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins eða sjúkrasamlaga til lækna.
4. Á töflu 3 er starfsmönnum skipt eftir kyni, raðað eftir launaflokkum og tilgreind yfirvinna hvers hóps sem hlutfall af dagvinnulaunum. Greining nær til sömu samtaka og í 3. tölulið.

Þess er vænst að töflur þessar, sem eru þær upplýsingar sem unnt er að afla með viðráðanlegum hætti á skömmum tíma, gefi viðunandi svar við fyrirspurn um þau atriði sem leitað er eftir.

Tafla 1.

	Stöðugildi á dagvinnulaun	Dagvinnulaun	Yfirvinnulaun	Önnur laun	Aðrar greiðslur	Samtals þús. kr.
Forsætisráðuneyti	14,4	5 724	1 946	1 811	134	9 615
Menntamálaráðuneyti	44,5	17 317	4 614	4 017	469	26 417
Utanríkisráðuneyti	32,5	14 979	4 145	3 074	474	22 672
Landbúnaðarráðuneyti	12,7	5 305	2 024	1 273	370	8 972
Sjávarútvegsráðuneyti	15,2	6 076	2 087	704	139	9 006
Dómsmálaráðuneyti	21,2	8 766	2 614	1 148	167	12 695
Félagsmálaráðuneyti	13,9	6 278	1 132	592	181	8 183
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	18,6	8 051	2 503	1 949	372	12 875
Fjármálaráðuneyti, með ríkisbókhaldi og ríkisféhirði	81,8	28 775	13 152	3 652	233	45 812
Samgönguráðuneyti	10,9	4 322	847	1 287	184	6 640
Iðnaðarráðuneyti	14,1	5 745	2 079	492	305	8 621
Viðskiptaráðuneyti	12,3	5 358	2 280	1 187	128	8 953
Hagstofa Íslands	38,1	13 380	2 691	883	150	17 104
Ríkisendurskoðun	35,5	13 183	3 431	1 710	532	18 856
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	12,6	5 659	2 151	1 704	145	9 659
	378,3	148 918	47 696	25 483	3 983	226 080
			32%	17%	2,7%	

Tafla 2. Launagreiðslur 1985.

	Dagvinnulaun	Yfirvinnulaun	Önnur laun	Aðrar greiðslur	Alls þús. kr.
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	26 507	9 019	989	224	36 739
BSRB, alls	25 811	10 219	2 172	675	38 877
BHMR, alls	34 016	12 719	2 331	1 909	51 011
Sjúkrahúslæknar	48 951	21 322	8 243	5 652	84 168

Tafla 3.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTID
LAUNADEILD
01.10.1986 AÁK

BSRB
5303 FÉLAG STARFSMANNA STJÓRNARRÁÐSINS

LAUNAGREINING MARS TIL MAÍ 1986
SKIPTING STÖÐUGILDA
YFIRVINNU OG ANNARRA LAUNA

	KARLAR					KONUR				
SAM LFL	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %
502 049	0,00	0,0	0	0,0	0,0	0,07	0,0	20.071	0,0	0,0
502 050	0,00	0,0	0	0,0	0,0	0,96	0,5	21.168	11,7	0,0
502 051	0,01-	0,0	800.999-	0,0	97,3	0,00	0,0	0	0,0	0,0
502 052	1,23	2,0	18.472	0,0	0,0	0,70	0,4	19.957	2,6	0,0
502 053	0,17-	0,2-	85.817-	19,2-	0,0	1,63	0,9	19.672	3,4	0,0
502 054	5,45	8,7	27.868	36,7	34,3	0,49	0,3	21.718	0,0	0,0
502 055	0,00	0,0	0	999,9*	0,0	0,20	0,1	24.670	0,0	0,0
502 056	0,00	0,0	0	999,9*	0,0	1,00	0,6	28.287	15,0	7,9
502 057	1,00	1,6	26.681	20,4	0,0	2,93	1,6	20.039	0,8	0,0
502 058	0,00	0,0	0	999,9*	0,0	5,40	3,0	24.795	31,4	0,0
502 059	1,92	3,1	25.613	27,6	0,0	36,09	19,9	26.287	7,3	0,0
502 060	0,00	0,0	0	0,0	0,0	0,28-	0,1-	24.539	0,0	0,0
502 061	12,06	19,2	30.959	97,9	0,0	45,37	25,0	29.464	19,5	0,0
502 062	0,45	0,7	30.338	42,4	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
502 063	4,72	7,5	32.211	29,3	0,0	23,46	12,9	30.773	28,4	0,0
502 064	1,00	1,6	34.290	43,2	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
502 065	6,90	11,0	33.703	28,4	0,0	16,15	8,9	34.535	20,3	0,0
502 066	1,33	2,1	36.573	224,4	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
502 067	4,51	7,2	38.771	31,8	0,0	17,59	9,7	37.171	22,3	0,0
502 068	1,67	2,7	37.853	63,9	0,0	1,25	0,7	45.673	50,4	0,0
502 069	6,67	10,6	38.512	46,6	0,0	14,50	8,0	40.586	27,1	0,0
502 070	0,00	0,0	0	0,0	0,0	2,49	1,4	38.515	24,0	0,0
502 071	3,00	4,8	40.787	59,9	1,1	3,00	1,7	42.833	29,3	0,0
502 073	5,97	9,5	44.239	63,8	0,5	7,67	4,2	46.271	36,7	0,0
502 075	4,00	6,4	49.602	42,0	0,0	0,95	0,5	49.800	40,2	0,0
502 077	1,00	1,6	52.623	33,6	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
FÉL ALLS	62,70	100,0	36.045	55,2	2,8	181,61	100,0	31.872	21,5	0,0

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTID
LAUNADEILD
01.10.1986 AÁK

ADRIR
5419 LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS SJÚKRAHÚSALÆKNAR

LAUNAGREINING MARS TIL MAÍ 1986
SKIPTING STÖÐUGILDA
YFIRVINNU OG ANNARRA LAUNA

	KARLAR					KONUR				
SAM LFL	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %
504 008	0,80	0,4	32.783	98,3	13,5	0,00	0,0	0	0,0	0,0
504 009	0,23	0,1	36.704	8,7	33,6	0,00	0,0	0	0,0	0,0
504 011	0,53	0,3	40.364	95,5	23,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
504 012	10,52	5,8	42.558	114,1	7,6	5,27	17,0	42.601	112,5	5,9
504 013	0,67	0,4	44.263	218,5	15,1	1,61	5,9	44.337	62,2	1,4
504 014	17,02	9,4	46.484	90,8	5,2	5,47	17,7	46.458	99,2	20,9
504 015	12,46	6,9	48.560	84,2	12,4	1,82	5,9	48.550	59,3	9,4
504 016	11,66	6,4	50.752	99,2	15,2	4,80	15,5	50.718	51,4	10,0
504 017	4,97	2,7	53.009	93,3	17,2	3,26	10,6	53.097	55,2	9,5
504 018	3,00	1,7	55.430	75,2	23,5	0,00	0,0	0	0,0	0,0
504 020	1,44	0,8	59.953	96,5	13,7	0,00	0,0	0	0,0	0,0
504 021	5,06	2,8	62.794	50,3	12,4	0,00	0,0	0	0,0	0,0
504 022	15,43	8,5	65.694	60,8	15,4	2,00	6,5	65.660	24,2	9,5
504 023	14,16	7,8	69.561	52,0	16,6	2,59	8,4	65.675	48,6	27,2
504 024	17,23	9,5	71.706	48,6	24,6	0,75	2,4	71.964	40,2	78,5
504 025	7,09	3,9	74.938	33,4	16,9	0,00	0,0	0	0,0	0,0
504 026	27,84	15,3	79.313	31,7	11,9	2,80	9,1	78.301	12,5	20,5
504 031	31,27	17,2	87.692	25,5	13,4	0,32	1,0	87.141	21,9	31,3
FÉL ALLS	181,34	100,0	66.319	52,4	14,6	30,91	100,0	54.196	59,5	16,3

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
LAUNADEILD
01.10.1986 AÁK

BHMR

LAUNAGREINING MARS TIL MAÍ 1986
SKIPTING STÖÐUGILDA
YFIRVINNU OG ANNARRA LAUNA

	KARLAR					KONUR				
SAM LFL	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %
503 129	0,00	0,0	0	0,0	0,0	0,95	0,1	26.934	1,4	2,1
503 132	3,38	0,2	30.966	36,1	1,7	2,50	0,3	33.426	42,0	0,0
503 133	10,53	0,6	30.079	47,6	0,0	5,20	0,6	33.357	48,2	0,5
503 134	7,33	0,4	33.135	68,4	0,6	2,43	0,3	31.325	11,5	3,8
503 135	98,14	5,6	34.006	50,6	0,2	83,80	10,4	33.637	24,8	0,2
503 136	112,11	6,4	36.050	60,0	1,1	76,93	9,6	35.886	26,1	0,9
503 137	108,45	6,2	38.068	62,3	0,3	126,91	15,8	36.113	34,6	6,4
503 138	169,45	9,7	39.134	36,6	14,4	127,14	15,8	38.467	22,7	4,1
503 139	147,22	8,4	40.566	90,0	1,7	112,24	13,9	39.335	58,9	2,1
503 140	222,29	12,7	42.320	30,7	8,4	104,39	13,0	41.327	24,1	1,9
503 141	92,30	5,3	42.585	50,6	6,6	43,83	5,4	42.467	29,7	2,3
503 142	133,30	7,6	44.633	23,8	2,3	36,55	4,5	43.964	22,7	0,8
503 143	174,35	10,0	47.083	34,6	4,7	26,66	3,3	45.867	25,3	0,7
503 144	108,85	6,2	48.758	47,3	1,9	20,77	2,6	47.470	48,8	2,1
503 145	78,59	4,5	50.555	18,4	0,1	14,93	1,9	48.815	11,6	0,0
503 146	65,58	3,8	52.088	59,9	1,5	7,13	0,9	52.786	37,5	1,8
503 147	59,45	3,4	55.500	35,9	0,7	6,17	0,8	55.428	37,6	0,0
503 148	15,13	0,9	56.853	66,7	0,6	2,00	0,2	53.735	77,3	0,0
503 149	12,17	0,7	58.381	65,9	1,5	0,00	0,0	0	0,0	0,0
503 150	116,71	6,7	60.867	12,1	0,2	5,00	0,6	61.145	10,4	0,0
503 151	1,00	0,1	64.059	31,4	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
503 152	12,02	0,7	63.997	46,4	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
SAM ALLS	1.748,35	100,0	44.485	42,1	3,7	805,53	100,0	39.326	31,7	2,5

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
LAUNADEILD
01.10.1986 AÁK

BSRB

LAUNAGREINING MARS TIL MAÍ 1986
SKIPTING STÖÐUGILDA
YFIRVINNU OG ANNARRA LAUNA

	KARLAR					KONUR				
SAM LFL	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %	SAMTALS STÖÐUG	HLUT-FALL	MEÐAL DAGVLAUN	YV/DV %	ANNAÐ %
502 049	0,00	0,0	0	0,0	0,0	0,23	0,0	19.939	13,5	0,0
502 050	1,30	0,0	20.243	39,7	0,0	1,08	0,0	20.626	16,2	0,0
502 051	1,57	0,1	26.443	41,9	61,9	0,66	0,0	20.598	138,3	0,0
502 052	12,99	0,4	22.805	48,3	9,9	17,73	0,4	22.073	32,8	9,3
502 053	40,56	1,3	23.200	41,7	8,2	165,67	4,2	22.971	42,1	6,2
502 054	99,18	2,9	25.177	43,4	15,0	72,55	1,8	24.431	29,8	7,3
502 055	120,54	3,9	24.455	68,9	19,3	126,39	3,2	25.173	34,0	7,6
502 056	114,83	3,7	24.488	45,9	29,9	297,37	7,5	25.826	32,1	7,1
502 057	141,66	4,6	26.373	61,5	10,5	407,73	10,3	25.177	22,5	5,6
502 058	123,35	4,0	26.879	64,4	4,4	290,35	7,4	26.487	29,7	3,6
502 059	175,57	5,7	27.223	73,2	4,0	460,48	11,7	27.176	35,9	11,8
502 060	194,39	6,3	28.394	54,8	13,9	288,32	7,3	28.656	33,5	4,0
502 061	181,29	5,9	29.752	62,6	7,8	229,85	5,8	29.595	26,3	5,8
502 062	255,43	8,3	31.349	65,9	7,5	247,39	6,3	31.111	28,6	2,5
502 063	246,53	8,0	32.607	71,0	16,2	223,16	5,7	32.069	30,3	6,7
502 064	234,31	7,6	33.882	68,4	10,0	116,96	3,0	33.419	34,4	3,2
502 065	331,54	10,7	35.330	73,9	14,1	313,36	7,9	33.624	35,5	13,7
502 066	174,86	5,7	36.843	70,9	9,9	261,86	6,6	35.580	37,1	10,7
502 067	207,96	6,7	37.678	76,4	3,9	134,05	3,4	36.547	44,2	8,5
502 068	119,38	3,9	39.248	62,4	11,9	39,64	1,0	39.818	27,0	9,6
502 069	109,36	3,5	40.527	63,9	4,0	79,88	2,0	39.862	43,1	4,9
502 070	49,15	1,6	41.866	65,1	3,4	80,49	2,0	41.282	41,6	6,2
502 071	48,31	1,6	43.337	55,2	1,1	39,79	1,0	42.696	33,3	5,5
502 072	23,22	0,8	44.243	57,5	2,4	13,48	0,3	44.076	39,5	11,0
502 073	41,30	1,3	45.622	57,5	2,8	28,54	0,7	45.896	36,6	2,7
502 074	21,00	0,7	47.668	59,6	7,0	2,00	0,1	47.121	12,0	0,0
502 075	15,00	0,5	49.039	48,1	0,0	1,95	0,0	49.698	40,1	0,0
502 076	9,00	0,3	50.601	33,1	5,2	3,02	0,1	51.123	20,5	7,0
502 077	4,00	0,1	50.406	42,9	6,7	2,00	0,1	52.623	86,9	4,6
502 079	1,00	0,0	55.828	70,0	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
SAM ALLS	3.088,58	100,0	32.591	65,5	10,0	3.944,98	100,0	29.916	33,2	7,3

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTID
LAUNADEILD
01.10.1986 AÁK

BK

LAUNAGREINING MARS TIL MAÍ 1986
SKIPTING STÖÐUGILDA
YFIRVINNU OG ANNARRA LAUNA

SAM LFL	KARLAR SAMTALS STÖÐUG	KARLAR HLUT-FALL	KARLAR MEÐAL DAGVLAUN	KARLAR YV/DV %	KARLAR ANNAÐ %	KONUR SAMTALS STÖÐUG	KONUR HLUT-FALL	KONUR MEÐAL DAGVLAUN	KONUR YV/DV %	KONUR ANNAÐ %
503 129	0,24-	0,0	29.946	27,7-	0,0	0,00	0,0	0	999,9*	0,0
503 130	0,25	0,0	29.616	0,0	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
503 132	115,94	10,7	29.569	35,2	0,0	234,18	14,5	29.913	19,4	0,0
503 133	23,46	2,2	31.577	29,0	0,1	20,46	1,3	31.488	18,1	0,0
503 134	4,80	0,4	36.083	26,6	0,2	11,15	0,7	34.217	32,6	0,0
503 135	573,29	52,7	36.776	43,3	0,1	1.194,25	73,2	36.394	21,0	0,0
503 136	82,27	7,6	37.666	65,7	0,0	57,05	3,5	36.975	19,3	0,5
503 137	41,88	3,9	39.112	50,3	0,0	28,74	1,8	37.273	11,9	0,0
503 138	15,01	1,4	41.915	55,2	0,0	13,64	0,8	40.210	26,6	0,0
503 139	12,03	1,1	41.518	157,6	0,0	6,18	0,4	41.803	68,1	1,1
503 140	65,40	6,0	43.959	53,0	0,0	25,37	1,6	43.153	47,0	0,0
503 141	40,28	3,7	45.340	63,5	0,0	6,53	0,4	45.091	43,5	0,0
503 142	25,44	2,3	48.297	53,1	0,0	11,49	0,7	47.345	35,6	0,0
503 143	27,08	2,5	49.147	56,0	0,0	10,37	0,6	48.737	51,8	0,0
503 144	26,54	2,4	51.347	53,2	0,0	6,00	0,4	50.606	35,2	0,0
503 145	4,24	0,4	51.554	55,9	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
503 146	11,00	1,0	54.023	45,4	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
503 147	12,00	1,1	56.515	54,7	0,0	3,39	0,2	56.300	38,5	0,0
503 148	7,00	0,6	55.494	44,2	0,0	0,00	0,0	0	0,0	0,0
SAM ALLS	1.087,67	100,0	38.425	48,7	0,0	1.616,60	100,0	35.860	22,0	0,1

Sþ. 131. Fyrirspurn [126. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um samningaviðræður tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir að fram verði haldið samningaviðræðum Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands?
2. Ef svo er, hvenær er von til þess að samningaviðræður hefjist að nýju?

Nd. 132. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 105.

Alþingi, 5. nóv. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm. | Friðrik Sophusson. | Ólafur G. Einarsson.

Svavar Gestsson. | Halldór Blöndal.

Sþ. 133. Fyrirspurn [127. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyfjakostnað.

Frá Haraldi Ólafssyni.

Eru í undirbúningi ráðstafanir af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til að lækka lyfjakostnað í landinu, t.d. með lækkun álagningar á lyf eða öðrum aðgerðum?

Sþ. 134. Fyrirspurn [128. mál]

til fjármálaráðherra um söluskattsskil.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Eru dæmi um það að fjármálaráðuneytið hafi ákveðið að fresta innheimtuaðgerðum vegna söluskattsskila lengur en um tvo mánuði hjá einstökum aðilum? Ef svo er óskast tilgreint hversu oft svo hafi verið árlega 1980–1986 og sömuleiðis birt skrá yfir hvaða aðila sé um að ræða á árunum 1984–1986 og þá hvenær hver einstakur frestur hafi verið veittur og hver upphæðin sé hverju sinni.
2. Eru dæmi um það að fjármálaráðuneytið hafi heimilað greiðslu á tolli og söluskatti við innflutning með skuldabréfum? Ef svo er óskast tilgreint hversu oft svo hafi verið árlega 1980–1986 og sömuleiðis birt skrá yfir þá aðila sem hér um ræðir á árunum 1984–1986 og þá hvaða fjárhæðir sé um að ræða hverju sinni.
3. Eru dæmi um það að fjármálaráðuneytið hafi heimilað greiðslu skattsekta með skuldabréfum? Ef svo er óskast tilgreint hvaða aðila sé um að ræða á árunum 1983–1986 og hvaða fjárhæðir hverju sinni.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 135. Fyrirspurn [129. mál]

til menntamálaráðherra um heimilisfræðslu.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

1. Hver er stefna menntamálaráðherra í hússtjórnarfræðslu?
2. Hefur menntamálaráðuneytið undirbúið eða unnið að endurskoðun á lögum um hússtjórnarskóla?

3. Hefur verið samin eða er verið að semja reglugerð um hússtjórnarfræðslu?
4. Hvenær má vænta þess að skipaður verði námsstjóri eða námsstjórar fyrir heimilisfræðslu á öllum skólastigum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 136. Fyrirspurn [130. mál]

til menntamálaráðherra um íþróttaaðstöðu í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvaða fyrirætlanir hefur menntamálaráðherra til að leysa óviðunandi ástand íþróttakennslu í Menntaskólanum við Hamrahlíð?
2. Hefur einhver undirbúningur farið fram að byggingu íþróttahúss við skólann?

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um almenna heimilisfræðslu.

Flm.: Magdalena M. Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kanna með hvaða hætti best verði staðið að almennri heimilisfræðslu í landinu. Kannað verði m.a. hvernig að slíkri fræðslu sé staðið annars staðar á Norðurlöndum.

Ráðherra geri tillögu um endurskipulagða starfsemi hússtjórnarskólanna og heimilisfræðslu í landinu og leggi hana fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Á seinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. risu upp víðs vegar um landið hússtjórnar- og kvennaskólar og fylgdu þeir í kjölfar vaknandi áhuga og kröfu kvenna um meiri menntun og meira jafnræði kynjanna. Þessi þróun náði hámarki sínu um miðja þessa öld er starfandi voru í öllum landshlutum hússtjórnarskólar, flestir með átta til níu mánaða starfstíma á ári. Eingöngu stúlkur sóttu um inngöngu enda unnu flestar konur heima. Þá var ekki hægt að ganga út í búð og kaupa svo að segja alla hluti tilbúna. Því var mikils um vert að konur kynnu „að koma ull í fat og mjólk í mat“ og hráefni til matreiðslu kom beint af skepnunni og hagsæld heimilanna valt á því að húsmóðirin kynni vel til verka..

Á áttunda áratugnum fór aðsókn að húsmæðraskólunum stórlega þverrandi og hafa þeir smám saman verið að týna tölunni og á s.l. vetri var þremur vel metnum skólum í þéttbýlum héruðum hreinlega lokað.

Þeir sem þekkja til starfsemi húsmæðraskólanna harma þessa þróun og telja að þessi tegund skóla megi ekki leggjast niður. Það er hins vegar augljóst að þessir skólar, eins og aðrir skólar, verða að vera í takt við tímann. Húsmæðraskólarnir veita ekki starfsréttindi á vinnumarkaðinum og því vill ungt fólk ekki eyða heilum vetri til náms í þeim. En það á ekki að leggja þá niður heldur breyta starfsemi þeirra.

Nú á að kenna heimilisfræði í grunnskólum landsins og er það vel en mikill misbrestur er á að þeim ákvæðum í grunnskólalöggjöfinni sé alls staðar framfylgt. Á grunnskólastiginu má sannarlega ná góðum árangri sé kennslan vel skipulögð og miði að því að kenna nemendum að meta hollt fæði og lífnaðarhætti, almenn þrif og þekkingu á vörugæðum. Takmörk eru þó fyrir því hvað ungir nemendur geta tileinkað sér af því sem þarna er kennt eins og í öðrum greinum í skólunum.

Í þjóðfélagi örra breytinga er nauðsynlegt að styrkja stöðu heimilanna. Það er því full þörf á að ungt fólk, konur og karlar, eigi kost á námskeiðum í hefðbundnum heimilisfræðum, svo sem matreiðslu, þvotti, ræstingu, saumum, vöruþekkingu og að læra að nota þau mörgu hjálpargögn sem nú eru á boðstólum í sambandi við rekstur heimilis og fjölskyldumálefni. Þar að auki eru svo aðrar greinar sem í rauninni flokkast undir listiðnað, svo sem vefnaður, keramik, hekl, prjón og fjöldamargt annað.

Í þessu streituþjóðfélagi, sem við lifum í, er mikils virði að geta slakað á við holla og skapandi tómstundaiðju. Það er að vísu hægt að fara út í búð og kaupa flesta hluti tilbúna en þá fáum við ekki fullnægt þeirri sköpunarþörf sem býr í okkur flestum og ber að hlúa að en ekki drepa niður.

Að þessu athuguðu sjáum við flutningsmenn að sannarlega er þörf fyrir húsmæðraskólana í þjóðfélaginu og að bregðast verður við þeim breytingum sem orðið hafa með því að laga starfsemi þeirra að nútíma lífnaðarháttum og þörfum.

Á nokkrum stöðum hafa húsmæðraskólar fært starfsemi sína í námskeiðsform sem hafa verið vel sótt bæði af almenningi og sem valgreinar í framhaldsskólum. Einnig hafa kennarar þessara skóla efnt til námskeiða í nágrannabyggðarlögum og hefur þessi háttur mælst vel fyrir.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um könnun á búrekstraraðstöðu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram á fyrri hluta árs 1987 samræmda könnun á búrekstraraðstöðu einstakra jarða og byggðarlaga um land allt.

Markmiðið með slíkri búrekstrarkönnun verði að safna upplýsingum um framleiðsluaðstöðu á einstökum jörðum, svo og um áform ábúenda og hugmyndir sveitafólks varðandi nýsköpun í atvinnulífi og breytingar á búháttum í dreifbýli í náinni framtíð.

Könnunin verði m.a. við það miðuð að unnt sé að nota þær upplýsingar sem safnast við mótun svæðaskipulags í landbúnaði þar sem tekið er tillit til aðlögunar hefðbundins búskapar að landgæðum og markaði, nýtingar arðbærra hlunninda og uppbyggingar nýrra búgreina. Jafnframt ætti könnunin að leiða í ljós stöðu einstakra byggðarlaga og verða leiðbeinandi um aðgerðir til að viðhalda byggðinni.

Við framkvæmd búrekstrarkönnunarinnar verði leitað aðstoðar búnaðarsambanda og héraðsráðunauta og hagnýttar niðurstöður úr könnun sem gerð var á árinu 1986 á Norðurlandi að frumkvæði Ræktunarfélags Norðurlands.

Landbúnaðarráðherra kynni Alþingi meginniðurstöður þessarar könnunar eigi síðar en haustið 1987 svo að unnt sé að móta aðgerðir með hliðsjón af henni á næsta þingi.

Kostnaður vegna könnunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mjög hefur hallað undan í málefnum landbúnaðarins síðustu ár. Markaður fyrir hefðbundnar landbúnaðarafurðir hefur dregist ört saman, m.a. vegna versnandi kjara launafólks og lækkun á niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Milliliðir hafa hirt sívaxandi hlut af afurðaverðinu og frjáls álagning í smásölu hefur hækkað verðið til neytenda.

Með því kvótakerfi, sem nú hefur verið innleitt með stuðningi af lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er verið að festa í sessi meingallaða skipan í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Með úthlutun á fullvirðisrétti til bænda í hefðbundnum búgreinum er verið að skipta minnkandi framleiðslumagni niður á bændur, að mestu án tillits til aðstæðna og stöðu byggðarlaga. Á sama tíma eru engar hömlur settar á framleiðslu annarra kjötafurða en kindakjöts.

Engin marktæk viðleitni er til að skipuleggja framleiðsluna svæðisbundið með tilliti til landgæða eða staðbundins markaðar. Varðar hið fyrrnefnda einkum sauðfjárræktina en hið síðartalda mjólkurframleiðslu.

Það stjórnkerfi, sem nú er verið að innleiða í hefðbundnum búskap, bitnar harðast á minni búum og frumbýlingum og þeim sveitum sem stóðu höllum fæti fyrir. Afleiðing þessarar stefnu verður að fjöldi bænda lendir á köldum klaka á nokkrum árum og byggðin grisjast og eyðist skipulagslaust. Þetta eru í senn ómannúðlegar aðgerðir og óhagkvæmar fyrir þjóðarheildina.

Stefna Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um kaup og leigu á búmarki og fullvirðisrétti af bændum geta á stuttum tíma kippt fótum undan búskap í heilum byggðarlögum og dregið hefur verið í efa að farið sé að lögum um þær aðgerðir. Stuðningur við bændur, sem hætta vilja búskap af ýmsum ástæðum, getur átt fullan rétt á sér en nauðsynlegt er að byggja slíkar aðgerðir á heildarsýn og gera jafnframt ráðstafanir til styrktar lífvænlegum byggðum.

Sama handahófið ríkir um uppbyggingu nýrra búgreina og gagnvart hefðbundnum búskap. Þar er víða verið að fjárfesta skipulagslaust, m.a. án tillits til náttúruskilyrða og aðstæðna á einstökum jörðum og ástands í viðkomandi sveitum.

Í þeirri tillögu, sem hér er flutt, er lögð áhersla á allt önnur vinnubrögð. Með búrekstrarkönnun á að bæta úr skorti á nauðsynlegum upplýsingum um framleiðsluaðstöðu á einstökum jörðum og fá vitneskju um áform ábúanda og hugmyndir fólksins í dreifbýlinu varðandi nýsköpun í atvinnulífi og æskilegar breytingar á búháttum.

Þótt aflað hafi verið á liðinni tíð margháttaðra upplýsinga um framleiðsluaðstæður, m.a. á vegum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs og Fasteignamats ríkisins, hafa þær ekki verið hagnýttar eða legið fyrir í aðgengilegu formi. Veldur þar mestu áhugaleysi stjórnvalda. Að frumkvæði Ræktunarfélags Norðurlands var snemma á árinu 1986 hafist handa um könnun á búrekstri á Norðurlandi og er nú verið að vinna úr þeim gögnum. Sjálfsagt er að nýta þær upplýsingar sem þar koma fram og reynsluna af þessu lofsverða framtaki. Nauðsynlegt er að ráðast hið fyrsta í svipaða búrekstrarkönnun í öðrum landshlutum. Reynslan úr Norðurlandi sýnir að unnt er að vinna slíkt verk á skömmum tíma eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Svo mikið er í húfi fyrir fólkið í sveitum og landsmenn alla að eðlilegt er að ríkið greiði kostnað af þessari könnun. Við framkvæmd hennar er hins vegar sjálfsagt að virkja samtök bænda og héraðsráðunauta.

Ef vel er að þessari könnun staðið á hún að geta lagt grunn að gjörbreyttum tökum á stjórn landbúnaðarmála, m.a. að svæðaskipulagi og stuðningi við eintök byggðarlög.

Varðandi bakgrunn þessara mála vísast til greinar eftir Gunnar Guðbjartsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en hún birtist í Árbók landbúnaðarins 1985 undir heitinu Örlagatímar (sjá fylgiskjal).

Fylgiskjal.

Gunnar Guðbjartsson:

Örlagatímar.

Hinn 1. júlí 1985 tóku gildi ný lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Lög þessi breyta mörgu og miklu frá eldri lögum um þýðingarmestu mál er varða þróun landbúnaðarins um næstu framtíð, afkomu bændastéttarinnar í landinu svo og um alla þróun í dreifðri byggð landsins.

Í eldri lögum var Framleiðsluráði landbúnaðarins falið allvíðtækt vald í verðlags- og sölumálum landbúnaðarins og helstu skipulagsmálum er vörðuðu þróun hans. Nú eru þessi völd ýmist færð í landbúnaðarráðuneytið, aðrar opinberar stofnanir eða látin lönd og leið í samkeppni duttlungafullrar markaðshyggju. Í þessu efni er Framleiðsluráð nú aðeins lítilfjörlegur umsagnaraðili sem nánast þarf ekki að taka tillit til.

Verðákvörðunarvaldi er skipt á margra hendur.

A. Ef verð búvöru til bænda er ákveðið er það gert af Sexmannnanefnd sem skipuð er á svipaðan hátt og áður en hefur aðeins þetta verksvið eitt. Í því efni er áfrýjunarréttur til yfirnefndar eins og áður.
B. Slátur- og heildsölukostnaður kjöts er nú ákveðinn af Fimmmannanefnd þar sem verðlagsstjóri er oddamaður og hlýtur alltaf að ráða niðurstöðu. Nefndin er að öðru leyti skipuð fulltrúum af hálfu launþegasamtaka og tveimur fulltrúum frá Landssamtökum sláturleyfishafa. Enginn áfrýjunarréttur er varðandi ágreining í þessari nefnd.
C. Fimmmannanefnd, skipuð á svipaðan hátt, fer með ákvörðunarvald um vinnslu- og heildsölukostnað mjólkur. Þar skipa Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði fulltrúa fyrir mjólkurvinnsluna. Enginn áfrýjunarréttur er þar heldur.
D. Fimmmannanefnd, skipuð á svipaðan hátt en þó með tveimur fulltrúum frá kartöflusölufyrirtækjum, getur ákveðið heildsölukostnað kartaflna ef vilji er fyrir hendi.

E. Fimmmannanefnd gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárhæð verðmiðlunargjalda, að fengnum tillögum frá Framleiðsluráði, og ákveður skiptingu fjárins á milli afurðastöðva.

F. Landbúnaðarráðherra ákveður verðmiðlunargjöld. Samkvæmt eldri lögum tók Framleiðsluráð ákvarðanir um fjárhæð gjaldanna og skiptingu fjárins milli vinnslustöðva.

Þær ákvarðanir geta varðað líf eða dauða ekki aðeins margra fyrirtækja landbúnaðarins heldur og ráðið úrslitum um byggð í heilum héruðum.

G. Ákvörðun smásöluálagningar er hjá Fimmmannanefnd fyrir hverja afurðagrein. Þó getur hún fellt slíka ákvörðun niður ef *hún telur* samkeppni næga. Nefndin þarf aðeins að leita umsagnar Framleiðsluráðs í því efni en þarf ekki að neinu leyti að taka tillit til umsagnar þess.

Í þessum nýjungum í meðferð verðlagsmála felast breytingar sem geta ráðið örlögum íslenskrar byggðaþróunar og örlögum íslensks landbúnaðar í framtíðinni.

Hin nýju ákvæði um verðmiðlun geta ráðið örlögum fámennra og fátækra byggðarlaga. Þar kann þó að valda miklu hvernig með valdið verður farið.

Frjáls heildsöluverðákvörðun og frjáls verslunarálagning eins og nú hefur verið upp tekin í verslun með kartöflur hefur þegar leitt til a.m.k. tvöfalds kostnaðar í verslun með þá vöru. Hækkað verð á vörunni þrengir markaðinn og minna selst og þá geta færri menn lifað af því að framleiða þá vöru. Verðlagsyfirvöld og neytendur virðast ekki láta sig þetta varða. Svipuð þróun hefur orðið í kjötsölu síðan smásöluálagning stykkjaðs kjöts var gefin frjáls.

Felld eru niður ákvæði eldri laga um veitingu slátur- og heildsöluleyfa og fleiri þýðingarmikil ákvæði um sölumeðferð afurða.

Í hinum nýju lögum eru önnur ákvæði sem kunna að valda örlögum. Í 36. gr. laganna er ákveðið að draga úr útflutningsbótum á búvörur snögglega úr 10% heildarverðmætis búvöru í 7% á þessu ári. Matsgrundvöllur verðmætisins er jafnframt þrengdur þannig að samdrátturinn er í reynd meiri. Síðan eiga útflutningsbætur að minnka um 1% á ári til ársins 1990 og þá væntanlega falla niður sbr. lokaorð a. liðar 30. gr.

Í 37. gr. eru ákvæði um að mestur hluti hins sparaða útflutningsbótafjár eigi að renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins til nota við að byggja upp nýjar búgreinar o.fl.

Þetta er hin jákvæða hlið laganna.

Ráðstöfun þessa fjár á að fara eftir ákvörðun landbúnaðarráðherra (reglugerð). Ákvæðin um ráðstöfun fjárins eru mjög losaraleg og því nokkur hætta á að ekki sé sú stefnumörkun fyrir hendi að tilgangur með þessari lagagrein náist nægilega fljótt svo að ný framleiðsla verði til framfærslu fólks í sveitum jafnótt og draga skal úr framleiðslu kjöts og mjólkur svo sem til er ætlast. Fá arðvænleg atvinnufyrirtæki eru nú í augsýn og engar áætlanir fyrir hendi til að vinna eftir. Mest er um fálmkenndar tilraunir að ræða, utan þess sem gert er í loðdýrarækt. En loðdýraræktin hefur sýnt að hún er mjög áhættusöm og við margháttaða erfiðleika er þar að etja, m.a. í vinnslu fóðurs svo að það sé bæði gott og ódýrt.

Í þessu efni vantar miklu markvissari stefnumótun.

Tvær greinar hinna nýju laga vöktu vonir hjá ýmsum bændum um bætta tíma. Það er 29. greinin sem felur í sér skyldu um fulla greiðslu afurðaverðs stuttu eftir afhendingu söluvöru og 30. gr. sem felur í sér heimild til stjórnunar búvöruframleiðslu og verðtryggingu fyrir umsamið framleiðslumagn.

Í ljós er komið að mikill veikleiki er í greinum þessum þegar til framkvæmda kemur. Ekki er tryggt fé til greiðslu afurðanna skv. 29. gr. Afurðalán hafa ekki verið aukin hlutfallslega nema síður sé. Ríkisstjórnin hefur sýnt viðleitni til að útvega fé til að greiða mjólk og kindakjöt að fullu stuttu eftir innlegg. En hvort tveggja er að fjárútvegunin er ófullnægjandi og annmarkar á framkvæmdinni eru miklir. Ekkert aukafé hefur fengist til fullrar greiðslu annarra afurða svo sem nautakjöts, ullar, kartaflna né fjölmargra annarra búvara.

Þegar farið var að semja um magn búvöru skv. 30. gr. í ágústmánuði 1985 kom í ljós sá skilningur stjórnvalda að sú samningsgerð gæti aðeins náð til mjólkur og kindakjöts — ekki til nautakjöts, svínakjöts, fuglakjöts né eggja eða annarra búvara. Þar með var brostinn allur grunnur að heildarstjórn búvöruframleiðslunnar og líka brostin von um traustari afkomu bændastéttarinnar sem margir héldu að fælist í þessum nýju ákvæðum laganna.

Frá því afurðasölulögin voru sett árið 1935 hefur aldrei verið jafn illt ástand á búvörumarkaði landsins eins og verið hefur frá 1. sept. s.l.

Stjórnlaus undirboð hafa verðið á nær öllum kjöttegundum og eggjum. Mikil óvissa er um greiðslu fyrir allar vörur aðrar en kindakjöt og mjólk og þó eru þar einnig miklar blikur á lofti, einkum varðandi mjólkina.

Vegna þess hversu seint fullvirðisréttur mjólkur var reiknaður verða margir framleiðendur búnir að framleiða að fullu í fullvirðisrétt sinn í vor eða snemma í sumar. Þá á samkvæmt lögunum að stöðva greiðslu mjólkurverðs til þeirra.

Gera má ráð fyrir að einhverjir framleiðendur nýti ekki framleiðslurétt sinn að fullu. Þá eiga aðrir framleiðendur aðgang að þeim ónotaða rétti. Um það verða hins vegar ekki til upplýsingar fyrr en í lok verðlagsársins og þá er of seint að framleiða upp í samninginn.

Svo getur farið að enginn nýti þennan rétt og bændastéttin í heild tapi hluta þess sem um var samið. Þessi annmarki verður fyrir hendi áfram þó að fullvirðismark liggi fyrir í upphafi verðlagsárs. Þarna er veikleiki í þessari leið til framleiðslustjórnunar sem ekki hefur verið ræddur að ráði meðal bænda.

Stjórnleysi í framleiðslu á nautakjöti, svínakjöti og fuglakjöti getur riðið sauðfjárframleiðslunni að fullu. Ekki verður búandi til lengdar við það að allt kjöt sé selt á útsölu. Slíkt verður dauðadómur á alla kjötframleiðslu í landinu. Stjórnvöld verða að átta sig á þessu fljótlega. Verði það ekki gjört mun umrædd löggjöf valda íslensku þjóðfélagi skapadómi sem aldrei verður bættur. Ekki er heldur búandi við stjórnleysi í eggjaframleiðslu svo sem nú er.

Með slíku stjórnleysi er fjármunum þjóðarinnar sóað í stórum stíl í óarðbæra fjárfestingu sem engum nýtist. Sé þetta gert til að þjóna trúarlegum sjónarmiðum samkeppnismanna þá er verið að hætta fjöreggi þjóðarinnar í annarlegum leik líkt og tröllskessurnar gerðu forðum og frá er sagt í þjóðsögum.

Hvort hin nýju framleiðslulög skapa þjóðinni örlagadóm eða valda straumhvörfum til góðs ræðst af því hvort stjórnvöld hafa kjark til að hafna stjórnlausri markaðshyggju samkeppnismanna og taka upp skipulag félagshyggju í staðinn og viðhalda raunhæfri byggðastefnu.

Næstu tvö til þrjú ár munu skera úr um þetta efni. Af þeim úrskurði munu örlög íslenskra byggða og íslensks landbúnaðar ráðast.

Sþ. 139. Fyrirspurn [133. mál]

til iðnaðarráðherra um Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu stóran hlut á ríkið í Sjóefnavinnslunni á Reykjanesi?
2. Hversu miklir peningar hafa verið lagðir í verksmiðjuna af hálfu ríkisins?
3. Stangast ekki þátttaka ríkisins í þessu fyrirtæki á við stefnu ríkisstjórnarinnar um að selja ríkisfyrirtæki og draga úr ríkisumsvifum?

Sþ. 140. Fyrirspurn [134. mál]

til forsætisráðherra um möguleika ungs fólks til búsetu í heimabyggð sinni.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hyggst ríkisstjórnin láta kanna með hvaða hætti hægt er að koma til móts við vilja ungs fólks svo að það eigi þess kost að fá störf við sitt hæfi í heimabyggð sinni, sbr. könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á s.l. ári um búsetuval fólks?

Sþ. 141. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um aukna nýtingu sjávarfangs.

Flm.: Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum til að efla fullnýtingu sjávarafla, m.a. með því að auðvelda aðgang fiskiðnaðarins að áhættufé.

Greinargerð.

Það er einkenni á íslenskum fiskiðnaði að hann nýtir eingöngu að litlum hluta þann afla sem hér er dreginn úr sjó. Að þessu leyti stöndum við Íslendingar verr að vígi en nágrannaþjóðir okkar er nýta sinn afla betur.

Með tilkomu kvótans er því tímabili sögunnar lokið þegar afkoma fiskiskipa fór aðallega eftir því hversu mikill afli barst að landi og hversu hratt. Nú er afkoma frekar komin undir því að verðmæti þess afla, er heimilt er að veiða, sé sem mest.

Af þorskafla okkar fara einungis tæp 40% í verðmæta útflutningsvöru en afgangurinn fer í „gúanó" eða er hent. Þó eru þekktar vinnsluaðferðir til að vinna verðmæta vöru úr nær öllu því sem hent er og oft eru markaðir fyrir hendi.

Við þessar aðstæður vaknar sú spurning hvort ekki megi stórauka útflutningsverðmæti íslensks sjávarfangs með aukinni nýtingu. Til þess að svo megi verða þarf að:

1. Veita fiskiðnaðinum betri aðgang að áhættufé til fjárfestingar í þessari úrvinnslu.
2. Auka aðstoð við vöruþróun og búa fyrirtækjum aðstöðu til hennar.
3. Stórefla markaðsleit.
4. Hvetja fyrirtæki til að leggja aukinn hluta veltu í tilraunar- og þróunarverkefni, til dæmis með framlögum ríkisins á móti eigin fé fyrirtækja.
5. Hvetja útgerðarfyrirtæki og sjómenn til að sinna þessum hlutum.

Nokkur dæmi um nýtingu sjávarafla:

Skuttogarar: Um 20% af afla skuttogara fer útbyrðis sem slóg. Nýta má allt þetta slóg í meltu með litlum tilkostnaði. Um 5% af þorski og ufsa er lifur. Safna má lifrinni til niðursuðu og lýsisgerðar. Nægir markaðir eru fyrir niðursoðna lifur.

Frystitogarar: Um 60% af afla frystitogara fer útbyrðis í vinnslunni um borð. Þetta má nýta á sama hátt og í togurum en auk þess kemur vinnsla á marningi, kinnum, gellum, sundurgreindum innyflum o.fl. vel til greina.

Rækjuvinnsla: Eingöngu 25% af rækju nýtist við núverandi vinnslu. Um 50% af rækjuaflanum má nýta í rækjuskeljarmjöl, framleiðslu á krafti til gervikrabbavinnslu og súpugerðar og fleiri hluta. Svipaða sögu má segja um aðra skelfiskvinnslu.

Fiskimjölsvinnsla: Svo til allt fiskimjöl, sem framleitt er á Íslandi, er í lágum verðflokki. Ef einungis 25% af mjöli, sem framleitt er í landinu, væri selt sem gæðamjöl væri um nokkur hundruð milljóna króna verðmætaaukningu að ræða.

Nokkur dæmi um framleiðslu sem lítið er um hér:

Gæludýrafóður: Mjög stór markaður með háu verði. Gerir kröfu um mikil gæði og stöðugt framboð. Hægt að nota meltu, fiskimjöl, rækju- og krabbaúrgang sem hráefni.

Fiskeldisfóður: Sama gildir og fyrir gæludýrafóður.

Súrími: Vaxandi markaður. Hugsanlega hægt að nýta iðnaðarfisk eins og kolmunna og loðnu.

Kraftur og bragðefni: Mikil eftirspurn er eftir þessari vöru á heimsmarkaði núna, sérstaklega unninni úr skelfiski og kröbbum. Notuð í gervikrabba og súpur til dæmis.

Ensímvinnsla: Ef af lífefnaiðnaði verður hér á landi er fiskslóg það hráefni sem helst er horft til.

Eins og þessi upptalning sýnir eru miklir möguleikar fyrir hendi á frekari nýtingu sjávarfangs hér við land. Eitt af því sem oft veldur erfiðleikum þeim er hefja vilja frekari nýtingu sjávarafla er tregða útgerðar og sjómanna til að safna svokölluðum úrgangi. Til að hvetja til þessarar söfnunar geta stjórnvöld t.d. gefið aukinn kvóta til þeirra skipa er sinna henni. Má hugsa sér að aukaafli komi ekki til skipta en að sjómenn haldi honum óskiptum. Gefa má heimild til að leggja fé er fæst fyrir hann í sameiginlega sjóði skipverja er varið yrði til félagslegra þarfa og teldust ekki til skatttekna.

Ed. 142. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Haraldur Ólafsson.

1. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Iðgjöld greidd lífeyrissjóðum, sbr. 1. tölul. D-liðs 1. mgr., skal draga frá tekjum manna óháð því hvort valinn er fastur 10%-frádráttur eða ekki, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu skatta árið 1987 vegna tekna ársins 1986.

Greinargerð.

Lífeyrismál verða okkur sífellt nærtækari eftir því sem sýnt er að meðalaldur þjóðarinnar hækkar. Því er ekki ólíklegt að menn spyrji sig hvernig við ætlum að sjá farborða þeim mikla fjölda fólks sem verður að ljúka starfsævi sinni á þriðja og fjórða tug næstu aldar. Að bestu manna yfirsýn hefur það orðið að ráði að freista þess að safna í sjóði og ávaxta þá svo að þessar byrðar leggist ekki af fullum þunga á börn okkar og barnabörn því að líklegt er að þegar þau verða komin á legg munu fjórir vinnandi menn í þjóðfélaginu þurfa að standa undir hverjum einum lífeyrisþega í stað átta vinnandi manna nú.

Ef lífeyrisiðgjöld verða frádráttarbær mun það hvetja til þess að þau verði betur innt af hendi en á því er mikill misbrestur nú og mun það þannig stuðla að eftirliti og betri framkvæmd laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Hryggilegt er að sjá hvernig almennu lífeyrissjóðirnir, sem stofnaðir voru um 1970, brunnu upp í verðbólgunni. Margur, er hugði sig vel settan í sínum lífeyrissjóði, er það ekki eins og koma mun í ljós þegar úttekt á einstökum sjóðum kemur á næstu árum. Verður þá brýnt að hvetja einstaklinga til kaupa á lífeyrisréttindum og búa þannig í haginn fyrir efri árin. Gagnvart ríkissjóði hefur þetta einnig þá þýðingu þegar til lengri tíma er litið að létt verður af útgjöldum þeim sem samfélagið hefur nú af tekjutryggingu og eftirlaunum til aldraðra.

Ekki skyldi vanmetinn þáttur uppsafnaðs lífeyris sem uppsprettu innlends sparnaðar. Nægir í því sambandi að minna á mikilvægi þessa sparnaðar við uppbyggingu húsnæðislánakerfisins og vissulega veitti þar ekki af meira fé.

Minna má á að þó að hið nýja skattkerfi Bandaríkjamanna geri ráð fyrir færri frádráttarliðum en áður tíðkuðust og að mönnum þar vestra gangi til einföldun skattkerfisins

hafa Bandaríkjamenn séð ástæðu til að halda eftir sem áður inni möguleikum á frádrætti á fjármunum þeim sem lagðir eru til lífeyrissjóða áður en til skattálagningar kemur. En það er trú manna að skattkerfi Bandaríkjamanna verði haft til fyrirmyndar á Vesturlöndum á næstu árum og áratugum.

Nd. 143. Frumvarp til laga [137. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á undan 45. gr. í VI. kafla laganna komi ný grein svohljóðandi:

Seljendum hvers kyns vöru eða þjónustu er óheimilt að hækka vöruverð eða gjaldtöku fyrir þjónustu nema það sé sérstaklega tilkynnt. Heimilt er að auglýsa samtímis verðbreytingar til hækkunar eða lækkunar.

Sé vöruverð hækkað er seljanda vöru skylt að auglýsa hækkunina á áberandi hátt á sölustað, nýtt verð ásamt hinu eldra, svo og hvenær hækkunin tekur gildi. Slíkar tilkynningar um verðbreytingar vöruflokka og vörutegunda skulu vera uppi eigi skemur en 14 daga frá gildistöku verðbreytinga.

Hvers kyns hækkanir þjónustuaðila á gjaldskrám skulu tilkynntar með eðlilegum fyrirvara þannig að notendur þjónustunnar megi auðveldlega gera sér grein fyrir verðbreytingunum, hvenær og hve miklar þær verða.

Verðlagsstofnun skal setja sérstakar reglur um skyldur seljenda samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt seint á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Flutningsmaður telur enn allar sömu forsendur fyrir nauðsyn þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Því er frumvarpið nú endurflutt með þeirri greinargerð sem því fylgdi í fyrra, að mestu óbreyttri.

Forsenda þess að verðmyndun sé eðlileg, þar sem „frelsi“ ríkir um álagningu og vöruverð, er nægjanlegt verðskyn almennings og greiður aðgangur kaupenda vöru og þjónustu að upplýsingum um verðlag. Frumvarp þetta er flutt til að tryggja betur en nú er aðgang almennings að upplýsingum og þar með það aðhald að seljendum sem eðlilegt og nauðsynlegt er.

Eðlilegt hlýtur að teljast að hvar sem fram fer sala á vöru eigi viðskiptavinir greiðan aðgang að upplýsingum um verðbreytingar síðustu daga og vikna hvort sem er til lækkunar eða hækkunar. Sú venja er alltíð að verslanir auglýsi dyggilega á áberandi hátt ef veittur er afsláttur frá áður ákveðnu vöruverði eða ef um útsölur er að ræða. Minna hefur farið fyrir hinu að almenningi sé á jafnskýran hátt gerð grein fyrir því ef vara eða þjónusta hækkar í verði. Með samþykkt þessa frumvarps og meðfylgjandi ráðstöfunum ætti að verða bót á þessu.

Þá telur flutningsmaður rétt að Verðlagsstofnun athugi hvort ekki sé einnig ástæða til að setja ákveðnari reglur um verðmerkingar, t.d. að svonefnt samanburðarverð, þ.e. verð

staðlaðra eininga, svo sem kg eða lítra, skuli vera á öllum verðmiðum til viðbótar einingarverði. Slíkar ráðstafanir ætti Verðlagsstofnun að geta gert innan ramma gildandi verðlagslaga og þarf því ekki lagabreytingar til. Sömu sögu er að segja um viðskipti með afborgunarskilmálum sem nú eru nokkuð til umræðu. Í því tilfelli hefur Verðlagsstofnun heimild til að setja seljendum reglur um verðupplýsingar, þar með talin lánskjör, og er heimilt skv. 45. gr. laganna að láta þær reglur bæði ná til verðmerkinga í verslunum og til auglýsinga.

Flutningsmaður telur að þær ráðstafanir, sem hér eru lagðar til, stuðli tvímælalaust að verðlagsaðhaldi jafnframt því sem þær flokkast undir almenna upplýsingaskyldu við neytendur.

Sþ. 144. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um skipun embættismannanefndar til að fjalla um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu íslenskra stjórnvalda að kjarnorkuvopn skuli aldrei leyfð í íslenskri lögsögu felur það utanríkisráðherra að beita sér fyrir því á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda að sett verði á laggirnar embættismannanefnd á vegum Norðurlanda sem kanni möguleika á og geri tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Ekkert ríki á Norðurlöndum hefur nú kjarnorkuvopn á yfirráðasvæði sínu og öll löndin hafa með aðild að samningnum um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum (Non-Proliferation Treaty) skuldbundið sig til þess að taka ekki við né framleiða slík vopn.

Skoðanakannanir meðal fólks á Norðurlöndum hafa sýnt eindregna andstöðu gegn kjarnorkuvopnum og vaxandi fylgi við hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði. Í könnun Ólafs Þ. Harðarsonar um „Viðhorf Íslendinga til öryggis- og utanríkismála“, sem gerð var sumarið 1983 og gefin út af öryggismálanefnd 1984, kom fram að 86% þeirra sem tóku afstöðu voru fylgjandi hugmyndum um kjarnorkuvopnalaus svæði.

Íslensk stjórnvöld hafa hingað til fylgt þeirri stefnu að kjarnorkuvopn skuli aldrei leyfð í íslenskri lögsögu og hefur hún verið í samræmi við þann vilja þjóðarinnar sem kemur fram í ofangreindri könnun.

Þessi stefna var áréttuð í þingsályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum 23. maí 1985 en þar segir:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.“

Á s.l. ári hafa þingmenn á Norðurlöndum hist til að ræða þá hugmynd að Norðurlönd verði yfirlýst kjarnorkuvopnalaust svæði.

Skipuð hefur verið þingmannanefnd þar sem fulltrúar 15 þingflokka eiga fulltrúa. Þeir hafa þegar haldið fundi og viðræður um þessi mál halda áfram af fullum krafti.

Í ráði er að skipa embættismannanefnd sem vinni að tillögugerð jafnframt starfi þingmannanefndarinnar. Fulltrúar Grænlands, Færeyja og Álandseyja eiga þegar sæti í þingmannanefndinni.

Mikilvægt er að Íslendingar eigi fulla aðild að þessum viðræðum á öllum stigum málsins því að þannig getum við best komið hugmyndum okkar og tillögum á framfæri.

Það væri mjög misráðið ef Íslendingar yrðu einir viðskila við hinar Norðurlandaþjóðirnar í svo mikilvægum umræðum um utanríkis- og afvopnunarmál.

Tillaga þessi er flutt til að tryggja að svo verði ekki.

Sþ. 145. Fyrirspurn [139. mál]

til menntamálaráðherra um vísinda- og rannsóknaráð.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvenær hyggst menntamálaráðherra leggja fram frumvarp um vísinda- og rannsóknaráð?

Sþ. 146. Fyrirspurn [140. mál]

til landbúnaðarráðherra um þróun kaupmáttar launaliðar bóndans.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver var þróun kaupmáttar launaliðar bóndans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins 1. september ár hvert á tímabilinu 1978–1985 og 1. ágúst 1986, reiknað á verðlagi hvers árs og fært til verðlags á haustmánuðum 1986? Í svari óskast miðað við sambærileg grundvallarbú og vísitölu framfærslukostnaðar.
2. Hvenær á þessu tímabili (1978–1986) og hversu mikið hafa bændur gefið eftir af sínum hlut í verðlagsgrundvelli og á hvaða forsendum hefur slík eftirgjöf verið veitt hverju sinni?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 147. Svar [55. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um innlánsdeildir kaupfélaganna.

Að beiðni viðskiptaráðuneytisins hefur Seðlabanki Íslands kannað einstök atriði fyrirspurnarinnar og er þeim svarað í sömu töluröð og fram kemur í fyrirspurninni á þskj. 55.

1. Innlánsdeildir kaupfélaganna.

Hinn 30. október 1986 eru innlánsdeildir samvinnufélaga 26 talsins. Eru þær allar utan ein, Innlánsdeild Samvinnufélagsins Hreyfils í Reykjavík, starfræktar á vegum kaupfélaga. Innlánsdeildirnar eru þessar:

Kf. Árnesinga, Selfossi.
Kf. A-Skaftfellinga, Höfn, Hornafirði.
Kf. Berufjarðar, Djúpavogi.
Kf. Bitrufjarðar, Óspakseyri.
Kf. Borgfirðinga, Borgarnesi.
Kf. Dýrfirðinga, Þingeyri.
Kf. Eyfirðinga, Akureyri.
Kf. Fáskrúðsfirðinga, Fáskrúðsfirði.
Kf. Fram, Neskaupstað.
Kf. Héraðsbúa, Egilsstöðum.
Kf. Hrútfirðinga, Borðeyri.
Kf. Ísfirðinga, Ísafirði.
Kf. Langnesinga, Þórshöfn.
Kf. Rangæinga, Hvolsvelli.
Kf. Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík.
Kf. Saurbæinga, Skriðulandi, Dalasýslu.
Kf. Skagfirðinga, Sauðárkróki.
Kf. Steingrímsfjarðar, Hólmavík.
Kf. Strandamanna, Norðurfirði, Strandasýslu.
Kf. Suðurnesja, Keflavík.
Kf. V-Húnvetninga, Hvammstanga.
Kf. Þingeyinga, Húsavík.
Kf. Þór, Hellu.
Kf. Önfirðinga, Flateyri.
Samvinnufélagið Hreyfill, Reykjavík.
Sölufélag A-Húnvetninga, Blönduósi.

2. Innstæður í innlánsdeildum.

Hinn 31. desember 1985 námu heildarinnstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga samtals 718 millj. kr. eða 1,8% af samanlögðum heildarinnstæðum í viðskiptabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaganna.

Hjá bankaeftirliti Seðlabankans liggja ekki fyrir tölur um innlán allra innlánsdeildanna 31. ágúst s.l. Tölur um innstæður liggja fyrir ársfjóðungslega. Því er í eftirfarandi yfirliti gefnar upp innstæður miðað við 30. september s.l., nema í nokkrum tilvikum þar sem sýndar eru tölur frá 31. ágúst s.l.

Innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga 31. des. 1985 og 30. sept. 1986*) í þús. kr.

	31. des. 1985	30. sept. 1986
Innlánsd. Kf. Árnesinga	44 278	49 489
Innlánsd. Kf. A-Skaftfellinga	10 615	15 405
Innlánsd. Kf. Berufjarðar	13 884	15 917*)
Innlánsd. Kf. Birtufjarðar	4 050	4 582*)
Innlánsd. Kf. Borgfirðinga	47 858	53 073
Innlánsd. Kf. Dýrfirðinga	2 982	3 335
Innlánsd. Kf. Eyfirðinga	155 015	185 076
Innlánsd. Kf. Fáskrúðsfjarðar	532	494
Innlánsd. Kf. Fram	7 942	8 034*)
Innlánsd. Kf. Héraðsbúa	79 590	84 177
Innlánsd. Kf. Hrútfirðinga	7 291	8 675*)
Innlánsd. Kf. Ísfirðinga	6 017	7 757*)
Innlánsd. Kf. Langnesinga	14 095	16 276*)
Innlánsd. Kf. N-Þingeyinga	33 630	0
Innlánsd. Kf. Rangæinga	7 431	6 718
Innlánsd. Kf. Reykjavíkur og nágr.	10 987	13 054*)
Innlánsd. Kf. Saurbæinga	5 192	3 562*)
Innlánsd. Kf. Skagfirðinga	69 099	77 922
Innlánsd. Kf. Steingrímsfjarðar	5 220	6 340
Innlánsd. Kf. Strandamanna	1 540	1 484
Innlánsd. Kf. Suðurnesja	16 487	21 569
Innlánsd. Kf. V-Húnvetninga	41 198	46 081
Innlánsd. Kf. Þingeyinga	57 034	64 221
Innlánsd. Kf. Þór	1 142	658
Innlánsd. Kf. Önfirðinga	2 318	2 407*)
Sölufélag A-Húnvetninga	55 111	59 379
Samvinnufélagið Hreyfill	17 079	15 590
Samtals:	717 617	771 275

*) Innstæða 31. ágúst 1986.

3. Vaxtakjör innlánsdeilda.

Eftirfarandi er yfirlit yfir vaxtakjör innlána 30. október 1986 í innlánsdeildum samvinnufélaga eins og þau eru ákveðin af hverri innlánsdeild fyrir sig á sama hátt og vaxtaákvarðanir annarra innlánsstofnana eru teknar:

Vaxtakjör innlánsdeilda í prósentum p.a.

	Alm. sparifé	3 mán. reikn.	12 mán. reikn.	Sérkjara-reikn.	Verðtr. 3 mán.	Verðtr. 6 mán.
Kf. Árnesinga	8	8,5	10	8–13	1	2,5
Kf. A-Skaftfellinga	9	10	13	13,75	1	3,5
Kf. Berufjarðar	9	11	14		2,5	3,5
Kf. Bitrufjarðar	9		9,5		1	2,5
Kf. Borgfirðinga	9	10	11	13	1	3,5
Kf. Dýrfirðinga	8		11,8		1	
Kf. Eyfirðinga	9	10	11	14,5	1	3,5
Kf. Fáskrúðsfirðinga	9		14		1	
Kf. Fram	9		11	14	1	3,5
Kf. Héraðsbúa	9	11	13		2	6
Kf. Hrútfirðinga	8		15		1,5	3
Kf. Ísfirðinga	8		15			3
Kf. Langnesinga	8	10	11		1,5	3
Kf. Rangæinga	9	10	11	12,5	1	3
Kf. Reykjavíkur	9	10	11	14	1	3,5
Kf. Saurbæinga	8,5				1	2,5
Kf. Skagfirðinga	8,5	10	11,6	16	1	2,5
Kf. Steingrímsfjarðar	9	9	9,5	14	1	2,5
Kf. Strandamanna	8				1,5	3
Kf. Suðurnesja	8	8,5	10	8–14	1	3
Kf. V-Húnvetninga	8	9	10		1	3
Kf. Þingeyinga	9	11	12	21	1	3,5
Kf. Þór	8,5					
Kf. Önfirðinga	9				1	3–5
Samvinnufélagið Hreyfill	10	11	15	14	2	4
Sölufélag A-Húnvetninga	8,5	9	10,5	13,5	1,5	3

4. Tryggingar.

Innlánsdeildir samvinnufélaga eru stofnaðar og starfræktar samkvæmt heimild í 28. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46/1937, en þar segir svo:

„Samvinnufélög hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta.

Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður félagsins og aðrar eignir þess, ásamt ábyrgð félagsmanna."

Fjárhagur innlánsdeildar er ekki aðskilinn frá fjárhag viðkomandi samvinnufélags, þannig að innlánsfé verður sjálfkrafa hluti af veltifjármunum samvinnufélagsins. Ef illa tekst til í rekstri félagsins og það verður tekið til gjaldþrotaskipta yrðu innstæðueigendur í innlánsdeild almennir kröfuhafar í þrotabú félagsins. Starfandi er Tryggingarsjóður innlánsdeilda með frjálsri aðild innlánsdeildanna. Tilgangur sjóðsins er að efla innlánsdeildir sambandsfélaganna í Sambandi íslenskra samvinnufélaga með því að ábyrgjast innstæður í innlánsdeildum þeirra sambandsfélaga sem gerast aðilar að sjóðnum. Að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, skv. samþykktum fyrir Tryggingarsjóðinn, tekst sjóðurinn á hendur einfalda ábyrgð á skilvísri greiðslu innlána í innlánsdeild félagsins til innstæðueigenda.

Að mati bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er áhætta fólgin í því að eiga kröfu á innlánsdeild samvinnufélags. Færa má rök fyrir því að sú áhætta sé meiri en ef um væri að ræða kröfu á aðrar innlánsstofnanir. Að áliti bankaeftirlitsins er nauðsynlegt að tryggja hagsmuni innstæðueigenda í innlánsdeildum samvinnufélaganna með öðrum og öruggari hætti.

5. Breytingar á innlánsdeildum.

Á síðast liðnum fimm árum hafa sex innlánsdeildir verið lagðar niður, en þær eru:

1981 Innlánsdeild Kf. Súgfirðinga.
1982 Innlánsdeild Kf. verkamanna, Akureyri.
1983 Innlánsdeild Kf. Rauðasandshrepps.
1983 Innlánsdeild Sláturfélagsins Örlygs.
1985 Innlánsdeild Kf. Hvammsfjarðar.
1986 Innlánsdeild Kf. N-Þingeyinga.

Sþ. 148. Svar [57. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lánveitingar banka og sparisjóða.

Hinn 30. okt. s.l. höfðu bankaeftirliti Seðlabankans borist almennar reglur um lánveitingar viðskiptabanka, sbr. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 86/1985, frá einum viðskiptabanka.

Almennar reglur um lánveitingar sparisjóða, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 87/1985, höfðu borist bankaeftirlitinu frá tíu sparisjóðum á sama tíma.

Hinn 22. sept. 1986 ritaði bankaeftirlitið bréf til allra viðskiptabanka og hinn 10. okt. 1986 til sparisjóða þar sem athygli þeirra var vakin á þeirri skyldu sem á þeim hvílir að setja áðurgreindar reglur í samræmi við tilvitnuð ákvæði greindra laga. Var þeim jafnframt gefinn frestur til 1. nóv. s.l. til þess að senda þær bankaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laganna. Bankaeftirlitinu er kunnugt um að unnið er að samningu reglnanna hjá þeim innlánsstofnunum sem ekki hafa nú þegar lokið því og munu þær berast eftirlitinu á næstu dögum.

Með IV. kafla laga nr. 35/1986, um Seðlabanka Íslands, og gildi tóku þann 1. nóv. s.l. er bankaeftirliti falið eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir er hverju sinni gilda um starfsemi þeirra, sbr. einkum 13. og 15. gr. laganna. Eftirlit þetta tekur því til þess að efni þeirra reglna er hér um ræðir sé innan þeirra marka er lög ákveða.

Sþ. 149. Svar [96. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar og Skúla Alexanderssonar um dýpkunarskip.

1. Nýtt dýpkunarskip.

Í 6. gr. fjárlaga fyrir þetta ár, lið 9.11, er heimild til að „ábyrgjast með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs lán sem tekin kunna að verða til kaupa á dýpkunarskipi, enda liggi fyrir áætlanir samgönguráðuneytisins um líkleg verkefni fyrir slíkt skip, svo og áætlanir um rekstur þess".

Eins og kunnugt er eru fjárveitingar til hafnaframkvæmda í algjöru lágmarki á fjárlögum þessa árs, eða 74 millj. kr. Þessu fé hefur verið ráðstafað til brýnustu framkvæmda í höfnum landsins. Þótt dýpkunarskip hefði verið til hefði ekki verið unnt að skapa því verkefni innan þessa fjárhagsramma og hefur heimildin því ekki verið notuð.

Sams konar heimild er að finna í fjárlagafrumvarpi fyrir 1987. Enda þótt fjárveitingar til hafnaframkvæmda samkvæmt frumvarpinu hafi hækkað verulega frá þessu ári, eða í 160 millj. kr., og geti enn hækkað, er ljóst að innan þess ramma verður lítið rúm fyrir

dýpkunarframkvæmdir, enda meira en helmingi af þessari fjárveitingu þegar ráðstafað vegna vangoldinna framlaga ríkissjóðs til framkvæmda á þessu ári.

Það er samkvæmt ofangreindu mat ráðuneytisins að til lítils sé að festa kaup á dýpkunarskipi til þess að láta það liggja verkefnalaust. Slík kaup og fjárveitingar til dýpkunarframkvæmda verða nokkurn veginn að haldast í hendur.

Breytist aðstæður hvað fjárveitingar varðar er því æskilegt að heimildin sé áfram inni á fjárlögum, þótt ekki liggi ljóst fyrir hvenær hægt verður að nota hana.

Ofangreint á þó einungis við um skip sem grafið getur fastan botn þar sem næg tæki eru fyrir í landinu til sanddælingar.

2. Verkefni fyrir dýpkunarskip.

Á árinu 1984 voru teknar saman á Hafnamálastofnun ítarlegar greinargerðir um þörf fyrir dýpkunarskip í stað Grettis.

Frá því þessar greinargerðir voru teknar saman hefur lítil breyting orðið í þessu efni og eru þær því í fullu gildi. Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður úr þessum greinargerðum til svars við spurningunni. Verðlag er fært upp til þessa árs.

1. Þau ár sem gröfupramminn Grettir var til dýpkaði hann að meðaltali 100 000 m^3 á ári.
2. Líkleg verkefni fyrir gröfupramma næstu 10–15 árin eru um 1 100 000 m^3, eða að meðaltali 75 000–110 000 m^3 á ári.
3. Ef miðað er við að nýtt tæki ynni fyrir sambærilega gjaldskrá og gamli gröfupramminn má áætla að á núverandi verðlagi kostaði hver rúmmetri 450–500 kr.

   Ef sprengingar eru jafnframt nauðsynlegar til að losa um efnið verður þó að reikna með verulega hærra einingarverði. Miðað við 75 000–110 000 m^3 dýpkanir á ári svarar þetta til framkvæmdakostnaðar að fjárhæð 35–55 millj. kr. Af þessari fjárhæð kæmi í hlut ríkissjóðs að greiða 75% eða sem næst 26–41 millj. kr.
4. Miðað við framangreind afköst yrði nýr gröfuprammi ekki fullnýttur allt árið. Því kemur vel til álita að útbúa nýjan gröfupramma jafnframt sem borpramma og mundi það auka notagildi hans verulega.
5. Stærstu verkefnin fyrir gröfupramma næstu 3–4 ár eftir að hann væri tekinn í notkun eru talin líkleg á eftirtöldum stöðum:

   Bíldudal, Suðureyri, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn, Neskaupstað, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði.

   Hér er samtals um 450 000 m^3 að ræða og heildarkostnaður því 200–225 millj. kr. sem skiptist á 3–4 ár. Nýting prammans er hér áætluð ofan við meðalnýtingu skv. 2. lið.

Ed. 150. Frumvarp til laga [141. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Karl Steinar Guðnason,
Kolbrún Jónsdóttir.

1. gr.

30. gr. lagannna orðist svo:

Á framboðslista í kjördæmi skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Nöfn frambjóðenda skulu sett í stafrófsröð en yfirkjörstjórn hlutar um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum framboðslista.

2. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hefur afgreitt framboðslistana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr. Auglýsingu samkvæmt þessari mgr. skal birta eigi síðar en einum sólarhring áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst, sbr. 64. gr.

3. gr.

2. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr., ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm breitt bil vera fyrir framan nöfn á hverjum lista.

4. gr.

2. mgr. 84. gr. laganna orðist svo:

Vilji kjósandi raða frambjóðendum á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv. að svo miklu leyti sem hann vill ráða röð frambjóðenda.

5. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðist svo:

Til að finna hverjir frambjóðenda hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á eftirfarandi hátt:

1. Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista til að ákveða hvort og þá hve marga þingmenn hver framboðslisti fær.

2. Síðan raðar yfirkjörstjórn frambjóðendum á lista þannig að efstur er sá sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. sæti; annar sá sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. og 2. sæti (að atkvæðum efsta manns frátöldum); þriðji sá sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1., 2. og 3. sæti (að atkvæðum 1. og 2. manns á lista frátöldum) o.s.frv.

3. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnháa tölu sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 113. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi að loknum næstu kosningum til Alþingis.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að veita kjósendum sem allra mest valfrelsi við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, veita þeim kost á að ráða algerlega röð frambjóðenda á framboðslista um leið og kosning fer fram.

Á síðari árum hefur kröfunni um persónuval í kosningum aukist mjög fylgi og er það vel. Reynt hefur verið að koma til móts við þessa kröfu með prófkjörum í ýmsum myndum

og skoðanakönnunum eða forvali. Ýmsir miklir gallar hafa komið í ljós við þessar aðferðir og virðast þeir fara vaxandi. Má t.d. nefna eftirfarandi:

1. Í mörgum tilvikum hafa of fáir verið í framboði og í of fá sæti til að kjósendur fái umtalsvert valfrelsi.
2. Prófkjörunum fylgir gjarnan verulegt umstang og umtalsverður kostnaður sem betur væri varið á öðrum sviðum stjórnmálastarfseminnar.
3. Mjög mikil sárindi milli samherja hafa hlotist af prófkjörunum og undirbúningi þeirra.
4. Ýmsir, sem ekki ætla að styðja viðkomandi flokk í kosningum, og eru jafnvel flokksbundnir í öðrum flokkum, hafa haft áhrif á röð frambjóðenda á lista.

Samþykkt þessa frumvarps veitir kjósendum margfalt meira valfrelsi en prófkjörin hversu opin sem þau eru, um leið og flestir þeir annmarkar, sem að framan er getið, eru sniðnir af.

Flutningsmenn halda því ekki fram að sú leið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, leysi allan vanda en ókostir þess eru smávægilegir í samanburði við þá galla sem prófkjörunum eru samfara og þá annmarka sem fylgja því að hafa engin prófkjör.

Í Danmörku hafa stjórnmálaflokkarnir hin síðari ár ráðið því hvort þeir bjóða fram raðaða eða óraðaða lista. Allir stærri flokkarnir hafa valið þá leið að hafa óraðaða lista og engum þeirra dettur í hug að breyta til fyrra horfs. Reynslan þar sýnir að um það bil helmingur kjósenda nýtir sér réttinn til að raða frambjóðendum á lista.

Efnislega samhljóða frumvarp var flutt á 105. og 106. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu. Árið 1977 flutti Jón Skaftason frumvarp sem gekk í svipaða átt og hér er lagt til. Það fékk mikla umræðu á Alþingi veturinn 1977–78 en hlaut ekki afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrri mgr. er óbreytt frá gildandi lögum en sú seinni er ný. Þar er gert ráð fyrir því að flokkarnir skili framboðslistum sínum í stafrófsröð til viðkomandi yfirkjörstjórnar en hún hluti til um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum lista.

Um 2. gr.

Í stað orðanna „í réttri röð“ í gildandi lögum komi: í stafrófsröð (sbr. 2. mgr. 30. gr.).

Um 3. gr.

Sama og um 2. gr.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum hefur kjósandi heimild til að „breyta nafnaröð“ á lista og til útstrikana. Í reynd er þetta þó marklaus heimild vegna þess hve vægi breytinganna er lítið.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að kjósendur framboðslista, og þeir einir, ráði algerlega röð frambjóðenda listans.

Kjósendur hafa óbundnar hendur um það hvort og að hve miklu leyti þeir vilja ráða röðinni á listanum. Þeir þurfa ekki að gera það, þeir mega velja efsta mann, efstu tvo, efstu þrjá o.s.frv., og þeir mega raða öllum nöfnum á listanum.

Um 5. gr.

Greinin segir til um það hvernig yfirkjörstjórn finnur út þingmannatölu hvers lista og hvernig hún raðar frambjóðendum á listana að kosningum loknum. Reglurnar eru bæði einfaldar og skýrar.

Um 6. gr.

Vegna þess hve undirbúningur fyrir næstu kosningar til Alþingis er víða langt á veg kominn er *ekki* lagt til að þessi lagabreyting taki gildi fyrir þær kosningar, en allar kosningar þar á eftir.

Nd. 151. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. desember 1885, um lögtök og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 4. gr. laganna komi nýr málsl. svohljóðandi: Með sama hætti má birta tilkynningu um að fógeti hafi úrskurðað lögtök á iðgjöldum lífeyrissjóða og iðgjöldum ábyrgðartrygginga bifreiða.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fógeti framkvæmir lögtak. Þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum þegar skuldin nemur ekki meira en 100 000 krónum. Nú selur lögtaksbeiðandi fógeta eða hreppstjóra í hendur beiðni sína, með árituðu birtingarvottorði, eins og segir í 4. gr., og skuli þeir þá, nema lögmæt forföll banni, framkvæma lögtakið, þegar fresturinn er liðinn.

Fjárhæðir skv. þessari grein og 5. mgr. 7. gr. breytast skv. vísitölu kaupgjalds miðað við 1. júlí 1986.

3. gr.

7. gr. laganna breytist svo:

a. Í stað „5000“ í 5. mgr. komi: 50 000.

b. Við greinina bætist ný mgr. svohljóðandi:

Það telst ekki til lögtakskostnaðar þótt lögtakskrafa sé send innheimtustofnun til innheimtu. Þó er rétt að kveða á í lögtaksgerð um hæfilega þóknun fyrir ritun lögtaksbeiðni og fyrir mót við beiðnina, enda séu sérstakar ástæður þess valdandi að lögtaksbeiðanda sé nauðsynlegt að láta mæta fyrir sig við beiðnina.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar og eru þær í þágu lögtaksþola og til þess að minnka kostnað hans.

Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæðir í lögunum séu færðar til núgildandi verðlags.

Í öðru lagi er lagt til að um birtingu lögtaksúrskurða fyrir iðgjöldum til lífeyrissjóða og iðgjöldum af ábyrgðartryggingum bifreiða fari á sama hátt og um birtingu lögtaksúrskurða fyrir sköttum og öðrum líkum gjöldum. Hér er um gjöld að ræða sem margir skulda og getur verið mjög fyrirhafnarmikið og kostnaðarsamt að birta lögtaksúrskurði á hvern einstakan. Réttaröryggi yrði ekki hróflað þótt þessi leið yrði farin.

Í þriðja lagi er lagt til að svokallaður innheimtukostnaður falli ekki á lögtakskröfur. Lögtakskröfur eru sérstæðar og eru ýmsar iðgjaldakröfur og skattakröfur algengastar. Það er embættisskylda fógeta að annast um þessar kröfur og hreinn óþarfi að fela sérstökum innheimtumönnum slíkar kröfur til innheimtu. Þess eru dæmi að krafist hefur verið innheimtulauna skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands af skattakröfum sem lögtakshæfar eru og er slíkt að öllum líkindum ólöglegt, en siðleysi ef lög eru. Er hér lagt til að tekinn sé af allur vafi í þessum efnum.

Rétt er að benda sérstaklega á að það er hreinn óþarfi fyrir þá sem lögtaksrétt eiga um kröfur sínar að fela þær lögmönnum til innheimtu. Einfalt bréf um lögtakskröfuna er fógeta nægur grundvöllur til lögtaks. Þó þykir rétt að gerðarbeiðandi fái einhverja þóknun fyrir ritun þess bréfs.

Nd. 152. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt eða annað sem nauðsynlegt er til heimilishalds.

2. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Eigi verður af aðför, nema dómhafi sé viðstaddur eða annar löglega um kominn hans vegna. Þó getur fógeti ákveðið að framkvæma aðför án þess að dómhafi sé viðstaddur ef dómfelldi býr utan þeirra staða þar sem kostur er lögmanna og ljóst er að ferðakostnaður yrði óheyrilegur miðaður við fjárhæð dómskuldar.

3. gr.

Við 1. mgr. 42. gr. laganna bætist nýr stafliður:

d. þá fjárhæð er fógeti ákveður að gerðarþoli skuli greiða gerðarbeiðanda í kostnað vegna gerðarinnar; skal þá höfð hliðsjón af 1. mgr. 34. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér eru lagðar til þrjár breytingar á aðfararlögum til þess að tryggja rétt þeirra er fyrir aðför verða.

Í fyrsta lagi er lagt til að aukinn sé réttur gerðarþola til þess að halda eftir persónulegum hlutum við aðför og er lagt til að lögunum verði breytt í svipað horf og í Danmörku en felldar

niður viðmiðanir í krónum. Telja verður að fógeti geti metið hvað eðlilegt sé að telja til heimilishalds hverju sinni.

Í öðru lagi er lagt til að fógeti geti framkvæmt aðför án þess að dómhafi sé viðstaddur ef gerðarþoli býr utan þeirra staða sem lögmenn starfa á og ferðakostnaður yrði mjög mikill miðaður við fjárhæð kröfunnar. Eftir núgildandi lögum þarf dómhafi ætíð að hafa mann fyrir sig og hefur það reynst ýmsu fólki, er býr í dreifbýli, kostnaðarsamt að greiða ferðakostnað lögmanna, t.d. flugfar og gistingu, en krafan oft innan við 10 000 krónur. Fógetar geta framkvæmt lögtök án þess að eigendur lögtakskröfu séu viðstaddir og er hér lagt til að fógetar geti á sama hátt gert fjárnám.

Í þriðja lagi er lagt til að fógeti ákveði við aðfarargerðina hvað gerðarþoli eigi að greiða gerðarbeiðanda í kostnað vegna gerðarinnar.

Oft heyrast sögur um að óhóflegum kostnaði sé hlaðið á þegar gerð er aðför. Einkanlega heyrast þessar raddir frá fólki er býr fjarri lögmönnum sem þá þurfa að fara langar leiðir til þess að gera aðfarir. Samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands ber að skipta kostnaði milli mála ef lögmaður sinnir mörgum erindum í sömu ferð. Flutningsmaður hefur heyrt rökstuddar frásagnir af því að slíkt sé ekki gert hjá tilteknum lögmönnum. Þá kemur það einnig fyrir að lögmenn áskilja sér ferðakostnað vegna ferða á staði þar sem lögmenn eru fyrir sem vel geta sinnt einföldum aðfarargerðum. Í slíkum tilfellum er vitanlega óheyrilegt að menn geti bætt ferðakostnaði við venjulega þóknun fyrir mót.

Lögmenn hafa hingað til haft um það sjálfdæmi hver þeirra kostnaður sé vegna aðfarargerða. Þrátt fyrir það er aðfararveð fyrir kostnaði þeirra. Slíkt er óeðlilegt. Er það í allra þágu að fógeti kveði á um kostnað vegna aðfarargerðarinnar og getur hann þá tekið tillit til þess hvort og hvernig skipta eigi ferðakostnaði milli mála, en fógetinn gerir oft margar aðfarargerðir í einu fyrir sama lögmanninn. Þá getur fógetinn eins tekið tillit til þess hvort nauðsynlegt var fyrir lögmanninn að fara langan veg þegar kostur var lögmanns á staðnum, en fjárkrafan ekki mjög há og ekki nauðsyn sérstakrar varkárni eða tilfæringa við aðförina.

Sþ. 153. Skýrsla [144. mál]

viðskiptaráðherra um viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

SKÝRSLA TIL VIÐSKIPTARÁÐHERRA
frá nefnd sem kannað hefur viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.
skv. fyrirmælum laga nr. 119/1985.

1. INNGANGUR.

Hinn 6. desember 1985 varð hlutafélagið Hafskip í Reykjavík gjaldþrota.

Var þá þegar ljóst að viðskiptabanki félagsins, sem er Útvegsbanki Íslands,

mundi tapa mörgum hundruðum milljóna króna á gjaldþroti þessu auk tjóns annarra kröfuhafa svo og hluthafa. Upp var komið eitt stærsta gjaldþrotamál í sögu þjóðarinnar. Af þessu tilefni og einkum sökum þess, að ríkisbanki átti í hlut, samþykkti Alþingi lög nr. 119 frá 24. desember 1985 um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Samkvæmt 1. gr. laganna tilnefnir Hæstiréttur alla nefndarmennina, þrjá að tölu, og ákveður jafnframt hver skuli vera formaður nefndarinnar. Hinn 20. janúar 1986 voru eftirtaldir menn tilnefndir: Jón Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar, Brynjólfur I. Sigurðsson, dósent, og Sigurður Tómasson, löggiltur endurskoðandi.

Um hlutverk nefndarinnar segir í 2. gr. framangreindra laga:

"Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum eða í viðskiptum Hafskips hf við aðra aðila. Í því skyni skal nefndin m.a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins, hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Könnun nefndarinnar beinist ennfremur að öðrum viðskiptalegum þáttum málsins sem henni þykja þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt."

Þá segir í 3. gr. laganna, að nefndin setji sér sjálf starfsreglur og afli nauðsynlegra gagna og að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun. Í 4. gr. laganna er

svo tekið fram, að rannsóknarnefndin skuli hraða störfum og skila skýrslu til viðskiptaráðherra, sem geri Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

Rannsóknarsvið nefndarinnar er ekki skýrlega afmarkað í lögum nr. 119/1985, enda var ekki vitað með vissu, þegar lögin voru sett, um alla þá rannsóknaraðila, er kynnu að láta málið til sín taka. Ljóst var, að skiptaráðendur myndu samkvæmt nýgerðum breytingum á gjaldþrotaskiptalögunum, tengdum Hafskipsmálinu, sbr. lög nr. 98/1985, framkvæma rannsókn á gjaldþroti Hafskips og viðskiptum félagsins við marga aðila. Rannsókn skiptaráðenda, sem gerð var með aðstoð löggiltra endurskoðenda, varð mjög ítarleg. Gaf hún tilefni til þeirrar ákvörðunar ríkissaksóknara hinn 7. maí 1986 að senda málið til Rannsóknarlögreglu ríkisins, er nú hefur nýlokið mjög umfangsmikilli rannsókn, sem í ríkara mæli hefur beinst að ráðamönnum Hafskips en ráðamönnum Útvegsbankans. Bíður málið nú ákvörðunar ríkissaksóknara. Þá hafa bústjórar í þrotabúi Hafskips athugað viðskipti félagsins gaumgæfilega og samið skýrslur á sínu verksviði. Ennfremur má fastlega gera ráð fyrir, að ýmsir þættir málsins muni innan tíðar koma til athugunar hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra.

Þessar víðtæku rannsóknir, sem hér er vitnað til, hljóta að þrengja rannsóknarsvið nefndarinnar, þar sem hún á ekki að kanna atriði, sem opinberir rannsóknaraðilar fjalla um lögum samkvæmt, enda hefur nefndin gætt þess að trufla ekki rannsóknir annarra aðila. Svo sem málið er vaxið taldi nefndin rétt að beina meginþunga rannsóknar sinnar að

Útvegsbankanum, stjórn hans og starfsháttum, í ljósi viðskiptanna við Hafskip, sem lauk með stórfelldu tapi bankans, ásamt því hvort þróun þessara viðskipta milli lánastofnunar og lánþega samrýmist heilbrigðum viðskiptalögmálum. Á hinn bóginn er það ekki hlutverk nefndarinnar, þótt hún gagnrýni gerðir einstaklinga eða telji þá bera ábyrgð á mistökum, að láta í ljós álit á því hvort um refsiverða hátt-semi sé að ræða.

Nefndin hóf störf skömmu eftir tilnefninguna. Þegar í upphafi rann-sóknarinnar varð nefndinni ljóst að skoða þyrfti málið í sögulegu samhengi og að gjaldþrot Hafskips átti sér langan aðdraganda. Því ákvað nefndin að kanna viðskipti félagsins við Útvegsbankann yfir allt tímabilið frá 1. janúar 1974 til 6. desember 1985, er félagið varð gjaldþrota. Um þetta tímabil fjallar þessi skýrsla, nema annars sé sérstaklega getið. Það liggur þó í hlutarins eðli að nefndin skoðaði síðari hluta tímabilsins nánar en fyrri hlutann.

Gagnaöflun nefndarinnar hefur verið með margvíslegum hætti. Nefndin hefur fengið í hendur ítarlegar réttarskýrslur frá skiptaráðendum í þrotabúi Hafskips, ásamt ýmsum fylgigögnum, svo og skýrslur teknar af Rannsóknarlögreglu ríkisins og gögnum,er þeim fylgdu. Ennfremur hefur nefndin aflað margskonar upplýsinga frá bústjórum í þrotabúinu. Að beiðni nefndarinnar hefur Útvegsbankinn samið sérstaka greinargerð um viðskipti bankans og félagsins, en með greinargerð þessari bárust mörg fylgiskjöl. Nefndin hefur kannað fundargerðarbækur bankaráðs

Útvegsbankans og stjórnar Hafskips. Ennfremur hefur nefndin tekið munnlegar skýrslur af forráðamönnum bankans og félagsins svo og mörgum öðrum einstaklingum, er koma við sögu málsins. Nefndin hefur kannað blaðaskrif og lesið yfir umræður á Alþingi um málið. Síðast en ekki síst hefur nefndin notið margvíslegrar aðstoðar bankaeftirlitsins við öflun upplýsinga.

Á þeim árum, sem hér skipta máli, starfaði Útvegsbanki Íslands á grundvelli laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands og reglugerðar um bankann nr. 31/1962. Þessi lög voru í gildi til ársloka 1985 er þau voru leyst af hólmi með lögum nr. 86/1985 um viðskiptabanka ríkisins. Samkvæmt lögunum frá 1961 er Útvegsbankinn sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra, er fer með bankamál, og þingkjörins bankaráðs, sem skipað er fimm mönnum. Bankastjórar eru þrír og mynda þeir bankastjórn,sem hefur á hendi æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar og ákvörðun bankaráðs. Útvegsbankinn hefur löngum talið sig hafa sérstökum skyldum að gegna við sjávarútveginn. Erfiðleikar í þessari atvinnugrein hafa orðið bankanum þungir í skauti. Fjárhagur bankans hefur jafnan verið erfiður og eigið fé hans lítið. Viðskipti bankans við Hafskip voru alla tíð mikil og margvísleg og var félagið jafnan meðal allra stærstu lánþega bankans. Í upphafi rannsóknartímabilsins var Hafskip í fimmta sæti meðal stærstu lánþega bankans, en var komið í annað sætið, þegar yfir lauk.

Hlutafélagið Hafskip var stofnað 17. nóvember 1958 og hafði því starfað í 27 ár, er félagið varð gjaldþrota. Tilgangur félagsins var að kaupa og reka skip og annast skyldan atvinnurekstur. Miklir áhrifamenn í þjóðfélaginu voru jafnan meðal hluthafa og stjórnenda félagsins. Allt frá stofnun félagsins var Útvegsbankinn aðalviðskiptabanki þess, svo sem eðlilegt má telja, þar sem bankinn hafði gjaldeyrisréttindi, en aðalkeppinautur félagsins, H.F. Eimskipafélag Íslands, skipti við Landsbankann, en aðeins þessir tveir bankar höfðu lagaheimild til að versla með gjaldeyri. Hafskip átti löngum við erfiðan fjárhag að etja og var bankinn af þeim sökum oft hætt kominn í þessum viðskiptum. Þegar félagið varð gjaldþrota í árslok 1985 átti félagið fjögur kaupskip sem stunduðu siglingar að og frá landinu. Þetta voru gömul skip, smíðuð á árunum 1970 - 1972, en á árinu 1985 hafði félagið selt tvö elstu skip sín. Auk þess hafði félagið, sem rak umboðsskrifstofur og dótturfyrirtæki erlendis, til umráða fjögur stór leiguskip, er stunduðu farmflutninga milli Norður- Ameríku og Evrópu. Þegar gjaldþrotið bar að, voru hluthafar félagsins 590, bæði einstaklingar og fyrirtæki. Heildarhlutafé nam 93 milljónum króna, en þar af voru 77 milljónir króna nýtt hlutafé grundvallað á hlutafjárloforðum gefnum í upphafi ársins 1985. Þá voru íslenskir starfsmenn Hafskips 260. Hlutdeild félagsins í áætlunarsiglingum að og frá landinu var talin um það bil 30%. Hér var því sannarlega um stórt fyrirtæki að ræða, er gegnt hafði þýðingarmiklu hlutverki í atvinnulífi þjóðarinnar.

Viðskipti Útvegsbankans og Hafskips skiptu sköpum fyrir báða aðila eins og fram kemur í þessari skýrslu.

2. VIÐSKIPTI ÚTVEGSBANKANS OG HAFSKIPS HF. ÁRIN 1974 - 1985.

2.1. ALMENNT UM ÞRÓUN VIÐSKIPTANNA.

Rannsóknarnefndin óskaði eftir því við Útvegsbankann, að samin yrði greinargerð um viðskipti hans við Hafskip á árunum 1974 - 1985. Greinargerðin hefst með þessum orðum:

"Á árinu 1972 gekk rekstur Hafskips hf. mjög illa og á miðju ári 1973 stöðvaðist reksturinn og var fyrirtækið í reynd gjaldþrota".

Þróun skuldaviðskipta Hafskips við Útvegsbankann hafði þá verið mjög óhagstæð bankanum og á engan hátt "í samræmi við hagsmuni bankans", en með fyrirgreiðslu bankans á árinu 1973 og ýmsum ráðstöfunum sem bankinn setti að skilyrði fyrir fyrirgreiðslu sinni gat Hafskip haldið áfram rekstrinum. Skilyrðin sem bankinn setti voru m.a. um hlutafjáraukningu svo og persónulegar ábyrgðir hluthafa í formi tryggingarvíxla. Þessi endurskipulagning félagsins skilaði sér í bættri rekstrarafkomu fyrst í stað og þróun skuldaviðskiptanna varð "í veigamiklum atriðum bankanum í hag", að dómi bankaeftirlitsins. En þrátt fyrir þessa þróun, þá voru ýmis teikn á lofti sem bentu til, að viðskipti bankans við félagið yrðu erfið fyrir bankann. Sá fjárhagslegi bati í rekstri félagsins sem varð á árinu 1974 stóð ekki lengi, því að strax á árinu 1975 var um verulegan taprekstur að ræða (10% af veltu), sem síðan jókst mjög á árunum 1976 og 1977 (16% og 15% af veltu). Upp úr miðju ári 1977 var nánast komin upp sama staða og 1973 þótt rekstur félagsins stöðvaðist ekki.

Í september 1977 sótti félagið til Viðskiptaráðuneytisins, langlánanefndar

um heimild til erlendrar lántöku með ábyrgð Útvegsbankans. Umsókn þessi varð til þess, að bankaeftirlitinu var falið að gera athugun á viðskiptum Hafskips við Útvegsbankann. Niðurstaða þeirrar athugunar var mjög neikvæð og var þá talið "óráðlegt og óverjandi frá bankalegu sjónarmiði að Útvegsbankinn veiti fyrirtækinu frekari lán eða taki á sig frekari fjárhagslegar skuldbindingar, nema að undangengnum aðgerðum, er sýni ótvírætt, að eigendur fyrirtækisins muni framkvæma þá umfangsmiklu fjárhagslegu endurskipulagningu, sem er forsenda fyrir áframhaldandi rekstri". Á það var ennfremur bent, að ástæðulaust væri fyrir bankann og raunar tæpast í samræmi við hagsmuni hans að ganga fram fyrir skjöldu með stórfelldri viðbótarfyrirgreiðslu til að bjarga fyrirtækinu um stundarsakir.

Með hliðsjón af þeirri heildarathugun hjá Útvegsbankanum sem bankaeftirlitið gerði á árinu 1975 og sérstaklega með tilliti til viðskipta bankans og Hafskips og þeirrar umsagnar sem þau viðskipti fengu, þá varð athugun bankaeftirlitsins á árinu 1977 tilefni til eftirfarandi umsagnar:

> "Ekki verður annað sagt en að þær staðreyndir, sem nú blasa við um þróun viðskiptanna við Hafskip h.f. síðastliðin 2 - 3 ár og stöðu þeirra mála í dag, hafi komið bankaeftirlitinu á óvart. Með tilliti til fyrri reynslu bankans af þessum viðskiptum, og með hliðsjón af mjög erfiðri fjárhagsstöðu bankans sjálfs, mátti ætla að ítrasta aðhald og aðgát yrði sýnd í þessu máli".

Hin erfiða staða í viðskiptum félagsins og bankans á árinu 1977 og niðurstaða athugunar bankaeftirlitsins var að sjálfsögðu til umfjöllunar innan bankans. Í sérstakri greinargerð sem tveir áhrifamiklir starfsmenn

bankans sömdu fyrir bankastjórn í októbermánuði 1977, segir m.a.:

"Þegar stórmál sem þetta blasir við er það bankaleg venja að velja milli þess að stöðva fyrirtæki og athuga jafnframt gaumgæfilega afleiðingar þess fyrir bankann og þess að veita fyrirtæki aukna fyrirgreiðslu með skilyrðum, sem bankinn kann að setja og sem mögulegt er að framfylgja af hálfu fyrirtækisins á hæfilegum tíma. Verði um enga fyrirgreiðslu að ræða fyrir Hafskip h.f., má gera ráð fyrir því, að eignir fyrirtækisins fari á uppboð og alger vissa fyrir því að uppboðsverð skipa nær ekki áætluðu markaðsverði".

Ennfremur segir svo í þessari sömu greinargerð.

"Ef tekin verður ákvörðun um að fleyta fyrirtækinu áfram með því á ábyrgjast nýtt lán..... þá mundi skapast ráðrúm til þess að selja eitthvað af skipunum frjálsri sölu og jafnframt sköpuðust möguleikar á, ef ástæða þætti til, að hætta rekstri fyrirtækisins án meðferðar skiptaráðenda".

Í þessari greinargerð kemur vel fram, að það geti verið skynsamlegra af bankans hálfu að halda áfram áhættusömum lánveitingum fremur en að knýja fram gjaldþrot og eiga á hættu að þola tap. Út af fyrir sig geta þessi sjónarmið átt rétt á sér, en það hlýtur að verða íhugunarefni lánveitanda þegar sama fyrirtæki er fleytt framhjá gjaldþroti hvað eftir annað. Þrátt fyrir ýmsar neikvæðar hliðar á viðskiptum Hafskips og bankans á þessum tíma, þá var tekin sú ákvörðun að gera Hafskipi mögulegt að halda áfram rekstri, og setti bankinn skilyrði, m.a. um hlutafjáraukningu. Hlutafé fyrirtækisins var þá tvöfaldað og margir nýir aðilar með umfangsmikla innflutningsverslun bættust í hóp hluthafa. Jafnhliða þessu var gerð mikil endurskipulagning á rekstri félagsins og starfsskipulagi og mun bankinn hafa átt verulegan þátt í allri þeirri

endurskipulagningu. Bankinn átti m.a. þátt í ráðningu nýs framkvæmdastjóra til félagsins. Þá átti sérstakur starfsmaður bankans að fylgjast með framvindu helstu atriða, sem hefðu áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og rekstrarskilyrði. Verkefnið varð þó aldrei jafn viðamikið og í upphafi var ætlað. Með aðgerðum sínum 1977 - 1978 lagði Útvegsbankinn grunninn að þeim rekstri, sem félagið byggði á árin 1978 - 1985. Má hér gjarnan vitna til atriða úr Ársskýrslu Hafskips árið 1982 en þar segir m.a. í stuttu ágripi af sögu félagsins.

> "Það er ekki hvað síst fyrir einbeitt frumkvæði viðskiptabanka félagsins, Útvegsbanka Íslands, að á árunum 1977 og 1978 var hafin gagnger úttekt á rekstri félagsins og starfsskipulagi öllu, enda það sem næst gjaldþrota. Gerð var áætlun um endurreisn félagsins og nýja sókn."

Þess má geta hér að það var bankaeftirlitið, sem benti Útvegsbankanum á alvarlega stöðu Hafskips og að ákveðinna aðgerða yrði þörf, ef reka ætti fyrirtækið áfram.

Viðskipti félagsins og bankans eftir endurskipulagninguna 1978 jukust jafnt og þétt með vaxandi umsvifum félagsins, endurnýjun og stækkun skipastólsins. Af hálfu bankans var fylgst betur með rekstri félagsins en áður hafði verið, auk þess sem endurskipulagningin skilaði sér í betri árangri. Á árinu 1982 og þar á eftir fór að halla undan fæti í rekstri félagsins - gengisþróun, óheppilegar fjárfestingar, ógætileg stjórn og ýmsar ytri aðstæður urðu til þess að félagið stefndi í gjaldþrot, sem það síðan ætlaði að vinna sig úr út með svonefndum Atlantshafssiglingum. Þegar ljóst þótti, samkvæmt áætlunum 1984, að hverju stefndi, þá gerði bankinn kröfu um mikla hlutafjáraukningu auk þess sem treyst var á áætlanir um arðsemi Atlantshafssiglinganna. Samkvæmt áætlunum

og uppgjörum félagsins, var það fyrst níu mánuðum eftir að Atlantshafssiglingarnar hófust, eða í júlímánuði 1985, að forráðamenn félagsins viðurkenna að þær væru reknar með stórfelldu tapi og létu þá bankastjórum Útvegsbankans þessa vitneskju í té. Þá var ekkert annað fram undan en gjaldþrot. Vegna þess hve vitneskjan kom seint og óvænt og tapið var orðið geigvænlegt skapaðist ekkert ráðrúm til að ráðstafa eignum Hafskips, aðstöðu félagsins og viðskiptasamböndum á hagkvæman hátt fyrir Útvegsbankann. Reynt var að selja skip, tæki og aðstöðu Hafskips með vilja og vitund Útvegsbankans. Fyrst var reynt við Eimskipafélag Íslands og síðan við Samband ísl. samvinnufélaga. Þá var stofnað Íslenska skipafélagið hf. með samþykki bankans sem að nafninu til keypti ákveðnar eignir Hafskips, en þau kaup gengu skjótt til baka. Allar þessar samningatilraunir fóru út um þúfur vegna þess að gjaldþrot var óhjákvæmilega fram undan og enginn kaupandi vissi fyrir fram hvernig þrotabú og kröfuhafar mundu bregðast við kaupsamningi af þessu tagi. Málinu lyktaði svo þannig að eftir gjaldþrot keypti Eimskipafélag Íslands eignirnar af þrotabúinu.

2.2. ORSAKIR GJALDÞROTS HAFSKIPS HF.

Svo sem áður er fram komið, varð Hafskip gjaldþrota hinn 6. desember 1985. Orsakir gjaldþrotsins eru margvíslegar. Hafskip var alla tíð févana fyrirtæki, sem þurfti mikið fé til rekstrar og fjárfestinga, en leysti þann vanda með mikilli og áhættusamri fyrirgreiðslu af hálfu Útvegsbankans. Þar naut félagið hinna sterku manna, er að baki því stóðu, svo og velvilja bankans, sem vildi gjarnan stuðla að aukinni samkeppni í siglingum að og frá landinu.
Helstu orsakir gjaldþrotsins má rekja til eftirfarandi staðreynda:

1. Langvarandi taprekstur félagsins.
2. Missis varnarliðsflutninganna vorið 1984.
3. Atlantshafssiglinganna, sem hófust haustið 1984.

Árin sem hallarekstur varð á félaginu, voru miklu fleiri en hin, sem sýndu hagnað. Þetta er augljóst þegar ársreikningar Hafskips eru brotnir til mergjar. Enginn vafi er á, að þessi langvarandi hallarekstur átti mikinn þátt í því, að félagið varð að lyktum gjaldþrota. Þessi varanlegi halli á sér margar skýringar eins og harða samkeppni, óhagstæða gengisþróun, óarðbærar fjárfestingar, ógætilega stjórn á félaginu o.fl. Einnig má tilgreina sérstök skakkaföll. Sumarið 1983 átti Hafskip aðild að útgerð farþegaskipsins Eddu og tapaði um 20 milljónum króna á þeim rekstri. Haustið 1984 stóð yfir verkfall BSRB sem stöðvaði kaupskipaflotann. Á þessu verkfalli tapaði Hafskip um 20 milljónum króna að áliti forráðamanna félagsins.

Hafskip hóf siglingar milli Íslands og Bandaríkjanna haustið 1980 og öðlaðist þá hlutdeild í hinum svonefndu varnarliðsflutningum. Hlutur Hafskips í varnarliðsflutningunum var 30 - 35% en hlutur Eimskipafélagsins 65 - 70%. Þessir flutningar fyrir varnarliðið voru Hafskipi mjög hagstæðir þar sem flutningsgjöldin voru há og jafnan staðgreidd, en tekjurnar af flutningunum voru um það bil 20% af heildartekjum félagsins af Íslandssiglingum. Þegar bandarískt skipafélag kom til sögunnar í maímánuði 1984, missti Hafskip meginhlutann af flutningunum fyrir varnarliðið, en hlutdeild þess féll þá úr áðurgreindum 30 - 35% niður í 10% eða því sem næst. Þetta var mikið áfall fyrir Hafskip. Að vísu rak félagið varnarliðsflutningana með leiguskipum og því varð áfallið minna en, ef félagið hefði notað eigin skip. Á hitt er að líta, að Hafskipsmenn brugðust ógætilega við þessari röskun. Þeir treystu á mátt stjórnvalda til þess að endurheimta þessa flutninga skjótlega og héldu því uppi kostnaðarsömum áætlunarferðum til Bandaríkjanna næstu mánuðina á eftir til þess að vera við því búnir að hreppa sinn skerf af varnarliðsflutningunum á ný, en þegar sú von brást var tapið af þessum vesturferðum orðið mikið.

Hafskip tók upp beinar siglingar milli Norður-Ameríku og Evrópu með stórum leiguskipum í októbermánuði 1984, þó að hluta til með viðkomu á Íslandi. Í fyrstu notaði félagið tvö erlend leiguskip til þessara flutninga, en síðar urðu þau fjögur, en öll mjög stór á íslenskan mælikvarða. Þessum siglingum var haldið uppi þar til Hafskip varð gjaldþrota. Ráðamenn félagsins höfðu undirbúið Atlantshafssiglingarnar um tveggja ára skeið, en til þeirra var stofnað sökum þess að til

þurfti að koma "erlend tekjuöflun og starfsemi óháð kollsteypum íslensks efnahagslífs" svo vitnað sé í fréttatilkynningu frá Hafskipi í janúarmánuði 1985. Þetta var tilraun félagsins, sem átti dótturfélög og umboðsskrifstofur erlendis, til þess að treysta framtíð félagsins og jafnframt þáttur í þeirri stefnu að byggja upp flutningafyrirtæki á alþjóðlegan mælikvarða. Á hinn bóginn var það glæfraspil af jafnfévana fyrirtæki og Hafskipi að ráðast í svo stórfelldan og áhættusaman rekstur sem Atlantshafssiglingarnar, en þær höfðu reynst skeinuhættar mörgum erlendum skipafélögum. Með Atlantshafssiglingunum tók félagið heljarstökk út í óvissuna og á þeim varð stórfellt tap. Einkum var það kostnaðurinn í Bandaríkjunum við þessar siglingar, sem fór langt fram úr áætlun. Hafskip hefði væntanlega orðið gjaldþrota þótt Atlantshafssiglingarnar hefðu ekki komið til, en þær flýttu fyrir gjaldþroti félagsins og gerðu það stærra en ella.

Á árunum 1981 - 1985 varð verðhrun á kaupskipum, einkum eldri skipum, og fór Hafskip ekki varhluta af því. Talið er að verðlækkunin á þessu tímabili hafi numið 60 - 80%. Torvelt er að meta hvaða ár verðlækkunin varð mest, en sennilega var það árið 1985. Þessi mikla verðrýrnun kaupskipa þurfti ekki að verða félaginu fjötur um fót, ef afkoma þess hefði að öðru leyti verið viðunandi og félagið getað greitt afborganir af skipunum skilvíslega. Þannig átti verðlækkunin þátt í því að leigugjald fór lækkandi fyrir skip, sem félagið tók á leigu. Á hinn bóginn rýrði verðfellingin eignir félagsins og olli því, að gjaldþrotið varð mun stærra, en að öðrum kosti. Að sama skapi rýrnuðu veð Útvegsbankans í skipunum og varð það til þess að auka tjón bankans af gjaldþrotinu.

Þegar orsakir gjaldþrotsins eru kannaðar, kemur í ljós, að sumar voru óviðráðanlegar stjórnendum fyrirtækisins. Það blasir þó við að síðustu árin sem Hafskip starfaði, tóku forráðamenn félagsins margar rangar ákvarðanir, sem urðu félaginu örlagaríkar.

2.3. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTIN.

Viðskipti Hafskips og Útvegsbankans voru alla tíð mikil og þannig hefur félagið lengst af verið með stærstu viðskiptaaðilum Útvegsbankans, ef miðað er við heildarskuldbindingar lántakanda við bankann. Hér á eftir verður í töflum gerð grein fyrir nokkrum tölulegum stærðum í þessum viðskiptum.

TAFLA NR. 1.

Í töflunni er greint frá árlegri veltu Hafskips, bókfærðu eigin fé þess í lok árs, hagnaði eða tapi ársins- allt samkvæmt ársreikningum félagsins - svo og heildarskuldbindingum við Útvegsbankann í lok hvers árs. Allar fjárhæðir í þessari töflu eru í milljónum króna á verðlagi 1. október 1986, og eru þær framreiknaðar eftir lánskjaravísitölu, og eru því sambærilegar.

Ár	Velta	Bókfært eigið fé	Hagnaður - tap	Skuld-bindingar við Ú.Í.
1974	439	- 11	8	152
1975	406	- 23	- 40	145
1976	413	- 48	- 66	170
1977	440	- 88	- 66	200
1978	527	- 59	- 13	211
1979	669	92	84	202
1980	836	62	- 24	288
1981	1.064	100	29	315
1982	1.333	42	16	467
1983	1.309	24	49	542
1984	1.592	- 157	- 161	762
1985	2.507			870

Rétt er að taka fram að velta 1985 nær fram að þeim tíma, er félagið fékk greiðslustöðvun 18.11.1985, en skuldbindingar 1985 miðast við gjaldþrotadag 6. desember 1985.

Svo sem yfirlitið ber með sér hefur árleg velta Hafskips farið hraðvaxandi frá og með árinu 1978 og þar til yfir lauk, þó að undanskildu árinu 1983. Veltuaukningin á árunum 1978 - 1980 á rót sína að rekja til ýmissa viðreisnaraðgerða hjá félaginu. Skipastóllinn var stækkaður, áætlunarferðum fjölgað og teknir upp gámaflutningar. Frá og með árinu 1981 gætir áhrifa Ameríkusiglinganna, þar með taldir varnarliðsflutningarnir, sem teknar voru upp haustið 1980. Langmest varð svo veltan árið 1985, en þar gætir sterkra áhrifa Atlantshafssiglinganna, sem hófust í októbermánuði 1984. Tæplega 2/3 hlutar veltunnar 1985 áttu rót sína að rekja til Atlantshafssiglinganna. Niðurstöður áranna 1982 og 1983 vekja athygli, þar sem rekstrarniðurstaða sýnir hagnað en bókfært eigið fé lækkar milli ára. Um það verður fjallað nánar í kaflanum um ársreikninga Hafskips. Þá skal tekið fram að mjög miklar breytingar urðu á ársreikningsgerð 1979 en að því verður vikið nánar í kaflanum um ársreikninga Hafskips.

TAFLA NR. 2.

Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður á eigin fé Útvegsbankans og skuldbindingum Hafskips við bankann. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna á verðlagi 1. október 1986, framreiknaðar miðað við lánskjaravísitölu. Í síðasta dálkinum eru skuldbindingar Hafskips sýndar sem hlutfall af eigin fé bankans.

Árslok	Eigið fé Ú.Í.	Skuld-bindingar Hafskips	Dálkur (2) í % af dálk (1)
	(1)	(2)	(3)
1974	330	152	46%
1975	278	145	52%
1976	289	170	59%
1977	303	200	66%
1978	270	211	78%
1979	274	202	74%
1980	279	288	103%
1981	645	315	49%
1982	605	467	77%
1983	640	542	85%
1984	635	762	120%

Eigið fé bankans á árunum 1978 - 1984 er bókfært fé, en á árunum 1974 - 1977 er um að ræða bókfært eigið fé að viðbættu endurmati vegna fasteigna bankans. Eins og sést á töflunni voru skuldbindingar Hafskips við Útvegsbankann árið 1980 álíka að stærð og eigið fé Útvegsbankans, en árið eftir námu skuldbindingar 49% af eigin fé bankans. Skýringin er í því fólgin, að á árinu 1981 fékk bankinn 50 milljóna króna framlag úr ríkissjóði, sem á verðlagi 1. október 1986 jafngildir 303 milljónum króna miðað við meðaltalsvísitölu 1981. Ef áhrif þessa framlags á batnandi eiginfjárstöðu bankans frá 1981 er dregið út úr, þá liti taflan þannig út:

Árslok	Eigið fé Ú.Í.	Skuld-bindingar Hafskips	Hlutfall
1981	342	315	92%
1982	302	467	155%
1983	337	542	161%
1984	332	762	230%

Ekki skal lagður á það dómur, hvort eðlilegra sé að miða við hlutfall skuldbindinga af eigin fé bankans að meðtöldu framlagi ríkissjóðs eða án þess. Seinni viðmiðunin er hér sett fram, þar sem ekki verður séð, að hið sérstaka framlag ríkissjóðs hafi haft áhrif til aukningar á beinum lánveitingum til félagsins. Í því sambandi er vísað til töflu nr. 3 hér á eftir, en þar kemur fram að vaxandi fyrirgreiðsla við félagið kemur fyrst og fremst fram í erlendum endurlánum og ábyrgðum.
Samt er ljóst, að fyrirgreiðsla við Hafskip er allan tímann hættulega mikil og er þá sama hvor viðmiðunin er höfð í huga.

TAFLA NR. 3.

Hér er sýnd samsetning skuldbindinga Hafskips við Útvegsbankann í lok hvers árs og eru allar fjárhæðir í milljónum króna framreiknaðar með lánskjaravísitölu til verðlags 1. október 1986.

Árslok	Lán í ísl. kr.	Erlend endurlán	Ábyrgðir	Skuld-bindingar samtals
Náin tengsl einstakra banka við einstaka atvinnuvegi setja mjög sterkan svip á íslenska bankakerfið. Ástæður þessa eru eflaust margslungnar. Getum má leiða að því, að á síðari áratugum hafi skortur á lánsfé ýtt undir stofnun fleiri banka og forystumenn einstakra atvinnugreina viljað með því liðka fyrir lánveitingum til sinnar atvinnugreinar. Tengsl Útvegsbankans við aðalatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, eru nátengd atvinnusögu landsmanna. Tilkoma erlends fjármagns með stofnun Íslandsbanka lagði grundvöll undir tækni-byltingu í fiskveiðum. Útvegsbanki Íslands hf. var reistur á rústum Íslandsbanka 1930, en með lögum nr. 34/1957 var bankinn gerður að ríkisbanka. Allar götur frá 1930 hefur hlutverk Útvegsbankans verið, samkvæmt lögum, að bankinn skyldi sérstaklega styðja sjávar-útveg, iðnað og verslun landsmanna. Vert er að veita athygli, að sjávarútvegur er nefndur fyrstur atvinnuveganna, sem bankanum er ætlað að styðja. Saga bankans, lög um bankann og nafn hans, allt ber þetta að sama brunni, þ.e. að áhersla er lögð á að bankinn þjóni fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Hér að framan var getið um tengsl banka við einstaka atvinnuvegi. Til að varpa ljósi á það samband, er í töflu 8 sýnd staða lán-veitinga, þar með talið endurlánað erlent lánsfé, til atvinnuveganna í árslok 1985.

TAFLA NR. 8.

Lánveitingar, skipt á atvinnuvegi, þar með talið endurlánað erlent lánsfé í árslok 1985. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

	Landsb. Ísl.	Útvegsb. Ísl.	Búnaðarb. Ísl.	Iðnaðarb. Ísl.	Versl.b. Ísl.	Samv.b. Ísl.	Alþýðu-bankinn	Spari-sjóðir	Samtals
Sjávar-útvegur	9.313	3.444	649	8	3	205	3	257	13.882
Land-búnaður	1.888	18	1.811	12	2	284	7	148	4.170
Verslun	4.327	1.426	1.503	476	569	423	68	606	9.398
Iðnaður	3.262	644	856	868	42	46	64	517	6.299
Annað	6.528	2.482	2.403	1.140	522	1.142	514	2.770	17.501
	25.318	8.014	7.222	2.504	1.138	2.100	656	4.298	51.250

Af töflunni má sjá, að lánveitingar Landsbanka Íslands námu um helmingi alls lánsfjár í árslok 1985. Útvegsbanki Íslands lánaði 15 - 16% lánsfjárins en Búnaðarbankinn um 14%. Af heildarlánveitingum bankakerfisins komu um 27% í hlut sjávarútvegsins. Landsbanki Íslands lánaði um 67% af því lánsfé, sem lánað var til sjávarútvegsins, en Útvegsbanki Íslands um 25%. Samtals stóðu því bankarnir tveir að baki um 92% af lánveitingum til sjávarútvegsins. Lánveitingar Útvegsbankans til sjávarútvegsins námu um 43% af heildarlánveitingum bankans í árslok 1985. Lánveitingar Búnaðarbankans til landbúnaðar námu um 25% af lánveitingum bankans. Lánveitingar Iðnaðarbankans til iðnaðar námu um 35% af lánveitingum Iðnaðarbankans en lánveitingar Verslunarbankans til verslunar námu 50% af lánveitingum þess banka.

Í skýrslum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um athuganir, sem gerðar voru á Útvegsbanka Íslands 1975, 1978 og 1980, er vikið að lánveitingum til aðila í sjávarútvegi. Í þeim öllum kveður við sama tón. Í skýrslunni frá 1978 segir t.d.:

> "Bankaeftirlitið vill leggja á það áherslu, að Útvegsbankinn hefur í reynd engar þær skyldur að rækja við sjávarútveg eða aðra viðskiptaaðila, að hann neyðist til fjárráðstafana, sem ekki fá staðist frá bankalegu sjónarmiði. Óheppileg sérhæfing í útlánadreifingu, eins og áður er getið, hefur leitt til a) lausafjárkreppu b) afleitrar rekstrarafkomu og c) lélegrar eiginfjárstöðu."

Þess má geta að lánveitingar Útvegsbankans til sjávarútvegs sem hlutfall af heildarlánveitingum voru nálægt 60% árin 1975, 1978 og 1980.

Í árslok 1980 samþykkti ríkisstjórnin sérstakar aðgerðir til styrktar Útvegsbankanum. Auk beins fjárstuðnings úr ríkissjóði var um að ræða nokkurn flutning á viðskiptum sjávarútvegsfyrirtækja frá Útvegsbankanum til annarra innlánsstofnana. Nú getur það verið eðlilegt áhyggjuefni yfirstjórnar bankamála á Íslandi, að bankar séu sérhæfðir. Afkoma getur verið mismunandi hjá einstökum atvinnugreinum frá ári til árs, sem aftur getur haft óheppileg áhrif á stöðu banka, sem mjög er tengdur hlutaðeigandi atvinnugrein. Einnig getur smæð banka verið áhyggjuefni, þar sem fyrirtæki geta verið það stór, að bankinn hafi ekki burði til að veita þá fyrirgreiðslu, sem stærð fyrirtækisins krefst. Þessar ástæður munu fyrst og fremst hafa legið að baki umræðum um að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann, þegar um það var rætt á árunum upp úr 1970. En tilvitnunin í skýrslu bankaeftirlitsins og stuðningurinn við Útvegsbankann gefur meira til kynna, en að sérhæfing í bankakerfinu og smæð banka sé óheppileg. Sú staðreynd, að viðskipti fyrirtækja í sjávarútvegi voru færð frá Útvegsbankanum til annarra innlánsstofnana í þeim tilgangi að bæta afkomu Útvegsbankans, gefur tilefni til að draga þá ályktun, að ekki hafi verið eins hagkvæmt að lána til sjávarútvegs og annarra atvinnugreina.

Ef meta á af sanngirni aðstæður Útvegsbankans til að fara eftir ábendingum bankaeftirlitsins, er nauðsynlegt að hafa samhengið aðeins víðara en kemur fram í skýrslum þess. Í riti próf. Ólafs Björnssonar um sögu Íslandsbanka hf. og Útvegsbanka Íslands (bls. 160 - 164) er komið inn á nokkur lykilatriði í vandamálum Útvegsbanka Íslands.

Þar segir m.a.:

"Á dögum Íslandsbanka, eða fram að heimskreppunni á 4. áratugnum, var það ekki talið hlutverk ríkisvaldsins að veita sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum fjárhagslegan stuðning." "En eftir síðari heimsstyrjöld verður hér veruleg stefnubreyting. Hér eftir er það talin a.m.k. siðferðileg skylda ríkisins að sjá til þess, með viðeigandi ráðstöfunum í efnahagsmálum, að tryggja rekstrargrundvöll "undirstöðu" - atvinnuveganna, þ.e. landbúnaðar og sjávarútvegs."

Í riti sínu víkur Ólafur Björnsson víða að því, að stjórnvöld hafi um ýmiss konar leiðir að velja, þegar þörf hefur verið á að tryggja rekstrargrundvöll atvinnugreinarinnar. Í því skyni að auka tekjur sjávarútvegs hafa helst komið til greina gengisbreytingar eða uppbætur á útflutningsverð. Báðum þessum leiðum fylgja ákveðin vandkvæði eins og verðhækkanir innanlands eða skattaálögur. Því er eðlilegt að stjórnvöld leiti annarra ráða til að tryggja rekstrargrundvöll útvegsins. Kemur þá helst til greina lækkun tilkostnaðar. Þar er einkum tveggja kosta völ, lækkun skattálagna og/eða lækkun vaxta. Eftir lok síðari heimsstyrjaldar hafa stjórnvöld oft gripið til efnahagsaðgerða til að tryggja rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Mikilvægur þáttur í þeim aðgerðum hefur verið að tryggja útveginum sem hagstæðust lánskjör. Lágir útlánsvextir leiða til lágra innlánsvaxta, ef bankastarfsemi á geta þrifist, en lágir innlánsvextir draga úr sparifjármyndun. Því hefur verið erfitt að tryggja nægjanlegt lánsfé ekki síst á tímum neikvæðra raunvaxta, en það ástand hefur ríkt langtímum saman frá síðari heimsstyrjöld. Síðan segir í fyrrgreindu riti eftir próf. Ólaf Björnsson.

"En jafnhliða því, að stefna stjórnvalda hefur verið sú að halda vöxtum niðri vegna þarfa atvinnuveganna, ákveður löggjöfin um Seðlabankann frá 1961 að hlutverk Seðlabankans sé í fyrsta lagi það, "að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í

umferð og lánsfé sé hæfilegt miðað við það að verðlag sé stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt," sbr. 3. gr. l. nr. 10 um Seðlabanka Íslands frá 1961. Þetta lagaákvæði hefur stjórn Seðlabanka Íslands túlkað þannig gagnvart viðskiptabönkum og öðrum innlánastofnunum, að þeim beri að takmarka útlán sín við það, sem þeim berst af innlánsfé, en lántökur í Seðlabankanum komi ekki til greina nema í undantekningartilvikum og þá aðeins um skemmri tíma. Ekki verður sagt að þessi túlkun sé óeðlileg. Til þess að framfylgja þessu gagnvart innlánastofnunum hefur Seðlabankinn því ákveðið svo háa vexti af yfirdráttarlánum, er þessar stofnanir kynnu að taka, að þeim er fjárhagslega ókleift að fjármagna útlán sín þannig. Þessi mótsögn í þeirri stefnu, sem þannig hefir verið mörkuð af stjórnvöldum er kjarni þess vandamáls, sem viðskiptabankar og aðrar lánastofnanir hafa um alllangt skeið átt við að etja. Alveg sérstaklega á þetta við um Útvegsbankann, þar sem lánveitingar til sjávarútvegs hafa verið meginhlutverk hans."

Til viðbótar því, sem hér er sagt, má geta þess, að auk lánskjara hafa stjórnendur viðskiptabankanna til skamms tíma ekki heldur ráðið upphæðum mikilvægra lána til sjávarútvegsins, t.d. afurðalána. Góð aflabrögð gátu því leitt til mikils útstreymis fjár frá viðskiptabönkunum án þess að bankastjórar einstakra banka réðu þar nokkru um. Í því sambandi verður þó að hafa í huga endurkaup Seðlabankans vegna þeirra lánveitinga. Þá má einnig geta útstreymis fjár vegna olíuviðskipta, þegar illa árar hjá útgerðinni. Ef útgerðarfyrirtæki fær ekki olíu vegna greiðsluerfiðleika, getur atvinnulíf jafnvel heils bæjarfélags stöðvast. Slíkar kringumstæður hljóta mjög að reyna á viðskiptabanka olíufélaganna þar með talið Útvegsbankann.

Ef horft er til þess, að um langt skeið hafa stærstu útibú Útvegsbankans verið í helstu verstöðvum landsins og að Alþingi hefur hvað eftir annað kosið fulltrúa í bankaráð Útvegsbankans frá útgerðarstöðum, fulltrúa sem hafa næman skilning á hvar skórinn kreppir að í atvinnumálum slíkra staða og ennfremur þegar litið er til sögu og uppruna Útvegsbankans, þá er ljóst, að erfitt getur reynst að feta þá leið, sem bankaeftirlitið bendir á, þ.e. að beina viðskiptum í meira mæli til annarra atvinnuvega en sjávarútvegs.

Þótt það væri verðugt rannsóknarefni að sýna í tölum grundvöll lánsviðskipta við einstaka atvinnuvegi t.d. sjávarútveginn á mismunandi tímabilinum, verður ekki farið út í það hér. Slík athugun væri til hliðar við meginverkefni nefndarinnar og yrði of umfangsmikil. Umræður um framtíð Útvegsbanka Íslands hafa skotið upp kollinum af og til í tæpa tvo áratugi. Það vekur athygli, að í þeim umræðum hefur mjög lítið borið á umfjöllun um opinber afskipti af vaxtakostnaði á lánum til atvinnuveganna. Sjávarútvegur er og verður um langt skeið mikilvægasti atvinnuvegur landsmanna. Gera má ráð fyrir sveiflum í aflabrögðum, markaðsverði og afkomu. Slíkar sveiflur geta haft áhrif á atvinnustig ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem atvinnulíf er mjög háð sjávarútvegi, en atvinnuleysi er sennilega mesti ógnvaldur allra ríkisstjórna. Sem stendur er vextir frjálsir, og raunvaxtastefna ríkjandi. Verður það til frambúðar, eða er hætta á að stjórnvöld grípi til þess ráðs, þegar illa árar, að ætla viðskiptabönkunum að leysa hluta vandans með lækkun vaxta á ákveðnum lánum til sjávarútvegsins?

Ástæðan fyrir því að staða Útvegsbanka Íslands í bankakerfinu er gerð hér að umtalsefni er tvíþætt. Annars vegar að Útvegsbankinn er samtengdur og háður hinni almennu efnahagsstefnu stjórnvalda og að þær aðstæður hafa m.a. leitt til veikrar eiginfjárstöðu Útvegsbankans. Hins vegar hlýtur að vera afar mikilvægt að sýna mikla varkárni í útlánum og vera sérstaklega á varðbergi gagnvart ónógum tryggingum, þar sem ekki þarf stóran skell til að banki með veika eiginfjárstöðu riði til falls.

4. ÖNNUR RANNSÓKNAREFNI.

4.1. ÞÁTTUR ALBERTS GUÐMUNDSSONAR.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips segir svo m.a.:

> "Sérstakur þáttur í rannsókn þessa máls lýtur að ásökunum sem beinst hafa að iðnaðarráðherra nýverið í þá veru að hann hafi misnotað aðstöðu sína sem formaður bankaráðs Útvegsbankans til að greiða fyrir viðskiptum Hafskips hf."

Albert Guðmundsson, núverandi iðnaðarráðherra og fyrrum fjármálaráðherra, var stjórnarformaður Hafskips á tímabilinu frá 11. maí 1979 til 10. júní 1983. Ennfremur átti hann sæti í bankaráði Útvegsbankans og var jafnframt formaður þess frá 1. janúar 1981 til 2. júní 1983, en hann tók við embætti fjármálaráðherra 26. maí 1983. Þannig er ljóst að Albert Guðmundsson var um tveggja og hálfs árs skeið samtímis formaður bankaráðs Útvegsbankans og stjórnarformaður Hafskips, sem var einn af stærstu lánþegum bankans. Þessi tvö hlutverk fóru illa saman að margra dómi, meðal annars var þetta gagnrýnt á Alþingi.

Almennt eiga ráðamenn að forðast að komast í þá aðstöðu að vera á sama tíma í fyrirsvari fyrir tvo aðila, sem geta lent í hagsmunaárekstri, en það getur augsýnilega hent þegar um lánveitanda og lánþega er að ræða. Eigi fer vel á því að fulltrúar skuldaranna stjórni bankastofnun. Á þessum forsendum liggur beint við að gagnrýna Albert Guðmundsson fyrir það að gefa kost á sér til setu í bankaráði Útvegsbankans án þess að víkja úr stjórn Hafskips. En sökin er ekki fyrst og fremst hans heldur Alþingis, sem kaus

hann í bankaráðið vitandi um stöðu hans hjá Hafskipi, en Albert Guðmundsson og aðrir bankaráðsmenn urðu sjálfkjörnir í ráðið. Síðan hnykkti viðskiptaráðherra á þessari andvaralausu kosningu með því að skipa Albert Guðmundsson formann bankaráðsins.

Tekið skal fram að hér er ekki um einsdæmi að ræða. Það hefur komið fyrir áður að fyrirsvarsmenn mestu skuldunautanna hafi átt sæti í bankaráði hlutaðeigandi ríkisbanka.

Vandamál Hafskips voru aldrei rædd í bankaráði Útvegsbankans á því tímabili, sem Albert Guðmundsson sat þar. Þetta gæti stafað af tillitssemi bankastjóranna. Þeir hafi forðast að setja bankaráðsformanninn í vanda. En þetta þarf ekki að vera rétt skýring. Árum saman var aldrei minnst á Hafskip í bankaráði meðan Albert Guðmundsson var utan þess.

Það má skoða málið frá annarri hlið og spyrja: Fjallaði Albert Guðmundsson um viðskiptin við Útvegsbankann á stjórnarfundum Hafskips? Það gerðist ótvírætt einu sinni, en það var á stjórnarfundi hjá Hafskipi 29. júlí 1982. Þar samþykktu allir stjórnarmenn félagsins, sem sóttu fundinn, umsókn um lán til Útvegsbankans að fjárhæð USD 2,1 milljónir. Í þessu tilviki hefði miklu betur farið á því að Albert Guðmundsson hefði setið hjá við atkvæðagreiðsluna.

Sem stjórnarformaður Hafskips undirritaði Albert Guðmundsson nokkur tryggingarskjöl til bankans á meðan hann var bankaráðsformaður. Þetta verður naumast talið ámælisvert þar sem hann hafði ekkert lagt til málanna um innihald þessara skjala.

Aðrar skjalfestar heimildir um hugsanleg áhrif Alberts Guðmundssonar á viðskipti Hafskips og Útvegsbankans hafa ekki komið fram.

Þegar litið er til lánveitinga Útvegsbankans til Hafskips verður ekki séð að fyrirgreiðsla bankans við félagið aukist miðað við starfsumfang þess á bankaráðsárum Alberts Guðmundssonar. Á þessum árum var hins vegar slakað á hagsmunagæslu bankans, t.d. kröfum um raungildi veða.

Því verður ekki á móti mælt, að Albert Guðmundsson komst í alveg sérstaka aðstöðu til áhrifa á samskipti Útvegsbankans og Hafskips. Þar með er ekki sagt, að hann hafi misnotað þessa aðstöðu, þótt hann sjálfur telji sig "fyrirgreiðslureddara", og nefndin dragi þá staðhæfingu út af fyrir sig ekki í efa. Ekkert hefur komið á daginn, sem bendir til þess að Albert Guðmundsson hafi beitt áhrifum sínum í Útvegsbankanum til hagsbóta fyrir Hafskip. Bankastjórarnir, sem á umræddu tímabili störfuðu í Útvegsbankanum, hafa allir lýst því yfir, að Albert Guðmundsson hafi aldrei farið þess á leit við þá, að þeir veittu félaginu fyrirgreiðslu.

Eigi verður séð að Albert Guðmundsson hafi á því skeiði, er hann var bæði bankaráðsformaður og stjórnarformaður, fylgst neitt að ráði með vinnubrögðum framkvæmdastjóra Hafskips og annarra ráðamanna varðandi reikningsskil og verðmat skipa. Hann telur þetta tímabil hafa verið blómaskeið Hafskips, en það er mikill misskilningur eins og fram kemur í þessari skýrslu.

Á hitt er að líta að staða Alberts Guðmundssonar sem bankaráðsformanns og stjórnarformanns var almennt til þess fallin að styrkja stöðu Hafskips hjá Útvegsbankanum með óbeinum áhrifum án þess að hann, sem þar að auki var áhrifamikill maður í þjóðfélaginu, þyrfti að beita sér persónulega.

Um stöðu Alberts Guðmundssonar sem bankaráðsmanns vísast að öðru leyti til kaflans um Yfirstjórn Útvegsbankans - skyldur og ábyrgð, eftir því sem við á.

4.2. REYKVÍSK ENDURTRYGGING HF.

Sumarið 1981 eignuðust þáverandi framkvæmdastjórar Hafskips, Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson, ásamt eiginkonum sínum, samtals 37% hlutabréfa í Reykvískri endurtryggingu hf. Jafnframt tóku þeir Ragnar og Björgólfur sæti í stjórn félagsins og voru þar í meirihluta þar sem stjórnarmenn voru þrír. Var Ragnar Kjartansson stjórnarformaður en Björgólfur Guðmundsson meðstjórnandi. Að svo komnu máli leituðu þeir Ragnar og Björgólfur eftir því að koma á tryggingaviðskiptum milli Hafskips og Reykvískrar endurtryggingar.

Á stjórnarfundi hjá Hafskipi 13. ágúst 1981 var rætt um vátryggingamál. Þar skýrði Ragnar Kjartansson frá viðræðum beggja framkvæmdastjóra félagsins við Reykvíska endurtryggingu. Á þessum fundi kom fram, að framkvæmdastjórarnir höfðu persónulega gerst aðilar að tryggingafélaginu. Jafnframt upplýsti stjórnarformaður Hafskips, Albert Guðmundsson, að þessi tilhögun mála væri gerð í samráði við hann. Á þessum fundi var engin ályktun gerð um tryggingamálin.

Vátryggingamál Hafskips voru aftur tekin fyrir á stjórnarfundi 21. september 1981. Þar kom fram tillaga um að Hafskip gengi til samstarfs við Reykvíska endurtryggingu einkum á þann veg að kaupa hlut í tryggingafélaginu. Ýmsar fyrirspurnir voru bornar fram á fundinum varðandi persónulega þátttöku framkvæmdastjóranna í Reykvískri endur-tryggingu og fyrirhugaða samninga milli félaganna. Eftir ítarlegar

umræður var ákveðið að fresta þátttöku Hafskips í Reykvískri endurtryggingu en taka málið fyrir á næsta fundi til frekari umfjöllunar. Í reynd var mál þetta ekki tekið fyrir aftur á stjórnarfundi, en framkvæmdastjórar Hafskips gerðu upp á sitt eindæmi samning um skipatryggingar við Reykvíska endurtryggingu, sem tók gildi 1. október 1981, og lét stjórn Hafskips það kyrrt liggja.

Til viðskiptanna við Reykvíska endurtryggingu, sem á þessum tíma tók að sér frumtryggingar, var stofnað með þeim hætti haustið 1981 að Hafskip óskaði eftir tilboðum í skipatryggingar til eins árs hjá tveimur aðilum en það voru annars vegar Reykvísk endurtrygging og hins vegar Almennar Tryggingar hf., sem áður hafði verið skipt við. Tilboð Reykvískrar endurtryggingar reyndist mun hagstæðara og var það samþykkt. Mismunur tilboðanna grundvallaðist á mismunandi endurtryggingamörkuðum erlendis, sem keppinautarnir höfðu að bakhjarli. Reykvísk endurtrygging byggði á franska markaðinum en Almennar Tryggingar á hinum breska.

Málin þróuðust þannig að Hafskip hélt áfram að tryggja skip sín hjá Reykvískri endurtryggingu allt þar til Hafskip varð gjaldþrota, en auk þess bættust við gámatryggingar á árinu 1984. Þetta voru mikil viðskipti út frá sjónarmiði Reykvískrar endurtryggingar, sem var lítið tryggingarfélag, og urðu þau til þess að efla hag félagsins. Nærri lætur að á þessum árum hafi um það bil 1/6 hluti af iðgjaldatekjum Reykvískrar endurtryggingar komið frá Hafskipi. Jafnframt þessum viðskiptum átti Hafskip veruleg tryggingaviðskipti við önnur vátryggingafélög.

Samskipti Hafskips og Reykvíkrar endurtryggingar voru rannsökuð ítarlega af skiptaráðendum og löggiltum endurskoðendum, er störfuðu á þeirra vegum. Ennfremur voru þau athuguð af Rannsóknarlögreglu ríkisins og bústjórum í þrotabúi Hafskips. Því eru ekki efni til að rannsóknarnefndin, sem að hluta hefur skoðað þetta mál sjálfstætt, fjalli um þessi viðskipti í einstökum atriðum, heldur fyrst og fremst með þeim hætti að láta í ljós álit sitt á því, hvort hér sé í höfuðatriðum um heilbrigð og eðlileg viðskipti að ræða eða ekki.

Viðskipti Hafskips og Reykvíkrar endurtryggingar bera óneitanlega sterkan keim af því að Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson sitja beggja megin við samningaborðið. Á árinu 1984 þegar Hafskip átti í miklum erfiðleikum vanrækti félagið greiðslur iðgjalda til Reykvíkrar endurtryggingar. Þessi vanskil urðu langt umfram það, sem eðlilegt getur talist. Á síðari hluta ársins 1985 þegar Hafskip átti í enn meiri erfiðleikum snerist dæmið hins vegar við. Þá borgaði félagið ört niður skuldir sínar við Reykvíska endurtryggingu. Þetta var sýnilega gert til að forða Reykvískri endurtryggingu frá taphættu, ef Hafskip yrði að þola gjaldþrot. En það var fleira sérstakt við þessi viðskipti. Á árinu 1984 tók Reykvísk endurtrygging á sig ábyrgð á skuld Hafskips við erlent gámaleigufyrirtæki, en losnaði þó undan þeirri ábyrgð um síðir. Í febrúarmánuði 1985 gaf Reykvísk endurtrygging út tvö skuldabréf til Hafskips að fjárhæð samtals 5 milljónir króna, en bréf þessi voru sett Útvegsbankanum að handveði. Í septembermánuði 1985 var þessum bréfum skilað en Útvegsbankinn fékk í staðinn skuldabréf frá öðrum aðila. Öll þessi viðskipti voru því marki brennd, að þau áttu sér stað milli skyldra aðila þar sem gagnkvæm greiðasemi sat í fyrirrúmi fyrir eðlilegum viðskiptaháttum.

Á tveimur síðustu mánuðum ársins 1985 skoðaði Tryggingaeftirlitið viðskipti Hafskips og Reykvískrar endurtryggingar. Niðurstaðan varð sú, að ekki væri tilefni til athugasemda. En þess ber að gæta að Tryggingaeftirlitið skoðaði málið fyrst og fremst með hagsmuni tryggingafélagsins í huga og leiddi hjá sér að víkja að nánum tengslum þessara aðila.

Eftir að Hafskip varð gjaldþrota reis upp ágreiningur milli þrotabúsins og Reykvískrar endurtryggingar um endanlegt uppgjör iðgjalda og tjóna. Allar horfur eru á, að þessi ágreiningur leysist með samkomulagi.

Þegar litið er í heild á tryggingaviðskipti Hafskips og Reykvískrar endurtryggingar, sem stóðu yfir í fjögur ár, er alls ekki hægt að fullyrða að þessi viðskipti hafi verið Hafskipi óhagstæð. Þvert á móti voru þau áreiðanlega hagstæð fyrir Hafskip í upphafi. Miklu erfiðara er meta þetta þegar líður á tímabilið. Tryggingar og tjónauppgjör eru flókin mál og í raun ógerningur að segja til um það með nokkurri vissu hvaða tryggingakjara Hafskip hefði notið, ef félagið hefði ekki endurnýjað samninginn við Reykvíska endurtryggingu, en það var gert árlega. Það bendir þó til þess að tryggingakjörin hafi verið fremur hagstæð, að Eimskipafélag Íslands hélt áfram tryggingum hjá Reykvískri endurtryggingu á þeim skipum, er keypt voru af þrotabúi Hafskips. Samt sem áður er það aðfinnsluvert að framkvæmdastjórar Hafskips, Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson, báru ekki samninginn við Reykvíska endurtryggingu upp til staðfestingar

á stjórnarfundi hjá Hafskipi, þar sem þeir sjálfir voru ekki hæfir til að ráða þessu máli til lykta fyrir Hafskips hönd sökum tengsla við Reykvíska endurtryggingu. Jafnframt hefði stjórn Hafskips þurft að fá allar upplýsingar um þessi tengsl, og eiga þess kost að fela öðrum en framkvæmdastjórum sínum að fara með tryggingaviðskipti við Reykvíska endurtryggingu.

Svo sem áður er getið eignuðust þeir Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson stóran hlut í Reykvískri endurtryggingu sumarið 1981. Ennfremur tóku þeir sæti í stjórn félagsins og þágu stjórnarlaun. Þeir eignuðust og allstóran hlut í Líftryggingafélaginu Verði hf. sem stofnað var 1984, og Staðarstað hf., sem stofnaður var 1985, en bæði þessi félög voru stofnuð að tilhlutan Reykvískrar endurtryggingar sem samstarfsfélög. Öll hlutabréf sín í ofangreindum þremur félögum seldu þeir Ragnar og Björgólfur vorið 1986 með góðum hagnaði, enda hafði Reykvísk endurtrygging eflst mjög meðan þeir áttu hlut í félaginu, meðal annars vegna viðskiptanna við Hafskip.

Líklega hafa allir aðilar hagnast á þessum viðskiptum og því ekki ástæða til að amast við þeim. Það viðgengst í veruleikanum að skyldir aðilar eiga með sér viðskipti og að menn nota aðstöðu og sambönd sér til ávinnings. Slíkt sætir fremur öfund en ámæli. En það breytir því ekki í þessu tilviki að ströngustu leikreglur viðskiptalífsins voru ekki í heiðri hafðar.

4.3. ÍSLENSKA SKIPAFÉLAGIÐ HF.

Hinn 17. nóvember 1985 var Íslenska skipafélagið hf. stofnað af fimm einstaklingum. Stofnendurnir voru allir velunnarar Hafskips. Tveir þeirra voru í stjórn Hafskips en einn þeirra var lögfræðingur Hafskips. Hlutafé Íslenska skipafélagsins var ein milljón króna og ekkert af því innborgað í peningum. Tilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi var rekstur skipa og farmflutningar, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og umboðsviðskipti. Íslenska skipafélagið var stofnað að undirlagi Útvegsbankans. Raunverulegur tilgangur félagsins var að reyna að bjarga Hafskipi og Útvegsbankanum út úr ógöngum með því að kaupa meginhlutann af eignum Hafskips á háu verði og forða þannig Hafskipi frá gjaldþrotaskiptum en bæta jafnframt veðstöðu Útvegsbankans. Þáttur í þessum ráðagerðum var að bægja frá hættunni á því að kaupskipin, sem verið höfðu í eigu Hafskips, yrði kyrrsett í erlendum höfnum vegna skulda.

Daginn eftir að Íslenska skipafélagið var stofnað, eða 18. nóvember 1985, keypti félagið svonefndar Íslandssiglingar Hafskips, þ.e. kaupskipin fjögur ásamt ýmiss konar tækjum og búnaði, svo og viðskiptavild og aðstöðu fyrir 15 milljónir dollara. Kaupverðið átti Íslenska skipafélagið að greiða með yfirtöku á skuldum Hafskips við Útvegsbankann. Í þessum kaupsamningi milli félaganna var ákvæði um að vinna skyldi sameiginlega að því, að hluthafar í Hafskipi gætu orðið hluthafar í hinu nýja félagi. Kaupandi gerði samninginn með fyrirvara um að viðunandi samningar næðust, að hans mati, um greiðslu kaupverðsins við Útvegsbanka Íslands innan eins mánaðar, ella mætti rifta

þessum kaupsamningi.

Útvegsbankinn tók hlutabréfin í Íslenska skipafélaginu að handveði hinn 26. nóvember 1986 til tryggingar skuldbindingum við bankann. Jafnframt veittu hluthafarnir bankanum fullt umboð til að ráðstafa hlutabréfunum, hvort heldur með sölu eða veðsetningu. Þá gaf bankinn samtímis út yfirlýsingu um að hann mundi halda Íslenska skipafélaginu skaðlausu af eðlilegum rekstrarútgjöldum. Af þessu er ljóst að Útvegsbankinn hafði öll ráð félagsins í hendi sér.

Það var rás atburðanna, sem leiddi til stofnunar Íslenska skipafélagsins. Í því skyni að komast hjá gjaldþroti reyndi Hafskip haustið 1985 að selja Eimskipafélagi Íslands meginhlutann af eignum sínum. Eftir nokkurt þóf slitnaði upp úr þessum viðræðum. Ágreiningur varð einkum um það hvernig meta ætti aðstöðu og viðskiptavild Hafskips til söluverðs svo og um gildi samningsins, ef Hafskip gæti ekki afstýrt gjaldþroti.

Um það leyti sem samningaumleitunum við Eimskipafélag Íslands var að ljúka án árangurs tóku fulltrúar hluthafa í Hafskipi upp viðræður við Samband ísl. samvinnufélaga. Meginhugmyndin að baki þeim viðræðum var að sameina í einu hlutafélagi, Skipadeild SÍS og Íslandssiglingar Hafskips. Til að gera þetta mögulegt þurfti að skilja Íslandssiglingarnar frá Hafskipi og fá þeim nýja staðfestu um stundarsakir. Var Íslenska skipafélaginu ætlað að gegna þessu hlutverki.

Eftir stofnun Íslenska skipafélagsins héldu viðræður við SÍS áfram. Að því var stefnt að stofna nýtt hlutafélag með 60% aðild Skipadeildar

SÍS en 40% aðild Íslenska skipafélagsins eða hluthafanna í Hafskip. Viðræðurnar komust ekki á það stig að rætt væri um verðmæti skipa og annarra eigna, og SÍS gaf aldrei í skyn að meta ætti eignir Íslenska skipafélagsins á því verði, sem þær höfðu verið keyptar. Viðræðunum lauk 23. nóvember 1985 þegar stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga samþykkti að hafna þessum fyrirrætlunum.

Nú stóð Íslenska skipafélagið eitt uppi með Íslandssiglingarnar, sem það rak frá 18. nóvember 1985. Skipafélagið ætlaði sér þegar hér var komið að auka hlutafé upp í 200 milljónir króna og halda siglingunum áfram, og var það hugmyndin, að þetta aukna hlutafé kæmi frá hluthöfum Hafskips. Uppi höfðu verið ráðagerðir um að gefa hluthöfum Hafskips kost á að eignast hlutabréf í Íslenska skipafélaginu með bréfaskiptum á þann veg að láta af hendi hlutabréf sín í Hafskipi en fá í staðinn hlutabréf í Íslenska skipafélaginu. Með hliðsjón af hlutafélagalögum voru þessar ráðagerðir óskiljanlegar, þótt hluthafarnir væru að sjálfsögðu fúsir til að skipta á verðlausum pappírum fyrir aðra pappíra, sem kunnu þó að vera einhvers virði. En þessum fyrirrætlunum var aldrei hrundið í framkvæmd.

Þegar hér var komið réðst framhaldsrekstur Íslenska skipafélagsins af því, sem Útvegsbankinn gerði. Bankinn taldi rekstrargrundvöll félagsins ótraustan og áætlanir um hlutafjáraukningu ekki raunhæfar og neitaði því skipafélaginu um lánveitingar og aðra fyrirgreiðslu. Þar með voru dagar Íslenska skipafélagsins taldir. Íslenska skipafélagið rifti kaupunum við Hafskip 5. desember 1985 og hætti rekstri, en daginn eftir var Hafskip tekið til gjaldþrotaskipta. Í kjölfar þessara atburða reis upp mikill fjármálaágreiningur milli þrotabús Hafskips og Íslenska skipafélagsins. Kröfur og gagnkröfur voru

settar fram, og eru þau deiluefni ekki til lykta leidd.

Stofnun Íslenska skipafélagsins, sem Útvegsbankinn stóð á bak við, var örvæntingartilraun af hálfu bankans til að draga verulega úr tapi sínu af viðskiptunum við Hafskip og jafnframt tilraun til að forða Hafskipi frá gjaldþroti. Á þeim tíma gerðu menn sér einhverjar vonir um að eftir kaup Íslenska skipafélagsins á Íslandssiglingunum gæti Hafskip komið nýrri skipan á fjármál sín með nauðasamningum. Til þess bendir líka greiðslustöðvun sú, sem Hafskip fékk hjá skiptaráðanda 18. nóvember 1985. En þetta reyndist tálvon og gjaldþrotinu varð ekki afstýrt.

Tilraunin með Íslenska skipafélagið fór út um þúfur og bar margt til, viðræðuslit af hálfu SÍS, kyrrsetning m.s. Skaftár í Antwerpen og gjaldþrot Hafskips. Höfuðveilan í öllu þessu ráðabruggi með Íslenska skipafélagið var þó sú, að Útvegsbankinn gat ekki vænst þess að fá einn að njóta alls andvirðis Íslandssiglinganna, sem var 15 milljónir dollara, en það var út af fyrir sig mjög hátt verð og naumast raunhæft. Verulegur hluti af þessari fjárhæð var fyrir aðstöðu og viðskiptasambönd, en Útvegsbankinn átti ekki tilkall til þessara verðmæta umfram aðra kröfuhafa Hafskips, þó að hann hefði veð í skipum og tækjum félagsins.

Útvegsbankinn gerði sér alltaf grein fyrir því að eignir Hafskips færu á lágu verði, ef félagið yrði gert gjaldþrota. Því væri skynsamlegast, ef hætta þyrfti rekstrinum, að selja meðan starfsemin væri í fullum gangi. Svo sem málum var komið um miðjan nóvember 1985 mátti

búast við því, að þeir sem höfðu áhuga á að kaupa eignir Hafskips, mundu halda að sér höndum og bíða eftir því, að gjaldþrotið yrði að veruleika. Til að sporna gegn þessu var Íslenska skipafélaginu hleypt af stokkunum og látið kaupa meirihlutann af eignum Hafskips. Í framkvæmd hafði þessi hugmynd marga annmarka, sem að lokum gerðu hana að engu, og sætir það furðu að mönnum skyldi detta í hug, að með stofnun Íslenska skipafélagsins væri hægt að forða Hafskipi undan gjaldþroti. Líklega tapar Útvegsbankinn 20 - 30 milljónum króna á tilveru Íslenska skipafélagsins. Á hinn veginn gat stofnun þessa félags minnkað tap bankans vegna gjaldþrots Hafskips um 100 - 150 milljónir króna, ef framvinda mála hefði öll orðið á annan og betri veg.

5. NIÐURLAG.

Í lögum nr. 119/1985 er lagt fyrir rannsóknarnefndina að athuga hvort lánafyrirgreiðsla Útvegsbankans til Hafskips hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Athuganir þessar og niðurstöður liggja fyrir í einstökum köflum skýrslunnar. Niðurstöður eru í stuttu máli þær, að lánafyrirgreiðslan við Hafskip var hvorki í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins né eiginfjárstöðu þess og að tryggingum fyrir skuldum var mjög ábótavant. Því má bæta við að lánafyrirgreiðslan var heldur ekki í eðlilegu samræmi við eiginfjárstöðu Útvegsbankans.

Þróun viðskiptanna er rakin í þessari skýrslu. Meginástæðan fyrir því að viðskiptin fóru svo mjög úr skorðum var tvíþætt. Annars vegar var það mikill aðgæsluskortur af hálfu Útvegsbankans ásamt veilum í ríkisbankakerfinu. Hins vegar var það mikil og vaxandi lánsfjárþörf Hafskips. Félagið jók sífellt umsvifin þrátt fyrir ört versnandi efnahag. Með þessum umsvifum sýndu ráðamenn félagsins óraunsæja bjartsýni, en þeim tókst lengi vel að dylja raunverulega afkomu félagsins með vinnubrögðum, sem ekki voru í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Síðustu árin voru þessi viðskipti orðin bankanum ofviða.

Með lögum nr. 119/1985 er ennfremur lagt fyrir nefndina að kanna aðra viðskiptalega þætti málsins, sem hún teldi þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum, sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum

samkvæmt. Hér er það lagt á vald nefndarinnar að ákveða rannsóknarefnið innan tiltekinna marka, en þessi mörk eru þó ekki glögg á sumum sviðum. Nefndin tók þann kost að beina könnun sinni að því, sem hún taldi mikilvægast að skoða í þessum efnum án þess að bregðast þeim fyrirmælum laganna að hraða störfum eftir föngum. Rannsóknarefninu á þessum vettvangi eru gerð skil í köflum 3 og 4 í skýrslu þessari.

Um endanlegt tap Útvegsbankans af viðskiptunum við Hafskip verður ekkert fullyrt fyrr en skiptum á þrotabúinu lýkur. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands áætlar að tap þetta nemi um það bil 600 milljónum króna. Er sú áætlun ekki fjarri lagi þegar tekið er mið af kröfulýsingu bankans á hendur þrotabúinu og undirtektum bústjóra eða skiptastjóra. En vakin skal athygli á því að eftir stendur að útkljá ýmis fjármálaleg ágreiningsefni milli búsins og bankans, þar á meðal ágreining um gildi ýmissa veðtrygginga. Aðrir aðilar en bankinn, sem eiga lögmætar kröfur á hendur þrotabúinu,munu einnig tapa stórfé. Þar við bætist tap hluthafanna. Þessir aðilar munu einnig standa í málaferlum við þrotabúið út af ýmis konar ágreiningsefnum. Því er sýnt að dómsrannsóknir og dómar eru framundan á þessu sviði. Þegar allt er skoðað er ósennilegt að heildartap af gjaldþrotinu verði undir einum milljarði króna.

Málefni Hafskips og Útvegsbankans, einkum þó hlutur Hafskips og ráðamanna þess, hafa sætt ítarlegri rannsókn hjá skiptaráðanda og Rannsóknarlögreglu ríkisins. Rannsóknargögnin eru nú hjá ríkissaksóknara og er beðið ákvörðunar hans um ákæru. Af þeirri ákvörðun gætu sprottið umfangsmikil málaferli með viðeigandi rannsóknum fyrir dómi.

Af framangreindu er ljóst að þessi skýrsla verður einungis einn þáttur þeirra víðtæku rannsókna, sem fram fara á gjaldþroti Hafskips og afleiðingum þess.

Reykjavík, 6. nóvember 1986

Jón Þorsteinsson.
Brynjólfur I. Sigurðsson.
Sigurður Tómasson.

Sþ. 154. Svar [122. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um söluskatt.

Hér fer á eftir yfirlit samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar um afskrifaðar óinnheimtanlegar eftirstöðvar söluskatts á því tímabili er um ræðir í fyrirspurninni (1983–85 og til 6. nóv. 1986), skipt eftir skattumdæmum (í kr.):

Skattumdæmi	1983	1984	1985	Til 6. nóv. 1986
Vesturland	3 086	82 609	244 007	0
Vestfirðir	0	118 029	513 527	0
Norðurland vestra	0	21 412	0	517 304
Norðurland eystra	124 838	139 833	2 667 306	0
Austfirðir	244 469	916 907	58 674	303 896
Vestmannaeyjar	0	0	0	0
Suðurland	745 693	486 399	1 415 803	0
Reykjanes	0	2 407 494	8 150 353	0
Reykjavík	3 490 394	0	7 325 378	0
Samtals:	4 608 480	4 172 683	20 375 048	821 200

Sþ. 155. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um skipun nefndar er setji reglur um auglýsinga- og leiðbeiningarmerki við vegi landsins.

Flm.: Þórður Skúlason, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er semji reglur um uppsetningu auglýsinga- og leiðbeiningarmerkja við vegi landsins.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerð ríkisins, einum tilnefndum af Náttúruverndarráði, einum tilnefndum af Ferðamálaráði, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum án tilnefningar.

Nefndin endurskoði núgildandi lög og reglugerðir er fjalla um auglýsingar og leiðbeiningarmerki meðfram vegum og geri tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum í því sambandi.

Greinargerð.

Með bættum samgöngum fjölgar sífellt því fólki, innlendu og erlendu, er um vegi landsins ferðast og er það ánægjulegt.

Aukinn straumur ferðafólks kallar á aukna þjónustu og hefur mikil uppbygging orðið í ferðamannaþjónustu víða um land. Ferðamannaþjónustan er orðin að atvinnuvegi sem skapar ný atvinnutækifæri og stendur undir verulegum fjárfestingum sem lagt hefur verið í.

Af eðlilegum ástæðum er auðveldast að sinna þessari atvinnugrein meðfram þjóðvegum landsins þar sem ferðamannastraumurinn er mestur en fleiri vilja þó hasla sér völl á þessu sviði og hafa upp á ýmislegt að bjóða. Það á ekki síst við um þéttbýlisstaði, skóla með sumarhótelþjónustu og sveitabæi er standa nærri hringveginum, en þó ekki alveg við hann.

Þeir sem stunda ferðamannaþjónustu við þessar aðstæður hafa orðið áþreifanlega varir við það að ferðafólk veit ekki af þeirri þjónustu er þeir hafa upp á að bjóða og ekur fram hjá. Margir hafa því gripið til þess ráðs að auglýsa þjónustu sína við þjóðvegina, ferðamönnum til mikils hægðarauka. Í sumum tilfellum hefur ferðaþjónustufólk lagt í verulegan kostnað við hönnun, framleiðslu og uppsetningu slíkra auglýsinga eða leiðbeiningarskilta.

Sum þessara auglýsingaskilta brjóta hins vegar í bága við reglur um uppsetningu leiðbeiningarmerkja við þjóðvegi er Náttúruverndarráð og Vegagerð ríkisins hafa komið sér saman um. Ýmsir líta þó á þær reglur fyrst og fremst sem viðmiðunarreglur sem enga staðfestingu hafi fengið, enda margt í þeim er orkar tvímælis. Það vekur t.d. furðu margra að ekki skuli mega upplýsa þá er um þjóðveginn fara um veitinga- og gistiþjónustu, sundlaug og tjaldstæði sem þar er í aðeins nokkurra kílómetra fjarlægð frá þjóðveginum. Margt ferðafólk leitar því langt yfir skammt vegna ónógra upplýsinga.

Ágreiningur hefur því risið milli Vegagerðar ríkisins og þeirra er auglýst hafa ferðamannaþjónustu við þjóðvegina um auglýsinga- og leiðbeiningarmerkin. Vegagerðin hefur viljað standa fast á sínum reglum og á sumum svæðum, en öðrum ekki, framfylgt þeim af mikilli hörku, m.a. með því að fjarlægja auglýsingaskilti og leiðbeiningarmerki. Kærumál hafa gengið milli auglýsenda og Vegagerðarinnar en úrskurður ekki fallið.

Umræddar reglur hafa einnig leitt til þess að auglýsendur hafa komið upp alls konar auglýsingaskiltum rétt utan vegsvæðis, innan girðinga, með leyfi landeigenda. Aðgerðir Vegagerðarinnar hafa því alls ekki komið að því gagni né skapað það aðhald er að var stefnt.

Ljóst er því að reglur Vegagerðarinnar og Náttúruverndarráðs eru ófullnægjandi bæði frá sjónarmiði þessara stofnana og einnig þeirra er auglýsa vilja sína þjónustu. Sérstaklega á það þó við gagnvart ferðafólki er þarf á því að halda að fá sem bestar og réttastar upplýsingar og leiðbeiningar um hvaða þjónustu það geti fengið er það ekur um landið.

Óheft frelsi til uppsetningar auglýsinga, allra síst verslunarauglýsinga, meðfram vegum landsins kemur hins vegar að mati flutningsmanna ekki til greina.

Full nauðsyn er því á að gerðar séu strangar kröfur um útlit og uppsetningu leiðbeiningarmerkja þannig að ekki rísi upp óskipulegur skiltaskógur meðfram þjóðvegunum. Í því sambandi þarf m.a. að taka tillit til umferðaröryggis, náttúruverndar og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Nauðsynlegt er því að setja nýjar reglur um auglýsinga- og leiðbeiningarmerki við þjóðvegi landsins þar sem tekið er tillit til sem flestra hagsmuna og þó sérstaklega til sjónarmiða hins almenna ferðamanns sem þarf á sem bestum upplýsingum og leiðbeiningum að halda á ferðum sínum um landið.

Sþ. 156. Skýrsla [146. mál]

samgönguráðherra um störf öryggismálanefndar sjómanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Hinn 10. október s.l. skilaði öryggismálanefnd sjómanna samgönguráðherra skýrslu um störf nefndarinnar. Þykir rétt að skýrslan verði lögð fyrir Alþingi svo að umræður um störf nefndarinnar og tillögur geti farið fram með formlegum hætti. Þess vegna er skýrslan, ásamt fylgiskjölum, birt í heild sinni hér.

SKÝRSLA ÖRYGGISMÁLANEFNDAR SJÓMANNA

Hinn 30. mars 1984 skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra nefnd níu alþingismanna til að gera tillögu um öryggismál sjómanna.

Í skipunarbréfi ráðherra segir svo: „Nefndin skal fjalla um alla þætti öryggismála skipa og áhafna þeirra, þar með talin menntun og þjálfun áhafna. Nefndin skal jafnframt gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í öryggismálum sjómanna og tillögur um fjármögnun slíkra aðgerða.

Hún skal í störfum sínum hafa náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins, rannsóknarnefnd sjóslysa, Slysavarnafélag Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og samtök sjómanna og útgerðarmanna. Nefndin skal hafa lokið störfum eigi síðar en í árslok 1985, en æskilegt væri, að áfangaskýrsla lægi fyrir eigi síðar en í október 1984."

Ráðherra skipaði eftirtalda alþingismenn í nefndina: Árna Johnsen, Valdimar Indriðason, Stefán Guðmundsson, Ólaf Þ. Þórðarson, Svavar Gestsson, Karvel Pálmason, Kolbrúnu Jónsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Pétur Sigurðsson og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin afhenti ráðherra áfangaskýrslu 31. október 1984 ásamt tillögum sem vörðuðu brýnustu úrbætur í öryggis- og menntamálum sjómanna.

Tillögurnar fara hér á eftir í heild:

Tillögur öryggismálanefndar sjómanna til samgönguráðherra í október 1984.

1. Þegar verði hafist handa um endurskoðun laga um Siglingamálastofnun ríkisins. Öryggismálanefnd er reiðubúin að gera tillögur að breyttum lögum um Siglingamálastofnun fyrir þingbyrjun haustið 1985.
2. Undanþágur til skipstjórnar- og vélstjórnarstarfa má veita tímabundið, enda ætli viðkomandi einstaklingur að leita sér frekari menntunar í greininni.
3. Þegar á þessum vetri verði komið á fót námskeiðum sem haldin verða í helstu verstöðvum landsins. Að því skal stefnt að viðurkenning frá slíkum námskeiðum verði skylda til að fá lögskráningu á skip. Þar verði kenndar öryggis-, bruna- og slysavarnir, reykköfun, auk notkunar björgunarbáta og almenn sjókennsla. Sérhæfð námskeið fyrir áhafnir verslunar- og farþegaskipa verði haldin í Reykjavík.

4. Í samráði við Tryggingastofnun ríkisins verði hannað eyðublað sem skipstjóri fyllir út ef slys eða áverkar verða á mönnum í skipi hans. Skal eyðublað sent strax og í land er komið til umboðsskrifstofu Tryggingastofnunar á staðnum, viðkomandi útgerðar og launþegasamtaka hins slasaða.
5. Strandarstöðvar, sem Tilkynningaskyldan og skip skipta við, verði styrktar og efldar og alltaf opnar sjómönnum vegna nauðsynlegs sambands við fjölskyldur sínar. Fjölgað verði skyldutilkynningum skipa til Tilkynningaskyldu og sektarákvæði tekin upp vegna þeirra sem trassa skylduna. Jafnframt verði bjöllutæki (selcall-tæki) sett í hvert skip með talstöð og allir íslenskir bátar skyldaðir til að hafa VHS-talstöð um borð.
6. Stöðugleiki allra eldri skipa verði mældur, svo og þeirra nýrri, hafi umtalsverðar breytingar verið gerðar á þeim á byggingartímanum eða síðar. Prófanir skal gera á þyngd veiðarfærabúnaðar og settar reglur um frágang afla í lest og á þilfari svo sem um skelfisk og afla sem landað er daglega.
7. Ákvæði um ábyrgð skipasmíðastöðva, vélsmiðja og eigenda skipa vegna breytinga á skipum og skil á teikningum og stöðugleikaútreikningi til Siglingamálastofnunar vegna þessa verði hert.
8. Rannsóknir sjóslysa — sjópróf — verði færðar í nútímalegt horf, sbr. rannsóknir umferðar- og flugslysa.
9. Lokið verði við endurskoðun laga um Landhelgisgæslu ríkisins á næstu vikum. Í nýrri löggjöf verði Landhelgisgæslunni heimilað að skyndiskoða skip á höfnum inni sem úti á sjó. Ef um alvarlegt brot á búnaðarreglum er að ræða er Landhelgisgæslunni heimilt að láta kyrrsetja skip í höfn þar til bót hefur verið ráðin á.
10. Stuðlað verði að því að útgerðarmenn og sjómenn geri samning um lágmarkshvíld á fiski- og farskipum. Í kjölfar þess verði sett lög um lágmarkshvíld á skipum.
11. Öryggismálanefnd sjómanna leggur til að björgunarnetið „Markús“ verði þegar fyrirskipað um borð í öllum íslenskum skipum og komi til viðbótar öðrum öryggisbúnaði. Skylt verði að nota sjálflýsandi merkingar á allan hlífðarfatnað sjómanna og lögleidd verði björgunar- eða flotvesti með hífingarhönkum. Björgunarvestið verði einnig útbúið ljósum. Skylt verði að búa öll skip reykköfunarbúnaði þar sem því verður við komið.
12. Strax verði samþykktur sá hluti alþjóðasamþykktar frá 1974 um öryggi mannslífa á hafinu sem ekki hefur þegar verið staðfestur hér á landi. Sérstaklega er bent á 3. kafla þessarar samþykktar sem fjallar um bjargtæki farm- og farþegaskipa. Þar er m.a. fjallað um yfirbyggða björgunarbáta og björgunargalla allrar áhafnar þeirra bjargbáta sem ekki eru yfirbyggðir.
13. Fyrir forgöngu samgöngu- og sjávarútvegsráðuneytis verði komið á fót sérstökum lána- og styrktarsjóði fyrir nemendur sem ætla að helga starf sitt sjósókn og siglingum.
14. Staðið verði við þá kröfu siglingamálastjóra frá því í ágúst s.l. að skipt verði um og fenginn viðurkenndur gormur í losunarbúnað þar sem sleppt er sjálfvirkt með krafti gorms, en sá frestur sem gefinn var er útrunninn. Allur sleppibúnaður gúmmíbjörgunarbáta á skipum verði skoðaður ítarlega fyrir áramót. Öll þilfarsskip verði skylduð til að hafa sjálfvirkan sleppibúnað. Öryggismálanefnd sjómanna telur að strax skuli allur sjálfvirkur sleppibúnaður gúmmíbjörgunarbáta tekinn til ítarlegrar og hlutlausrar prófunar af tæknideild Fiskifélags Íslands. Prófa skal getu og kraft þess sjálfvirka búnaðar sem Siglingamálastofnun hefur viðurkennt til þessa. Skal m.a. prófað við aðstæður þegar allur búnaðurinn er undir 10–12 cm þykku íslagi og við 60 gráðu halla þegar sleppibúnaðurinn er staðsettur á þaki stýrishúss.

15. Nefndin er sammála um að leggja til við ráðuneytið að það beiti sér fyrir víðtækri áróðursherferð þegar á þessu hausti fyrir öryggismálum sjómanna. Skal þetta gert í samráði við Slysavarnafélag Íslands, sérskóla sjómanna og aðra þá sem hjálpað geta til með ráðleggingum og fjárhagslegri aðstoð. Skal Slysavarnafélagið hafa forgöngu um að kveðja til samstarfs alla þá aðila sem láta sig þessi mál einhverju varða. Gert skal sérstakt átak til að kynna öryggismál sjómanna í fjölmiðlum með kynningarþáttum og auglýsingum þar sem mál þessi snerta þjóðina alla.
16. Öryggismálanefnd hvetur til þess að endurskoðun á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verði hraðað. Nefndin telur nauðsynlegt að ný lög um atvinnuréttindi taki mið af alþjóðasamþykktum um menntun og þjálfun skipstjórnarmanna (sbr. samþykktir IMO frá 1978). Þá telur nefndin nauðsynlegt að nám skipstjórnarmanna á flutninga- og farþegaskipum verði sambærilegt við það sem er annars staðar á Norðurlöndum.
17. Þá leggur nefndin til að eftirfarandi leiðir verði farnar til að fjármagna tillögur nefndarinnar nr. 3, 13 og 15:
    a. með vöxtum af gengishagnaði,
    b. með gjaldi á Tryggingasjóð fiskiskipa
    c. með beinu framlagi úr ríkissjóði þar sem hér er um að ræða hagsmunamál allra landsmanna en ekki einungis sjómanna sjálfra og fjölskyldna þeirra.

Þannig frágengið á 16. fundi nefndarinnar,
31. október 1984.

Pétur Sigurðsson, form.

Árni Johnsen.	*Guðrún Agnarsdóttir.*
Karvel Pálmason.	*Kolbrún Jónsdóttir.*
Ólafur Þ. Þórðarson.	*Stefán Guðmundsson.*
Svavar Gestsson.	*Valdimar Indriðason.*

Fljótlega eftir að þing kom saman haustið 1985 varð ljóst að ekki yrði unnt að ljúka störfum nefndarinnar á því ári. Var margt sem tafði, meðal annars óvenjulangt þinghald vorið 1985. Var samgönguráðherra skýrt frá stöðu verkefnisins og ákveðið að stefna að verkalokum áður en þing kæmi saman haustið 1986.

Þegar nefndin nú skilar af sér í október 1986 hefur framkvæmd einstakra tillagna hennar miðað sem hér segir:

Tillögur áfangaskýrslunnar og framkvæmd einstakra tillagna.

1. Alþingi hefur samþykkt *ný lög um Siglingamálastofnun ríkisins.*

2. Mörg *námskeið hafa þegar verið haldin fyrir skipstjórnarmenn og vélstjóra.* Þau veita þátttakendum takmörkuð réttindi og hafa verið vel sótt. Þessum námskeiðum verður haldið áfram. Undanþágum hefur þegar fækkað verulega eða um þrjá fjórðu frá ársbyrjun 1985 til miðs þessa árs.

3. Slysavarnafélag Íslands hefur annast *námskeið um björgunarbúnað skipa.* Þau hafa þegar verið haldin í öllum stærstu verstöðvum landsins, alls 23 námskeið. Þátttakendur eru þegar orðnir 424.

4. Samgönguráðuneytið sendi Tryggingastofnun ríkisins tillögur um *sérhönnuð eyðublöð um slys skv. síðustu málsgrein 221. greinar nýrra siglingalaga.* Hefur ekkert til þeirra spurst og gerir nefndin tillögur um málið að nýju, sjá till. 18.

5. Lítið hefur enn gerst varðandi *strandarstöðvar og tilkynningarskyldu.* Viðræður hafa farið fram við Landssíma Íslands um selcall-tæki en ekki hefur fengist ákveðin niðurstaða í þeim efnum, sjá till. 6.

6. Skipuð var nefnd til þess að fjalla um *stöðugleika skipa* og skyld efni. Hún lauk störfum með tillögum sem sendar hafa verið ráðherra. Sjá fskj. 9, bls. 60.

7. Sama nefnd hefur fjallað um *ábyrgð skipasmíðastöðva* varðandi öryggisbúnað skipa og stöðugleika og skilað tillögum sem sendar hafa verið ráðherra. Sjá fskj. 9, bls. 63.

8. Sett hafa verið ný lagaákvæði um *rannsóknir sjóslysa og sjóróf.* Ákvæði þessi eru í 230. gr. nýrra siglingalaga sem samþykkt voru á Alþingi 18. apríl 1986.

9. *Endurskoðun laga um Landhelgisgæslu Íslands* er enn ekki lokið en varðskipin hafa fengið heimild til að framkvæma skyndiskoðun á búnaði skipa í höfnum.

10. Ekkert hefur gerst frekar varðandi *hvíldartíma sjómanna á fiski- og farskipum* og gerir nefndin nýja tillögu um meðferð málsins síðar í skýrslunni.

11. Sett hefur verið reglugerð um *björgunarnet í öll íslensk skip.* Engar reglur eru um *sjálflýsandi borða á sjófatnaði.* Nefndin óskar eftir því við samgönguráðuneytið að það fari þess á leit við helstu framleiðendur að þeir búi allan ytri sjófatnað slíkum borðum.

12. *Þingsályktunartillaga um staðfestingu á alþjóðasamþykkt frá 1974 um öryggi mannslífa á hafinu* verður lögð fyrir Alþingi í haust. *1. janúar s.l. tóku gildi reglur um yfirbyggða björgunarbáta.*

13. Um 200 menn hafa sótt *námskeið* þau sem um getur í 2. tölul. hér að framan. Hafa flestir þátttakendur fengið *námsstyrki* í þessu skyni.

14. Siglingamálastofnun hefur hert eftirlit með *sjálfvirkum sleppibúnaði björgunarbáta.* Gerðar hafa verið kröfur um endurbætur á öllum gerðum eldri búnaðar og þær uppfylltar.

15. Nefndin hefur beitt sér fyrir aukinni fræðslu um *öryggismál sjómanna.* Nefndin gerir sérstakar tillögur um framhald þessa starfs. Sjá síðar.

16. Lokið er þýðingu á *samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunar frá 1978 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.* Gert er ráð fyrir að tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samþykktarinnar verði lögð fyrir Alþingi í haust.

17. Til þess að standa undir kostnaði við þau verkefni sem nefndin hefur unnið hefur verið aflað fjármuna sem hér segir:

17.1.: Úr Gengishagnaðarsjóði 2,5 millj. kr.
17.2.: Úr ríkissjóði 1985 3,0 millj. kr.
17.3.: Úr Tryggingasjóði fiskiskipa 1986, óafgreitt.
17.4.: Fjárframlög einstakra fyrirtækja 958 þús. kr. (Skrá yfir þessa aðila fylgir sem fylgiskjal VIII.)

Fjármunir í sérverkefni.

Það hefur verið skilningur nefndarinnar frá upphafi að hvaðeina sem frá nefndinni hefur komið á starfstíma hennar eigi að koma öllum þeim að notum sem sinna öryggis-, björgunar- og menntunarstörfum í þágu sjómanna.

Nefndin ákvað á fundi sínum 24. apríl 1986 að veita fé til nokkurra verkefna. Þar var:

1. samþykkt að greiða sendingarkostnað af 1–3 eintökum af tímariti Landssambands slökkviliðsmanna um borð í öll íslensk skip. Siglingamálastofnun sjái um dreifingu. Tímaritið er einvörðungu helgað eldvörnum á sjó,
2. samþykkt að flýta fyrir útgáfu alþjóðasamþykktarinnar frá 1978 um öryggi mannslífa á hafinu með fjárframlagi til þýðingar þess hluta sem óþýddur var (Training and certification of seafarers 1978). Upphæðin er 60 þús. kr. Upphæðin afhendist og greiðist síðan hjá Siglingamálastofnun sem sér um framkvæmd verksins,

3. samþykkt að gefa út bækling um björgun úr köldum sjó. Siglingamálastofnun hefur séð um samningu þessa bæklings og hafa þeir Einar Hjaltason yfirlæknir, Ísafirði, og Pétur Pétursson læknir á Bolungarvík lesið handrit og komið með ýmsar ábendingar við gerð hans. Öryggismálanefnd mun vinna að því að fá auglýsendur til að taka þátt í kostnaði við útgáfuna (m.a. tryggingarfélög). Siglingamálastofnun annast dreifingu.

Á einum funda sinna í júní 1985 varð nefndin sammála um að mæla með styrk til Jóhanns Axelssonar prófessors, af ráðstöfunarfé öryggismálanefndar.

Var upphæð þessi samþykkt 50 þús. kr.

Jóhanni stóð til boða fullkomin rannsóknaraðstaða í London í ágúst 1985 til að framkvæma 10 daga rannsóknarverkefni sem varðar möguleika manna að lifa af kulda í sjó.

Var Guðlaugur Friðþórsson stýrimaður, sem bjargaðist af v/s Hellisey, rannsakaður en vísindamenn telja að slíkar rannsóknir geti leitt í ljós nýja möguleika til að halda lífi í köldum sjó.

Reiknað var með framlagi annars staðar frá að upphæð 100–150 þús. kr. Einkaaðili hafði þegar lagt fram 50 þús. kr. og vonir stóðu til að vísindastyrkir fengjust til greiðslu þess sem á vantaði.

Nefndin var sammála um að niðurstöður þessarar rannsóknar gætu komið til góða við gerð bæklings um björgun úr köldum sjó sem unnið var að á vegum öryggismálanefndar sjómanna og Siglingamálastofnunar.

Losunarbúnaður björgunarbáta.

Á löngum fundi nefndarinnar í ágústmánuði 1985 var enn sem oftar rædd nauðsyn þess að sérfróðir, hlutlausir aðilar geri úttekt á viðurkenndum losunarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta. Voru nefndarmenn sammála um að síst hefði dregið úr ástæðum er lægju að baki þessari samþykkt nefndarinnar og hraða þyrfti slíkri úttekt. Endanleg tillaga þessa efnis var síðan afgreidd 13. desember og send samgönguráðherra í eftirfarandi bréfi 6. janúar 1986:

„Öryggismálanefnd sjómanna leggur til við yður hv. samgönguráðherra að þér látið gera ítarlega úttekt á hönnun og virkni sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta af til þess hæfum aðilum. Að því skal stefnt að kanna hvort ekki megi auka enn frekar öryggi þess búnaðar sem nú er á markaðnum. Óskar nefndin að þessi úttekt sé gerð undir stjórn tæknideildar Fiskifélags Íslands."

Í framhaldi þessa og afgreiðslu fjárlaga fyrir 1986 varðandi öryggismál sjómanna — en allt ráðstöfunarfé fór til öryggisfræðslu á vegum SVFÍ — var bréf sent til stjórnar Fiskimálasjóðs, en þar segir í upphafi:

„Ljóst er að meginhluti þess fjármagns sem veitt var á fjárlögum fyrir árið 1986 mun fara til öryggisfræðslu sjómanna, þ.e. námskeiða þeirra sem Slysavarnafélag Íslands sér um.

Nefnd okkar telur þó að brýnt sé að koma umræddu verkefni af stað. Í ljós hafa komið gallar á sleppibúnaði og fer það sem leita þarf lagfæringar og betrumbóta á ekki eftir tegundaheiti eða framleiðslustað viðkomandi búnaðar.

Að sjálfsögðu kemur Siglingamálastofnun inn í þetta starf, t.d. með ábendingum um það sem miður hefur farið, og tæknideild Fiskifélagsins verður að leita til ýmissa aðila um úrlausn tillagna og verkefna sem upp kunna að koma.

Fiskimálasjóður hefur ætíð stuðlað að öryggismálum sjómanna beint og óbeint.

Í trausti þess leitum við eftir rausnarlegri styrkveitingum til þessa verkefnis."

Á fundi sínum þann 27. febrúar 1986 ákvað stjórn Fiskimálasjóðs að styrkja þetta verkefni með 500 þús. kr.

Öryggismál í höfnum.

Á haustfundum 1985 ákvað nefndin enn fremur að ganga eftir skriflegum skýrslum frá þeim nefndum sem samgönguráðherra skipaði til að vinna að framgangi tillagna nefndarinnar. Víða mátti sjá góð viðbrögð og reyndar strax veturinn 1984–85, en annars hafði verið slælega tekið til hendi. Hafnasambandi sveitarfélaga var skrifað og spurst þar fyrir um framkvæmd vegna samþykktar þingsályktunar fyrir nokkrum árum varðandi aukið öryggi í höfnum.

22. janúar fékk nefndin senda eftirfarandi samþykkt sem gerð var á 16. ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga sem haldinn var 16. og 17. janúar í Hafnarfirði:

„16. ársfundur Hafnasambands sveitarfélaga, haldinn í Hafnarfirði 16. til 17. janúar 1986, beinir þeim tilmælum til aðildarhafna að gefa aukinn gaum að öryggismálum á hafnasvæðum. Jafnframt vísar fundurinn á bug órökstuddum fullyrðingum og fréttaflutningi um að illa sé staðið að öryggismálum í höfnum landsins."

Áður hafði borist bréf frá sömu samtökum undirritað af Gunnari B. Guðmundssyni sem skýrði þróun þessara mála á þeirra vegum. Þar komu þó fyrst og fremst fram góð viðbrögð stjórnenda Reykjavíkurhafnar eftir samþykkt framangreindrar þingsályktunartillögu. Nefndin gerir sérstaka tillögu um öryggisbúnað í höfnum, sjá till. 1.

Opnir bátar.

Siglingamálastjóri setti reglur um smíði og búnað báta innan við 15 metra að lengd, reglugerð 521/1984.

Með reglum þeim sem tóku gildi 1. janúar 1986 urðu grundvallarbreytingar á kröfum um björgunar- og öryggisbúnað skipa undir 15 m að lengd. Nú verða gerðar sömu kröfur til opinna báta og þilfarsbáta af sömu lengd. Þannig verða nú allir bátar sem eru 8 m og lengri búnir björgunarbátum, svo nokkuð sé nefnt. Einnig verður krafist gúmmíbjörgunarbáts og fleytitækis í fiskiskip sem eru styttri en 8 m, enda hafi skipin haffærisleyfi lengur en yfir tímabilið frá apríl og fram í september ár hvert.

Þá var ákveðið að öryggismálanefnd sjómanna legði sérstaka áherslu á þetta atriði í auglýsingum sem komu frá nefndinni.

Brunaslys á sjó.

Þeir sem komnir eru til fullorðinsára hafa fylgst með óhugnanlegri fjölgun brunaslysa um borð í skipum á síðustu árum. Slík slys virðast hafa fylgt fjölgun mótorskipa og rafdrifinna hjálpartækja. Því miður verður að viðurkenna þá ömurlegu staðreynd að flestir eldsvoðar í vistarverum skipverja eiga upptök sín í vindlingareykingum og þá í koju og eru þeir eldsvoðar fleiri en vegna bilana á rafmagni og tækjum.

Eldsvoðar í vistarverum hafa verið sérstaklega erfiðir viðfangs vegna eitraðs reyks frá gerviefnum í innréttingum og einangrun íbúða. Hefur verið á það bent af fagmönnum að erfitt sé í flestum tilfellum að komast að eldsupptökum nema fyrir þjálfaða reykkafara. Þótt oft hafi betur farið en á horfðist varðandi skipsbruna hefur iðulega orðið stórtjón á skipum og búnaði.

Umræða um þessi mál hefur iðulega komið upp á fundum nefndarinnar, enda eru í minnum allra sem eiga sæti í henni brunaslys um borð í b/v Hallveigu Fróðadóttur er fjórir skipverjar fórust og í m/s Gunnjóni, nýju skipi, er þrír fórust.

Miklir skipsbrunar hafa orðið meðan nefnd okkar hefur setið að störfum (Sjóla-slysið) og hafa að sjálfsögðu átt sinn þátt í að umræðan varð svo ítarleg í nefndinni.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa var ákveðið að taka þátt í kostnaði við að miðla fróðleik til sjómanna og útgerðarmanna um varnir gegn slíkum slysum og tjóni sem af þeim verður.

Var ákveðið að kosta dreifingu á blaði Landssambands slökkviliðsmanna til allra íslenskra skipa, einu til þremur eintökum í hvert skipti, og sá Siglingamálastofnun um þessa dreifingu. Í blaði þessu, „Slökkviliðsmanninum“, nr. 19, 1. tbl. 1985, segir svo í inngangsgrein:

„Blað þetta er helgað öryggismálum sjómanna en aukning á brunum og öðrum slysum um borð í íslenskum skipum og bátum er uggvænleg. Blaði þessu er einkum ætlað að vekja sjómenn til meðvitundar um slys þau og aðrar hættur er skapast geta um borð og einnig það að úti á rúmsjó verða sjómenn fyrst og fremst að treysta á sjálfa sig því örðugt getur verið að fá slökkvilið eða lækna til hjálpar, jafnvel í mismunandi veðri. Þrátt fyrir að hægt væri að senda hjálp er allsendis óvíst hvort hún nær í tæka tíð því það er svo með flest slys og bruna að fyrstu mínúturnar eða jafnvel sekúndurnar eru sá tími sem oftast skiptir sköpum og skilur á milli lífs og dauða. Það er því nauðsynlegt að **allir** viti og kunni full skil á þeim öryggisbúnaði sem er um borð og að vakin sé athygli á ef hann er ekki í fullkomnu lagi, því bilaður útbúnaður getur skapað falska öryggiskennd og aukið á þann lífsháska sem menn eru í.“

Hér hafa að sjálfsögðu fleiri komið við sögu og er rétt og skylt að nefna til Brunamálastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa og Siglingamálastofnun.

Sérstaklega ber að nefna reglugerð sem gefin var út að tilhlutan Siglingamálastofnunar og staðfest af samgönguráðherra. Er þetta viðauki við fyrri reglugerð um eldvarnir í fiskiskipum nr. 523/1984.

Viðaukinn og reglurnar taka til fiskiskipa stærri en 15 m að lengd en fyrrnefndar reglur um smíði báta allt að 15 m gilda fyrir önnur fiskiskip.

Reglurnar fjalla í meginatriðum um þrjá þætti eldvarna:

1. Eldskynjunar- og eldviðvörunarbúnað.
2. Fastan slökkvibúnað vélarrúms.
3. Reykköfunartæki.

Þessi atriði eiga að koma til framkvæmda eins og hér greinir:

a. Öll fiskiskip 150 brl. og stærri skulu vera búin eldskynjunar- og viðvörunarbúnaði í vélarrúmi og vistarverum áhafnar við búnaðarskoðun árið 1986 en fiskiskip minni en 150 brl. og stærri en 15 m að lengd við búnaðarskoðun árið 1987.
b. Fiskiskip stærri en 100 brl. skulu búin föstu slökkvikerfi í vélarrúmi eigi síðar en við næstu endurnýjun á aðalvél skipsins.
c. Fiskiskip stærri en 300 brl. skulu við næstu búnaðarskoðun búin a.m.k. tvennum reykköfunartækjum og skip stærri en 100 brl. með lokuðu hlífðarþilfari skulu vera með a.m.k. eitt reykköfunartæki.

Þegar eldur kemur upp um borð í skipum og ekki tekst að slökkva hann á fyrstu mínútum er um svo alvarlegan atburð að ræða að nær alltaf er kallað á hjálp næstu skipa. Sú hjálparbeiðni gengur langoftast beint til Slysavarnafélags Íslands sem lögum samkvæmt fylgist með staðsetningu flotans í gegnum Tilkynningaskylduna sem setur sig strax í samband við næstu skip svo koma megi í veg fyrir manntjón. Um leið tilkynnir SVFÍ atburðinn til LHÍ og er það einnig í samræmi við íslensk lög því LHÍ er ekki aðeins til löggæslu heldur einnig björgunar og öryggis sæförum sem öðrum þegnum landsins.

Í lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25 frá 1967 segir svo um hlutverk hennar í b- og c-lið 1. gr.:

„a. Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.

b. Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað."

Á fundi í öryggismálanefnd sjómanna í ágúst 1985 var ákveðið að ræða brunavarnir og brunaslys á sjó. Var jafnframt ákveðið að boða til þess fundar siglingamálastjóra, forstjóra LHÍ, fulltrúa SVFÍ og formann Landssambands slökkviliðsmanna. Var fundur haldinn 1. nóvember 1985 og voru allir boðaðir aðilar mættir.

Ekki var hægt að ljúka þessari umræðu á þeim fundi en að ósk nefndarinnar sendi forstjóri Landhelgisgæslunnar ítarlega skýrslu með svörum við spurningum nefndarinnar sem m.a. beindust að menntun og þjálfun áhafna, búnaði til slökkvistarfa á sjó, flutningi slökkvitækja o.fl.

Svo virðist sem slökkvistarf um borð í skipum hafi gengið illa þar til slökkvifroðan kom til sögunnar.

Má nefna sem dæmi að árið 1975 kviknaði í m/s Maríu Júlíu við bryggju á Patreksfirði. Slökkviliðið réð ekki við eldinn og sökkti því skipinu við bryggjuna. Þannig var sá eldur slökktur.

Ekki verður skorti á slökkvifroðu alltaf um kennt því hafa verður jafnframt í huga þekkingar- og æfingarleysi áhafna. Skv. upplýsingum frá rannsóknarnefnd sjóslysa mun slökkvifroða fyrst hafa verið notuð til að slökkva eld í skipum þann 23. júní 1973, en þá kviknaði í m/s Óskari Halldórssyni rétt utan Hafnarfjarðarhafnar. Skipið komst að bryggju og gekk greiðlega að slökkva eldinn með froðunni.

Mörg dæmi eru um það síðan að slökkvilið víðs vegar um land hafa með góðum árangri slökkt eld í bátum með froðu. Er sérstaklega bent á að jafnvel þau skip sem eiga að vera sérbúin til björgunar hafa ekki nægilega fullkominn búnað til þess. Þetta kom í ljós við skoðun á dælum varðskipanna sem fór fram 19. júní 1985 eftir brunann í b/v Sjóla. Þá kom fram að varðskipin voru árum saman búin dælum sem voru með svo lágum þrýstingi að útilokað var að mynda þá froðu sem til þarf.

Fylgir skýrsla Brunamálastofnunar hér á eftir sem fylgiskjal en vettvangsskoðunin var gerð að beiðni Guðmundar L. Jóhannssonar héraðsdómara.

Í áðurnefndum og ítarlegum skriflegum svörum Landhelgisgæslunnar til öryggismálanefndar sjómanna kom í ljós að skýring LHÍ á lágum þrýstingi á dælunum sé sköddud slöngutengi og það að slöngur og sogbarkar hafi lekið.

Þessir sömu barkar og slöngur voru notuð við þá prófun um borð í v/s Ægi (sem getið er um í fylgiskjali I) og gera prófunarmenn engar slíkar athugasemdir um sköddud tengi né lekar slöngur og barka.

Þann 19. nóvember skrifaði rannsóknarnefnd sjóslysa bréf til dómsmálaráðherra, æðsta stjórnunaraðila LHÍ, og óskaði eftir því að Landhelgisgæslan yrði betur búin í þessum efnum framvegis. (Sjá fylgiskjal II.)

Sérstakt bréf var sent samgönguráðuneytinu og það til dómsmálaráðuneytisins á árinu 1983 frá rannsóknarnefnd sjóslysa. (Fylgiskjal III.)

Ber að hafa bréfin í huga auk þess sem að framan segir áður en ályktanir eru dregnar um að stjórnendum og starfsmönnum sé um að kenna þegar bent er á vanhæfni LHÍ við slökkvistarf á sjó.

Af bréfaskriftum þessum sést að hvað eftir annað hefur verið rekið á eftir því að Landhelgisgæslan verði betur búin. Og ekki verður hjá því komist að benda á að það er Alþingi sem ber úrslitaábyrgð í málefnum Landhelgisgæslunnar, ekki aðeins að því er varðar lagasetningu heldur líka í fjárveitingum til rekstrar gæslunnar.

Á vegum ráðherra starfar milliþinganefnd sem skipuð er þingmönnum o.fl. til að endurskoða lögin um Landhelgisgæslu Íslands. Engar tillögur hafa borist frá henni þótt hún hafi starfað um nokkurra ára skeið en hún var skipuð 1981.

Það er t.d. orðið mjög brýnt að taka sem fyrst á þeim þáttum laganna sem fjalla um áhafnir varðskipanna og aðra starfsmenn.

Í gildandi lögum segir í 5. gr:

„Starfsmenn Landhelgisgæslunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því.“

Í 7. gr. segir:

„Starfsmenn Landhelgisgæslunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.“

Enn fremur eru í 9., 10. og 11. gr. ákvæði um launaviðmiðanir áhafna gæslunnar. Allt er þetta úrelt orðið og stendur jafnvel í vegi þess að hægt sé að þjálfa áhafnir skipanna á þann hátt að til fyrirmyndar sé.

Þá má enn fremur benda á 12. gr. umræddra laga en hún fjallar um laun fyrir björgun verðmæta sem lengi hefur verið til skoðunar hjá ýmsum aðilum. Vonir hafa staðið til að æskilegar breytingar fengjust á ákvæðum greinarinnar með frjálsu samkomulagi hagsmunaaðila. Ef það tekst ekki ber Alþingi að höggva á hnútinn. (Sjá 11. tillögu nefndarinnar hér á eftir svo og fylgiskjal IV.)

Varðandi bruna og slökkvistarf á sjó sem hér hefur verið drepið á ber einnig að líta á fyrri tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa og síðari tíma þróun. Þyrlum okkar eru að sjálfsögðu takmörk sett hve þungan og umfangsmikinn dælubúnað þær geta flutt í skip þar sem eldur er uppi eða næstu skip sem til hjálpar geta komið. Þá kröfu á þó að gera að ekki þurfi að einblína á slíkan búnað á Reykjavíkurflugvelli heldur verði hann til staðar á þeim stöðum þar sem slökkvilið er starfandi, ekki síst þar sem Slysavarnafélag Íslands eða deildir þess eiga og reka hina nýju hraðgengu björgunarbáta. Er vert að athuga hvort ekki sé tímabært að gera áætlun um kaup á slíkum búnaði sem henti jafnt þyrlu LHÍ og hraðbátum SVFÍ og verði hann í vörslu og til viðhalds hjá slökkviliði viðkomandi staða.

Með þessu er einnig hægt að tryggja að kunnáttumaður (-menn) geti fylgt slíkum búnaði á slysstað komi beiðni eða neyðarkall þar um. Slík úrbót breytir í engu að uppfyllt verði sú sjálfsagða krafa að varðskip okkar verði á hverjum tíma búin fullkomnustu tækjum til að slökkva eld í skipum, sem og til annarra björgunarstarfa, og að stjórnendur LHÍ fái fjármuni og lagaheimildir til að þjálfa áhafnir skipa og aðra starfsmenn sína á þann hátt sem þeir telja þörf á, á hverjum tíma.

Um vinnuálag og öryggi á kaupskipum.

Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur á síðasta áratug haft frumkvæði m.a. að setningu laga um aðskildar flutningaleiðir, að alþjóðasamþykkt 1978 um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna (International convention on standards of training certification and watchkeeping for seafarers, STCW) ásamt samþykkt um öryggismál á sjó (SOLAS).

Íslendingar eru aðilar að síðari samþykktinni, „Safety of life at sea“, öryggi á sjónum, en 1. júlí s.l. tók þriðji kafli hennar gildi hér á landi. Fjallar hann um björgunarbúnað og fyrirkomulag björgunarmála og nær til kaupskipa en ekki fiskiskipa.

Helstu breytingar eru ákvæði um yfirbyggða björgunarbáta sem reyndar hafa þegar verið færð í reglur og ákvæði um björgunarbúninga fyrir þá áhafnarmeðlimi er stjórna sjósetningu björgunarbáta á nýjum kaupskipum. Þá er gert ráð fyrir að í öllum skipum verði sérstök æfinga- og leiðbeiningabók (Training Manual) fyrir allan öryggisbúnað skipsins sem áhöfnin getur stuðst við, m.a. við framkvæmd björgunar- og slökkviæfinga. Hefur Siglingamálastofnun kynnt málið samtökum kaupskipaútgerða sem sjá um gerð þessara leiðbeiningabóka.

Samþykktin um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöðu sjómanna var gerð 1978 en tók gildi í júlí 1984 og nær til sjómanna á kaupskipum en ekki fiskiskipum.

Fimm ára aðlögunartími var gefinn að samþykktinni en að þeim tíma liðnum eða 1989, mega þær þjóðir sem að henni standa gera sömu kröfur til erlendra skipa og gerðar eru til eigin skipa.

Í samþykktinni eru menntunarkröfur til sjómanna tilteknar mjög nákvæmlega. Þar er t.d. kveðið á um lögskipaðar lágmarkskröfur sem gera ber til skipstjóra og stýrimanna, yfirmanns siglingavaktar, endurmenntunar skipstjóra og yfirmanna á þilfari og háseta sem standa siglingavaktir. Þá er fjallað um margvíslegar vinnureglur, s.s. í sambandi við vaktaskipti, viðbrögð við neyðarköllum og siglingu í takmörkuðu skyggni.

Nú eru 49 fullgildir aðilar að samþykktinni. Ísland er ekki í þeim hópi, eitt Norðurlanda.

Öryggismálanefnd sjómanna tryggði fjármagn til að þýða samþykktina og var því lokið á þessu sumri. Var þetta að sjálfsögðu gert með það í huga að Ísland gerðist fullgildur aðili sem fyrst. Verður hún væntanlega lögð fyrir Alþingi strax á þessu hausti.

Í samþykktinni felst áskorun á ríkisstjórnir landa um að beita sér fyrir setningu heildarlaga um heildarmönnun kaupskipa. Slíka lagasetningu vantar alveg hér á landi.

Íslensk kaupskip hafa þegar orðið fyrir óþægindum og fengið á sig kærur vegna brota á lögum um aðskildar siglingaleiðir.

Breytingarnar sem gerðar voru á atvinnuréttindalögum yfirmanna á skipum 1984 tóku m.a. mið af fyrirsjáanlegri gildistöku samþykktarinnar. Nú hafa skólastjórar sjómannaskólanna hana til athugunar vegna kröfunnar um frekari menntun yfirmanna enda stutt til stefnu því hætta er á enn frekari stöðvun íslenskra skipa vegna þessarar samþykktar. Þegar eru nokkur dæmi þess. En skipin eru stöðvuð til að fá staðfestingu á réttindum áhafna.

Í STCW-samþykktinni eru kröfur um þekkingu, hæfni og löggildingu í meðferð björgunarbúnaðar.

Enginn vafi er á að það átak sem gert hefur verið með björgunarnámskeiðum Slysavarnafélags Íslands mun verða til þess að gerlegt verður að uppfylla þessi ákvæði í tíma.

Fjölmargir farmenn og forustumenn í stéttarfélögum þeirra hafa komið að máli við nefndarmenn og óskað eftir því að nefndin taki upp í tillögur sínar ákvæði um reglubundinn lágmarkshvíldartíma á kaupskipum.

Benda þeir á að öll Norðurlöndin utan Íslands hafi sett í lög ákvæði um hvíldar- og vinnutíma farmanna bæði yfir- og undirmanna. Þessir einstaklingar hafa ásamt félags- og aðalfundum viðkomandi stéttarfélaga bent á hið mikla vinnuálag, sem er á skipverjum flestra kaupskipa svo að líkist frekar vinnuþrælkun en „venjulegum vinnutíma“ sjómanna. Hefur verið látið að því liggja að mörg slys hafi hlotist þar af og jafnvel talað um skipsströnd af þessum sökum.

Minna verður á að í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum frá 1980 (nr. 46 frá 28. maí) er í 2. gr. ákvæði um þá sem undanþegnir eru lögum þessum en þar segir m.a.:

Undanþegin lögum þessum eru:

a. Siglingamál og önnur verkefni sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins, kafarastörf. Einnig alþjóðasamþykktir sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingamálastofnunar ríkisins þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira.
b. Loftferðir. Einnig alþjóðasamþykktir sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar.

Í lögum um loftferðir 52. gr. eru svohljóðandi ákvæði:

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkstíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum tillögum félagssamtaka flugvirkja, flugfélaga og flugmálastjórnar.

Það segir sig auðvitað sjálft að slíkar reglur varðandi loftferðir verða að taka mið af alþjóðlegri venju því íslensk loftför starfa á alþjóðlegum flugleiðum. M.a. af þessum sökum telur öryggismálanefnd sjómanna tímabært að setja í lög ákvæði um lágmarkshvíld sjómanna.

Varðandi fullyrðingar um slys á kaupskipum vegna vinnuálags er leitt til þess að vita að ekki hefur gengið betur en raun ber vitni að koma í framkvæmd 4. tillögu öryggismálanefndar sjómanna í áfangaskýrslu hennar frá 31. okt. 1984 en hún endurflytur hana í tillögum sínum hér á eftir, þ.e. um slysaskýrslur.

Þessi atriði, ásamt öðrum, hafa ítrekað valdið hörðum deilum milli farmanna og kaupskipaútgerða og hafa þær meðal annars byggst á staðhæfingu gegn staðhæfingu um vinnuálag. Allt of oft hefur ríkisvaldið talið nauðsynlegt að grípa inn í og stöðva slíkar deilur með lögum.

Öryggismálanefnd sjómanna telur tímabært að ráðist sé að rót vandans og fram fari víðtækar vinnurannsóknir á vinnustað sem m.a. leiði í ljós vinnutíma þessara aðila.

Vegna tilvitnunar í grein laganna um vinnuvernd verður ekki snúið frá þessum þætti án þess að benda á að Siglingamálastofnun hefur sett margar reglugerðir sem eru hliðstæðar ákvæðum í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Fyrir skömmu bað öryggismálanefnd sjómanna Siglingamálastofnun um upplýsingar um nýjar reglugerðir varðandi öryggi skipa og áhafna sem settar hafa verið frá 1. janúar 1984.

Birtast svör siglingamálastjóra sem fylgiskjal V.

Þjálfun og fræðsla áhafna um öryggismál.

Ekki bólar enn á þeim tillögum sem öryggismálanefnd bað um frá hlutaðeigandi aðilum varðandi framtíð þeirra öryggis- og björgunarnámskeiða sem nefndin mælti með í 3. tillögu sinni í áfangaskýrslunni.

Átak Slysavarnafélags Íslands er til fyrirmyndar og er þá bæði átt við björgunarskólann og skólaskipið Sæbjörgu (Þór).

Það er þó ljóst að slíku starfi verður ekki haldið áfram eða skólinn rekinn á bónbjörgum eða árlegum fjárveitingum Alþingis sem allt eins geta fallið niður eitt árið, ef tómahljóð er í kassa ríkissjóðs.

En verður forvarnarstarfið viðvarandi eða er hætta á því að það hjaðni niður þegar tregt er um fjárveitingar? Það má alls ekki gerast.

Í gildi eru lög um Sjóvinnuskóla Íslands sem eru aðeins heimildarlög um farskóla og fjalla m.a. um þessi mál.

Nefndin leggur til, að hér verði um fastan skóla að ræða og samið verði lagafrumvarp þessa efnis. Sjá till. no. 13 og fylgiskjöl VI og VII. Eru nefndarmenn reiðubúnir að semja og flytja slíkt frumvarp.

Áróður fyrir öryggi, fræðsla og leiðbeiningar.

Hér að framan er víða fjallað um áróður, fræðslu og leiðbeiningar vegna öryggismála sjómanna.

Einn liður þessa er útgáfa leiðbeiningarbæklinga um ýmsa þætti öryggismála sjómanna. Verði þeir í öllum yfirbyggðum skipum og skulu skoðunarmenn Siglingamálastofnunar gæta þess við árlega skoðun að þeir séu til staðar í öllum skipum.

Einnig er þessum bæklingum ætlað að verða hjálpartæki við kennslu á öryggisnámskeiðum sjómanna og hugsanlega einnig í sjómannaskólum.

Það efni sem öryggismálanefnd sjómanna hefur í huga er eftirfarandi:

1. Björgun úr köldum sjó.
2. Brunavarnir, meðferð slökkvitækja og notkun reykköfunarbúnings.
3. Björgun með þyrlu.
4. Ísing fiskiskipa.
5. Stöðugleiki og hleðsla skipa.
6. Frágangur lestaropa og veiðafæra á þilfari.
7. Varúðarráðstafanir gegn slysum á litlum bátum.
8. Nauðsyn varúðarráðstafana og hreinlætis þegar unnið er í vélarrúmi og við logsuðu í rúmsjó.
9. Notkun línubyssu og björgunarstóls.

Útgáfa fyrsta bæklings „Björgun úr köldum sjó“ dróst allt of lengi, en bæklingurinn er nú tilbúinn til dreifingar.

Á s.l. ári voru handrit og teikningar tilbúin og hafist handa um setningu. Nefndin taldi að sjálfsagt og eðlilegt væri að láta Siglingamálastofnun ríkisins hafa sitt að segja um gerð og útlit þessa fyrsta bæklings, enda væri ljóst að hún yrði að sjá um útgáfu þeirra sem á eftir koma, því öryggismálanefnd sjómanna er að skila af sér störfum, sem henni voru falin.

Siglingamálastofnun réð fyrir nokkru starfsmann sem á að sjá um og samræma alla útgáfu Siglingamálastofnunar. Þegar til kom vildi hann fá fram breytingar sem allir voru sammála um að væru til bóta. Var bæklingurinn endurskoðaður og nýjar teikningar gerðar. Síðari hluta sumars var leitað útboða í setningu og prentun hans.

Kostnaður þessa fyrsta bæklings mun fara nokkuð fram úr áætluðum kostnaði hinna síðari. Öryggismálanefnd sjómanna leitaðist við að fá á móti þessum kostnaði styrk stofnana og auglýsingar í bæklingana frá einstökum fyrirtækjum og samtökum.

Hefur þetta gefið góða raun og safnast hafa saman verulegar fjárhæðir.

Ber þeim sem við verkefninu taka að leita á sömu mið.

Gámaþök.

Margar ábendingar hafa borist til nefndarinnar frá sjómönnum varðandi einstök atriði öryggismála.

Athyglisverð er samþykkt frá síðasta aðalfundi Sjómannafélags Reykjavíkur varðandi gámaþök.

Um þau þurfa hásetar og yfirmenn að ferðast við sjóbúningu, sem á að fara fram í höfn. Í votviðri, að ekki sé talað um þegar huga þarf að festingum á þeim í veltingi á siglingu, eru „þökin“ glerhál, enda búin þannig yfirborði að engin fyrirstaða er fyrir fótfestu þegar á þarf að halda.

Á þessu ber þegar að ráða bót.

Lögskráning.

Margar kvartanir hafa borist vegna slakrar frammistöðu margra embættismanna við lögskráningu.

Hefur því jafnvel verið haldið fram að embættismenn „svíkist um“ í þessu efni. Á þetta skal ekki lagður dómur hér en of lengi hefur dregist að senda þeim sem um framkvæmdina eiga að sjá leiðbeiningar um hvernig skuli framkvæma lögskráningu sjómanna.

Tillögur öryggismálanefndar sjómanna í október 1986.

Með hliðsjón af því sem að framan segir og þeim tillögum sem nefndin hafði áður gert í október 1984, svo og framkvæmd þeirra tillagna, gerir nefndin við lok starfs síns sundurliðaðar tillögur til samgönguráðherra um einstaka þætti í öryggismálum sjómanna.

Nefndin tekur fram að hún ætlast til þess að samgönguráðherra komi þessum tillögum á framfæri við hlutaðeigandi ráðuneyti og að um þær verði fjallað á ríkisstjórnarfundi. Þess vegna skilar nefndin ekki tillögum til einstakra ráðherra heldur sendir samgönguráðherra tillögurnar í heild. Sérstaklega leggur nefndin þó áherslu á að einstaka þætti tillagnanna beri að skoða við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987. Munu nefndarmenn beita sér fyrir framgangi tillagnanna við afgreiðslu fjárlaga í vetur.

Þær tillögur sem nefndin gerir við lok starfs síns eru sem hér segir:

1. Öryggi í höfnum.

Samgönguráðherra setji reglugerð og ákvæði um öryggi í höfnum. Þar verði m.a. kveðið á um lágmarksöryggisbúnað hafnanna, svo sem lýsingu á bryggjum, bjarghringi, landgöngubrýr, síma og björgunarnet. Þar verði einnig kveðið á um að í öllum höfnum verði öryggisstigar og þeir lýstir og málaðir sjálflýsandi litum og nái þeir niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Þeir séu fríir af fríholtum.

2. Vinnurannsóknir á kaupskipum.

Að fé verði veitt á fjárlögum til að standa undir kostnaði af vinnurannsóknum um borð í kaupskipum. Þess verði farið á leit við útgerðir kaupskipanna að þær taki ekki gjald fyrir dvöl þeirra sem að þessu vinna á meðan þeir dvelja um borð.

3. Lágmarkshvíld.

Nefndin telur að setja beri í löggjöf ákvæði um heildarmönnun kaupskipa og auk þessa lög um lágmarkshvíldartíma skipverja á sömu skipum. Nefndin fer þess á leit við samgönguráðherra að hann beiti sér fyrir því að hlutaðeigandi ráðuneyti og hagsmunasamtök myndi starfshóp er vinni að setningu þeirra reglna sem hér um ræðir. Nefndin telur eðlilegt að reglur um heildarmönnun og hvíldartíma á farskipum verði síðan ákveðnar með lögum er tillögur starfshóps liggja fyrir. Þá telur nefndin eðlilegt að sami starfshópur taki til meðferðar hvernig unnt er að koma fyrir reglum um lágmarkshvíldartíma á fiskiskipaflotanum. Takist ekki samkomulag um þetta efni innan skamms tíma telur nefndin óhjákvæmilegt að kannað verði hvort ekki eigi að setja í lög ákvæði um þessi efni varðandi fiskimenn.

4. Landhelgisgæslan.

Endurskoðun laga um Landhelgisgæslu Íslands verði hraðað og frumvarp um það efni verði lagt fyrir næsta Alþingi.

5. Lögskráning.

Lög um lögskráningu sjómanna verði endurskoðuð. Þar verði m.a. sett inn það ákvæði að geti skipstjóri ekki gengið frá lögskráningu er hann fer um borð í skip sitt kalli hann upp næstu strandarstöð er taki á móti tilkynningum og lesi upp nöfn þeirra og störf sem um borð eru og beri hún þau boð síðan til viðkomandi lögskráningaraðila. Strandarstöðin varðveiti á segulbandi þessar tilkynningar svo lengi sem þörf krefur. Þetta gerir skipstjórinn þegar skipið yfirgefur höfn. Þegar verði sendar leiðbeiningar til þeirra sem lögskráningu annast um það hvernig staðið skuli að og hvaða skilríki þurfi að vera til staðar svo lögskráning geti farið fram. Stranglega verði fylgst með ákvæðum sjómannalaga um sjóferðabækur og í þær skráð m.a. hvort viðkomandi aðili hafi sótt öryggisnámskeið.

6. Strandarstöðvar.

Strandarstöðvar sem halda uppi þjónustu við tilkynningaskyldu íslenskra skipa verði opnar allan sólarhringinn allt árið. Brýnt er að tryggja að samband náist við skip af öllum hafsvæðum umhverfis landið.

7. Alþjóðasamþykkt.
Í haust verði lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar til staðfestingar á alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna (STCW). Jafnframt verði gerðar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla ákvæði samþykktarinnar svo að hún nái markmiðum sínum.

8. Gámaþök.
Samgönguráðherra setji í reglugerð ákvæði um að þök flutningagáma verði búin yfirborði sem veitir fótfestu.

9. Leiðbeiningarbæklingar.
Siglingamálastofnun verði falið að ritstýra og dreifa þeim leiðbeiningarbæklingum sem nefndin hefur fyrirhugað. Skylt verði að hafa þessa bæklinga um borð í skoðunarskyldum skipum.

10. Stöðugleiki.
Gefin verði út kennslubók um stöðugleika skipa. Bókin verði þannig gerð að hún henti í sjómannaskólum og í námi sem veitir yfirmönnum áfangaréttindi.

11. Skipting björgunarlauna.
Samtök útgerðarmanna, tryggingarfélaga og fulltrúa Landhelgisgæslunnar hafa náð samkomulagi um tillögur um nýja skiptingu björgunarlauna. Hvatt er til þess að samkomulagið verði lögfest hið fyrsta. (Sjá fylgiskjal IV.)

12. Líftaug.
Siglingamálastjóri láti hanna líftaug fyrir þá sem róa einir á báti. Ef ekki er fastur stigi á slíkum bátum skal þar vera laus, niðurfellanlegur stigi í þar til gerðum umbúðum utanborðs.

13. Björgunar- og sjóvinnuskóli Íslands.
Ákvæði um Björgunar- og sjóvinnuskóla Íslands verði lögfest og núgildandi lögum um sjóvinnuskóla breytt í því skyni. Skólinn verði farskóli undir stjórn menntamálaráðuneytisins.

14. Aðalskoðun skips.
Yfirmönnum og öðrum lögskráðum skipverjum verði skylt að vera viðstaddir árlega aðalskoðun skips.

15. Forræði leitar og björgunar.
Ekki er ástæða til að hrófla við forræði Slysavarnafélags Íslands til leitar og björgunar við og á sjó enda áratuga hefð fyrir því. Þau ráðuneyti sem fara með einstaka þætti björgunarmála við og á sjó beiti sér fyrir hliðstæðum samningi og þegar hefur verið gerður um björgunarstörf á landi.

16. Ný leiðsögubók.
Siglingamálastofnun gefi út á ný leiðsögubók við Ísland, en hún hefur verið ófáanleg um nokkurt skeið.

17. Endurnýjun fiskiskipaflotans.
Varað er við þeirri hættu sem því gæti fylgt fyrir sjómenn að skipaflotinn verður stöðugt eldri. Eðlileg endurnýjun fiskiskipaflotans er ein forsendan til að bæta öryggi sjómanna.

18. Slysaskýrslur.

Brýnt er að þegar í stað verði gengið frá sérhönnuðum eyðublöðum um slys samkvæmt síðustu mgr. 221. gr. nýrra siglingalaga, lengur má ekki una við að tregða embættismanna stöðvi jafnknýjandi mál.

19. Slökkvisamstæður.

Öryggismálanefnd sjómanna leggur til að þegar verði hafist handa um kaup á slökkvisamstæðum sem verði komið fyrir í vörslu slökkviliða í helstu höfnum landsins. Þær verði léttar og meðfærilegar bæði fyrir þyrlur og björgunarbáta SVFÍ.

20. Skýrsla eftir tvö ár.

Óskað er eftir því að samgönguráðherra gefi Alþingi skýrslu eftir tvö ár um framkvæmd þessara og fyrri tillagna nefndarinnar. Enn fremur skal skýrslan fjalla um stöðu öryggismála sjómanna almennt.

Þannig frágengið 10. október 1986.

Pétur Sigurðsson, form.

Árni Johnsen. *Guðrún Agnarsdóttir.*

Karvel Pálmason. *Kolbrún Jónsdóttir.*

Ólafur Þ. Þórðarson. *Stefán Guðmundsson.*

Svavar Gestsson. *Valdimar Indriðason.*

Fylgiskjal I.

Skýrsla vegna froðutækja sem notuð voru við slökkvistarf í togaranum Sjóla HF 18.

Þann 19. júní s.l. kl. 15.00 gerðu undirritaðir vettvangsskoðun um borð í varðskipinu Ægi er lá við Ingólfsgarð, ásamt fulltrúa frá Siglingamálastofnun ríkisins, Kristjáni Þórðarsyni. Einnig voru mættir á staðinn fulltrúi Landssambands slökkviliðsmanna, Höskuldur Einarsson og fulltrúi tæknistjóra Landhelgisgæslunnar, Ingvar Kristjánsson.

Haft var samband við bátsmann á Ægi, Gísla Þórðarson, og óskað eftir því að fá að skoða froðutækin, sem notuð voru við slökkvistarf í togaranum Sjóla HF 18. Einnig var óskað eftir því að búnaðurinn yrði settur upp og prófaður eins og hann var notaður við slökkvistarfið.

Froðutækin eru af Total gerð, tegund Kr-2-75. Tækin samanstanda af trekt og skammtara. Verksmiðjunúmer á trekt er 213376 en á skammtara 224699.

Tæki sem þessi eru gefin upp fyrir millifroðu og eiga að afkasta um 15 m^3 af froðu miðað við 3% froðuvökva, 200 l/mín af vatni og 5 kg þrýsting á froðutrekt.

a. Við skoðun á froðutækjum kom í ljós að þrýstimæli vantaði á trektina en hann á að sýna 5 kg við rétta notkun á froðunni. Aðspurður sagði bátsmaðurinn að mælirinn hafi eyðilagst af eldi og verið tekinn af trektinni. Einnig kom í ljós að sigti við trekt var ryðgað fast. Þetta sigti þarf að losa til að fjarlægja ýmsa aðskoðahluti sem borist geta með vatni.
b. Við skoðun á skammtaranum kom í ljós að plastkúla sem er við enda froðuvökvaslöngu við skammtara vantaði. Þessi kúla virkar sem einstreymisloki til þess að sjór fari ekki ofan í froðubrúsa sem getur skeð ef um lítinn þrýsting er að ræða á sjónum.

c. Búnaðurinn var tengdur saman og síðan sett ein dæla af Desmi gerð sem knúin er af 3000 snúninga Hatz vél en hún var notuð við slökkvistarfið að sögn bátsmanns. Í ljós kom að hún náði aldrei nema ½ kg þrýsting á froðutrekt og þar af leiðandi myndaðist engin froða. Lyftihæð á 2" sogbarka að dælu var um 6 m frá sjávarmáli en lögn frá dælu að skammtara var ein 15 m 2" nælonslanga, en frá skammtara að froðutrekt voru tvær 15 m 2" nælonslöngur. Prófað var að færa dæluna nær sjávarmáli eða um það bil einn metra frá yfirborði sjávar með því að hífa hana niður með krana, en það breytti engu um þrýsting. Síðan voru tengdar saman tvær dælur (raðtengt) og við það fékkst tæplega 1 ½ kg þrýstingur á froðutrekt og úr kom mjög þung froða sem ekki gat byggst upp.

d. *Vegna lítils þrýstings frá dælunni getur aldrei myndast froða sem byggist nægilega upp til að fylla rými.* (Við athugun hjá umboðsaðila dælunnar, Vélorku hf, kom í ljós að dælan getur ekki náð yfir 4 kg þrýstingi miðað við 200 l rennsli á mínútu frá henni, miðað við bestu aðstæður.)

e. Í framhaldi af þessari skoðun fór undirritaður (G.H.) með froðutækin til slökkviliðs Hafnarfjarðar og prófaði tækin ásamt varðstjóra Baldri Jónssyni og slökkviliðsstjóra Helga Ívarssyni. Prófunin fór þannig fram að notuð var slökkvibifreið og fenginn 5 kg þrýstingur á froðutrekt frá slökkvibifreið og við réttan þrýsting virkaði búnaðurinn vel. *Samkvæmt því eru niðurstöður þær að dælan hefur ekki gefið nægan þrýsting til þess að fá viðunnandi froðuuppbyggingu til slökkvistarfa.*

f. Varðandi froðuvökvann sem notaður var við slökkvistarfið er ekki hægt að fullyrða neitt þar sem öll froðan var notuð við slökkvistarfið, en við skoðun á tómum froðubrúsum sem voru í húsnæði Landhelgisgæslunnar við Ánanaust í Reykjavík kemur fram að það hafa verið notaðar þrjár tegundir af froðu við slökkvistarfið, en þær eru:
1–3% froða frá Angur — ólífræn froða.
1–6% froða frá Total — ólífræn froða.
1–6% froða frá Ungerfoam — ólífræn froða.

Þessar froðublöndur vinna allar eins, þó er aðeins munur á þenslu þeirra frá einum framleiðanda til annars.

Öll slík froða geymist mjög vel í nokkur ár, en þolir þó takmarkað frost.

Guðmundur Haraldsson. Theodór Árnason.

Fylgiskjal II.

Hr. dómsmálaráðherra,
Jón Helgason.

Hinn 20. júní 1983 kom upp eldur í m/s Gunnjóni GK 506 60 sml. NA af Horni með þeim hroðalegu afleiðingum að þrír menn fórust í eldinum. Það tók tæpan sólarhring að slökkva í skipinu. Við sjópróf út af brunanum sagði skipherrann á varðskipinu sem kom þeim til aðstoðar að dælur hafi „ekki komið að fullum notum eins og froða getur gert vegna þess að dælur þær sem eru í varðskipunum skila ekki þeim þrýstingi sem nauðsynlegur er til að slík froða fylli rúm, heldur leggist hún aðeins við svona notkun eins og motta yfir það sem er að brenna".

Hinn 21. sept. 1983 skrifaði rannsóknarnefnd sjóslysa samgönguráðuneytinu bréf þar sem það var beðið um að beita sér fyrir því við ráðuneyti yðar að varðskipin væru ávallt búin fullkomnasta björgunarbúnaði við hvaða aðstæður sem væru. Engin viðbrögð eða svar hafa borist við þessu bréfi frá ráðuneyti yðar.

Hinn 12. júní 1985 kom upp eldur í b/v Sjóla RE 18. Var skipið þá statt út af Patreksfirði. Fljótlega kom varðskip á staðinn og hóf slökkvistarf. Búið var að slökkva eldinn í skipinu tæpum sólarhring eftir að hans varð vart. Fram kom við sjópróf að dælurnar höfðu ekki nógan kraft til að framleiða og byggja upp froðu. Þegar varðskipið kom til Reykjavíkur var Brunamálastofnun ríkisins beðin um að prófa umræddar dælur.

Árið 1975, þegar froðan var nýkomin á markað, fóru menn frá Brunamálastofnun, Siglingamálastofnun, SVFÍ og rannsóknarnefnd sjóslysa til Vestmannaeyja og kveiktu þar í ónýtum bát til að prófa froðutækin ásamt slökkviliðinu í Vestmannaeyjum. Frá þessu er skýrt í ársskýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa árið 1975.

Hefðu ábyrgir aðilar framkvæmt tillögu þá sem rannsóknarnefnd sjóslysa setti fram í ársskýrslu sinni 1975 hefðu þyrlur verið komnar með samstæður og þrautþjálfaða slökkviliðsmenn frá Reykjavík og af Keflavíkurflugvelli um borð í b/v Sjóla um einum og hálfum tíma eftir að eldsins varð vart.

Af þessum sökum fer rannsóknarnefnd sjóslysa þess á leit við yður, háttvirtur dómsmálaráðherra, að þér beitið yður fyrir því að varðskip Landshelgisgæslu Íslands verði nú þegar búin fullnægjandi tækjum til að slökkva eld í skipum og að áhafnir varðskipanna fái næga þjálfun í meðferð slíkra tækja.

Virðingarfyllst,
f.h. rannsóknarnefndar sjóslysa,
Páll Sigurðsson, formaður,
Þórhallur Hálfdánarson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

Til samgönguráðuneytisins
Arnarhvoli, Reykjavík.

„Hinn 20. júní 1983 kom upp eldur í m/s Gunnjóni GK 506 er hann var staddur um 40 sml. NA frá Horni, og fórust í eldinum þrír menn.

Fljótlega eftir að neyðarkall var sent út komu á vettvang nærstödd skip og hófu slökkvistarf. Um sex klukkustundum síðar kom varðskipið Þór til þeirra og hóf þegar slökkvistarf og tókst að ráða niðurlögum eldsins tæpum sólarhring eftir að hann kviknaði. Í skýrslu skipherrans á v/s Þór, sem hann gaf fyrir dómi, lýsir hann slökkvistarfinu og skýrir frá því að þeir hefðu notað við það froðu, en hún hefði ekki komið að gagni vegna þess að þeir höfðu ekki nógu kraftmiklar dælur.

Því er það ósk rannsóknarnefndar sjóslysa að hið háa ráðuneyti beiti sér fyrir því við dómsmálaráðuneytið að varðskipin verði ávallt búin fullkomnum björgunarbúnaði við hvaða aðstæður sem er.

Nefndin lítur svo á að varðskipin séu ekki síður björgunarskip en gæsluskip."

Virðingarfyllst,
f.h. rannsóknarnefndar sjóslysa,
Pétur Sigurðsson, formaður,
Þórhallur Hálfdánarson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG
milli

Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar um þóknanir til varðskipa og fiskiskipa (útgerða og áhafna) fyrir björgun fiskiskipa, 100 rúmlestir og stærri, þegar ekki er um yfirvofandi hættu að ræða.

1. gr.

Samkomulag þetta tekur til þess er skip það sem var bjargað var eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli, sbr. 2. mgr. 165 gr. siglingalaga nr. 34/1985. Forsenda þess að tilvikið falli undir samkomulagið er að bjargendur hafi ekki þurft að leggja sig í teljandi hættu við björgunina.

2. gr.

Þóknun samkvæmt samkomulagi þessu, sbr. 1. gr. fyrir björgun skips, þ.m.t. afli og veiðarfæri, skal vera sem hér segir:

1. Grunngjald: Deilt skal með brúttórúmlest viðkomandi skips í húftryggingaverðmæti þess. Grunngjaldið skal þó aldrei vera lægra en tiltekið lágmark og aldrei hærra en tiltekið hámark. Lágmarksgrunngjald telst vera helmingur af mismun á lægsta skipinu og meðalskipinu í húftryggingaverðmæti og skal mismunurinn lagður við grunngjald lægsta skipsins. Hámarksgrunngjald telst vera helmingur af mismun á meðalskipinu og hæsta skipinu í húftryggingaverðmæti og skal mismunurinn dreginn frá grunngjaldi hæsta skipsins.
2. Tonnagjald: Margfalda skal brúttórúmlestir viðkomandi skips með 600 þús. kr.
3. Tímagjald: Auk þess greiðist tímagjald fyrir þann tíma sem aðstoðin tekur. Tímagjaldið skal vera 12 þús. kr. pr. klst. í lausakeyrslu og 18 þús. kr. pr. klst. með skip í drætti.

Þóknun fyrir björgun skv. 1.–3. tölulið innifelur greiðslur vegna tjóns á björgunarbúnaði, svo sem dráttartaugum og þóknun fyrir köfun, ef því er að skipta.

3. gr.

Þóknun fyrir björgun skal breytast sem hér segir:

1. Fjárhæðir í 2. gr. 1 skulu miðast við húftryggingaverðmæti viðkomandi fiskiskips eins og fjárhæðanefnd fiskiskipa ákveður það á hverjum tíma.
2. Tonnagjaldsupphæð og tímagjald samkvæmt 2. gr. 3 breytist fyrsta dag hvers ársfjórðungs í réttu hlutfalli við breytingar á lánskjaravísitölu.

4. gr.

Fjárhæðir samkvæmt samkomulagi þessu skulu koma til greiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að björgunarkrafa hefur borist viðkomandi tryggingafélagi eða úrskurður gerðadóms liggur fyrir hafi ágreiningi verið skotið til gerðardóms.

5. gr.

Rísi ágreiningur um það hvort um yfirvofandi hættu hafi verið að ræða eða hvort bjargendur hafi lagt sig í teljandi hættu við björgunina (sbr. 1. gr.) skal skjóta ágreiningnum til gerðardóms.

Gerðardóminn skulu að jafnaði skipa þrír menn. Skal einn tilnefndur af hlutaðeigandi tryggingafélagi (Samsteypu ísl. fiskiskipatrygginga), einn tilnefndur af bjargendum (Landhelgisgæslu Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands) eða (Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskmannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands) eftir málsatvikum, en formaður gerðardómsins skal tilnefndur af yfirborgardómaranum í Reykjavík nema aðilar komi sér saman um oddamann. Eigi bæði varðskip og fiskiskip aðild að björguninni skulu gerðardómsmenn vera fimm, tveir frá hlutaðeigandi tryggingafélagi (SÍFT), tveir frá bjargendum, auk oddamanns. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir málsaðila. Gerðardómurinn ákveður sjálfur þóknun sína og hvernig hún skiptist milli málsaðila. Verði málsaðilar sammála um að vísa þeim björgunarmálum til gerðardóms sem ekki falla undir þetta samkomulag og skal þá gerðardómurinn úrskurða um upphæð björgunarlauna og skiptingu þeirra milli bjargenda sé um fleiri en einn aðila að ræða. Sömu reglur skulu þá gilda um gerðardóminn og að framan greinir.

6. gr.

Um skiptingu þóknunar milli útgerða og áhafna fiskiskipa skal fara eftir ákvæðum 169. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

7. gr.

Samkomulag þetta gildir frá 16. september 1986 til 15. september 1987. Samkomulag þetta er uppsegjanlegt frá 16. júní 1987 að telja með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 16. september 1986.

F.h. Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga,

F.h. Landhelgisgæslu Íslands,
Gunnar Bergsteinsson.

F.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

F.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Guðjón A. Kristjánsson,
með fyrirvara.

F.h. Sjómannasambands Íslands,
Guðmundur Hallvarðsson,
með fyrirvara.

Fylgiskjal V.

Úr svari siglingamálastjóra um nýjar reglur sem settar hafa verið varðandi öryggi skipa og áhafna eftir 1. janúar 1984.

1. Reglur um hávaðamörk í íslenskum skipum nr. 178/1985.
2. Reglur um smíði og búnað báta að mestu lengd allt að 15 metrum nr. 521/1984.
3. Viðauki við reglur um eldvarnir í fiskiskipum nr. 522/1984.
4. Reglur um björgunar- og öryggisbúnað í íslenskum skipum nr. 325/1985.
5. Breyting á reglum um vinnuöryggi á fiskiskipum nr. 326/1985.

Um lið 3 hefur þegar verið fjallað, en í svari siglingamálastjóra (20. mars 1986) gerði hann grein fyrir helstu nýmælum í reglum þessum á þennan hátt:

„1. Reglur um hávaðamörk í skipum.

Reglurnar tóku gildi 1. janúar 1986.

Í reglunum er kveðið á um hávaðamörk í einstökum rýmum eða svæðum skipa. Reglurnar gilda um öll skip 50 brl. og stærri sem smíði er hafin á eftir 1. janúar 1986. Enn fremur skulu skip 30 brl. og stærri fullnægja ákvæðum um hávaðamörk í vistarverum. Skip sem keypt eru erlendis frá skulu fullnægja ákvæðum reglnanna.

Séu verulegar breytingar gerðar á skipum sem byggð eru fyrir gildistöku reglnanna skal gera þær ráðstafanir sem mögulegar eru og eðlilegar teljast til að draga úr hávaða í samræmi við ákvæði þeirra. Þá kveða reglurnar á um að nota skuli heyrnarhlífar í rýmum þar sem hávaði er meiri en 80 dB (A).

Í viðauka með reglunum er fjallað um framkvæmd mælinga og skýrslugerð.

2. Reglur um smíði og búnað báta að 15 m að lengd.

Reglurnar eru samnorrænar og gerðar í samvinnu siglingamálastofnana í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð ásamt Det norske Veritas-flokkunarfélaginu.

Nýju reglurnar gilda fyrir nánast allan fastan búnað, auk smíði og fyrirkomulags, sem varða öryggi báta af umræddri stærð. Í reglunum eru m.a. gerðar kröfur um stöðugleika þessara báta en áður hafa ekki verið í reglum ákvæði þar að lútandi fyrir þessa stærð skipa, en reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa frá 1975 gilda eingöngu fyrir skip stærri en 15 m að lengd. Sú breyting er einnig gerð að kröfur um búnað þessara skipa miðast eingöngu við lengd þeirra en ekki hvort skipið sé opið eða þiljað eins og áður var.

4. Reglur um björgunar- og öryggisbúnað skipa.

Reglurnar tóku gildi 1. janúar 1986 og munu koma til framkvæmda á þessu ári. Hafa ákvæði eldri reglna um þetta efni sem áður voru í fjórum reglugerðum verið endurskoðuð með hliðsjón af þeim breytingum og þróun sem orðið hefur og sett saman í eina samstæða heild, auk nokkurra nýrra ákvæða.

Með gildistöku reglnanna verður grundvallarbreyting á kröfum um björgunar- og öryggisbúnað í skipum undir 15 metrum að lengd.

Nú verða gerðar sömu kröfur um björgunar- og öryggisbúnað opinna báta og þilfarsbáta af sömu lengd. Þannig verða nú allir bátar stærri en 8 metrar að lengd að vera búnir gúmmíbjörgunarbát svo nokkuð sé nefnt. Einnig verður krafist gúmmíbjörgunarbáts eða fleytitækis í fiskiskip minni en 8 metra, sem hafa haffærisleyfi lengur en yfir tímabilið apríl til september ár hvert. Í gildandi reglum er ekki krafist gúmmíbjörgunarbáts í opna báta.

Aðrar helstu breytingar eru að:

- Allur björgunar- og öryggisbúnaður skal viðurkenndur af Siglingamálastofnun.
- Yfirbyggðir björgunarbátar skulu vera á nýjum vöruflutningaskipum 500 brl. og stærri.
- Stigar á borðháum skipum til að auðvelda mönnum að komast í björgunarbáta.
- Björgunarnet til að ná mönnum úr sjó á skipum með hlífðarþilfari.
- Neyðarsendar á flugvélartíðnum 121,5 og 243 kHz skulu vera í öllum lögskipuðum björgunarförum öðrum en léttbátum.
- Skip stærri en 100 brl. skulu hafa um borð sérstaka neyðaráætlun.

5. Breyting á reglum um vinnuöryggi á fiskiskipum.

Breyting þessi sem tók gildi 1. janúar s.l. á að auka öryggi við vindur, lyfti- og losunarbúnað í fiskiskipum.

Með nýjum ákvæðum er ætlað að tryggja að ekki skapist slysahætta við vindur, lyfti- og losunarbúnað á fiskiskipum ef aflrof verður á búnaðinum. Það hefur komið fyrir að bómur

eða hlöss hafa fallið niður ef rafmagn hefur slegið út eða þrýstingur farið af vökvaþrýstikerfum þessa búnaðar og þá legið við stórslysum.

Af nýjum reglum eða ákvæðum sem nú er unnið að, er undirbúningur að gildistöku 3. kafla SOLAS um björgunar- og öryggisbúnað kaupskipa er taka mun gildi 1. júlí 1986."

Fylgiskjal VI.

MENNTAMÁL

Lög um Sjóvinnuskóla Íslands.

1. gr. Heimilt er að stofna farskóla, sem heitir sjóvinnuskóli Íslands, og hefur hann heimilisfang í Reykjavík.

2. gr. Markmið skólans er:

1. Að annast þá kennslu í verklegri sjóvinnu sem krafist er fyrir fiskimanna- og farmannapróf við stýrimannaskóla.

2. Að annast slíka kennslu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja þar sem stýrimannaskólanám er stundað.

3. Að standa fyrir sjóvinnunámskeiðum fyrir pilta og stúlkur er hyggja á nám við stýrimannaskóla, enda veiti próf þaðan sömu réttindi og próf frá sjóvinnuskólanum (skv. liðum 1 og 2).

4. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastigsins við unglingaskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðsluyfirvöld.

5. Að standa fyrir námskeiðum, ef þurfa þykir, fyrir leiðbeinendur sem annist kennslu í sjóvinnubrögðum meðal fullorðinna, kennara og unglinga, þó eigi oftar en annað hvert ár.

6. Að beita sér fyrir fræðslu í öllum framhaldsskólum í samráði við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanefnd um slysa- og öryggismál sjófarenda með fyrirlestrum og fræðslumyndum.

7. Að tengja enn betur saman nám þeirra, sem á skipum ætla að starfa við fiskiðnaðarnámið með fræðslu í meðferð og verkun sjávarafla meðal nemenda unglinga- og gagnfræðaskóla og gefa þeim sem sjómennsku stunda frekari tækifæri til áframhaldandi náms á þessum sviðum.

3. gr. Í skólanum skal kenna:

Sjómennsku, verklega og munnlega, heilsufræði og vélfræði. Enn fremur skal með fyrirlestrum og heimsóknum í fiskiðjuver og um borð í skip og á annan hátt gefa nemendum leiðbeiningar um meðferð og verkun sjávarafurða.

4. gr. Nemendur, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskólanum, skulu fá prófskírteini er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

5. gr. Almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa náð 15 ára aldri.

2. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla er getur orðið öðrum nemendum skaðvænn.

6. gr. Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma yfirleitt skipt í þriggja mánaða námskeið.

7. gr. Forstöðumaður skólans skal hafa lokið annars stigs prófi frá stýrimannaskóla eða hlotið hliðstæða menntun. Hann skal ráða kennara við námskeiðin í samráði við Fiskifélag Íslands. Laun forstöðumanns og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

8. gr. Ráðherra skipar fjóra menn í skólanefnd skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og fimmta manninn án tilnefningar og er hann formaður skólanefndar.

9. gr. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur reglugerð um námsskrá, kennslutíma o.fl., en Fiskifélag Íslands annast allan daglegan rekstur skólans.

Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

Fylgiskjal VII.

Pétur Sigurðsson:

Ekkert kemur í veg fyrir slys á sjó nema árvekni, dómgreind og kunnátta!

Þótt mikil umræða verði oft í þjóðfélagi okkar um ákveðin vandamál og skoðanir hafðar uppi um lausn þeirra er engin trygging fyrir því að framkvæmd fylgi orðum. Þetta verður hins vegar ekki sagt um þá umræðu sem hófst veturinn 1984 um öryggismál sjómanna: þeirri umræðu hafa fylgt ákvarðanatökur og athafnir.

Eðlilega spyrja menn hvort slíkt starf verði viðvarandi eða hvort það hjaðni sem hver önnur bóla. Áður en reynt er að svara slíkri spurningu ber að líta til þess sem varð hvatinn að því átaki sem gert hefur verið að undanförnu.

Til staðar var innibyrgð gremja, sárindi og sorg margra sem höfðu bent á leiðir til að draga úr slysatíðni meðal sjómanna, en töluðu fyrir daufum eyrum. Helliseyjarslysið við Vestmannaeyjar og frækilegt sund Guðlaugs Friðþórssonar til lands, auk þeirrar karlmennsku sem hann sýndi eftir að landi var náð, varð hvati að mikilli umræðu á Alþingi um öryggismál sjómanna. Í lok þessarar umræðu lýsti samgöngumálaráðherra, Matthías Bjarnason, því yfir að hann mundi skipa sérstaka þingmannanefnd til að vinna að könnun og tillögugerð um öryggi sjómanna.

Þessi nefnd var skipuð 30. mars 1984 og eiga níu alþingismenn sæti í henni. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a.:

„Nefndin skal fjalla um allа þætti öryggismála skipa og áhafna þeirra, þar með talin menntun og þjálfun áhafna. Nefndin skal jafnframt gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í öryggismálum sjómanna og tillögur um fjármögnun slíkra aðgerða. Hún skal í störfum sínum hafa náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins, rannsóknarnefnd sjóslysa, Slysavarnafélag Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og samtök sjómanna og útgerðarmanna."

Þegar þingi lauk að vori hófst mikið og árangursríkt starf þessarar nefndar, og í októberlok skilaði nefndin áfangaskýrslu til ráðherra eins og hann hafði beðið um. Í þessari skýrslu komu fram 16 ítarlegar tillögur og sú sautjánda fól í sér tillögu um fjármögnun til að standa undir kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ég tel mér rétt og skylt, sem verkstjóri í þessari nefnd, að geta þess að hún er vel skipuð. Flokkspólitísk sjónarmið voru ekki höfð uppi, heldur vilji nefndarmanna að leggja sitt af mörkum svo leysa mætti brýnt vandamál.

Öll sérþekking allra nefndarmanna hefur komið að góðum notum. Mikla og góða hjálp hefur nefndin fengið frá ritara hennar, Þórhalli Hálfdánarsyni framkvæmdastjóra rannsóknarnefndar sjóslysa.

Nefndin náði strax góðri samvinnu við ráðamenn, ekki síst samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, sem er þingmaður kjördæmis sem á allt sitt undir sjósókn og fiskvinnslu. Hann gjörþekkir þarfirnar og nauðsyn þess „að hart þarf að sækja, en öryggis gæta".

Hið sama má segja um sjávarútvegsráðherra, Halldór Ásgrímsson, sem hefur einnig lagt störfum nefndarinnar mikilsvert lið. Þá var mikill styrkur í því að fá til starfa ungan og áhugasaman starfsmann Siglingamálastofnunar, Magnús Jóhannsson, sem nokkru síðar var skipaður siglingamálastjóri. Mjög gott samstarf hefur einnig verið við aðra forustumenn aðila sem ráðherra gat um í skipunarbréfi sínu.

Síðast en ekki síst vil ég benda á ráðstefnu sem haldin var 21.–22. september 1984 um öryggismál sjómanna. Þessi ráðstefna var haldin fyrir forgöngu rannsóknarnefndar sjóslysa og Siglingamálastofnunar ríkisins. Þátttökuaðilar voru auk þeirra, fjórtán aðrir hagsmunaaðilar, félög og stofnanir í sjávarútvegi og siglingum, auk öryggismálanefndar Alþingis. Fjöldi þeirra sem tóku þátt í ráðstefnunni var 216, þar af stór hópur starfandi sjómanna og verðandi þ.e. nemendur úr Sjómannaskólanum.

Á þessari ráðstefnu voru flutt 27 erindi og umræðuhópar fjölluðu um helstu málaflokka og skiluðu áliti í lok ráðstefnunnar. Öll erindi og álit hennar voru gefin út í einu hefti og hefur því þegar verið dreift meðal starfandi sjómanna.

Samkvæmt tillögu öryggismálanefndar Alþingis var Slysavarnafélagi Íslands falin framkvæmd svokallaðra öryggisnámskeiða en á þeim á að kenna öryggis-, bruna- og slysavarnir, reykköfun, auk notkunar björgunarbúnaðar og almenna sjómennsku. Hófust þessi námskeið mjög fljótlega eftir tillögugerð og hafa farið víða um land. Varðskipið Þór sem SVFÍ eignaðist fyrir eitt þúsund krónur, skapar frekari vonir um framgang þessara mála.

Ég fullyrði að mikið hefur unnist á síðustu misserum, ekki síst af hendi stjórnvalda og Alþingis. Má þar til nefna að ný siglingalög hafa verið samþykkt, svo og ný lög um Siglingamálastofnun ríkisins. Til stjórnar hennar fellur margt af fyrri störfum rannsóknarnefndar sjóslysa, en fastanefnd til rannsóknar sjóslysa, hliðstæð valdamikilli Flugslysanefnd tekur brátt til starfa í samræmi við ný siglingalög. Nýjar reglur hafa verið settar á fjölmörgum sviðum af Siglingamálastofnun og fleiri opinberum aðilum og á undanþáguvandamálinu var skynsamlega tekið, af fullum þunga, en þó með lipurð. Lögðu hagsmunaaðilar þessu máli gott lið og er þess að vænta að við vinnum okkur út úr þessu vandamáli á næstu árum.

Þegar ég lít til baka yfir þessa stuttu en þýðingarmiklu vegferð er mín niðurstaða sú að grundvallarskilyrði þess að auknu öryggi sæfara verði náð sé **fræðsla, þekking og þjálfun**.

Ráðherra menntamála, Sverrir Hermannsson, mælti eftirfarandi orð á Alþingi skömmu fyrir þinglok:

„Nám er hagkvæmasta fjárráðstöfun sem hugsast getur."

Þetta er hárrétt hjá ráðherra. Persónulega tel ég góða guðfræði að kenna sjómönnum að gæta lífs og lima og fara vel með og gæta þeirra stórkostlegu efnislegu verðmæta sem þeir fara með.

Til viðbótar vil ég benda á að nám má flokka eftir hagkvæmni. Hún hlýtur að eiga sér sterka stoð, ef hægt er að koma í veg fyrir óhugnanlega slysatíðni til sjós — þar með talinn ótrúlegan fjölda dauðaslysa.

Vík ég þá aftur að spurningunni í upphafi þessarar greinar. Verður forvarnarstarfið viðvarandi eða hjaðnar það sem hver önnur bóla?

Þessi þörf var virt, að vísu lítils háttar, þegar Alþingi samþykkti frumvarp sem ég flutti um Sjóvinnuskóla Íslands (lög nr. 23, 1975 frá 23. maí). Þetta voru því miður aðeins heimildarlög og hafa aldrei verið nýtt. En í þeim segir að skóli þessi skuli vera farskóli, þ.e. að hann sé til staðar á helstu útgerðarstöðum landsins þegar óskað er og möguleikar eru fyrir hendi.

Samkvæmt 9. gr. þessara laga á menntamálaráðuneytið að fara með yfirstjórn skólans og kostnaður á að greiðast úr ríkissjóði. Hvort sem þessu ráðuneyti eða öðru verður treyst fyrir frekari framkvæmdum tel ég nú að heppilegast og fljótvirkast sé að taka þessi lög til endurskoðunar og breyta þeim á þann veg að þetta verði *starfandi farskóli* og beri heitið *Slysavarna- og sjóvinnuskóli Íslands*.

Áhugamenn binda miklar vonir við fyrrum varðskipið Þór sem nú má með réttu kalla „skólaskipið Þór". Vera má að einhverjum muni vaxa í augum fyrst í stað kostnaðurinn ef slíkur skóli yrði látinn „sigla" á milli kennslustaða, þ.e. helstu útgerðarstaða landsins. Ef mönnum sýnist svo eru hæg heimatökin að leita til Landhelgisgæslu Íslands, en forstjóri hennar, Gunnar Bergsteinsson, hefur tjáð þeim sem þetta ritar að ekki þurfi að vera nein vandkvæði á því fyrir LHÍ að flytja slíkan farskóla, kennara og búnað milli staða.

Í ljósi þessa tel ég að kostnaður við það nám sem hér er rætt um eigi að greiðast úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og að því beri að stefna þegar í haust. Að þessi *fræðsla, þekking og þjálfun* eins þýðingarmesta þáttar í atvinnulífi landsmanna þurfi að lifa á bónbjörgum og duttlungafullum þingmönnum á ekki að líða til lengdar.

Við sem höfum setið í öryggismálanefnd sjómanna tókum að okkur framkvæmd þess þáttar eigin tillagna sem varðar áróður og auglýsingar til styrktar þeim málum sem að var unnið. Fyrir þann þátt okkar starfs hefur nefndin orðið fyrir gagnrýni. Á síðum þessa blaðs er þessi hluti nefndarstarfsins rifjaður upp og verður blaðið sent til sjómanna á sama hátt og nefndin sendi frábært kennslugagn frá Landssambandi slökkviliðsmanna um borð í öll íslensk skip. Var þetta gert í fullu samkomulagi við Siglingamálastofnun sem sá um dreifingu.

Vegna framkominnar gagnrýni er rétt að taka fram eftirfarandi:

Fyrsta veggspjald nefndarinnar sem sent var til skipa, var teikning eftir okkar ágæta Sigmund. Skip situr á skeri og öll áhöfnin er í því að gera vitleysur. Á brúarþaki situr sá eini sem varð þekktur á spjaldinu, samgöngumálaráðherra og er að lesa sér til í leiðarvísi! Hann gaf sjálfur góðfúslega leyfi til þessa, enda var honum strax tjáð að nefndin væri á engan hátt að gagnrýna eða vega að stétt skipstjórnarmanna og annarra yfirmanna á skipum sem slíkra, heldur *trassanna sem koma óorði á þá og aðra yfirmenn vegna kæruleysis, vanþekkingar* og því miður oft reynsluleysis.

Þá ber og að geta þess að við gerðum okkur fulla grein fyrir að auglýsingar okkar í dagblöðum næðu ekki til allra sjómanna, enda var þeim ekki síður stefnt að öðrum aðilum.

Sjómönnum hefur oft réttilega verið borið á brýn kæruleysi í eigin öryggismálum, og hafa ábendingar og umvandanir um borð oft lítil áhrif haft. Við reynum með þessum auglýsingum að ná til foreldra, eiginkvenna og barna sjómanna, svo að fjölskyldan, sem á mest undir því að sjómaðurinn komi heill af hafi, leggi sitt fram til að árangri verði náð.

Öryggismálanefnd Alþingis er að ljúka störfum. Útgáfa fræðslubæklinga sem nefndin hefur safnað fé til er í undirbúningi og að því starfi verður unnið áfram.

Þetta starf má ekki stöðvast. Félagasamtök, stofnanir, hagsmunasamtök með þátttöku opinberra aðila verða að halda merkinu á lofti með fyrirsögn þessarar greinar við hún:

Ekkert kemur i veg fyrir slys á sjó nema árvekni, dómgreind og kunnátta.

Fylgiskjal VIII.

Framlög fyrirtækja og starfsmanna þeirra til útgáfu fræðslubæklinga um öryggismál sjómanna.

Eftirtaldir aðilar styrktu öryggismálanefnd sjómanna.

	Krónur.
Sparisjóður Norðfjarðar	1 500
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja	50 000
Hólmadrangur hf.	10 000
Sparisjóður Ólafsvíkur	2 500
Íshúsfélag Ísfirðinga	50 000
Olíufélagið hf.	50 000
Gúmmíbátaþjónustan	7 500
Sparisjóður Hafnarfjarðar	10 000
K.E.A. Akureyri	7 000
O. Ellingsen	15 000
Slippfélag Reykjavíkur	5 000
Landsbanki Íslands Laugavegi 7	130 000
Sparisjóður Vélstjóra	6 000
Lífrarsamlag Vestmannaeyja	2 000
Einar Guðfinnsson Bolungarvík	50 000
Samband ísl. samvinnufélaga	130 000
Kristján Ó. Skagfjörð	60 000
Eimskip	40 000
Skagstrendingur hf. og skipshafnir	331 500
Alls kr.:	958 000
Greiddir ýmsir reikningar af styrktarfé	352 902
Eftirstöðvar af styrktarfé í vörslu ritara nefndarinnar	605 098
Kr.:	958 000

Fylgiskjal IX.

NEFNDARÁLIT.

Með bréfi dags. 29. janúar 1985 skipaði samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd til að gera tillögur um framkvæmd eftirgreindra tillagna öryggismálanefndar sjómanna:

„1. Stöðugleiki allra eldri skipa verði mældur, svo og þeirra nýrri, hafi umtalsverðar breytingar verið gerðar á þeim á byggingartímanum eða síðar. Prófanir skal gera á þyngd veiðarfærabúnaðar og settar reglur um frágang afla í lest og á þilfari svo sem um skelfisk og afla sem landað er daglega.
2. Ákvæði um ábyrgð skipasmíðastöðva, vélsmiðja og eigenda skipa vegna breytinga á skipum og skil á teikningum og stöðugleikaútreikningi til Siglingamálastofnunar vegna þessa verði hert.
3. Rannsóknir sjóslysa — sjópróf — verði færðar í nútímalegt horf, sbr. rannsóknir umferðar- og flugslysa.“

Í nefndinni voru Ólafur S. Valdimarsson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri, Karvel Pálmason alþingismaður, Þórhallur Hálfdánarson sem skipstjóri og Hermann Skúlason skipstjóri. Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri var ritari nefndarinnar.

Nefndin hélt allmarga fundi og leitaði einnig álits fulltrúa LÍÚ, FFSÍ, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja á einstökum þáttum verkefnisins. Eftirfarandi nefndaráliti er skipað í kafla í samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

I. kafli: Stöðugleiki skipa.

„Stöðugleiki allra eldri skipa verði mældur, svo og þeirra nýrri, hafi umtalsverðar breytingar verið gerðar á þeim á byggingartíma eða síðar. Prófanir skal gera á þyngd veiðarfærabúnaðar og settar reglur um frágang afla í lest og á þilfari svo sem um skelfisk og afla sem landað er daglega."

Segja má að tillaga öryggismálanefndar sjómanna sé tvíþætt, annars vegar athugun á stöðugleika skipa sem gera verður ráð fyrir að kunni að leiða til frekari aðgerða í einhverjum tilvikum og hins vegar setning reglna sem eiga að tryggja að stöðugleiki skipa sé ekki bagaður um of af meðferð veiðarfæra eða frágangi afla um borð.

Tillagan gerir ráð fyrir því að öll fiskiskip, sem ekki hafa fullkomin stöðugleikagögn, verði athuguð án tillits til stærðar eða gerðar þeirra.

1. Reglur um stöðugleika fiskiskipa.

Reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa nr. 553/1975 tóku gildi 5. desember 1975. Reglurnar gilda fyrst og fremst um skip 15 m að lengd og lengri sem smíðuð eru eftir gildistöku reglnanna enda var ekki talið fært né sérstök ástæða til að láta reglurnar ná til eldri skipa umfram það sem almennt tíðkast varðandi smíðareglur skipa. Í reglunum eru enn fremur ákvæði um uppstillingar í lestum sem eiga að tryggja að stöðugleiki sé ekki óhóflega skertur af frágangi afla í lest.

Áður höfðu ekki verið til sérstakar reglur um stöðugleikamörk þó að stöðugleiki hafi verið reiknaður og athugaður fyrir allmörg fiskiskip áður en reglurnar tóku gildi.

Hins vegar hefur þeirri meginreglu sem almennt gildir um áhrif nýrra smíðareglna á eldri skip verið beitt. Skip, sem farið hafa í meiri háttar breytingar, svo sem lengingu, yfirbyggingu eða fengið hafa nýja brú, hafa verið krafin um stöðugleikagögn og þau látin fullnægja kröfum reglnanna eftir því sem tæknilega hefur verið unnt hverju sinni. Fullkominna stöðugleikagagna hefur því verið aflað fyrir mun fleiri skip en þau sem byggð eru eftir 5. desember 1975 af þessari stærð.

Hinn 1. janúar 1986 voru á skipaskrá 832 þilfarsfiskiskip þar af voru 516 skip lengri en 15 m. Af þessum 516 skipum voru 168 með fullkomin gögn og fullnægðu kröfum, 186 með einhver gögn, en 162 skip höfðu nánast engin gögn til nákvæmra stöðugleikaútreikninga.

Kostnaður við upplýsingaöflun og útreikninga til öflunar fullkominna gagna fyrir öll fiskiskip stærri en 15 m að lengd er áætlaður rúmlega 24 millj. kr. (verðlag í janúar 1986). Er þá ekki meðtalinn kostnaður sem verða kann af slipptöku, enda er eðlilegt að slík mæling verði gerð við reglulega slipptöku skipsins.

Reglur um stöðugleika þilfarsfiskiskipa minni en 15 m að lengd tóku gildi 1. apríl 1980, en áður höfðu ekki verið nákvæmar kröfur í reglum um stöðugleika þessara skipa. Hins vegar hefur verið algengt að mæla stöðugleika þessara skipa út frá mælingum á veltitíma og fríborði. Fullkomnir stöðugleikaútreikningar eru því ekki tiltækir fyrir þessi skip nema í örfáum tilvikum. Fjöldi eftirlitsskyldra þilfarsfiskiskipa í þessum flokki, þ.e. frá 6 m að lengd að 15 m var um síðustu áramót 316. Þar af voru 236 skip minni en 12 brl. en 80 skip stærri.

Kostnaður við að útbúa fullkomin gögn fyrir skip stærri en 12 brl. er áætlaður um 7,5 millj. króna á sömu forsendum og áður.

2. Tillögur nefndarinnar.

Eins og að framan er greint má ljóst vera að framkvæmd tillögu öryggismálanefndar sjómanna er viðamikið og tímafrekt verkefni.

Þar eð tilgangur tillögunnar er að draga úr sjóslysum sem að einhverju leyti má rekja til vanrækslu þeirra þátta sem tillagan tekur til, telur nefndin óhjákvæmilegt að undirstrika að stöðugleiki skips er breytilegur og háður því hvernig með skipið er farið. Í þessu sambandi skal bent á grein 2.01. gildandi reglna um stöðugleika og öryggi fiskiskipa nr. 553/1975 en þar segir svo:

„Þrátt fyrir það að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt getur skipi samt hvolft og skipstjóri er engan veginn leystur undan þeirri ábyrgð sem á honum hvílir varðandi hleðslu, sjóbúnað, búlkun farms og veiðarfæra, svo og almenna forsjálni við siglingu skips."

Með þetta í huga gerir nefndin tillögur um eftirfarandi verkefni sem miða að settu marki.

Nefndin er sammála um að auk öflunar upplýsinga fyrir sjómenn um stöðugleika ákveðinna fiskiskipa þurfi að auka fræðslu um stöðugleika skipa. Að öðrum kosti munu fyrirliggjandi upplýsingar ásamt viðbótarupplýsingum sem aflað verður koma að takmörkuðu gagni. Hagnýt notkun stöðugleikagagna byggist á grundvallarþekkingu skipstjórnarmanna á stöðugleika skipa.

Kennsla í skipagerð og stöðugleika skipa hófst ekki í fiskimannadeildum stýrimannaskólanna að marki fyrr en 1973 en hefur síðan farið vaxandi og er nú á öllum stigum skipstjórnarnáms. Þannig væru t.d. með lögum nr. 112/1984 í fyrsta skipti gerðar kröfur um fræðslu í grundvallaratriðum stöðugleika til minnstu réttinda (30 rúmlestir) og sérstök áhersla lögð á þessi atriði í réttindanámi undanþágumanna skv. sömu lögum.

Nefndin telur mikilvægt til árangurs að auka fræðslu um áhrif hleðslu og veiðarfæra á stöðugleika fiskiskipa. Með vísan til ofanritaðs leggur nefndin eftirfarandi til:

1. Árin 1987 og 1988 fari fram athugun á stöðugleika allra þeirra þilfarsfiskiskipa stærri en 12 brl. en minni en 100 brl. sem ekki hafa þegar fullkomin stöðugleikagögn og fullnægja kröfum. Kröfu um stöðugleikaathugun þessara skipa verði fullnægt með auglýsingu.
2. Þegar í stað verði hafist handa um að auka fræðslu til sjómanna um undirstöðuatriði stöðugleika með útgáfu fræðslubæklings um stöðugleika og hleðslu fiskiskipa og lögð aukin áhersla á kynningu fræðslumyndar um sama efni.
3. Komið verði á fót endurmenntunarnámskeiði í undirstöðuatriðum stöðugleika skipa, hliðstætt því sem nú er kennt á réttindanámskeiðum fyrir undanþágumenn. Námskeið þetta verði haldið í öllum landshlutum á næsta ári.

3. Framkvæmd tillagna (skv. 2. tölul. I. kafla, bls. 3).

1. Jafnframt auglýsingu um kröfu um stöðugleikaathugun skipanna verði eigendum þeirra ritað bréf eigi síðar en fyrir lok þessa árs þar sem þeim verði kynnt efni auglýsingarinnar og jafnframt veittar upplýsingar um þá aðila sem annast stöðugleikaútreikninga fyrir skip. Eigendum verði gefinn frestur til að tilkynna ráðuneyti (Siglingamálastofnun) um fyrirhugaða tímasetningu athugunar og líklegan framkvæmdaaðila.
2. Siglingamálastofnun annist framkvæmd 2. tölul. í samráði við stýrimannaskólana í Reykjavík og Vestmannaeyjum.
3. Menntamálaráðuneytið verði fengið til að skipuleggja og koma á fót endurmenntunarnámskeiðum, sbr. 3. lið tillagna.

4. Kostnaður við framkvæmd og fjármögnun tillagna.

Nefndin fjallaði ítarlega um þá hlið málsins er snýr að kostnaði við athugun á stöðugleika skipa minni en 100 brl.

Í ljósi þess að líklegt megi telja að í flestum tilvikum muni framangreind stöðugleikaathugun staðfesta stöðugleika innan þeirra marka sem eðlilegt má telja og að ekki sé frekari aðgerða þörf telur nefndin óeðlilegt að eigendur þessara skipa greiði einir allan kostnað samfara fyrirskipaðri athugun.

Um næstu áramót munu taka gildi nýjar reglur um mælingar skipa sem munu m.a. leiða til þess að á næstu sjö árum (fyrir 1. janúar 1994) verður eigendum allra skipa gert skylt að láta mæla skip sín samkvæmt nýjum reglum.

Með hliðsjón af því að umrædd stöðugleikaathugun mun jafnframt veita upplýsingar sem nauðsynlegt er að afla vegna nýrrar mælingar telur nefndin rétt að leggja til að ríkissjóður leggi fram sem nemur um 40% af áætluðum kostnaði við athugun þessa, auk opinbers eftirlits.

Auk kostnaðar við athugun þessa verður að gera ráð fyrir því að í einhverjum tilvikum verði nauðsynlegt að gera lagfæringar og/eða endurbætur á skipum.

Um stærð þessa þáttar er útilokað að segja nokkuð fyrr en athugunum er lokið. Ljóst er þó að kostnaður getur orðið umtalsverður ef gera þarf breytingar á skipum vegna ófullnægjandi stöðugleika og jafnvel getur komið upp sú staða að hagkvæmara sé að taka viðkomandi skip úr rekstri en framkvæma nauðsynlegar breytingar.

Áætlaður kostnaður við framkvæmd tillagna yrði sem hér segir (janúarverðlag 1986):

1. Athugun á stöðugleika allra skipa 12–100 brl. að stærð sem ekki hafa fullkomin stöðugleikagögn.
   A. Stöðugleikagögn (ráðgjafar) 24 600 000.
   B. Eftirlit stjórnvalda 1 350 000.
   Alls kr. 25 950 000.
2. Kostnaður við útgáfu upplýsingarits um hleðslu skipa, stöðugleika o.fl.
   Alls kr. 250 000.
3. Kostnaður við endurmenntunarnámskeið skipstjórnarmanna 10 námskeið.
   Alls kr. 600 000.

Nefndin leggur til að stjórnvöld leggi til allt fjármagn sem þarf til framkvæmda á liðum 13,2 og 3 og sem svarar 40% af kostnaði samkvæmt 1A. Miðað við áætlun þessa yrði hluti ríkissjóðs um 12 millj. kr. og hluti eigenda skipa um 14,8 millj. kr.

II. kafli: Ábyrgð skipasmíðastöðva o.fl.

„Ákvæði um ábyrgð skipasmíðastöðva, vélsmiðja og eigenda skipa vegna breytinga á skipum og skil á teikningum og stöðugleikaútreikningi til Siglingamálastofnunar vegna þessa verði hert.“

1. Gildandi réttur.

Um þetta atriði gilda ákvæði 26. gr. laga um eftirlit með skipum. Samkvæmt þeim er nýsmíði skipa háð eftirliti Siglingamálastofnunar og engar meiri háttar breytingar má gera á skipi nema að fengnu leyfi siglingamálastjóra.

Töluverður misbrestur er á því að skipasmíðastöðvar og sér í lagi verkstæði tilkynni eða afli leyfa Siglingamálastofnunar í samræmi við framangreind ákvæði laganna. Stærri skipasmíðastöðvar tilkynna þó jafnan um fyrirhugaða nýsmíði og meiri háttar breytingar á skipum.

2. Tillögur nefndarinnar.

Nefndarmenn ræddu ítarlega um á hvern hátt ábyrgð verði best komið á hendur þeim sem smíði og breytingar annast. Urðu þeir sammála um að hert viðurlög væru virkasta úrræði hér að lútandi.

Um refsingar o.fl. er fjallað í X. kafla laga um eftirlit með skipum. Þar eru ákveðin viðurlög á hendur eigendum skipa, útgerðarmönnum, skipstjórum o.fl. (47. gr.)

Samkvæmt 48. gr. má ákvarða þargreindum aðilum sekt eða varðhald ef sök sannast á viðkomandi. Lögin skortir m.a. ákvæði um refsiábyrgð skipasmíðastöðva og verkstæða. Nefndin leggur því til að téðum lögum verði breytt á þá leið að heimilað verði að ákvarða skipasmíðastöðvum og verkstæðum fésekt án tillits til þess hvort sök sannast á einstaka starfsmenn. Nefndin leggur enn fremur til að þegar skip eru smíðuð erlendis verði *eigendum* þeirra gert að tilkynna og afhenda nauðsynleg gögn til Siglingamálastofnunar.

Með vísan til framanritaðs leggur nefndin til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um eftirlit með skipum:

1. 26. gr.

A. Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins. Hver sá aðili sem tekur að sér að smíða skip hér á landi skal senda siglingamálastjóra tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim sem siglingamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þríriti.

Séu skip smíðuð erlendis fyrir innlenda aðila skal (væntanlegur) eigandi sjá um að tilkynning og umrædd gögn berist Siglingamálastofnun ríkisins.

B. Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 14. gr., má gera á gömlum skipum án þess að sérstakt leyfi siglingamálastjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar sem varða öryggi skips og áhafnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunarinnar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningaskyldu og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

2. 47. gr.

Ef eigandi skips, skipasmíðastöð, verkstæði, skipstjóri eða annar yfirmaður skips brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varðar það sektum eða varðhaldi.

Nefndin bendir þó á að téð lög eru um margt úrelt orðin og því fleiri breytinga þörf en hér er lagt til.

III. kafli: Rannsókn sjóslysa.

Rannsóknir sjóslysa — sjópróf — verði færðar í nútímalegt horf, sbr. rannsóknir umferðar- og flugslysa.

Nefndin samdi frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum (230. gr. laganna). Í greinargerð með frv. segir m.a.:

Samkvæmt 230. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er samgönguráðherra heimilt að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því. Gert er ráð fyrir að slík nefnd yrði aðeins skipuð í algerum undantekningartilvikum.

Sjóslys gera ekki boð á undan sér og þegar þau verða er skjótra viðbragða þörf. Skipun nefndar skv. gildandi lögum gæti tekið einhvern tíma og dregur það mjög úr virkni nefndarinnar við frumrannsókn sjóslysa.

Hér er lagt til að skipuð verði föst, óháð nefnd þriggja sérfræðinga, t.d. skipaverkfræðings, lögfræðings og skipstjórnarmanns sem geri sjálfstæða úttekt á rannsókn sjóslyss og orsökum þess. Nefndin skal starfa óháð og draga sínar ályktanir sjálfstætt. Nefndinni er heimilt að kalla til sérfræðinga og aðra í þágu rannsóknar máls.

Með þessari breytingartillögu er verksvið rannsóknarnefndarinnar fært í svipað horf og flugslysanefndar skv. 141. gr. loftferðalaga nr. 34/1964, sbr. l. nr. 8/1983.

Téð frumvarp var samþykkt með nokkrum breytingum sem lög nr. 21/1986.

Reykjavík, 23. september 1986.

Ólafur S. Valdimarsson.

Magnús Jóhannesson. Karvel Pálmason.

Hermann Skúlason. Þórhallur Hálfdánarson.

Nd. 157. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson, Svavar Gestsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

11. gr. orðast svo:

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema 75% kostnaðar- eða matsverðs, þess sem lægra reynist. Með sama hætti skulu lán til skipa, sem smíðuð eru erlendis, vera hæst 60% kostnaðar- eða matsverðs. Óheimilt er að ákveða með reglugerð eða samþykkt stjórnar Fiskveiðasjóðs að munur á lánum til skipa, smíðaðra hér á landi og erlendis, sé minni en hér er kveðið á um, eða 15%.

Lán til kaupa á eldri fiskiskipum mega nema 25% kaup- eða matsverðs, þess sem lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins sem fyrir kunna að vera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á s.l. vori en náði ekki fram að ganga. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Öllum er ljóst að héðan af getur ekki dregist lengi að hafist verði handa um endurnýjun fiskiskipastólsins. Auðgert er að láta þá endurnýjun fara alla fram erlendis enda alkunna að skipasmíðar og viðgerðir njóta opinberra styrkja, beinna og óbeinna, í helstu samkeppnislöndum okkar. Á hinn bóginn er fjármálakerfi okkar Íslendinga hvergi nærri fullburða svo að sérstakar opinberar aðgerðir hefur verið nauðsynlegt að gera á sviði peningamála til að tryggja rekstrarfé til samkeppnisiðnaðarins. Gleggstu dæmin um það eru Útflutningslánasjóður og sérstök ráðstöfun fjármagns í lánsfjárlögum vegna skipasmíðaiðnaðarins síðustu árin. Þetta er hvort tveggja ómissandi hluti af fjármálakerfinu og ylli verulegri atvinnuröskun ef niður félli.

Þetta frumvarp er í samræmi við yfirlýstar samþykktir Alþingis þess efnis að rétt sé og skylt að hlúa að skipasmíðaiðnaðinum. Við hann starfa um 2500 manns víðs vegar um landið. Á síðustu áratugum hafa starfsmenn skipasmíðastöðvanna öðlast mikla reynslu og verkþekkingu sem nýtist í ódýrari og betri þjónustu við fiskiskipastólinn. Gleggsta dæmið um tækniþróun og samkeppnishæfni íslensks skipasmíðaiðnaðar er frammistaða Slippstöðv-

arinnar hf. á Akureyri í alþjóðlegu útboði á kassavæðingu og á lengingu allmargra skuttogara frá Nova Scotia. Þetta verk er nú vel á veg komið og samvinna og samstarf við Kanadamennina eins og best verður á kosið enda þarf ekki að hafa áhyggjur af rekstrarfé eða fjármögnun verksins þegar unnið er fyrir erlenda aðila. Það gerir þessi viðskipti enn hagstæðari fyrir okkur Íslendinga að togararnir sigla vestur um haf hlaðnir fiskikössum frá Plasteinangrun hf. og með ýmsan útbúnað til meðhöndlunar á fiskikössum frá Odda hf. — Ekki þarf að taka fram að þessi „útflutningur“ á sérhæfðri verk- og tækniþekkingu í skipasmíðaiðnaði væri óhugsandi ef hér hefðu ekki verið smíðaðir skuttogarar áður. Það skyldu menn hafa í huga.

Þetta frv. er smátt í sniðum. Efni þess er að lán úr Fiskveiðasjóði til innlendra skipasmíða skuli vera litlum 15% hærri en lán til skipasmíða erlendis. Samþykkt frv. markar því engin tímamót en hún gæti með öðru meira verið þáttur í því að skapa skipasmíðaiðnaðinum viðunandi starfsgrundvöll.“

Sþ. 158. Fyrirspurn [148. mál]

til samgönguráðherra um hafnamál.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Má vænta þess að Hafnamálastofnuninni verði gert fært að starfrækja líkanstöð sína á næstunni?
2. Hver er áætluð endurnýjunarþörf eldri hafnarmannvirkja og þörf á nýframkvæmdum í höfnum landsins á næsta ári?
3. Hvenær má vænta þess að ný fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir verði lögð fram?

Sþ. 159. Fyrirspurn [149. mál]

til utanríkisráðherra um ný verkefni á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Eru *ný* tvíhliða þróunarsamvinnuverkefni í undirbúningi hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands?
2. Ef svo er, hver eru þau og hvernig er staðið að undirbúningi þeirra?

Nd. 160. Frumvarp til laga [150. mál]

um Skattadóm og rannsókn skattsvikamála.

Flm.: Svavar Gestsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Setja skal á stofn sérstakan sakadóm fyrir landið allt og nefnist hann Skattadómur. Aðsetur dómsins skal vera í Reykjavík eða næsta nágrenni.

2. gr.

Hlutverk Skattadóms er að rannsaka fyrir dómi og dæma í málum sem höfðuð eru af ríkissaksóknara til refsingar vegna brota á skattalögum og brota sem tengjast skattsvikum, svo sem brotum gegn bókhaldslögum og gjaldeyrislögum.

Leiki vafi á hvort aðalþáttur brots teljist skattsvik eða annars konar brot ákveður ríkissaksóknari hvort mál skuli höfðað fyrir Skattadómi eða öðrum dómstólum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sakadómara í skattamálum — skattadómara — og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála.

Skattadómarinn nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar.

Skattadómari getur háð dómþing hvar sem er á landinu.

4. gr.

Við Skattadóm er heimilt að ráða dómarafulltrúa ef þörf krefur að mati dómsmálaráðherra. Dómarafulltrúar skulu fullnægja skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936. Dómsmálaráðherra ræður og Skattadómi annað starfsfólk eftir því sem þörf þykir á.

5. gr.

Um meðferð mála fyrir Skattadómi og lögreglurannsókn skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á, þar á meðal um meðdómendur.

6. gr.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins starfar deild, er annast hvarvetna á landinu rannsókn á brotum þeim sem getið er í 2. gr. laga þessara. Fela skal forstöðu deildarinnar sérstökum deildarstjóra sem lokið hefur lögfræðiprófi og aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála. Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins er heimilt að fela deild þessari rannsókn annarra mála á skyldum sviðum eftir því sem aðstæður leyfa.

7. gr.

Heimilt er að hafa uppi skattakröfu á hendur ákærða fyrir Skattadómi. Um meðferð slíkrar kröfu skal fara eftir ákvæðum 17. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Heimilt er að gefa út ákæru vegna brota á skattalöggjöf þótt ekki liggi fyrir endanleg ákvörðun skattakröfu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Vilmundur Gylfason var dómsmálaráðherra flutti hann stjórnarfrumvarp um rannsókn skattsvikamála og skattadómstól. Frumvarpið náði ekki afgreiðslu.

S.l. sumar kom út skýrsla um skattsvik sem unnin var af nefnd undir forustu Þrastar Ólafssonar. Þar er rækilega staðfest það sem lengst af hefur verið á almannavitorði að skattsvik eru verulegt efnahagslegt vandamál hér á landi. Er löngu fullreynt að ekki verður tekið á þessum vandamálum eftir hefðbundnum leiðum og því óhjákvæmilegt að grípa til sérstakra úrræða. Frumvarpið um skattadóm er því flutt af tveimur þingmönnum Alþýðubandalagsins, en á aðalfundi miðstjórnar flokksins í byrjum nóvember s.l. var samþykkt að flokkurinn beiti sér fyrir stofnun skattadómstóls og öflugri meðferð skattsvikamála en verið

hefur til þessa. Þingmenn Alþýðubandalagsins munu síðar á þinginu í vetur flytja ýmis önnur frumvörp í skattamálum.

Frá því að Vilmundur Gylfason flutti frumvarp sitt hefur það breyst í meðferð þessara mála að Rannsóknarlögregla ríkisins hefur nú starfandi á sínum vegum sérstaka deild sem rannsakar svokölluð „hvítflibbabrot". Þar starfa nú lögreglufulltrúi og lögreglumenn en enginn þeirra er sérmenntaður til þessara starfa. Þá hefur sakadómurum í Reykjavík verið fjölgað og var fyrirhugað að þeir tækju sérstaklega að sér að sinna málum af því tagi sem frumvarpið fjallar um. Ekki er þó um að ræða deildaskiptingu í sakadómi í þessu skyni. Vegna fjölgunar sakadómara er þó talið að mál hafi gengið þar hraðar fyrir sig en áður hafi verið.

Þrátt fyrir þetta töldu flutningsmenn rétt að halda inni ákvæðum 6. greinar frumvarpsins eins og það var upphaflega með lítils háttar breytingum. Með ákvæðum 6. greinar fengi umrædd deild Rannsóknarlögreglu ríkisins lagagrundvöll að starfa á, jafnframt því sem greinin gerir ráð fyrir því að deildarstjórinn hafi sérmenntun til þess að rannsaka skattsvik og bókhaldsmál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skattrannsóknarstjóri annist almennt eftirlit og rannsókn á skattkröfuþætti mála. Síðan annist deild RLR rannsókn skattsvika og brota sem þeim tengjast. Embætti ríkissaksóknara fari sem áður með ákæruvald í þeim málum. Þá taki við sérstakur sakadómur í skattamálum — Skattadómur — og skal umdæmi hans vera landið allt.

Heyrst hafa hugmyndir um að hafa alla rannsókn og dómsmeðferð skattsvikamála á einni hendi. Þessari hugmynd er hafnað með þessu frumvarpi því flutningsmenn telja ekki rétt að blanda þannig saman rannsóknarvaldi og dómsvaldi. Þá er þeirri hugmynd einnig hafnað, sem gæti þó komið til greina, að skattrannsóknarstjóri annist rannsókn á refsiþætti skattamála. Ástæðan er meðal annars sú að slíkt ákvæði gæti dregið úr almennu eftirliti hjá embætti skattrannsóknarstjóra.

Oft hefur verið rætt um ókosti þess að hafa sérdómstóla. Þar hefur einkum verið bent á þann vanda sem upp kemur þegar sami maður er grunaður um mörg mismunandi brot bæði skyld og óskyld skattsvikabrotum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skattadómstóllinn geti fjallað um skattabrot og tengd brot, svo sem skjalafals, brot á bókhaldslögum eða gjaldeyrislögum. Aðaláherslan er lögð á skattalagabrotið, enda geta brot á þeim lögum varðað allt að sex ára fangelsi. Telji hins vegar ríkissaksóknari aðalþátt brotastarfsemi vera annan en skattalagabrot getur hann höfðað mál fyrir almennum dómstóli.

Verði frumvarp þetta samþykkt er sjálfsagt að breyta lögunum um tekju- og eignarskatt til samræmis við ákvæði þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. grein.

Lagt er til að dómstóllinn nefnist Skattadómur og að lögsaga hans nái til landsins alls. Ekki er talið rétt að binda aðsetur hans við Reykjavík og þá er haft í huga að hentugt getur talist að hafa dómstólinn í einhverju nágrannasveitarfélagi Reykjavíkur eins og aðsetur Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 2. grein.

Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að ná til hvers konar brota gegn lögum um tekju- og eignarskatt, en einnig til brota gegn öðrum lögum um skatta og gjöld til hins opinbera, hvort sem um er að ræða ríki eða sveitarfélög. Enn fremur til þeirra brota sem beinlínis tengjast skattsvikabrotum, eins og fram kemur í greinargerðinni hér á undan. Gert er ráð fyrir því að ríkissaksóknari ákveði hvort mál eru lögð fyrir skattadóm og skal hann þá hafa það til viðmiðunar hvort skattabrot eru aðalþáttur máls eða annars konar brot.

Um 3. grein.

Skattadómari skal hafa aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála, auk þess sem hann uppfylli almenn embættisskilyrði dómara.

Hér er einnig gert ráð fyrir því að heyja megi dómþing í skattsvikamálum hvar sem er á landinu.

Um 4. grein.

Hér er gert ráð fyrir því að heimilt verði að ráða dómarafulltrúa. Er þá ekki síst haft í huga að nauðsynlegt getur reynst að ráða fólk til starfa tímabundið á fyrstu missirum skattadómsins.

Um 5. grein.

Markmið frumvarpsins er að flýta meðferð skattsvikamála, en gert er ráð fyrir því að sömu réttarfarsreglur gildi um meðferð málanna að öðru leyti en því sem leiðir af stofnun sérstaks dómstóls og lögfestingu sérstakrar deildar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 6. grein.

Starfandi er deild hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem hefur með fjármálaafbrot að gera. Með þessu frumvarpi og samþykkt þess yrði henni skapaður nýr lagagrunnur að starfa á. Með því yrði vægi deildarinnar aukið, auk þess sem krafist er sérmenntunar af forstöðumanni deildarinnar. Eðlilegt þykir að heimila rannsóknarlögreglustjóra að fara með rannsókn annarra mála, enda sé um að ræða skyld mál, þó meðferð þeirra mála megi undir engum kringumstæðum tefja afgreiðslu aðalverkefna deildarinnar.

Um 7. grein.

Gert er ráð fyrir því að sá aðili, sem leggur á skatt eða önnur opinber gjöld, geti komið að skattakröfu á hendur ákærða fyrir skattadómi á sama hátt og tjónþoli getur komið fram bótakröfu í opinberu máli. Ákvæði 2. mgr. er ætlað að flýta fyrir meðferð skattsvikamála og þarf ágreiningsmál um upphæð skattkröfu ekki að tefja meðferð skattsvikamála.

Um 8. grein.

Greinin skýrir sig sjálf.

Fylgiskjal.

SKÝRSLA UM SKATTSVIK

Sumarið 1986 gaf fjármálaráðherra út skýrslu um skattsvik. Skýrslan var unnin af nefnd sem starfaði undir forustu Þrastar Ólafssonar hagfræðings. Í skýrslunni koma fram athyglisverðar upplýsingar og athugasemdir og fara nokkrir kaflar í skýrslunni hér á eftir.

1.2 Samandregnar niðurstöður.

1.2.1 Niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5–7% af VLF. Ef miðað er við 6% sem meðaltal nemur þetta um 6,5 milljörðum króna árið 1985 miðað við áætlaða verga landsframleiðslu.

Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts má áætla um 2,5–3,0 milljarða króna árið 1985 (sjá kafla 4.2).

1.2.2 Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunarinnar (4.4.5) og matsaðferðarinnar (4.3) eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í eftirtöldum greinum, raðað eftir áhættustigi:
   a. Byggingarstarfsemi.
   b. Persónuleg þjónustustarfsemi (svo sem bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir, hjá hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv.).
   c. Iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur.

1.2.3 Engar óyggjandi leiðir eru til að áætla söluskattssvik. Samkvæmt þeirri aðferð, sem lýst er í kafla 5, má gera ráð fyrir að umfang söluskattssvika hér á landi sé um 11% af skiluðum söluskatti. Þetta jafngilti um 1,3 milljörðum kr. 1985.

1.2.4 Helstu ástæður skattsvika teljum við vera þessar:
   a. Flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar sniðgönguleiðir.
   b. Skattvitund almennings er tvíbent og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast og skatteftirlitið versnar. Þetta grefur undan réttlætiskennd skattgreiðenda.
   c. Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetja til þess að nýta sér sniðgöngumöguleika og það mun meira sem hlutföllin eru hærri.
   d. Auk þessa ber að nefna að eflaust á tilhneiging til lagasetningar og opinberra hafta á ákveðnum sviðum sinn þátt í örvun til skattsvika.

1.3 Tillögur til úrbóta.

1.3.1 Skattalög og skattaframkvæmd.
   a. Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.
   b. Endurskoða þarf ákvæði um refsingu og álag. Setja þarf nýtt refsiákvæði um stórfelld skattsvik inn í almenn hegningarlög þar sem fangelsi (allt að sex árum) yrði lagt við brotum.

1.3.2 Bókhaldslög og framkvæmd þeirra.
   a. Herða þarf bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Fela ætti skattrannsóknarstjóra bókhaldseftirlitið með lögum og veita honum ýmsar auknar heimildir, svo sem sektarheimild vegna bókhaldsbrota.
   b. Lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur vegna skattabrota.
   c. Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög. Brot verði þar skilgreind sjálfstætt eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Setja þarf í lögin ákvæði um heimild til sviptingar starfsréttinda að því leyti sem almenn ákvæði hegningarlaga eru talin ófullnægjandi.
   d. Endurskoða þarf ákvæði í almennum hegningarlögum um „stórfellda óreglusemi“ í færslu bókhalds. Verknaðarlýsing ákvæðisins er óljós og refsimörk mjög væg.
   e. Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila svipuð þeirri sem nú er að finna um skattabrot.

1.3.3 Skatteftirlit.

a. Embætti ríkisskattstjóra verði breytt í stofnun er fari með heildarstjórnun skattamála bæði faglega og verkstjórnarlega. Það býður upp á mun meiri möguleika til bættrar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða sem bæta munu skatteftirlit. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum færi fram á einum stað þar sem sérhæft, menntað starfsfólk er fyrir hendi í nægilegum mæli. Skattstofur í núverandi mynd legðust niður, en eftir yrðu aðilar sem mundu veita upplýsingar til almennings og hugsanlega afla gagna vegna framtala.

b. Til vara er lagt til að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra verði eflt og öll atvinnurekstrarframtöl verði unnin hjá embættinu svo og álagning og eftirlit með söluskatti. Skattstofunum verði fækkað en haldi þó áfram fyrrverandi störfum að undanskildum atvinnurekstrarframtölum, undir beinni verkstjórn ríkisskattstjóra.

c. Gera þar verulegt átak í menntunarmálum starfsfólks á skattstofum. Endurverkja þarf skattskólann og festa hann betur í sessi.

d. Komið verði á fót sérstakri eftirlitssveit sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl.

e. Endurskoðuð verði ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna.

8. Ábendingar um úrbætur.

Augljóst er af því sem nú hefur verið rakið að mikið vantar á að skattsvik séu tekin þeim tökum sem tíðkast t.d. um hin hefðbundnu auðgunarbrot. Sæmilega er séð fyrir lagaheimildum, raunar betur í skattalögum en bókhaldslögum, en meinsemdanna er einkum að leita í skipulagi og framkvæmd þessara mála. Skal hér bent á nokkur atriði sem til úrbóta horfa.

8.1 Skattalög og skattaframkvæmd.

a. *Skattalög þarfnast einföldunar.* Aftur hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir lögum um tekjuskatt og eignarskatt síðan 1978, sbr. stofnlögin nr. 40/1978, lög nr. 75/1981 og síðari breytingar. Undanþágum, frádráttarliðum og valkostum hefur sífellt fjölgað. Einfalda má lögin með því m.a. að koma til móts við mismunandi sérþarfir í tryggingalöggjöf, húsnæðislöggjöf og kjarasamningum í stað þess að gera það í skattalögum. Raunar var bent á það í skýrslu til fjármálaráðherra frá nefnd um tekjuöflun ríkisins (1973), að skattstofnar þurfi að vera skýrt afmarkaðir, undanþágur og sérreglur sem fæstar og greiðsluskylda auðreiknanleg (Skýrsla til fjármálaráðherra frá nefnd um tekjuöflun ríkisins (1973), bls. 43–44). Niðurfelling undanþága og fækkun frádráttarliða auðvelda öll skattskil, getur stytt fresti, dregur úr vinnuálagi á skattstofunum og gerir þeim kleift að sinna betur endurskoðun skattframtala og rannsóknum. Með því eykst aðhald og upplýstum brotum fjölgar. Flest af því sem hér segir á einnig við um söluskattslögin og undanþágur frá söluskattsskyldu.

b. *Gæta þarf þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.* Skattbyrði á Íslandi telst ekki þung borið saman við nálægustu lönd. Engu að síður er rétt að benda á að ofnýting einstakra skattstofna kann að hvetja til undandráttar og/eða draga óhóflega úr framtaki einstaklinga eða lögaðila á viðkomandi sviði.

c. *Fækka þarf skatttegundum.* Að líkindum má spara talsvert fé og fyrirhöfn með því að leggja niður skatttegundir er litlu máli skipta og vinna upp að verulegu leyti skatttekjur þær er tapast.

d. *Breyta þarf skipulagi skattyfirvalda.* Taka þarf til endurskoðunar allt skipulag skattyfirvalda, bæði embætti skattstjóra, ríkisskattstjóra og yfirstjórn þessara mála í fjármálaráðuneyti með það fyrir augum að koma á virkari yfirstjórn og meiri sérhæfingu við vinnslu skattframtala. Sjá nánar um breytt skipulag og vinnubrögð í lið 8.3.

e. *Nýtt refsiákvæði komi í almenn hegningarlög.* Lagt er til að lögfest verði nýtt ákvæði um stórfelld skattsvik í XXVII. kafla almennra hegningarlaga og að refsimörk þess verði fangelsi allt að 6 árum. Falli brot undir slíkt ákvæði verði ekki beitt vægari refsingu en fangelsi, nema almennar refsilækkunarástæður eigi við (t.d. neyðarréttur, afsakanleg lögvilla). Fangelsisdómar geta þó orðið skilorðsbundnir í mörgum tilvikum. Hliðstætt ákvæði var lögfest í Danmörku 1971 (289. gr. hegningarlaganna dönsku). Hefur ákvæðið þótt gefast vel.

f. *Endurskoðuð verði ákvæði um álag og sektir.* Refsimörk og viðurlagakostir laga nr. 75/1981 og laga nr. 10/1960 eru út af fyrir sig fullnægjandi, en þessar heimildir eru lítt notaðar. Má um þetta m.a. vísa í bréf fjármálaráðherra fyrstu árin eftir gildistöku laga nr. 75/1981, þar sem þess er óskað við ríkisskattstjóra að álagi sé ekki beitt. Kanna þarf hvort ákvæðunum verði betur fyrir komið, t.d. þannig að tekin verði upp aftur skylda til álagsbeitingar í lögum nr. 75/1981.

8.2 Bókhaldslög og framkvæmd.

a. *Hert bókhaldseftirlit.* Forsenda öflugs skatteftirlits og rannsókna á skattabrotum er að bókhald sé fært jafnskjótt og viðskipti eiga sér stað, að fylgiskjöl séu fyrir hendi og geymd á skipulegan hátt. Eitthvert mikilvægasta úrræðið til að herða skatteftirlit og draga úr skattsvikum er hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Fela ætti skattrannsóknarstjóra bókhaldseftirlitið með lögum og veita honum ýmsar heimildir, sem nánar verður lýst hér á eftir.

b. *Sektarheimild skattrannsóknarstjóra vegna bókhaldsbrota.* Æskilegt er að veita skattrannsóknarstjóra sektarheimild vegna bókhaldsbrota, t.d. vanrækslu um réttan frágang fylgiskjala. Heimildin yrði háð venjulegum skilyrðum fyrir sektargerðum stjórnvalda, þ.e. að brot sé skýlaust sannað, varði einungis fésekt upp að tilteknu marki og að hinn brotlegi játist undir þá ákvörðun, sbr. t.d. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 10. gr. laga nr. 46/1984.

c. *Sektarheimild ríkisskattanefndar.* Lagt er til að lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur til þess að úrskurða sektir fyrir skattabrot, sbr. 108. gr. laga nr. 75/1981 og 26. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. gr. laga nr. 33/1982.

d. *Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög.* Taka þarf til heildarathugunar í bókhaldslögunum sjálfum ákvæði um refsingar og önnur viðurlög. Æskilegt er að skilgreina helstu brotin sjálfstætt, eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Tekin verði afstaða til saknæmis (ásetnings og gáleysis), tilraunar og hlutdeildar í brotum. Setja þyrfti í lögin nýtt ákvæði um sviptingu starfsréttinda, ef almenna ákvæðið í 68. gr. almennra hegningarlaga er ekki talið fullnægjandi, t.d. í tengslum við hlutræna refsiábyrgð.

e. *Endurskoðun hegningarlagaákvæðis.* Ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga þarfnast endurskoðunar, svo sem fram kemur í kafla 4, bæði verknaðarlýsing ákvæðisins og refsimörk. Til greina kemur líka að tilgreina stórfelld bókhaldsbrot ásamt skatta- og tollabrotum, ef til lögfestingar slíks ákvæðis kemur sem nefnt er í e-lið 8.1.

f. *Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila.* Lagt er til að lögfest verði í bókhaldslögum ákvæði um fésektaábyrgð lögaðila, án tillits til sakar, svipað ákvæðum þeim sem nú er að finna um skattabrot í 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960. Ákvæðin þyrftu þó öll að vera nokkru hnitmiðaðri.

8.3 Bætt skatteftirlit.

8.3.1 Skipulag og vinnubrögð.

Starfshópurinn telur brýna þörf á breyttri stjórnun og gjörbreyttum vinnubrögðum skattyfirvalda einkum við álagningu og eftirlit. Virðist umtalsverð skipulagsbreyting nauðsynleg til að framkvæma nútímalegri og markvissari vinnubrögð.

Tillögur okkar á þessu sviði eru eftirfarandi:

a. Aðaltillaga okkar er sú að breyta embætti ríkisskattstjóra í stofnun, sem fari með faglega stjórnun og verkstjórnarvald í skattamálum á öllu landinu. Skattstofurnar í núverandi mynd yrðu þá óþarfar. Með tilkomu slíkrar stofnunar gæfist tækifæri til mikillar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða varðandi einstaklingsframtöl, en ekki síður rekstrarframtöl. Með því yrði takmarkað starfslið betur nýtt. Einstaklingsframtöl eru að verulegum hluta nauðaeinföld, þar sem 10% frádrátturinn er nýttur af yfirgnæfandi meiri hluta framteljenda. Þetta er skynsmlegt, — en þó ekki nauðsynlegt að vinna á einni stofnun. Um atvinnurekstrarframtöl gildir þetta í enn ríkara mæli. Þau á skilyrðislaust að vinna á einum stað, þar sem nægilega sérhæft starfsfólk er fyrir hendi, þ.e. í Reykjavík.

Skattstofurnar í núverandi mynd legðust niður skv. þessari tillögu. Þó mætti hugsa sér einhvers konar umboðsskrifstofur út um land. Þær gætu þjónað til upplýsinga- og gagnaöflunar á viðkomandi svæði. Einnig mætti hugsa sér að þær gætu haft með höndum eftirlit með bókhaldi og framkvæmd bókhaldslaga.

b. Til vara leggjum við til að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra yfir skattstofunum verði eflt og öll atvinnurekstaraframtöl hvaðanæva af landinu verði unnin hjá embættinu. Skattstofum verði fækkað, t.d. í fimm, og þar fari fram úrvinnsla einstaklingsframtala og álagning auk gagnaöflunar og upplýsingaþjónustu. Gæta verður þess að slíta ekki atvinnurekstrarframtölin og úrvinnslu þeirra frá söluskattsálagningu, og yrði hún því líka að flytjast til embættis ríkisskattstjóra. Þetta mundi leysa þann skort sem er nú á menntuðu starfsliði í hverri skattstofu fyrir sig því að atvinnurekstrarframtöl úti á landi eru jafnflókin og erfið og í Reykjavík. Það er hins vegar mun auðveldara að ná í hæft og kunnáttumikið starfsfólk í Reykjavík en víða úti á landi. Slíkt fyrirkomulag hefði allar forsendur til betra eftirlits og virkari vinnubragða en núverandi kerfi sem í reynd er of óvirkt og ómarkvisst. Meginkostur slíkra breytinga er samræmd ábyrgð og ótvíræð verkstýring sem hlýtur að leiða til skilvísara og „réttlátara“ skattkerfis.

c. Gera þarf verulegt átak í menntunarmálum starfsmanna sem starfa að skattamálum. Skattkerfið fæst aldrei til að starfa með neinum þrótti fyrr en það hefur nægilegt úrval sérhæfðs, menntaðs starfsfólks. Endurvekja þarf skattaskólann og festa hann í sessi. Eflaust mun þurfa að huga að launakjörum þess fólks um leið ef ráða á hæfa og menntaða starfsmenn.

8.3.2 Eftirlitssveit.

Starfshópurinn leggur til að komið verði á laggirnar við embætti skattrannsóknarstjóra sérstakri eftirlitssveit 5–7 sérþjálfaðra og hæfra skattrannsóknarmanna. Sveitin hafi það hlutverk m.a. að gera skyndikannanir bæði á bókhaldi fyrirtækja svo og á öðrum þeim sviðum í tengslum við skatteftirlit sem hún telur nauðsynlegt að vinna að hverju sinni. Hún taki einnig til rannsóknar sérstök flókin og erfið framtöl og safni að sér vettvangsgögnum á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins sem nota mætti í baráttunni gegn skattsvikum.

8.3.3 Endurmat hlunninda.

Það tíðkast í æ ríkari mæli að ýmiss konar hlunnindi komi í stað launahækkana og gerir það skatteftirlit allt erfiðara en ella. Þannig hafa ökutækjastyrkir hækkað úr 0,6% af

framtöldum launum og launatengdum greiðslum árið 1980 í tæp 1,9% 1984. Þetta hefur gerst í skjóli þess að slíkar launagreiðslur hafa fengið aðra skattalega meðferð en laun vegna þess að erfitt er að meta hvort þær eru vegna kostnaðar af starfinu eða dulbúnar launagreiðslur. Við leggjum til að fjármálaráðherra láti fara fram gagngera athugun á hvers konar hlunnindagreiðslum, svo sem ökutækjastyrkjum, bifreiðaafnotum, dagpeningum, risnufé, námsferðum o.s.frv., með það fyrir augum að endurmeta skattameðferð þeirra og samræma betur venjulegum launagreiðslum. Rétt er að minna á að heilum launakerfum hefur verið breytt til að auka hlunnindagreiðslur í stað beinna launahækkana.

Sþ. 161. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við ályktunartillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna („frystingu") og felur ríkisstjórninni að styðja þá tillögu á allsherjarþinginu eins og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa þegar gert.

Greinargerð.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa tillögur með áskorun á risaveldin, Sovétríkin og Bandaríkin, um að stöðva kjarnorkuvígbúnað, svonefnd frysting kjarnavopna, verið bornar fram og samþykktar nokkur undanfarin ár.

Sú tillaga, sem mest fylgi hefur hlotið um þetta efni, hefur verið borin fram af Mexíkó, Svíþjóð og nokkrum fleiri ríkjum. Hlaut hún 131 atkvæði á allsherjarþinginu í fyrra, 10 ríki, aðallega vestræn stórveldi, greiddu atkvæði gegn tillögunni en 8 ríki sátu þá hjá, þar á meðal Ísland. Aðrar Norðurlandaþjóðir, Danir, Norðmenn, Svíar og Finnar, greiddu tillögunni atkvæði.

Hliðstæð tillaga kom fram á allsherjarþinginu 1984 og var þá samþykkt með 129 atkvæðum. Þær breytingar urðu helstar á afstöðu ríkja til tillögunnar milli þinga að Norðmenn og Nýsjálendingar, sem sátu hjá 1984, greiddu atkvæði með ályktuninni 1985.

Sams konar tillaga (L. 64) um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar kom enn fram í 1. nefnd allsherjarþingsins, sem fjallar um afvopnun og öryggsimál, 30. október s.l. (sjá fskj. I.) og í nefndinni voru greidd atkvæði um tillöguna 11. nóvember 1986. Þar var tillagan samþykkt með 118 atkvæðum, 12 voru á móti, aðallega NATO-ríki, en 4 ríki sátu hjá: Ísland, Holland, Spánn og Kína (sjá fskj. II.).

Í hópi landa, sem greiddu atkvæði með tillögunni, voru m.a. NATO-ríkin Danmörk, Noregur og Grikkland.

Utanríkisráðherra hefur þannig fyrirskipað sömu afstöðu til tillögunnar og í fyrra og *Ísland er eina Norðurlandaþjóðin sem ekki styður málið.*

Alþingi hefur enn aðstöðu til að lýsa vilja sínum til þessa máls áður en tillagan gengur til atkvæða á allsherjarþinginu innan fárra vikna.

Alþingi samþykkti hinn 23. maí 1985 ályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum þar sem m.a. kemur fram eindreginn stuðningur við stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar (sjá fskj. III.).

Vegna afstöðu utanríkisráðherra til þessa máls er nauðsynlegt að Alþingi taki af allan vafa um afstöðu til hugmyndarinnar um frystingu kjarnavopna.

Fylgiskjal I.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR
ALLSHERJARÞINGIÐ

30. október 1986.

Fertugasta og fyrsta þing
FYRSTA NEFND
dagskrárliður 61 (d).

Endurskoðun og framkvæmd á efni lokaskjals tólfta auka-allsherjarþingsins.
Framkvæmd samþykktar allsherjarþingsins, nr. 40/151C, um frystingu kjarnavopna.

Indónesía, Mexíkó, Pakistan, Perú og Svíþjóð:

Allsherjarþingið,

minnugt þess að í lokaskjali 10. auka-allsherjarþingsins, fyrsta auka-allsherjarþings um afvopnunarmál, sem samþykkt var 1978 og staðfest á ný samhljóða og eindregið á tólfta auka-allsherjarþinginu, öðru auka-allsherjarþinginu helguðu afvopnun, lét allsherjarþingið í ljós þungar áhyggjur vegna þeirrar ógnunar sem tilvist mannkyns stafar af kjarnavopnum og áframhaldandi vígbúnaðarkapphlaupi,

minnugt þess einnig að þingið, við umrædd tækifæri, vakti athygli á að núverandi birgðir kjarnavopna væru meira en nægilegar til að útrýma lífi á jörðu og lagði áherslu á að mannkyn ætti því um tvo kosti að velja: að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og snúa sér að afvopnun eða horfast í augu við gereyðingu,

hafandi hugfast að þjóðhöfðingjar eða forsætisráðherrar sex aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna frá fimm heimsálfum lýstu yfir í Delhi-yfirlýsingunni frá 28. janúar 1985: „Það skiptir nú sköpum að kjarnavopnakapphlaupið verði stöðvað. Með því einu er unnt að tryggja að kjarnavopnabirgðir vaxi ekki á meðan samningaviðræður standa yfir", að í Mexíkó-yfirlýsingunni frá 7. ágúst 1986 var lögð áhersla á að þau „haldi áfram að hvetja til þess að það sem hingað til hefur verið einhliða frestun annars hinna tveggja kjarnorkuvelda ætti fljótlega að verða að minnsta kosti tvíhliða frestun", og að á sama stórveldafundinum var gefið út skjal um sannprófunarráðstafanir til þess að flýta fyrir tafarlausri stöðvun kjarnorkutilrauna,

í þeirri trú að brýna þörf beri til að koma í veg fyrir hvers kyns frekari aukningu hinna ógnvænlegu kjarnavopnabirgða kjarnorkuveldanna tveggja sem þegar hafa yfir að ráða óumdeilanlegri endurgjaldsgetu og geigvænlegum umframeyðingarmætti,

með tilliti til þess að þjóðhöfðingjar eða forsætisráðherrar óháðra ríkja á síðustu ráðstefnu sinni, sem haldin var í Harare, beindu því til leiðtoga ríkjanna tveggja að fylgja eftir án tafar og í anda velvilja þeim markmiðum sem þeir sjálfir settu í Genf,

fagnandi einhliða frestun kjarnorkutilrauna sem Sovétríkin lýstu yfir í ágúst 1985 og þau hafa framlengt við fjögur mismunandi tilefni, síðast til 1. janúar 1987,

með hliðsjón af því að frysting kjarnavopna, þótt hún sé ekki lokatakmark í sjálfu sér, mundi marka árangursríkasta frumskrefið til að koma í veg fyrir áframhaldandi fjölgun og tæknilega þróun núverandi gerða kjarnavopna meðan samningaviðræður standa yfir, og á

sama tíma mundi það veita hagstæðar aðstæður til samningaviðræðna um að fækka og að lokum útrýma kjarnorkuvopnum,

fyllilega sannfært um að aðstæður nú séu hinar ákjósanlegustu fyrir slíka frystingu þar eð Sovétríkin og Bandaríkin búa nú yfir jafnmiklum hernaðarmætti á sviði kjarnorku og augljóst virðist að í heild sé nokkurn veginn jöfnuður með þeim,

í vitund þess að notkun þeirra aðferða við könnun, sannprófun og eftirlit, sem þegar hefur verið fallist á í nokkrum fyrri tilvikum, mundi nægja til að veita sanngjarna tryggingu fyrir trúverðugum efndum skuldbindinga sem frysting felur í sér,

sannfært um að það yrði öllum öðrum ríkjum, er ráða yfir kjarnavopnum, í hag að fylgja fordæmi tveggja mestu kjarnorkuveldanna:

1. *hvetur enn einu sinni* Sovétríkin og Bandaríkin, sem tvö fremstu kjarnorkuveldin, til að lýsa yfir, annaðhvort með einhliða yfirlýsingu samtímis eða með sameiginlegri yfirlýsingu, tafarlausri frystingu kjarnavopna sem verða mundi fyrsta skref í átt til allsherjaráætlunar um afvopnun er að formi og umfangi yrði sem hér greinir:

(a) hún mundi fela í sér:

(i) allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og skotbúnað þeirra,

(ii) algera stöðvun framleiðslu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,

(iii) bann við allri frekari uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,

(iv) algera stöðvun framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarlegum tilgangi;

(b) hún yrði háð viðeigandi eftirlitsráðstöfunum og reglum, svo sem þeim er þegar hefur orðið samkomulag um í SALT I og SALT II samningunum, svo og þeim sem grundvallarsamstaða hefur náðst um í undirbúningsviðræðum þríhliðasamninganna, um allsherjarbann við tilraunum, sem haldnar eru í Genf;

(c) hún yrði í fyrstu miðuð við fimm ára tímabil, með fyrirvara um framlengingu eftir að önnur kjarnavopnaríki gerast þátttakendur í slíkri frystingu, eins og allsherjarþingið hvetur þau til;

2. *óskar eftir* því við fyrrnefndu tvö mestu kjarnavopnaveldin að þau leggi fram sameiginlega skýrslu eða tvær aðskildar skýrslur til allsherjarþingsins, áður en fertugasta og annað þing þess hefst, um framkvæmd þessarar ályktunar;

3. *ákveður* að setja á bráðabirgðadagskrá fertugasta og annars þingsins dagskrárlið er beri heitið: „Framkvæmd ályktunar allsherjarþingsins nr. 41/... um frystingu kjarnavopna."

Fylgiskjal II.

Atkvæðagreiðsla í 1. nefnd allsherjarþings
Sameinuðu þjóðanna 11. nóv. s.l. um tillögu Mexíkó, Svíþjóðar o.fl.
um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna (frystingu).

Tillagan var samþykkt með 118 atkvæðum gegn 12, 4 sátu hjá, 24 voru fjarverandi.

Samþykkir: Afganistan, Alsír, Angóla, Argentína, Ástralía, Austur-Þýskaland, Austurríki, Bahamaeyjar, Bahrain, Bangladesh, Barbados, Benín, Bhútan, Bólivía, Botswana, Brasilía, Brúnei (Daruesalam), Búlgaría, Burkina Faso, Burma, Burundi, Chad, Chile, Comoreyjar, **Danmörk**, Djibouti, Egyptaland, Ekvador, Eþíópía, Filippseyjar, **Finnland**, Fílabeinsströndin, Gabon, Ghana, Grikkland, Guatamala, Guinea, Guinea Bissau, Guyana,

Hvíta-Rússland, Indland, Indónesía, Írak, Íran, Írland, Jamaica, Jórdanía, Júgóslavía, Kamerún, Kenýa, Kongó, Kólumbía, Kuwait, Kúba, Kýpur, Laos, Lesotho, Líbanon, Líbería, Líbýa, Lýðveldið Yemen, Madagaskar, Malawí, Malaysía, Maldiveyjar, Malí, Malta, Marokkó, Mauritanía, Mauritius, Mexíkó, Mið-Afríku lýðveldið, Mongólía, Mósambik, Nepal, Nikaragúa, Níger, Nígería, **Noregur**, Nýja-Sjáland, Oman, Pakistan, Panama, Papúa Nýja-Guinea, Paraguay, Perú, Pólland, Qatar, Rúmenía, Sameinuðu arabafurstadæmin, Samoaeyjar, Saudi-Arabía, Senegal, Sierra Leone, Singapore, Sómalía, Sovétríkin, Sri Lanka, Súdan, Surinam, **Svíþjóð**, Sýrland, Tanzanía, Tékkóslóvakía, Thailand, Togo, Trinidad og Tobago, Túnis, Úganda, Úkraína, Ungverjaland, Uruguay, Venezúela, Víetnam, Yemen, Zaire, Zambía, Zimbabwe.

Á móti: Bandaríki Norður-Ameríku, Belgía, Bretland, Frakkland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Luxemburg, Portúgal, Vestur-Þýskaland, Tyrkland.

Sátu hjá: Holland, **Ísland**, Kína, Spánn.

Fjarverandi: Albanía, Antigua og Barbuda, Belize, Costa Rica, Dóminíka, Dominíska lýðveldið, El Salvador, Fidjieyjar, Gambía, Grenada, Grænhöfðaeyjar, Haiti, Hondúras, Kampútsea, Miðbaugs-Guinea, Rúanda, Saint Christopher og Nevis, Saint Lucia, Saint Vincent, Salomonseyjar, Sao Tomé og Principe, Seychelleyjar, Swaziland, Vanuatu.

Fylgiskjal III.

ÞINGSÁLYKTUN UM STEFNU ÍSLENDINGA Í AFVOPNUNARMÁLUM

(Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.)

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Sþ. 162. Fyrirspurn [152. mál]

til utanríkisráðherra um afstöðu Íslands á allsherjarþinginu til tillögu um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar stórveldanna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar að sitja hjá við afgreiðslu ályktunartillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 11. nóv. s.l. um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar stórveldanna?

Ed. 163. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Á eftir 3. málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Iðntæknistofnun Íslands skal heimilt með samþykki stjórnar stofnunarinnar og iðnaðarráðherra að eiga minnihlutaaðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum sem séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaða ábyrgð og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem Iðntæknistofnun vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum um Iðntæknistofnun Íslands verði breytt á þann veg að stofnuninni verði heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum er hagnýti niðurstöður verkefna sem stofnunin vinnur að. Áhugi atvinnulífsins á að hagnýta niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna er að aukast og hefur sá áhugi beinst að stofnun sérstakra fyrirtækja um slík verkefni. Má í þessu sambandi nefna nýlega breytingu á lögum um Háskóla Íslands sem heimilar háskólanum að eiga hlutdeild í fyrirtækjum sem fást við rannsókna- og þróunarstarfsemi. Stjórn Iðntæknistofnunar hefur því óskað eftir að gerð verði sú breyting á lögum um stofnunina að henni verði heimilt að eiga aðild að starfandi fyrirtækjum.

Helstu kostir þess að geta tekið þátt í stofnun fyrirtækja, sem verða til vegna verkefna sem unnin eru á vegum Iðntæknistofnunar, eru eftirfarandi:

1. Þátttaka í slíkum fyrirtækjum eykur tengsl Iðntæknistofnunar við atvinnulífið og þar með skilning starfsmanna á þörfum þess.
2. Iðntæknistofnun fær greitt fyrir forvinnu við rannsóknir og þróun með hlutabréfum. Með því að selja hlutabréfin síðar má afla sértekna og fá endurgreiddan hluta þess kostnaðar sem viðkomandi rannsókna- og þróunarverkefni hefur í för með sér fyrir stofnunina.
3. Nýjar leiðir opnast til frekari rannsókna í samvinnu við slík fyrirtæki. Mun það byggja upp þekkingu og auka sértekjur við grunnrannsóknir sem í dag eru mjög takmarkaðar vegna fjárskorts íslenskra fyrirtækja til að stunda kostnaðarsamar grunnrannsóknir.
4. Auknir möguleikar opnast til að ráða og halda starfsmönnum með viðamikla sérfræðiþekkingu þar sem t.d. má bjóða þeim hlutastörf í slíkum fyrirtækjum.
5. Aukin meðvitund skapast hjá starfsmönnum stofnunarinnar um gildi grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna.

Tekið skal fram að aðild Iðntæknistofnunar að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum verður háð samþykki stjórnar stofnunarinnar og iðnaðarráðherra hverju sinni eins og fram kemur í frumvarpinu. Þá verður heimildin takmörkuð við félög með takmarkaða ábyrgð þannig að áhætta stofnunarinnar verði afmörkuð við hlutafjárframlög.

Einstakar greinar frumvarpsins þurfa eigi nánari skýringa við.

Sþ. 164. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um afnám einokunar ríkisins á innflutningi og sölu áfengis og tóbaks.

Flm.: Bessí Jóhannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, og lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sem felur í sér afnám einokunar ríkisins á innflutningi og sölu áfengis og tóbaks.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt sem liður í því að færa sem flest verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins, til einkaaðila. Innflutningur og sala áfengis og tóbaks er í höndum ríkisvaldsins samkvæmt áfengislögum og lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Áfengi og tóbak eru vörur sem innflytjendur geta annast innflutning og sölu á eins og öðrum varningi. Óþarft er að ríkið þurfi að bera kostnað af birgðum og rekstri verslana og skrifstofu til að annast pantanir og þjónustu við heildsala. Um leið og einokun verður aflétt má hugsa sér að einkaaðilar taki að sér sölu og dreifingu þessara vörutegunda. Heildsalar verða sjálfir að bera kostnað af birgðum enda verður lögmálið um framboð og eftirspurn látið ráða ferðinni. Ljóst er að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur haft mikinn kostnað af birgðahaldi. Núverandi forstjóri hefur leitast við að minnka þessar birgðir og um leið að fækka tegundum áfengis. Hefur það verið gert með útsölu á áfengi sem ýmsum þykir nokkuð sérstæð aðferð og ekki í samræmi við þá stefnu að hafa áfengi dýrt. Þessar útsölur hafa og verið auglýstar eins og um hverja aðra drykkjarvöru sé að ræða. Tekjur ríkisins af áfengi og tóbaki ættu að geta aukist við þessa beytingu því umtalsvert fé sparast við það að Áfengis- og tóbaksverslunin verði lögð niður.

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um endurskoðun laga um almannatryggingar.

Flm.: Þórdís Bergsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nú þegar nefnd sérfræðinga og fulltrúa þingflokkanna til þess að endurskoða lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, þar sem höfð yrði hliðsjón af breyttum viðhorfum, t.d. fyrirbyggjandi heilsuvernd, og því að samræma og einfalda löggjöfina. Skal nefndin skila tillögum til ráðherra fyrir árslok 1987.

Greinargerð.

Frá því að fyrsti vísir að almannatryggingalögum var settur með lögum um alþýðutryggingar 1936 hefur aldrei liðið eins langur tími og nú milli heildarendurskoðunar laganna. Fyrstu heildarlög um almannatryggingar voru sett 1946 og endurskoðuð 1956, 1963 og 1971. Á undanförnum árum hafa verið skipaðar nefndir til þess að endurskoða lögin, nú síðast 1984, en lítið hefur komið út úr vinnu þeirra ef frá eru taldar tillögur nefndar frá 1978 um nokkra þætti almannatrygginga sem lögfestir voru það sama ár.

Liðinn er hálfur annar áratugur frá síðustu heildarendurskoðun. Á þessum tíma hafa milli 40 og 50 breytingar verið gerðar á lögunum, enda hafa viðhorf breyst verulega á

þessum tíma og má þar sem dæmi nefna ákvæði um fæðingarorlof og um heimilisuppbót. Gefur auga leið að lög, sem þurfa svo oft breytinga við, úreldast og verða almenningi lítt eða ekki skiljanleg. Er nú svo komið að aðeins örfáir sérfróðir menn í ríkiskerfinu þekkja lögin til hlítar. Lög sem almenningur ekki skilur eru ólög. Fyrir því er mjög brýnt að lögin verði felld saman í eina samstæða heild og einfölduð eins og mögulegt er.

Frá því almannatryggingalög voru endurskoðuð síðast 1971 hafa orðið miklar breytingar í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Sést þetta best á lögum um heilbrigðisþjónustu sem upphaflega voru sett 1973 með gildistöku 1. janúar 1974, nú lög nr. 59/1983. Þar er m.a. kveðið á um starfsemi heilsugæslustöðva og rekstur heilsuverndargreina. Er þar lögð áhersla á fyrirbyggjandi heilsuvernd. Í lögum um almannatryggingar er hins vegar ekki gert ráð fyrir þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við slíka heilbrigðisþjónustu heldur eingöngu þegar skaðinn er skeður, þ.e. þegar sjúkdómurinn þarfnast lækningar. Má segja að almannatryggingalög vinni óbeint gegn því að landsmenn sinni fyrirbyggjandi heilsuvernd sem þegar öllu er á botninn hvolft gæti í mörgum tilvikum leitt til sparnaðar þar sem sjúkdómur næði ekki fótfestu með tilheyrandi kostnaði fyrir sjúkratryggingakerfið. Er mjög brýnt að mörkuð verði stefna í þessu máli þannig að hið opinbera greiði ekki síður fyrir fyrirbyggjandi heilsuvernd en fyrir sjúkraþjónustu á sjúkrahúsum sem er mönnum að kostnaðarlausu.

Til þess að vinna þetta verk er nauðsynlegt að skipa nefnd sérfróðra manna á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og þingflokkanna og þarf að hraða verkinu svo að frumvarp til nýrra almannatryggingalaga verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Sþ. 166. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana.

Flm.: Jón Magnússon, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga verði skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands.

Greinargerð.

Flutningsmenn hafa flutt tillögu sama efnis fjórum sinnum áður, síðast á 106. löggjafarþingi.

Tillögu þessari er ætlað að styrkja eftirlitshlutverk Neytendasamtakanna og Verslunarráðs með efnislegum gjaldskrárbreytingum opinberra þjónustufyrirtækja. Með efnisbreytingum er átt við aðrar breytingar en þær gjaldbreytingar sem beinlínis leiðir af almennri verðlagsþróun í landinu.

Þegar þessi tillaga var fyrst lögð fram á 102. löggjafarþingi var aðeins lagt til að Neytendasamtökin yrðu umsagnaraðili. Þá fylgdi tillögunni svofelld greinargerð í meginatriðum:

„Ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilfellum einokunarrétt á framleiðslunni. Það er því eðlilegt að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrám og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Slíkt aðhald á að sjálfsögðu að vera að meginstofni til hjá Alþingi, en öllum er ljóst að það hlýtur

ávallt að vera nokkuð takmarkað. Alþingi setur lög um ríkisstofnanir, en starfsemi þeirra er í mörgum atriðum stakkur sniðinn með reglugerðum ráðuneyta og stofnana.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem hafa unnið sér rétt til að koma fram fyrir hönd neytenda á ýmsum sviðum. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni falið að láta ríkisstofnanir leita umsagnar samtakanna á gjaldskrárbreytingum, en slíkt stuðlar að sterkari stöðu Neytendasamtakanna almenningi til hagsbóta.“

Skömmu eftir að tillagan var lögð fram, nánar tiltekið 23. apríl 1980, barst þáverandi flutningsmanni svofellt bréf frá Verslunarráði Íslands, undirritað af Árna Árnasyni framkvæmdastjóra:

„Þann 18. júní 1979 skipaði framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands nefnd til að kanna gjaldskrá og þjónustu Pósts og síma. Skilaði nefndin niðurstöðum sínum nú í ársbyrjun og voru þær þá kynntar fréttamönnum. Fylgja þær hér með.

Þegar þessi vinna var unnin var sú hugmynd rædd, m.a. við Neytendasamtökin, að æskilegt væri að samtökin fyrir hönd neytenda og Verslunarráð Íslands fyrir hönd atvinnulífsins ættu aðild að undirbúningi gjaldskrár Pósts og síma hverju sinni. Verslunarráðið fagnar því fram kominni tillögu til þingsályktunar um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana.

Það skiptir atvinnulífið miklu máli hvernig gjaldskrám opinberra þjónustustofnana er háttað. Má þar einkum nefna rafveitur og póst- og símaþjónustu. Eðlilegt má telja að við slíkar gjaldskrárákvarðanir sé fylgt ákveðnum meginreglum:

1. Starfsemin í heild standi undir kostnaði.
2. Hver þjónustuþáttur standi einungis undir þeim kostnaði sem þeirri þjónustu er samfara, ásamt þátttöku í heildarkostnaði.

Á þessu hefur hins vegar verið töluverður misbrestur.

Í Bandaríkjunum má nefna að neytendasamtök og verslunarráð eiga þess kost að kanna við gjaldskrárbreytingar hvort notendum sé mismunað í gjaldskrá og gagnrýna tilkostnað við þjónustuna. Er mjög æskilegt að koma slíku fyrirkomulagi á hér. Þar sem fyrirtæki úr flestum greinum atvinnulífsins eiga aðild að Verslunarráði Íslands gæti það verið hlutlaus aðili gagnvart atvinnulífinu til að koma fram fyrir þess hönd við gjaldskrárbreytingar. Eðlilegast er að Neytendasamtökin túlki hins vegar sjónarmið neytenda eins og lagt er til. Að lokum er rétt að undirstrika að gjaldskrá opinberra stofnana markist ekki af framfærsluskyldu við einstaka hópa heldur komi slíkur stuðningur fram á fjárlögum hverju sinni.“

Með tilliti til þessa bréfs þótti rétt að breyta tillögunni í núverandi horf og var það gert þegar hún var endurflutt á 105. löggjafarþingi. Þess skal getið að stjórn Neytendasamtakanna hefur eindregið hvatt til þess að tillaga þessi nái fram að ganga.

Flutningsmenn taka fram að þó að framangreint bréf frá Verslunarráði Íslands sé tekið inn í greinargerð þessa þá fallast þeir ekki að öllu leyti á þau sjónarmið sem þar koma fram, m.a. um framfærsluskyldu. Eðlilegt verður að teljast að verð fyrir þjónustu ákveðinna opinberra þjónustufyrirtækja sé í einhverjum mæli greitt af almannafé.

Í nágrannalöndum okkar eru mismunandi reglur í gildi hvað þau atriði varðar sem hér um ræðir. Í Bretlandi skipar ríkisstjórnin sérstakar eftirlitsnefndir til að fylgjast með starfsemi og verðlagningu einstakra ríkisfyrirtækja. Þá má einnig benda á að neytendasamtök annars staðar á Norðurlöndum hafa víðtækt eftirlit og umsagnarrétt um starfsemi og verðlagningu opinberra þjónustufyrirtækja.

Tillagan er nú flutt í fimmta sinn og þess freistað að fá hana samþykkta á þessu þingi, enda hefur hún fengið góðar undirtektir þingmanna úr öllum flokkum.

Nd. 167. Frumvarp til laga [157. mál]

um breytingu á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

Flm.: Jón Magnússon.

1. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðfararheimild er fyrir hendi og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa. Fógeti getur ex officio eða skv. beiðni dómhafa boðað dómfellda til að mæta við fyrirtöku gerðarinnar með áskorun sem hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda a.m.k. sjö dögum fyrir fyrirtökuna. Í áskoruninni skal getið um tilefni fyrirtökunnar og hvenær og hvar hún fari fram.

Mæti dómfelldi ekki við fyrirtöku gerðarinnar getur fógeti að kröfu og ábendingu dómhafa gert aðför í þinglýstum og skráðum eignum eða eignarréttindum dómfellda. Fógeti skal tilkynna dómfellda um aðförina með ábyrgðarbréfi.

Verði aðför ekki framkvæmd skv. ofangreindu getur fógeti framkvæmt hana að heimili dómfellda, starfsstöð hans eða þar sem dómfellda er að finna.

Ef dómur dæmir mann til að framselja muni eður af hendi láta má aðför hefja þar er þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi og er þá rétt aðför að hefja þar er hann verður fyrir eða munir hans eru sem til fullnægingar má nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lögð til sú breyting á aðfararlögunum að miðað er við að aðför hefjist að starfsstöð viðkomandi fógeta. Gerð er krafa um að gerðarþola sé birt áskorun um fyrirkall með a.m.k. sjö daga fyrirvara fyrir fyrirtökuna, en láti hann undir höfuð leggjast að mæta í fógetaréttinum megi framkvæma fjárnám í þinglýstum eða skráðum eignum hans eða eignarréttindum. Sé fjárnám framkvæmt með þeim hætti er sú skylda lögð á fógeta að senda gerðarþola tilkynningu í ábyrgðarbréfi. Önnur efnisákvæði lagagreinar þessarar eru óbreytt frá núverandi 33. gr. aðfararlaganna.

Þessi breyting, sem hér er lögð til, er sett fram í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og tímasóun við aðfarargerðir. Meginreglan skv. 33. gr. er sú að aðför skuli hefja á heimili gerðarþola sem hefur það í för með sér að fógeti, lögmaður og tveir vottar fara að heimili gerðarþola og framkvæma þar aðför, í flestum tilvikum í þinglýstum eða skráðum eignum eða eignarréttindum hans. Ljóst er að slíkt bakar gerðarþola ærinn kostnað, sérstaklega í dreifbýlinu, þar sem dæmi eru um að kostnaður gerðarþola vegna aðfarargerðarinnar nemi margfalt hærri fjárhæð en dómskuldinni með áreiknuðum vöxtum og málskostnaði. Þessi breyting mundi að sama skapi auðvelda störf fógeta og draga úr mannaflaþörf sýslumanna- og bæjarfógetaembætta því að ljóst er að löng og tímafrek ferðalög starfsmanna þeirra embætta valda því að þeir sinna ekki öðrum störfum á meðan.

Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er ekki dregið úr réttaröryggi gerðarþola, heldur eykst það ef eitthvað er. Nú veit gerðarþoli iðulega ekki um að fjárnám eða lögtak hafi verið gert í eigum hans fyrr en uppboðs hefur verið krafist eða eignir hans eru af honum teknar. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, fær gerðarþoli tilkynningu með góðum

fyrirvara um hvar og hvenær aðför á að framkvæma. Réttarstaða hans er því síst lakari nái umrædd breyting fram að ganga. Meginatriði málsins er því eins og að framan greinir að draga úr óþarfa tilkostnaði og tímasóun við aðfarargerðir hvort heldur er um að ræða lögtak eða fjárnám.

Lög um aðför eru frá árinu 1887. Nauðsynlegt væri að taka þau í heild til endurskoðunar hið fyrsta og aðlaga þau að breyttum aðstæðum. Sú breyting, sem hér er lögð til, er þó löngu orðin tímabær og ekkert verður séð því til fyrirstöðu að hún verði samþykkt og á hana reyni áður en til heildarendurskoðunar á aðfararlögum kemur.

Nd. 168. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1984 og 1. gr. laga nr. 121/1984:

1. Í stað „800 000 kr.“ í 2. málsl. 9. tölul. A.-liðs 1. mgr. komi: 1 425 280 kr.
2. Í stað „31 250 kr.“ og „62 500 kr.“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðs 1. mgr. komi: 55 675 kr. og 111 350 kr.
3. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðs 1. mgr. komi: 44 540 kr. og 89 080 kr.
4. Í stað „180 kr.“ í 1. málsl. 1. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 321 kr.
5. Í stað „31 880 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 56 798 kr.
6. Í stað „19 500 kr.“ í 2. málsl. 4. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 34 741 kr.
7. Í stað „4 210 kr.“ í 2. málsl. 3. tölul. D-liðs 1. mgr. komi: 7501 kr.
8. Í stað „159 380 kr.“ og „318 760 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tölul. E-liðs 1. mgr. komi: 283 952 kr. og 567 904 kr.
9. Í stað „630 kr.“ í 1. mgr. 2. tölul. E-liðs 1. mgr. komi: 1122 kr.
10. Í stað „35 000 kr.“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 62 356 kr.
11. Í stað „5 000 000 kr.“ og „10 000 000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: 8 908 000 kr. og 17 816 000 kr.

2. gr.

Í stað „45 000 kr.“ í 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 121/1984, komi: 80 172 kr.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 400 000 kr., skal reikna 18%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. lægri, en 400 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 400 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 200 000 kr.
2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 800 000 kr., skal reikna 28,5%.

3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 800 000 kr., skal reikna 38,5%. Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

Í stað „34 705 kr.“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985 og 4. gr. laga nr. 3/1986, komi: 56 640 kr.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. 1.–3. tölul. 5. gr. laga nr. 121/1984:

1. Í stað „7500 kr.“ og „11 250 kr.“ í 2. málsl. komi: 12 250 kr. og 18 350 kr.
2. Í stað „15 000 kr.“ í 3. málsl. komi: 24 500 kr.
3. Í stað „7500 kr.“ í 4. málsl. komi: 12 250 kr.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 69. gr. A og hljóði svo:

Vegna barna, sem um ræðir í 69. gr., skal ríkissjóður greiða framfæranda barns auk barnabóta sérstakan barnabótaauka enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. uppfyllt.

Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 24 500 kr.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna fer fram úr 490 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 840 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7% af því sem útsvarsstofn foreldris fer fram úr 334 050 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 684 050 kr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 589 084 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 111 834 kr.

Um barnabótaauka, þar á meðal um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr.

7. gr.

Í stað „312 500 kr.“ og „625 000 kr.“ í 2. málsl. 78. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 8/1984 og 6. gr. laga nr. 121/1984, komi: 556 750 kr. og 1 113 500 kr.

8. gr.

Í stað „917 647 kr.“ í 83. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 118/1985, komi: 1 525 000 kr.

9. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 9. tölul. A-liðs, 2. og 4. tölul. B-liðs, 1., 3. og 4. tölul. C-liðs, 3. tölul. D-liðs og 1. og 2. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 69. gr. A, 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1988.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 kemur fram að stefnt er að lækkun tekjuskatts á næsta ári frá því sem hann annars yrði að óbreyttri skattbyrði. Með frumvarpi þessu er ætlað að ná þessu markmiði.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar er reiknað með að meðaltekjubreyting á milli áranna 1985 og 1986 verði 31%. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að meðaltekjubreyting á milli áranna 1986 (tekjuárs) og 1987 (greiðsluárs) verði 15%. Er í þessu sambandi miðað við tekjubreytingar frá ársmeðaltali til ársloka 1986 og tekjubreytingar á árinu 1987 í takt við áætlaðar verðbreytingar samkvæmt þjóðhagsáætlun. Við aðstæður sem þessar, þ.e. mjög mismunandi launabreytingar annars vegar á milli tekjuáranna (1985/1986) sem segja til um breytingar á álagningarstofninum og á milli tekjuárs og greiðsluárs (1986/1987) hins vegar, er ógerlegt að ákveða skattvísitölu sem leiðir til óbreyttrar skattbyrði. Það er því aðeins unnt þegar tekjubreytingin er hin sama milli þessara þriggja ára. Ef breyta á álagningarkerfinu þannig að það hafi í för með sér sömu skattbyrði á árinu 1987 miðað við samtímatekjur og raun varð á við álagningu 1986 ætti að hækka skattþrep og frádráttarliði frá tekjum um 31% til samræmis við hækkun á álagningarstofninum. Hins vegar ættu „greiðsluliðir", þ.e. fjárhæðir sem ríkið leggur fram til greiðslu á álögðum sköttum, svo sem persónuafsláttur og barnabætur, að breytast í samræmi við tekjubreytinguna á milli tekjuársins og greiðsluársins, þ.e. hækka um 15%. Jafnframt þyrfti að lækka skatthlutföll til samræmis við breytingar á launahækkun milli ára.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og í samræmi við það markmið að lækka skattbyrði um sem næst 300 m.kr. á næsta ári er í frumvarpi þessu í meginatriðum lagt til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á núgildandi álagningarkerfi:

1. Allir frádráttarliðir laganna eru hækkaðir í samræmi við hækkun á álagningarstofninum eða um 31%.
2. Skatthlutföll í skattstiga eru lækkuð sem hér segir:
   19,5% í fyrsta þrepi verði 18%, 30,5% í öðru þrepi verði 28,5% og 43,5% í efsta þrepi verði 38,5%. Jafnframt eru skattþrepin hækkuð um rúm 47% í stað 31%. Fyrsta þrepið verður samkvæmt þessu 400 000 kr. í stað 356 320 kr. og annað þrepið 800 000 kr. í stað 712 640. Þá er sem fyrr lagt til að heimiluð millifærsla 1. þreps milli hjóna verði að hámarki helmingur fyrsta þreps, þ.e. 200 000 kr. Annars yrði millifærsluheimild þessi að hámarki 178 160.
3. Persónuafsláttur, barnabætur og barnabótaauki er hækkað um 20% en ekki 15% eins og gert hefði verið ef stefnt væri að óbreyttri skattbyrði tekjuskatts á næsta ári. Frumvarpið felur og í sér að lagaákvæði um barnabótaauka verði gerð ótímabundin með ákvæðum þar að lútandi í lögum um tekju- og eignarskatt.
4. Skattfrelsismörk eignarskatts eru hækkuð um 23% eða um sama hlutfall og áætlað er að fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækki frá 1. desember 1985 til 1. desember 1986. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var við skattalagabreytingar í fyrra, þ.e. að láta fasteignamatshækkun á milli ára vera leiðbeinandi um hækkun skattfrelsismarka eignarskatts í stað tekjubreytinga á milli ára.

Auk þessa frumvarps verður lagt fram stjórnarfrumvarp um þá breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að fjárhæðir afsláttar til útsvars hækki um 31% frá síðustu álagningu. Þetta er nauðsynlegt þar eð bein vísun til hækkunar skattvísitölu fyrir árið 1987 hverfur með samþykkt þessa frumvarps. Enn fremur er af sömu ástæðu nauðsynlegt að breyta lögum um málefni aldraðra, lögum um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu og lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Þá er gert ráð fyrir að lög um sjúkratryggingagjald verði framlengd um eitt ár með þeirri breytingu

að skattleysismörk laganna hækki um 31%. Loks er gert ráð fyrir að skerðingarmörk barnabótaauka hækki um 31% vegna tekna og 23% vegna eigna, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Áhrif af breytingum þessum eru eins og að er stefnt lækkun skatta um 300 millj. kr. eftir að tekið hefur verið tillit til kauplagsbreytinga og skattbyrði haldið óbreyttri.

Á grundvelli úrtaks úr skattframtölum 1986 hafa skattar 1987 verið reiknaðir í samræmi við það álagningarkerfi sem hér er gerð tillaga um.

Samkvæmt úrtaki þessu má gera ráð fyrir að tekjuskattur til ríkisins, þ.e. tekjuskattur og sjúkratryggingagjald að frádregnum persónuafslætti og barnabótum, lækki um rúmlega 300 millj. kr. frá því sem verið hefði ef stefnt væri að óbreyttri skattbyrði.

Breytingar þessar mundu samkvæmt úrtakinu dreifast þannig:

	Fjöldi	Greiðsla miðað við óbreytta skattbyrði millj. kr.	Greiðsla skv. frumvarpi millj. kr.	Breyting millj. kr.
Hjón án barna	20.539	1.469	1.408	−60
Hjón með 1 barn	11.433	823	771	−52
Hjón með 2 börn	11.650	593	514	−79
Hjón með 3 börn eða fleiri	6.848	131	58	−73
Hjón alls	50.432	3.015	2.752	−263
Einhleypir	68.460	1.104	1.055	−49
Einstæðir foreldrar með 1 barn	4.442	−112	−129	−17
Einstæðir foreldrar með 2 börn eða fleiri	1.448	−102	−112	−10
Einstæðir foreldrar alls	5.890	−211	−238	−27
Framteljendur alls	175.221	3.883	3.550	−333

Að gerðum þeim breytingum, sem frumvarpið felur í sér, má reikna með að skattgreiðslur til ríkisins 1987 hefjist að meðaltali við þau mörk á tekjum á árinu 1986 sem hér fara á eftir. Sérstaklega skal undirstrikað að hér er um meðaltal að ræða miðað við framreiknuð framtöl tekjuársins 1985. Vegna mjög mismunandi frádráttar hjá framteljendum og mismunandi tekjuskiptingar á milli hjóna geta frávik í þessu efni orðið veruleg.

	þús. kr.
Hjón án barna	um 720
Hjón með 1 barn	um 840
Hjón með 2 börn	um 960
Hjón með 3 börn eða fleiri	um 1.080
Einhleypir	um 400
Einstæðir foreldar með eitt barn	um 590
Einstæðir foreldrar með tvö eða fleiri börn	um 740

Hæsti jaðarskattur í núverandi kerfi er 41,15% og er þá útsvar ekki meðtalið. Þessi jaðarskattur náðist við 604 þús. kr. tekjur á árinu 1985 sé reiknað með að framteljandi hafi notað 10% frádráttarregluna. Þetta tekjumark svarar til um 792 þús. kr. tekna á árinu 1986. Samkvæmt frumvarpinu verður hæsti jaðarskattur miðað við tekjuár 36,65% ef frádráttur er 10% og næst hann við um 889 þús. kr. tekjur á árinu 1986.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að tekjubreyting milli áranna 1985 og 1986 verði um 31%. Af þessu leiðir að

álagningarstofninn hækkar um 31% frá því sem hann var í ár. Í samræmi við þetta er í þessari grein lagt til að allir frádráttarliðir frá tekjum manna utan atvinnurekstrar samkvæmt 30. gr. laganna um tekju- og eignarskatt, sem ákveðnir eru sem föst fjárhæð en ekki hlutfall, hækki um 31%. Þeir frádráttarliðir, sem hér um ræðir, eru eftirfarandi í sömu röð og fram kemur í greininni:

1. Hámarksfrádráttur vegna starfsloka.
2. Hámarksfrádráttur vegna arðs af hlutabréfum.
3. Hámarksfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.
4. Sjómannafrádráttur.
5. Námsfrádráttur.
6. Frádráttur vegna kostnaðar við stofnun heimilis.
7. Hámarksfrádráttur vegna iðgjalda af lífsábyrgð.
8. Hámark vaxtafrádráttar hjá einstaklingum og hjónum.
9. Lágmarksfrádráttur vegna gjafa til menningarmála.
10. Lágmark fasts frádráttar (10% frádráttarins svokallaða).

Þá er í 11. tölul. lagt til að hámark fyrningargrunns íbúðarhúsnæðis, ef útleiga þess á ekki að teljast til atvinnurekstrar, hækki á sama hátt um 31%.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að hámark kostnaðarverðs einstakra eigna sem heimilt er að gjaldfæra í rekstri á kaupári hækki um 31%.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um breytingar á skattstigum og skatthlutföllum og vísast til þess sem sagt er í athugasemdum um þessi atriði.

Um 4. og 5. gr.

Í 4. gr. er gerð tillaga um breytingar á fjárhæð persónuafsláttar í samræmi við það sem frá er greint í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Á sama hátt er í 5. gr. kveðið á um sambærilegar breytingar á fjárhæð barnabóta.

Um 6. gr.

Eins og kunnugt er hefur sérstakur barnabótaauki verið greiddur árlega síðan 1984 samkvæmt sérstökum lögum sem sett hafa verið á hverju ári þar um. Samkvæmt þessari grein er lagt til að kveðið verði á um greiðslu barnabótaauka í lögum um tekju- og eignarskatt á þann hátt að þau verði framvegis ótímabundin. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að barnabótaauki, sem greiddur var á þessu ári skv. lögum nr. 112/1985, hækki um 20% eins og lagt er til um barnabætur en skerðingarmörk vegna tekna hækki um 31% og skerðingarmörk vegna eigna hækki um 23%.

Um 7. gr.

Grein þessi felur í sér að hámarksfrádráttur frá eignum vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðseigna er hækkaður um 31% eins og gerð er tillaga um aðra frádráttarliði, sbr. 1. gr.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að skattfrelsismörk eignarskatts hækki um 23% eða um sama hlutfall og gert er ráð fyrir að fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækki frá 1. desember 1985 til 1. desember 1986.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 169. Frumvarp til laga [159. mál]

um afborgunarkaup.

Flm.: Svavar Gestsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Það eru afborgunarkaup samkvæmt lögum þessum þegar lausafjárkaup fara fram með þeim hætti að kaupverðið greiðist í hlutum og einn eða fleiri hlutar þess falla í gjalddaga eftir að söluhluturinn hefur verið afhentur kaupanda og seljandi hefur áskilið sér rétt til þess að endurheimta hlutinn ef kaupandi efnir ekki skuldbindingar sínar eða hefur áskilið sér eignarrétt að hlutnum þar til greiðsla hefur verið innt af hendi að fullu eða að hluta.

Ef kaupverðið er að öllu eða einhverju leyti greitt með lánsfé, sem kaupandi hefur vegna kaupanna fengið fyrir milligöngu seljanda eða með vitund hans frá einhverjum þeim sem seljandi hefur fjárhagsleg tengsl við, skal afborgun af láninu skoðast sem afborgun kaupverðs.

Leigusamningar eða samningar, þar sem greiðslan annars vegar er endurgjald fyrir notkun hlutar, teljast einnig afborgunarkaup ef ætla má að fyrirhugað hafi verið að viðtakandi hlutar öðlist eignarrétt að honum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga ekki við um samninga sem gerðir eru um atvinnutæki eða milli tveggja eða fleiri atvinnurekenda.

Afborgunarverð er samkvæmt lögum þessum samanlagðar umsamdar greiðslur kaupanda.

2. gr.

Seljandi getur ekki svo gilt sé áskilið sér eignarrétt að söluhlut eða rétt til að endurheimta hlutinn nema hann hafi fengið minnst 20% afborgunarverðs greidd við afhendingu hlutar til kaupanda ef síðustu greiðslu samkvæmt samningnum á að greiða minnst ári eftir afhendingartíma, ella tólfta hluta afborgunarverðs. Útborgun skal þó ávallt nema minnst 15 000 kr.

3. gr.

Vanræki kaupandi greiðsluskyldur sínar hefur seljandi ekki af þeirri ástæðu rétt til að endurheimta hlutinn, krefjast greiðslu þess sem ógjaldfallið er eða bera fyrir sig önnur réttaráhrif vanefndanna nema greiðsludráttur kaupanda hafi varað minnst 20 daga frá gjalddaga og fjárhæð sú sem greiðsludráttur hefur orðið á sé annaðhvort minnst ½ hluti afborgunarverðs eða minnst 1/20 hluti afborgunarverðs felist fleiri en ein afborgun í greiðslunni eða um sé að ræða lokakröfu seljanda.

Hafi kaupandi greitt fjárhæð þá sem greiðsludráttur varð á ásamt vöxtum og kostnaði seljanda áður en hluturinn er tekinn úr vörslum hans getur seljandi ekki borið fyrir sig réttaráhrif þau sem um ræðir í 1. mgr.

4. gr.

Taki seljandi hlutinn aftur skal telja verðmæti hlutarins á þeim tíma, er honum er skilað, kaupanda til tekna við uppgjör aðilanna.

Með verðmæti hlutar er átt við þá upphæð sem seljandi getur fengið fyrir hlutinn við eðlilega endursölu, að lokinni nauðsynlegri lagfæringu á honum, gerist hennar þörf.

5. gr.

Nú endurheimtir seljandi söluhlut og er honum þá heimilt að telja sér til tekna:

1. Þær afborganir, sem ógreiddar eru þegar endurheimtan fer fram og komnar eru í gjalddaga samkvæmt samningnum.

2. Þann hluta annarra ógreiddra afborgana sem samsvarar hlutfalli staðgreiðsluverðs af afborgunarverði.
3. Vexti.
4. Óhjákvæmilegan kostnað vegna endurheimtunnar.

Með staðgreiðsluverði er átt við það verð sem unnt hefði verið að fá fyrir hlutinn við sölu gegn staðgreiðslu á þeim tíma er samningur var gerður. Þegar afborgunarverðið er 200 000 kr. eða lægra telst staðgreiðsluverð nema 9/10 hlutum afborgunarverðs sé annað ekki sannað.

6. gr.

Fari verðmæti hlutar fram yfir það sem seljandi getur talið sér skv. 5. gr. getur hann ekki endurheimt hlutinn nema hann greiði kaupanda samtímis mismuninn eða í þeim tilvikum sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 13. gr., setji tryggingu fyrir greiðslunni.

Sé verðmæti hlutarins minna en krafa seljanda samkvæmt 5. gr. getur hann ekki krafist hærri upphæðar en mismunarins.

7. gr.

Hafi seljandi krafist endurheimtu hlutar getur kaupandi gert upp viðskipti sín við seljandans með því að greiða lokakröfu hans eftir reglum 5. gr. Geri kaupandi það getur seljandi ekki endurheimt hlutinn.

8. gr.

Þegar fleiri en einn hlutur eru seldir með afborgunarkjörum samkvæmt einum og sama samningi og seljandi vill endurheimta þá hefur kaupandi rétt til að halda einum hlut eða fleirum eftir eigin vali gegn því að greiða fjárhæð er svarar til þess sem lokakrafa seljanda samkvæmt reglum 5. gr. er hærri en verðmæti hinna hlutanna.

Sé lokakrafan lægri en verðmæti þetta hefur kaupandi rétt til að fá það greitt sem umfram er um leið og endurheimtan fer fram.

9. gr.

Seljandi getur ekki áskilið sér að réttur kaupanda í afborgunarkaupum skuli háður því að kaupandi efni skuldbindingar sínar í öðrum kaupum eða greiði fjárhæð sem seljandi á ekki rétt á skv. 5. gr.

Enn fremur er seljanda óheimilt að áskilja sér að fjárhæð, sem kaupandi greiðir, renni til greiðslu annarra krafna kaupunum óviðkomandi nema þær eigi rætur að rekja til viðgerðar á söluhlut eða annarra ráðstafana honum viðvíkjandi.

Ákvæði í samningi um afborgunarkaup má víkja til hliðar að öllu eða að hluta ef það yrði talið óheiðarlegt eða andstætt góðum viðskiptaháttum að bera það fyrir sig.

Hafi verið samið um ósanngjarnt afborgunarverð skal verðið lækkað í það sem telst vera sanngjarnt. Sé svo, skal þá lækka síðustu afborgun eða afborganir er greiða skal samkvæmt samningnum. Hafi seljandi krafist óhæfilegs endurgjalds fyrir að veita kaupanda greiðslufrest eða aðrar tilslakanir á samningi skal lækkun fara fram með sama hætti og að framan greinir.

Í viðskiptum, sem lög þessi taka til, er óheimilt að nota víxla til tryggingar eða greiðslu þess hluta afborgunarverðs sem gjaldfrestur er veittur á.

Kaupandi hefur þó ekki rétt til þess að halda hlut sem er tengdur hlut þeim er seljandi tekur, á þann hátt, að aðskilnaðurinn hefði í för með sér verulega verðrýrnun þess sem endurheimt er.

10. gr.

Sé svo kveðið á í samningi um afborgunarkaup að vanefndir kaupanda leiði til þess að ógreiddar afborganir falli í gjalddaga fyrr en um hafði samist, og krefji seljandi þar af

leiðandi kaupanda um hærri fjárhæð en ella væri gjaldfallin, skal reikna kröfu seljanda eftir reglum 5. gr.

Seljandi getur ekki gert fjárnám fyrir kröfu sinni í hinu selda. Hins vegar getur seljandi gert fjárnám í öðrum eignum kaupanda.

11. gr.

Nú vill seljandi endurheimta hlutinn og skal hann þá snúa sér til fógeta um það að fullnægðum eftirtöldum skilyrðum:

1. Um kaupin hafi verið gerður skriflegur samningur sem undirritaður er af kaupanda.
2. Í samningnum sé fyrirvari um eignarrétt seljanda eða um rétt seljanda til endurheimtu.
3. Tilgreint sé í samningnum hvað kaupandi á að greiða svo og gjalddagi hverrar greiðslu.

Beiðni til fógeta skal vera skrifleg og með henni skal fylgja fyrrnefndur kaupsamningur og krafa seljanda, útreiknuð samkvæmt 4. gr.

12. gr.

Fógeti getur boðað kaupanda til skrifstofu sinnar. Ef seljandi krefst þess getur slík boðun farið fram áður en fógetagerð hefst.

Nú mætir kaupandi ekki á síðari stigum fógetagerðar samkvæmt lögum þessum og skal þá fógeti allt að einu taka málið til úrskurðar. Eiga þá reglur 3.–10. gr. laga þessara við eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Meðan á fógetagerð stendur ber fógeta að leiðbeina aðilum séu þeir ólöglærðir og hafi ekki atvinnu af málflutningsstörfum.

Fógeti ákveður verðmæti hlutar og, ef nauðsyn ber til, með aðstoð sérfróðra manna.

Ef annar hvor aðila sættir sig ekki við ákvörðun fógeta, getur fógeti tekið fyrri ákvörðun sína til endurskoðunar að undangengnu mati. Beiðni um slíkt mat verður að vera fram komin áður en fógetagerð er lokið og skal matsbeiðandi setja tryggingu fyrir matskostnaði. Fógeti ákveður við uppgjör á viðskiptum aðila hvor þeirra skuli bera kostnað af gerðinni.

Telji fógeti að fjárhæð sú sem seljandi hefur talið sér til kostnaðar við endurheimtu hlutarins sé hærri en sanngjarnt getur talist getur hann lækkað hana í það er honum finnst hæfilegt.

14. gr.

Leiki vafi á því hvort seljandi hefur rétt til þess að endurheimta hlutinn getur fógeti gert það að skilyrði fyrir gerðinni að seljandi setji tryggingu fyrir því tjóni sem ólögmæt endurheimta kann að valda kaupanda.

Nú leikur vafi á því hvort seljandi á að greiða kaupanda eitthvað vegna endurheimtu hlutarins eða hversu mikið hann skuli greiða og getur fógeti þá gert það að skilyrði fyrir gerðinni að seljandi setji tryggingu fyrir hinni umdeildu fjárhæð.

Sama regla gildir þegar annar aðila lýsir yfir því að hann muni vefengja ákvörðun um verðmæti skv. 13. gr. við áfrýjun.

Þegar um tryggingar er að ræða ber fógeta að benda kaupanda á ákvæði 13. gr.

15. gr.

Hafi fógeti fengið seljanda vörslur hlutarins skv. 1. eða 2. mgr. 14. gr. gegn því að setja tryggingu getur hvor aðila um sig krafist þess að fógeti úrskurði að hve miklu leyti fjárhæð sú sem sett er til tryggingar skuli renna til kaupanda eða afhent seljanda aftur. Beiðni um þetta skal leggja fram innan viku frá því að seljandi fékk vörslur hlutarins. Meðan á meðferð málsins fyrir fógetarétti stendur ber fógeti sömu leiðbeiningarskyldu sem við fógetagerðina

sjálfa. Fógeti skal tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra hvenær úrskurður verði kveðinn upp. Framfylgja má úrskurði eftir að 15 dagar eru liðnir frá uppkvaðningu hans enda hafi úrskurðinum ekki verið áfrýjað.

Nú líða fjórar vikur frá lokum fógetagerðar án þess að kaupandi hafi hafist handa um lögsókn gegn seljanda vegna endurheimtu hlutarins eða uppgjörs viðskiptanna og verður þá tryggingarféð afhent seljanda. Vefengi seljandi hins vegar ákvörðun á verðmæti hlutarins, sbr. 3. mgr. 14. gr., verður tryggingarféð afhent kaupanda hafi seljandi ekki hafist handa um lögsókn innan frests þess er áður greinir.

16. gr.

Óheimilt er kaupanda og seljanda að semja fyrir fram sín á milli um lakari kjör kaupanda til handa en kveðið er á um í ákvæðum laga þessara sem sett eru til verndar rétti kaupanda.

17. gr.

Ef sá sem í atvinnuskyni selur eða á þátt í sölu hluta með afborgunarkjörum hefur í þeim viðskiptum gerst sekur um óhæfilega viðskiptahætti gagnvart kaupendum má svipta hann rétti til að stunda slík viðskipti um tiltekinn tíma eða ævilangt sé um ítrekuð brot að ræða.

Réttindasvipting skv. 1. mgr. getur farið fram með dómi í refsimáli eða í sérstöku máli.

Sá sem í atvinnuskyni selur eða á þátt í sölu hluta með afborgunarkjörum andstætt ákvörðun skv. 1. mgr. skal sæta sektum.

18. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta með reglugerð ákvæðum 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. að því er varðar upphæðir.

Enn fremur er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð ákvæði 2. gr. að því er varðar hundraðshluta, almennt eða að því er varðar einstakar vörutegundir.

19. gr.

Allir úrskurðir og ákvarðanir fógetaréttar í málum, sem rekin eru með heimild í lögum þessum, skulu sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærumál þessi og meðferð þeirra skulu gilda hin almennu ákvæði hæstaréttarlaga um kærur.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og gilda um samninga sem gerðir verða eftir þann tíma.

Greinargerð.

Veturinn 1978–79 var til meðferðar á Alþingi stjórnarfrumvarp um afborgunarkaup. Frumvarpið kom til 2. umræðu og afgreiðslu í neðri deild 15. maí. Þar var birt umsögn Neytendasamtakanna sem var eindregið jákvæð og lauk með þessum orðum:

„Með hliðsjón af framansögðu mæla Neytendasamtökin með samþykkt frumvarps þessa um afborgunarkaup og leggja jafnframt áherslu á að mál þetta verði afgreitt á þingi því er nú situr.“

Verslunarráð Íslands taldi í umsögn sinni að frumvarpið mundi hafa það í för með sér að afborgunarkaup legðust niður þar sem seljendur kysu heldur að taka við víxlum en að taka fyrirvara um eignarrétt í söluvörunni. Þrátt fyrir þetta var frumvarpið samþykkt samhljóða í neðri deild og afgreitt þannig til efri deildar. Þar stöðvaðist málið vegna tímaskorts við lok þingsins.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens var gert ráð fyrir því að setja reglur um afborgunarkaup. Viðskiptaráðherra, Tómas Árnason, lét fara yfir frumvarpið í ráðuneyti sínu en lagði endurskoðaða útgáfu þess aldrei fyrir ríkisstjórn né Alþingi. Þess vegna er Ísland enn eina landið í Vestur-Evrópu sem ekki hefur neinar lagareglur um afborgunarviðskipti þótt allir játi nauðsyn þess að settar verði slíkar reglur.

Flutningsmenn telja óhjákvæmilegt að hreyfa þessu máli nú á þinginu. Er frumvarpið hér lagt fram óbreytt frá því sem það var eftir afgreiðslu neðri deildar Alþingis vorið 1979. Verður það vonandi grundvöllur til þess að Alþingi reki af sér slyðruorðið þegar á þessu þingi með því að samþykkja frumvarpið eins og það er eða með einhverjum breytingum sem samstaða kann að nást um.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að neytendastarf eigi að byggjast á samtökum neytenda. Samstarfið við verkalýðssamtökin á þessu ári hefur skilað miklum árangri. Í grannlöndum okkar eins og Svíþjóð hafa neytendastofnanir ríkisins sinnt þessum málum aðallega. Hér á landi hefur hins vegar orðið til neytendahreyfing. Eðlilegt er og sjálfsagt að ríkið styðji verulega við bakið á hreyfingunni, en hlutverk ríkisvaldsins á síðan að vera að efla almenna neytendavernd á vegum Verðlagsstofnunar og að setja almennar lagareglur.

Neytendamál koma sjaldan til umræðu á Alþingi sem er sérkennilegt þar sem neytendur og hagsmunir þeirra ráða úrslitum um marga veigamestu þætti efnahagsmála. Flutningsmenn telja að með frumvarpi þessu komist neytendamál á dagskrá Alþingis með afgerandi hætti, en þeir ætlast til þess að þingið sinni málinu alvarlega og afgreiði rammalöggjöf um þann þátt neytendaverndar sem frumvarpið fjallar um, afborgunarkaup.

Þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi veturinn 1978–79 fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Almennt.

Hér á landi, sem og víðast annars staðar, er alltítt að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti, að seljandi lánar kaupanda kaupverðið eða hluta þess um vissan tíma, t.d. þannig að kaupandi greiðir hluta kaupverðsins þegar í stað en greiðir síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Algengt er, að seljandi leitist við að tryggja skilvísa greiðslu eftirstöðva kaupverðsins með því að halda eignarrétti sínum yfir söluhlut, þar til kaupverðið er að fullu greitt, enda þótt kaupandi fái afnot söluhlutar þegar við kaupin. Þegar svo háttar, reynir að sjálfsögðu á margvísleg lögfræðileg vandamál, sem ekki koma til varðandi þau kaup þar sem kaupverðið er greitt út í hönd.

Víða um lönd hefur verið sett löggjöf um afborgunarkaup og mótast sú löggjöf yfirleitt af vilja löggjafans til að vernda hagsmuni kaupenda eða neytenda í þess háttar kaupum. Í upphafi þessarar aldar höfðu Danir, Norðmenn og Svíar með sér samvinnu um samningu laga um þetta efni. Árangur þess samstarfs kom fram í því, að í þessum löndum voru sett lög um afborgunarkaup, sem voru að verulegu leyti efnislega samhljóða. Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda í nóvember 1946 var ákveðið, að tekin skyldi upp endurskoðun á hinum norrænu lögum um afborgunarkaup, þar sem m.a. yrði tekið enn meira tillit til sjónarmiða neytenda en áður hafði verið. Frá því um 1950 hafa síðan verið gerðar ýmsar lagabreytingar í þessa átt á Norðurlöndum.

Hérlendis hefur engin löggjöf verið sett um afborgunarkaup með eignarréttarfyrirvara. Ákvæði laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, veita enga stoð um úrlausn margvíslegra og mikilvægra atriða, sem á reynir í kaupum af þessu tagi og vafasamt er að hve miklu leyti fastar viðskiptavenjur hafa myndast á þessu sviði. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að ráða hér bót á. Er leitast við að skýra sem best réttarstöðu og úrræði kaupanda og seljanda við afborgunarkaup og er um margt höfð hliðsjón af norrænum lögum um þetta efni. Að nokkru leyti beinast ákvæði frumvarpsins að því að vernda kaupanda gegn ósanngjörnum kröfum eða harkalegu framferði seljanda, einkum við endurheimtu söluhlutar, en jafnframt er lagt til að seljanda verði tryggð fullnægjandi úrræði vegna vanefnda kaupanda.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. eru afborgunarkaup skilgreind og verða eftirfarandi atriði að vera fyrir hendi til þess að um afborgunarkaup geti verið að ræða:

a. Um sé að ræða lausafjárkaup.
b. Kaupverðið sé greitt í hlutum.
c. Einn eða fleiri hlutar kaupverðs falli í gjalddaga eftir afhendingu söluhlutar.
d. Seljandi hafi áskilið sér endurheimtu eða eignarrétt.

Í 2. mgr. eru ákveðin viðskipti, sem fjármögnuð eru af þriðja aðila, lögð að jöfnu við afborgunarkaup.

3. mgr. felur það í sér, að leigusamningar og hliðstæðir afborgunarsamningar falla undir ákvæði frumvarps þessa, ef ætla má, að fyrirhugað hafi verið, að viðtakandi hlutar öðlaðist eignarrétt að honum og leigugreiðslur því í eðli sínu aðeins afborganir af hinum leigða hlut. Nauðsynlegt er að hafa ákvæði þetta til þess að koma í veg fyrir, að farið sé í kringum ákvæði frumvarpsins með þeim hætti, sem hér greinir, en í 4. mgr. er þó sérstaklega tekið fram, að ákvæði 2. og 3. mgr. eigi ekki við um samninga, sem gerðir séu um atvinnutæki eða milli tveggja eða fleiri atvinnurekenda.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessarar greinar er komið í veg fyrir, að unnt sé að áskilja endurheimtu eða eignarrétt, nema útborgun við afhendingu sé minnst 20% afborgunarverðs, ef síðustu greiðslu samkvæmt afborgunarsamningum á að greiða minnst ári eftir afhendingu. Sé afborgunartímabilið hins vegar skemmra en eitt ár miðast lágmarksútborgun við einn tólfta hluta afborgunarverðs þó þannig, að útborgun má aldrei vera lægri en 15 000 kr.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um, að óverulegar vanefndir kaupanda á greiðsluskyldum sínum í afborgunarviðskiptum, veiti seljanda ekki rétt til þess að endurheimta hlutinn, krefjast greiðslu þess, sem gjaldfallið er eða bera fyrir sig önnur réttaráhrif vanefndanna. Síðan er skilgreint nánar, hversu miklar vanefndir kaupanda verða að vera til þess, að seljandi geti beitt réttaráhrifum þeirra og kemur í því efni til álita bæði tími sá, sem greiðsludrátturinn hefur varað, og fjárhæð sú, sem greiðsludráttur hefur orðið á. Greiðsludrátturinn verður að hafa varað minnst 20 daga frá gjalddaga og fjárhæð sú, sem greiðsludráttur hefur orðið á verður að vera annaðhvort minnst 1/10 hluti afborgunarverðs eða minnst 1/20 hluti afborgunarverðs felist fleiri en ein afborgun í greiðslunni eða um sé að ræða lokakröfu seljanda. Að því er lokakröfu seljanda varðar verður hér að taka tillit til tveggja sjónarmiða. Annars vegar er um að ræða það sjónarmið kaupanda að fá að halda hlutnum, þegar hann hefur greitt mestan hluta verðsins, enda þótt greiðsludráttur verði á síðustu greiðslu. Hins vegar verður að hafa í huga hagsmuni seljanda og nauðsyn á virkum úrræðum honum til handa til að fá kröfu sína greidda. Ef kveðið yrði svo á um, að greiðsludráttur á lokakröfu veitti ekki heimild til að beita réttarúrræðum frumvarpsins, er hætt við, að seljendum yrði í mörgum tilvikum mjög torvelduð innheimta síðustu greiðslna. Því er lagt til að farinn verði meðalvegur í þessum efnum og sama regla verði látin gilda um lokakröfu og um greiðslu, sem fleiri en ein afborgun felst í, þ.e.a.s. nægilegt er, að lokakrafan svari til minnst 1/20 afborgunarverðs til þess að unnt sé að beita réttarúrræðum frumvarpsins að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Í 2. mgr. er réttur seljanda til að beita réttarúrræðum vegna vanefnda kaupanda enn frekar takmarkaður. Hér er um það að ræða, að greiðsludráttur hafi orðið, en kaupandi greiðir allt að einu, áður en endurheimta fer fram. Er þá kveðið svo á að seljandi geti ekki borið fyrir sig réttaráhrif þau, sem um ræðir í 1. mgr.

Um 4. gr.

Grein þessi kveður á um það, hvernig með skuli fara, ef seljandi endurheimtir hlut. Skal miða verðmæti hlutarins við söluverð hans á þeim tíma, er honum er skilað, en jafnframt er gert ráð fyrir því, að seljandi geti aukið verðmæti hlutarins með viðgerðum og smærri lagfæringum sé þess þörf og skuli það koma kaupanda til góða. Með þessu er tekið tillit til þess aðstöðumunar, sem er á milli kaupanda og seljanda, því að gera verður ráð fyrir, að seljandi geti með auðveldum hætti, kunnáttu sinnar vegna og aðstöðu, aukið verðmæti hlutar, og er því ekki nema sanngjarnt og í anda þessa frumvarps að slíkt komi kaupanda til góða. Samkvæmt þessu er verðmæti hlutar það, sem ætla má, að seljanda takist að fá fyrir hann í endursölu að frádregnum kostnaði við lagfæringar eða viðgerð á hlutnum, en að söluhagnaði ófrádregnum, sbr. orðalag greinarinnar sjálfrar, „sem seljandi getur fengið fyrir hlutinn við eðlilega endursölu“.

Um 5. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar er fjallað um það, sem seljanda er heimilt að telja sér til tekna við uppgjör aðilanna samkvæmt frumvarpi þessu.

Í 1. tölul. 1. mgr. er kveðið svo á um, að seljandi geti við endurheimtu talið sér til tekna „þær afborganir, sem ógreiddar eru, þegar endurheimtan fer fram og komnar eru í gjalddaga samkvæmt samningnum“. Hér er átt við hina eiginlegu gjalddaga, sem ákveðnir eru í afborgunarsamningnum sjálfum, þannig að ekki á að taka tillit til ákvæðis um, að vanefndir kaupenda leiði til þess, að allar afborganir séu gjaldfallnar.

Í 2. tölul. 1. mgr. segir, að seljandi geti talið sér til tekna „þann hluta annarra, ógreiddra afborgana, sem samsvarar hlutfalli staðgreiðsluverðs af afborgunarverði“. Ákvæði þetta leiðir til þess, að við uppgjör aðila verður að finna, hvert hlutfall staðgreiðsluverðs er af afborgunarverði og lækka ógreiddar og ógjaldfallnar afborganir, sem nemur því hlutfalli. Rök til þessa lækkunarákvæðis eru þau, að seljandi fær greiðslu alls þess, sem eftir stendur af afborgunarverði á því tímamarki, þegar endurheimtan fer fram og verður því að sætta sig við, að fjárhæð sú, er hér um ræðir, og honum hefði ekki verið unnt að krefjast greiðslu á samkvæmt samningnum, þar sem hún var ekki gjaldfallin, verði lækkuð um upphæð, sem svarar til áðurgreinds hlutfalls staðgreiðsluverðs af afborgunarverði. Þetta ætti að vera ljóst, þar sem mismunur afborgunarverðs og staðgreiðsluverðs er fólginn í vöxtum, áhættuþóknun og þess háttar.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. er seljanda heimilt að telja sér vexti til tekna við endurheimtu söluhlutar.

4. tölul. 1. mgr. heimilar seljanda að telja sér til tekna óhjákvæmilegan kostnað vegna endurheimtunnar. Með þessu ákvæði er átt við allan nauðsynlegan og beinan kostnað við endurheimtuna sjálfa þar á meðal kostnað við vörusviptingu hlutarins svo og þóknun fyrir lögfræðilega aðstoð.

Í 2. mgr. greinar þessarar er skilgreint, hvað átt sé við með staðgreiðsluverði. Einnig er sett sú viðmiðunarregla til þess að létta afgreiðslu þessara mála að telja staðgreiðsluverð nema 9/10 hlutum afborgunarverðs, þegar afborgunarverðið er 200 000 kr. eða lægra, ef ekki er unnt að færa sönnur á annað. Ástæðan til þess, að lagt er til, að viðmiðunarreglan skuli einungis gilda, þegar um er að ræða hluti, sem kosta eiga, með afborgunarverði 200 000 kr. eða minna, er sú, að ýmsir annmarkar eru á slíkri viðmiðunarreglu, sem valda því, að ekki þykir fært að láta hana gilda almennt, enda þótt það myndi eflaust létta framkvæmd þessara mála. Má í því sambandi nefna, að hætt er við, að afborgunarviðbótin yrði ákveðin minnst sem fjárhæð, er svarar til 10% lækkunar, þ.e. við kaupin yrði bætt við fjárhæð, sem síðan er unnt að draga frá, ef um endurheimtu verður að ræða. Almenn viðmiðunarregla gæti þannig leitt til verðhækkunar, sem ella þyrfti ekki að verða. Einnig má benda á, að torvelt er að

beita viðmiðunarreglunni í þeim tilvikum, þegar greiða skal, auk afborgunarverðs, vexti af þeim hluta kaupverðsins, sem greiðslufrestur er veittur á.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, er því lagt til, að farinn sé meðalvegur í þessum efnum og viðmiðunarreglan gildi einungis að tilteknu verðmætismarki.

Um 6. gr.

Með 1. mgr. þessarar greinar er verið að vernda rétt kaupanda í því tilviki, þegar verðmæti hlutarins reynist hærra en krafa seljanda skv. 5. gr. Ber þá seljanda, ef hann vill endurheimta hlutinn, að greiða kaupanda mismun á verðmæti hlutarins og kröfu sinnar samtímis, en í þeim tilvikum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 14. gr., þ.e. þegar vafi leikur á því, hvort seljandi á að greiða kaupanda eitthvað vegna endurheimtu hlutarins eða hversu mikið svo og þegar verðmætisákvörðun fógeta er vefengd, er nægilegt, að seljandi setji tryggingu fyrir greiðslunni.

2. mgr. þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Með ákvæði 1. mgr. greinar þessarar er kaupanda veittur réttur til að koma í veg fyrir endurheimtu hlutar, enda þótt skilyrði endurheimtu séu fyrir hendi og seljandi hafi krafist hennar, með því að greiða lokakröfu seljanda samkvæmt 5. gr. og gera þannig endanlega upp viðskiptin.

Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um það tilvik, þegar fleiri en einn hlutur eru seldir með afborgunarkjörum samkvæmt sama samningi. Ef seljandi vill endurheimta hlutina undir þessum kringumstæðum, hefur kaupandi heimild til þess að halda eftir einhverjum hlutanna með því að greiða fjárhæð, þannig að seljandi fái eftir sem áður full skil kröfu sinnar skv. 5. gr.

Í 2. mgr. er verið að vernda hagsmuni seljanda í þeim tilvikum, þegar aðskilnaður hluta hefur í för með sér verulega verðrýrnun þess, sem endurheimt er.

Um 9. gr.

Með ákvæðum 1. mgr. er komið í veg fyrir að unnt sé að blanda öðrum viðskiptum inn í samning um afborgunarkaup eða að öðru leyti að gera rétt kaupanda háðan viðskiptum, óviðkomandi afborgunarsamningum.

Á þetta getur sérstaklega reynt, þegar nýjum viðskiptum milli sömu aðila er bætt inn í áður stofnuð afborgunarviðskipti þeirra, sem ekki er lokið. Er þá um það að ræða, að tveimur eða fleiri sjálfstæðum kaupum er blandað þannig saman, að ætlast er til þess, að á þau sé litið sem eina heild í öllum atriðum. Slíkur háttur er ósanngjarn og óhæfilegur gagnvart kaupanda, m.a. vegna þess, að hann öðlast ekki eignarrétt þess, sem fyrst var selt, fyrr en allir hlutirnir eru greiddir, og kann því að þurfa að bíða óhóflega lengi, þar til hann verður eigandi þess, er selt var samkvæmt fyrsta samningi. Enn fremur má á það benda, að kaupandi getur orðið mjög háður seljanda í þeim tilvikum, þegar viðskiptum er blandað saman svo sem að framan greinir. Nauðsynlegt er því, að viðskiptum á grundvelli afborgunarsamnings sé haldið algerlega aðgreindum frá öðrum viðskiptum aðilanna, þannig að réttur kaupanda samkvæmt tilteknum afborgunarsamningi verði ekki gerður háður öðrum skuldbindingum.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar er í tengslum við bann 1. mgr. við því að blanda saman fleiri en einum samningi. Samkvæmt gildandi íslenskum rétti getur sá, sem skuldar sama kröfuhafa fleiri en eina skuld, yfirleitt ákveðið sjálfur til hvaða skuldar greiðsla sú, sem hann innir af hendi skuli renna. Hafi skuldari ekki lýst því yfir, þegar greiðsla fer fram, hvaða

kröfur hann óskar að greiða, er talið, að kröfuhafi geti þá sjálfur tekið ákvörðun um það, þó þannig, að hagsmuna skuldara sé gætt. Hafi kaupandi fleiri en einn afborgunarsamning við sama seljanda á sama tíma, væri unnt að nokkru leyti að fara í kringum bann 1. mgr. við að blanda saman ólíkum skuldbindingum með því að seljandi áskildi sér í nýjum samningi rétt til að ákveða einhliða til hvaða skuldbindingar greiðsla kaupanda skuli renna. Sama og að framan greinir gildir um allar kröfur, sem eru málinu óviðkomandi, ella væri unnt með auðveldum hætti að fara í kringum hin almennu ákvæði um afborgunarkaup. Reglan er enn fremur í samræmi við ákvæði 8. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um rétt kaupanda til að innleysa hluta af hinu selda samkvæmt sama samningi og láta afborgunarsamning þannig haldast að hluta.

Sú undantekning er þó gerð frá aðalreglunni, að seljandi getur áskilið sér, að kröfur, sem eiga rætur að rekja til viðgerða, endurbóta eða annarra ráðstafana á söluhlut, verði fyrst greiddar.

Í ýmsum tilvikum öðrum en þeim, sem sérstaklega er um fjallað hér að framan, kann að vera hætta á því, að seljandi notfæri sér það, að hann hefur yfirleitt sterkari aðstöðu en kaupandi og áskilji sér því þau kjör í afborgunarsamningum, sem kaupanda kann oft að yfirsjást í hinum prentuðu formum, að óheiðarlegt gæti talist og andstætt góðum viðskiptaháttum að bera þau fyrir sig. III. kafli laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga veitir kaupanda að vísu vernd, en þó ekki nógu víðtæka. Í 26. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er almenn regla um bann við því að hafast nokkuð það að í atvinnustarfsemi, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi eða er óhæfilegt gagnvart neytendum. Þessa grein er unnt að nota til þess að leiðrétta óhæfilega samningsskilmála, hvort sem er í einstökum tilfellum eða almennt óhæfileg samningsform. Hér á landi eru hins vegar ekki sérstök lög um óhæfilega samningsskilmála eins og í gildi eru í nágrannalöndunum. Það þykir rétt að leggja áherslu á og taka fram um þetta, að því er afborgunarkaup varðar sérstaklega. Einnig má benda á til samanburðar 34. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, en sú grein fjallar um ógildi ósanngjarnra samningsákvæða í vátryggingarsamningum. Skv. III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verða flestir þeir löggerningar, sem undir þau atvik falla, sem þar er lýst, í heild sinni óskuldbindandi, en hér er lagt til, að ákvæði í afborgunarsamningi megi víkja til hliðar að öllu eða að hluta.

Ákvæði 4. mgr. þessarar greinar tryggja kaupanda möguleika til að fá ósanngjarnt afborgunarverð lækkað. Slíkt getur gerst bæði, þegar um er að ræða lögsókn af hálfu seljanda samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps eða í almennu dómsmáli og í sérstöku viðurkenningarmáli, sem kaupandi höfðar til hækkunar verðs. Um mat á verðmæti söluhluta, þegar um er að ræða málssókn fyrir almennum dómstólum, gilda almennar réttarfarsreglur. Í síðasta málslið 4. mgr. 9. gr. er sett sú viðbótarregla við hina almennu lækkunarheimild 4. mgr., að skylt er að lækka óhæfilegt endurgjald, sem seljandi hefur krafist utan sjálfs afborgunarsamningsins fyrir að veita kaupanda greiðslufrest eða aðrar tilslakanir. Um slíka lækkun fer með sama hætti og um lækkun afborgunarverðsins sjálfs.

Í 5. mgr. þessarar greinar er kveðið svo á að óheimilt sé að nota víxla í afborgunarviðskiptum. Ef víxlanotkun sú, sem tíðkast hefur í viðskiptum þessum, verður eftir sem áður heimil, ef frumvarp þetta verður að lögum, ná ákvæði þess alls ekki tilgangi sínum. Brýna nauðsyn ber til að koma í veg fyrir það, að víxlaviðskiptum sé blandað inn í afborgunarviðskipti. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verða seljendur að velja um það, hvort þeir kjósa fremur víxlaréttinn eða fyrirkomulag það, sem kveðið er á um í frumvarpi þessu. Ekki verður unnt að hafa hvorn tveggja háttinn á, svo sem nú tíðkast. Flestir munu sammála um, að víxlanotkun keyri úr hófi fram hér á landi og nauðsynlegt sé að úr henni verði dregið. Ákvæði þetta miðar að því, að svo verði.

Um 10. gr.

Með 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er verið að koma í veg fyrir það, að seljandi geti farið í kringum ákvæði 5. gr., sem mæla fyrir um það, sem honum er heimilt að telja sér til tekna við uppgjör aðilanna.

Ákvæði 2. mgr. eru sett til þess að hindra það, að seljandi freistist til þess að fara í kringum þau ákvæði þessa frumvarps, sem sett eru til verndar rétti kaupanda, með því að leita fullnustu kröfu sinnar á annan hátt en með endurheimtu söluhlutar. Með því að gera fjárnám í hinu selda gæti hann þannig komist hjá skilyrðum 3. gr. frumvarpsins um það, að vanefndir kaupanda þurfi að vera verulegar svo og ákvæði 4. gr. um það, hvernig meta skuli verðmæti söluhlutar, sem ætla má, að yfirleitt yrði hærra en það verð, sem fengist fyrir hlutinn við nauðungarsölu. Spyrja mætti, hvort ekki væri eðlilegast og í mestu samræmi við tilgang frumvarpsins, að seljanda sé aðeins heimilt að leita fullnustu kröfu sinnar í söluhlut með endurheimtu hans í samræmi við ákvæði frumvarpsins, þannig að honum sé ekki unnt að leita fullnustu kröfunnar í öðrum eignum kaupanda. Slík skipan mundi tryggja kaupanda þá vernd, sem fólgin er í ákvæðum frumvarps þessa um uppgjör aðila. Þegar litið er til hagsmuna bæði kaupanda og seljanda, sýnist sú leið sem ákvæðið gerir ráð fyrir, eðlilegust, þ.e. að seljandi geti ekki gert fjárnám fyrir kröfu sinni í hinu selda, en geti hins vegar leitað fullnustu í öðrum eignum kaupanda.

Um 11. gr.

Þar sem hér er um beina fógetagerð að ræða og kappkosta verður að hraða málum þessum til þess að tilgangi laganna verði náð, ber nauðsyn til að setja ákveðin lágmarksskilyrði bæði um form og efni afborgunarsamnings. Öll sönnunaratriði í málum þessum verða með þessu móti mun auðveldari og skilyrði öll betri fyrir fógeta til að afgreiða þessi mál. Einnig hvetja slíkar reglur til nákvæmari samningsgerðar milli aðila, en slíkt stuðlar að bættum viðskiptaháttum.

Ef samningurinn fullnægir ekki skilyrðum greinarinnar, getur seljandi ekki endurheimt hlutinn með beinni fógetagerð, en verður að fá aðfararhæfan dóm yfir kaupanda. Rétt er að taka fram að samningur er ekki ógildur, hvorki milli aðila né gagnvart þriðja manni, þótt formskilyrða þeirra, sem hér ræðir, hafi ekki verið gætt.

Ekki er talið rétt að setja frekari formskilyrði en hér greinir, svo sem um opinbera skrásetningu afborgunarsamninga eða annað af því tagi. Slík skilyrði mundu að öllum líkindum valda allt of mikilli skriffinnsku og óhagræði.

Um 12. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. er fjallað um það tilvik, þegar kaupandi hefur mætt í upphafi, en hættir síðan að mæta á síðari stigum fógetagerðar. Er þá ekki um annað að ræða en fógeti taki mál til úrskurðar. Til þess að hagsmunir kaupanda verði ekki fyrir borð bornir er hins vegar mælt svo fyrir, að ákvæða 3.–10. gr. laganna skuli gætt, eftir því sem við verður komið.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinar þessarar er í samræmi við almennar reglur um leiðbeiningarskyldu dómara.

Samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar er það lagt á vald fógeta að ákveða verðmæti hluta. Hann getur kvatt til sérfróða menn til þess að meta hlut, ef þörf þykir vera á því. Verðmætisákvarðanir fógeta verða ekki bornar undir hliðsett dómstig, en þeim er að sjálfsögðu unnt að skjóta til æðra dóms. Nauðsyn ber til þess, að ákvarðanir á verðmæti hluta, sem seldir eru með afborgunarkjörum, séu sem einfaldastar, þannig að þessi mál geti

gengið sem fljótast fyrir sig. Ætla má, að fljótlega myndist ákveðnar reglur um framkvæmd mats í málum þessum. Auk þess er líklegt, að fógeti kveðji til sérfróða menn, þegar um vafatilvik er að ræða.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. eru möguleikar á því að fá verðmætisákvörðun fógeta tekna til endurskoðunar að undangengnu mati og að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, sem tilgreind eru í greininni.

4. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa, sbr. það sem segir um 9. gr.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir, og í samræmi við almennar reglur, að seljandi setji tryggingu fyrir því tjóni, sem ólögleg endurheimta kann að valda kaupanda. Kemur að sjálfsögðu ekki til slíkrar tryggingar, nema í þeim tilvikum, þegar vafi leikur á um endurheimturétt seljanda, en endurheimta allt að eina heimiluð. Það er að sjálfsögðu fógeti, sem hefur ákvörðunarvald um það, hvort það skuli gert að skilyrði fyrir gerðinni, að seljandi setji tryggingu.

Í 2. mgr. er fógeta einnig heimilað að gera það að skilyrði fyrir gerðinni, að seljandi setji tryggingu, þegar óljóst er, hvort eða hve mikið seljandi kann að skulda kaupanda vegna endurheimtunnar.

Í 3. mgr. er fjallað um vefengingar á verðmætisákvörðunum fógeta samkvæmt 13. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er hvorum aðila um sig veittur réttur, þegar svo stendur á, sem greinir í 1. og 2. mgr. 14. gr., að krefjast úrskurðar fógeta um það, að hve miklu leyti tryggingarféð skuli renna til kaupanda eða skilað seljanda. Með þessu ákvæði er fógeta veitt heimild til þess, eftir kröfu aðila, að taka þau vafatilvik, sem hér um ræðir, til sérstakrar meðferðar og úrskurðar og nota tryggingarféð til jöfnunar milli aðila. Úrskurði fógeta í þessum efnum má jafna við dóm og er aðfararfrestur hans ákveðinn 15 dagar frá uppkvaðningu, hafi úrskurðinum ekki verið áfrýjað.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvernig fógeti skuli ráðstafa tryggingarfénu í þeim vafa- og ágreiningstilvikum, sem um ræðir og leitt hafa (skv. ákvæðum 14. gr.) til þess, að fógeti hefur gert það að skilyrði fyrir gerð, að trygging sé sett. Sú meginregla er sett í þessum efnum, að hafi aðili, kaupandi eða seljandi eftir atvikum, ekki hafist handa um lögsókn innan fjögurra vikna frá því, að fógetagerðinni lauk, þá afhendir fógeti tryggingarféð, eftir þeim reglum, sem kveðið er á um í greininni.

Um 16. gr.

Grein þessi felur í sér, að þau ákvæði frumvarpsins, sem sett eru til verndar rétti kaupanda, eru ófrávíkjanleg að því leyti, að óheimilt er að semja fyrirfram um lakari kjör kaupanda til handa en kveðið er á um í frumvarpinu. Ekkert er hins vegar því til fyrirstöðu að semja um betri rétt kaupanda til handa. Greinin tekur til samkomulags milli kaupanda og seljanda, sem gert er áður en þau atvik gerast, er veita kaupanda heimild til að bera fyrir sig rétt þann, sem ákvæði frumvarps þessa veita honum. Þegar atvikin hafa gerst, er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu, að kaupandi falli frá rétti sínum.

Ekki verður komist hjá því að gera ákvæði frumvarpsins ófrávíkjanleg með þessum hætti og þar með takmarka samningsfrelsi aðila í afborgunarkaupum, því yfirleitt má gera ráð fyrir því, að seljandi hafi stöðu sinnar vegna meiri möguleika til að ráða efni afborgunarsamnings en kaupandi.

Um 17. gr.

Fordæmi eru fyrir því erlendis, að réttur til að stunda afborgunarviðskipti sé háður sérstökum leyfum. Slíkt fyrirkomulag sýnist of umfangsmikið, en hins vegar er nauðsynlegt að heimild sé til þess að svipta þann rétti til að stunda afborgunarviðskipti, sem gerist sekur um óhæfilega viðskiptahætti gagnvart kaupendum. Heimild til slíkra úrræða ætti að hafa varnaðaráhrif og stuðla að heilbrigðri þróun þessara viðskipta. Tæpast kemur til réttindasviptingar, þótt seljandi í einstaka tilfelli gerist sekur um ámælisvert atferli. Líta verður svo á, að hann verði að ástunda viðskiptaaðferðir andstæðar góðum viðskiptaháttum að meira eða minna leyti að staðaldri til þess að unnt sé að hefjast handa gegn honum. Óhæfilegir viðskiptahættir í þessum viðskiptum sem öðrum falla undir ákvæði V. kafla laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Gæti komið til banns samkvæmt ákvörðun samkeppnisnefndar eftir þeim lögum. Aðgerðir og afskipti verðlagsstofnunar og samkeppnisnefndar og sakaferill aðila þar koma til með að skipta miklu máli við mat á því hvort réttindasvipting verður ákveðin.

Hvað skoða beri óhæfilega viðskiptahætti er túlkunaratriði, sem dómstólar verða að meta. Framkvæmd laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti mun skipta meginmáli í þessum efnum. Nokkur dæmi má þó nefna um háttsemi, sem kynni að flokkast undir óhæfilega viðskiptahætti, svo sem það, þegar seljandi hefur hvað eftir annað sett skilyrði í afborgunarsamninga, sem andstæð eru ákvæðum laganna, hefur krafist óhæfilegs verðs, gefið villandi upplýsingar, t.d. í auglýsingum o.s.frv.

Ákvarðanir um réttindasviptingu á þessu sviði eru í höndum dómstóla, enda eru hér mikilvægir hagsmunir í húfi, sem gera það nauðsynlegt, að málsmeðferðin verði sem allra tryggust. Er því eðlilegra, að dómstólar fjalli um málin heldur en handhafar framkvæmdavalds.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að breyta tilteknum ákvæðum varðandi fjárhæðir með reglugerð. Nauðsynlegt er, að tök séu á því að færa upphæðir þessar til samræmis við almennar verðbreytingar, án þess að til lagabreytingar þurfi að koma hverju sinni.

Um 2. mgr. gegnir að nokkru leyti sama máli og um 1. mgr. Verið er að afla heimildar til þess að breyta með tiltölulega skjótvirkum hætti hundraðshluta útborgunar í afborgunarkaupum. Ýmsar breytingar í efnahagslífinu geta leitt til þess, að nauðsynlegt kunni að reynast að breyta ákvæðum frumvarpsins um lágmarksútborgun í afborgunarkaupum.

Um 19. gr.

Hér er lagt til, í samræmi við markmið frumvarpsins, að hraða úrlausn þessara mála og gera hana sem brotaminnsta. Því verður best náð með því, að láta alla úrskurði og ákvarðanir fógeta í málum samkvæmt lögum þessum sæta kæru, en ekki áfrýjun.

Um meðferð mála þessara skulu gilda ákvæði 22.–33. gr. hæstaréttarlaga.

Um 20. gr.

Hér er lagt til, að aðilum þeim, sem lög um afborgunarkaup snerta helst (einkum seljendum og samtökum þeirra), verði gefinn allríflegur frestur til að kynnast lögunum og aðlaga viðskiptahætti sína ákvæðum þeirra. Er því gildistaka miðuð við 1. janúar 1987. Þá er gert ráð fyrir, að lögin taki ekki til samninga, sem gerðir eru fyrir þann tíma.

Fylgiskjal I.

KÖNNUN Á AFBORGANAKAUPUM

Frá Neytendafélagi Reykjavíkur og nágrennis í maí 1985.

Afborganakaup er algengasti greiðslumáti Íslendinga þegar um er að ræða kaup á dýrum vörum, svo sem húsgögnum, heimilistækjum, sjónvörpum, myndabandstækjum og hljómtækjum. Ástæðan er fyrst og fremst bágur efnahagur. Flestir segja að erfitt sé að eignast þessa hluti væri krafist staðgreiðslu á þeim.

Þetta kemur í ljós í niðurstöðum á könnun um afborganakaup og greiðslukortanotkun sem Neytendafélag Reykjavíkur og nágrennis stóð fyrir í lok maí. Könnun þessi var gerð til að afla upplýsinga um umfang og eðli afborganakaupa ef vera kynni að niðurstöður hennar mættu verða til að knýja á um setningu laga um þessi efni og almennt um lausafjárkaup.

Hingað til hefur verið mjög erfitt að henda reiður á umfangi afborgunarviðskipta en þó ljóst að þau hafa aukist mjög mikið á síðustu árum. Niðurstöður könnunarinnar sýna fram á að svo sé. Greinilega kemur fram að staðgreiðsluviðskipti eru ekki lengur hin óumdeilanlegu og einhlítu grundvallarviðskipti. Tilhneigingin er sú að afborgunarviðskipti séu grundvallarviðskipti. Það sannast best á því að staðgreiðsluverð er í hugum fólks og verslunareigenda orðið að afsláttarverði. Auglýst verð er oft afborgunarverð og síðan er veittur 5–15% afsláttur til þeirra er möguleika hafa á að staðgreiða. Með þessu eru endaskipti höfð á hlutunum því að eðli allra viðskipta er að vörur skuli staðgreiða. Hins vegar er ekkert við því að segja ef gefnir eru möguleikar á afborgunarkjörum. Þó breytir það aðstæðum talsvert þegar ofan á staðgreiðsluverð er bætt allt að fimmtán prósentum áður en reiknaðir eru vextir og annar kostnaður. Afborgunarverðið getur því verið allt að fjórðungi hærra en staðgreiðsluverðið, jafnvel enn hærra.

Í könnuninni kemur afdráttarlaust fram að verðmæti þess sem keypt er liggur í langflestum tilvikum á bilinu 11 000 til 41 000 kr. Greiðsluformið er í 76% tilvika skuldabréf og í meira en helming tilvika í sex mánuði með jöfnum afborgunum.

Greiðslukort og afborganakaup.

Að mati fyrirspyrjenda kom mjög skýrt fram að þeir sem hafa nýtt sér afborgunarkjör nota einnig greiðslukort í viðskiptum. Þetta er nokkuð athyglisverður þáttur í könnuninni þrátt fyrir að ekki hafi verið spurt sérstaklega um hann. Sé réttlætanlegt að álykta sem svo að könnunin sýni að versnandi efnahagur heimila á síðustu árum hafi ekki dregið úr kaupum á dýrari heimilisvörum styrkja áðurnefnd tengsl milli afborgunarviðskipta og greiðslukortanotkunar þá skoðun að landsmenn lifi um efni fram og freisti þess að velta skuldunum á undan sér.

Ljóst er því að gífurlegt fé er bundið í skuldabréfum og víxlum og af fréttum má sjá að vanskil hafa aldrei verið meiri. Sú spurning verður einnig áleitnari hvernig verslanir fjármagna lánastarfsemi sína. Að sjálfsögðu standa bankarnir að hluta til hér að baki með kaupum sínum á nokkrum hluta af skuldabréfum og víxlum. Þá má spyrja: er hér rétt að hlutunum farið, ættu bankarnir ekki að lána þeim sem á áðurnefndum hlutum þurfa að halda svo að verslanir séu ekki neyddar til að hækka vöruverðið til að standa undir þessum ósköpum?

Greiðslukortanotkun hefur greinilega fest sig í sessi hér á landi á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að fyrst var boðið upp á þessa þjónustu. Alls er það helmingur fjölskyldna á höfuðborgarsvæðinu sem notar greiðslukort að meira eða minna leyti.

Hrekklausir viðskiptavinir.

Rúmlega 41% aðspurðra kváðust ekki hafa kynnt sér skilmála kaupsamnings eða skuldabréfs þegar kaup voru ákveðin. Á óvart kemur hversu margir svara þessari spurningu hreinskilnislega. Að fyrra bragði hefði mátt halda að flestir segðust hafa kynnt sér samninginn skilmerkilega. Þá var talið að stór hluti þeirra sem þannig svara segði ósatt. Að vísu telur tæpur helmingur aðspurðra sig hafa lesið samninginn yfir, en það er furðu lágt hlutfall. Engu síður er það ljóst að allt of fáir lesa yfir kaupsamning eða skilmála fyrir afborgunarviðskiptum, eða illa. Þetta er hægt að fullyrða eftir að hafa kannað kaupsamninga og skuldabréf fjölda verslana á höfuðborgarsvæðinu. Stór hluti þessara gerninga er mjög einhliða. Hagsmunir seljenda eru tryggðir í bak og fyrir en réttur kaupandans fyrir borð borinn. Þeir sem skrifa undir slíka samninga án þess að hafa lesið þá yfir eða hafa lesið þá illa mega teljast hrekklausir í meira lagi og fullir trúnaðartrausts til seljandans. Samkvæmt þessu er bráðnauðsynlegt að gefið verði út staðlað form þar sem kaupandi og seljandi eru jafnréttháir. Í þessu beinast augu manna að dómsmálaráðuneytinu.

Verðmunur?

Spurt var hvort miklu hafi munað á afborgunarverði og staðgreiðsluverði. Jafnmargir svöruðu þessari spurningu játandi og neitandi, tæplega 38%. Tæplega fjórðungur kvaðst þó ekki vita hvort miklu hafi munað. Það getur hvort tveggja þýtt, að þeir muni það ekki eða að verðmunurinn hafi engu máli skipt. Tilgangurinn með spurningunni var sá að fá fram upplýsingar um það hvort hærra verð miðað við staðgreiðslu að viðbættum vöxtum og kostnaði hafi verið til staðar. Í næstu spurningu var hnykkt á þessu með því að spyrja hvort sá munur, hafi munað, hafi komið á óvart. Tæplega 73% svöruðu neitandi en rúm 27% játandi.

Það verður að viðurkenna að þessar tvær spurningar voru ekki nógu markvissar því að niðurstöður þeirra má taka á tvo vegu. Annars vegar bókstaflega, þ.e. að munur á verði miðað við staðgreiðslu og afborgun hafi ekki komið á óvart, en hins vegar að munurinn hafi ekki komið á óvart vegna þess að það sé alkunna að munur sé á staðgreiðsluverði og afborgunarverði. Spyrjendur hallast þó að seinni möguleikanum sem hér er getið.

„Vil ekki skulda."

Þegar bornar eru saman 1. og 9. spurning kemur sitthvað í ljós. Þegar spurt var um afborganakaup á síðustu 12 mánuðum svöruðu 37,58% að þeir hefðu keypt en 62,42% kváðust ekki hafa keypt. Tæplega 33% kváðust hafa keypt á þessu tímabili gegn staðgreiðslu en 68% kváðu nei við þeirri spurningu. Að mati fyrirspyrjenda mun sá hópur vera langstærstur sem hvorki hefur keypt með afborgunum né gegn staðgreiðslu. Þeir eru fleiri sem hafa keypt með afborgunum en gegn staðgreiðslu.

En hvers vegna velja menn staðgreiðsluviðskipti og hvers vegna afborgunarkjörin? Fram kemur að langflestir velja afborganakaup vegna þess að annars hefði verið ómögulegt að komast yfir hlutinn. Tæp 20% kváðu auðveldara að kaupa með afborgunum. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra sem þannig svöruðu hefðu engin efni til að greiða á staðnum. Athyglisvert þótti svar eins er valið hafði afborganakaup vegna þess að ekki var veittur staðgreiðsluafsláttur.

Þeir sem völdu staðgreiðsluviðskipti töldu flestir, 40%, að slíkt væri ódýrara. Þetta styrkir enn þá trú að afborgunarverð sé nokkurs konar „refsiverð", samanber það sem hér kom fram á undan.

Tæp 24% völdu staðgreiðslu vegna þess að þeir vilja ekki skulda. Kemur fram sú manngerð sem vill hafa allt sitt á hreinu. Tæp 21% staðgreiddu vegna þess að peningar voru einfaldlega handbærir og því ekki ástæða til annars.

Lokaorð.

Markmiðið með könnuninni hefur náðst. Brýnt er að hið fyrsta verði sett lög um lausafjárkaup þar sem kveðið verði á um afborganakaup. Þá ætti skilyrðislaust að koma fram að óheimilt sé að hækka vöru eða þjónustu sé ætlunin að bjóða hana til sölu með afborgunarkjörum. Grundvallarviðskiptin hljóta að miðast við staðgreiðslu og sé ætlunin að bjóða afborgunarkjör þá reiknist aðeins vextir og kostnaður á skuldabréfið en verðið haldi sér að öðru leyti. Þetta er sanngirnissjónarmið.

Nauðsynlegt er að dómsmálaráðuneytið láti útbúa staðlað form fyrir viðskipti með afborgunum og er þá einkanlega átt við samning sem jafnframt er skuldabréf. Þeirri áskorun er beint til verslunareigenda að þeir kenni starfsfólki sínu hvernig eigi að útfylla skuldabréf og reikna út vexti og annan kostnað miðað við lengd bréfsins. Talsvert hefur skort á að verslunarfólk hafi verið fært um þetta. Það er þáttur í góðum viðskiptum að bjóða kaupanda næði og tíma til að lesa yfir og kynna sér ákvæði kaupsamnings.

Mjög brýnt er einnig að sett verði sem fyrst lög um greiðslukort, en þau fyrirfinnast ekki.

F.h. Neytendafélags Reykjavíkur
og nágrennis,

Sigurður Sigurðarson,
formaður.

Könnun á afborgunarkaupum og greiðslukortanotkun.

Gerð 17.–27. maí 1985. Úrtak 660 manns á höfuðborgarsvæðinu valið eftir úrtaksreglu úr símaskrá.

	Fjöldi er svaraði.	Svör sem % af heildarfjölda 660.	Ef aðeins er tekið mið af þeim er svöruðu (%).
1. Hafið þið á þessu heimili keypt eitthvað með afborgunum undanfarna 12 mánuði?			
Já	239	36,33	37,58
Nei	397	60,33	62,42
Alls	636	96,66	100,00
2. Hvað var keypt?			
Húsgögn	92	13,98	35,94
Heimilistæki	71	10,79	27,73
Sjónvarp hljómtæki myndbönd	65	9,88	25,39
Annað	28	4,25	10,94
Alls	256	38,90	100,00
3. Hvað kostaði hluturinn?			
Allt að 11 000	21	3,19	8,47
kr. 11 000–20 000	62	9,42	25,00
kr. 21 000–30 000	57	8,66	22,98
kr. 31 000–40 000	49	7,45	19,76
kr. 41 000–50 000	22	3,34	8,87
kr. 51 000 og meira	37	5,62	14,92
Alls	248	37,68	100,00

	Fjöldi er svaraði.	Svör sem % af heildarfjölda 660.	Ef aðeins er tekið mið af þeim er svöruðu (%).
4. Hvernig var greiðsluformið?			
Víxlar	57	8,66	23,65
Skuldabréf	184	27,96	76,35
Annað	0	0,00	0,00
Alls	241	36,62	100,00
5. Til hve langs tíma?			
1 mánuður	3	0,46	1,22
2 mánuðir	12	1,82	4,88
3 mánuðir	18	2,74	7,32
4 mánuðir	38	5,78	15,45
5 mánuðir	14	2,13	5,69
6 mánuðir	130	19,75	52,85
7 mánuðir	4	0,60	1,63
8 mánuðir	19	2,89	7,72
9 mánuðir eða meira	8	1,22	3,25
Alls	246	37,39	100,01
6. Munaði miklu á afborgunarverði og staðgreiðsluverði?			
Já	88	13,37	37,93
Nei	87	13,22	37,50
Veit ekki	57	8,66	24,57
Alls	232	35,25	100,00
7. (Ef munar:) Kom sá munur þér á óvart?			
Já	40	6,08	27,21
Nei	107	16,26	72,79
Alls	147	22,34	100,00
8. Kynntir þú þér, eða sá sem skrifaði undir, samninginn ítarlega áður en kaupin voru ákveðin?			
Já	107	16,26	49,31
Nei	90	13,68	41,47
Veit ekki	20	3,04	9,22
Alls	217	32,98	100,00
9. Hafið þið á heimilinu keypt eitthvað verðmætt gegn staðgreiðslu (10 000 kr. eða meira) á s.l. 12 mánuðum?			
Já	171	26,00	32,39
Nei	357	54,25	67,61
Alls	528	80,25	100,00

	Fjöldi er svaraði.	Svör sem % af heildarfjölda 660.	Ef aðeins er tekið mið af þeim er svöruðu (%).
10. Hvers vegna kusuð þið?			
Afborgunarviðskipti:			
Auðveldara	46		19,41
Ekki efni á öðru	177		74,68
Ekki veittur staðgreiðsluafsláttur	1		0,42
Annað	13		5,49
Alls	237		100,00
Staðgreiðsluviðskipti:			
Ódýrara	59		39,86
Vil ekki skulda	35		23,65
Átti peninga handbæra	31		20,95
Annað	23		15,54
Alls	148		100,00
Samtals	385	58,51	
11. Notar einhver á heimilinu greiðslukort?			
Já	312	47,42	48,22
Nei	335	50,91	51,78
Alls	647	98,33	100,00

Aths. Tveir neituðu að svara.

Fylgiskjal II.

Aðalfundur Neytendafélags Reykjavíkur og nágrennis haldinn 5. júní 1985 vekur athygli á eftirfarandi atriðum:

Hér á landi eru engin lög um afborgunarviðskipti. Flestir samningar um afborgunarkaup eru seljanda í hag, en réttur kaupandans er yfirleitt fyrir borð borinn. Aðalfundurinn hvetur til að sett verði hið fyrsta lög um afborgunarkaup.

Sþ. 170. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og

hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir. Fræðslan verði á vegum landlæknisembættisins í samráði við menntamálaráðuneytið og stofnanir þess, svo sem skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, Æskulýðsráð ríkisins og Ríkisútvarpið. Gerð skal áætlun um kostnað og miðað við að hefja fræðsluna af fullum krafti á næsta ári.

Greinargerð.

Í maí 1975 voru afgreidd frá Alþingi lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. 2. gr. þeirra laga er svohljóðandi:

„Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð."

Að margra áliti skortir verulega á það nú, hálfu tólfta ári eftir setningu laganna, að þessi lögboðna fræðsla og ráðgjöf sé veitt á viðunandi hátt. Er það þeim mun alvarlegra sem hér er í raun og veru um að ræða grundvöll lagasetningar um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sem II. og III. kafli laganna, nr. 25/1975, taka til. Enn fremur eru sterkar líkur á að auðveldara hefði verið að hefta útbreiðslu eyðni á Íslandi ef allri fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir væri ekki svo ábótavant sem raun ber vitni.

Einkum er ástæða til að hafa áhyggjur af vanþekkingu unglinga sem að mati félagsráðgjafa og annarra, sem um þessi mál fjalla, virðast afar fáfróðir um kynferðismál og getnaðarvarnir. Má ætla að bein tengsl séu á milli þessarar fáfræði og mikils fjölda þungana meðal íslenskra stúlkna á aldrinum 15–19 ára. Þá virðist enn skorta mjög á að piltum sé ljóst að þeirra er ábyrgðin á afleiðingum samlífs ekki síður en stúlknanna og er brýn nauðsyn að vinna að breyttum viðhorfum hvað það varðar.

Samkvæmt skýrslu landlæknisembættisins um fóstureyðingar árin 1976–83, sem kom út í september 1985, er fæðingartíðni meðal stúlkna undir tvítugu langtum hærri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Vitnað er í tölur frá árinu 1981, en þá voru 49 lifandi fædd börn á hverjar 1000 stúlkur 15–19 ára hér á landi samanborið við 24 börn í Noregi, 17 í Finnlandi og 14 í Danmörku og Svíþjóð. Fæðingartíðnin hefur farið lækkandi í öllum þessum löndum en einna minnst á Íslandi. Þá hefur fóstureyðingum fjölgað í þessum aldurshópi hér á landi á undanförnum árum á sama tíma og þeim hefur fækkað annars staðar á Norðurlöndum. Vert er þó að geta þess að enn eru fóstureyðingar hjá stúlkum undir tvítugu allt að helmingi færri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Allar þessar staðreyndir tala sínu máli.

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið markvisst í öðrum norrænum löndum að fræðslu um kynferðismál, getnaðarvarnir, barneignir og fóstureyðingar og er það átak talið hafa skilað verulegum árangri í fækkun þungana hjá 15–19 ára stúlkum. Má það vera okkur til hvatningar og eftirbreytni.

Fimmtíu og sjö konur úr öllum stjórnmálaflokkum og ýmsum starfsstéttum mynduðu áhugahóp um þessi efni árið 1983. Þær vöktu athygli á þeim vanefndum sem orðið hafa á framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og skoruðu á ráðamenn mennta- og heilbrigðismála að ráða bót á því ófremdarástandi. Þær lögðu til, að landlæknisembættinu yrði falið að skipuleggja átak til fræðslu um kynferðismál fyrir almenning, með sérstöku tilliti til unglinga. Þær lögðu einnig til að myndaður yrði sérstakur hópur unglinga til þess að fá viðbrögð þeirra við efni og tillögum og ábendingar frá þeim áður en gengið yrði frá því fræðsluefni sem unglingum væri ætlað.

Hér á eftir fara tillögur þessa áhugahóps um það hvernig að slíkri fræðsluherferð um kynferðismál meðal almennings mætti standa:

„1. Gerð verði fræðsluþáttaröð fyrir sjónvarp í 3–4 hlutum, sem fjalli um æxlun, getnaðarvarnir, kynlíf, kynsjúkdóma, rétt til fóstureyðingar og foreldraábyrgð. Þættir þessir verði varðveittir á myndböndum sem Námsgagnastofnun, framhaldsskólar, kynfræðsludeildir og fleiri aðilar, sem við kynfræðslu fást, hafi síðan aðgang að og noti.
2. Landlæknir beiti sér fyrir samstarfi við útvarp (m.a. umsjónarmenn unglingaþátta).
3. Landlæknir láti gera 2–3 sjónvarpsauglýsingar sem hvetji unglinga til að nota getnaðarvarnir. Fjármagn verði veitt til að birta þessar auglýsingar nokkrum sinnum ár hvert.
4. Landlæknir láti hanna 2–3 veggspjöld sem hafa sama markmið og sjónvarpsauglýsingarnar. Þau verði hengd upp í framhaldsskólum, apótekum, læknastofum, heilsugæslustöðvum, æskulýðsmiðstöðvum, íþróttahúsum og öðrum samkomustöðum unglinga.
5. Jafnframt verði gerður upplýsingabæklingur sem beinist að unglingum 15–19 ára og dreifist á sömu stöðum. Í bæklingnum verði unglingar m.a. hvattir til að leita frekari fræðslu hjá kynfræðsludeildum þar sem þær eru.
6. Landlæknir birti auglýsingu á áberandi stað í símaskrá með símanúmeri kynfræðsludeilda og hvatningu til almennings um að leita til hennar.
7. Aðgangur unglinga að getnaðarvörnum verði bættur, t.d. með sjálfsölum á almannafæri."

Þessar tillögur og viðvörunarorð kvennanna vöktu athygli og umtal á sínum tíma en annan sýnilegan árangur hefur framtak þeirra ekki enn þá borið. Tvívegis hefur verið reynt að ýta við yfirvöldum menntamála og heilbrigðismála með fyrirspurnum á Alþingi í nóvember 1983 og í nóvember 1985. Þá var lögð fram á 108. löggjafarþingi tillaga til þingsályktunar sams konar og sú sem hér er nú borin fram en hún hlaut ekki afgreiðslu.

Að þessu sinni er um svolitlar áherslubreytingar að ræða. Í fyrsta lagi að megintilgangur kynfræðslu sé ekki aðeins að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir heldur einnig og ekki síður til að hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sá þáttur hefur vitanlega alltaf verið fyrir hendi en hefur nú fengið aukið vægi þar eð sjúkdómurinn eyðni hefur nú haldið innreið sína í landið og helsta vörnin gegn þeim banvæna vágesti er fræðsla og aftur fræðsla sem leiði til aukinnar notkunar getnaðarvarna og gætni í kynlífi.

Í öðru lagi viljum við leggja áherslu á að ekki verði um tímabundið átak að ræða heldur viðvarandi eflingu kynfræðslu og ráðgjafar um kynlíf og getnaðarvarnir. Til þess að svo megi verða þarf að gera áætlun um þessa starfsemi og tryggja til hennar fjármagn.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að með stóraukinni fræðslustarfsemi og aðgerðum til aukinnar notkunar getnaðarvarna megi koma í veg fyrir fjölda ótímabærra þungana og þar með fóstureyðinga og barnsfæðinga hjá kornungum stúlkum. Enn fremur að slík stóraukin fræðslustarfsemi sé algjörlega óhjákvæmilegur liður í baráttunni gegn eyðni.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um viðskipti með greiðslufresti.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Sigurður Þórólfsson, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Valdimar Indriðason, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa löggjöf um viðskipti með greiðslufresti.

Greinargerð.

Núgildandi lög um lausafjárkaup eru síðan 1922. Á undanförnum árum hafa umræður um kaupalögin ekki síst tekið mið af þeim ákvæðum laganna sem fela í sér að aðilar að kaupsamningi geta vikið ákvæðum kaupalaganna til hliðar, sbr. 1. gr. laganna. Eins og nærri má geta hafa orðið miklar breytingar á viðskiptaháttum á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna, enda hefur oftsinnis verið bent á að þau bæri að endurskoða í ljósi breyttra tíma.

Sú tillaga til þingsályktunar, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því að sett verði sérstök löggjöf um viðskipti með greiðslufresti, meðal annars með hliðsjón af notkun víxla, skuldabréfa, greiðslukorta og reikningsviðskipta, en síðast en ekki síst verður slík löggjöf að taka til samninga með eignarréttarfyrirvara. Markmið og tilgangur slíkrar löggjafar yrði tvímælalaust að draga sem skýrastar markalínur um réttarstöðu kaupanda og seljanda hvors gagnvart öðrum sem yrði um leið mikilvægt spor í átt til aukinnar neytendaverndar. Neytendasamtökin hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga og margsinnis bent á hversu brýnt væri að setja lög á þessu sviði. Til marks um viðleitni stjórnvalda á undanförnum árum má nefna að á löggjafarþinginu 1978–79 var lagt fram stjórnarfrumvarp um afborgunarkaup, en frumvarpið náði ekki fram að ganga. Í janúar 1983 lágu fyrir drög að frumvarpi til laga um lánsviðskipti (afborgunarkaup) sem samið var á vegum viðskiptaráðuneytisins.

Á þessu sviði sem mörgum öðrum hafa Norðurlandaþjóðirnar haft með sér náið samstarf. Löggjöf þessara þjóða, að minnsta kosti Dana, Svía og Norðmanna, er mjög svipuð um flest atriði sem máli skipta enda höfðu þær með sér samvinnu við undirbúning þeirra á áttunda áratugnum. Tilgangur þeirrar samvinnu var þó ekki að löggjöfin yrði samhljóða heldur að bera saman bækurnar um það hvar skórinn kreppti. Reyndar hefur miklu víðar um lönd verið sterk tilhneiging til þess að styrkja stöðu neytenda á ýmsum sviðum en þar höfum við að margra dómi verið eftirbátar, ekki aðeins vegna þess að lagakróka hafi vantað, heldur og ekki síður vegna þess að við höfum ekki stuðlað að nógu sterkum neytendasamtökum og í því efni hefur ýmislegt komið til. Hér á landi hefur það mjög farið eftir fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra hverra réttinda neytandinn hefur notið. Dómsmál á þessu sviði eru allt of mörg að áliti flestra sem til þekkja.

Þau frumvörp, sem þegar hafa verið samin um það efni sem þessi tillaga til þingsályktunar varðar, er sjálfsagt að hafa til hliðsjónar við undirbúning þessa máls, ásamt nútímaviðhorfum í íslensku viðskiptalífi og því sem nýtilegt er úr löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Undirbúningi þessa máls væri æskilegt að hraða svo að þetta þing, sem nú situr, beri gæfu til þess að samþykkja löggjöf um það efni sem vikið er að í tillögunni.

Sþ. 172. Fyrirspurn [162. mál]

til landbúnaðarráðherra um vinnslu- og dreifingarstöðvar landbúnaðarvara.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hver er áætluð heildarfjárfesting í vinnslu- og dreifingarstöðvum landbúnaðarins á s.l. 10 árum miðað við fast verðlag, sundurliðað eftir árum og kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
   a. á höfuðborgarsvæðinu,
   b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?

2. Hvert var samanlagt heildarflatarmál vinnslu- og dreifingarstöðva landbúnaðarins á árinu 1976 og hvert er það nú, sundurliðað eftir kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
   a. á höfuðborgarsvæðinu,
   b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?
3. Hve margir störfuðu í dreifingar- og vinnslustöðvum landbúnaðarins á árinu 1976 og hve margir starfa þar nú, sundurliðað eftir kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
   a. á höfuðborgarsvæðinu,
   b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?
4. Hvaða áhrif hefur fyrirhugaður samdráttur í landbúnaðarframleiðslu á starfsemi dreifingar- og vinnslustöðva landbúnaðarins, sundurliðað eftir kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
   a. á höfuðborgarsvæðinu,
   b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 173. Fyrirspurn [163. mál]

til samgönguráðherra um úrbætur í ferðaþjónustu.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um úrbætur í ferðaþjónustu sem samþykkt var á Alþingi 22. apríl 1986?

Sþ. 174. Fyrirspurn [164. mál]

til utanríkisráðherra um hernaðarframkvæmdir.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur utanríkisráðherra heimilað Bandaríkjaher eða Atlantshafsbandalaginu að hefja einhverjar nýjar framkvæmdir síðan Alþingi var síðast gerð grein fyrir slíku á s.l. vori, eða liggja fyrir beiðnir fyrrgreindra aðila um nýjar framkvæmdir?
2. Hafa átt sér stað viðræður um aðild Íslands að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins og ef svo er, á hvaða stigi eru þær viðræður?

Sþ. 175. Fyrirspurn [165. mál]

til utanríkisráðherra um herflugvöll eða varaflugvöll á Norðurlandi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Á hvaða stigi eru athuganir eða umleitanir varðandi þátttöku Bandaríkjahers eða Atlantshafsbandalagsins í uppbyggingu flugvallar á Norðurlandi?
2. Er þess að vænta að ríkisstjórnin muni leita hófanna hjá fyrrgreindum aðilum um þátttöku í annarri mannvirkjagerð, svo sem vega- og brúargerð, hafnargerð, byggingu sjúkrahúsa eða jafnvel skóla og dagvistarheimila?

Sþ. 176. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun inn á heilsugæslustöðvar landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Efldir verði möguleikar Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu.

Leitað skal samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis verið flutt áður en ekki fengist afgreidd. Nú skal reynt í þriðja sinn til þrautar. Greinargerðin fylgir hér óbreytt.

Meginatriði löggjafar okkar um heilsugæslu snýr að hinum fyrirbyggjandi aðgerðum, að koma í veg fyrir sjúkdóma, hindra þá í stað þess að vera sífellt að fást við afleiðingarnar með misjöfnum árangri. Vissulega hefur þar mikið áunnist í mörgum greinum og má nefna krabbameinsleit og athuganir á þeim sjúkdómi alveg sérstaklega, svo og rannsóknir og eftirlit varðandi hjartasjúkdóma. Ómetanlegt starf hefur þar verið unnið, enda forvarnarstarfið ævinlega árangursríkast ef rétt er að staðið. Vitanlega má þó enn betur gera og virkja heilbrigðisstéttir og sjálfboðaliða, svo og fyrst og fremst allan almenning til enn stærri átaka í forvarnarstarfi og á enn fleiri sviðum en nú er.

Íslendingar vinna mikið, langan vinnudag og oft erfiðan, lífsgæðakapphlaupið á sinn þátt í því með allri sinni streitu í neyslusamfélagi okkar sem gerir sífellt meiri kröfur, og er þá oftlega gleymt að gera upp á milli raunverulegra lífsþarfa og gerviþarfa sem hinn kaldi markaður auðhyggjunnar hefur búið til handa fólki. En meginstaðreyndin er þó sú að til þess að sjá sér og sínum vel farborða og eignast sæmilegt heimili þarf hinn almenni launamaður að leggja á sig óhóflega margar vinnustundir og horfurnar nú eru þar ærið dökkar.

En það er ekki sama á hvern hátt vinnan er leyst af hendi, hversu mikið álag er að baki, hversu mikilli umframorku hefur verið sóað, hversu ranglega hefur verið að verkinu staðið, hversu vinnustellingar hafa verið óhæfar, nátengt er þetta því hvernig vinnuaðstaðan hefur verið.

Sjúkra- og iðjuþjálfun eru tiltölulega nýjar greinar innan okkar heilsugæslu og að meginhluta til snúast þær um lækningu, um endurhæfingu, en ekki, svo sem vera þyrfti, um forvarnarstarf einnig.

Nýlega komst það fyrst í lög að sjúkraþjálfun skyldi vera ein þeirra greina er heilsugæslustöðvar sinntu, og enn er þar aðeins um dauðan lagabókstaf að ræða, því miður. Iðju- og starfsþjálfun, sem hér er nátengd, er jafnvel enn síður inni í þessari mynd nútímaheilsugæslu, þótt í lög sé fest.

Þrátt fyrir starfsheitin er hér fyrst og síðast um stéttir að ræða sem unnið gætu ómetanlegt forvarnarstarf — hindrað ýmsa kvilla og sjúkdóma í stað þess að fást við afleiðingarnar og endurhæfinguna þó fyrst og fremst.

Ekki skal heldur gert lítið úr þeim mikilsverða þætti er lýtur að því starfi sem unnið er við endurhæfingu þeirra sem orðið hafa fyrir slysum eða öðrum áföllum. Á slíku starfi er því

miður ávallt þörf og þar hafa sannarlega mörg kraftaverkin gerst fyrir atbeina þessara og annarra heilbrigðisstétta. Bætt og aukin aðstaða til endurhæfingar sem víðast um landið þarf svo sannarlega til að koma og átaks á því sviði er beðið víða af mörgum.

En forvarnarstarf af ýmsu tagi snýr að öllum, hvaða starf sem þeir stunda, hversu vel sem þeir annars gæta heilsu sinnar að öðru leyti. Minnisstætt er mörgum frá bernsku og æsku þegar fólk var eitthvað krankt, lá jafnvel rúmfast: „Þetta er bara gigt.“ Og þessi „bara gigt“ sem nú er flokkuð á aðskiljanlega vegu, m.a. sem vöðvabólga og vöðvagigt, brjósklos, slitgigt, brjóskeyðing, svo eitthvað sé nefnt, þessi sjúkdómur hrjáir okkur tiltölulega meira en flestar ef ekki allar þjóðir. Ástæður eru: mikil vinna, veðurfar, streita og ótalmargt annað sem ófróður flutningsmaður tillögunnar treystir sér ekki til að fara nánar út í.

Eitt grundvallaratriðið í þessu sambandi er hvernig unnið er, hversu að er staðið, og gildir þar einu hvort um er að ræða önnum hlaðna húsmóðurina við heimilisverkin eða skrifstofumanninn í slæma stólnum við enn verra skrifborð því að vinnuaðstæður fléttast vitanlega hér inn í. Þessi atriði vilja oft gleymast, þau eru hreinlega ekki tekin með og varðandi heilsurækt okkar og heilsufræði í skólakerfinu mun þessi þáttur tæplega fyrirferðarmikill. Ef við hugsum málið út frá hagrænu sjónarmiði eingöngu, út frá töpuðum vinnustundum, verri vinnuafköstum og öðrum ámóta köldum staðreyndum, þá er hér um mikla fjármuni að tefla, ótrúlega mikla án alls efa. En hvað sem talnalegri stærð þessa líður, þá skiptir líkamleg og andleg velferð og líðan þó enn meira máli og er undirrótin að þessum tillöguflutningi, til áhersluauka á áður sett lög og ákvæði, til að vekja athygli á máli sem fáir hugsa út í almennt hve miklu skiptir.

Flutningsmaður hefur leitað í smiðju til sér fróðari aðila um þessi mál og leitað fanga til rökstuðnings og meginmáli þess verða gerð skil í framsögu.

Nokkur augljós skýringaratriði varðandi áherslur tillögugreinarinnar í lokin: Einhver mikilverðasti þáttur heilsuræktar í skólum ætti að lúta að því að kenna ungu fólki að standa rétt að verki, að þjálfa líkama sinn rétt til mismunandi vinnubragða hvaða lífsstarfi sem síðan er gegnt.

Samstarf milli skólamanna og viðkomandi heilbrigðisstétta með nauðsynlegri ráðgjöf og leiðbeiningum, m.a. varðandi beina heilsufræðikennslu, er sjálfsagt að auka, enda forsenda þessa, svo og að auka hæfni kennara til að sinna þessu sem best. (Sjálfum mun þeim ekki af veita fyrir eigin líðan og vinnu og mælir flutningsmaður þar af nokkurri reynslu.) Útfærsla þessa er án efa ekki auðveld, kostar ærna aðlögun að hinni almennu leikfimikennslu en er vel framkvæmanleg ef vel er að unnið. Og eitt er víst: Meginþorri kennara mun taka þessu opnum huga.

Vikið er eðlilega að hlutverki og möguleikum Vinnueftirlits ríkisins. Þar hafa öryggismálin og aðbúnaðurinn verið í öndvegi og ekki vanþörf á. Þar er vissulega margt ógert enn og segja má að verkefnin séu þar ærin þó að ekki sé þar bætt við svo veigamiklum þætti, en þar ríkir fullur skilningur á mikilvægi slíks forvarnarstarfs og ekki síst í beinu samhengi við ýmis öryggisatriði. Samtök launafólks og ekki síður vinnuveitendur hafa hér ótvíræðra hagsmuna að gæta og eiga svo sannarlega að taka hér á og taka um leið þátt í þeim kostnaði sem óhjákvæmilegur er, en það fjármagn skilar sér margfaldlega til baka þó að aðeins væri litið beint til þjóðhagslegra atriða. Það er því full ástæða til þess að allir taki hér höndum saman um samræmt, skipulegt átak sem heilbrigðis- og skólayfirvöld yrðu frumkvöðlar að.

Forvarnarstarf af þessu tagi er ekki síðri nauðsyn en í mörgu öðru og skiptir miklu um velferð og líðan flestra. Hér ættu fjölmiðlar okkar að koma inn í myndina því að vissulega má þar veita mikla fræðslu og auka skilning fólks á mikilvægi þess að byggja líkamann upp gegn þeirri „bara gigt“ sem hrjáir svo marga. Ef tillaga þessi mætti verða til vakningar og áherslu, til athafna þó fyrst og síðast, þá væri máli þessu ekki hreyft til einskis.

Sþ. 177. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um afnám tóbaksveitinga á vegum ríkisins og opinberra stofnana.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afnema tóbaksveitingar á vegum ríkisins og opinberra stofnana.

Greinargerð.

Hinn 17. maí 1984 samþykkti Alþingi lög um tóbaksvarnir. Lagasetning þessi var mikið nýmæli, en lögunum hefur verið vel tekið og þau hafa skilað góðum árangri. Dregið hefur mjög úr reykingum á almannafæri og færri unglingar reykja nú en áður.

Það er óviðeigandi að ríki eða ríkisstofnanir veiti lengur tóbak á fundum eða í samkvæmum, þótt hér sé ekki lagt til algjört reykingabann.

Ed. 178. Frumvarp til læknalaga. [168. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Lækningaleyfi.

1. gr.

Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hér á landi samkvæmt reglum sem læknadeild Háskóla Íslands setur og heilbrigðisráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi skv. 1. mgr. má einnig ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum heilbrigðismálaráðherra, læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Áður en leyfi samkvæmt þessari grein er veitt skal leita álits nefndar sem skipuð er landlækni, einum fulltrúa Læknafélags Íslands og einum fulltrúa læknadeildar Háskóla Íslands. Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef nefndin telur hann óhæfan vegna heilsubrests, t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

3. gr.

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. gr., lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækni hér á landi, enda uppfylli hann skilorð 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita meðmæla læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

4. gr.

Ef nauðsyn krefur má ráðherra eftir meðmælum landlæknis fela læknanemum að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hefur viðkomandi þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

Í slíkum tilvikum skal læknanemi starfa með lækni.

Víkja má frá ákvæðum 2. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Læknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga er ráðherra staðfestir og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni að hann hafi lokið slíku námi.

Læknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing ef hann sannar fyrir læknadeild háskólans að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

II. KAFLI

Réttindi.

6. gr.

Sá sem leyfi hefur skv. I. kafla laga þessara á rétt á því að stunda lækningar. Réttur annarra en lækna til þess að stunda sjúklinga í lækningaskyni takmarkast af ákvæðum laga þessara um skottulækningar.

7. gr.

Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni sem fengið hefur til þess leyfi skv. I. kafla laga þessara. Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar, sbr. nánar ákvæði laganna um skottulækningar.

8. gr.

Læknir getur við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Starfar það þá á ábyrgð læknis, nema önnur lög bjóði annað.

9. gr.

Lækni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðisleg viðhorf hans, séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni.

III. KAFLI

Skyldur.

A. Árvekni og upplýsingar.

10. gr.

Lækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku, halda við þekkingu sinni og fara nákvæmlega eftir henni.

Lækni ber að jafnaði að upplýsa sjúklinga um ástand og meðferð. Eigi í hlut börn og unglingar 16 ára og yngri skulu slíkar upplýsingar veittar foreldrum eða forráðamönnum.

B. Vottorð.

11. gr.

Lækni ber að sýna varkárni og nákvæmni við útgáfu vottorða og annarra læknayfirlýsinga. Skal hann votta það eitt er hann veit sönnur á.

Ráðherra er heimilt, samkvæmt tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, að setja nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða.

12. gr.

Lækni er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er hann annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta sjúklinga við hið opinbera.

C. Skyndihjálp.

13. gr.

Lækni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

D. Læknavakt.

14. gr.

Lækni, sem stundar almennar lækningar, er skylt, þótt hann sé ekki opinber starfsmaður, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í því heilsugæsluumdæmi þar sem hann starfar, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

E. Afhending sjúkragagna.

15. gr.

Lækni er skylt að láta af hendi, til sjúklinga eða forráðamanna sjúklinga, sjúkraskrár og þau gögn er skránum fylgja.

Slík skylda verður þó eingöngu lögð á lækni sé hún nauðsynleg til þess að þjóna ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Lækni er heimilt að afhenda landlækni einum sjúkraskrár sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu ef ástæða þykir til vegna ákvæða 17. gr.

Ráðherra getur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands sett nánari reglur um afhendingu og geymslu sjúkraskráa og röntgenmynda.

F. Tilkynningar.

16. gr.

Lækni ber að tilkynna landlækni mistök og/eða vanrækslu sem hann verður var við í starfi sínu sem læknir, megi rekja slíkt til starfa heilbrigðisstétta eða reglna um heilbrigðisstéttir. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum sem vinna með læknum.

Lækni er skylt að tilkynna landlækni eins fljótt og við verður komið verði hann var við skottulækningar, sbr. 23. gr.

G. Þagnarskylda.

17. gr.

Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir.

Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir sjúkling eða þjóðfélagið. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé læknir í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

H. Bann gegn auglýsingum.

18. gr.

Lækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem læknis fram yfir látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á lyfseðlum og dyraspjöldum með nafni, lærdómstitli, stöðu, heimili, síma, viðtalstímum og sérgrein ef um sérfræðing er að ræða. Læknum og stéttarfélögum þeirra ber að vinna á móti því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni en ef ekki verður komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem þar kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða á annan hátt að stuðla að því að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna. Sömu reglur gilda um störf annarra heilbrigðisstétta svo og heilbrigðisstofnana.

I. Eftirlitsskylda.

19. gr.

Læknir er háður eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess að læknir haldi ákvæði laga þessara og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Landlæknir heimtar skýrslur af lækni viðvíkjandi störfum hans að heilbrigðismálum í samræmi við reglur þar að lútandi sem ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

IV. KAFLI

Ávísanir lyfja.

20. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins tilkynnir landlækni telji það rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum læknis á tiltekin lyf. Getur ráðherra þá að tillögu landlæknis lagt fyrir lækninn að halda skrá yfir ávísanir og tilefni notkunar þeirra. Ráðherra ákveður fyrirkomulag eftirlitsins að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Nær þetta einnig til eigin notkunar læknis. Um skráningu og skil á skýrslum fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Hlíti sá sem lögð hefur verið á skráningarskylda skv. 1. mgr. ekki fyrirmælum eða verði hann uppvís að ávísa lyfjum þannig að óhæfilegt þykir leggur landlæknir málið fyrir ráðherra sem er þá heimilt að svipta lækninn leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 28. og 29. gr.

21. gr.

Verði læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda skv. 1. mgr. 20. gr., uppvís að því að ávísa sjálfum sér óhæfilegu magni lyfja og þyki atferli hans alvarlegra eðlis en svo að skráningarskyldu verði beitt getur ráðherra svipt hann leyfi skv. 3. mgr. 20. gr.

22. gr.

Áður en leyfissvipting fer fram skv. 20. og 21. gr. skal lækni gefinn kostur á því að skýra málstað sinn.

Læknir, sem ekki hefur leyfi til ávísana á tiltekin lyf, má með leyfi ráðherra að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

Ráðherra getur afturkallað leyfissviptingu samkvæmt þessum kafla að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins.

V. KAFLI

Skottulækningar.

23. gr.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

24. gr.

Um lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar fer skv. VII. kafla lyfjalaga nr. 108/1984. Auglýsingar um lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars eru bannaðar.

Bannaðar eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

25. gr.

Lækni, sem ekki hefur til þess leyfi, er óheimilt að kalla sig, auglýsa sig eða gefa á annan hátt í skyn að hann sé sérfræðingur og gildir hið sama um sérfræðing í annari grein en þeirri sem hann hefur sérfræðingsleyfi í. Lækni er óheimilt að ávísa lyfjum undir því yfirskyni að þau eigi að fara til lækninga en vitandi að þau verði notuð í öðru skyni, t.d. til nautnar eða til sölu í hagnaðarskyni.

26. gr.

Lækni er óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð, samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

27. gr.

Lækningaleyfi fellur niður þegar leyfishafi er fullra 75 ára gamall. Ráðherra er heimilt að fenginni umsókn viðkomandi og meðmælum nefndar skv. 3. mgr. 2. gr. að framlengja leyfi í eitt ár í senn.

VII. KAFLI

Viðurlög.

A. Svipting lækningaleyfis.

28. gr.

Lækni, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, má svipta lækningaleyfi þó að ekki teljist sannað að brotið hafi valdið tjóni sé það þess eðlis að það verði að teljast honum

sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, lausmælgi um einkamál sem hann hefur komist að sem læknir, alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum eða annað atferli sem fer í bága við II. kafla laga þessara.

Sé um að ræða ítrekuð brot eða megi dæma í fangelsi fyrir brot gegn lögum þessum skal svipta lækni lækningaleyfi.

29. gr.

Landlækni ber, verði hann þess var að læknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, að áminna hann. Áminning skal vera skrifleg og rökstudd. Landlæknir sendir afrit áminningar til heilbrigðisráðherra.

Komi áminning ekki að haldi eða sé um að ræða óhæfu í læknisstörfum ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða tímabundið en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

Það telst óhæfa í læknisstarfi þegar læknir uppfyllir ekki þau skilyrði sem krafist var þegar hann fékk lækningaleyfi, t.d. vegna heilsubrests sem geri hann lítt hæfan, óhæfan eða jafnvel hættulegan við störf, vegna vímuefnaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

30. gr.

Læknir, sem sviptur hefur verið lækningaleyfi að fullu samkvæmt þessum kafla, getur fengið lækningaleyfi á ný en aðeins samkvæmt ákvæðum I. kafla.

B. Aðrar refsingar.

31. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis, sbr. 28. og 29. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé um að ræða brot af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal refsa með fangelsi og/eða sektum. Fyrir minni háttar brot skal refsa með sektum en með varðhaldi og/eða sektum hafi viðkomandi sætt áminningu landlæknis áður.

Sé um ítrekuð brot að ræða skal dæma í fangelsi og/eða sektir.

32. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 80 23. júní 1969, ásamt breytingum í lögum nr. 108/1973 og nr. 76/1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa ná ekki til þeirra sem slík leyfi hafa, ótakmörkuð eða takmörkuð, þegar lögin ganga í gildi. Önnur ákvæði þessara laga gilda hins vegar að öllu leyti um þessa aðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp það, sem hér liggur frammi, er að mestu leyti samhljóða tillögum stjórnskipaðrar nefndar sem með bréfi dags. 24. sept. 1979 fékk það hlutverk að endurskoða gildandi læknalög nr. 80 23. júní 1969, með breytingum nr. 108/1973 og 76/1977. Í nefndinni áttu sæti:

Ólafur Ólafsson landlæknir, sem jafnframt var formaður, Ólafur Bjarnason dr. med., prófessor, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, Guðmundur Oddsson læknir, tilnefndur af Læknafélagi Íslands, María Pétursdóttir skólastjóri, tilnefnd af Samtökum heilbrigðisstétta, og Ingimar Sigurðsson lögfræðingur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem jafnframt gegndi störfum ritara.

Nefndin skilaði áliti 14. febrúar 1983 í búningi lagafrumvarps. Náði nefndin samstöðu um flest efnisatriði og byggist frumvarpið á þeim atriðum sem ekki var ágreiningur um ef frá eru talin ákvæði 27. gr., sem María Pétursdóttir lagðist gegn, og ákvæði 3. mgr. 2. gr.

Alls hélt nefndin 38 fundi auk fjölmargra vinnufunda formanns og ritara. Leitaði nefndin meðan á verkinu stóð álits Læknafélags Íslands, Samtaka heilbrigðisstétta og læknadeildar Háskóla Íslands og speglast afstaða þessara aðila að mestu í áliti fulltrúa þeirra í nefndinni. Í september 1981 fjallaði Læknafélag Íslands sérstaklega um lagafrumvarp sem nefndin hafði sent félaginu. Kom fram stuðningur við frumvarpið á fundinum eins og það lá fyrir og gagnlegar ábendingar sem nefndin vann síðan úr.

Frá því nefndin skilaði áliti hefur frumvarpið verið til umfjöllunar í ráðuneytinu sem gert hefur á því nokkrar breytingar. Leitaði ráðuneytið álits fleiri aðila, sérstaklega þeirra sem lög sem þessi snerta, svo sem Lyfjaeftirlits ríkisins. Þar sem engin sérstök greinargerð fylgdi með frumvarpinu frá nefndinni, hvorki um almenn atriði né einstakar greinar, fól ráðuneytið Ingimari Sigurðssyni yfirlögfræðingi, einum nefndarmanna, að taka saman greinargerð. Fylgir greinargerð Ingimars Sigurðssonar hér með.

2. Lagasetning um lækna.

Gildandi læknalög nr. 80 23. júní 1969 eru að stofni til frá árinu 1932 og eru langflest ákvæði þeirra óbreytt frá þeim tíma þótt ákveðið hafi verið 1969 að fella breytingar, sem samþykktar voru á Alþingi það ár, inn í meginmál laganna með síðari breytingum og gefa þau út svo breytt. Lög nr. 47/1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, eru fyrstu lögin á þessu sviði sem sett eru hér á landi og teljast sambærileg við norræna og vestur-evrópska löggjöf. Var í upphafi tekið mið af frumvarpi sem lá fyrir danska ríkisþinginu og hafði verið rækilega undirbúið. Vilmundur Jónsson landlæknir samdi frumvarpið í samráði við læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands.

Fyrstu læknalög, sem kalla má því nafni á þessu sviði hér á landi, voru sett 1911, (lög nr. 38/1911), en frumvarp að þeim var fyrst lagt fram 1909 og mælti Jón Magnússon fyrir frumvarpinu sem var samið af Guðmundi Björnssyni landlækni. Var með lögunum ógilt tilskipun frá 5. september 1794 og lög frá 20. febrúar 1884, um leyfi til lækninga hér á landi, þótt í reynd væri fullt lækningaleyfi háð sömu skilyrðum og áður. Ekki var deilt um sjálfa lækningastarfsemina og enginn ágreiningur var um það að binda þyrfti lækningaleyfi ströngum skilyrðum. Það sem deilt var um voru smáskammtalækningarnar. Í meðförum Alþingis var frumvarpinu breytt eins og það kom fram 1909 og smáskammtalækningar teknar út og þeim er þær stunduðu var heimilt að gera það áfram.

Helstu breytingar, sem gerðar voru á árinu 1932 á þágildandi lögum, voru þær að sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar þurfti til þess að mega stunda lækningar, kandídatsprófið eitt og sér dugði ekki lengur. Var talið hvað lækna snerti að árangur í námi réttlætti ekki skilyrðislaust leyfisveitingu þar sem einnig yrði að taka tillit til annarra þátta. Einnig voru sérfræðingum tryggð sérstök réttindi fram yfir aðra lækna, þ.e. heilbrigðisstjórninni var heimilað eftir þar til settum reglum að veita sérfræðileyfi. Ótvíræðari skyldur voru lagðar á lækna til þess að láta hinu opinbera í té læknisvottorð, t.d. vegna styrkveitinga, trygginga o.fl. Ákvæði um skyldu læknis til þess að gegna aðkallandi sjúkravitjun og um læknavörð (nætur- og helgidagaþjónustu) voru sett í lög. Enn fremur var lögfest sérstök þagnarskylda lækna þar sem farinn var vegur milli almennra krafna um þagnarskyldu og algjörs banns við að bera vitni fyrir rétti um sjúklinga. Ákvæði um bann við auglýsingum um starfsemi lækna voru lögfest til þess að halda uppi aga innan stéttarinnar en auglýsingabann var einkum talið nauðsynlegt vegna fámennis í landinu og kunningsskapar. Leitast var við að skilgreina hugtakið skottulækningar og var t.d. ekki talið hjá því komist að láta sumt framferði, sem hugsanlegt var að læknar gerðu sig seka um, heyra þar undir. Enn fremur var heimiluð fyrirvaralaus svipting lækningaleyfis krefðist almannaheill þess.

Með lögum nr. 47/1932, um lækningaleyfi o.fl., var ætlunin að reyna að styrkja gagnkvæmt traust milli almennings og lækna með skýrum ákvæðum um réttindi lækna og skyldur með því að koma á fastara og betra skipulagi og réttaröryggi í þessum málum. Ákvæði um að svonefndir smáskammtalæknar væru undanþegnir læknalögum voru afnumin en töluverðrar tilhneigingar gætti til þess að láta smáskammtalækningar liggja áfram utan laga.

Þær breytingar, sem urðu á læknalögum frá 1932–1969, eru sáralitlar og má þar nefna eftirfarandi:

Með breytingum nr. 51/1942 er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi að umsækjendur hafi gegnt störfum í læknishéraði sem héraðslæknar eða aðstoðarlæknar héraðslækna í allt að sex mánuði að námi loknu. Hefur þessu ákvæði verið beitt allar götur síðan og hefur skyldan verið mismunandi allt frá þrem til sex mánuðum þar til hún var afnumin með auglýsingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem öðlaðist gildi 1. febrúar 1985. Með breytingum nr. 27/1960 er íslenskt ríkisfang gert að skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og með breytingu nr. 8/1964 er kveðið á um dagsektir og lögtaksrétt vanræki læknir að skila lögboðnum skýrslum. Þessar breytingar tóku fyrst og fremst mið af því að auka á skilvirkni skýrslugjafa, taka fyrir það að menn með erlent ríkisfang tækju upp störf og að auðvelda mönnum í strjálbýlli héruðum að njóta læknisþjónustu. Sjálfa lækningastarfsemina snerta þessar breytingar ekki og má því segja að engar efnislegar breytingar hafi átt sér stað á þessum tíma og jafnvel ekki fram á þennan dag eins og fram kemur hér á eftir.

Á 89. löggjafarþingi 1968–1969 var borið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 47/1932, um lækningaleyfi o.fl., en frumvarpið var samið á vegum landlæknisembættisins og voru breytingartillögur aðallega þessar:

1. Heimilt að veita erlendum ríkisborgurum tímabundið lækningaleyfi að uppfylltum þar til greindum skilyrðum.
2. Heimilt að skylda lækna til þess að halda skrá yfir ávísanir á ávana- og fíknilyf ef landlæknir sæi ástæðu til og einnig heimilt að svipta lækni leyfi til þess að ávísa slíkum lyfjum.

Fyrra atriðið var sett fram til þess að reyna að auðvelda mönnun héraðanna og vegna þess að til læknanáms við Háskóla Íslands höfðu komið útlendingar. Síðara atriðið var til komið vegna innreiðar ýmissa ávana- og fíkniefna sem nauðsyn þótti að henda reiður á eftir því sem fært þætti og það jafnt þótt læknar ættu í hlut.

Aðrar breytingar voru þær helstar að heiti laganna var stytt af hagkvæmnisástæðum í „læknalög". Framhaldsnám á kandídatsári var ekki lengur eingöngu bundið við fæðingarhjálp heldur var ákveðið að kveða á um einstakar greinar læknisfræðinnar í reglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 311/1986, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa. Í meðförum Alþingis var ákveðið að fella lögin saman við meginmál laga nr. 47/1932, ásamt síðari breytingum, eins og greinir frá hér að framan.

Síðan 1969 hafa læknalög sætt breytingum tvisvar. Fyrri breytingin er með lögum nr. 108/1973 en þá var að beiðni landlæknis fellt úr lögunum skilyrði um íslenskt ríkisfang fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi en áður var komin heimild fyrir tímabundnum leyfum, sbr. breytingar sem gerðar voru 1969. Ástæðan var sú sama og áður, en þó einkum að útlendingum, sérstaklega Norðurlandabúum, fór fjölgandi í læknadeild Háskóla Íslands. Einnig voru felld úr lögunum ákvæði um greiðslur fyrir störf lækna enda voru þau úrelt vegna breytinga á almannatryggingalögum sem voru endurskoðuð í heild 1971, sbr. nú lög nr. 67/1971, með síðari breytingum. Ekki var um aðrar efnisbreytingar að ræða en orðalagi var breytt í ýmsum greinum og þær færðar til nútímalegra horfs. Síðari breytingin er nr. 76/1977, en þá var bætt inn í lögin ákvæði um að veita mætti takmarkað lækningaleyfi þeim sem til þess hefðu næga þekkingu að dómi landlæknis, að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands, en sams konar ákvæði var í gildi fyrir gildistöku laga nr. 108/1973, en féll þá út að því er virðist fyrir vangá. Aðeins einn maður hefur takmarkað lækningaleyfi hér á landi samkvæmt læknalögum og starfar hann sem hnykkir (kiropraktor).

3. Réttindi og skyldur lækna.

A. Réttindi.

Um réttindi og skyldur lækna er fjallað í II. kafla gildandi læknalaga nr. 80/1969. Fer lítið fyrir ákvæðum um réttindi, en ákvæði um skyldur eru öllu ítarlegri. Í I. kafla laganna, þar sem fjallað er um lækningaleyfi, eru ákvæði um réttindi lækna, þ.e. þau réttindi sem felast í því að mega kalla sig lækni og að fá að stunda lækningar, en þau kveða ekkert á um sjálft starfið. Því er ekki óeðlilegt að spurt sé í hverju almennt lækningaleyfi sé fólgið og skal leitast við að svara því hér á eftir en í lagafrumvarpinu eru réttindum lækna gerð betur skil en áður hefur verið í lögum.

Er réttindum skipt í fjóra þætti:

1. Réttur til þess að stunda almennar lækningar.
2. Réttur til þess að nota aðstoðarfólk.
3. Réttur til þess að skorast undan aðgerð.
4. Réttur til þess að ávísa lyfjum.

Verður hér á eftir reynt að gera hverjum lið fyrir sig skil:

1. Rétturinn til þess að stunda almennar lækningar.

Mjög erfitt er að skilgreina hvað fólgið er í almennu lækningaleyfi nema gagnverkandi, þ.e. að öðrum en læknum sé óheimilt að framkvæma aðgerðir, t.d. skurðaðgerðir, gefa sprautur eða deyfa. Meðferð vissra sjúkdóma er falin læknum með sérstökum lögum, eins og t.d. meðferð kynsjúkdóma, sbr. lög nr. 16/1978, ónæmissjúkdóma, sbr. lög nr. 38/1978, og berkla, sbr. lög nr. 66/1939. Í þeim tilvikum er skilgreining auðveld.

Mjög varhugavert getur verið að skilgreina hugtakið almennar lækningar þar sem það yrði þá takmarkað og mundi t.d. ekki ná til ákveðinna þátta sem ekki verða samkvæmt eðli sínu færðir undir hugtakið lækningar í hefðbundnum skilningi, t.d. ýmiss konar forvarnarstarf sem flokkast þó undir hugtakið heilsuvernd, sbr. 19. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Ekki má einblína á sjúklinginn, þ e. að það að stunda lækningar sé að

taka að sér sjúkling. Sú skýring er að vísu einföld en ekki viðurkennd þar sem öllum er heimilt að taka að sér sjúklinga svo framarlega sem slíkt brýtur ekki gegn ákvæðum læknalaga um skottulækningar. Til þess að fá einhvern botn í þessa skilgreiningu má segja almennt að það „að mega stunda almennar lækningar“ sé fólgið í skýringu á hugtakinu skottulækningar sem samkvæmt læknalögum nr. 80/1969 er ef einhver, sem ekki hefur leyfi samkvæmt læknalögum, þ.e. lækningaleyfi, býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja, sbr. nánar 23. gr. þessa frumvarp og 14. gr. gildandi læknalaga.

2. Rétturinn til þess að nota aðstoðarfólk.

Um þennan þátt gilda engin almenn lagaákvæði en almennt er viðurkennt að takmarka verði hversu mikið af réttindum læknir geti framselt til annarra. Það hlýtur að vera bundið við menntun og þjálfun viðkomandi aðstoðarmanna, þ.e. réttarlega stöðu þeirra. Mikilvægt er að setja nánari ákvæði t.d. vegna hugsanlegra mistaka aðstoðarfólks og ábyrgðar læknis í þeim tilvikum.

3. Rétturinn til þess að skorast undan því að framkvæma aðgerð.

Mikilvægt er að velta fyrir sér spurningunni um það hvort og í hvaða tilvikum lækni sé heimilt að skorast undan að framkvæma aðgerð. Fara ber hér mjög varlega í skýringar. Almennt er viðurkennt þótt ekki styðjist það við ótvíræðan lagabókstaf að læknar geti aldrei skorast undan að framkvæma aðgerð sé um að ræða aðgerð í lækningaskyni. Það er hins vegar viðurkennt að læknar geti skorast undan að framkvæma aðgerð af trúarlegum eða siðferðislegum ástæðum sé markmið aðgerðarinnar ekki lækning í þröngri skýringu þess orðs, t.d. ófrjósemisaðgerð eða fóstureyðing af félagslegum ástæðum.

4. Rétturinn til þess að ávísa lyfjum.

Takmarkanir á rétti til lækninga eiga m.a. að taka til ávísunar lyfja. Ákvæði þar að lútandi eiga heima í læknalögum. Um rétt annarra en lækna, tannlækna og dýralækna til þess að ávísa lyfjum er ekki að ræða en varast ber að rugla saman ávísun lyfja, lyfjagjöfum og lyfjaskömmtun annarra heilbrigðisstétta samkvæmt forskrift og á ábyrgð læknis.

B. Skyldur.

1. Upplýsingaskylda gagnvart sjúklingi eða aðstandendum.

Það er viðurkennd regla að lækni beri að leita samþykkis fyrir aðgerðum. Erfitt er að tíunda undantekningar frá þessari reglu þótt þær finnist vissulega t.d. sé um mjög knýjandi þörf að ræða og sé litið til hinnar borgarlegu skyldu að bjarga manni úr háska.

Til þess að hægt sé að segja að samþykki sjúklings hafi verið gefið af frjálsum vilja þarf læknir að hafa frætt sjúklinginn um hættur aðgerðarinnar. Skal sjúklingur fræddur um allt sem málið snertir t.d. hvernig hann sé andlega og líkamlega búinn undir aðgerð. Einnig verður að leiðbeina sjúklingi um það hvernig hann sjálfur geti sem best búið sig undir aðgerð sé sjúklingur fær um slíkt á annað borð.

Í þeim tilvikum, þar sem sjúklingur heldur því fram að nauðsynlegar forsendur hafi skort fyrir samþykki hans, t.d. upplýsingaskortur af hendi læknis, er almennt viðurkennt að sjúklingur beri sjálfur halla af skorti á sönnun, þ.e. sönnunarbyrði er snúið við.

Undantekningar frá reglunni um upplýsingaskyldu.

Þegar um er að ræða meðvitundarleysi sjúklings eða sé hann af einhverjum orsökum ekki viðræðuhæfur liggur ljóst fyrir að víkja verður frá aðalreglunni. Rétt er að benda á að

samkvæmt íslenskum lögum er lögð ríkari skylda á herðar læknum til hjálpar en gerist og gengur hjá öðrum þjóðum, sbr. 8. gr. gildandi læknalaga. Víða á sjúkrahúsum erlendis hefur til skamms tíma verið tíðkað að láta sjúklinga rita undir almenna yfirlýsingu þess efnis að læknar á sjúkrahúsinu séu undanþegnir allri ábyrgð hendi bótaskyldur atburður. Er það gert á þann hátt að sjúklingur er látinn rita undir yfirlýsingu áður en hann er lagður inn og þá oftast í óvissu um það sem gera þarf. Slíkt getur ekki talist frjálst samþykki þar sem einn efnisþáttinn skortir sem eru upplýsingarnar. Því síður gerir þetta lækni kleift að skorast undan upplýsingaskyldunni. Fræðimenn eru almennt sammála um að ekki megi leyfa lækni að láta sjúkling skrifa undir yfirlýsingu fyrir fram þar sem læknir leysir sig undan ábyrgð. Slíkt beri aðeins að taka gilt, sé um að ræða sjúkdóma sem samkvæmt viðurkenndum fræðum séu ólæknanlegir, komi læknirinn með nýja aðferð sem hann kynnir hinum sjúka og fyrirsjáanlegt er að árangur er óviss.

2. Hvenær er lækni heimilt að skorast undan að framkvæma aðgerð?

Hér að framan hefur verið fjallað stuttlega um rétt lækna í tilvikum sem þessum. Þetta atriði snýr alveg eins að skyldum lækna. Það er augljóst að vegna leiknaeiðsins á læknir erfitt með að skorast undan aðgerðum sé um að ræða alvarlega hættu, ekki síst í þeim tilvikum þar sem ekki er til að dreifa honum hæfari manni sem gripið gæti inn í. Þar sem lög kveða á um er þó siðferðisleg skylda læknis í slíkum tilvikum viðurkennd vegna þeirrar sérstöðu sem læknir hefur vegna náms og starfs. Um hættuna og hversu bráð hún er verður læknirinn að dæma enda ekki á annarra færi að gera það betur. Í þeim löndum, þar sem fóstureyðingar eru frjálsar eins og það er kallað, geta læknar samkvæmt almennum siðareglum neitað að framkvæma slíkar aðgerðir brjóti þær gegn trúarskoðunum þeirra eða siðferðiskennd, þjóni þær ekki læknisfræðilegum tilgangi.

3. Ábyrgð vegna réttar sjúklings til þess að skorast undan aðgerð og skylda læknis til að hjálpa í neyð.

Þótt hver maður beri sjálfur ábyrgð á lífi sínu er það viðurkennd siðferðisleg regla að lækni beri að láta í té hjálp til bjargar mönnum sem reynt hafa að fyrirfara sér eða skaða sig af ásetningi eða vítaverðu gáleysi.

Þegar foreldrar eða forráðamenn setja sig á móti aðgerð sem nauðsynleg telst heilsu barnsins vegna, t.d. vegna trúarskoðana, gilda mismunandi reglur í einstökum löndum. Hér á landi er t.d. heimilt að snúa sér til yfirstjórnar barnaverndarmála og dómstóla og fá samþykki þeirra sem er bindandi og endanlegt. Mörgum þykir slíkt þungt í vöfum en hafa ekki getað bent á heppilegri leið. Því hafa flestar þjóðir látið ógert að kveða á um slíkt í lögum sérstaklega. Þar er litið svo á að ekki verði hægt að sækja lækni til ábyrgðar þótt aðgerð hafi verið framkvæmd í trássi við vilja foreldra eða forsvarsmanna hafi tilgangurinn verið að bjarga lífi eða heilsu barns. Mat á slíku hlýtur að vera í höndum læknisins sjálfs og þá byggt á neyðarréttarsjónarmiðum sem hér á landi er að finna í almennum hegningarlögum, sbr. 13. gr. laga nr. 19/1940. Setji sjúklingur sig á móti aðgerð má læknir ekki láta það eitt nægja að færa mótmæli til bókar í þeim tilgangi að vera laus undan ábyrgð, þ.e. sé aðgerðin á annað borð aðkallandi og nauðsynleg. Þá ber lækni í krafti kunnáttu sinnar og stöðu að reyna að tala um fyrir sjúklingi.

4. Þagnarskylda læknis.

Erfiðlega hefur gengið að útskýra hugtakið „þagnarskylda“ ekki síst þegar læknar eiga í hlut. Almennt er þó viðurkennt að þagnarskyldan taki ekki aðeins til staðreynda sem eru í beinu sambandi við sjúkdóminn eða meðferðina, heldur taki hún til þess alls sem lækni er trúað fyrir af hinum sjúka og þess sem læknirinn kynnist af eigin raun vegna afskipta sinna af

sjúklingi. Lækni getur t.d. verið skylt að leyna því að hann stundi meðferð á tilteknum sjúklingi.

Í fyrsta lagi er það læknisins sjálfs að dæma um það hvort eitthvað, sem er staðreynd, falli undir þagnarskylduna eður ei.

Þar sem þagnarskyldan er fyrst og fremst fyrir sjálfan sjúklinginn er litið svo á að alvarleg takmarkatilfelli geti leyst lækni undan skyldunni, t.d. sé um að ræða rannsókn alvarlegra brotamála.

Sjúklingurinn getur sjálfur leyst lækni undan þagnarskyldu. Sé um að ræða ómynduga sjúklinga gilda mismunandi reglur. Í flestum löndum geta ómyndugir, a.m.k. hafi þeir náð vissum aldri eða hafi komið til árekstra milli þeirra og forráðamanna, leyst lækni undan þagnarskyldunni. Er slíkt gjarnan miðað við sakhæfisaldur en hann er mismunandi í hinum einstöku löndum. Hér miðast hann við 15 ára aldur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þagnarskylda fellur ekki sjálfkrafa niður við dauða sjúklings. Samkvæmt almennum reglum gæti þagnarskyldan fallið niður að hluta til eða algjörlega t.d. vegna vitnareglna í sambandi við málaferli t.d. vegna spurningarinnar um andlega heilbrigði við gerð erfðaskrár. Í slíkum tilfellum er það misjafnt hvað læknum ber að skýra ítarlega frá. Í mörgum löndum ber lækni aðeins að segja frá því sem hann raunverulega veit með vissu eða sem hann jafnvel kærir sig um að segja frá. Annars staðar ber honum að skýra frá öllu sem hann veit og hugsanlega getur haft áhrif á málið. Samkvæmt íslenskum réttarfarsreglum gildir sú regla hér sem og á öðrum Norðurlöndum. Sé um að ræða alvarlega smitsjúkdóma eru viðurkenndar veigamiklar undantekningar frá reglunni um þagnarskyldu. Sama gildir og um rannsókn refsimála sem áður segir, svo og þegar öryggi lands og lýðs er stefnt í hættu.

5. Ábyrgð læknis vegna mistaka eða vanrækslu.

Það er viðurkennd regla að læknir eins og hver annar sé ábyrgur fyrir þeim mistökum sem honum verða á vegna vankunnáttu og óreiðu í starfi.

Í flestum löndum leiða mistök í starfi lækni ekki til ábyrgðar nema um sé að ræða alvarleg mistök eða augljós mistök með hliðsjón af hinum venjubundnu og þekktu læknavísindum. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að læknir beri eingöngu ábyrgð á þeim aðferðum sem hann hefur beitt. Því hlýtur það að vera sjúklingsins að sanna mistök á lækninn, skaðann og orsakasambandið milli aðferðarinnar og skaðans. Sé um að ræða alvarleg mistök eða sé t.d. eftirlit með þeim aðgerðum, sem framkvæmdar eru, ekki nægjanlegt er í sumum löndum, t.d. í Frakklandi og Ítalíu, talið sannað að um orsakasamband sé að ræða og í slíkum tilvikum þarf sjúklingurinn ekki að færa sönnur á mál sitt.

4. Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Í 2. gr. er lögð til nýskipan mála varðandi almennt lækningaleyfi, þ.e. í stað læknadeildar og landlæknis meti nefnd skipuð landlækni, fulltrúa læknadeildar Háskóla Íslands og fulltrúa Læknafélags Íslands umsóknir þeirra sem lokið hafa námi frá deildinni. Enn fremur er gert ráð fyrir því að viðbótarnámi, þ.e. kandídatsnámi, verði hægt að ljúka í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, ekki eingöngu sjúkrahúsum.
2. Í 3. gr. eru skýrari ákvæði um það hvernig læknadeild háskólans geti borið sig að áður en hún metur menntun sem fengin er erlendis.
3. Í 4. gr. er lögð til sú aðalregla að þar sem læknanemum er heimilt að starfa sem læknum um stundarsakir með lækningaleyfi skuli þeir starfa með lækni.
4. Lögð eru til skýrari ákvæði um réttindi lækna og í hverju þau skuli fólgin að svo miklu leyti sem hægt er að skilgreina störf þeirra. Gengið er út frá þeim fjórum meginatriðum sem fram koma í greinargerð hér að framan, þ.e. réttinum til þess að stunda lækningar og að kalla sig lækni, réttinum til þess að geta notað aðstoðarfólk, réttinum til þess að

skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg og siðferðisleg viðhorf, séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni, og réttinum til þess að ávísa lyfjum sem að vísu fellur undir IV. kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um ávísanir lyfja.

5. Lögð eru til hnitmiðaðri ákvæði varðandi skyldur lækna og er þeim deilt niður eftir viðfangsefnum, sbr. nánar III. kafla, þ.e. árvekni og upplýsingar, vottorð, skyndihjálp, læknavakt, afhending sjúkragagna, tilkynningar vegna mistaka eða vanrækslu, þagnarskylda og eftirlitsskylda. Í reynd er ekki mörg nýmæli hér að finna nema hvað snertir tilkynningaskyldu, en þar er lækni gert að tilkynna landlækni um mistök og/eða vanrækslu sem hann verður var við í starfi sínu sem læknir megi rekja slíkt til starfa heilbrigðisstétta, heilbrigðisstofnana eða til skottulækninga. Sama skylda hvílir og á öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en læknum. Að öðru leyti eru ákvæðin ítarlegri og þó sérstaklega ákvæðin um þagnarskylduna. Enn fremur eru þessi ákvæði færð til nútímalegra horfs og til samræmis við önnur lög sem sett hafa verið á undanförnum árum.
6. Varðandi 23. gr. er lögð til önnur skilgreining á hugtakinu skottulækningar heldur en er í gildandi lögum, þ.e. að það nái aldrei til lækna.
7. Lagt er til í 26. gr. að lækni sé óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi, nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð, samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.
8. Lögð er til sú stefnumarkandi aðalregla í 27. gr. að lækni sé óheimilt að reka sjálfstæða lækningastarfsemi eftir 75 ára aldur. Þó er ráðherra heimilt að fengnum meðmælum nefndar skv. 3. mgr. 2. gr. að framlengja leyfi í eitt ár í senn.
9. Í 29. gr. er lagt til það nýmæli að ráðherra geti svipt lækni lækningaleyfi tímabundið. Í gildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir sviptingu að fullu.
10. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að læknalög nái sem mest eingöngu yfir lækna og lækningastarfsemi þannig að miklu færri ákvæði eru í frumvarpinu varðandi aðrar heilbrigðisstéttir heldur en í gildandi lögum.
11. Í frumvarpinu er þáttur Læknafélags Íslands gerður miklu ríkari en í gildandi lögum, þ.e. afskiptaréttur af starfsemi lækna og skipulagningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um réttinn til að stunda lækningar og kalla sig lækni og að til þess þurfi leyfi heilbrigðisráðherra. Greinin er nákvæmlega eins og 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta fengið lækningaleyfi. Breytingar frá gildandi ákvæðum eru tíundaðar þar sem greint er frá helstu nýmælum frumvarpsins og vísast til þess sem þar segir.

Enn fremur gerir frumvarpið ekki ráð fyrir svokallaðri héraðsskyldu sem lögfest var 1940 enda var hún afnumin með auglýsingu 1. febrúar 1985 þótt lög heimili ráðherra að beita henni gerist þess þörf. Ekki verður fallist á að slík skylda teljist eðlilegur þáttur í námi læknanema nema þeir ætli að hasla sér völl innan heilsugæslunnar en frumvarpið gerir ráð fyrir því að um framhaldsnám á heilsugæslustöðvum geti verið að ræða.

Um 3. gr.

Lagt er til að undir engum kringumstæðum megi veita lækningaleyfi þeim sem stundað hafa nám erlendis nema læknadeild Háskóla Íslands mæli með slíku og leggi námið þar með

að líku við nám við deildina. Til þess að deildin geti lagt mat á sambærileikann er henni heimilt að krefjast þess að viðkomandi gangist undir próf í læknisfræði. Í öllum tilvikum mundi deildin prófa í lögum og reglum varðandi lækna. Mikilvægt er og að útlendingar sanni á ótvíræðan hátt kunnáttu sína í rituðu og mæltu íslensku máli.

Breytingar frá gildandi reglum eru ekki miklar, nema það að ekki er gert ráð fyrir takmörkuðum lækningaleyfum í frumvarpinu, enda hafa þau ekki verið veitt læknum, heldur öðrum aðilum sem lært hafa ákveðnar greinar læknisfræði og starfa að þeim og þá að höfðu samráði við lækna. Með tilkomu laga nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, ætti með reglugerð að vera hægt að kveða á um réttarstöðu þessara aðila.

Um 4. gr.

Breytingar frá gildandi reglum eru þær að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því nema í undantekningartilvikum að hægt sé að veita læknanemum, þ.e. læknastúdentum og læknakandídötum, tímabundið lækningaleyfi nema þeir starfi með lækni.

Um 5. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 5. gr. gildandi laga.

Um II. kafla.

Um 6.–9. gr.

Hér er fjallað um réttindi lækna og lögð til grundvallar sú fjórskipting sem greint er frá þar sem fjallað er um réttindi lækna hér að framan, sbr. athugasemdir með lagafrumvarpinu 3. tölul. A. Er engu við það að bæta.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru skyldur lækna sérstaklega teknar fyrir. Hefur verið valin sú leið að skilgreina þær með yfirheitum. Auk þess sem þegar hefur komið fram um skyldur lækna hér að framan er ástæða til að taka fram eftirfarandi þótt efnisbreytingar frá gildandi lögum séu hverfandi:

Um 10. gr.

1. mgr. er efnislega eins og 6. gr. gildandi læknalaga.

Í 2. mgr. er fjallað um upplýsingaskyldu lækna og vísast þar um til þess sem segir hér að framan.

Um 11. gr.

1. mgr. er efnislega eins og 7. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra hafi heimild til að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands að setja nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða og er þar um nýmæli að ræða. Með þessu er leitast við að auka á trúverðugleika slíkra vottorða en þau hafa á stundum sætt gagnrýni.

Um 12. gr.

Efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Þessi grein er hliðstæð 9. gr. gildandi laga. Breytingarnar eru fólgnar í því að í stað þess að leggja vitjunarskyldu á lækna í þeim kaupstað eða því kauptúni, sem þeir búa í, tekur skyldan til hlutaðeigandi heilsugæsluumdæma eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Um 15. gr.

Hér er um nýmæli að ræða í lögum en ekki í framkvæmd. Ætlast er til samkvæmt þessu ákvæði að sjúklingar geti fengið sjúkraskrár og þau gögn er skránum fylgja. Hið sama skal gilda um forráðamenn sjúklinga. Hins vegar er lækni ekki skylt að láta sjúkraskrár af hendi meti hann málin svo að þær þjóni ekki ótvíræðum hagsmunum sjúklingsins. Í slíkum tilvikum er lækni heimilt að senda landlækni sjúkraskrár eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr., ekki síst þar sem ástæðan kann að vera þagnarskylda læknis, sbr. nánar 17. gr.

Til þess að koma á meiri festu en verið hefur er lagt til að ráðherra geti að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands sett nánari reglur um afhendingu og geymslu sjúkraskráa og röntgenmynda. Þykir rétt að ótvíræð lagaákvæði taki til þessara þátta að svo miklu leyti sem slíku verður við komið, t.d. með því að kveða á um hvernig læknir skuli bregðast við sé hann krafinn um sjúkraskrár.

Um 16. gr.

Hér er lögð sú skylda á lækni að tilkynna landlækni mistök og/eða vanrækslu heilbrigðisstétta sem hann verður var við í störfum sínum. Sama gildir verði hann var við brot á ákvæðum laganna um skottulækningar. Er hér um veigamikið nýmæli að ræða sem svipar til ákvæða í læknalögum nágrannalandanna, t.d. „Lex Maria“ í Svíþjóð, og talin eru hafa aukið til muna öryggi og virkni eftirlits af hálfu hins opinbera. Leggur landlæknir sem faglegur eftirlitsaðili heilbrigðisstétta mikla áherslu á þetta atriði og enn fremur að það nái til annarra heilbrigðisstétta.

Um 17. gr.

Vísað er til ítarlegrar umfjöllunar í greinargerð hér að framan en greinin byggir á þeim hugmyndum sem þar eru reifaðar.

Um 18. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga. Fyllsta ástæða er til að viðhalda þessu ákvæði þannig að hægt verði að halda uppi sem bestum aga og gildir það jafnt um lækna sem og aðrar heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir eins og frá ákvæðinu er gengið.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um hlutverk landlæknis, sérstaklega með hliðsjón af eftirliti með starfsemi lækna. Er þetta í samræmi við eldri ákvæði, þótt skýrara sé hér að orði kveðið, og ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, en í þeim lögum er m.a. að finna grundvallarákvæði um landlæknisembættið. Einnig er lagt til að ráðherra setji reglur um skýrslugerð lækna, þ.e. varðandi störf þeirra að heilbrigðismálum, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Um IV. kafla.

Ávísanir lyfja.

Hér er að finna sérákvæði um ávísanir lækna á lyf, sérstaklega um það hvernig bregðast skuli við sé ástæða til eftirlits. Ákvæði um sérstaka meðferð slíkra mála voru fyrst sett inn í læknalög árið 1969. Ekki eru lagðar til veigamiklar breytingar á þessum ákvæðum heldur er leitast við að styrkja áhrifamátt þeirra og lagfæra með hliðsjón af breyttum lögum og aðstæðum síðan 1969 enda ekki minni ástæða til eftirlits nú heldur en þá.

Um 20. gr.

Þar sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur með eftirlit með lyfjaávísun að gera í samræmi við gildandi lyfjagjöf, sbr. nú lög nr. 108/1984, er eðlilegt að það tilkynni landlækni telji það

rökstudda ástæðu til eftirlits með lyfjaávísunum lækna. Þannig er komið í veg fyrir tvöfalt eftirlit, þ.e. á vegum beggja áðurnefndra aðila.

Varðandi sviptingu leyfis til að ávísa lyfjum er gerð sú breyting að ekki er gert ráð fyrir að læknadeild Háskóla Íslands gefi umsögn um málið enda ástæðulaust þar sem bæði Lyfjaeftirlit ríkisins og landlæknir hafa þegar fjallað um málið.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Lagt er til að áður en leyfissvipting á sér stað skuli lækni gefinn kostur á að skýra málstað sinn, ekki eingöngu munnlega heldur og skriflega, og skiptir ekki máli hvort um er að ræða sviptingu eftir að skráningarskylda hefur verið fyrirskipuð eða án skráningarskyldu eins og gildandi lög bjóða, sbr. 22. gr. gildandi laga.

Síðasta málsgrein er efnislega eins og 25. gr. gildandi laga nema Lyfjaeftirlit ríkisins kemur í stað læknadeildar Háskóla Íslands en fyrir því liggja gild rök.

Lagt er til að 23. gr. gildandi laga verði felld niður þar sem það hlýtur að teljast til sjálfsagðra réttinda læknis að hann frábiðji sér ávísun tiltekinna lyfja þótt ekki sé nema vegna eðlis starfa sinna. Slíkt á ekki heima í lögum enda getur læknir einfaldlega neitað slíkum ávísunum sýnist honum svo.

Um V. kafla.

Skottulækningar.

Hér er að finna ákvæði um það sem um aldir hefur verið kallað skottulækningar. Allar slíkar lækningar hafa verið bannaðar hér fortakslaust frá gildistöku læknalaga 1932 og að hluta til miklu fyrr. Smáskammtalækningar svokallaðar voru þó leyfðar allt til 1932.

Um 23. gr.

Samsvarandi lagaákvæði er að finna í 14. gr. gildandi laga. Lögð er til einfaldari og orðfærri skýring hér og að skottulækningar geti aldrei náð til lækna eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Læknir, sem ekki uppfyllir skyldur sínar samkvæmt læknalögum, hefur annaðhvort gerst sekur um vankunnáttu eða mistök eða hvoru tveggja og ber að taka á málum í samræmi við það enda ráð fyrir því gert að þeir þekki sín takmörk og viðhaldi þekkingu sinni og auki við hana.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar og er greinin efnislega svipuð 16. gr. gildandi laga.

Um VI. kafla.

Almenn ákvæði.

Um 25. gr.

Fyrri hluti greinarinnar er efnislega samhljóða 3. tölul. 14. gr. gildandi laga en sú grein fjallar um skottulækningar. Með skírskotun til þess, að í frumvarpinu er lagt til að læknir geti aldrei kallast skottulæknir, er þetta ákvæði fært til því að eigi að síður er um brot á læknalögum að ræða þótt ekki varði það við skottulækningaákvæði laganna.

Seinni hluti greinarinnar er efnislega eins og 5. tölul. 14. gr. gildandi laga og er hið sama um hann að segja og hér að ofan hvað snertir skottulækningar.

Um 26. gr.

Greininni svipar til 7. tölul. 14. gr. gildandi læknalaga. Læknir er gerður ábyrgur fyrir því að leggi hann nafn sitt við starfsemina verði hún að fara að fullu fram á hans ábyrgð og samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans. Er einkar mikilvægt að tryggja þetta, ekki síst vegna alls konar starfsemi er fram fer á þessu sviði og sem á stundum hefur reynst erfitt að henda reiður á.

Um 27. gr.

Lagt er til að lækningaleyfi falli sjálfkrafa niður þegar leyfishafi er fullra 75 ára og að ráðherra geti að fengnum meðmælum nefndar skv. 3. mgr. 2. gr. framlengt leyfi um eitt ár í senn. Þótt hér sé um umdeilanlegt ákvæði að ræða á ekkert að koma í veg fyrir það að læknir geti haldið áfram störfum sé hann talinn til þess hæfur. Einhvers konar aðalreglu verður að setja því að engin rök mæla með því að jafnábyrgðarmikil störf séu í höndum aðila án tillits til líkamlegs og andlegs ástands. Hér er lagt til að reglan miðist við 75 ára aldur eða fimm árum hærri aldur en hámarksaldur opinberra starfsmanna. Ætti það ekki að teljast ósanngjarnt þótt endalaust megi deila um aldursmörk.

Um VII. kafla.

Viðurlög.

Um 28. gr.

Fyrri málsgrein er efnislega samhljóða 4. mgr. 17. gr. gildandi laga og sú síðari efnislega samhljóða 6. mgr. sömu greinar.

Um 29. gr.

Fyrsta málsgrein er efnislega samhljóða 1. mgr. 18. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að tekið er fram að áminning landlæknis skuli vera skrifleg og rökstudd og send ráðherra í afriti.

Önnur málsgrein er efnislega eins og 2. mgr. 18. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir því að ráðherra geti svipt viðkomandi lækningaleyfi tímabundið en ekki eingöngu að fullu.

Í þriðju málsgrein er lögð til skýring á því hvað teljast skuli óhæfa í læknisstarfi og er þar sérstaklega stuðst við skýringar 19. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Greinin er efnislega eins og 20. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Hér er fjallað um önnur viðurlög gegn brotum á lögunum en sviptingu lækningaleyfis. Lagt er til að sé um að ræða ásetningsbrot eða brot af vítaverðu gáleysi skuli refsa með fangelsi og/eða sektum og skiptir ekki máli hverjar afleiðingarnar eru eða gætu hafa orðið eins og gildandi lög kveða á um. Að öðru leyti eru ekki lagðar til breytingar á refsiákvæðum gildandi laga.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Gildistaka.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 179. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um sérfræðilega tannlæknaþjónustu í héraði.

Flm.: Þórdís Bergsdóttir, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að beita sér fyrir því að sérfræðiþjónustu á sviði tannlækninga verði sinnt í héraði með reglubundnum og skipulegum hætti.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er þurfa þeir sem búa í strjálbýlinu að sækja alla sérfræðiþjónustu á sviði tannlækninga til höfuðborgarsvæðisins eða Akureyrar. Hefur þetta í för með sér mikla fyrirhöfn, fjarvistir frá skólum og vinnu og fjárhagslegt vinnutap þar sem oft er um nokkra daga að ræða.

Töluverður kostnaður fylgir þessum ferðum, bæði fyrir einstaklingana sjálfa og hið opinbera. Erfitt er að meta kostnað einstaklinganna en samkvæmt upplýsingum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins má reikna með að um 55% greiðslna vegna endurtekinna ferða sjúkratryggðra séu til komnar vegna tannréttinga og tannlækninga. Nam þessi upphæð á árinu 1985 tæpum 13 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur hið opinbera í ríkara mæli reynt að standa fyrir sérhæfðri læknisþjónustu í strjálbýlinu. Má sem dæmi nefna augnlæknisþjónustu og þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Eru allir sammála um nauðsyn þessarar þjónustu og enn fremur að sérhæfðri tannlæknaþjónustu, þ.e. einkum tannréttingum, þurfi að sinna á sama hátt, enda rökin fyrir henni þau sömu og varðandi augna- og eyrnaþjónustu.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi s.l. haust var samþykkt áskorun á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra:

„Aðalfundur SSA 1986 skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að beita sér fyrir að sérfræðiþjónustu á sviði tannlækninga verði sinnt í héraði með reglubundnum og skipulegum hætti, eins og t.d. varðandi augnlækningar."

Í greinargerð með tillögunni sagði:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja að sá aukakostnaður, er fólk í dreifbýli verður fyrir við að sækja þessa þjónustu til Reyjavíkur, er gífurlega mikill. Þess vegna er farið fram á það við heilbrigðisráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins að leita leiða til úrbóta, t.d. með því að senda sérfræðinga út á landsbyggðina með reglulegu millibili til að annast þessa þjónustu. Ekki væri ólíklegt að slíkt fyrirkomulag leiddi til sparnaðar bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið."

Á það má benda að Alþingi samþykkti 20. júní 1985 þingsályktun um bætt skipulag á þjónustu vegna tannlækninga, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra leiða til að koma á ákveðinni skipulegri þjónustu í tannréttingum. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þess."

Þessi tillaga er flutt til að herða á þessu máli.

Sþ. 180. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um fjármögnunarfyrirtæki.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um fjármögnunarfyrirtæki þannig að unnt sé að marka stefnu um að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimiluð þátttaka í slíkri starfsemi hér á landi.

Greinargerð.

Alþingi hefur á undanförnum árum sett lög um viðskiptabanka og seðlabanka. Í lögum um viðskiptabanka er kveðið á um það að erlendum bönkum sé einungis heimiluð starfsemi hér á landi í formi umboðsskrifstofa en hlutverk þeirra yrði takmarkað við upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu en ekki hefðbundna lánastarfsemi.

Á síðustu missirum hafa sprottið upp á Íslandi fjármögnunarfyrirtæki og sum með verulegri þátttöku erlendra aðila. Engin almenn löggjöf hefur verið sett um slíka starfsemi og hafa þau verið stofnuð samkvæmt lögum um hlutafélög sem afmarka einungis rekstrarform þeirra. Fyrirtæki þessi eru stofnuð til að veita hvers kyns fjármálaþjónustu, svo og hafa með höndum skylda starfsemi. Starfsemin er fjármögnuð með hlutafé, að hluta til erlendu, með erlendum lántökum og með útgáfu verðbréfa til sölu. Til þessa hafa þau fyrirtæki sem stofnuð hafa verið í þessum tilgangi lagt aðaláherslu á „leysingarstarfsemi" (leasing) en stefna jafnframt að annarri sérhæfðri fjármálaþjónustu við fyrirtæki og einstaklinga. Umfang þessarar starfsemi nú er óljóst en gera má ráð fyrir að innan fárra missira gætu slík fyrirtæki verið búin að ná verulegum ítökum í efnhagslífi þjóðarinnar. Ekki er útilokað að með þessu móti nái slík fyrirtæki virkum yfirráðum yfir miklvægum þáttum atvinnulífsins, svo sem í fiskeldi, mikilvægum fyrirtækjum í sjávarútvegi, fiskvinnslu ellegar verktakastarfsemi.

Það er skoðun flutningsmanns að mjög mikilvægt sé að Íslendingar hafi ætíð virk yfirráð yfir atvinnulífi sínu. Þess vegna ber að gaumgæfa ítarlega af hálfu stjórnvalda hvernig ástandið nú er og marka ákveðna stefnu um það hvernig þessari þróun skuli stýrt í framtíðinni.

Flutningsmaður telur því nauðsynlegt að setja almenna heildarlöggjöf um þessa starfsemi þar sem henni verði markaður ákveðinn bás í íslensku efnahagslífi.

Sþ. 181. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um vindorkuver í Vestmannaeyjum og frekari nýtingu hraunhita til húshitunar.

Flm.: Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera úttekt á möguleikum og hagkvæmni á nýtingu vindorku til húshitunar í Vestmannaeyjum og jafnframt að kanna til hlítar frekari nýtingu jarðhita í Eldfellshrauni, m.a. með athugunum á sprungumyndun í eldstöðvunum.

Greinargerð.

Um árabil hefur hraunhitaveitan í Vestmannaeyjum sinnt að mestu húshitun í kaupstaðnum og er fyrirtækið einsdæmi í heiminum. Hiti fer nú stöðugt þverrandi á

virkjunarsvæðinu og er allt útlit fyrir að Fjarhitaveita Vestmannaeyja verði að grípa til annarra ráða áður en langt um líður, rafmagnsnotkunar, olíunotkunar eða vindorkuvirkjunar.

Æskilegt er einmitt nú að kanna þessi mál rækilega og því er í tillögunni lagt til að ráðherra skipi sérfræðinganefnd. Nefndin þyrfti að ljúka störfum fyrir febrúarlok n.k.

Hér fer á eftir greinargerð sem Örn Helgason, dósent við Raunvísindastofnun háskólans, hefur tekið saman að beiðni flutningsmanns tillögunnar um nýtingu vindorku erlendis og möguleika á vindorkuveri til húshitunar í Vestmannaeyjum en Örn telur að þar sé um nokkuð álitlegan kost að ræða.

„Á undanförnum árum hefur orðið ör þróun í nýtingu vindorku. Fram á síðasta áratug var smíði mylla og tilraunir á nýtingu vindafls óskipulagt starf einstakra áhugamanna, enda var greiður aðgangur að ódýrum og handhægum orkugjöfum. Viðfangsefnið var spennandi en gerði miklar kröfur til tæknikunnáttu og mörg áföll sýndu ljóslega þá erfiðleika sem við var að kljást.

Með olíukreppunni beinist athyglin að nýjum leiðum í orkumálum, og hin forna orkulind mannkyns, vindorkan, er tekin til athugunar. Danir urðu sennilega fyrstir til að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að beislun vindorku sem orkugjafa í nútímaþjóðfélagi krefst þess að saman fari skipulegar tæknirannsóknir og vöruþróun. Með frjóu samstarfi rannsóknarstofnunarinnar á Risö og danskra iðnrekenda var lyft grettistaki og á sex árum náðu þeir að leggja undir sig um 50% af heimsmarkaðnum. Í dag eru stundaðar vindorkurannsóknir víða um heim og ör þróun á sér stað. Nokkur dæmi má nefna sem gefa hugmynd um stöðu mála um þessar mundir.

1. Óvíða hefur verið lögð meiri áhersla á nýtingu vindorku en í Kaliforníu. Um 50% af heimsframleiðslunni á sér stað í þessu fylki. Stærsti kaupandi vindraforku er Southern California Edison (SCE), en á þeirra snærum eru alls 8097 myllur (árslok 1985) að heildarafli 620 mw. Árið 1985 keyptu þeir alls um 800 gwst. af vindmyllu-raforku.
2. Samkvæmt skýrslum frá SCE hefur stofnkostnaður á kwst. lækkað úr 78 sentum á árunum 1981–82 niður í 9 sent (90 mill). Þá er viðhalds- og rekstrarkostnaður talinn vera um 4–6 mill á kwst.
3. Útflutningsverðmæti Dana á síðasta ári nam um 256 milljónum dala. Öryggið í myllusmíði hefur aukist til muna. Fyrir sex árum var talið að 50% líkur væru á verulegum skakkaföllum og tjóni á myllu fyrsta starfsárið. Nú er þessi tala komin niður í um 1%.
4. Efnahagsbandalagið mun verja um 18 milljónum Esu (Evrópugjaldmiðill) til vindorkurannsókna á árunum 1985–88 (um 15 milljónir dala).
5. Stjórnskipuð nefnd í Bretlandi hefur nýverið skilað skýrslu um hvernig Bretum beri að haga áherslum í nýtingu nýrra orkulinda á næstu árum og er þar höfuðáhersla lögð á vindorku.

Hér á landi hafa verið gerðar tilraunir með nýtingu vindorku, einkum með hliðsjón af þeirri sérstöðu sem við höfum í vindafari og orkubúskap. Tilraunir hafa verið gerðar með beina umbreytingu vindorku í varma þar sem áhersla hefur verið lögð á nýtingu vindorku við mikinn vindhraða og fullkomna sjálfvirkni með örtölvustýringu. Um niðurstöður þessara tilrauna liggja fyrir þrjár ítarlegar skýrslur sem birst hafa erlendis auk erinda á ráðstefnum austan hafs og vestan. Þá er unnið að frekari þróun þessa kerfis með framleiðslu í huga.

Þeim sem fást við rannsóknir á nýtingu vindorku er löngu orðið ljóst að vindorkan er auðlind sem erfitt er að beisla. Hún er ekki ódýr eins og ýmsir halda og varla eru dæmi um að hún geti keppt við olíuverð sem er undir 15 dölum á tunnu, nema við mjög óvenjulegar aðstæður. Af þessu má vera ljóst að áður en ráðist er í hugsanlega virkjun vindorku þarf að

skoða marga þætti eins og í hverju öðru orkuveri. Af þróun síðustu ára má draga fram eftirfarandi atriði m.a. sem ber að skoða:

1. Vindafar og landfræðilegar aðstæður.

2. Aðstaða til orkumiðlunar og samspil við aðra orkugjafa. Nefna má að nýting vindorku hefur reynst hvað hagkvæmust í orkukerfum þar sem saman fara álagstoppar og styrkur vindafls.

3. Fjármagnskostnaður þar sem hlutfallið milli stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar er hátt.

Þegar liggja fyrir ítarleg gögn um vindafar á Stórhöfða. Þó að þessi gögn séu ekki alls kostar marktæk fyrir vindafar á líklegustu virkjunarstöðum í Vestmannaeyjum má fullyrða að vindorka á eyjunum er langtum meiri en flest erlend vindorkuver búa við. Þá er ljóst að breyta þarf vinnslustöðlum í flestum, ef ekki öllum, erlendum myllum sem settar yrðu upp í Vestmannaeyjum ef nýta á vel þá miklu orku sem liggur í meiri vindhraða. Við fyrstu sýn virðist nýting vindorku til húshitunar í Vestmannaeyjum nokkuð álitlegur kostur, en nauðsynlegt er að skoða það mál miklu frekar áður en unnt er að fullyrða neitt um raungildi þessarar sýnar.“

Nd. 182. Frumvarp til laga [172. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson,
Guðmundur J Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum skv. ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1987 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum, hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita samkv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám skv. þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta skv. sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð

Hliðstætt frumvarp hefur verið flutt á síðustu þingum af sömu flutningsmönnum en varð þá ekki útrætt. Áður var það lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Hvati að undirbúningi málsins var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978, þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Á tíma ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–74 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara, þar eð það tekur til alls jarðhita, hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknarleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga nr. 58/1967 um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og III., V. og VII. kafla orkulaga nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina“.

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.“ Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um

orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita“ er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þar á meðal um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega, að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara, auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita má nefna 4. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðasta þingi 1937, segir m.a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.“ (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A bls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B d. 553—572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til

þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t.d. Ólafur Lárusson: Eignaréttur bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita, á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu Eignaréttur. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.“ Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörk.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m.a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956 bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðanjarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðanjarðar undir norsku landssvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins til olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta skv. eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðanjarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

57. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 54. gr.

58. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 55. gr.

59. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 56. gr.

Nú er dómskerfi skipt í tvö dómstig, þ.e. héraðsdóm og Hæstarétt, en hér er lagt til að þau verði þrjú.

Héraðsdómar verði látnir dæma á fyrsta stigi í öllum einkamálum og opinberum málum. Talið er nægilegt að hafa einn til tvo héraðsdóma í hverju fylki eftir því sem heppilegt er miðað við aðstæður.

Jafnframt er gert ráð fyrir þeim nýmælum að komið verði á nýju dómstigi, lögréttu, með fimm dómurum sem verði áfrýjunardómstóll og verði þangað áfrýjað verulegum hluta þeirra mála sem nú er áfrýjað til Hæstaréttar.

Hæstiréttur verður að sjálfsögðu æðsti dómstóll landsins.

Hér er enn fremur lögð fram sú tillaga að dómskerfið verði aðskilið frá framkvæmdarvaldinu og þar með að öll stjórnsýsla og lögreglustjórn verði í höndum annarra en dómara.

Um 57. gr.

Hér er það nýmæli að með löggjöf verði því settar skorður hvaða málum megi áfrýja til Hæstaréttar. Svo er nú komið að Hæstiréttur dæmir mál yfirleitt ekki fyrr en tveimur árum eftir að þau eru dómfest til flutnings. Þarf tæpast að skýra nánar hve þessi seinagangur í dómskerfinu torveldar mönnum að ná rétti sínum. Vinnuálag á æðsta dómstól landsins er óeðlilegt og hætt við að virðing hans þverri ef svo verður látið viðgangast lengur. Lögréttа mundi létta þessu álagi verulega af Hæstarétti. Með löggjöf yrði kveðið nánar á um þessi atriði. Stjórnarskrárnefndin telur eðlilegt og æskilegt að þessi dómstóll verði á Selfossi enda styðst Árnessýsla við gamla hefð í dómsmálasögu þjóðarinnar. Reynist nauðsynlegt vegna fjölda mála fyrir þessum dómstóli að gera breytingar er lagt til að komið verði á lögréttu fyrir Norðurland, t.d. á Sauðárkróki.

Lögð er áhersla á að með löggjöf þurfi að auka þátt leikmanna í dómarastörfum bæði í héraðsdómum og lögréttu.

Um 58. gr.

Grein þessi er ný. Rétt þykir að binda í stjórnarskrá hver fari með ákæruvaldið og jafnframt taka fram að ríkissaksóknari sé einungis bundinn af lögunum í embættisstörfum sínum til þess að leggja áherslu á sjálfstæði embættisins.

Um 59. gr.

Fyrsta setning greinarinnar er samhljóða upphafsákvæði núgildandi 61. gr. Ákvæðið um að ekki megi fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum er nýmæli. Þykir það eðlileg takmörkun á því að dómurum séu falin ýmis störf sem utan dómstarfa liggja, af hálfu framkvæmdarvaldsins eða annarra aðila. Er ákvæðinu ætlað að tryggja sjálfstæði dómara í störfum og aðgreiningu dómsvalds frá öðrum greinum ríkisvaldsins.

Um 60. gr.

Áður 60. gr. Upphafsákvæðið er nýtt en þar er skilgreint hvert meginhlutverk dómsvaldsins er. Í núgildandi grein segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Gleggra þykir að nota hér orðið valdmörk enda hafa dómstólar jafnan túlkað ákvæðið á þá lund. Þá er það nýtt ákvæði að dómstólar skeri úr því hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrá.

Um 61. gr.

Áður 61. gr. Í greininni er ríkissaksóknara bætt í flokk þeirra sem ekki verður vikið úr embætti nema með dómi. Þykir eðlilegt að þessi embættismaður njóti sömu verndar í starfi og þeir dómarar sem núgildandi ákvæði taka til. Fellt er niður ákvæði um launakjör hæstaréttardómara sem lausn fær 65 ára eða eldri.

Um 62. gr.

Greinin er nýmæli. Er hér farið inn á þá valddreifingu sem talin hefur verið sjálfsögð meðal annarra vestrænna lýðræðisríkja. Þessi valddreifing er nauðsynleg ef halda á landinu í byggð sem lýðveldi.

Um 63. gr.

Hér er verið að leggja til hina raunverulegu valddreifingu sem byggist á því að öll sú þjónusta, sem nú er í höndum ríkisstofnana en gæti verið á vegum fylkja, verði flutt þangað. Hér má til dæmis nefna að Norðurlandaþjóðirnar hafa þá skipan að fylkin sjá um rekstur og hafa með höndum uppbyggingu á sjúkrahúsum, dvalarheimilum, barnaheimilum, skólum, fyrir utan grunnskóla sem tilheyra sveitarfélögum og háskóla sem tilheyra ríkisrekstri; enn fremur viðhald og uppbyggingu vega, hafna o.fl.

Um 64. gr.

Hér er í grófum dráttum gerð grein fyrir reglum um kosningu til fylkisþinga og stjórna en nánar skal kveðið á um þær í lögum.

Um 65. gr.

Með þessari grein er útilokuð sú miðstýring sem nú á sér stað í bankakerfinu. Seðlabanka er aðeins ætlað að gegna upphaflegu hlutverki sínu, þ.e. seðlaprentun, myntsláttu og að fara með ríkistryggð skuldabréf en ákvörðun um söluverð gjaldeyris er flutt til þeirra bankastofnana sem bera ábyrgð á rekstri fyrirtækjanna. Fylkisbankarnir ráða eingöngu eigin fé og skulu því skila öðrum bönkum og sparisjóðum fylkisins þeim gjaldeyri sem afurðir eru seldar á eigi síðar en viku eftir að greiðsla berst.

Um 66.–67. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 68. gr.

Grein þessi er nýmæli. Veitir hún íbúum sveitarfélaga rétt til þess að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins ef þeir telja ástæðu til. Hér eru því lýðræðisleg réttindi íbúanna aukin og skulu tryggð í framkvæmd með lögum. Má ætla að heimildin verði sérstaklega notuð þegar um umdeild mál er að ræða sem íbúar sveitarfélagsins vilja fá að segja álit sitt á áður en til lykta eru ráðin. Svipaðar heimildir hafa gefið góða raun erlendis, m.a. í Bandaríkjunum og Sviss.

Um 69. gr.

Grein þessi er nýmæli og áréttar að Alþingi skuli hafa að leiðarljósi valddreifingu og sjálfsstjórn byggðanna. Þetta eru hliðstæð ákvæði og eru í 5. gr. stjórnarskrár Ítalíu.

Um 70. gr.

62. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 71. gr.

63. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 72. gr.

64. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 73. gr.

Greinin er nýmæli og er upphafsgrein mannréttindakaflans.

Um 74. gr.

Greinin er nýmæli. Hér er lögð áhersla á fullt jafnrétti á víðtæku sviði mannréttindaverndar. Sambærilegt ákvæði er í mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna en Ísland er aðili að þeim báðum.

Um 75. gr.

Fyrri mgr. er nýmæli og er markmið hennar að tryggja réttaröryggi borgaranna á sem fyllstan hátt. Byggist hún á sambærilegu ákvæði í mannréttindasáttmálunum.

Síðari mgr. er í meginatriðum hin sama og núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar. Við er bætt að handtekinn maður skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni og ekki megi halda manni í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

Um 76. gr.

Greinin er nýmæli í stjórnarskrá. Hún er hins vegar grundvallarregla í íslenskum rétti og full ástæða þykir til að binda hana í stjórnarskránni.

Um 77. gr.

Greinin er nýmæli. Hún er hins vegar grundvallarregla í hegningarlögum og er ítrekuð í mannréttindasáttmálunum.

Um 78. gr.

Áður 66. gr. Greinin er gerð ítarlegri, bannað að raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa símaleynd. Jafnframt er boðið að löggjöf skuli sett um vernd upplýsinga um einkahagi manna.

Um 79. gr.

Áður 72. gr. Sú grein var bundin við prentfrelsi. Hér er almennt tjáningarfrelsi tryggt og skoðanafrelsi.

Um 80. gr.

Áður 73. og 74. gr. Greinar þessar eru sameinaðar og mönnum tryggt funda- og félagafrelsi.

Um 81. gr.

67. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 82. gr.

69. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 83. gr.

Greinin er nýmæli. Er hún í samræmi við hlutaðeigandi ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Um 84. gr.

Grein þessi tjáir sömu grunnhugsun og fram kemur í 70. gr. núgildandi stjórnarskrár í ljósi nútímaviðhorfa í félags- og velferðarmálum.

Um 85.–86. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 87. gr.

68. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 88. gr.

Gert er ráð fyrir að Alþingi fái ákveðna prósentu af skattálögum hvers fylkis og sú prósenta verði miðuð við hæstu leyfilega skattálagningu. Þannig missir Alþingi í engu sínar tekjur þó að eitthvert fylki lækki sína skatta. Þá er einnig sett bann við afturvirkni skatta.

Um 89. gr.

Hér er um nýmæli að ræða og er tekið fyrir að lög megi setja sem hafa afturvirkni í för með sér.

Um 90. gr.

Greinin er nýmæli. Vernd náttúru landsins og auðlinda þess í framtíðinni er svo mikilvægt mál að það á heima í stjórnarskrá. Verndarskyldan hvílir á ríki og einstaklingum en nánar yrði fjallað um málið í heild í lögum.

Um 91. gr.

Greinin er nýmæli. Lýst er yfir þjóðareign á auðlindum hafs og hafsbotns við Ísland, jafnframt að náttúruauðlindir landsins skuli vera ævarandi eign Íslendinga. Afsal þeirra til útlendinga er því lýst óheimilt. Að því er einstakar auðlindir snertir, svo sem vatns- og virkjunarrétt, jarðhita og námuréttindi, er gert ráð fyrir því að um yfirráðarétt þeirra verði fjallað í lögum. Er í greininni ekki tekin afstaða til þess hvort eða að hve miklu leyti slík náttúruauðæfi skuli vera ríkiseign. Er það undir ákvörðun Alþingis komið.

Um 92. gr.

Þegar kjósendur óska eftir þjóðaratkvæðagreiðslu skal tryggt að þeir, sem þess óska, séu að því sem næst jöfnu hlutfalli dreifðir um landið allt. Að öðrum kosti er hægt að safna þessum fjölda á einn stað og gæti valdið því að um ótímabærar þjóðaratkvæðagreiðslur yrði að ræða.

Þjóðaratkvæðagreiðsla verður að vera bindandi fyrir Alþingi þar sem annars er verið að lítilsvirða kjósendur.

Um 93. gr.

Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda sem getið er í greininni. Áþekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa og eru þau talin hafa gefið góða raun.

Um 94. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 95. gr.

Lagt er til að nýr háttur verði hafður á við breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli. Ekki er lengur skylt að rjúfa þing þegar fyrra þingið hefur samþykkt stjórnarskrárbreytinguna. Nýmæli er einnig að nú skal fara fram sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytinguna eftir samþykki fyrra þingsins. Ráðast því örlög breytingarinnar af vilja þjóðarinnar. Svo er hins vegar ekki nú þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer ekki fram um stjórnarskrárbreytinguna sérstaklega heldur eiga sér einvörðungu stað almennar alþingiskosningar eftir þingrof þar sem um margt annað er kosið en stjórnarskrárbreytinguna.

Um 96. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 185. Fyrirspurn [175. mál]

til heilbrigðisráðherra um skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hve marga hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða vantar til starfa?
2. Hvar er skorturinn mestur?
3. Hversu margir hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar eru í
   a. fullu starfi,
   b. hlutastarfi?
4. Hversu mikla yfirvinnu vinna hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar að jafnaði á mánuði hverjum?

Sþ. 186. Fyrirspurn [176. mál]

til heilbrigðisráðherra um lokun deilda á sjúkrahúsum og aðgerðir til að bæta úr skorti á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hefur þurft að loka deildum sjúkrahúsa vegna skorts á starfsfólki, þ.e. utan „venjulegra“ sumarlokana?
2. Hvaða ástæður telur ráðherrann liggja að baki skorti á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum á sjúkrahúsum?
3. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að bæta úr þessum skorti?

Nd. 187. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. l. nr. 25/1986, um breytingu á þeim lögum.

Flm.: Jón Magnússon, Bessí Jóhannsdóttir.

1. gr.

E-liður 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. l. nr. 25/1986, falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 25 frá 5. maí 1986 var gerð sú breyting á 30. gr. l. nr. 46 frá 27. júní 1985 að bætt var við nýjum staflið, e, aftan við 1. mgr. greinarinnar og er hann svohljóðandi:

„e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. í innlendri framleiðslu,
2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflið."

Á s.l. vori urðu miklar umræður um þessa lagasetningu á Alþingi. Helstu rök fyrir setningu lagaákvæðisins komu fram í greinargerð og framsögu landbúnaðarráðherra og voru þessi:

1. Að í ýmsum tilvikum væru þær vörur, sem hér um ræðir og fluttar voru inn, niðurgreiddar verulega af stjórnvöldum innflutningslandanna.
2. Að þegar innlend framleiðsla er enn á markaði, en innflutningur þyrfti samt að verða, raskaði innflutningur á lægra verði mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerti möguleika innlendra framleiðenda til að tryggja nægjanlegt vöruframboð til frambúðar, en þessar aðstæður hefðu m.a. gert innlendum fyrirtækjum, sem vinna úr kartöflum, erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda erlenda framleiðslu.

Þá var því lýst yfir af forsætisráðherra að frumvarpið væri eingöngu flutt til að heimild fengist til að vernda innlenda framleiðslu á kartöflum þegar um óeðlilega verðfellingu væri að ræða.

Þeir sem andmæltu þessari tillögu nefndu helst:

1. Að með samþykkt frumvarpsins mundi verð á kartöflum og vörum unnum úr þeim hækka til neytenda.
2. Framleiðendur nytu þegar nægrar verndar vegna þess að innflutningur á þessum vörum væri bannaður meðan nægjanlegt framboð væri af innlendri framleiðslu.
3. Talið var vafasamt að svo víðtækt framsal skattlagningarvalds væri heimilt miðað við 40. gr. stjórnarskrárinnar.
4. Álögur á innfluttar iðnaðarvörur, sem unnar væru úr kartöflum, væru allt að 170% þegar allt væri talið, í því væri fólgin óvenjumikil vernd og ætti að nægja fyrir innlendu verksmiðjurnar.
5. Að álagning vörugjalds skv. frv. mundi hækka framfærslukostnað og valda hækkunum á vísitölum honum tengdum.

Þegar jöfnunargjaldið var lagt á s.l. sumar skv. l. nr. 25/1986 var það lagt á kartöflur og ákveðnar vörur unnar úr þeim, þ.e. svonefndar franskar kartöflur. Eftirtektarvert var að þegar jöfnunargjaldið var lagt á var innlend framleiðsla nánast uppurin og dugði aðeins til um viku neyslu. Afleiðingarnar af álagningu gjaldsins voru þær að verð á þessum vörum stórhækkaði til neytenda, framfærsluvísitala hækkaði vegna þessara verðhækkana svo að hún fór fram úr viðmiðunarmörkum þeim sem kjarasamningar kváðu á um, u.þ.b. um sama prósentustig og áhrifum jöfnunargjaldsins nam. Þetta leiddi til útgjaldaaukningar hjá atvinnurekendum sem nam skv. lauslegum útreikningi um 200 milljónum króna sé miðað við heilt ár. Jafnframt þessu hafði meðferð landbúnaðarráðherra á þessari skattlagningarheimild það í för með sér að verðsamkeppni hvað þessar vörur snerti brenglaðist til tjóns fyrir neytendur. Í því efni fer fjarri að öll kurl séu komin til grafar.

Þá ber að taka sérstaklega fram að ekki hefur verið sýnt fram á að þær vörur, sem jöfnunargjaldið tekur til, séu niðurgreiddar eða verðfelldar af erlendum stjórnvöldum, en ákvæðinu var beitt þrátt fyrir það.

Að fenginni reynslu er því brýnt að fella þessi ákvæði úr lögum um framleiðslu og sölu á búvörum. Ljóst er að þau vernda ekki hag innlendra framleiðenda en eru eingöngu notuð til að styrkja samkeppnisaðstöðu kartöfluverksmiðja sem framleiða svonefndar franskar kartöflur. Sú framleiðsla nýtur þegar mun meiri verndar en önnur iðnaðarframleiðsla og því engin rök fyrir því að þessir framleiðendur njóti sérstakrar verndar umfram aðra. Af þessum sökum er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 188. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um könnun á tannlæknaþjónustu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon,
Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta kanna notkun tannlæknaþjónustu hér á landi og kostnað neytenda af henni.

Félagsvísindastofnun háskólans verði falið verkefnið en könnunin miðist við að leiða í ljós eftirfarandi atriði, skipt eftir kyni, aldri, búsetu og atvinnustétt:

1. áætluð árleg útgjöld fjölskyldna og einstaklinga vegna tannlækninga;
2. hversu oft einstakir aldurshópar notfæra sér tannlæknaþjónustu.

Kostnaður við könnunina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er að láta fara fram könnun á því hve oft einstakir aldurshópar í þjóðfélaginu notfæri sér tannlæknaþjónustu og enn fremur útgjöld fjölskyldna og einstaklinga af þeim sökum.

Slík könnun gæti haft margvíslegt gildi. Lítið er vitað um heildarkostnað við tannlækningar á Íslandi, einkum vegna þess að almannatryggingakerfið tekur aðeins þátt í tannlæknakostnaði ákveðinna hópa í þjóðfélaginu. Upplýsingar, sem fram hafa komið hjá tannlæknum um hlut tryggðra sjúklinga í tannlæknaverkum á landinu, ber ekki saman. Annars vegar hafa þeir sett fram tölur um 10–15% hlut tryggðra í tannlæknaverkum og hins vegar 50–60%. Könnun sú, sem hér er gert ráð fyrir, gæti gefið góða vísbendingu um þann þátt, auk þess sem með slíkri könnun mætti fá haldgóðar upplýsingar um heildartannlæknakostnað á landinu.

Könnun þessi mundi einnig leiða í ljós hvort einstakir aldurs- eða þjóðfélagshópar sæki síður tannlæknaþjónustu en aðrir. Eftir slíkum upplýsingum mætti því ákveða hvaða leiðir ætti að fara til að auka tannvernd og fyrirbyggjandi aðgerðir og þar með draga úr tannlæknakostnaði. Einnig mundu þær upplýsingar auðvelda allar ákvarðanir um frekari þátttöku hins opinbera í tannlæknakostnaði, sem og um mótun stefnu í tannlækningum og tannlæknaþjónustu almennt.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa leitað til Félagsvísindastofnunar háskólans til að fá álit þeirra á slíkri könnun ásamt upplýsingum um kostnað.

Stefán Ólafsson, fyrir hönd Félagsvísindastofnunar, hefur sent fyrsta flutningsmanni þessarar tillögu eftirfarandi álitsgerð:

„Svar við fyrirspurn um möguleika á gerð könnunar á notkun tannlæknaþjónustu og kostnaði neytenda við slíka þjónustu.

Spurningakönnun er mjög þægileg aðferð við að kanna hversu oft fólk notar sér þjónustu tannlækna (t.d. á einum mánuði eða einu ári) og hve mikil útgjöld neytenda eru vegna slíkrar þjónustu. Félagsvísindastofnun framkvæmir reglulega svokallaðar þjóðmálakannanir, sem eru með „spurningavagnsfyrirkomulagi“, þ.e. aðilum býðst að fá inni í slíkum könnunum þar sem hinn fasti kostnaður við framkvæmdina dreifist á nokkra aðila. Þetta er því ódýrasti framkvæmdamátinn, sem býðst, til að gera slíkar kannanir.

Könnun sú, sem hér um ræðir, mundi falla mjög vel að þessu fyrirkomulagi. Í könnunum þessum er byggt á 1500 manna úrtaki af öllu landinu og miðað við aldurshópana 18–80. Nauðsynlegt er að hafa úrtakið svona stórt til þess að niðurstöður verði marktækar fyrir landið allt og til þess að hægt verði að meta heildarútgjöld landsmanna vegna tannlæknaþjónustu. Þá er mögulegt að spyrja foreldra um notkun fólks undir 18 ára aldri á tannlæknaþjónustu ef ekki væri óskað eftir sérstakri könnun meðal barna og unglinga.

Allar niðurstöður í slíkri könnun yrði hægt að greina eftir búsetu svarenda á landinu, aldri og kyni (sérstaklega væri t.d. hægt að taka út börn og aldrað fólk), fjölskylduaðstæðum og starfsstétt.

Í könnunum þessum er fast verð fyrir hverja spurningu. Nú er það 33 000 krónur fyrir fyrstu spurningu, 22 000 fyrir aðra spurningu, og 16 000 fyrir hverja spurningu sem þá bætist við. Spurningapakki um tannlæknaþjónustu með fimm til sjö spurningum mundi til dæmis kosta 103 000 til 135 000 krónur. Innifaldar í því eru allar bakgrunnsbreytur, þ.e. búseta, aldur, kyn, stétt, hjúskaparstaða o.fl.

Ætla má að Félagsvísindastofnun verði með tvær slíkar „spurningavagnskannanir“ á fyrri hluta næsta árs og væri hægt að taka spurningar um tannlæknaþjónustu inn í aðra hvora þeirra.“

Eins og fram kemur er hér um mjög lítinn kostnað að ræða eða um 135 þús. kr. Þegar til þess er litið hve slík könnun hefði mikið upplýsingagildi fyrir stjórnvöld og aðra þá sem um þessi mál fjalla þá verður að vænta þess að um það geti náðst samstaða á Alþingi að slík könnun fari þegar fram. Í því sambandi er rétt að benda á að slíkar upplýsingar gætu einnig auðveldað alla samninga sem staðið hafa lengi yfir við tannlækna vegna tryggðra hópa. Skortur á upplýsingum um ýmsa þætti tannlæknaþjónustunnar hafa torveldað lausn þeirra samninga en úr slíkri könnun mætti fá fram mikilvægar upplýsingar sem gildi hefðu við alla samningagerð við tannlækna.

Sþ. 189. Fyrirspurn [179. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útflutning K. Jónssonar & Co. hf.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti Ríkismats sjávarafurða á framleiðsluvörum K. Jónssonar & Co. hf. á Akureyri?
2. Hefur K. Jónsson & Co. hf. flutt út vörur sem hafa verið endursendar vegna skemmda?
3. Ef svo er, hvert var verðmæti þeirra vara hverju sinni?

4. Liggja fyrir upplýsingar um það hver var ástæða óhappa í þessum efnum hjá fyrirtækinu?
5. Hyggst ráðherra gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir áföll af þessu tagi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 190. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um stefnumótun í umhverfismálum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Friðjón Þórðarson, Halldór Blöndal, Jón Magnússon, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um stefnumótun í umhverfismálum. Tilgangur þeirrar áætlunar verði að efla alhliða umhverfisvernd og varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum jafnframt því að vinna að varðveislu og sem skynsamlegastri nýtingu náttúrugæða landsins.

Að þessum markmiðum skal unnið með því að koma á skipulegri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands og samstarfi þeirra aðila sem fjalla um náttúruvernd, mengunarmál og aðra þætti umhverfismála.

Við gerð slíkrar áætlunar verði sérstaklega fjallað um endurskoðun núgildandi laga um náttúruvernd og mengunarvarnir, svo að komið verði í veg fyrir frekari eyðingu gróðurs og annarra landkosta og vaxandi mengun í lofti, láði og legi.

Áætlun þessi um stefnumótun í umhverfismálum skal lögð fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur mönnum orðið æ ljósara hve mikilvægur þáttur umhverfismál eru í lífsskilyrðum þjóða.

Mikilvægt er að nýtingu lofts, lands og sjávar sé á þann hátt hagað að full aðgæsla sé viðhöfð og komið í veg fyrir mengun og önnur umhverfisspjöll eftir því sem föng eru á. Ekki síst er vernd náttúrunnar mikilvæg hér á landi vegna þeirra loftslags- og gróðurskilyrða sem við búum við. Vísindamenn telja að þjóðin búi nú við minna en 20% af þeim landgæðum sem fólust í gróðri og jarðvegi við landnám, en gróðureyðing af manna völdum hefur ekki síst verið þar stór þáttur.

Fram til þessa hefur skort heildstæða stefnumótun í umhverfismálum hér á landi, ólíkt því sem er í flestum nágrannalöndum okkar. Engin heildarlöggjöf hefur enn verið sett um þennan mikilvæga málaflokk og með ýmsa þætti umhverfismála er nú farið í níu ráðuneytum.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að fela ríkisstjórninni að marka ákveðna heildarstefnu í umhverfismálum þar sem fjallað verði um það hvernig þessum málum verði best skipað í framtíðinni, bæði í löggjöf og stjórnsýslu, og grundvöllur lagður að samvinnu allra, sem hér eiga hlut að máli, um nýskipan þessara mikilvægu mála.

Í þeim efnum þarf m.a. að hyggja að því að hve miklu leyti er æskilegt og skynsamlegt að endurskipuleggja yfirstjórn einstakra þátta umhverfismála í Stjórnarráði Íslands og taka upp skipulagsbundna samvinnu allra þeirra stjórnsýsluaðila sem hér eiga hlut að máli. Þá þarf einnig að huga að endurskoðun laganna um náttúruvernd, en sú endurskoðun er þegar vel á veg komin.

Gæta þarf sérstaklega að því að nýtingu landsins verði ætíð hagað svo að um gróðureyðingu verði ekki að ræða, m.a. með takmörkun beitar og framkvæmd ítölu, en veruleg gróðureyðing á sér stað ár hvert eins og nú standa sakir. Jafnframt þarf að endurskoða ákvæði um mengunarvarnir í íslenskum lögum en þar er fyrst og fremst um að ræða kafla í lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Þá þarf að undirbúa sérstakt átak til þess að draga úr mengun frá frárennsli í þéttbýli og frá verksmiðjum og öðrum iðnaði, en slík mengun er nú vaxandi vandamál víða um land. Þar kemur til greina að auðvelda sveitarfélögum kostnaðarsamar úrbætur vegna frárennslis með sérstakri lánafyrirgreiðslu.

Við mótun nýrrar umhverfismálastefnu þarf einnig að taka tillit til mjög vaxandi umferðar ferðamanna og setja nýjar reglur um umgengni þeirra og samgönguhætti til verndar náttúru landsins.

Þá þarf að auka verulega frá því sem nú er fræðslu í skólum landsins og í fjölmiðlum um mikilvægi umhverfisverndar og þann þátt sem hún getur átt í bættum lífsskilyrðum og lífsgæðum þjóðarinnar á komandi árum.

Hér hafa aðeins verið talin nokkur þeirra atriða sem huga þarf að við mótun heildarstefnu í umhverfismálum. Ýmis vandamál sem nágrannaþjóðir okkar eiga við að etja þekkjum við enn aðeins í litlum mæli vegna strjálbýlis í landinu. Engu síður er vissulega tímabært að þessu máli verði meiri gaumur gefinn af hálfu stjórnvalda og Alþingis en hingað til og farsæl framtíðarstefna mótuð um verndun lífs og lands.

Ed. 191. Frumvarp til laga [181. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

2. tölul. 15. gr. verði svohljóðandi:

Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, að jafnaði kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í félagsvísindadeild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur

árskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a.m.k. ⅔ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði á 2. tölul. 15. gr. laga nr. 38 frá 1971, felast í eftirfarandi:

a. Orðunum **að jafnaði** er bætt inn þar sem rætt er um hvernig staðið skuli að kjöri forstjóra rannsóknarstofnunar uppeldismála.
b. Í stað orðanna „fastra kennara við heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði“ komi orðin: fastra kennara í **félagsvísindadeild** Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Er þetta til samræmis við þá breytingu sem orðið hefur á deildaskipun Háskóla Íslands frá því að lög nr. 38 frá 1971 voru sett. Varðandi a-lið:

Ástæðan til þessarar breytingartillögu er að óheppilegt getur reynst að hafa jafn fortakslaust ákvæði um kjör forstjóra og er í gildandi lögum. Þær aðstæður geta skapast að heppilegra sé að hafa svigrúm til þess að framlengja ráðningu forstjóra rannsóknarstofnunar uppeldismála enda séu þeir aðilar, sem standa eiga að kjöri forstjóra, sammála um það.

Til skýringar skal vitnað til:

1. Erindis formanns stjórnarnefndar rannsóknarstofnunar uppeldismála, Kristjáns J. Gunnarssonar sem borið var fram við menntamálaráðherra 11. júní 1986 en þar segir:

„Við umræður í stjórnarnefnd Rannsóknarstofnunar uppeldismála hefur komið fram sú skoðun að þar sem stofnunin er svo nýlega tekin til starfa og enn í mótun sé óheppilegt að skipta nú um forstöðumann og æskilegra væri að núverandi forstöðumaður gegndi störfum áfram næstu þrjú ár. Þetta sjónarmið er stutt af fulltrúum Háskóla Íslands enda þótt þeir eigi rétt á að tilnefna forstöðumanninn fyrir næsta tímabil.“

2. Fundargerðar stjórnarnefndar rannsóknarstofnunar uppeldismála 2. júlí 1986 en þar bar Þórólfur Þórlindsson prófessor, deildarforseti félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, fram eftirfarandi tillögu:

„Ég geri það að tillögu minni að prófessor Sigríði Valgeirsdóttur verði falið að gegna stöðu forstöðumanns Rannsóknarstofnunar uppeldismála næstu þrú árin. Tillagan er flutt að höfðu samráði við samstarfsmenn mína í þeim greinum félagsvísindadeildar sem aðild eiga að Rannsóknarstofnun uppeldismála (félagsfræði, sálarfræði og uppeldisfræði). Það er einróma álit okkar í félagsvísindadeild að það sé mikilvægt að stofnunin, sem enn er í mótun, njóti leiðsagnar Sigríðar næstu þrjú árin.“

Tillaga Þórólfs Þórlindssonar var samþykkt samhljóða í stjórnarnefndinni.

Í fundargerðinni kom fram að Kennaraháskóli Íslands er samþykkur endurráðningu Sigríðar en rektor skólans, Jónas Pálsson, lýsti því þar yfir að hann mundi „reyna að stuðla að því að Sigríður fengi meiri tíma frá KHÍ til að sinna störfum hjá R.U.“

Ed. 192. Frumvarp til laga [182. mál]

um breytingu á lögum nr. 35 frá 26. maí 1975, um Leiklistarskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast þannig:

Skólanefnd er til ráðuneytis skólastjóra um málefni skólans. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina sem í eiga sæti 13 fulltrúar. Ráðherra skipar einn nefndarmann án tilnefningar og er hann formaður. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðleikhússráðs, leikhússráðs Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags íslenskra leikfélaga, hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins, sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins, Félags íslenskra leikara, Félags leikstjóra á Íslandi, Sambands íslenskra kvikmyndagerðarmanna, Félags kvikmyndagerðarmanna, kennara Leiklistarskóla Íslands, nemenda Leiklistarskóla Íslands. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema fulltrúar nemenda og kennara sem skipaðir eru til eins árs hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangurinn með lagafrumvarpi þessu er að heimila fulltrúum kvikmyndagerðarmanna setu í skólanefnd Leiklistarskóla Íslands og auka þannig bein áhrif kvikmyndagerðarlistar á námstilhögum og menntun leiklistarnema.

Á undanförnum árum hefur mikil gróska verið í íslenskri kvikmyndagerð og má gera ráð fyrir að mörg atvinnutækifæri skapist á komandi árum fyrir leikara við kvikmyndaleik. Öll rök mæla því með því að kvikmyndagerð í landinu eigi fulltrúa í skólanefnd hins ríkisrekna leiklistarskóla til jafns við aðrar menningarstofnanir sem leikarar sækja vinnu sína til að loknu námi. Það er því í samræmi við þróun í menningarmálum hér á landi að fulltrúar kvikmyndagerðar axli hluta þeirrar ábyrgðar sem menntun leikara fylgir þannig að menntun þeirra nýtist sem best. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Félag kvikmyndagerðarmanna eru einu félög þeirra sem vinna að gerð kvikmynda hér á landi. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda eru einu samtökin sem hafa það beinlínis á stefnuskrá sinni að sinna gerð leikinna kvikmynda og þykir því eðlilegt að þessi samtök tilnefni aðila til setu í skólanefnd Leiklistarskóla Íslands og séu með því sett á bekk með leikhúsum og Ríkisútvarpinu við stjórn skólans. Félag kvikmyndagerðarmanna er fagfélag þeirra sem vinna við skapandi störf við kvikmyndagerð, svo sem kvikmyndatökumenn, tónsetningarmenn, klipparar, kvikmyndastjórar, handritshöfundar, framkvæmdastjórar, leikmyndagerðarmenn o.s.frv. Er æskilegt að fulltrúi Félags kvikmyndagerðarmanna sé vel menntaður kvikmyndagerðarmaður á sínu sviði og hafi reynslu af gerð leikinna kvikmynda.

Í lagafrumvarpi þessu felst einnig sú breyting að fulltrúi sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins skal eiga aðild að skólanefnd Leiklistarskóla Íslands. Þykir eðlilegt að fulltrúi sjónvarpsins eigi sæti í nefndinni þar sem bæði hljóðvarpi og sjónvarpi Ríkisútvarpsins er gert það að skyldu í lögum um Leiklistarskóla Íslands að veita skólanum aðstoð í starfi hans eftir því sem um semst milli aðila hverju sinni og við verður komið, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands. Þykir því eðlilegt að sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins hafi til jafns við hljóðvarpsdeild Ríkisútvarpsins áhrif á það hvernig námi leiklistarnema er háttað.

Þá gerir lagafrumvarp þetta ráð fyrir því að fulltrúi Félags íslenskra leikstjóra eigi sæti í skólanefnd þar sem miklu skiptir fyrir þá starfsstétt hvernig tekst til með menntun leiklistarnema.

Sþ. 193. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um aðstoð við hitaveitur.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Guðmundur Bjarnason,
Valdimar Indriðason, Skúli Alexandersson,
Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að bæta stöðu þeirra hitaveitna sem verst eru staddar fjárhagslega.

Tillögur þar að lútandi verði lagðar fyrir Alþingi það er nú situr svo tímanlega að unnt sé að afgreiða þær fyrir þinglok.

Greinargerð.

Þegar verð á olíu allt að því tvöfaldaðist á árunum 1979-1980 vaknaði mikill áhugi á því hjá sveitarstjórnum víðsvegar um landið að kanna alla hugsanlega möguleika til nýtingar jarðhita, einnig á svæðum sem áður höfðu verið talin ónýtanleg vegna þess hve hitinn var lítill eða hve dýrt var að ná til hans.

Arðsemisútreikningar sýndu að flestar hitaveituframkvæmdir voru hagkvæmar ef á annað borð var unnt að nálgast heitt vatn og var að sjálfsögðu miðað við þáverandi verð á olíu sem flestir reiknuðu með að færi enn hækkandi í framtíðinni. Enginn efaðist um þjóðhagslegan ávinning af slíkum framkvæmdum.

Ríkisvaldið hvatti til framkvæmdanna og útvegaði erlend lán eftir þörfum, oftast í dollurum.

Síðan hefur margt gerst sem hefur haft mikil áhrif til hins verra á stöðu nýjustu og dýrustu hitaveitnanna:

1. Raunvirði dollars hækkaði mjög mikið á árunum 1980-1985 og þar með skuldir hitaveitnanna.
2. Vextir erlendra lána (og innlendra) hækkuðu gífurlega á sama tímabili.
3. Olíuverð hefur lækkað um meira en helming að raunvirði frá 1984, en hagkvæmnisútreikningar og gjaldskrár taka mið af kostnaði við upphitun með olíu.

Allt hefur þetta orðið til þess að sumar þessara hitaveitna landsins eru í gífurlega miklum efnahagslegum erfiðleikum sem ekki er unnt að sjá fyrir endann á þótt gjaldskrár þeirra séu meira en þrisvar sinnum hærri en gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur og annarra hitaveitna sem voru hlutfallslega ódýrar í gerð og að mestu fjármagnaðar með löngum og hagkvæmum lánum sem verðbólgan sá um að minnka verulega og eru nú meira eða minna afskrifuð.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að ríkisvaldið verði að koma inn í þetta mál með beinum og óbeinum hætti til aðstoðar verst settu hitaveitunum, t.d. með því:

1. Að skuldbreyta lánum þeirra til að jafna greiðslum á lengri tíma og skipta strax út óhagkvæmustu lánunum.
2. Að tryggja að vaxtakjör skuldbreytingarlána verði þau hagstæðustu sem völ er á á hverjum tíma.
3. Að lækka raforkuverð til þeirra í algert lágmark.
4. Að fella niður söluskatt af raforku til dælingar og endurgreiða söluskatt af fjárfestingarvörum þeirra.
5. Að nota hluta af þeim skatti sem sérstaklega var lagður á með lögum nr. 12/1980 til jöfnunar á hitakostnaði fólks (1,5 % hækkun söluskatts) til aðstoðar verst settu hitaveitunum með beinum eða óbeinum hætti, t.d. með yfirtöku hluta af lánum þeirra.

Mesti munur á öllum tegundum upphitunarkostnaðar af hvaða tegund sem er, er nú milli dýrustu og ódýrustu hitaveitnanna. Munurinn er meira en þrír á móti einum (sjá 2. töflu). Þar munar 33 600 til 40 200 kr. á ári fyrir meðalstóra íbúð (36 þús. kwst. á ári).

Munurinn á framfærslukostnaði fólks af þessum sökum, eftir búsetu, er óþolandi enda mörg dæmi þess að fólk flýr heimabyggð sína vegna þessa aukakostnaðar.

Helmingurinn af grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega á þessum stöðum fer gjarnan í það eitt að greiða þennan aukakostnað. Þennan mun verður að minnka ef ekki á að koma til stórfelldrar byggðaröskunar.

Gjaldskrár dýrari hitaveitna eru nú svo háar að fólk treystir sér ekki til að kynda hús sín nægilega mikið og þeim er því hætt við skemmdum. Síðustu hækkanir hafa dregið það mikið úr notkun fólks á heitu vatni að tekjuaukning veitnanna hefur því orðið lítil sem engin og dæmi eru um að fólk á hitaveitusvæðum sé farið að kynda aftur með olíu. Einnig af þessum ástæðum er nauðsynlegt að lækka hæstu gjaldskrár.

Íbúar þeirra svæða, þar sem hitaveitugjöldin eru nú hæst, hafa á umliðnum árum greitt mjög mikið fé í verðjöfnunargjald sem notað hefur verið til niðurgreiðslu raforkuverðs annars staðar á landinu og er upphitun með niðurgreiddri raforku nú miklu ódýrari en hjá dýrari hitaveitunum (sjá 2. töflu) allt niður í helming verðs dýrari hitaveitna.

Þrátt fyrir þessar háu gjaldskrár er engan veginn unnt að ná endum saman í greiðsluáætlunum verst settu hitaveitnanna þótt til lengri tíma sé litið.

Samkvæmt lögum er ekki lagður söluskattur á upphitun íbúðarhúsa. Samt er fullur söluskattur lagður á raforku sem notuð er til dælingar á heitu vatni sem auðvitað er ekkert annað en liður í upphitunarkostnaði íbúðarhúsa og verulegur kostnaðarliður margra hitaveitna.

Minnt skal á að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að „jöfnun hitakostnaðar“ skuli aukin verulega.

Tafla 1. Skuldir nokkurra hitaveitna.

Hitaveitur.	Heildarskuldir í nóv. 1986. (millj. kr.)	Íbúar tengdir hitaveitu.	Skuldir á hvern íbúa tengdan hitaveitu. (þús. kr.)	Gjaldskrá í nóv. 1986. (kr. m^3)
Akranes/Borgarnes ...	1 405	6 700	210	19 680.00[1])
Akureyri	2 082	12 700	164	56.00
Vestmannaeyjar	490[2])	4 100	120	56.00[3])
Rangá	225	1 200	188	66.00
Egilsstaðir/Fell	124[4])	1 400	89	45.60
Eyrar	82[5])	1 000	82	42.30[6])

[1]) Kr. mín./l./ár.

[2]) Skuldir í nóv. 450 millj. kr., en áætlaður kostnaður við bráðnauðsynlegar aðgerðir vegna þverrandi hraunhita 40 millj. kr.

[3]) Þar af greiðir bæjarsjóður rúmlega 3 kr. pr. m^3, m.a. vegna síðustu kjarasamninga.

[4]) Um síðustu áramót.

[5]) Vatnið er keypt af Hitaveitu Selfoss og borunarkostnaður því lítill en rekstrarkostnaður mikill.

[6]) Vatnið er að jafnaði aðeins 64 gráðu heitt, sem jafngildir 66 kr. á m^3 miðað við 80 gráðu heitt vatn.

Tafla 2. Upphitunarkostnaður meðalstórrar íbúðar (í krónum), 36 þús. kwst. á ári (fastagjöld innifalin).

Hitaveita Reykjavíkur o.fl. eldri hitaveitur (kr. 18.60 pr. m^3)	16 700
Olía	38 200
Niðurgreidd raforka	32 400
Óniðurgreidd raforka	45 400
Hitaveitur Akraness, Borgarness, Akureyrar og Vestmannaeyja að meðaltali	50 300
Hitaveitur Eyra og Rangár	56 900

Sþ. 194. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um varaflugvöll fyrir millilandaflug á Akureyri.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal, Vigfús B. Jónsson, Árni Gunnarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram svo fljótt sem kostur er rækilega úttekt á möguleikum þess að Akureyrarflugvöllur þjóni sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

Kannað verði hvaða úrbætur þurfi að gera á flugvellinum til að hann geti þjónað sem varaflugvöllur miðað við núverandi flugleiðsögutækni og vélakost íslensku flugfélaganna og hvaða kostnaður er slíkum úrbótum samfara. Einnig verði horft til möguleika flugvallarins í sama skyni í framtíðinni með hliðsjón af líklegri þróun mála á þessu sviði.

Greinargerð.

Um árabil hefur verið bent á nauðsyn þess að fyrir hendi sé hérlendis svo vel búinn flugvöllur að hann geti þjónað sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Í því sambandi hefur verið rætt um ýmsa staði norðanlands og austan án þess að menn hafi orðið á eitt sáttir um hvar best væri að hafa slíkan flugvöll. Í umræðum um varaflugvöll og hvar hann eigi að vera er nauðsynlegt að hafa í huga þá þróun sem er að eiga sér stað bæði í gerð flugvéla og flugleiðsögutækja sem hvoru tveggja ætti að draga úr þeim landfræðilegu takmörkunum sem notkun Akureyrarflugvallar eru settar.

Óvarlegt er að hefja bollaleggingar um jafn kostnaðarsamt fyrirtæki og það yrði að byggja upp og reka sérstakan varaflugvöll áður en það er kannað til þrautar og með tilliti til nýjustu tækni, hvort Akureyrarflugvöllur, sem fyrir er í fullum rekstri, getur ekki þjónað þessu hlutverki með litlum úrbótum. Fram undan eru geysileg verkefni í uppbyggingu flugsamgangna hér innanlands, t.d. gerð flugvallar við Egilsstaði og úrbætur á velflestum héraðsflugvöllum og því brýnt að tiltækt fé nýtist sem best.

Auðvelt er að benda á ýmsa kosti þess að hafa varaflugvöllinn við Akureyri og má sérstaklega nefna að Akureyri og Eyjafjörður eru stærsti þéttbýlisstaður landsins utan höfuðborgarsvæðisins með mikið og vaxandi hótelrými og margs konar þjónustu við ferðamenn. Þar er vel búið deildarskipt sjúkrahús, steinsnar frá flugvellinum. Akureyri liggur vel við mörgum vinsælustu ferðamannastöðum Íslands þannig að ekki er ólíklegt að innan tíðar hefjist þaðan, ef aðstæður verða fyrir hendi, eitthvert millilandaflug.

Rétt er að hafa í huga að Akureyrarflugvöllur er þegar allvel búinn flugvöllur með bundnu yfirborði og góðum tækjabúnaði á íslenskan mælikvarða. Með tilkomu svonefnds Leiruvegar opnast möguleikar á auðveldri og væntanlega fremur ódýrri lengingu flugbrautarinnar til suðurs en einungis þarf að lengja brautina um nokkur hundruð metra til þess að hún sé fullnægjandi fyrir stærstu farþegaþotur. Flugstöðvarbyggingin er rúmgott og vandað hús og getur án vandkvæða tekið við verulegum farþegafjölda.

Þá skiptir það miklu máli að á Akureyrarflugvelli er þegar við störf hópur vel þjálfaðs starfsfólks og flugvöllurinn er í fullum rekstri nær alla daga ársins frá morgni til kvölds. Það mundi því aðeins valda óverulegri aukningu rekstrarkostnaðar að gera Akureyrarflugvöll að varaflugvelli í millilandaflugi auk þess sem beint utanlandsflug til og frá vellinum yrði auðveldara en nú er. Að endingu er rétt að benda á að allar úrbætur á Akureyrarflugvelli koma til góða langmikilvægasta velli í innanlandsflugi utan Reykjavíkur.

Fylgiskjal I.

Akureyrarflugvöllur sem varaflugvöllur.

Akureyri, 3. apríl 1986.

Mikið hefur verið rætt um hugsanlegan varaflugvöll fyrir millilandaflugið en því miður hafa sjónarmið flestra verið lituð af eiginhagsmunum eða héraðaríg. Þau flugfélög, sem hagsmuna hafa að gæta, hafa ekki tekið tillit til arðsemissjónarmiða þeirra sem flugvöllinn byggja og reka heldur aðeins hugsað um að völlurinn yrði sem allra bestur varaflugvöllur. Það er heldur ekkert óeðlilegt að einstök bæjar- og sveitarfélög reyni að ná þessari stórframkvæmd til sín með tilheyrandi umsvifum sem síðar leiddu af rekstrinum.

Til þess að reyna að komast að sem skynsamlegastri niðurstöðu hef ég reynt að tíunda flesta veigamikla þætti málsins svo að hægt sé að draga sjálfstæða ályktun í málinu sem vel gæti orðið önnur en ég hef sjálfur hallast að, allt eftir því hversu þungt einstakir þættir vega hjá hverjum og einum.

Í byrjun held ég sé best að varpa fram fjórum spurningum varðandi þennan íslenska varaflugvöll fyrir millilandaflugið:

Hvert er notagildið? Hverjum gagnast hann? Hver er kostnaðurinn? Hver borgar?

Farþegaþotur í áætlunarflugi hingað til lands verða að bera með sér eldsneyti sem nægir til flugs til varaflugvallar ef ekki skyldi vera lendandi á ákvörðunarstaðnum þegar þangað er komið. Flugvélar af þessu tagi geta einungis notað langar, malbikaðar flugbrautir. Aðeins einn flugvöllur utan Reykjanesskagans býður nú upp á þessar forsendur. Ef ekki er hægt að nota íslenskan varaflugvöll verða flugvélarnar að notast við flugvelli í Skotlandi eða á Norðurlöndum. Þetta þýðir að flugvélarnar þurfa að bera með sér mikið varaeldsneyti sem getur vegið mörg tonn eftir aðstæðum. Eldsneytisfarmur af þessu tagi rýrir arðfarm flugvélanna og leiðir til verri rekstrarafkomu.

Aðallega eru það íslensku flugfélögin Arnarflug og Flugleiðir sem hér hafa hagsmuna að gæta en auðvitað mundi varaflugvöllur hér á landi einnig koma ýmsum erlendum leiguflugfélögum að gagni sem hingað leggja leið sína. Nýr áhugahópur um íslenskan varaflugvöll eru forsvarsmenn þeirra flugfélaga sem eru að hefja farþegaflug yfir Atlantshaf með tveggja hreyfla þotum. Strangar reglur eru í gildi um þetta flug og er þess m.a. krafist að varaflugvöllur sé ætíð innan vissrar seilingar meðan á fluginu stendur. Þar sem þessar flugvélar áætla ekki lendingu hér á landi nægir þeim oftast að nota Keflavíkurflugvöll. Þegar er farið að tala um að slaka á kröfunum um varaflugvelli fyrir þessar þotur og því hætt við að

þessi nýi áhugi á íslenskum varaflugvöllum dvíni fremur en hitt. NATO, með sitt mikla flug til og frá Keflavíkurflugvelli, hefur einnig verið nefnt til sögunnar.

Auk sparnaðarins, sem að framan er nefndur, verður að telja heppilegt frá sjónarhóli flugöryggis að stutt flug sé til næsta varaflugvallar.

Enginn veit í rauninni hversu mikið bygging flugvallar, sem hentar sem varaflugvöllur fyrir millilandaflugið, kostar. Það hlýtur þó öllum, sem fylgst hafa með framkvæmdum í flugvallarmálum undanfarna áratugi, að vera ljóst að hér er um að ræða mesta átak sem Íslendingar hafa nokkru sinni ráðist í á þessu sviði. Óhætt mun að fullyrða að bygging flugvallar af þessu tagi mundi kosta margfalt það fé sem árlega er ætlað til allra flugvallarframkvæmda. Ekki má heldur gleyma rekstrarkostnaði slíks flugvallar sem yrði gífurlegur árlega og langt umfram það sem venjulegir héraðsflugvellir kosta.

Á meðan enginn áþreifanlegur áhugi erlendra þjóða eða samtaka er á varaflugvelli á Íslandi verður að telja líklegt að íslenskir skattgreiðendur standi undir gerð og rekstri þessa flugvallar eins og raunar öllum samgöngubótum hér á landi í seinni tíð. Af þessum sökum tel ég rétt að fara varlega í fjárfestingar og miða framkvæmdir við þarfir Íslendinga sjálfra nú og í næstu framtíð.

Kostnaður við gerð góðs flugvallar er mikill og ekki höfum við hingað til náð að uppfylla nema brot af kröfum innanlandsflugsins hvað varðar framkvæmdir í flugvallar- og öryggismálum vegna fjárskorts. Á meðan svo er ástatt er ekki óeðlilegt að kannað verði hvort varaflugvöllur fyrir millilandaflugið geti ekki um leið þjónað sem samgöngubót í innanlandsfluginu.

Ef við lítum á þá fjóra flugvelli sem oft hafa verið nefndir í þessu sambandi og liggja utan veðursvæðis Reykjanesskagans þá eru aðflugs- og verðurskilyrði líklega best á Sauðárkróki. Síðan koma Egilsstaðir, Húsavík og loks Akureyri.

Ef við ljáum máls á einhverri málamiðlun og látum arðsemi framkvæmda og reksturs ráða gæti röðin orðið önnur. Um Sauðárkrók og Húsavík er umferð svo lítil að bygging góðs flugvallar fyrir stórar farþegaþotur mundi að mínu mati teljast mikil tímaskekkja. Sama mætti ef til vill segja um Egilsstaðaflugvöll einnig þótt þar sé umferð vissulega mun meiri. Á hitt ber að líta að á Egilsstöðum er brýn þörf á lagningu nýrrar flugbrautar og ætti við gerð hennar að miða við þarfir þungra flugvéla þótt upphafleg lengd og breidd brautarinnar gæti miðast við þarfir innanlandsflugsins eins og það er nú.

Stærsti og best búni flugvöllurinn af þessum fjórum er á Akureyri. Það hefur komið af sjálfu sér þar sem hann þjónar langfjölmennasta héraðinu utan höfuðborgarsvæðisins auk þess að vera hlekkur í framhaldsflugi til annarra staða. Til Akureyrar hefur verið flogið á stórum þotum í mörg ár og er völlurinn einatt notaður sem varaflugvöllur í millilandafluginu. Í rauninni hefur Akureyrarflugvöllur nú þegar allt sem þarf til þess að geta kallast varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Þar eru menntaðir flugumferðarstjórar, hæfir slökkviliðsmenn og brautarverðir á vöktum. Þar eru sæmileg aðflugstæki, ratsjárþjónusta, snjóruðningstæki, flugstöð, tækjageymsla og margt annað sem nauðsynlegt verður að telja. Ýmsar endurbætur er hægt að gera svo að flugvöllurinn rísi undir útvíkkuðu hlutverki og eru sumar þeirra raunar nú þegar tímabærar vegna aukinnar umferðar stórra og smárra flugvéla. Líklega yrði t.d. að breikka og lengja nokkuð flugbrautina svo að flugvélar á borð við DC-8 geti athafnað sig á Akureyri.

Blind-aðflugið á Akureyrarflugvelli er hið lakasta af stöðunum fjórum þótt það hafi reynst mjög vel. Nú þegar eru til reynslu víða erlendis nýjar gerðir aðflugstækja sem mundu gera að engu það óhagræði sem nú er af nánasta umhverfi vallarins og með slík tæki sér til leiðsögu ætti þjálfuðum flugáhöfnum ekki að verða skotaskuld úr að lenda á Akureyrarflugvelli í flestum veðrum.

Það munu líða mörg ár enn þar til þessi nýju aðflugstæki (MLS) hljóta almenna viðurkenningu og leysa þau sem nú eru oftast notuð (ILS) af hólmi. En við erum einnig að tala um margra ára verkefni ef byggja ætti upp þotuflugvöll nánast frá grunni.

Ég tel breyttar forsendur í blind-aðflugstækni og þá góðu reynslu, sem þegar er orðin af núverandi blind-aðflugi úr suðri að Akureyrarflugvelli, gera að litlu helstu rökin sem hafa orðið til þess að Sauðárkróksflugvöllur er nú af mörgum talinn verðandi varaflugvöllur fyrir millilandaflugið.

Virðingarfyllst,

Sigurður Aðalsteinsson.

Fylgiskjal II.

Varaflugvöllur.

Viðtal Alberts Jónssonar fréttamanns við Hilmar Baldursson, flugmann og varaformann flugráðs, um varaflugvöll (kvöldfréttir Ríkisútvarpsins 13. nóv. s.l.).

Hilmar Baldursson, varaformaður flugráðs og flugmaður á DC-8 hjá Flugleiðum, telur litlar líkur á að varaflugvöllur verði byggður við Sauðárkrók ef gera eigi það fyrir íslenskt fé og því verði menn að beina sjónum að öðrum og ódýrari kostum. Hilmar telur að nota megi Akureyrarflugvöll og hefur lagt til í flugráði að það mál verði athugað.

„Ég er sammála þeirri niðurstöðu sem komist hefur verið að varðandi samanburð á Akureyri og Sauðárkróki að flugtæknilega og veðurfarslega er Sauðárkrókur mun betri kostur, en ég sé ekki í sjónmáli að búinn verði til varaflugvöllur á Sauðárkróki kostnaðarins vegna. Á hinn bóginn er það ljóst að þetta mál er hægt að leysa, þ.e. aðflug DC-8, sem um er að ræða í þessu tilfelli, það er mögulegt inn á Akureyri með fullu öryggi og þá standa menn frammi fyrir því að þar er kostur sem er í sjónmáli og tiltölulega lítið þarf að gera til þess að hann verði raunhæfur."

Hilmar sagði enn fremur að eina vandamálið varðandi öryggi við Akureyrarflugvöll væri ef hreyfilbilun yrði í DC-8 eða álíka flugvél í slæmu skyggni í aðflugi inn Eyjafjörð þegar vélin væri komin niður undir brautina og þyrfti að ná sér upp aftur inn fjörðinn, þ.e. í suðurátt. Þetta hefur hins vegar ekki verið kannað til hlítar auk þess sem þannig háttaði til að í sunnanátt væri ætíð bjartviðri á Akureyri.

En hverju munar í kostnaði að gera Akureyrarflugvöll að varaflugvelli miðað við Sauðárkrók?

„Ef flugvellirnir á Akureyri og Sauðárkróki eru bornir saman eins og þeir eru í dag er Akureyrarflugvöllur malbikaður en það er Sauðárkróksvöllur ekki. Það sem þarf að gera á Akureyri er að lengja brautina, sennilega um 200 metra, til þess að hún nái lengd stystu brauta sem notaðar eru fyrir DC-8. Það þarf sömuleiðis að lengja Sauðárkróksvöll. Á Akureyri er flugturn með flugumferðarstjórn en það er ekki á Sauðárkróki og þar eru sem sagt þjálfaðir flugumferðarstjórar. Í þriðja lagi má benda á að Akureyri er mun betur sett hvað varðar öryggistæki, sem þyrfti hins vegar að byggja upp frá grunni á Sauðárkróki þó að það þyrfti að bæta við t.d. slökkvibúnaði áður en slík flugvél gæti farið að koma inn á Akureyrarflugvöll. Ég held að það sé ekki spurning að það er verið að tala um hundruð milljóna króna til þess að koma Sauðárkróksvelli í það horf sem dugir fyrir DC-8."

Sþ. 195. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um kaupleiguíbúðir.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Guðmundur Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf og framkvæmdaáætlun um byggingu eða kaup 600 íbúða á hverju ári í 10 ár til leigu með kaupleigufyrirkomulagi í samráði við sveitarfélög og/eða félagasamtök. Áætlanir feli í sér eftirfarandi:

1. Lagt verði fyrir Alþingi frumvarp sem heimili Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna að veita sveitarfélögum eða félagasamtökum lán til byggingar eða kaupa á íbúðum með kaupleigufyrirkomulagi. Heimilt verði að kaupa eldra húsnæði þar sem það hentar betur.
2. Lánað verði úr Byggingarsjóði verkamanna sem nemur 85% af byggingarkostnaði íbúða sem ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Lánin verði til 40 ára og beri 1% vexti. Lánveitingar þessar verði til viðbótar lánum til félagslegra íbúða úr Byggingarsjóði verkamanna.
3. Lánað verði úr Byggingarsjóði ríkisins sem nemur 80% af byggingarkostnaði til 40 ára og beri lánin 3,5% vexti. Heimilt verði að fækka almennum lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins í hlutfalli við fjölda kaupleiguíbúða sem byggðar eru á ári hverju.
4. Framlag sveitarfélaga og/eða annarra framkvæmdaaðila, sbr. 12. lið, verði 20% af byggingarkostnaði þegar um er að ræða lánveitingar til kaupleiguíbúða úr Byggingarsjóði ríkisins, sbr. 3. lið, en 15% vegna þeirra íbúða sem lánað er til úr Byggingarsjóði verkamannna, sbr. 2. lið. Framlag sveitarfélanna endurgreiðist með viðbótargjaldi (B-leigu) með 3,5% vöxtum, sbr. 8. lið.
5. Ríkissjóður veiti sveitarfélögum allt að 250 millj. kr. lán árlega í tvö ár gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með 3,5% vöxtum til að auðvelda þeim að hrinda af stað framkvæmdaáætlun um byggingu eða kaup 600 kaupleiguíbúða árlega næstu 10 árin.
6. Heimilt skal fjögur fyrstu árin að ráðstafa tilteknum fjölda íbúða á hverju ári til þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði eftir árið 1980 og að mati ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins geta ekki haldið húsnæði sínu vegna mikilla greiðsluerfiðleika.
7. Leigjendur greiði fasta húsaleigu (A-leigu) sem gangi til greiðslu afborgana og vaxta af lánum frá byggingarsjóðunum, auk hæfilegs gjalds til greiðslu sameiginlegs reksturs.
8. Sveitarfélag og/eða samstarfsaðilar, sbr. 12. lið, teljist eigendur íbúðarinnar og ráðstafi henni. Óski leigjandi að kaupa íbúðina á hann rétt á því. Þá skal gerður samningur um endurgreiðslur á framlagi sveitarfélagsins, ásamt verðbótum og vöxtum, með sérstöku mánaðarlegu viðbótargjaldi (B-leigu). Greiðslutími þess verði allt að 30 árum.
9. Að þeim hluta greiddum fái leigjandi afsal fyrir íbúðinni og yfirtaki um leið eftirstöðvar af áhvílandi lánum frá öðrum hvorum byggingarsjóðnum.
10. Samningar um kaup leigjanda á íbúð sinni og greiðsla viðbótargjalds verði bindandi nema hvað aðilar geta komið sér saman um að lengja eða stytta greiðslutímann. Heimilt

verði þó í undantekningartilfellum, ef aðstæður leigjanda breytast í veigamiklum atriðum, að láta kaupin ganga til baka. Leigjandi eigi þá tilkall til endurgreiðslu þess viðbótargjalds sem hann hefur innt af hendi ásamt verðbótum og vöxtum. Fari um það eftir nánara samkomulagi við sveitarfélagið og/eða aðra framkvæmdaaðila, sbr. 12. lið.

11. Heimilt verði að flytja áunnin réttindi á milli sveitarfélaga og innan sama sveitarfélags.
12. Heimilt verði að í stað sveitarfélaga komi sem framkvæmdaaðilar launþegasamtök, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög, búseturéttarfélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni gætu tryggt félagsmönnum sínum aðgang að ákveðnum hluta þessara íbúða eftir hlutdeild hvers aðila um sig. Framkvæmdir geta einnig verið á hendi sveitarfélags og slíkra aðila sameiginlega.
13. Tillögur framkvæmdaaðila um húsgerð, íbúðastærð, framkvæmdatíma og önnur helstu framkvæmdaatriði skulu bornar undir stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til staðfestingar.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er að hafinn verði undirbúningur að byggingu 6000 kaupleiguíbúða á næstu 10 árum í samráði við sveitarfélög eða félagasamtök. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu slíkra íbúða gætu verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir eða félagasamtök sem áhuga hefðu á að gerast framkvæmdaaðilar við byggingu slíkra íbúða og þar með að tryggja félögum sínum rétt til hluta af þeim kaupleiguíbúðum sem hér er gert ráð fyrir að byggðar verði.

Með þeirri leið, sem hér er lagt til að farin verði, opnast nýir möguleikar í húsnæðismálum sem tryggja fleiri kosti fyrir þá sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið. Auk þess gæfi slíkt fyrirkomulag láglaunafólki og fólki með meðaltekjur möguleika á að eignast sitt eigið húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Ein meginástæða þess hvernig komið er í húsnæðismálum er sú að fólk hefur lítið sem ekkert val haft í húsnæðismálum og er oft knúið nauðugt viljugt til að eignast eigið húsnæði þó að það hafi ekki til þess fjárhagslegt bolmagn. Afleiðing þess er sú að mörg heimili í landinu eru að kikna undir oki gífurlegra fjárhagsskuldbindinga, enda fjölgar nauðungaruppboðum sífellt og fjölmargar fjölskyldur sjá fram á gjaldþrot.

Lítið framboð er á leiguhúsnæði og langt er í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum. Á s.l. 5–6 árum hafa mjög fáar leiguíbúðir verið byggðar á vegum sveitarfélaga, sbr. eftirfarandi yfirlit yfir keyptar og byggðar íbúðir:

Árið 1981	10 íbúðir.
Árið 1982	20 íbúðir.
Árið 1983	3 íbúðir.
Árið 1984	8 íbúðir.
Árið 1985	1 íbúð.
Árið 1986 (1. apríl)	25 íbúðir.
Alls	67 íbúðir.

Þrátt fyrir ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að Byggingarsjóður verkamanna skuli fjármagna a.m.k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna hefur hvergi nærri verið staðið við það markmið.

Á árunum 1984 og 1985 voru framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna eftirfarandi:

	1982	*1983*	*1984*	*1985*
Fjöldi íbúða	175	176	304	158

Ljóst er að langt er í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum sem segja má að sé eini möguleikinn í húsnæðismálum fyrir láglaunafólk og fólk með meðaltekjur. Byggingarsjóður verkamanna lánar nú allt að 85% af byggingarkostnaði staðalíbúðar en hlutur kaupanda er 15%. Í sérstökum tilfellum er heimilt að hækka lánshlutfallið í allt að 90% sé um erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður að ræða. Framlag kaupanda getur því orðið 375 þúsund krónur sé miðað við 2,5 millj. króna kaupverð íbúðar og ef heimildargreinin er nýtt verður framlag kaupanda 250 þús. króna.

Þó að íbúðir í verkamannabústöðum séu með hagstæðustu kjörum sem bjóðast í húsnæðismálum er ljóst að greiðslukjörin eru engu síður ofviða mörgum.

Þeir sem fá lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins þurfa einnig að brúa verulegt bil milli kaupverðs og lána. Má nefna að sé um eldri íbúð að ræða er það rúmlega ein milljón króna miðað við 2,5 millj. kr. kaupverð.

Athuganir benda til þess að hlutfall eignaríbúða hér á landi sé um 90% miðað við landsmeðaltal. Annars staðar á Norðurlöndum og víðar hafa verið farnar aðrar leiðir í húsnæðismálum sem byggjast á því að fólk hafi úr fleiri kostum að velja. Auk þess að eignast eigið húsnæði er mikið framboð á leiguhúsnæði auk þess sem búseturéttaríbúðir og íbúðir með kaupleigufyrirkomulagi hafa opnað fólki nýja möguleika í húsnæðismálum.

Kostir kaupleiguíbúða eru ótvíræðir. Nýir möguleikar skapast í greiðslukjörum og menn fá jafnframt að velja sér eignar- eða leigufyrirkomulag í húsnæðismálum. Auðvelt á að vera að gera fólki kleift að flytja með sér áunnin réttindi. Með því móti er fólki auðveldað bæði að stækka og minnka við sig íbúðir, sem og að flytjast milli sveitarfélaga ef það svo kýs.

Í tillögugreininni er þessu fyrirkomulagi lýst nokkuð ítarlega og verður því hér á eftir einungis gerð grein fyrir kostnaði ríkis og sveitarfélaga komist slíkt fyrirkomulag á, svo og greiðslubyrði þeirra sem velja sér slíka leið í húsnæðismálum.

Greiðslubyrði leigjenda og kaupenda.

Byggingarsjóður verkamanna.

Íbúðarverð: 2,5 millj. kr. (núverandi byggingarkostnaður 100 m^2 íbúðar brúttó í sambýlishúsi).

Lán:

a. 2 millj. kr. úr Byggingarsjóði verkamanna til 40 ára með 1% vöxtum (85% byggingarkostnaðar). Sama og núgildandi lög um leiguíbúðir sveitarfélaga gera ráð fyrir.

b. 500 þús. kr. frá viðkomandi sveitarfélagi og samstarfsaðilum þess (15% byggingarkostnaðar).

Mánaðarlegar greiðslur:	A-leiga	B-leiga	Samtals
Venjuleg leiga án eignayfirtöku	5 393		5 393
Leigjandi eignast íbúð á 30 árum	5 393	1 698	7 091
Sama á 25 árum	5 393	1 896	7 289
Sama á 20 árum	5 393	2 200	7 593
Sama á 15 árum	5 393	2 714	8 107
Sama á 10 árum	5 393	4 002	9 395

Byggingarsjóður ríkisins.
Íbúðarverð: 2,5 millj. kr. (byggingarkostnaður 100 m^2 íbúðar brúttó í sambýlishúsi).
Lán:
a. 2000 þús. kr. úr Byggingarsjóði ríkisins (80%) til 40 ára með 3,5% vöxtum.
b. 500 þús. kr. frá sveitarfélagi og samstarfsaðilum þess (20% af byggingarkostnaði).

Mánaðarlegar greiðslur:	A-leiga	B-leiga	Samtals
Venjuleg leiga án eignayfirtöku	7 805		7 805
Leigjandi eignast íbúð á 30 árum[1]	7 805	2 265	10 070
Sama á 25 árum	7 805	2 528	10 333
Sama á 20 árum	7 805	2 933	10 738
Sama á 15 árum	7 805	3 619	11 424
Sama á 10 árum	7 805	5 336	13 141

[1]) Ávallt er reiknað með að kaupandi yfirtaki eftirstöðvar áhvílandi lána frá öðrum hvorum byggingarsjóðnum þegar hann fær afsal, en þá hefur hann að fullu greitt hlut sveitarfélags í byggingarkostnaði. Í öllum tilvikum þarf að reikna með einhverri viðbót við A-leigu vegna sameiginlegs rekstrarkostnaðar.

Framlög sveitarfélaganna.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir að byggðar eða keyptar verði 600 íbúðir á hverju ári í 10 ár með kaupleigufyrirkomulagi. **Miðað við þá áætlun yrði framlag sveitarfélaganna 265 milljónir á ári.** Í tillögunni er gert ráð fyrir að ríkissjóður veiti sveitarfélögunum allt að 250 milljóna króna lán árlega í tvö ár til að auðvelda þeim að hrinda af stað framkvæmdaáætlun um byggingu eða kaup 600 kaupleiguíbúða næstu 10 árin.

Við afgreiðslu á fjárhagsáætlun sveitarstjórna fyrir árið 1986, sem og á fjárlögum ríkisins fyrir árið 1986, voru verðlagsforsendur miðaðar við 36% verðbólgu. Nýgerðir kjarasamningar hafa hins vegar gjörbreytt þeirri áætlun þar sem nú er miðað við 7–8% verðbólgu á árinu. Sum sveitarfélögin hafa fyrir sitt leyti tilkynnt að þau muni lækka útsvarsálagningu úr 10,8% í 10,2%. Miðað við úrtak framteljenda um framtaldar tekjur á árinu 1985 má ætla að tekjubreytingar milli áranna 1985 og 1986 verði 43–44% í stað 36%. Þetta þýðir að þrátt fyrir lækkun útsvarsálagningar úr 10,8% í 10,2% stefnir í það að sveitarfélögin fái verulegar tekjur af útsvarsálagningu að raungildi umfram gjöld. Það er því skoðun flutningsmanna, haldi verðlagsforsendur kjarasamninga, að á yfirstandandi ári verði um verulegar tekjur að ræða umfram áætluð gjöld hjá sveitarfélögunum sem skapar svigrúm fyrir þau til að standa undir sínu framlagi til byggingar leiguíbúða eins og hér er lagt til. Að auki má benda á að útgjöld sveitarfélaga árlega á næstu 10 árum vegna byggingar eða kaupa 600 íbúða með kaupleigufyrirkomulagi minnka árlega í hlutfalli við endurgreiðslu viðbótargjalds (B-leigu). Sé um fleiri framkvæmdaaðila að ræða, svo sem launþegasamtök, lífeyrissjóði eða félagasamtök, minnkar hlutur sveitarfélaga líka sem því nemur.

Einnig eru gatnagerðargjöld allt að 5% af byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis auk annarra gjalda, svo sem tengigjalda o.fl. Þessi gjöld mætti skoða sem hluta af framlagi sveitarfélaga sem auðveldar þeim þá fjármögnun á sínum hluta til kaupleiguíbúðanna.

Lán byggingarsjóðanna.

Séu 300 íbúðir fjármagnaðar á hverju ári úr Byggingarsjóði verkamanna og 300 úr Byggingarsjóði ríkisins yrði **framlag Byggingarsjóðs verkamanna 552 milljónir á ári** en fjármagn úr Byggingarsjóði ríkisins ykist ekki frá því sem nú er þar sem lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins kæmu ekki til viðbótar lánveitingum sem fyrir eru heldur mundi almennum lánveitingum fækkað í hlutfalli við byggingu kaupleiguíbúða á næstu 10 árum.

Í tengslum við kjarasamningana frá því í febrúar 1986 er áætlað að verulega aukið fé komi til byggingarsjóðanna með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna. Ætla verður að samstaða geti náðst um það að 5–600 milljónir kr. af þessu fé renni árlega til kaupleiguíbúða sem fyrst og fremst kæmu láglaunafólki til góða.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu og framkvæmd þeirrar áætlunar, sem tillagan gerir ráð fyrir, yrði mörkuð ný stefna í húsnæðismálum sem tryggði í senn fleiri kosti og að fólki yrði gert auðvelt að eignast húsnæði án óbærilegrar greiðslubyrði.

Ed. 196. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Þórður Skúlason, Helgi Seljan, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Á eftir IV. kafla laganna komi nýr kafli svohljóðandi:

V. KAFLI

Um Verðjöfnunarsjóð fasteigna.

62. gr.

Við Húsnæðisstofnun ríkisins, í þeirri deild sem fer með félagslegar íbúðir, skal starfrækja sjóð er nefnist Verðjöfnunarsjóður fasteigna. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða sveitarfélög við að hafa jákvæð áhrif á verðlag íbúðarhúsnæðis, stuðla að jafnara og stöðugra markaðsverði þess og auka framboð á leiguhúsnæði.

63. gr.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins fer með stjórn sjóðsins og framkvæmdastjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins veitir honum forstöðu.

64. gr.

Ríkissjóður leggur fram stofnfé sjóðsins er skal vera 30 millj. kr. Jafnframt skal sjóðnum heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvæðum lánsfjárlaga. Á árinu 1987 má sú upphæð nema allt að 200 millj. kr.

65. gr.

Markmiðum sínum skal sjóðurinn ná með kaupum og sölu á íbúðarhúsnæði.

Meginhlutverk sjóðsins fyrst um sinn er að stuðla að því að munur á markaðsverði fasteigna og kostnaðarverði fari minnkandi og verði hóflegur. Sjóðurinn auglýsir markmið sín hverju sinni með hæfilegum fyrirvara. Fasteignir, sem sjóðurinn eignast, skulu, í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög, boðnar til leigu þar til þær eru seldar aftur.

Þegar markaðsverð stefnir í að vera verulega hærra en nemur kostnaðarverði er heimilt að bjóða fasteignir, sem sjóðurinn á, til sölu á frjálsum markaði í þeim tilgangi að lækka fasteignaverð.

66. gr.

Tekjur sjóðsins af fasteignaviðskiptum og rekstri eigna hans leggjast við stofnfé hans og eru undanþegnar sköttum og hvers konar gjöldum.

Eftir því sem hrein eign sjóðsins vex skal að því stefnt að sjóðurinn eignist allt að 1% íbúða í landinu til útleigu til að auka framboð á leiguíbúðum þar sem sérstaklega er talin þörf á því.

67. gr.

Félagsmálaráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara lagaákvæða um Verðjöfnunarsjóð fasteigna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að jafna þann mikla mun sem er á söluverði íbúðarhúsnæðis og kostnaðarverði þess í mörgum sveitarfélögum úti á landi.

Í málefnum landsbyggðarinnar ríkir nú meiri óvissa og óöryggi en oft áður og leiðir það til þess að fólk er tregt til að ráðast þar í fjárfestingar með kaupum eða byggingum á íbúðarhúsnæði. Þrátt fyrir verulega eftirspurn og þörf fyrir aukið íbúðarhúsnæði helst verð á nýlegu íbúðarhúsnæði áfram langt fyrir neðan það sem hús og íbúðir kosta þann sem byggir. Jafnvel þó að atvinnuástand sé gott og eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði mikil óttast fólk að það geti tapað miklum fjármunum og orðið gjaldþrota ef það kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði og neyðist svo til að selja það aftur á verði er gæti verið miklu lægra en nemur áhvílandi skuldum. Sá mikli vandi blasir því við víða um land að fasteignamarkaðurinn er í algjörri sjálfheldu vegna lágs verðs á íbúðarhúsnæði og þess að fáir taka þá áhættu að byggja.

Lögmál framboðs og eftirspurnar ráða því ekki markaðsverði íbúðarhúsnæðis úti á landi með eðlilegum hætti um þessar mundir. Víða um land er því nær ekkert byggt af nýjum íbúðum, jafnvel þótt eftirspurn eftir húsnæði sé veruleg.

Til þess að leiða fasteignamarkaðinn út úr þessari sjálfheldu verður aðili að koma til sem býður hæfilegt verð í fasteignir og stuðlar þannig að eðlilegri þróun fasteignaverðs. Verðjöfnunarsjóður fasteigna, sem stofnaður yrði með þessu frumvarpi og yrði í umsjá Húsnæðisstofnunar ríkisins, fengi það hlutverk að vinna á móti óeðlilegum sveiflum á fasteignamarkaði. Fyrst í stað yrði öðru fremur leitast við að minnka óeðlilegan mun sem nú er víða á markaðsverði fasteigna og raunverulegu kostnaðarverði.

Talið er að 4500 íbúðir skipti um eigendur á frjálsum markaði ár hvert og þar af rúmlega eitt þúsund íbúðir utan höfuðborgarsvæðisins. Sennilegt má telja að sjóðurinn þyrfti ekki að bjóða í nema eitt til tvö hundruð íbúðir á ári til að endursöluverð íbúða á þéttbýlisstöðum um land allt hækkaði og yrði í viðunandi samræmi við byggingarkostnað húsnæðis og fólk fengi trú á það á nýjan leik að þorandi sé að fjárfesta í íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Íbúðir, sem sjóðurinn þyrfti beinlínis að kaupa til að ná markmiðum sínum, yrðu vafalaust miklu færri. Þær yrðu þá boðnar til leigu og gætu þannig komið að góðu gagni við að auka framboð á leiguhúsnæði þar til þær yrðu seldar aftur.

Ekki er gert ráð fyrir því að kaupverð fasteigna, sem sjóðurinn byði, næði nokkurn tíma nema 90% af áætluðu endurstofnverði að teknu tilliti til afskrifta. Verð á húsnæði yrði áfram nokkuð breytilegt eftir stöðum en munurinn á milli staða yrði verulega minni.

Á þeim stöðum, þar sem lágt verð á íbúðarhúsnæði stafar bersýnilega af atvinnuleysi og brottflutningi fólks úr sveitarfélögum, þurfa önnur úrræði að koma til, einkum aukin atvinnustarfsemi. Forsendur fyrir íhlutun sjóðsins til hækkunar á fasteignaverði eru þær að einhver eftirspurn eftir húsnæði sé fyrir hendi á viðkomandi stað en fyrst og fremst skortir tiltrú kaupenda á að þeir geti losnað aftur við keypta eign án verulegra skakkafalla.

Þá verður að gera þær kröfur til forráðamanna sveitarfélaganna að þeir hagi úthlutun byggingarlóða, byggingu félagslegra íbúða og öðrum aðgerðum, sem áhrif hafa á almennt framboð húsnæðis, þannig að ekki sé stuðlað að offramboði. Ekki er eðlilegt að Verðjöfnunarsjóðurinn sé notaður til að kaupa sveitarfélög frá slæmum skipulagsmistökum sem augljóslega mátti sjá fyrir.

Flutningsmenn benda á að eðlilegt hefði verið að sveitarfélögin hefðu haft á hendi það hlutverk sem Verðjöfnunarsjóði fasteigna er ætlað í frumvarpi þessu. Raunar á það við um húsnæðismálin í heild sinni sem eru staðbundin verkefni sem auðveldara er fyrir staðbundið stjórnvald að fást við og leysa. Á hitt ber þó að líta að sveitarfélögin eru mörg og smá og hafa yfir mjög takmörkuðu fjármagni að ráða. Því er lagt til að Verðjöfnunarsjóður fasteigna verði stofnaður til að leysa fasteignamarkaðinn á landsbyggðinni úr þeirri sjálfheldu sem hann er í um þessar mundir.

Mikil umræða hefur farið fram um þann vanda sem felst í miklum verðsveiflum á íbúðarhúsnæði og verðmismun á íbúðarhúsnæði eftir byggðarlögum en fáar eða engar tillögur eða hugmyndir að lausn komið fram. Flutningsmenn eru að sjálfsögðu tilbúnir til að athuga með opnum huga aðrar tillögur til lausnar á þessum vanda sem við er að eiga og verður að fá lausn á.

Fylgiskjal I.

Úr riti Fasteignamats ríkisins,
Fasteignamarkaðurinn á Íslandi,
júlí 1985.

Þróun fasteignaverðs.


Til þess að öðlast betri yfirsýn yfir stöðu fasteignamarkaðarins er fróðlegt að líta á hvernig þróun hans hefur verið undanfarin ár og áratugi.

Við mat á almennri verðþróun á fasteignamarkaði er oftast farin sú leið að bera breytingar á íbúðaverði saman við breytingar á vísitölu byggingarkosntnaðar eða lánskjaravísitölu. Sökum þess hversu breytileg þróun ólíkra vísitalna hefur verið undanfarin tvö til þrjú ár getur reynst erfitt að finna viðmiðun sem allir eru sammála um að lýsi verðþróuninni.

Úr línuritinu má lesa hvernig fasteignaverð hefur þróast á föstu verðlagi á tímabilinu 1966 til 1984. Myndin sýnir breytingar á söluverði íbúðarhúsnæðis í fjölbýlishúsum í Reykjavík reiknað til staðgreiðsluverðs. Miðað er við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Þessi samanburður gefur ekki alveg sömu mynd og fæst þegar miðað er við lánskjaravísitölu. Lánskjaravísitalan var hins vegar ekki tekin í notkun fyrr en mjög seint á tímabilinu og var því komin viss hefð á notkun byggingarvísitölu við þennan samanburð.

Söluverð íbúðarhúsnæðis 1966 til 1985.
(Fast verðlag miðað við byggingarvísitölu.)



Fylgiskjal II.

Fasteignaverð í einstökum sveitarfélögum.

Yfirlit unnið í október 1986.
Stefán Ingólfsson verkfr., FMR.

Söluverð fasteigna í einstökum sveitarfélögum má bera saman á ýmsa vegu. Einfaldasta leiðin er að bera saman meðalfjárhæð söluverðs á fermetra. Þegar þessi leið er notuð koma þau sveitarfélög alla jafna hæst út þar sem mest er selt af litlum nýlegum íbúðum. Ekki er heldur tekið tillit til greiðslukjara en það er regla að þegar útborgun er lág er söluverð almennt hærra.

Nokkru nákvæmara er að taka tillit til greiðslukjara og reikna út staðgreiðsluverð á fermetra.

Þá má einnig bera saman staðgreiðsluverð fasteigna og áætlaðan byggingarkostnað þeirra. Kostur þessarar síðustu aðferðar er sá að þegar hún er notuð er söluverðmæti fasteignar borið saman við byggingarkostnað hennar sjálfrar. Það er eins konar innri samanburður.

Margir telja að með því bera söluverð saman við brunabótamat fáist mismunur á markaðsverði og byggingarkostnaði. Það er þó ekki rétt. Í brunabótamat vantar ýmsa kostnaðarliði sem telja verður með byggingarkostnaði húseignar. Þar á meðal má nefna fjármagnskostnað, gatnagerðargjald og önnur lóðagjöld.

Í nýsettum lögum um hin opinberu húsnæðislán og reglugerð sem þeim fylgir er lánsfjárhæð miðuð við söluverð eða brunabótamat eftir því hvort er lægra. Í þessari samantekt er gerður samanburður á þessum stærðum. Sökum þess að óvinnandi vegur er að fletta upp brunabótamati fyrir allar þær 1840 eignir sem ganga inn í könnunina er endurstofnverð Fasteignamats ríkisins notað í þess stað. Reynslan sýnir að til jafnaðar eru endurstofnverð og brunabótamat hliðstæðar stærðir.

Hér á eftir eru farnar ýmsar leiðir við samanburð á markaðsverði íbúðarhúsnæðis á þeim stöðum á landinu þar sem bestar upplýsingar liggja fyrir.

Upplýsingarnar byggjast á kaupsamningum sem gerðir voru á tímabilinu október 1985 til júní 1986. Verð er alltaf gefið upp í kr. á m^2.

1. Söluverð.

Í töflu 1 er skráð nafnverð á sölum íbúðarhúsnæðis í hverju af þeim 17 sveitarfélögum sem ganga inn í könnunina. Verðið er skráð í krónum á fermetra. Tekið er meðaltal úr öllum samningum á tímabilinu. Til upplýsingar er sýnt hversu margir kaupsamningar eru á bak við upplýsingar í hverju sveitarfélagi. Sveitarfélögum er sleppt ef komið hafa fram færri en fimm kaupsamningar á tímabilinu.

Í Reykjavík er eingöngu miðað við sölur íbúða í fjölbýli en á öðrum stöðum er sérbýli einnig tekið með.

Þessi samanburður er sá einfaldasti sem nota má.

Tafla 1.

Söluverð eftir sveitarfélögum.

	Fjöldi	Söluverð	Hlutfall
Reykjavík	1107	25 624	100
Seltjarnarnes	13	27 656	108
Kópavogur	202	25 226	98
Garðabær	35	25 339	99
Hafnarfjörður	80	23 162	90
Mosfellssveit	25	23 969	94
Suðurnes	77	19 775	77
Ísafjörður	20	19 383	76
Akureyri	163	17 823	70
Grindavík	10	17 173	67
Borgarnes	14	16 927	66
Vestmannaeyjar	20	16 624	65
Hveragerði	5	16 743	65
Selfoss	17	16 151	63
Húsavík	8	16 264	63
Sandgerði	5	15 720	61
Akranes	40	15 115	59

2. Staðgreiðsluverð.

Í töflu 2 hér á eftir er gerður samanburður á staðgreiðsluverði í sömu sveitarfélögum og koma fyrir í töflu 1. Við útreikning staðgreiðsluverðs hefur söluverð verið umreiknað þannig að það jafngildi því að það sé allt greitt á einu ári.

Tafla 2.

Staðgreiðsluverð eftir sveitarfélögum.

	Staðgreiðsluverð	Hlutfall
Seltjarnarnes	25 276	112
Kópavogur	22 853	101
Garðabær	22 813	101
Reykjavík	22 518	100
Mosfellssveit	21 718	96
Hafnarfjörður	21 197	94
Suðurnes	16 914	75
Ísafjörður	16 904	75
Akureyri	16 152	72
Grindavík	14 887	66
Húsavík	14 773	66
Hveragerði	14 571	65
Borgarnes	14 561	65
Selfoss	14 277	63
Vestmannaeyjar	13 705	61
Akranes	13 454	60

Í töflunni á undan er ekki tekið tillit til þess að ástand hinna seldu húsa getur verið breytilegt frá einu sveitarfélagi til annars. Ef staðgreiðsluverðið er umreiknað yfir í hús sem eru með jafnhátt endurstofnverð má að einhverju leyti taka tillit til upphaflegra efnisgæða hinna seldu húsa. Í töflu 3 er staðgreiðsluverðið umreiknað til húss sem hefði haft endurstofnverð 23 079 kr./m^2 á verðlagi 1. október 1985.

Tafla 3.

Kvarðað staðgreiðsluverð.

	Kvarðað staðgreiðsluverð	Hlutfall
Seltjarnarnes	26 445	117
Garðabær	23 495	104
Kópavogur	22 780	101
Reykjavík	22 518	100
Mosfellssveit	21 792	97
Hafnarfjörður	21 278	94

	Kvarðað staðgreiðsluverð	Hlutfall
Ísafjörður	18 497	82
Suðurnes	17 513	78
Akureyri	16 239	72
Húsavík	16 437	73
Borgarnes	15 970	71
Grindavík	15 065	67
Hveragerði	14 593	65
Vestmannaeyjar	14 716	65
Selfoss	14 273	63
Akranes	13 885	62

3. Staðgreiðsluverð og byggingarkostnaður.

Erfitt er að bera saman markaðsverð og byggingarkostnað. Hér á eftir er þó gerð tilraun til þess. Í töflu 4 er staðgreiðsluverð borið saman við áætlaðan byggingarkostnað á þeim tíma þegar salan fór fram. Byggingarkostnaður er reiknaður út eftir endurstofnverði eins og það hefði verið til jafnaðar á umræddu tímabili. Það jafngildir því að endurstofnverð er framreiknað til verðlags 15. febrúar 1986.

Við endurstofnverðið er síðan bætt áætluðum lóðakostnaði og fjármagnskostnaði. Fyrir þessum liðum og öðrum sem vantar í endurstofnverðið eru reiknuð 20% til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu en 10% utan þess.

Tafla 4.

Staðgreiðsluverð og byggingarkostnaður.

	Staðgreiðsluverð	Byggingarkostnaður	Hlutfall
Seltjarnarnes	25 276	29 488	86
Garðabær	22 813	29 956	76
Kópavogur	22 853	30 951	74
Reykjavík	22 518	30 852	73
Mosfellssveit	21 718	30 748	71
Hafnarfjörður	21 197	30 734	69
Ísafjörður	16 904	25 844	65
Suðurnes	16 914	27 624	61
Húsavík	14 773	25 419	58
Akureyri	16 152	28 130	57
Borgarnes	14 561	25 786	56
Grindavík	14 887	27 947	53
Hveragerði	14 571	28 238	52
Vestmannaeyjar	13 705	26 338	52
Selfoss	14 277	28 290	50
Akranes	13 454	27 403	49

4. Staðgreiðsluverð og brunabótamat.

Eins og mönnum er kunnugt hefur sú óvanalega hefð skapast hér á landi að miðað er við brunabótamat eigna þegar veðhæfni þeirra er metin. Mælikvarða á hlutfall staðgreiðsluverðs og brunabótamats má fá með því að bera saman staðgreiðsluverð og endurstofnverð á sama verðlagi. Endurstofnverð og brunabótamat eru hliðstæðar stærðir.

Tafla 5.

Staðgreiðsluverð og endurstofnverð.

	Staðgreiðsluverð	Uppreiknað endurstofnverð	Hlutfall
Seltjarnarnes	25 276	24 574	103
Garðabær	22 813	24 964	91
Kópavogur	22 853	25 792	89
Reykjavík	22 518	25 710	88
Mosfellssveit	21 718	25 623	85
Hafnarfjörður	21 197	25 612	83
Ísafjörður	16 904	23 495	72
Suðurnes	16 914	25 113	67
Húsavík	14 773	23 108	64
Akureyri	16 152	25 573	63
Borgarnes	14 561	23 442	62
Grindavík	14 887	25 406	59
Hveragerði	14 571	25 671	57
Vestmannaeyjar	13 705	23 944	57
Selfoss	14 277	25 718	56
Akranes	13 454	24 912	54

Brunabótamat er allbreytilegt eftir sveitarfélögum. Í Reykjavík er það til dæmis hærra en endurstofnverð en víðast annars staðar er það lægra.

5. Nafnverð og brunabótamat.

Í nýjum lögum um opinber húsnæðislán eru ákvæði um að miða hámark lánsfjárhæðar við ákveðið hlutfall af söluverði. Í reglugerð með sömu lögum er hins vegar til viðbótar skotið inn hinni hefðbundnu viðmiðun við brunabótamat. Í töflu 6 er samanburður á nafnverði og endurstofnverði sem sýnir hvaða munur er á þessum tveimur stærðum í einstökum sveitarfélögum. Sem fyrr er endurstofnverðið notað í stað brunabótamats.

Tafla 6.

Nafnverð og endurstofnverð.

	Söluverð (nafnverð)	Uppreiknað endur-stofnverð	Hlutfall
Seltjarnarnes	27 656	24 574	113
Reykjavík	25 624	25 710	100
Garðabær	25 339	24 964	102
Kópavogur	25 226	25 792	98
Mosfellssveit	23 969	25 623	94
Hafnarfjörður	23 162	25 612	90
Ísafjörður	19 383	23 495	82
Suðurnes	19 775	25 113	79
Borgarnes	16 927	23 442	72
Akureyri	17 823	25 573	70
Húsavík	16 264	23 108	70
Vestmannaeyjar	16 624	23 944	69
Grindavík	17 173	25 406	68
Hveragerði	16 743	25 671	65
Selfoss	16 151	25 718	63
Akranes	15 115	24 912	61

Sþ. 197. Svar [129. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þórarins Sigurjónssonar um heimilisfræðslu:

1. Stefna menntamálaráðherra í hússtjórnarfræðslu.

Vegna hinna miklu breytinga, sem orðið hafa á framhaldsskólakerfi landsins s.l. áratug með auknu námsframboði í öllum landshlutum, hefur aðsókn að hússtjórnarskólum minnkað stöðugt og undanfarin ár hefur heðbundið hússtjórnarnám laðað til sín svo fáa nemendur að ekki er unnt að halda þeirri fræðslu uppi í sama formi og gert er ráð fyrir í lögum um hússtjórnarskóla, nr. 53/1975. Af þessum sökum er stefnt að því að færa þetta mikilvæga nám inn í almenna framhaldsskóla, þ.e. til nemendanna.

Í haust skipaði menntamálaráðherra starfshóp til þess að gera áætlun um nám í hússtjórnar- og heimilisfræði í framhaldsskólum, einkum fjölbrautaskólum. Formaður nefndarinnar er Þór Vigfússon, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, en með honum í nefndinni er Ingibjörg Þórarinsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, tilnefnd af Bandalagi kvenna, og Gerður Hulda Jóhannsdóttir hússtjórnarkennari, tilnefnd af Hússtjórnarkennarafélagi Íslands. Í erindisbréfi er starfshópnum falið að hafa samráð og samvinnu við alla þá aðila sem að þessum málum starfa, bæði innan skólakerfisins og utan, og hraða starfi sínu eftir föngum.

2. Endurskoðun laga um hússtjórnarskóla.

Í ráðuneytinu er ekki unnið að endurskoðun á lögum um hússtjórnarskóla en gert er ráð fyrir að hússtjórnarfræðsla falli í framtíðinni undir lög um framhaldsskóla.

3. Reglugerð um hússtjórnarfræðslu.

Spurt er: Hefur verið samin eða er verið að semja reglugerð um hússtjórnarfræðslu?
Svar: Nei.

4. Námsstjórar fyrir heimilisfræðslu.

Námsstjóri í heimilisfræðslu á grunnskólastigi er þegar starfandi og hefur verið undanfarin ár. Engin áform eru uppi um að skipa námsstjóra í þessu fagi á öðrum skólastigum enda ekki námsstjórar í öðrum greinum sem þar eru kenndar.

Sþ. 198. Fyrirspurn [187. mál]

til heilbrigðisráðherra um stöðugildi hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og lækna á heilbrigðisstofnunum.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hvað eru mörg stöðugildi á heilbrigðisstofnunum fyrir
   a. hjúkrunarfræðinga,
   b. sjúkraliða,
   c. lækna?
2. Hvaða breytingar urðu á stöðugildum vegna afnáms starfsskyldna hjúkrunarnema?
3. Hvað er ráðið í margar af þessum stöðum?
   Svar óskast sundurliðað eftir hjúkrunarstéttum og heilbrigðisstofnunum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 199. Fyrirspurn [188. mál]

til heilbrigðisráðherra um löggildingu sjúkranuddara sem heilbrigðisstéttar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvers vegna var reglugerð nr. 13/1986, um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara numin úr gildi?
2. Er ný reglugerð fyrirhuguð? Sé svo, hvenær er hennar að vænta?

Sþ. 200. Fyrirspurn [189. mál]

til félagsmálaráðherra um mat heimilisstarfa til starfsreynslu.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um mat heimilisstarfa til starfsreynslu sem samþykkt var á Alþingi 22. apríl 1986?

Sþ. 201. Fyrirspurn [190. mál]

til félagsmálaráðherra um umhverfismál.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Árna Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður undirbúningi heildarlöggjafar um umhverfismál sem boðuð var í upphafi kjörtímabilsins?

Sþ. 202. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um að ráða myndlistamanninn Erró til að vinna myndlistarverkefni fyrir Íslendinga.

Flm.: Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að taka upp viðræður við myndlistamanninn Erró, Guðmund Guðmundsson, í því skyni að hann taki að sér myndlistarverkefni fyrir Íslendinga, tengd menningu, sögu, atvinnulífi og náttúru landsins og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi.

Greinargerð.

Erró er sá Íslendingur í málaralist sem er hvað þekktastur á alþjóðavettvangi og vekja verk hans sífellt meiri athygli. Stíll Errós höfðar til alls þorra fólks óháð landamærum.

Erró hefur tekið að sér ákveðin verkefni fyrir stjórnvöld erlendis og stórfyrirtæki og hafa slík verk verið sýnd á alþjóðavettvangi.

Margt ynnist ef þessi íslenski málari tæki að sér verkefni fyrir Íslendinga, annaðhvort ákveðinn fjölda verka eða um ákveðinn tíma. Sérstæðir hæfileikar Errós nýttust á þann hátt íslenskri menningu, og sýningarherferð á slíkum verkum á alþjóðavettvangi gæti verið liður í kynningu á Íslandi og markaðssókn í öðrum löndum. Sýning 15–30 verka Errós gæti orðið allsérstæður þáttur og nýstárlegur í slíkri viðleitni Íslendinga erlendis. Frami Errós er mikill heiður fyrir Ísland og ástæða er til fyrir Íslendinga að rækta betur samband við hann og list hans.

Ed. 203. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Flm.: Skúli Alexandersson, Þórður Skúlason, Sveinn Jónsson.

1. gr.

Upphaf 18. gr. laganna orðist svo:

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnahreppum fimm mönnum, enda standi þeir einir að skólarekstrinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Kosningu nýrrar skólanefndar, sem leiðir af samþykkt laga þessara, skal lokið fyrir upphaf næsta skólaárs, 1987–1988.

Greinargerð.

Í lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, er ákvæði í 18. gr. um það að íbúatala kauptúnahreppa þurfi að vera 900 til þess að skólanefnd hrepps verði skipuð fleiri mönnum en þremur. Ef íbúatalan nær 900 skulu skólanefndir skipaðar fimm mönnum.

Ekki verður séð á hverju talan 900 byggist. Sú staða getur komið upp að íbúum sveitarfélags fjölgi í 900 á miðju kjörtímabili, svo og að íbúunum fækki frá því að vera 900 eða meira í lægri tölu. Í lögunum er ekkert um það hvernig þá skuli við bregðast.

Í kauptúnahreppunum eru mikilvægustu nefndir sveitarfélagsins yfirleitt skipaðar jafnmörgum mönnum og hreppsnefndin, þ.e. 5–7 mönnum. Ástæðan fyrir þessum fjölda er m.a. að tryggja það að allir hreppsnefndarmenn hafi rétt til að velja menn í viðkomandi nefndir og þau sjónarmið, sem urðu þess valdandi að hver og einn var kjörinn í hreppsnefndina, fái að njóta sín í viðkomandi nefndum.

Flutningsmönnum er kunnugt um að í nokkrum þéttbýlishreppum með íbúatölu innan við 900 hafa komið upp vandamál í sambandi við kjör í skólanefnd. Sums staðar hefur meiri hluti hreppsnefndar kosið alla þrjá fulltrúana úr sínum hópi og útilokað þar með áhrif og sjónarmið minni hlutans í skólanefnd. Varla er trúlegt að sá sé tilgangur laganna. Á öðrum stöðum hefur verið leitað samkomulags um val skólanefndarmanna eða samþykktir áheyrnarfulltrúar frá minni hluta eða minni hlutum. Slík vandræðaákvæði, sem eru jafnframt ólýðræðisleg, er óþarfi að hafa í lögum.

Í gildistökuákvæði er gert ráð fyrir því að sú breyting sem frumvarpið felur í sér, komi til framkvæmda við upphaf næsta skólaárs. Þá þyrftu þeir kauptúnahreppar, sem hafa færri en 900 íbúa — og þrjá menn í skólanefnd — að hafa lokið kosningu nýrrar skólanefndar.

Nd. 204. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Nú fullnægir maður, sem fengið hefur löggildingu eða heimild til fasteignasölu, eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar samkvæmt lögum þessum og fellur þá löggilding hans eða heimild til fasteignasölu úr gildi enda ber honum að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu eða leyfisbréfi. Heimilt er ráðherra að veita aðila löggildingu eða leyfi að nýju ef hann fullnægir síðar lagaskilyrðum að mati ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 21. gr. orðist svo:

Þeir sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 skulu halda þeim enda fullnægi þeir skilyrðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þessara laga. Þeir teljast einnig hafa rétt til sölu skráningarskyldra skipa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram til þess að taka af öll tvímæli um að ákvæði nýsamþykktra laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, um að fasteignasali skuli leggja fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af hans völdum, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, skuli ná til allra þeirra sem slíka starfsemi stunda.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 47/1938 þurftu lögmenn og tilteknir lögfræðingar ekki leyfi til þess að annast fasteignasölu en samkvæmt lögum nr. 34/1986 þurfa þeir nú að fá löggildingu og þar með að leggja fram tryggingu þótt þeir hafi starfað lengi við fasteignasölu. Er ljóst að sama hlýtur að gilda um þá sem hlotið hafa fasteignasöluleyfi, svo sem er m.a. um lögfræðinga sem hlutu fasteignasöluleyfi áður en þeir hlutu lögmannsréttindi.

Ráðuneytið lítur svo á að það hafi verið vilji löggjafans að allir þeir, sem hafa heimild til að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra skv. 1. mgr. 1. gr. laganna, skuli leggja fram tryggingu.

Þar sem orðalag laganna, einkum 16. gr. og 21. gr., þykir ekki nægjanlega skýrt í þessu efni að því er varðar þá sem hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt eldri lögum hefur verið valinn sá kostur að bera fram þetta frumvarp til breytinga á lögunum.

Lagt er til að 16. gr. verði orðuð þannig að hún taki ótvírætt bæði til þeirra sem fá löggildingu skv. 2. gr. laganna og þeirra sem hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt eldri lögunum.

Fullnægi fasteignasali eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar, þar á meðal um tryggingu, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., ber honum að skila heimildarleyfi sínu og er óheimilt að starfa við fasteignasölu.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við 2. mgr. 21. gr. ákvæði varðandi þá sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938 þess efnis að þeir skuli uppfylla sömu skilyrði og þeir sem löggildingu fá skv. 2. gr. laganna að því er varðar ríkisborgararétt, heimilisfesti, fjárræði, búsforræði og tryggingar.

Lagt er til að lagafrumvarp þetta öðlist gildi 1. janúar 1987 þannig að eftir þann tíma teljist þeir sem ekki hafa sett tryggingu ekki lengur hafa heimild til fasteignasölu.

Nd. 205. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., og lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Ólafur B. Óskarsson, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Tollur skv. 1. gr. tollskrárlaga, nr. 120/1976, á vörum í tollskrárnúmeri 94.04.04 (borðtennisútbúnaður) lækkar í 35%.

2. gr.

Úr A-lið 1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, fellur brott tollskrárnúmerið 94.04.04.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt íþróttalögum merkja íþróttir hvers konar líkamsæfingar er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp. Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því sem mælt er fyrir í lögum og reglugerðum. Leggja skal áherslu á það að nemendur fái tækifæri til þess að stunda íþróttir úti eftir því sem fært þykir og aðstæður leyfa. Þá skal og stuðla að því að nemendur iðki íþróttir í tómstundum sínum.

Það er alkunna að skólamannvirki eru mjög dýr. Í hverju skólahverfi landsins skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Þó að víða sé unnið að þessum málum af festu og fyrirhyggju heimamanna verða árin oft æði mörg sem líða frá því að fyrsta skóflustungan er tekin þar til skólahúsnæðið er fullbúið að allri gerð, þar á meðal hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkana. Þetta stafar m.a. af því hvað ríkið er svifaseint að greiða lögboðin fjárframlög að sínum hluta. Að sjálfsögðu er þetta mjög bagalegt, ekki síst fyrir forráðamenn fjölmennra heimavistarskóla sem ævinlega verða að sjá um að nemendur hafi eitthvað hollt og gagnlegt fyrir stafni. Þar til má nefna að nemendur geti átt aðgang að íþróttasal, sundlaug eða útileikvangi. En jafnvel þar sem slíka aðstöðu skortir má reyna einföld og ódýr ráð til úrbóta. Skal hér bent á eitt lítið atriði.

Borðtennis getur verið mjög hressandi og skemmtileg íþróttagrein. Ekki þarf mikinn útbúnað og auðvelt er að grípa í þennan leik í stuttum og strjálum tómstundum. En betra er að allur umbúnaður sé löglegur þótt einfaldur sé því að þetta er viðurkennd keppnisgrein á Ólympíuleikum. Samkvæmt tollskrá skal greiða 50% toll og 24% vörugjald af borðtennisbúnaði. Þetta eru mun hærri aðflutningsgjöld en greidd eru af öðrum sambærilegum íþróttavörum. Efni þessa frumvarps gengur út á það að tollur þessi verði lækkaður í 35% og vörugjald fellt niður.

Sþ. 206. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um byggingu leiguhúsnæðis.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér þegar í stað fyrir átaki í byggingu leiguhúsnæðis. Verði varið 250 millj. kr. á núgildandi verðlagi til þessa verkefnis á ári hverju þar til þörfinni hefur verið fullnægt.

Greinargerð.

Tillaga svipaðs efnis var flutt á 107. löggjafarþingi (160. mál) en náði þá ekki fram að ganga. Á þeim tveimur árum, sem liðin eru, hafa húsnæðismál verið mál málanna og ýmsar úrbætur náðst fram. Einn hópur fólks, sem liggur þó óbættur hjá garði, eru leigjendur.

Hér á landi eru hópar fólks sem þurfa eða vilja leigja húsnæði, ýmist tímabundið, t.d. námsmenn, eða um lengri tíma. Þess eru mörg dæmi að fólk ræður ekki við þau kjör sem boðið er upp á á almennum húsnæðismarkaði og eins og kunnugt er anna verkamannabústaðirnir hvergi nærri þörfum þeirra sem rétt eiga á félagslegum íbúðum. Margir eiga því ekki annarra kosta völ en að leigja húsnæði og ætti það reyndar ekki að vera lakur kostur ef rétt væri að málum staðið.

Nýleg könnun á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins sýnir svo að ekki verður um villst að mikil þörf er fyrir leiguhúsnæði. Allar sveitarstjórnir á landinu voru beðnar að áætla þörf sína fyrir leiguhúsnæði og auk þess fern félagasamtök sem hafa innan sinna vébanda þá hópa sem eru hvað fjölmennastir meðal leigjenda. Niðurstöður urðu þær að sveitarfélögin telja þörf á 1750–2000 leiguíbúðum. Félagasamtökin, Öryrkjabandalag Íslands, Bandalag íslenskra sérskólanema, Leigjendasamtökin og Félagsstofnun stúdenta, telja sitt fólk þurfa rúmlega 900 íbúðir. Samtals telja þessir aðilar að þörfin á leiguhúsnæði sé því á bilinu 2650–2900 íbúðir.

Það fólk, sem hér um ræðir, eru einkum námsmenn, aðallega á Reykjavíkursvæðinu, einstæðir foreldrar sem margir eiga við mikinn húsnæðisvanda að stríða, aldraðir sem ekki eiga eigið húsnæði og fatlað fólk sem oft á tíðum þarf sérhannað húsnæði. Þessir hópar eiga það sameiginlegt að vera láglaunahópar.

Sú stefna hefur ríkt hér um áratuga skeið að stefna þeim námsmönnum, sem stunda vilja framhaldsnám, til Reykjavíkur en ekkert hefur verið hugsað fyrir húsnæði þeim til handa. Félagsstofnun stúdenta annar aðeins þörf örlítils hluta stúdenta við Háskóla Íslands og aðrir skólar bjóða ekki húsnæði til leigu. Á hverju hausti keppa því þúsundir nemenda um það húsnæði sem er í boði og verðið á almennum markaði fer stöðugt hækkandi samkvæmt lögmálum framboðs og eftirspurnar.

Kannanir hafa leitt í ljós að húsnæðismálin eru stærsti vandi einstæðra foreldra og að í þeirra hópi eru margir (einkum konur) sem ekki ráða við þau kjör sem bjóðast og verða því m.a. að leita á náðir ættingja. Vandi fatlaðra og þroskaheftra er gífurlegur þar sem húsnæði fyrir þá hefur ekki verið byggt árum saman. Gamalt fólk býr margt við þröngan kost og verður að keppa við alla hina um takmarkað leiguhúsnæði. Þá eru ónefndir þeir sem af ýmsum ástæðum lenda í félagslegum erfiðleikum og svo loks þeir sem vilja fremur leigja en að glíma við afborganir og vexti.

Úti á landsbyggðinni er skortur á leiguhúsnæði þess oft valdandi að erfitt er að fá fólk til vinnu og t.d. kennarar, læknar og prestar staldra stutt við.

Af framansögðu má ljóst vera að hér er um brýnt mál að ræða. Því er lagt til að ríkisstjórnin grípi til aðgerða þegar í stað og verji 250 millj. kr. til byggingar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Ætla má að slíkt „eyrnamerkt" fé verði mönnum hvatning til að hefjast handa við byggingu leiguhúsnæðis. Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá þingmönnum Kvennalistans um ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna kom fram að meira fé kemur frá lífeyrissjóðunum en reiknað var með á þessu ári. Það er því tillaga Kvennalistans að hluta þess fjár verði varið til byggingar leiguhúsnæðis. Augljóst er að sú fjárhæð, sem hér er stungið upp á, dugar hvergi nærri en hún er þó byrjun. Brýna nauðsyn ber til að síðan verði gerð áætlun til a.m.k. 10 ára um það hvernig vandi leigjenda verði leystur. Kvennalistinn er þeirrar skoðunar að fólk eigi að geta valið um það í hvers konar húsnæði það býr og hvort það á húsnæðið sjálft eða leigir af öðrum. Það sjónarmið að fólk geti valið milli þess að leigja og eiga sitt húsnæði hefur ekki átt hljómgrunn meðal ráðamanna heldur hefur eignastefnan verið alls ráðandi. Það verður aldrei lausn fyrir alla þegna þessa lands að kaupa húsnæði og því verður að bjóða aðra kosti, leiguhúsnæði verður að vera fyrir hendi. Sú tillaga, sem hér er flutt, er skref í átt til nýrrar lausnar í húsnæðismálum, lausnar sem lengi hefur verið beðið. Ljóst er að þörfin á leiguhúsnæði er mikil og því ekki eftir neinu að bíða að hefjast handa.

Nd. 207. Frumvarp til tollalaga. [196. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

Ráðherra: Fjármálaráðherra, nema annars sé getið.

Tollyfirvald: Ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar.

Aðaltollhöfn: Staður þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram, sbr. 28. gr.

Tollhöfn: Staður þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur, geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar, sbr. 28. gr.

Farartæki: Sérhvert tæki sem nota má til flutnings á vörum.

Skip: Sérhvert fljótandi farartæki.

Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki.

Far: Skip eða flugfar.

Aðkomufar: Far sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari sem er í utanlandsferðum eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för.

Far í utanlandsferðum: Far sem flytur ótollafgreidda vöru frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vöru til útlanda.

Aðkomuafgreiðsla fars: Þegar stjórnandi fars hefur afhent tollgæslunni tilskilin gögn og fengið leyfi hennar til samskipta skv. 3. mgr. 51. gr.

Innflytjandi eða *útflytjandi:* Hver sá sem með lögmætum hætti getur ráðstafað vöru til tollmeðferðar hjá tollyfirvaldi.

Vara eða *sending:* Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.

Tollur: Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.

Tollverð: Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.

Aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld: Tollur svo og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru.

Tollafgreiðsla vöru: Þegar tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru til nota innanlands eða til útflutnings.

Tollvörugeymsla: Almenn tollvörugeymsla, tollfrjáls forðageymsla og tollfrjáls verslun.

Frísvæði: Lokað svæði, sem tollyfirvöld annast tolleftirlit með, þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur og reka iðnað, umpökkun, aðvinnslu og verslun með þær.

Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinna tilvika (a–d) á við:

a. Tollyfirvald hefur tekið við skjölum þeim varðandi vöru eða sendingu sem afhenda ber vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi þau að öllu leyti skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vörunnar þegar í stað.
b. Vara eða sending hefur verið skráð samkvæmt 3. mgr. 53. gr. og tollyfirvald heimilað afhendingu hennar.

c. Tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.
d. Tollyfirvald hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld á uppboði eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru á uppboði ef ekki næst til innflytjanda til lúkningar tolli eða öðrum gjöldum sem innheimt eru vegna innflutnings, sbr. 111. gr.

II. KAFLI

Tollskyldir aðilar.

Almenn tollskylda.

2. gr.

Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða ábyrgur verður um greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 3. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

Takmörkuð tollskylda.

3. gr.

Það varðar stjórnanda fars sektum ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða eigi er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.

133. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

134. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn, sem 18.–20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki atriði, sem fyrirskipuð eru skv. 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða toll af því tollverði sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara með 10% viðauka við það.

Ef tilgreint er rangt tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld eru vanreiknuð má innheimta 10% viðauka á þann toll eða önnur gjöld sem greiða ber samkvæmt leiðréttri skýrslu. Þó skal viðauki aldrei vera hærri en gjaldamismunur í rangri skýrslu og leiðréttri skýrslu.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á má tollyfirvald sleppa 10% viðauka við tollverð, toll eða önnur gjöld sem um ræðir í 1. og 2. mgr.

135. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Upptaka eigna.

136. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi hennar eða til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörslumaður hafi komist yfir vöruna á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar er heimilt að gera upptæk farartæki sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptaka er heimil þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis ef ástæða er til að ætla að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið.

Í stað farartækis má gera andvirði þess upptækt.

Nú verður refsiábyrgð ekki fram komið og er þá heimilt að beita eignaupptöku.

Verði ekki upplýst hver sökunautur er skal varan innan 30 daga frá því að hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

137. gr.

Farartæki sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði sem stjórnandi farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar og með þeim hætti sem segir í 111. gr.

Eigi sökunautur lögheimili eða eignir hér á landi skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar skv. 1. mgr.

138. gr.

Heimilt er að svipta þann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum.

Málsmeðferð.

139. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 50 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt eða 5. mgr. 136. gr., ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 100 000 kr.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr., eftir þeim reglum er hann ákveður.

Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Hafi einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og framvísar því við tollgæsluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans skal honum heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur, án þess að sæta kæru fyrir brot, enda sé um takmarkað magn að ræða sem nánar má ákveða í reglugerð.

140. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru renna í ríkissjóð.

XV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

141. gr.

Tollstarfsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir

komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

142. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ríkistollstjóri setur, að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörum sem teknar hafa verið til tollskoðunar. Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við embætti ríkistollstjóra og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Innflytjandi sem óskar eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til ríkistollstjóra. Erindi skulu fylgja nauðsynleg gögn, svo sem teikning, mynd eða vörulýsing og sýnishorn verði því við komið.

Ríkistollstjóri skal svara fyrirspurnum skriflega. Afrit af viðkomandi svari, ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum, skal senda fjármálaráðuneytinu.

143. gr.

Ráðherra skal heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer í tollskrá þegar beitt er heimild í 1. og 14. tölul. 6. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins eða þeirra er eigi talin lengur þörf.

Samþykki Tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána sem hafa í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer. Slíkar breytingar skulu eigi hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, sbr. þó 1. mgr.

Breytingar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

144. gr.

Toll og önnur gjöld skal leggja á og innheimta í heilum krónum þannig að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri fjárhæð sé sleppt. Tollverð og einstaka þætti þess skal tilgreina í aðflutningsskýrslu og tollverðsskýrslu með sama hætti.

145. gr.

Ráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað sem af því leiðir.

Ráðherra ákveður fyrir hvaða störf tollstarfsmanna skuli tekin greiðsla, fjárhæð hennar og lögvernd. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

146. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um skil tollyfirvalda á aðflutnings- og útflutningsskjölum og öðrum gögnum.

147. gr.

Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

148. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

149. gr.

Ákvæði laga þessara um álagningu, innheimtu, lögvernd, tilhögun bókhalds, aðflutnings- og útflutningsskýrslur og önnur skjöl, eftirlit, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi toll skulu gilda eftir því sem við getur átt um aðflutnings- eða útflutningsgjöld sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum, nema annað sé þar ákveðið.

150. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., svo og lög nr. 24 10. maí 1977, lög nr. 82 18. maí 1978, lög nr. 11 22. apríl 1981, lög nr. 31 26. maí 1981, lög nr. 83 28. desember 1981, lög nr. 2 2. febrúar 1982, lög nr. 30 4. maí 1982, lög nr. 98 31. desember 1982, 10. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 76 31. desember 1983, lög nr. 27 15. maí 1984, lög nr. 29 15. maí 1984, lög nr. 39 25. maí 1984, lög nr. 123 31. desember 1984, lög nr. 110 31. desember 1985, lög nr. 3 1. mars 1986, lög nr. 4 11. mars 1986 og lög nr. 16 30. apríl 1986, um breyting á þeim lögum; lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lög nr. 2 11. febrúar 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973, lög nr. 71 31. maí 1976, lög nr. 31 29. maí 1979 og lög nr. 46 30. maí 1984, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o.fl., svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 150. gr. skulu 1. og 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., svo og lagaákvæði um breyting á þeim halda gildi sínu þar til sett hafa verið lög um tollskrá.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem við gildistöku reglugerðar nr. 190/1985 voru í starfi erlendis, skulu með sama hætti og áður eiga rétt á niðurfellingu tolla á bifreið sem þeir flytja með sér heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Með bifreiðar þessar skal að öðru leyti farið samkvæmt reglugerð nr. 190/1985, um bifreiðamál ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur

Frumvarp það sem hér er lagt fyrir Alþingi er liður í áformum ríkisstjórnarinnar að einfalda þann þátt tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs sem lýtur að innheimtu og álagningu aðflutningsgjalda og með þeim hætti að gera það skilvirkara en um leið að draga úr kostnaði sem bæði innflutningsverslunin og ríkissjóður óhjákvæmilega hljóta að axla við núverandi aðstæður. Að undanförnu hefur jafnframt verið unnið að endurskoðun þeirra gjalda sem lögð eru á innfluttar vörur svo og vörur framleiddar innanlands með það fyrir augum að fækka gjaldstofnum, eyða uppsöfnunaráhrifum eftir því sem við verður komið og lækka tolla. Verða frumvörp um tollskrá, vörugjald og bifreiðagjald lögð fljótlega fyrir Alþingi.

Megintilgangur með framlagningu þessa frumvarps er þessi:

1. Að setja heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit þannig að jafnt viðskiptavinir tollyfirvalda sem þau sjálf séu vitandi um réttindi og skyldur varðandi innflutning og útflutning á vörum.
2. Að gera tollmeðferð á vörum sem einfaldasta og taka upp vinnubrögð sem nútímalegir viðskiptahættir krefjast.
3. Að gera yfirstjórn tollamála markvissari, m. a. með því að fela ríkistollstjóra að hafa eftirlit með og samræma störf tollstjóra í einstökum tollumdæmum.
4. Að breyta tollumdæmum þannig að sem mestrar hagkvæmni gæti í rekstri tollembætta og dregið verði sem mest úr kostnaði innflytjenda og farmflytjenda af tolleftirliti.

5. Að kveða skýrt á um yfirstjórnun tollgæslunnar, samræma störf tollgæslumanna og að öðru leyti efla tollgæsluna, m. a. til að vinna gegn auknum fíkniefnainnflutningi.
6. Að taka upp greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í þeim tilgangi að stytta birgðahald og geymslutíma hjá farmflytjendum og minnka um leið geymslukostnað sem leiða ætti til lækkunar vöruverðs.
7. Að setja skýrari reglur um úrlausn ágreiningsmála til að stuðla að sem mestu réttaröryggi við úrlausn tollamála.

2. Meginefni frumvarpsins

2.1 Almenn tollalöggjöf

Meginreglur þær sem gilda um álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda er nú að finna í þrennum lögum. Í fyrsta lagi gilda um álagningu aðflutningsgjalda lög nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. Í löggjöf þessari er að finna tollskrána sjálfa með tolltöxtum fyrir einstaka vöruflokka. Þar er einnig kveðið á um hver sé tollfrjáls innflutningur, í hvaða tilvikum heimilt sé að veita undanþágur varðandi tolla svo og lækkanir á tollum. Í tollskrárlögum er einnig að finna ákvæði um tollverð vara, aðflutningsskýrslur og tollskjöl almennt, undirboð og jöfnunartolla svo og ýmis önnur atriði er snerta tollafgreiðslu á vörum. Í lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit eru meginákvæðin um yfirstjórn tollamála, tollstjórnina, tollsvæðið, tollhafnir o.fl. Þar er kveðið almennt á um tolleftirlit, tollstarfsmenn, tollafgreiðslu á förum í utanlandsferðum, vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara, flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda, vöruvöntun, skemmdir og endursendingu á vörum. Þar er einnig kveðið á um tollmeðferð á útflutningsvörum, refsingar og önnur viðurlög við tollalagabrotum. Þriðju lögin sem fjalla um tollmeðferð á vörum eru lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. Í þessum lögum er að finna ákvæði er varða rekstur almennra tollvörugeymslna, tollfrjálsar forðageymslur, tollfrjálsar verslanir og svonefndar flutningsgeymslur.

Í þessum þremur lögum er eins og sjá má gripið á öllum helstu þáttum er snerta tollmeðferð og tollheimtu í tengslum við innflutning og útflutning á vörum. Eðlilegast er að efnisákvæðum er snerta ákveðið réttarsvið sé skipað saman í einn lagabálk. Með því fæst betri yfirsýn yfir gildandi rétt á viðkomandi sviði, réttarskipanin verður gleggri og ætla má að síður verði hætta á að ósamræmis gæti í einstökum atriðum. Er heildarendurskoðun á tollskrárlögunum hófst var þegar ákveðið að semja frumvarp er tæki til allra meginþátta tollkerfisins. Við gerð þess tollalagafrumvarps sem hér liggur fyrir hefur verið gengið út frá því að steypa saman í einn lagabálk þeim efnisákvæðum sem nú er að finna í fyrrnefndum lögum. Hér á eftir verður vikið að helstu nýmælum í frumvarpi þessu.

2.2 Yfirstjórn tollamála

Með lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit var tekið upp það nýmæli að fjármálaráðherra gæti falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollamála eftir því sem henta þætti. Jafnframt var ákveðið að setja við embættið tollgæslustjóra er annaðist auk starfa sinna við Tollstjóraembættið í Reykjavík yfirstjórn tollgæslunnar utan Reykjavíkur eftir nánari ákvörðun ráðherra. Fram til þessa hefur fjármálaráðherra ekki nema að takmörkuðu leyti notfært sér þá heimild sem hann hefur lögum samkvæmt til þess að fela tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn tiltekinna þátta tollamála. Þannig hefur honum m.a. verið falið að hafa eftirlit almennt með útflutningi landsmanna.

Um næstkomandi áramót breytist réttarstaða ríkisendurskoðunar er störf hennar varðandi endurskoðun og eftirlit með fésýslu ríkisins flytjast frá framkvæmdarvaldi til Alþingis. Ljóst er að breytingar þær sem verða á stöðu ríkisendurskoðunar munu breyta verulega allri starfsemi hennar. Á þetta ekki hvað síst við um endurskoðun tollskjala sem nú

heyrir undir sérstaka deild, tolladeild, í ríkisendurskoðun. Má gera ráð fyrir að deild þessi verði í núverandi mynd lögð niður og verkefni hennar samtvinnuð öðrum skyldum þáttum eins og eftirliti með innheimtu annarra opinberra gjalda en aðflutningsgjalda. Þessi breyting mun óhjákvæmilega kalla á endurskoðun og breytt fyrirkomulag að því er varðar endurskoðun tollskjala almennt hjá tollstjórum, svo og eftirlit almennt með þessum stofnunum. Fyrirhugaðar breytingar á starfsemi ríkisendurskoðunar eru þó ekki eina ástæðan sem er þess valdandi að breyta verður yfirstjórn tollamála.

Á vegum fjármálaráðuneytisins er nú unnið að tölvuvæðingu embættis tollstjórans í Reykjavík. Tölvuvinnsla innflutnings, bæði að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda og eins öflun upplýsinga til ýmiss konar skýrslugerðar, mun hafa í för með sér verulegar breytingar á starfsemi embættis tollstjórans í Reykjavík og síðar hafa áhrif á starfsemi ýmissa annarra embætta, stofnana og aðila sem eiga við það viðskipti á ýmsum sviðum. Meðal þeirra breytinga sem gert er ráð fyrir að verði vegna tölvuvæðingarinnar er að starfsemi tolladeildar ríkisendurskoðunar flytjist yfir til embættis tollstjórans í Reykjavík. Samfara því er gert ráð fyrir að endurskoðun tollafgreiðslna hjá öðrum tollembættum fari fram við endurskoðunardeild hjá tollstjóranum í Reykjavík. Embætti hans hefur auk þess um áratuga skeið annast tollafgreiðslu á nær öllum innflutningi landsmanna eða milli 80—90%. Við það embætti hefur einnig vegna umfangs innflutningsins skapast ákveðin verkaskipting varðandi afgreiðslu bæði innflutnings og útflutnings. Tollstjóraembættið í Reykjavík hefur því á að skipa mannafla sem er að mörgu leyti sérhæfður í ýmsum greinum tollamála, t.d. að því er varðar vörugreiningu, endurskoðun tollskjala, tollgæslu o.fl. Meðal annars af þeim ástæðum sem hér hafa verið greindar er lagt til að það skref verði stigið til fulls sem tekið var 1969, þegar ákveðið var að heimila fjármálaráðherra að fela tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn „ákveðinna þátta tollamála“ án þess þó að afmarka nánar við hvað væri átt og ákveða með samþykkt þessa frumvarps að ráðherra geti falið honum að gegna starfi ríkistollstjóra er hafi eftirlits- og boðvald yfir tollstjórum í öðrum tollumdæmum. Vísast til 31. og 32. gr. frumvarpsins um ríkistollstjóra og þau verkefni sem honum yrðu falin.

2.3 Úrlausn ágreiningsmála

Um úrlausn ágreiningsmála vegna tollmeðferðar vöru gilda ákvæði 36. gr. gildandi tollskrárlaga með síðari breytingum.

Skv. 1. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að fjármálaráðherra eigi fullnaðarúrskurð m. a. um það hvar flokka skuli vöru í tollskrá svo og hvað telja skuli eðlis- og tollverð vöru. Jafnframt er ráðherra veitt heimild til þess að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá sem fjallað er um í greininni.

Frá því að ákvæði þetta var sett í lög hefur meðferð þess valds sem í greininni felst verið með ýmsum hætti. Ýmist hefur úrlausn mála verið í höndum einstakra starfsmanna fjármálaráðuneytisins sem kveðið hafa upp úrskurði í ágreiningsmálum eða nefnd hefur verið skipuð til þess að gera tillögur til ráðherra um úrlausn máls og síðan hafa starfsmenn tolladeildar ráðuneytisins úrskurðað formlega um úrlausn máls fyrir hönd ráðherra.

Miklu varðar að sem mest festa sé í framkvæmd varðandi úrlausn ágreiningsmála sem upp kunna að rísa vegna framkvæmdar tollskrárlaga. Í fyrsta lagi er æskilegt að mál hafi hlotið viðeigandi meðferð hjá viðkomandi tollstjórum. Er með frumvarpi þessu sérstaklega kveðið á um málsmeðferð hjá tollstjórum sem tryggja á sem vandaðasta meðferð á fyrstu stigum tollmeðferðar vöru. Í öðru lagi verður að tryggja þeim sem hagsmuna eiga að gæta vegna tollmeðferðar vöru, bæði innflytjanda og ríkisvaldinu, áfrýjunarrétt þegar úrlausn tollyfirvalds þykir orka tvímælis. Verður að telja eðlilegast að úrskurðarvald þetta sé í höndum aðila sem starfi sem sjálfstæðast við hlið stjórnsýsluaðila á vettvangi tollamála.

Á undanförnum árum hafa ágreiningsmál á þessu sviði aukist stórlega en orsaka þess er bæði að leita í aukinni innflutningsverslun landsmanna, fjölbreyttara vöruvali og flóknum fríverslunarsamningum sem áhrif hafa haft á gerð tollskrárinnar. Starf þeirra, sem séð hafa um úrlausn þessara mála, er því orðið það umfangsmikið að fyllsta ástæða er til þess annars vegar að setja á stofn nefnd er hafi á að skipa minnst einum starfsmanni og hins vegar að beina málum af þessu tagi í ákveðinn farveg er um gildi fastmótaðar reglur. Skipun nefndar með þeim hætti sem um ræðir í 37. gr. frumvarpsins ætti að geta stuðlað að meira réttaröryggi við úrlausn tollamála og jafnframt flýtt úrskurðum.

2.4 Tollkrít

Á undanförnum árum hafa miklar umræður farið fram um upptöku svonefndrar tollkrítar. Tvívegis hafa verið skipaðar nefndir til þess að gera tillögur til ráðherra um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og frumvörp um upptöku slíks fyrirkomulags ítrekað verið lögð fram á Alþingi en ekki hlotið þar afgreiðslu. Frumvarp um þetta efni var síðast lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982, sbr. frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, þingskjal nr. 119. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er enn á ný hreyft þeirri hugmynd að greiðslufrestur verði veittur á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á vörum.

Í umfjöllun um áhrif greiðslufrests á aðflutningsgjöldum á tekjur ríkissjóðs hefur verið reynt að meta hversu mikil hliðrun verði á innheimtu aðflutningsgjalda. Niðurstöður þeirra athugana bentu til þess að tekjuhliðrun eigi sér mjög fljótt stað og komi jafnvel fram af fullum þunga á fyrstu 6 mánuðunum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til tillagna til ráðherra um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum frá því í september 1981. Ljóst er að erfitt er fyrir ríkissjóð að taka á sig slíka tekjuhliðrun á sama fjárhagsári nema ráð sé fyrir því gert í fjárlögum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 sem lagt hefur verið fram er ekki gert ráð fyrir upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Gert er ráð fyrir að frumvarp það sem hér liggur fyrir komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 1987. Tölvuvæðing við embætti tollstjórans í Reykjavík verður hins vegar ekki það vel á veg komin að hægt verði að taka upp sérstakt tölvuvætt bókhald, vegna greiðslufrestsins fyrr en í ársbyrjun 1988 og er talið rétt að fresta upptöku hans fram til þess tíma. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum í öðrum tollumdæmum yrði síðan tekinn upp eftir því sem þau tengdust embætti tollstjórans í Reykjavík.

Athygli skal vakin á því að gert er ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp til breytinga á lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Hér er átt við þau ákvæði er kveða á um að ekki megi tollafgreiða vöru nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti, en skylda tollyfirvalda til að kanna að bankastimplun hafi átt sér stað er byggð á ákvæðum þessum. Verði það frumvarp samþykkt sem lög frá Alþingi mun þessi kvöð falla niður. Að öðru leyti er vísað til nefnds frumvarps um breytingu þessa. Eftirlit tollyfirvalda með því að krafa væri greidd eða greiðsla tryggð áður en tollyfirvöld heimiluðu afhendingu vöru mun hafa átt að skapa Íslandi viðskiptatraust og greiða að öðru leyti fyrir vöruflutningum til landsins. Slík gæsla ríkisvaldsins á hagsmunum erlendra seljenda á sér engar forsendur nú en veldur hins vegar innflytjendum og tollyfirvöldum verulegu óhagræði. Benda má á að í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands hefur fyrir löngu verið horfið frá slíku eftirliti af hálfu tollyfirvalda og mun Finnland, sem auk Íslands hafði í reglum um tolleftirlit slík ákvæði, hafa fellt þau úr gildi fyrir nokkrum árum.

Um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vísast að öðru leyti til 109. gr. frumvarpsins svo og athugasemda við þá grein.

2.5 Skráning og eftirlit með innflytjendum og útflytjendum

Samkvæmt gildandi lögum eru hvorki innflytjendur né útflytjendur á einn eða annan hátt skráðir hjá viðkomandi tollstjórum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á tollafgreiðsluháttum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að sá háttur verði tekinn upp, að því er varðar tollafgreiðslu á vörum, að innflytjandi geti tekið vöruna beint frá farmflytjanda án greiðslu aðflutningsgjalda. Til þess að svo megi verða er ljóst að taka verður upp breytta skráningu á þeim vörum sem farmflytjandi lætur frá sér fara. Skráning varanna verður að byggjast á því að um sé að ræða innflytjendur sem hafi fengið sérstaka heimild frá tollyfirvöldum til þess að fá slíka tollafgreiðslu. Er því óhjákvæmilegt annað en að taka upp sérstaka skráningu þeirra. Í frumvarpinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir að þeir innflytjendur verði skráðir sem stunda innflutning sem aðalatvinnu. Í þessu sambandi verður að gera ráð fyrir að atvinnufyrirtæki, sem flytja inn vörur til þess að nota við starfsemi sína, verði einnig skráð, enda flytji þessi fyrirtæki vörur inn að staðaldri. Aðrir, s.s. einstaklingar sem flytja vörur inn til persónulegra nota eða fá vörur sendar, t.d. gjafir, verða ekki skráðir. Gert er ráð fyrir að útflytjendur verði skráðir með sama hætti. Að öðru leyti vísast um fyrirkomulag þetta til 110. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana.

2.6 Tollfrjáls svæði

Á árinu 1972 skipaði þáverandi fjármálaráðherra nefnd til að hafa með höndum undirbúningsathuganir um stofnun fríhafnar hér á landi. Nefnd þessi kynnti sér rekstur fríhafna erlendis og aflaði hún sér gagna um rekstur og störf fríhafna í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, m.a. um þær réttarreglur sem liggja slíkri starfsemi til grundvallar. Í áliti nefndarinnar var komist að þeirri niðurstöðu að mjög tímabært væri að hefja starfrækslu fríhafnar hér á landi. Taldi nefndin að slík starfsemi yrði til þess fallin að einfalda og auðvelda innflutningsverslun landsins, auk þess sem skapast mundu möguleikar til aðvinnslu á vörum áður en þær væru teknar til tollmeðferðar. Enn fremur segir í áliti nefndarinnar, að við þetta mundu opnast möguleikar í sambandi við svokallaða „transit-vöru" eða gegnumflutning á vöru, svo og samsetningu vöru að hluta, umpökkun og fleira. Með áliti sínu skilaði nefndin drögum að frumvarpi sem hún lagði til að ráðherra legði fram á Alþingi. Frumvarp um þetta efni hefur hins vegar ekki verið lagt fram.

Tvívegis hefur tillaga til þingsályktunar um tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll komið til kasta Alþingis. Tillaga þess efnis var síðast flutt 1979, sbr. þingskjal 55, en var ekki samþykkt. Í frumvarpi því til tollalaga, sem hér liggur fyrir, er lagt til að tekið verði upp heimildarákvæði til handa ríkisstjórninni til að leyfa stofnun og rekstur tollfrjáls svæðis. Fjallar IX kafli frumvarpsins um það.

Hlutverk tollfrjáls svæðis er m.a. í því fólgið að gefa fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum, kost á að framleiða hér eða ljúka framleiðslu ýmiss konar varnings eins og tækja, véla, varahluta og ýmissa annarra fullbúinna vara, sem síðan yrði fluttur á markað, m. a. til landa innan EFTA og EBE. Í öðru lagi er hlutverk slíkra svæða að veita innlendum og erlendum fyrirtækjum aðstöðu til þess að geyma vörur í vörugeymslum, með það í huga að dreifa þeim síðan til annarra landa. Ávinningur af tollfrjálsu svæði er fyrst og fremst sá að ekki er nauðsynlegt að tollafgreiða viðkomandi vörur inn í innflutningslandið fyrr en innflytjandinn telur að markaðurinn geti tekið við þeim. Fjárhagslegt hagræði af geymslu vara á slíkum svæðum er m.a. að koma má í veg fyrir mikla fjármagnsbindingu og vaxtakostnað, t. d. vegna greiðslu á tollum. Ekki hefur enn verið kannað hvort erlend fyrirtæki telji sér hagkvæmt að nýta möguleika sem þennan. Hugsanlegt er að þau teldu hagkvæmt að taka þátt í stofnun framleiðslufyrirtækja með Íslendingum með það fyrir augum að komast með hluta af framleiðsluvörum sínum tollfrjálst inn á fríverslunarsvæði EBE og EFTA, að svo miklu leyti sem fríverslunarsamningar Íslands við þessi bandalög veita slíkar heimildir.

Rekstur tollfrjáls svæðis opnar möguleika á ýmsum atvinnutækifærum, bæði í verslun og iðnaði. Skilyrði til að koma upp tollfrjálsu svæði eru að nokkru leyti fyrir hendi nú þegar. Mannvirki sem fyrir eru, t.d. á Keflavíkurflugvelli, eru á engan hátt fullnýtt. Flugvallarsvæðið er afmarkað svæði, þar sem nægilegt rými er til stækkunar. Með tilkomu nýrrar flughafnar hentar svæðið enn betur til að taka við aukinni umferð. Þótt Íslendingar greiði ekki allan kostnað sem er samfara byggingu flugstöðvarinnar er full ástæða til þess að reynt verði að finna leiðir til að nýta sem allra best það fjármagn sem Ísland leggur til hennar. Stofnun tollfrjáls svæðis, í tengslum við hina nýju flughöfn, er einn kosturinn. Rétt er að geta þess að í sameiginlegu skipulagi Keflavíkur, Keflavíkurflugvallar og Njarðvíkur, sem gert var fyrir nokkrum árum, er sérstakt svæði við Keflavíkurflugvöll frátekið fyrir tollfrjálst iðnaðarsvæði. Annað sem gerir þennan kost mjög áhugaverðan er ekki síst tilkoma hitaveitu Suðurnesja. Þar er gufuorka nægileg til raforkuvinnslu fyrir iðnað af því tagi sem henta myndi tollfrjálsu svæði.

Í öðru lagi kæmi mjög til greina að koma upp tollfrjálsu svæði við Reykjavíkurhöfn. Vöruflutningar til landsins hafa tekið á sig nýja mynd þar sem talið er hagkvæmara að beina flutningunum til einnar hafnar á landinu og dreifa vörunum síðan um landið allt. Sama gildir um framleiðsluvörur landsmanna sem ætlaðar eru til útflutnings. Þessi þróun hefur kallað á nýja tækni við fermingu og affermingu vöruflutningaskipa þar sem mun stórvirkari tæki eru nú notuð en áður. Við Sundahöfn í Reykjavík hefur verið komið upp mjög afkastamiklum krana sem ætlað er í raun að þjóna landinu í heild, að því er varðar eitt flutningafyrirtæki, og mun gera Reykjavíkurhöfn um ófyrirséða framtíð að miðstöð vöruflutninga til og frá landinu. Verði hægt að beina umflutningi milli landa (transit) að Reykjavíkurhöfn í ríkari mæli en nú er, er ljóst að það mun gera rekstur hafnarinnar og jafnframt innflutning landsmanna enn hagkvæmari. Telja verður fulla ástæðu til þess að möguleiki á rekstri tollfrjáls svæðis, bæði í Keflavík og eins í Reykjavík, verði kannaður. Verði niðurstaðan af athugunum jákvæð ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að setja tollfrjálst svæði á stofn með tilkomu þeirra lagaheimilda sem hér er lagt til að verði lögfestar.

2.7 Ákvörðun tollverðs

Hinn 21. apríl 1968 gerðist Ísland fullgildur aðili að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) sem gert var hinn 30. október 1947, ásamt bókun þeirri við samkomulagið sem gerð var hinn 30. júní 1967 í Genf. Með aðild sinni að GATT má segja að Ísland hafi látið í ljós vilja sinn til að efla viðskiptaleg og efnahagsleg tengsl sín jafnt við aðildarríki GATT sem önnur ríki með það að markmiði, eins og segir í inngangsorðum Hins almenna samkomulags, „... að bæta lífskjör, tryggja næga atvinnu og miklar, stöðugt vaxandi tekjur og raunverulega eftirspurn sem nýti að fullu náttúrugæði heimsins og auki framleiðslu og vöruskipti“. Til þess að ná þessu markmiði hafa aðildarríki GATT lýst yfir vilja sínum til þess að gera með sér gagnkvæma samninga öllum til hagsbóta sem lækki verulega tolla, dragi úr öðrum viðskiptahömlum og afnemi mismunun í alþjóðaviðskiptum.

Genfarbókunin frá 1967 var árangur marghliða tollaviðræðna og var mikilvægur áfangi í átt að ofangreindu markmiði GATT. Framhald þessara viðræðna voru síðan marghliða viðskiptaviðræður á vegum GATT á árunum 1973—1979, Tókýóviðræðurnar svonefndu, en árangur þeirra var sá að 30. júní 1979 var formlega gengið frá Genfarbókuninni 1979. Bókun þessi, sem Ísland gerðist aðili að frá og með 1. janúar 1980, leiddi til umtalsverðra tollalækkana á grundvelli tollaívilnanalista sem nokkrir þátttakenda í ofangreindum samningaviðræðum höfðu lagt fram, þ. á m. Ísland.

Með síðast nefndum viðræðum var ekki aðeins stefnt að lækkun tolla eða afnámi tolla og fækkun eða afnámi annarra viðskiptatálma en tolla heldur einnig mótun hins marghliða

viðskiptakerfis í heiminum og alþjóðlegra viðskiptatengsla í náinni framtíð. Snerust Tókíóviðræðurnar því auk tolla um viðskiptatálma, aðra en tolla, og aðrar ráðstafanir sem skapa tálma í alþjóðaviðskiptum með ýmsar vörur. Jafnframt Genfarbókuninni var þannig í apríl 1979 gengið frá fimm samningum vegna viðskiptatálma annarra en tolla.

Meðal þessara samninga var samningur um framkvæmd 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, hér á eftir nefndur Tollverðssamþykktin, sem fjallar um ákvörðun tollverðs vara. Fylgir samningur þessi frumvarpinu sem fylgiskjal 1.

Ljóst er að það getur verulega hamlað milliríkjaviðskiptum hvernig staðið er að ákvörðun tollverðs. Óvissa um verðmæti innfluttrar vöru vegna álagningar tolla getur haft í för með sér meiri viðskiptahöft en tollurinn sjálfur. Tollverðið skiptir ekki aðeins máli vegna álagningar tolla heldur er það einnig notað sem grundvöllur fyrir álagningu skatta og gjalda miðað við innflutning og við veitingu leyfa og innflutningskvóta þegar slíkt er byggt á verðmæti vara.

Tollverðssamþykktinni er ætlað að vera sanngjarnt, samræmt og hlutlaust kerfi til að ákvarða tollverð vara, kerfi sem sé í samræmi við raunveruleika í viðskiptum og útiloki að tollverð sé ákveðið að geðþótta eða tilbúið. Tollverðssamþykktin felur í sér endurskoðaðar verðákvörðunarreglur til fyllingar þeim ákvæðum um verðákvörðun sem þegar er að finna í GATT en skortir á að sé fullkominn verðákvörðunarstaðall.

Í Tollverðssamþykktinni, sem gert var ráð fyrir að öðlaðist gildi 1. janúar 1981 gagnvart þeim ríkjum sem gerst hefðu aðilar að henni fyrir þann tíma en er að öðru leyti opin til samþykktar öðrum ríkum eftir þann tíma, felast fimm verðákvörðunaraðferðir í forgangsröð sem tollstarfsmenn allra aðildarríkja verða að fylgja. Samkvæmt henni verður að fullreyna hvort tollverð verður ekki fundið með fyrstu aðferðinni áður en heimilt er að nota aðferð sem er önnur í röðinni o.s.frv. Til fyllingar ákvæðum Tollverðssamþykktarinnar eru ítarlegar túlkunarreglur sem eru óaðskiljanlegur hluti samþykktarinnar og skýringar einstakra greina skulu byggðar á. Í samþykktinni er gert ráð fyrir stofnun Tollverðsnefndar er sjái um framkvæmd samþykktarinnar og veiti aðildarríkjum aðstöðu til samráðs um stjórnun hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnuð verði Tækninefnd á vegum Tollasamvinnuráðsins í Brussel. Að öðru leyti vísast um Tollverðssamþykktina til fylgiskjals 1 með frumvarpi þessu og athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins er snerta tollverð og tollverðsákvörðun, sbr. kafla IV.

Tollverðssamþykktin, sem gerð var í Genf á árinu 1979 og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, mun á næstu árum hafa veruleg áhrif á verðákvörðunarreglur þær sem helstu viðskiptaþjóðir Íslendinga hafa tekið í lög og beitt við tollútreikning. Fram til þessa hafa fjölmargar þjóðir ýmist verið aðilar að samþykkt þeirri um verðákvörðun vara við tollútreikning sem gerð var í Brussel 15. desember 1950, hér á eftir nefnd Brusselsamþykktin, eða fylgt henni í framkvæmd. Brusselsamþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 15. desember 1950 og síðan formlega tekin upp 1968, sbr. lög nr. 85/1968, á sama tíma og Ísland gerðist aðili að GATT, enda annað óhjákvæmilegt með tilliti til þess að samþykktir samkvæmt GATT-samkomulaginu eru gerðar í samræmi við samþykktir þær sem gerðar voru í Brussel 1950, um Tollasamvinnuráðið, verðákvörðunina og sameiginlega tollskrárfyrirmynd.

Ýmsar þjóðir hafa nú sagt upp aðild sinni að Brusselsamþykktinni og tekið upp hinar nýju verðákvörðunarreglur sem Tollverðssamþykktin hefur að geyma. Þannig sögðu aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu upp aðild sinni að Brusselsamþykktinni í júní 1979 og tóku verðákvörðunarreglur Tollverðssamþykktarinnar upp frá og með 1. júlí 1980. Auk þessara ríkja sögðu eftirtalin ríki upp aðild sinni að Brusselsamþykktinni: Austurríki, Finnland, Grikkland, Japan, Noregur og Svíþjóð. Gerðust Finnland, Noregur og Svíþjóð aðilar að Tollverðssamþykktinni í desember 1979 og tóku nýjar verðákvörðunarreglur upp í

árslok 1980. Auk þeirra ríkja sem nefnd hafa verið hér að framan hafa fjölmörg önnur ríki gerst aðilar að Tollverðssamþykktinni, þar á meðal Bandaríkin sem hafa undirritað samþykktina með fyrirvara um lögfestingu síðar.

Fyrirsjáanlegt er að tilkoma Tollverðssamþykktarinnar og aðild Efnahagsbandalagsins (EBE) og flestra aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) að henni mun leiða til breytinga á svonefndum upprunareglum sem ákvarðandi eru um það hvort vörur framleiddar innan fríverslunarsvæðanna geti notið fríverslunarmeðferðar (tollfríðinda) sem samningar þar að lútandi gera ráð fyrir. Fríverslunarmeðferð samkvæmt fríverslunarsamningunum við EFTA og EBE er að því er ýmsar vörur varðar háð því að verðmæti ýmissa efnivara, sem notaðar hafa verið til framleiðslu vara innan fríverslunarsvæðanna en upprunnar eru utan þeirra, fari ekki að verðmæti fram úr tilteknum hluta af heildarverðmæti hinna framleiddu vara. Samkvæmt fríverslunarsamningunum er gert ráð fyrir að við ákvörðun á verðmæti efnivaranna sé fylgt reglum þeim sem er að finna í nefndri samþykkt um verðákvörðun vara við tollútreikning sem gerð var í Brussel. Vegna uppsagnar Efnahagsbandalagsríkjanna og ýmissa EFTA-landa á Brusselsamþykktinni og aðildar að Tollverðssamþykktinni eru nú í undirbúningi breytingar á nefndum upprunareglum sem gera ráð fyrir að uppruni vara muni ráðast af því hvort verðmæti efnivara sem upprunnar eru utan fríverslunarsvæðanna, skýrgreint samkvæmt verðákvörðunarreglum Tollverðssamþykktarinnar, sé innan þeirra marka sem fríverslunarsamningarnir gera ráð fyrir. Ekki liggur fyrir hvenær breytingar þessar verða tilbúnar til samþykktar en vænta má að það verði á árinu 1987.

Þegar höfð er í huga aðild Íslands að GATT-samkomulaginu, 7. gr. þess um ákvörðun tollverðs, sbr. fylgiskjal 1, markmið GATT-samkomulagsins sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, aðild helstu viðskiptaþjóða Íslands að Tollverðssamþykktinni og fyrirhugaðar breytingar á samningi Íslands við Efnahagsbandalagið og samþykkt Fríverslunarsamtakanna verður að telja tímabært að verðákvörðunarreglur Tollverðssamþykktarinnar séu teknar upp í íslensk tollalög og fjalla 8.—10. gr. frumvarpsins um það. Með tilliti til þeirra fjölþjóðlegu viðskiptasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að og hér hefur verið vikið að svo og samvinnu Íslands við aðildarríkin um framkvæmd samninganna verður jafnframt að telja rökrétt framhald slíkra breytinga á tollskrárlögum að Ísland gerist aðili að Tollverðssamþykktinni með formlegum hætti.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um 1. gr.

Í grein þessari eru skýrgreind nokkur hugtök sem koma fyrir í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Efnislega svarar hún til 1. gr. gildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit og 2. mgr. 14. gr. tollskrárlaga. Nokkrum skilgreiningum hugtaka hefur þó verið aukið við og gildandi ákvæði aðlöguð hugmyndum um breytt fyrirkomulag á afhendingu vara.

Ýmis réttaráhrif eru t.a.m. tengd tollmeðferð vöru og getur skipt verulegu máli við hvaða atvik miða eigi stofnun réttinda eða skyldu í því sambandi. Í 2. mgr. greinarinnar er því sérstaklega kveðið á um það hvenær vara teljist tekin til tollmeðferðar. Þar sem gert er ráð fyrir að skráðum innflytjendum verði veitt heimild til þess að taka vöru í sína vörslu án þess að aðflutningsskýrsla hafi verið lögð fram er talið eðlilegast að miða réttaráhrif, sem tengjast tollmeðferð viðkomandi vöru, við þann tíma er leyfi tollstjóra er veitt til afhendingar, sbr. c-lið 2. mgr. greinarinnar. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 2. gr.

Í lögum þeim sem fjalla um álagningu eða innheimtu aðflutningsgjalda, þ.e. þeirra skatta sem lagðir eru á og innheimtir vegna innflutnings á vörum í viðtækustu merkingu þess

orðs, er hvergi almennt kveðið á um hverjir séu tollskyldir hér á landi. Í einstökum lögum sem um þessi efni fjalla er hins vegar kveðið á um andlag skattlagningarinnar og talað um tollskyldar vörur og að innflytjendum þeirra beri að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Þeir sem greiða þannig aðflutningsgjöld af innfluttum vörum eru almennt nefndir tollskyldir aðilar.

Skv. 2. gr. frumvarpsins er tollskyldan gerð afdráttarlaus. Allir, bæði einstaklingar og lögaðilar, sem flytja vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota verða því tollskyldir samkvæmt þessari grein. Gert er ráð fyrir að sama gildi um þá sem tollskyldir eða ábyrgir verða fyrir greiðslu tolla með öðrum hætti en að framan er getið vegna vörslu á vörum, t.d. flutningsaðilar, skipafélög, flugfélög og aðrir sem annast flutning á vörum til landsins eða innanlands, eða aðilar sem veitt hefur verið heimild til geymslu á ótollafgreiddum vörum, t.d. aðilar sem reka tollvörugeymslur eða falin hefur verið varsla vara í öðrum tilvikum. Þeir teljast einnig tollskyldir skv. 2. gr. sem taka vörur úr vörslu farmflytjenda eða annarra sem heimild hafa til að geyma ótollafgreiddar vörur án þess að fyrir liggi heimild tollyfirvalds til slíkrar ráðstöfunar. Fjalla ýmis ákvæði frumvarpsins um stofnun slíkrar tollskyldu eða ábyrgðar á tollum og vísast til viðkomandi greina þar um.

Um 3. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvaða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, beri takmarkaða tollskyldu hér á landi.

Skv. 1. tl. er er lagt til að tekið verði skýrt fram að forseti Íslands skuli undanþeginn greiðslu tolla eða annarra gjalda vegna innflutnings á vörum til persónulegra nota eða vara sem honum eru sendar að gjöf. Innflutningur maka forseta er lagður að jöfnu við innflutning hans. Gert er ráð fyrir að tollfrelsi forseta og maka hans taki ekki til neins konar innflutnings sem tengist sjálfstæðum atvinnurekstri sem hann eða maki hans kunna að eiga aðild að. Þá tekur undanþáguákvæði þetta hvorki til handhafa forsetavalds í fjarveru eða forföllum forseta né forsætisráðuneytisins.

Tollfrelsi forseta Íslands er í sjálfu sér ekki nýmæli þar sem hann er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum skv. 2. gr. laga nr. 3/1964 um laun forseta Íslands. Hefur svo verið um þjóðhöfðingja allt frá því að embætti ríkisstjóra Íslands var stofnað 1941. Hins vegar er eðlilegast að í löggjöf sem fjallar um innheimtu tolla sé tollfrelsi forsetans áréttað sérstaklega í þeim ákvæðum sem kveða á um takmarkanir á tollskyldunni.

Ákvæði 2. og 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 8. og 9. tl. 2. gr. gildandi tollskrárlaga en þó hafa ákvæði þau sem kveða á um ýmis skilyrði sem eru forsenda tollfrelsis vara skv. 8. tl. verið felld niður svo og upptalning vara í 9. tl. Er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur þar að lútandi sem gangi í svipaða átt og nú gildir, en gætt verði við setningu þeirra ákvæða tveggja alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að varðandi tollfrelsi sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatískra sendimanna, sendiræðismanna erlendra ríkja svo og kjörræðismanna. Er hér átt við svonefnda Vínarsamninga, annars vegar um stjórnmálasamband og hins vegar ræðissamband, sem hafa lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 16/1971 og lög nr. 4/1978.

Að lokum eru í 4. tl. 3. gr. frumvarpsins nefndir aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu að takmörkuðu leyti með sérstökum lögum. Sem dæmi um aðila er slíkra réttinda njóta má nefna Sameinuðu þjóðirnar. Með lögum nr. 13/1948 um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna voru samtökin m.a. undanþegin tollum að því er snertir muni sem samtökin flytja til landsins til eigin notkunar, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. b-lið 7. gr. fylgiskjals með nefndum lögum. Þá má benda á 3.–5. tl. 8. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 um lagagildi

varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Gert er ráð fyrir skv. 2. mgr. greinarinnar að fjármálaráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd undanþága samkvæmt henni.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um andlag tollskyldunnar. Skv. 1. mgr. eru allar vörur tollskyldar sem koma inn á tollsvæði ríkisins. Því er svo fyrir mælt að af öllum vörum skuli greiða toll nema annað sé tekið fram í einstökum ákvæðum frumvarpsins eða sérlögum. Tollskyldan stofnast samkvæmt þessu við komu vöru inn á tollsvæði ríkisins sem er nánar skýrgreint í 26. gr. frumvarpsins. Er ákvæði þetta samhljóða 1. málsl. 1. gr. gildandi tollskrárlaga.

Samkvæmt tollskrárlögum er meginefni 1. gr. laganna tollskráin, þ. e. skrá yfir hinar tollskyldu vörur og tollur sá sem á þær skal lagður.

Svo sem kunnugt er og óbeint er vikið að hér að framan hófst á ný eftir síðari heimstyrjöldina alþjóðasamvinna í fjölmörgum greinum, m.a. um tollamál. Samvinna þessi leiddi til að undirrituð var í Brussel 15. desember 1950 samþykkt um vöruflokkun í tollskrám. Í samþykktinni fólst m.a. að skrár einstakra landa skyldu samræmdar að formi til og var á vegum hlutaðeigandi aðila samin tollskrárfyrirmynd, nefnd Brusselskráin. Framangreind samþykkt var undirrituð sama dag af hálfu Íslands en gildistaka hér á landi er háð fullgildingu. Tollskrárfyrirmyndin, sem nú er nefnd tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins (The Customs Cooperation Council Nomenclature, skammstafað CCCN), var tekin upp í tollskrárlög árið 1963 og var fyrirhugað í sambandi við hina nýju tollskrá að fullgilda samþykktina af Íslands hálfu. Það hefur þó ekki enn verið gert.

Frá því að tollnafnaskráin var tekin upp hafa verulegar breytingar verið gerðar á henni af hálfu Tollasamvinnuráðsins og hefur hin síðari ár verið leitast við að leiðrétta íslensku tollskrána jafnóðum þannig að hún væri jafnan í samræmi við tollskrár þeirra þjóða sem nota sömu fyrirmynd. Vegna þess að tollskráin er bundin í lögum hefur ávallt þurft að bera breytingar á flokkun vara samkvæmt tollskránni undir Alþingi og leita samþykkis þess, þótt hér hafi fyrst og fremst verið um tæknilegar breytingar að ræða sem ekki hafa áhrif á tolla sem á einstökum vöruflokkum kunna að hvíla. Þar sem málsmeðferð fyrir Alþingi er tiltölulega þung í vöfum með tilliti til tæknilegra breytinga sem hér um ræðir hefur gætt tilhneigingar til þess að draga þær á langinn. Þó hafa sjónarmið er varða öflun tölfræðilegra upplýsinga ráðið hér einhverju um því að uppskipting vara í nýja flokka gerir slíka upplýsingaöflun erfiðari ef breytingar koma til þegar vinna við öflun efnis, t.d. í verslunarskýrslur, er hálfnuð miðað við ákveðið tímabil. Slík vandamál ætti hins vegar að vera hægt að leysa í samráði við Hagstofu Íslands sem hefur með almenna öflun upplýsinga að gera úr aðflutningsskýrslum og úrvinnslu þeirra. Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að gera á henni nauðsynlegar leiðréttingar, m.a. til þess að færa hana í framtíðinni jafnóðum til samræmis við tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins eins og hún kann að vera hverju sinni. Slíkt fyrirkomulag mundi einfalda allar slíkar tæknilegar breytingar á tollskránni, en ljóst er hins vegar að tolltaxtabreytingar yrðu eftir sem áður að hljóta samþykki Alþingis í formi laga. Að öðru leyti er vísað um fyrirkomulag þetta og framkvæmd til athugasemda við 143. gr. hér á eftir.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega að mestu samhljóða 2. gr. gildandi tollskrárlaga. Þær breytingar eru þó ráðgerðar að ákvæði 8. og 9. tl. sem fjalla um tollfrjálsan innflutning á vörum til sendiráða, sendiræðisskrifstofa, diplómatískra sendimanna, sendiræðismanna og kjörræðis-

manna erlendra ríkja verði felld niður enda gert ráð fyrir að aðilar þessir njóti takmarkaðs tollfrelsis skv. 3. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir við þá grein. Jafnframt er lagt til að ákvæði 7. tl. 2. gr. gildandi laga verði rýmkuð þannig að ökutæki og önnur farartæki sem ekki eru vélknúin verði undanþegin tollum vegna búferlaflutninga til landsins.

Í 2. mgr. er heimild til handa fjármálaráðherra til þess að setja nauðsynlegar reglur til að tryggja í framkvæmd að samræmi verði í þeim tilvikum þegar vörur eiga að njóta tollfrelsis samkvæmt ákvæði 1. mgr. Er óhjákvæmilegt að fjármálaráðherra geti sett tollfrelsi samkvæmt greininni einhver takmörk.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. frumvarpsins, sem fjallar um ýmsar undanþágu-, lækkunar- og samræmingarheimildir, svara til 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Lagt er til að ýmsar breytingar verði gerðar á ákvæðum gildandi laga. Fela þær ýmist í sér efnisbreytingar á einstökum heimildarákvæðum eða lagt er til að þau verði felld niður. Skal hér á eftir gerð grein fyrir einstökum heimildarákvæðum sem lagt er til að haldist áfram í lögum, breytingum á þeim eða upptöku nýrra heimilda en að lokum verður gerð grein fyrir þeim heimildum, sem lagt er til að verði felldar úr gildi.

1. tl. Heimildarákvæði þetta er samhljóða 6. tl. 3. gr. gildandi laga, sbr. 11. gr. laga nr. 3/1986.

Í 2. málsl. er nýmæli sem lagt er til að tekið verði upp til að fyrirbyggja að óhæfilegur mismunur verði á tollum milli viðskiptasvæða.

2. tl. Ákvæðið svarar til heimildarinnar í 1. tl. 3. gr. gildandi laga.

3. tl. Ákvæði þetta svarar til heimildarákvæðis sem nýlega var tekið upp með lögum nr. 46/1984.

4.—6. tl. Heimildarákvæði þessi eru efnislega samhljóða 3.—5. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

7. tl. Undanþáguákvæði þetta svarar til heimildarinnar í 10. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Lagt er til að skilyrðið um tveggja ára búsetu erlendis verði stytt í eitt ár með hliðsjón af fenginni reynslu fjármálaráðuneytisins, en á síðari árum hefur færst í vöxt að Íslendingar, sem tekið hafa sér búsetu erlendis til skamms tíma, t.d. vegna starfsþjálfunar eða náms, hafi komið í orlofi til landsins eftir árs dvöl erlendis og tekið með sér bifreiðar sínar.

Samkvæmt gildandi lögum hafa aðilar sem flytja búferlum til landsins heimild til að hafa bifreiðar hér á landi í allt að þrjá mánuði án þess að greiða af þeim tolla og önnur gjöld. Engin sérstök rök hníga til þess að aðilar sem flytja til landsins njóti sérstakra réttinda hvað innflutning bifreiða áhrærir umfram þá sem fasta búsetu hafa hér á landi og flytja bifreiðar til landsins til eigin nota. Eðlilegast er að bifreiðar sem menn flytja með sér til landsins séu tollafgreiddar endanlega inn í landið ásamt öðrum lausafjármunum sem talist geta til búslóðar eða annars innflutnings viðkomandi. Er því lagt til, þegar svo stendur á sem hér hefur verið rakið, að tollar og önnur gjöld verði greidd þegar við innflutning bifreiðar en innflytjendum hins vegar veittur hæfilegur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum með þeim vöxtum sem almennt gilda í sambærilegum lánsviðskiptum bankanna. Þar sem ákvörðun um vaxtakjör er ekki lengur alfarið í höndum Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 36/1986, er lagt til að ráðherra ákveði vexti í þessu tilviki með reglugerð. Gert er ráð fyrir til samræmis, að sé bifreið, sem tímabundinn tollfrjáls innflutningur hefur verið leyfður á, ekki flutt úr landi á tilskildum tíma þá skuli auk aðflutningsgjalda og kostnaðar innheimta sömu vexti af þeim aðflutningsgjöldum sem frestað hefur verið innheimtu á, talið frá komudegi flutningsfars til landsins. Þá er lagt til að heimildarákvæðið verði látið taka til innflutnings á öðrum farartækjum eftir því sem við getur átt, t.d. skemmtibáta.

8. tl. Heimildarákvæði þetta svarar til 25. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Þá er lagt til að tekin verði upp heimild til þess að auðvelda verktökum að flytja úr landi vinnuvélar með því að endurgreiða tolla af tækjunum miðað við notkun þeirra hér á landi og m.a. gera þá samkeppnisfærari vegna útboðsverka erlendis.

9. tl. Heimildarákvæði þetta er efnislega samhljóða ákvæði 2. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga og 56. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit. Samkvæmt frumvarpi þessu er þó lagt til að heimilt verði, auk þeirra tilvika sem um ræðir í gildandi lögum, að lækka eða fella toll niður af vörum sem eyðileggjast, rýrna eða verða fyrir skemmdum í tollvörugeymslum. Þykir óeðlilegt að vörur sem þar eru geymdar sæti annarri meðferð að þessu leyti en vörur sem geymdar eru hjá farmflytjendum. Vörur sem settar eru í tollvörugeymslur eru ótollafgreiddar að öðru leyti en því að aðflutningsskýrsla hefur verið um þær gerð til þess að heimila flutning þeirra úr geymslu farmflytjenda í tollvörugeymslur, sem nú eru almennt reknar af aðilum sem hafa til þess sérstaka heimild ráðherra. Við flutninginn flyst ábyrgðin á greiðslu aðflutningsgjalda frá farmflytjanda til tollvörugeymslunnar. Innflytjandi vörunnar hefur eftir sem áður ekki ráðstöfunarrétt yfir henni án þess að greiða af henni lögboðin gjöld og er hún jafnframt að veði fyrir slíkum gjöldum. Að öðru leyti er réttur innflytjanda til þess að umgangast vöruna bundinn ýmsum takmörkunum samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., sbr. 74. gr. frumvarpsins, og verða þær takmarkanir að teljast nægilegar til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs að því er greiðslu aðflutningsgjalda varðar.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. gildandi tollskrárlaga er tollyfirvaldi heimilt að lækka tollverð vöru sem nemi bótum er innflytjandi fær vegna rýrnunar eða skemmda sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum, enda eigi hann eða aðrir ekki sök á rýrnuninni eða skemmdunum. Heimildarákvæði þetta er ekki samrýmanlegt reglum þeim sem lagt er til að teknar verði upp um ákvörðun tollverðs vöru, sbr. 8. gr. frumvarps þessa. Atvik þau sem um ræðir hér að framan hafa í flestum tilvikum engin áhrif á viðskiptaverð viðkomandi vöru, þ. e. það verð sem kaupandi greiðir eða honum ber að greiða seljanda, nema seljandi hafi tekið ábyrgð á vörunni. Er því lagt til að nefndri heimild verði breytt þannig að um verði að ræða ákvæði er feli í sér heimild til að lækka toll á vöru undir þeim kringumstæðum sem að framan greinir. Í gildandi lögum er sú takmörkun gerð að því er varðar lækkun eða niðurfellingu tolls í nefndum tilvikum, að eigi á að fallast á beiðni um lækkun eða niðurfellingu gjalda ef innflytjandi á sök á verðrýrnun vörunnar. Hér er væntanlega átt við að rýrnun eða skemmdir séu til komnar vegna beinna aðgerða innflytjanda en engan veginn er það tvímælalaust. Vörur geta eðli sínu samkvæmt rýrnað eða eyðilagst með tímanum eins og rokgjörn efni, ljósnæmar filmur o. þ. h. Þegar um slíkar vörur er að ræða getur viðtakandi með óbeinum hætti eða athafnaleysi sínu, t. d. með því að láta vöru liggja lengi ótollafgreidda í vörslu farmflytjanda, stuðlað að rýrnun hennar og þannig átt sök á ástandi vörunnar. Aðstæður á markaði geta hins vegar verið undirrót athafnaleysis innflytjanda og er þá varla við hann að sakast. Lagt er til að horfið verði frá því að láta ákvörðun um notkun heimildarinnar ráðast af því hvort hægt sé að áfellast innflytjanda eða ekki en í þess stað verði heimilt að taka tillit til rýrnunar eða skemmda allt til þess tíma er heimild er veitt til afhendingar á vöru frá farmflytjanda eða úr tollvörugeymslu. Á því tímamarki er hún tekin til nota eða neyslu og um leið ræðst oftast söluverð hennar. Þessi regla er að öðru leyti í samræmi við þær reglur sem gilda um álagningu söluskatts og ekki óeðlilegt að hliðstæðar reglur gildi um ákvörðun tolla. Gert er ráð fyrir að settar verði nánari reglur um heimild þessa þar sem m.a. verði kveðið á um greiðslu kostnaðar vegna nauðsynlegs eftirlits og mats á tjóni ef slíkt verður talið nauðsynlegt vegna ákvörðunar tolla.

10. tl. Ákvæðið svarar til 7. og 9. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Á heimildarákvæði þessu er þó lagt til að þær breytingar verði gerðar í fyrsta lagi að verðmætismörk varðandi gjafir verði ekki lengur fastbundin í lögum. Er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra ákveði þá fjárhæð í reglum sem settar yrðu um heimildarákvæðið. Samkvæmt gildandi tollskrárlögum er verðmæti gjafa bundið við 100 kr. og hefur svo verið frá 1978. Er ljóst að fjárhæð þessi er í engu samræmi við verðlagsþróun sem verið hefur hér á landi frá því henni var síðast breytt 1978. Verður að telja heppilegast að fjármálaráðherra hafi heimild til að setja verðmæti gjafa ákveðin mörk og líti þá til forsögu þessarar heimildar að því er fjárhæð varðar og verðlagsþróunar hér á landi á hverjum tíma. Þá er jafnframt lagt til að ráðherra geti takmarkað niðurfellingu tolls við ákveðna vöruflokka.

11. tl. Heimildarákvæðið er efnislega samhljóða 8. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

12. tl. Ákvæðið svarar til 16. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

13. tl. Nær samhljóða ákvæði er að finna í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Breytingar þær sem felast í frumvarpi um tollskrá sem lagt verður fram samhliða vörugjaldsfrumvarpi á þessu þingi miða að því m. a. að jafna samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna í heild með tilliti til tollfrelsis á vélum, tækjum og véla- og varahlutum. Hefur verið leitast við að ná til allra helstu vinnsluvéla í því sambandi. Ef jöfnuður á að ríkja milli atvinnuveganna verður sama reglan að gilda um þær í heild. Er því lagt til að felld verði niður heimild sú sem tekin var upp 1977 gagnvart samkeppnisiðnaði, enda má segja að aðlögunartímanum hafi í raun lokið 1980 og með frumvarpi þessu séu uppfyllt þau loforð sem gefin voru iðnaðinum við inngönguna í EFTA 1970 að því er varðar breytingar á tollum. Vísast að öðru leyti til greinargerðar í því frumvarpi um niðurfellingu tolla af vélum, varahlutum og efnivörum til innlendrar framleiðslu. Gert er ráð fyrir að heimildin taki einnig til þeirra tilvika sem um ræðir í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

14. tl. Í 13. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga er takmörkuð heimild til samræmingar á gjöldum milli vöruflokka. Er beiting hennar bundin því skilyrði að um sé að ræða vörur úr mismunandi efni. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að einungis væri heimilt að samræma gjöld til lækkunar og hafa allar ákvarðanir um samræmingu gengið í þá átt. Þessi niðurstaða verður að teljast mjög óeðlileg takmörkun á heimildum framkvæmdarvaldsins til þess að ná samræmdri gjaldtöku á milli vörutegunda sem að allri gerð eru sams konar. Heimild sem aðeins er hægt að nota til lækkunar getur leitt til þess að minni hluti vörutegunda getur stýrt skattlagningunni og leitt til skattalækkunar sem ekki var stefnt að við lagasetninguna. Til þess að sneiða hjá svo einhæfri lausn í þessu sambandi er lagt til að núverandi heimildarákvæði verði breytt þannig að heimilt verði að samræma gjöld jafnt til hækkunar sem lækkunar. Að sjálfsögðu takmarkast heimild til hækkunar gjalda við þau gjöld sem tollskráin kveður á um, sem tryggir skattborgurunum þá vernd sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir, þ. e. að skattar séu lækkaðir, hækkaðir eða felldir niður með heimild í lögum eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu.

Tollskráin er flókið tæki til álagningar skatta, sérstaklega þegar gert er ráð fyrir að gera eigi upp á milli einstakra vöruflokka. Við tillögugerð um tollataxta fyrir vissar vörutegundir getur komið upp, eftir lögfestingu taxta einstakra tollskrárnúmera, ósamræmi í framkvæmd sem ekki var séð fyrir og óviðunandi er að ekki sé leiðrétt. Við samræmingu bæri framkvæmdarvaldinu að leita lausnar til samræmingar með samanburði skattlagningar sams konar vörutegunda í heild, og lækka eða hækka toll þannig að jafnræði næðist með tilliti til meiri hluta þeirra vörutegunda sem sama toll bæru.

15. tl. Heimildarákvæðið svarar til 18. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

16. tl. Heimild þessi er samhljóða 21. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

17. tl. Ákvæði þetta er samhljóða 26. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

18. tl. Ákvæði þetta svarar til 23. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Sú breyting er þó ráðgerð, að ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda verði alfarið lögð á innflytjanda en ekki jafnframt farmflytjanda eins og nú er gert. Hagsmunir ríkissjóðs ættu að vera nægilega tryggðir með þeim hætti. Auk þess má segja að óeðlilegt sé að leggja slíka ábyrgð á farmflytjanda sem ekki getur komið við eftirliti með vörunni eftir að innflytjandi eða t.d. ryðvarnarstöð hefur veitt henni viðtöku. Núverandi skipan þessara mála er auk þess flókin og kostnaðarsöm í framkvæmd. Eftir sem áður verður að gera ráð fyrir að leyfisveitingu megi binda því skilyrði að farmflytjandi veiti vörunni viðtöku að nýju að lokinni aðvinnslu.

19. tl. Heimildarákvæðið svarar til 39. og 40. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Komi til staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á svonefndum Flórens-sáttmála vísast til 1. tl. þessarar greinar.

20.—21. tl. Ákvæði 20. og 21. tl. eru samhljóða 42. og 49. tl. gildandi tollskrárlaga.

Hér á eftir skal gerð grein fyrir heimildarákvæðum þeim í 3. gr. tollskrárlaga sem lagt er til að felld verði úr gildi og ekki hefur verið getið hér að framan.

1. Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðherrar og sendiráðsstarfsmenn kaupa eða flytja til landsins. Reglur þessar voru lögfestar á árinu 1970 með lögum nr. 1 um tollskrá o. fl. er tekin var upp heimild í 14. tl. 3. gr. tollskrárlaga til niðurfellingar gjalda af bifreiðum þessara ríkisstarfsmanna. Nánari reglur um framkvæmd heimildarinnar var að finna í reglugerð nr. 6/1970 um bifreiðamál ríkisins. Í 10. gr. hennar var svohljóðandi ákvæði um bifreiðamál ráðherra:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota."

Um fríðindi starfsmanna utanríkisráðuneytisins o. fl. var í 11. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi ákvæði, sbr. reglugerðir nr. 325/1983 og nr. 107/1985 um breyting á 1. mgr. hennar:

„Heimilt er að veita starfsmönnum utanríkisþjónustunnar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið er þeir flytja heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Gildir þetta þó ekki nema einu sinni á sjö ára fresti. Undanþágan verður því aðeins veitt, að utanríkisráðuneytið mæli með henni hverju sinni. Ambassadorar sem flytja heim njóta framangreindra hlunninda án tímatakmarkana. Sama skal gilda um starfsmenn á Norðurlandaskrifstofum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og starfsmenn forsætisnefndar Norðurlandaráðs, sem þar hafa starfað samfellt í minnst tvö ár, enda liggi fyrir ákvörðun fjármálaráðuneytisins þar að lútandi hverju sinni.

Bifreið, sem hefur verið innflutt þannig, má ekki selja fyrr en að þremur árum liðnum frá heimflutningi, nema aðflutningsgjöld séu greidd.

Ambassadorar, sem nú hafa ríkisbifreið til afnota, eiga kost á að kaupa hana eða aðra bifreið og njóta láns í því sambandi með sama hætti og forstjórar ríkisstofnana, sbr. ákvæði til bráðabirgða."

Heimildarákvæði þetta var upphaflega tekið í lög til þess að lögfesta fyrirkomulag sem venja hafði skapast um eins og kom fram í rökstuðningi framsögumanns fyrir máli þessu á sínum tíma. Viðhorf til þessara mála eru nú nokkuð önnur. Þannig var á þeim tíma er heimildin var upp tekin talið hagkvæmara fyrir ríkissjóð að veita nefndum starfsmönnum eftirgjöf gjalda í stað þess að greiða þeim fyrir afnot ríkisins af bifreiðum í þeirra eigu. Var því eftirgjöfinni ætlað að koma á móti útlögðum kostnaði við rekstur bifreiðar. Með þessum

hætti var einnig stillt í hóf fjölda bifreiða í eigu ríkisins sem gera má ráð fyrir að hefði að öðrum kosti aukist eitthvað. Sjónarmið þessi eru í sjálfu sér í fullu gildi að því er rekstrarútgjöld ríkisins varðar. Hins vegar hafa aðstæður breyst verulega í þjóðfélaginu varðandi bifreiðaeign landsmanna sem á skömmum tíma er orðin eins og hún gerist mest í nálægum löndum. Ekki er lengur litið á bifreið sem lúxusvöru sem án megi vera í nútíma þjóðfélagi, heldur nauðsynlegt samgöngutæki, hvort sem um lengri eða skemmri vegalengdir er að fara og hvaða erindum sem sinna þarf. Almenn eign á bifreiðum hefur því óhjákvæmilega breytt afstöðu manna til hvers konar frávika sem gilt hafa um skattalega meðferð þeirra, jafnvel þótt slík frávik hafi í öndverðu verið talin hagfelld fyrir ríkissjóð.

Ríkisstjórnin tók á árinu 1985 bifreiðamál ríkisins til athugunar með tilliti til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á núverandi skipan þessara mála. Var það mat hennar að eðlilegast væri við núverandi aðstæður að hverfa frá þeirri skipan sem komið var á 1970 og gera í þess stað ráð fyrir að sömu meginreglur yrðu látnar gilda framvegis um allar greiðslur fyrir afnot ríkisins af bifreiðum starfsmanna þess, ef um slíkt er að ræða. Við ráðningu ríkisstarfsmanna eða síðar og ákvörðun launakjara þeirra yrði því gert ráð fyrir að tekið yrði tillit til slíkra greiðslna en sérstök fríðindi eins og undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda og annarra skatta afnumin. Sömu eða hliðstæðar reglur yrðu því látnar gilda um ráðherra og starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem aðra ríkisstarfsmenn. Voru fríðindi þessi felld niður með reglugerð nr. 190/1985. Er lagt til að heimildarákvæðið verði fellt niður og þar með endanlega staðfestar þær breytingar sem gerðar hafa verið á bifreiðamálum ríkisins.

Þar sem horfið verður frá skipan sem gilt hefur um langan tíma gagnvart starfsmönnum utanríkisþjónustunnar þykir sanngjarnt að starfsmönnum hennar, sem nú eru við störf erlendis, verði veitt undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda er þeir snúa heim.

2. Lagt er til að heimildarákvæði 15. tl. 3. gr. tollskrárlaga, sem fjallar um niðurfellingu gjalda af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum til nota í kirkjum, verði fellt niður, þar sem gert er ráð fyrir að vörur þessar verði almennt tollfrjálsar samkvæmt tollskránni.

3. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp sérstakt tollskrárnúmer með 0% tolli er taki til hjálparefna og hráefna sem notuð eru til iðnaðarframleiðslu. Með hliðsjón af því, svo og að vörur í tollskrárnúmeri 34.02.09 eru tollfrjálsar frá EFTA og EBE, er lagt til að heimild í 17. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felld niður.

4. Gert er ráð fyrir að hvers konar myndefni verði tollfrjálst við innflutning frá EFTA og EBE auk þess sem kvikmyndir verði tollfrjálsar án tillits til uppruna svo sem verið hefur. Er því lagt til að heimild sú í 19. tl. 3. gr. tollskrárlaga, sem fjallar um tollfrjálsan innflutning yfirvalda fræðslumála á fræðandi skuggamyndum, verði felld úr gildi.

5. Í 20. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til að fella niður toll á bókum á íslensku, prentuðum erlendis, enda séu bækur þessar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlítandi hátt. Þegar tollur féll almennt niður á bókum 1980 samkvæmt fríverslunarsamningunum við EFTA og EBE var tekin sú ákvörðun með tilliti til hagsmuna íslensks prentiðnaðar að nota ekki frekar heimild þessa og hefur því 7% tollur verið innheimtur af bókum á íslensku sem prentaðar hafa verið utan svæðisins. Í tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir að bækur almennt verði tollfrjálsar og því lagt til með hliðsjón af framanrituðu að heimildin verði felld niður. Sama á við um heimild í 31. tl. 3. gr. varðandi niðurfellingu gjalda af bæklingum og ritum sem seld eru eða dreift erlendis til landkynningar.

6. Heimild 22. tl. 3. gr. gildandi tollalaga fjallar um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda af vélum sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsgreinum eða til framleiðslu á ótollvernduðum vörum. Þar sem í tollskrárfrumvarpinu felst, ef samþykkt verður, að tollar falla almennt niður af vélum til atvinnurekstrar er ákvæðið óþarft. Sama gildir um 24. tl. (vélar eingöngu til veiðarfæragerðar), 28. tl. (efni, vélar og

tæki í báta og skip) og 38. tl. (vélar eingöngu notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings).

7. Heimild í 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga fjallar um eftirgjöf aðflutningsgjalda af bifreiðum sem öryrkjar festa kaup á. Í kjölfar þeirra umfangsmiklu breytinga sem almennt urðu á aðflutningsgjöldum á fólksbifreiðum í tengslum við kjarasamninga í febrúar s. l. var ákveðið að endurmeta núverandi skipan þessara mála með það fyrir augum að tengja eftirgjöf gjalda af bifreiðum beint öðrum samfélagslegum aðgerðum varðandi öryrkja. Í framhaldi af þessari endurskoðun hefur verið ákveðið að leggja fram frumvarp um breytingu á 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Er þar lagt til að auk styrkja til öryrkja vegna reksturs bifreiða verði m. a. heimilt að veita þeim styrk til bifreiðakaupa. Jafnframt er gert ráð fyrir að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á fjárveitingartillögum til almannatrygginga á fjárlögum fyrir árið 1987. Með tilliti til þessara breytinga er lagt til að nefnd heimild verði felld úr gildi.

8. Samkvæmt frumvarpi um tollskrá er gert ráð fyrir að tollur verði almennt felldur niður á hljóðfærum. Heimild í 29. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga um lækkun tolla í 30% af hljóðfærum innfluttum til notkunar við kennslu verður því óþörf.

9. Í tillögu að tollskrá sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að tollur verði felldur niður af þrýstivatnspípum, hverflum og hreyflum minni en 400 hestöfl DIN. Heimild 30. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun tolla af vörum þessum í 10% verður þar með óþörf.

10. Í 32. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga er að finna heimild til þess að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði, ef vara er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél er flytur vöruna til landsins. Samkvæmt reglum þeim sem gilda um ákvörðun tollverðs vöru eftir GATT-reglum sem gert er ráð fyrir að teknar verði upp hér á landi, sbr. greinargerð við 8.—10. gr. frumvarpsins, ber þeim sem aðilar eru að samningnum annað hvort að telja með í tollverði vöru flutningskostnað hennar eða ei. Ekki er gert þar ráð fyrir að sérreglur eigi að gilda um flutningsmáta milli landa, þ. e. hvort flutt sé t. d. með skipi eða flugvél. Af þeim sökum er lagt til að sérregla 32. tl. 3. gr. verði felld úr gildi.

11. Í 33. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til niðurfellingar gjalda af vörum til lækninga sem nefndar eru í a–e-lið 3. athugasemdar við 30. kafla laganna. Þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um tollskrá að tekin verði upp tollskrárnúmer um sama efni með 0% tolli er ekki lengur þörf fyrir nefnt ákvæði.

12. Lagt er til að umbúðaefni verði almennt tollfrjáls frá EFTA og EBE en með 5% ytri tolli. Er því jafnframt lagt til að ákvæði í 34. tl. 3. gr. varðandi umbúðir til vélpökkunar á kornvörum, sykri og kaffi verði fellt niður.

13. Í 35. tl. 3.gr. tollskrárlaga er heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu gjalda af tækjum sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi. Heimildin hefur fram til þessa fyrst og fremst verið notuð til niðurfellingar gjalda af lækningatækjum en tæki og búnaður til almennra nota fallið utan hennar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við tollskrárfrumvarpið er gert ráð fyrir að tollar verði almennt felldir niður af sérhæfðum tækjum og búnaði sem ætlaður er til hjúkrunar eða lækninga. Með hliðsjón af því svo og hinu, að erfiðleikar eru í framkvæmd heimilda af þessu tagi, er lagt til að heimildin verði felld úr gildi. Með sömu rökum og síðast greindi er lagt til að heimildarákvæði í 8. mgr. 27. tl. 3. gr. og 37. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felld niður, en þau fjalla um ýmis tæki og búnað sem sérstaklega er ætlað fötluðu fólki.

14. Samkvæmt gildandi tollskrárlögum er heimilt, með stoð í 41. tl. 3. gr. þeirra, að lækka toll úr 90% í 40% á bifreiðum til leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra og ökukennara ef um fullt starf er að ræða, en í 65% ef um hálft starf er að ræða. Tollur á fólksbifreiðum hefur almennt verið lækkaður í 10% og á sendibifreiðum í 30% í samræmi við aðrar vörubifreiðar þannig að ákvæðið er óþarft.

15. Ekki virðist ástæða til þess að hafa í lögum sérstaka heimild til niðurfellingar gjalda af kvikmyndasýningarvélum sem ætlaðar eru til nota í sveitarfélögum af tiltekinni stærð. Gert er ráð fyrir almennri lækkun tolla á sýningarvélum úr 50% í 15% og er því lagt til að heimild í 43. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felld niður.

16. Samkvæmt 44. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimilt að fella niður gjöld af sölumerkjum sem góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni. Í tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir að tollur verði felldur niður af vörum þessum af EFTA og EBE uppruna en lækki verulega eða í 10% frá öðrum löndum. Ekki virðist ástæða til þess að sölumerki hljóti aðra skattalega meðferð en annar söluvarningur ýmissa góðgerðarstofnana og er því lagt til að látið verði sitja við þær tollalækkanir sem felast í frumvarpinu og heimildin verði jafnframt felld úr gildi.

17. Í 45. tl. 3. gr. tollskrárlaga er að finna heimild til endurgreiðslu á gjöldum af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða og tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum sem svari því að 7% tollur sé greiddur. Samkvæmt tollskrárfrumvarpinu er almennt lagt til að byggingarefni verði tollfrjálst án tillits til þess hvar það er notað og er því lagt til að ákvæðið verði fellt niður. Sama á við um heimild í 56. tl. og 59. tl. 3. gr.

18. Lagt er til að heimild í 46. tl. 3. gr. um niðurfellingu gjalda af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir Ríkisútvarp/sjónvarp verði fellt niður þar sem gert er ráð fyrir upptöku tollfrjálsra tollskrárnúmera, nr. 92.12, ef um er að ræða myndbönd sem fullnægja alþjóðlegum staðli fyrir sjónvarpsstöðvar.

19. Lagt er til að 48. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felldur niður þar sem hann hefur verið talinn óframkvæmanlegur.

20. Í tengslum við breytingu á tollskrárlögum á árinu 1968, sbr. lög nr. 3/1968, var ákveðið að fella inn í þá breytingu samkomulag um tollalækkanir sem gert hafði verið í svonefndum Kennedy-viðræðum innan GATT haustið 1967. Auk þess sem þá var samið um skuldbindingu um hámarkstoll á nokkrum vörum sem þá var í gildi var samið um slíka bindingu á nokkrum vörum til viðbótar. Til þess að koma samkomulagi þessu til framkvæmdar var tekin í lög heimild þar að lútandi sem nú er að finna í 51. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

Frá því að heimildarákvæði þetta var upp tekið hafa umfangsmiklar breytingar verið gerðar á tollskrárlögum þannig að nú er svo komið að tollar hafa annaðhvort verið felldir niður af þeim tollskrárnúmerum sem tilgreind eru í ákvæðinu eða þeir verið lækkaðir umfram skuldbindingar. Þá var á árinu 1979 undirrituð bókun af hálfu Íslands við GATT-samkomulagið sem fól í sér bindingu tolltaxta almennt miðað við þá tolla sem í gildi voru 1. janúar 1978. Frá þessu voru nokkrar undantekningar sem ekki þykir ástæða til að tíunda hér. Í tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir umfangsmiklum tollalækkunum sem gera nefnda samninga nánast að dauðum bókstaf. Það má því vera ljóst af framansögðu að ekki er lengur ástæða til að halda ákvæði þessu í lögum þar sem nánast er nú um sagnfræðilega heimild að ræða.

21. Lagt er til að heimild í 52. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga um niðurfellingu gjalda af ökutækjum, sem breytt er þegar eftir tollafgreiðslu í sjúkrabifreiðar, verði felld niður. Í þess stað verði stuðst við heimild í 13. tl. 6. gr. frumvarpsins og gjöld verði því endurgreidd.

22. Gert er ráð fyrir að fjárveiting verði veitt til björgunar- og slysavarnasveita vegna kaupa þeirra á bifreiðum sem öðrum búnaði. Fjárþörf þessara aðila verði þannig metin ár hvert og fjárveiting taki mið af framlögum ríkisins almennt til sambærilegra málaflokka. Er því lagt til að 53. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felldur niður.

23. Í 54. tl. 3. gr. tollskrárlaga er að finna heimild til lækkunar tolla í 50% af merktum borðbúnaði í nánar tilgreindum tollskrárnúmerum sem notaður er til veitingarekstrar svo og á spítölum, hælum, elliheimilum og öðrum heilsugæslustöðvum. Samkvæmt tollskrárfrum-

varpinu er gert ráð fyrir að tollur á búsáhöldum og borðbúnaði hvers konar verði samræmdur og verði frjáls frá EFTA og EBE en 10% frá öðrum löndum. Með hliðsjón af því og að ekki þykir ástæða til mismununar eftir matstað er lagt til að ákvæðið verði fellt niður.

24. Samkvæmt tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir að tollur verði almennt felldur niður af lyftibúnaði í nr. 84.22. Þar sem skíðalyftur flokkast undir þann vörulið er lagt til að heimild í 58. tl. 3. gr. þar að lútandi verði felld brott.

Um 7. gr.

Grein þessi kemur í stað 4. gr. gildandi tollskrárlaga með eftirfarandi breytingum:

Samkvæmt gildandi ákvæði ber að greiða þann hundraðshluta í toll af viðgerðarkostnaði vöru, sem send hefur verið utan til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, sem hvílir á sams konar vöru við innflutning. Frá þessari meginreglu er gerð sú undantekning að aldrei skal greiða lægri toll en 5%, ef undan er skilinn viðgerðarkostnaður á íslenskum skipum, bátum og flugvélum sem er tollfrjáls.

Lagt er til að ein regla verði látin gilda í þessum tilvikum og fari tollskylda eða tollfrelsi þá alfarið eftir því hvort hin viðgerða vara falli undir tollskrárnúmer sem er með 0% tolli eða ekki. Samkvæmt tollskrárfrumvarpinu er eins og áður sagði almennt gert ráð fyrir að „varahlutanúmer“ tollskrárinnar beri engan toll og því eðlilegt að það hafi ekki íþyngjandi áhrif ef hægt er að komast af með viðgerð á hlut í stað þess að fleygja honum og flytja inn nýjan í staðinn.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp sérstakt ákvæði er undanþiggi tollskyldu viðgerðir sem gerðar eru viðkomandi að kostnaðarlausu á ábyrgðartíma vöru, enda verði í þeim tilvikum færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að ábyrgð sé ekki útrunnin og hún hafi verið innifalin í innkaupsverði vöru (tollverði). Ákvæðið ætti að tryggja að ekki verði um tvísköttun að ræða og er í samræmi við undanþágu sem gildir um ábyrgðarviðgerðir við innheimtu söluskatts. Auk þess má benda á að sé um viðgerð að ræða í slíkum tilvikum er ástæðan oftast sú að henni verður ekki við komið hérlendis.

Eins og áður sagði er sérstakt undanþáguákvæði í 4. gr. gildandi tollskrárlaga vegna viðgerða erlendis á skipum, bátum og flugvélum. En jafnframt er að finna í niðurlagi greinarinnar heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis sem ekki getur farið fram hérlendis. Ákvæði þessi eru óþörf þar sem skip og flugvélar eru tollfrjáls og heimild 13. tl. 6. gr. frumvarpsins leysir úr þeim vanda sem síðar er nefndur.

Í kjölfar örra breytinga, sem orðið hafa á síðustu árum við framleiðslu á tölvum og öðrum hliðstæðum rafeindabúnaði hefur veruleg breyting orðið á skipulagi viðgerðarþjónustu á þessu sviði. Þannig eru t. d. hlutar í ýmsar gerðir rafeindabúnaðar, einkum tölvur, sem viðgerðar þarfnast, núorðið sendir í sérstakar þjónustumiðstöðvar (e. Parts Banks) sem veita hinum biluðu eða gölluðu hlutum viðtöku til viðgerðar. Til að forðast stöðvun atvinnutækja um lengri eða skemmri tíma sem byggja á rafeindafyrirbrigðum senda þjónustumiðstöðvar þessar viðkomandi þegar annan sams konar hlut, sem gert hefur verið við, gegn ákveðnu þjónustugjaldi sem er fast hlutfall af verði nýs hlutar. Ljóst er að við endurskoðun á íslenskri tollalöggjöf, sem stendur á gömlum grunni, hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til breytinga sem orðið hafa varðandi ýmiss konar þjónustu sem veitt er í sambandi við vöruframleiðslu, t. d. að því er varðar ofangreinda þjónustu, ábyrgðir o. fl. Til þess að komast hjá óeðlilegri tollheimtu í sambandi við framangreindar viðgerðir er lagt til að lögfest verði ákvæði er tryggi sambærilega tollmeðferð og gildir um viðgerðir almennt.

Um IV. kafla.

Kafli þessi kemur í stað 5.—8. gr. gildandi tollskrárlaga.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er gert ráð fyrir að teknar verði upp nýjar reglur varðandi ákvörðun tollverðs, byggðar á Tollverðssamþykktinni frá 1979.

Samkvæmt gildandi ákvæðum tollskrárlaga um tollverð vöru er tollverðið eðlisverð (normalverð) hennar, þ. e. það verð sem fengist fyrir vöruna í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem óháðir eru hvor öðrum á þeim tíma sem varan er tekin til tollmeðferðar að viðbættum flutningskostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sem falla á vöruna uns hún er komin á innflutningsstað (cif-verð), sbr. 5. gr. tollskrárlaga. Þrátt fyrir upptöku verðákvörðunarreglu Tollverðssamþykktarinnar er gert ráð fyrir að tollverð vara verði eftir sem áður verð þeirra á innflutningsstað. Breytingin frá gildandi reglum er fyrst og fremst fólgin í uppbyggingu tollverðs.

Reglur Tollverðssamþykktarinnar gera ráð fyrir að tollverðið sé viðskiptaverð vöru en með því er átt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru vegna sölu til útflutnings til viðkomandi innflutningslands. Verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber í þessu sambandi, er samkvæmt athugasemd við 1. gr. samþykktarinnar sú heildargreiðsla sem kaupandi innir eða honum ber að inna af hendi til seljanda eða í hans þágu fyrir hinar innfluttu vörur án tillits til þess í hvaða formi greiðsla er. Samkvæmt ákvæðum Tollverðssamþykktarinnar skal síðan bætt við verð, sem þannig er fundið, ýmsum kostnaðarliðum og gjöldum, sbr. 8. gr. samþykktarinnar. Tollverðið samkvæmt Tollverðssamþykktinni skal ákveðið samkvæmt fimm ákvörðunaraðferðum eftir nánar tiltekinni forgangsröð. Meginreglan er þó sú að verð það sem kaupandi og seljandi gefa upp sem viðskiptaverð vöru og samist hefur um í viðskiptum milli óháðra aðila skal lagt til grundvallar ákvörðunar tollverðs. Gildir sama regla þótt aðilar séu háðir eða tengdir hvor öðrum, ef tengslin hafa ekki haft áhrif á viðskiptaverðið, enda kunna tollyfirvöld í ýmsum tilvikum þegar að hafa kannað tengslin eða hafa fyrirliggjandi fullnægjandi upplýsingar um kaupanda og seljanda sem leitt hafi í ljós að tengslin hafi ekki haft áhrif á viðskiptaverðið. Það er fyrst og fremst í þeim tilvikum þegar tengslin kunna að hafa haft áhrif á viðskiptaverðið sem til álita kemur að beita verðleiðréttingareglum í ákveðinni forgangsröð svo og þegar ekkert verð liggur fyrir.

Um 8. gr.

Í þessari grein kemur fram meginreglan um ákvörðun tollverðsins, sem skal vera viðskiptaverð vörunnar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana. Samkvæmt því skal ekki lengur einblína á hvað myndi fást fyrir vöruna í tilbúnu dæmi um viðskipti milli aðila sem óháðir væru hvor öðrum á þeim tíma sem vara er tekin til tollmeðferðar eins og nú gildir skv. 5. gr. tollskrárlaga (normalverð), heldur það sem kaupandinn hefur greitt eða honum ber að greiða. Til þess að viðskiptaverðið verði viðurkennt sem tollverð vöru verða aðstæður við kaupin og skilmálar að fullnægja tilteknum lágmarkskröfum, m. a. varðandi ráðstöfunarrétt kaupanda yfir vörunni, ágóða vegna sölu, ráðstöfunar eða notkunar hennar síðar og tengsl milli kaupanda og seljanda. Eru skilyrði þessi tilgreind í a–d-lið 8. gr.

Þegar verð vöru fullnægir ekki nefndum lágmarkskröfum er gert ráð fyrir að það verði ákveðið samkvæmt ákvörðunaraðferðum í tiltekinni forgangsröð í samræmi við reglur Tollverðssamþykktarinnar. Um reglur þessar vísast til 2.–6. gr. Tollverðssamþykktarinnar í fylgiskjali 1 með frumvarpi þessu en gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari fyrirmæli um ákvörðun tollverðs, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir eins og nú gildir, sbr. 6. gr. tollskrárlaga, að ýmsir kostnaðarliðir séu innifaldir í tollverði vöru. Er í þessari grein gerð grein fyrir þessum kostnaðarliðum og ber í samræmi við ákvæði 8. gr. frumvarpsins að leiðrétta tollverðið með tilliti til þeirra hafi þeir ekki verið taldir með í kaupverði vörunnar.

Um 10. gr.

Í 8. og 9. gr. er kveðið á um grundvallarreglur þær sem ákvörðun tollverðs skal byggð á. Nánari framkvæmdareglur um ákvörðun þess og útfærslu er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð sem byggð verði á efnis- og túlkunarreglum Tollverðssamþykktarinnar, sbr. fylgiskjal 1 með frumvarpinu.

Um 11. gr.

Greinin svarar efnislega til 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 12. gr. gildandi tollskrárlaga.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 12. gr. gildandi tollskrárlaga.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega nær samhljóða 11. gr. gildandi tollskrárlaga. Hins vegar er lagt til að kveðið verði skýrar á um það í lögum hvaða atriði það eru varðandi tollafgreiðslugengið sem ákveða má með reglugerð. Sjálf grundvallargengisviðmiðunin, sölugengi erlendrar myntar, er eftir sem áður óbreytt. Þá er einnig lagt til það nýmæli að Seðlabanka Íslands verði gert að tilkynna ráðuneytinu daglega gengisskráningu og fyrirhugaðar breytingar á henni, en til að fyrirbyggja ósamræmi við tollafgreiðslu er þýðingarmikið að ráðuneytið geti brugðist við eins fljótt og unnt er ef verulegar breytingar verða á gengisskráningu.

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 15. gr. tollskrárlaga, en heimilar auk þess afhendingu vöru eða sendingar án þess að fyrir liggi aðflutningsskýrsla, hafi skráning vörunnar farið fram samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 53. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi tollskrárlaga en felld hefur verið niður upptalning á þeim atriðum sem tilgreind skulu í aðflutningsskýrslu. Er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra kveði nánar á um þessi atriði í reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

Um 16. gr.

Greinin samsvarar efnislega ákvæði 2. mgr. 12. tl. 16. gr. tollskrárlaga um ábyrgð innflytjanda á því að upplýsingar í framlögðum gögnum séu réttar.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli sem miðar að því að auðvelda ákvörðun tollverðs vöru þegar viðskiptaverð hennar kemur ekki fram í vörureikningi.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. tollskrárlaga að mestu leyti, en felld hefur verið niður upptalning atriða sem tilgreind skulu í vörureikningi. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra

kveði nánar á um þessi atriði í reglugerð eða öðrum fyrirmælum. Nýmæli er að ráðherra geti heimilað framlagningu t.d. telex- og telefaxskjala í stað vörureiknings, en notkun þessarar fjarskiptatækni fer nú mjög vaxandi í viðskiptalífinu.

Um 19. gr.

Greinin samsvarar 5. mgr. 18. gr. tollskrárlaga.

Um 20. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. tollskrárlaga.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar 21. gr. tollskrárlaga.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 17. gr. tollskrárlaga.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 23. gr. tollskrárlaga, en ákvæði um viðurlög færist í kafla XIV í frumvarpinu.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. tollskrárlaga en er ítarlegri.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar 37. gr. gildandi tollskrárlaga.

Um 26. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1984 um breyting á þeim lögum.

Um 27. gr.

Í greininni er lagt til það nýmæli að landinu verði skipt í sérstök tollumdæmi. Hér er þó fremur um form- en efnisbreytingu að ræða frá gildandi rétti, en í 2. gr. tollheimtulaga er tollstjóranum í Reykjavík og sýslumönnum og bæjarfógetum falin tollheimta og tolleftirlit, hverjum í sínu umdæmi. Gert er ráð fyrir að mörkin verði víðast óbreytt, en þó kveðið skýrar á um ýmis vafaatriði og leitast við að leysa úr skiptingunni þannig að framkvæmdin verði sem hagkvæmust. Þannig eru t.a.m. eyjar allar umhverfis Reykjavík færðar undir Reykjavíkurtollumdæmi óháð því hvar umdæmismörk liggja að öðru leyti. Þá er og gert ráð fyrir að Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur verði færðir undir Akranestollumdæmi, en í Skilmannahreppi er m. a. Grundartangahöfn þar sem allnokkur tollafgreiðsla fer fram. Samkvæmt gildandi lögum þarf eini tollgæslumaðurinn á Vesturlandi, sem starfar við embætti bæjarfógetans á Akranesi, að fá aðstoð lögreglunnar í Borgarnesi við tollafgreiðslu á Grundartanga, enda þótt lengra sé þaðan en frá Akranesi jafnframt því sem helmingi fjölmennara lögreglulið er á Akranesi. Eðlilegt þykir einnig að færa Seltjarnarnes og Kjósarsýslu undir Reykjavíkurtollumdæmi af augljósum ástæðum.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. tollheimtulaga, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1984, að öðru leyti en því að skýrgreining á hugtökunum aðaltollhöfn og tollhöfn er að finna í 1. gr. og felld er

brott upptalning þeirra tollhafna sem eigi eru aðaltollhafnir. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra ákveði hverjar þær skuli vera að fengnum tillögum ríkistollstjóra og tollgæslustjóra. Þykir núverandi fyrirkomulag full viðurhlutamikið því að lagabreytingu þarf til að breyta fjölda tollhafna um lengri eða skemmri tíma, m.a. vegna breyttra hátta í aðflutningi á vörum.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 6. og 7. mgr. 7. gr. gildandi tollheimtulaga, eins og henni hefur verið breytt með 2. gr. laga nr. 46/1984 og þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 2. gr. tollheimtulaga. Í 2. málslið er lagt til að kveðið verði skýrt á um heimildir til að krefja tollyfirvöld sem skattyfirvöld um gögn um skattamál sem talin eru geta komið að gagni við athugun tollamála.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi tollheimtulaga að því undanskildu að gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið tollstjóra í Reykjavík að gegna jafnframt starfi ríkistollstjóra. Um skiptingu tollumdæma vísast í 27. gr., en eins og segir í athugasemdum við hana falla tollumdæmin samkvæmt frumvarpinu ekki fullkomlega saman við aðra umdæmisskiptingu, en af því leiðir að landfræðileg valdmörk embætta geta skarast.

Um 32. gr.

Grein þessi er nýmæli sem leiðir af breytingum sem gert er ráð fyrir að ráðherra geti gert á valdsviði tollstjórans í Reykjavík sem jafnframt gegni þá starfi ríkistollstjóra. Í greininni er kveðið á um eftirlits- og boðvald ríkistollstjóra gagnvart tollstjórum, honum markaður sess í stjórnkerfinu og kveðið á um vald- og verksvið hans. Í löggjöfinni hefur fram að þessu fátt verið sagt um réttindi og skyldur tollstjórans í Reykjavík og er þörfin nú mun brýnni eftir að það embætti hefur verið fært svo mjög út og breytt eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast hins vegar ekki skýringar.

Um 33. gr.

Greinin svarar til 4. mgr. 2. gr. gildandi tollheimtulaga.

Um 34. gr.

Samkvæmt gildandi tollheimtulögum er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji tollgæslustjóra sérstakt erindisbréf til afmörkunar á starfsskyldum hans. Lagt er til að þær verði betur afmarkaðar í lögum og er því í greininni kveðið á um valdsvið tollgæslustjóra og honum settar verklagsreglur sem þarfnast ekki skýringa.

Um 35.—36. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 3. og 4. gr. tollheimtulaga og í samræmi við gildandi framkvæmd.

Um 37.—38. gr.

Greinar þessar eru nýmæli og gera ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstök ríkistollanefnd sem yrði sjálfstæður úrskurðaraðili, hliðstæður ríkisskattanefnd að mörgu leyti. Víða í gildandi tollalöggjöf er gert ráð fyrir úrskurðarvaldi fjármálaráðherra, sbr. t. d. almennt ákvæði í 36. gr. tollskrárlaga með síðari breytingum. Á undanförnum árum hefur orðið veruleg aukning ágreiningsmála á sviði tollamála og segja má að eitt aðalviðfangsefni tolladeildar fjármálaráðuneytisins sé nú orðið afskipti af hvers konar ágreiningsefnum sem

upp koma í tollaframkvæmdinni. Telja verður að slík störf eigi betur heima annars staðar í stjórnkerfinu, enda bæði óeðlilegt að ráðuneytið sjálft, sem fyrst og fremst á að fara með yfirstjórn mála, sinni slíkum afgreiðslum, jafnframt því sem óháður úrskurðaraðili samræmist betur stjórnar- og réttarfarshugmyndum nú á dögum. Ákvæðin sjálf þarfnast ekki skýringar, en um málsmeðferð fyrir þeirri nefnd sem þar um ræðir, valdsvið o. fl. vísast til 101. gr. frumvarpsins.

Um 39. gr.

Grein þessi er nýmæli, en rétt þykir að kveða sérstaklega á um vanhæfi tollyfirvalda vegna rannsóknar eða meðferðar tollamáls.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. gildandi tollheimulaga.

Um 41.—52. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 9.—20. gr. tollheimtulaga, í sömu röð, en nokkuð styttar þar sem við á, og þarfnast ekki skýringar. Í 2. mgr. 46. gr. er tekið upp ákvæði sem kveður skýrt á um að ákvæði laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skuli gilda eftir því sem við getur átt um rannsókn, yfirheyrslur og aðra meðferð hjá tollgæslunni vegna tollamála. Í 2. mgr. 51. gr. er kveðið skýrt á um þá sjálfsögðu reglu að haft sé samráð við stjórnanda fars, auk hafnaryfirvalda, um skipalægi.

Um 53. gr.

Lagt er til í greininni að 21. og 22. gr. tollheimtulaganna verði sameinaðar í eina grein, en fyrsta málsgrein 21. gr. felld brott í sinni núverandi mynd, en hún felur í sér upptalningu á þeim skjölum sem afhenda ber við komu fars til landsins. Ástæðulaust þykir að hafa það bundið í lögum hvernig skjalalegri meðferð skuli háttað, en örar breytingar í viðskiptalífi í kjölfar aukinnar tækni kallar á aukið svigrúm og sveigjanleika við reglugerðarsetningu. Í kjölfar lögleiðingar þessarar greinar verða 23. og 24. gr. tollheimtulaganna óþarfar auk fleiri greina sem einnig kveða á um meðferð skjala, þar sem þeim atriðum yrði skipað með reglugerð. Er því gert ráð fyrir að þær falli brott. Tekið er upp ákvæði þess efnis að skjöl varðandi farm og aðrar vörur í fari skuli vera frágengin þegar við komu fars inn á tollsvæði ríkisins.

Um 54. gr.

Grein þessi svarar til 5. mgr. 23. gr. tollheimtulaga.

Um 55. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 25. gr. tollheimtulaganna, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 46/1984.

Um 56.—65. gr.

Greinar þessar eru að mestu efnislega samhljóða 26., 27., 28., 30., 32., 33., 34., 35., 36., 37., 40., 41. og 42. gr. tollheimtulaga að öðru leyti en því að ýmsar verklagsreglur varðandi skjöl og meðferð þeirra hafa verið numdar brott, sbr. það sem áður segir um 53. gr. Þá hefur og sumt af lagatextanum verið fellt brott sem þykir segja sig sjálft eða kveðið er beinlínis á um annars staðar í frumvarpinu. Að framansögðum undantekningum slepptum er engin nýmæli að finna í greinum þessum og þarfnast þær ekki skýringar. Felld eru niður ákvæði varðandi útgáfu svonefndra tollvegabréfa, sbr. 27., 28. og 32. gr. tollheimtulaga, en útgáfa þeirra hefur ekki tíðkast í framkvæmd um nokkurt skeið og þykir óþörf.

Í 6. mgr. 64. gr. frumvarpsins er að finna samhljóða ákvæði og er í 16. gr. gildandi laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. að öðru leyti en því að fjármálaráðherra geti

undanþegið útgerðarfélög og flugfélög því að setja tryggingu vegna reksturs flutningsgeymslu. Í framkvæmd hafa þessir aðilar ekki verið látnir setja tryggingu og er gert ráð fyrir að sú framkvæmd haldist.

Um 66. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. gildandi tollheimtulaga, en 2. mgr. hennar um bann við flutningi á vörum milli geymsluhúsa eða -svæða án leyfis tollstjóra er felld brott og farmflytjendum veitt sjálfstætt leyfi, sbr. 69. gr. frumvarpsins.

Um 67. gr.

Grein þessi er nýmæli en þarfnast ekki skýringar.

Um 68. gr.

Greinin samsvarar efnislega 41. gr. gildandi tollskrárlaga og þarfnast ekki skýringar. Styttingu á lagatextanum er ekki ætlað að hafa í för með sér efnisbreytingu, heldur er hér sem víðar í núverandi löggjöf um að ræða óþarfa skráningu á augljósum atriðum sem víða koma annars staðar fram.

Um 69. gr.

Samkvæmt núgildandi tollheimtulögum er flutningur á ótollafgreiddum vörum innanlands almennt óheimill án leyfis tollgæslunnar, auk þess sem hann verður að fara fram undir eftirliti hennar, sbr. 1. mgr. 44. gr. Á undanförnum árum hafa mál hins vegar þróast þannig að skipafélögin hafa með þegjandi samþykki tollyfirvalda flutt ótollafgreiddar vörur milli vörugeymslna í sama tollumdæmi, sem tollyfirvöld hafa samþykkt til slíkra nota, án afskipta tollgæslunnar hverju sinni. Aukinn innflutningur er fyrst og fremst orsök þess, en ljóst er að leyfisveiting hverju sinni er þung í vöfum og mundi leiða til mikillar skriffinnsku og kalla á aukið starfslið bæði hjá farmflytjendum og tollgæslunni. Er því lagt til að tekið verði í lög ákvæði er staðfesti framkvæmd varðandi flutning á ótollafgreiddum vörum sem viðgengist hefur í raun án afskipta tollgæslunnar.

Þá er einnig lagt til að farmflytjendum sem flytja vörur til landsins verði heimilað að flytja ótollafgreiddar vörur milli tollumdæma án sérstaks leyfis tollgæslunnar. Ákvæði þessu er ætlað að einfalda sem mest flutninga á vörum sem eru á leið til ákvörðunarstaðar sem er annar en sá staður sem vörunum er fyrst skipað á land úr flutningsfari og ekki er innan sama tollumdæmis. Gera má ráð fyrir að endurskipulagning vöruflutninga til landsins muni leiða til þess að vöruflutningum verði í auknum mæli beint til einnar hafnar, þaðan sem vörum verði dreift í hin ýmsu tollumdæmi. Ákvæðinu er ætlað að tryggja framhaldsflutning innanlands án flókins leyfakerfis. Er í þess stað lagt til að farmflytjendur tilkynni tollyfirvaldi á komustað og ákvörðunarstað um slíka flutninga. Ef rétt er á haldið ætti á hverjum tíma að liggja fyrir nægileg vitneskja fyrir tollyfirvöld um verustað ótollafgreiddrar vöru á hverjum tíma. Ríkissjóði ætti að öðru leyti að vera næg trygging í ábyrgð þeirri sem um ræðir í 71. gr. þar sem ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda er lögð á farmflytjanda sem annast nefnda flutninga.

Ákvæði 2. mgr. 69. gr. svarar til niðurlags 2. mgr. 44. gr. núgildandi tollheimtulaga.

Um 70. gr.

Greinin svarar til 48. gr. núgildandi tollheimtulaga en lagt er til að ríkistollstjóra verði falið að sjá um leyfisveitingar sem þar um ræðir.

Um 71. gr.

Greinin svarar til 49. gr. núgildandi tollheimtulaga en með henni er lagt til að sá sem annast flutning á ótollafgreiddum vörum ábyrgist alfarið greiðslu aðflutningsgjalda af vöru án tillits til þess hvernig sú ábyrgð stofnast, t.d. vegna skemmda, vöntunar o. s. frv.

Um 72. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Lagaákvæði um tollvörugeymslur o. fl. eru felld inn sem kafli VIII í þessu frumvarpi til heildarlaga um tollamál. Með lögfestingu þessa frumvarps falla því lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. úr gildi. Jafnframt eru hér ýmsar breytingar og nýmæli um tollvörugeymslur o. fl. sem verða rakin hér á eftir eins og efni standa til.

Um 73. gr.

Grein þessi kemur í stað 1. og 4. gr. gildandi laga. Varðandi tryggingu vegna greiðslu gjalda er þess þó að geta að gert er ráð fyrir að heimilt sé að láta rekstraraðila tollvörugeymslu setja tryggingu fyrir opinberum gjöldum, en gildandi ákvæði gerir ráð fyrir því að sá sem setur vöru í geymsluna setji tryggingu bæði fyrir opinberum gjöldum, geymslugjöldum o.s.frv. Þessi breyting stafar af því að í framkvæmd rekur tollgæslan eigi tollvörugeymslu eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Um 74. gr.

Greinin kemur í stað 3. gr. gildandi laga. Í henni er nú vitnað til 2. gr. gildandi laga sem er óþörf þar sem bann og takmarkanir samkvæmt henni koma fram í viðkomandi sérlögum. Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að vörur sem settar eru í tollvörugeymslu séu tollafgreiddar innan árs frá komu til landsins, nema fjármálaráðherra samþykki lengri frest. Í framkvæmd hefur gilt 3 ára frestur sem rétt þykir að lögfesta sem meginreglu.

Um 75. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 76. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 77. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 78. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. gildandi laga.

Um 79. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru tollfrjálsar verslanir bundnar ríkisrekstri, en hér er hins vegar gert ráð fyrir að unnt sé að heimila öðrum slíkan rekstur. Þá er höfð heimild í frumvarpinu um að vörur megi afhenda kaupendum undir eins konar tollinnsigli en í gildandi lögum er gert ráð fyrir skyldu í þessu sambandi. Verður að telja þetta eðlilega breytingu miðað við hvernig framkvæmdin er nú.

Um 80. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. gildandi laga.

Um 81. gr.

Greinin er samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Um 82. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. gildandi laga.

Um 83. gr.

Greinin samsvarar 2. mgr. 14. gr. gildandi laga. Talið er eðlilegt að hafa 9. og 10. gr. gildandi laga sem almenn reglugerðarfyrirmæli.

Um 84. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. gildandi laga, nema refsiþátturinn er felldur brott, en um brot gegn ákvæðinu fer skv. kafla XIV í frumvarpinu.

Um 85. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 23. gr. gildandi laga, nema 1. mgr. fellur brott þar sem hún er óþörf vegna almennra fyrirmæla annars staðar í frumvarpinu um tollafgreiðslu vara, tollflokkun o. s. frv.

Um 86. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. gildandi laga.

Um 87. gr.

Greinin kemur í stað 5. gr. og 1. mgr. 14. gr gildandi laga, og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 88. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 89. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. gildandi laga. Brott falla 17. og 25.—29. gr. gildandi laga, en um efnisatriði þessara ákvæða vísast til 111. og 150. gr. svo og kafla XIV.

Um 90. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er gert ráð fyrir að hægt verði í framtíðinni að koma upp tollfrjálsum svæðum hér á landi þar sem aðstæður þykja sérstaklega henta og skapa þar með möguleika til ýmiss konar atvinnustarfsemi í tengslum við dreifingu og aðvinnslu á ótollafgreiddum vörum. Samkvæmt gildandi lögum er slík starfsemi með öllu óheimil og er því lagasetningar þörf. Í 90.—96. gr. frumvarpsins eru tekin upp ákvæði er kveða á um stofnun og rekstur tollfrjálsra svæða sem hér hefur verið kosið að kalla frísvæði til aðgreiningar frá tollfrjálsum verslunum, sbr. 79. gr., sem almennt ganga undir nafninu fríhafnir.

Í þessari grein er tekin upp heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa stofnun og rekstur frísvæðis. Ekki þykir ástæða til þess að ríkið fari út í slíkan rekstur eða heimildin verði bundin því skilyrði. Sé litið til þeirrar reynslu sem þegar er fyrir hendi af rekstri almennra tollvörugeymslna og notkun þeirra heimilda sem um stofnun og rekstur þeirra gilda kemur í ljós að ríkið hefur ekki fram til þessa talið ástæðu til að stofna eða taka þátt í stofnun eða rekstri almennra tollvörugeymslna. Sama er að segja um sveitarfélög. Rekstur slíkra geymslna hefur því eingöngu verið í höndum einkaaðila á þeim stöðum þar sem þær eru nú reknar, þ. e. í Reykjavík, Keflavík og á Akureyri. Ekki er því gert ráð fyrir að ríkið stofni eða reki frísvæði heldur verði slíkt heimilað þeim aðilum sem um ræðir í 73. gr. með skilyrðum sem þar greinir. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að staðsetning frísvæðis og stærð verði ákveðin af fjármálaráðherra en það verði síðan undir eftirliti tollgæslunnar og kostnaður af því verði greiddur af leyfishafa.

Um 91. gr.

Umgengni og meðhöndlun vara sem fluttar verða inn á frísvæði verður bundin mun minni takmörkunum en nú gildir um meðferð á ótollafgreiddum vörum sem geymdar eru í almennum tollvörugeymslum. Af þeim sökum verður að gera mjög strangar kröfur til þess húsnæðis sem vörurnar verða geymdar í og að þeim unnið. Auk þess verður að gera ráð fyrir ítarlegri skráningu varanna þannig að tryggt verði að þær fái rétta tollmeðferð þegar leyfi er veitt til dreifingar þeirra á almennan markað hér á landi eða til útflutnings.

Ljóst er að eftirlit með starfsemi þeirri sem fram fer á frísvæði verður mun erfiðara heldur en vörum sem annaðhvort eru geymdar í vörugeymslum farmflytjenda eða almennum tollvörugeymslum. Verður því að gera ráð fyrir að eigendur frísvæðis leggi tollgæslunni endurgjaldslaust lið við slíkt eftirlit svo og hvers konar vinnu sem nauðsynleg verður talin vegna skoðunar á þeim vörum sem þar eru geymdar. Fjallar greinin um þessar skyldur eigenda frísvæða.

Um 92. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt bann við neyslu eða notkun ótollafgreiddrar vöru sem flutt hefur verið inn á frísvæðið án heimildar frá tollyfirvaldi. Aðvinnsla sem miðar að því að auka viðskiptavirði þeirra eða koma þeim í söluhæft ástand er hins vegar heimil í samræmi við hlutverk frísvæðis, en gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur þar um.

Um 93. gr.

Gera má ráð fyrir að verslun með hátollavarning verði umtalsverður þáttur í starfsemi frísvæðis. Hætta á misferli með slíkan varning er óhjákvæmilega meiri en aðrar ótollafgreiddar vörur og er því sérstök ástæða til að gera ríkari kröfur um geymslu og flutning þessara vara á frísvæðinu. Er því lagt til að fjármálaráðherra geti sett sérreglur um þessar vörur.

Um 94. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 95. gr.

Ákvæði þetta er fyrst og fremst sett til þess að taka af allan vafa um það að álagning gjalda á vöru, sem flutt er út af frísvæði til neyslu eða nota hérlendis, ræðst af gerð hennar þegar hún er tekin til tollmeðferðar. Tollmeðferð vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, miðast hins vegar við gerð hennar við komu til landsins, enda óheimilt að umbreyta henni þar.

Um 96. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 97. gr.

Grein þessi er nýmæli og er henni ætlað að lögfesta núverandi framkvæmd, sbr. einnig reglugerð nr. 257/1970, þ. e. að innflytjandi útfylli aðflutningsskýrslu sjálfur og reikni út þau gjöld sem leggja ber á vöru við innflutning. Rétt þykir þó að aðeins sé um heimildarákvæði að ræða, þar sem fyrirsjáanlegt er að við tölvuvæðingu tollsins verður um grundvallarbreytingu að ræða við gerð aðflutningsskýrslna.

Um 98. gr.

Grein þessi er nýmæli, sbr. þó til hliðsjónar 1. og 2. mgr. 10. gr. tollskrárlaga að því er varðar verð vöru. Greininni er ætlað að auka öryggi og festu við tollafgreiðslu og tryggja jafnframt rétt innflytjenda ef tollyfirvaldi þykir einhverju ábótavant.

Um 99. gr.

Greinin er nýmæli og þrengir hún mjög rétt til endurákvörðunar aðflutningsgjalda á vörum eftir að þær hafa verið tollafgreiddar. Nokkurrar réttaróvissu hefur gætt um það hversu lengi sé heimilt að endurákveða gjöld, ef fullnægjandi gögn hafa verið lögð fram hjá tollyfirvaldi. Lagt er til með greininni að tiltekinn verði ákveðinn frestur, allt að sextíu dagar fyrir hvorn aðila til þess að krefjast leiðréttingar. Framangreind tímamörk gilda þó m.a. ekki ef innflytjandi vissi eða mátti vita um rétta tollmeðferð vörunnar. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 100. gr.

Grein þessi er nýmæli og kveður hún á um rétt innflytjanda til þess að krefjast úrskurðar tollstjóra, áður en tollafgreiðsla fer fram, um tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld, en hingað til hefur formlegt og bindandi úrskurðarvald tollstjóra verið takmarkað. Greininni er ætlað, eins og fleiri greinum í kafla X, að auka festu við tollafgreiðslu og hraða úrlausn ágreiningsefna. Um bindandi áhrif úrskurða tollstjóra vísast til 101. gr. frumvarpsins, en úrskurðir tollstjóra hafa þó gildi þar til upp er kveðinn endanlegur úrskurður skv. 37. gr., sbr. 101. gr., ef úrlausn tollstjóra sætir áfrýjun.

Um 101. og 102. gr.

Greinar þessar eru nýmæli varðandi málsmeðferð ágreiningsmála og um ýmis formsatriði varðandi úrskurði ríkistollanefndar. Vakin er sérstök athygli á að gert er ráð fyrir að nefndin geti krafist úrskurðar tollstjóra að nýju ef fyrir hana eru lögð skjöl sem þýðingu hafa og ekki lágu fyrir við fyrri úrlausn. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 103. gr.

Í 50. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er fjallað um hvenær aðflutningsgjöld falla í gjalddaga. Samkvæmt ákvæðinu er svo fyrir mælt að aðflutningsgjöld falli í gjalddaga „þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd.“ Um gjalddaga vara sem látnar eru í tollvörugeymslu er vísað til laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. Þar er ekki að finna nein bein ákvæði er kveða á um gjalddaga aðflutningsgjalda af vörum sem settar hafa verið í tollvörugeymslur, nema að svo miklu leyti sem lesa má slíkt út úr ákvæðum 23. gr. laganna.

Þótt sú almenna regla sé í gildi lögum samkvæmt að aðflutningsgjöld falli í gjalddaga þegar flutningsfar tekur höfn, er sú meginregla í gildi samkvæmt reglugerð settri samkvæmt 23. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, að aðflutningsskjöl skuli í síðasta lagi leggja fram innan þriggja mánaða talið frá komudegi flutningsfars. Í raun fær tollyfirvald þá fyrst þær upplýsingar um vöruna sem álagning gjalda verður byggð á. Innflytjandi getur hins vegar í dag dregið greiðslu gjalda í allt að ár talið frá komudegi flutningsfars en þá lætur tollstjóri vöruna á uppboð, nema innflytjandi fríi sig með greiðslu gjalda eða hafi sett vöru í tollvörugeymslu, en þar má vara almennt liggja í allt að þrjú ár.

Eðlilegast er að gjöld falli í gjalddaga þegar álagningu þeirra verður við komið, skjöl varðandi vöru hafa verið lögð fram eða heimild til afhendingar vöru verið veitt. Gjalddagi aðflutningsgjalda skiptir einnig máli að því er varðar fyrningu þeirra, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Verður að telja eðlilegast að miða gjalddaga við afhendingu nauðsynlegra skjala sem tollstjóri getur lagt til grundvallar við ákvörðun aðflutningsgjalda sem verði þó ekki frestað lengur en eitt ár, nema vörur hafi verið settar í tollvörugeymslu. Í því tilviki geta liðið allt að þrjú ár þar til tollafgreiðsla síðast nefndrar vöru fer fram og í raun mun lengri tími vegna sérstakra undanþága sem í gildi eru. Framhaldsflutningur vöru er einnig heimilaður lögum samkvæmt milli tollumdæma sem getur leitt til þess að álagning gjalda dragist.

Er því lagt til að gjalddagi aðflutningsgjalda miðist almennt við afhendingu aðflutningsskjala eða leyfi til afhendingar vöru, en afhendingu úttektarbeiðni þegar um er að ræða vörur sem settar hafa verið í tollvörugeymslu.

Um 104. gr.

Grein þessi er nýmæli, en með henni er kveðið skýrt á um í hvaða tilvikum skuli undantekningarlaust greiða tolla og önnur gjöld áður en leyfi er veitt til afhendingar.

Um 105. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. gildandi tollskrárlaga er svo fyrir mælt, að hafi vara komist í hendur viðtakanda án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalds, skuli heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutninsgjöld er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

Ákvæði þetta er heimildarákvæði þar sem lagt er í vald einstakra tollstjóra að meta hvort atvik séu svo vaxin að réttlætt verði að því sé beitt. Þetta hefur haft í för með sér að ekki hefur verið gætt samræmis í afgreiðslu mála af þessu tagi. Gerir það framkvæmdarvaldið óhjákvæmilega tortryggilegt í augum þeirra sem lenda í þeirri aðstöðu að þurfa að sæta afgreiðslu eftir orðanna hljóðan.

Á síðast liðnu ári voru settar reglur um afgreiðslu þessara mála sem m. a. var ætlað að tryggja ríkissjóði greiðslu aðflutningsgjalda ásamt hæfilegum vöxtum. Reglur þessar, sem taka tillit til gengisskráningar o. fl. atriða, eru flóknar í framkvæmd sem gerir þær ekki eins virkar og ætlast er til. Þá hafa gengismál þróast á þann veg að síður er ástæða til að styðjast við slíka viðmiðun.

Með þessu nýja ákvæði er gert ráð fyrir að séu tollskyldar vörur teknar úr vörslu farmflytjanda eða í öðrum tilvikum án heimildar tollstjóra, skuli aðflutningsgjöld þegar talin fallin í eindaga og viðkomandi gert að greiða frá nánar tilgreindum tíma til greiðsludags hæstu lögleyfða dráttarvexti. Í þessu sambandi þykir rétt að miða útreikning aðflutningsgjalda við tollafgreiðslugengi sem í gildi er á komudegi flutningsfars nema skýlaust sé sannað að hið ólögmæta atvik hafi átt sér síðar stað. Núverandi skipan er hins vegar óljós í þessum efnum. Þá þykir eðlilegast að miða öll réttaráhrif við það tímamark þegar hið ólöglega athæfi átti sér stað en ekki íþyngjandi atvik, eins og hærri skattlagningu, eftir að atburður átti sér stað.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ólöglegur innflutningur sem þessi verði meðhöndlaður í samræmi við ákvæði kafla XIV í frumvarpinu, um refsingar og önnur viðurlög.

Um 106. gr.

Samkvæmt 51. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu aðflutningsgjöld annaðhvort greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr flutningsfari eða tollstjóra í því umdæmi sem vara er framsend til ótollafgreidd skv. 5. gr. laganna. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að innflytjandi, sem veittur verður greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, greiði skuld sína hjá þeim tollstjóra þar sem hann verður í framtíðinni talinn skráður, sbr. athugasemdir við 109. gr. frumvarpsins. Þykir rétt að tekin verði upp ný málsgrein í lög sem kveði á um frávik frá þeirri meginreglu sem nú gildir ófrávíkjanlega um greiðslustað aðflutningsgjalda og skyldu innflytjanda til greiðslu þeirra á skráningarstað.

Um 107. gr.

Grein þessi svarar til 77. gr. gildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Um 108. gr.

Frestur til tollafgreiðslu á vörum er almennt eitt ár frá komudegi flutningsfars til landsins. Um tollvörugeymslur gilda hins vegar sérreglur og verður tollafgreiðslu á vörum sem í þær eru settar almennt að vera lokið innan þriggja ára. Ljóst er að markmiðum þeim sem að er stefnt með heimildarákvæðum frumvarpsins um að veita innflytjendum greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, þ. e. að stytta almennt geymslutíma vara hjá farmflytjendum, verður ekki fyllilega náð með greiðslufresti einum saman og verður því að gera ráð fyrir að frestur til tollafgreiðslu verði almennt styttur. Langmestur hluti innfluttra vara er tollafgreiddur á fyrstu mánuðum eftir innflutning eða þeim komið á sama tíma í tollvörugeymslu. Benda athuganir til að innan sex mánaða frá komu flutningsfars til landsins hafi 90% af innflutningi annaðhvort verið tollafgreiddur og tekinn úr vörslu farmflytjenda eða komið fyrir í tollvörugeymslu. Lítil ástæða virðist til að lengri tími sé almennt veittur til geymslu ótollafgreiddra vara hjá farmflytjendum en raun ber vitni og er því gert ráð fyrir að frestur til tollafgreiðslu vara eða flutnings þeirra í tollvörugeymslu verði almennt styttur í sex mánuði en fjármálaráðherra geti þó í undantekningartilvikum heimilað lengri frest þegar brýnar ástæður þykja til.

Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að heimilt sé að beita dráttarvöxtum sem viðurlögum, ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á gjalddaga eins og hann kann að vera ákveðinn samkvæmt 1. mgr. 52. gr. Með styttingu frests til tollafgreiðslu á vörum og jafnframt styttingu gildistíma tollafgreiðslugengis svo og við fyrirhugaða upptöku daggengis, sem áhrif hefur á útreikning aðflutningsgjalda, er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvæði um innheimtu dráttarvaxta verði tekið upp í 109. gr. laganna vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Um 109. gr.

Í 53. gr. gildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er að finna heimild til handa fjármálaráðherra til að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Samkvæmt heimild þessari verður greiðslufrestur aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu sem talin verður fullnægjandi að mati ráðherra. Jafnframt er það skilyrði sett að varan sé tollafgreidd og flutt úr vörugeymslu innan frests sem ákveðinn verður í reglugerð.

Fram til þessa hefur heimildin ekki verið notuð til að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en hins vegar verið höfð hliðsjón af henni í undantekningartilvikum þegar veittur hefur verið greiðslufrestur vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum. Heimildir þessar hafa verið mjög takmarkaðar og yfirleitt ekki veittar nema í þeim tilvikum þegar sérstakar ástæður hafa verið taldar geta réttlætt greiðslufrest, t. d. þegar um innkaup á vörum hefur verið að ræða frá löndum sem ekki hafa getað haldið útflutningshöfnum sínum opnum nema hluta úr ári og innflytjendur því orðið að kaupa vörubirgðir sem tekið hefur allt að hálfu ári að selja á innanlandsmarkaði. Sköpuðust þessar aðstæður hér áður fyrr einkum vegna kaupa landsmanna á timbri frá löndum við Eystrasalt. Þá hefur í framkvæmd gilt sú regla um tollafgreiðslu á vörum til skipasmíða og -viðgerða, að skipasmiðjum, viðgerðaraðilum og útgerðarmönnum hefur verið heimilað að greiða aðflutningsgjöld af vörum til þessara nota gegn útgáfu skuldarviðurkenningar sem síðar hefur verið skuldajafnað vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem heimiluð er samkvæmt sérstöku ákvæði í tollskrárlögum og reglum sem fjármálaráðuneytið hefur sett. Í þriðja lagi má nefna að fjármálaráðherra hefur gert samkomulag við flest bifreiðainnflutningsfyrirtæki um allt að tuttugu daga greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum nýjum bifreiðum og hafa aðflutningsgjöld verið lánuð af bifreiðum frá árinu 1974. Einnig má hér minna á að sérstakt greiðslufyrirkomulag hefur gilt um innheimtu gjalds af gas- og brennsluolíum svo og bensíngjalds.

Þrátt fyrir að um nokkurn tíma hafi verið í lögum ákvæði er heimilaði greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og hliðsjón verið höfð af ákvæði þessu, þegar aðflutningsgjöld hafa verið lánuð vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum, hefur eins og áður sagði aldrei verið mörkuð stefna um notkun heimildarinnar almennt um innflutning á gjaldskyldum vörum. Ráðagerðir í þá átt hafa vart komist lengra en á umræðustig því að löngum hafa ýmsar blikur verið á lofti í efnahagsmálum og óvissa um stöðu ríkissjóðs. Vísast þar um til almennra athugasemda hér á undan. Þá hefur einnig þótt skorta nánari efnisleg ákvæði í lagaheimild sem skipt getur jafnmiklu máli um afkomu ríkissjóðs í upphafi slíkra lánsviðskipta, eins og fram kemur í athugun Þjóðhagsstofnunar sem birt er í nefndum tillögum til fjármálaráðherra. Meðal annars vegna þessa hefur þótt sérstök ástæða til þess að útbúa frumvarp til laga um breyting, m.a. á ákvæðum 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, þar sem leitast væri við að setja nánari efnisleg ákvæði um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum jafnframt því sem vilji Alþingis væri kannaður til slíkrar ráðstöfunar. Skal hér á eftir gerð nánari grein fyrir einstökum ákvæðum 109. gr. þessa frumvarps.

Skv. 1. mgr. er lagt til að fjármálaráðherra geti svo sem verið hefur heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á vörum. Er gert ráð fyrir að það verði gert með reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um ýmis efnisleg skilyrði sem innflytjandi verði að uppfylla til að njóta slíkra kjara. Gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að fyrst og fremst verði innflytjendum sem stunda innflutning í atvinnuskyni veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum. Þótt þetta verði meginreglan er ljóst með tilliti til núverandi fyrirkomulags á innflutningi landsmanna að veita verður ýmsum öðrum aðilum slíka heimild. Fjölmörg framleiðslufyrirtæki annast sjálf innflutning á ýmsum aðföngum til starfsemi sinnar og verður ekki komist hjá því að veita fyrirtækjum þessum sömu fyrirgreiðslu og þeim sem eingöngu stunda innflutningsverslun. Sama gildir um ýmsa viðgerðaraðila. Þá eru ótaldir flutningamiðlarar, en ætla má að umsvif þeirra eigi eftir að aukast á komandi árum ef höfð er í huga þróun þessara mála í nágrannalöndunum.

Í kjölfar aukinna milliríkjaviðskipta og fleiri milliríkjasamninga hafa óhjákvæmilega þróast flóknar reglur um innflutning á vörum. Þetta hefur aftur leitt til aukinna krafna bæði á hendur tollstarfsmönnum og eins innflytjendum um kunnáttu á þessu sviði til þess að ekki verði óþarfa tafir á tollafgreiðslu. Bera flóknar reglur fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE ljósast merki um þessa þróun. Til þess að stuðla að sem bestri framkvæmd tollamála er óhjákvæmilegt að reynt verði á næstu árum að fjölga enn í þeim hópi innflytjenda sem hafi til að bera þá lágmarksþekkingu sem er forsenda þess að um hnökralausa tollmeðferð vöru geti orðið að ræða. Markmiði þessu má ná með ýmsum hætti, t. d. aukinni fræðslu- og útgáfustarfsemi, bæði af hálfu hins opinbera og eins samtaka verslunarinnar, en til eru einnig aðrar leiðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í framtíðinni verði haft nánara eftirlit með einstökum innflytjendum. Notkun tölva við tollafgreiðslu á vörum mun auðvelda þetta eftirlit þegar fram í sækir. Slíkt eftirlit byggist óhjákvæmilega á skráningu allra innflytjenda og er því gert ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að tekin verði upp sérstök skráning þeirra hjá tollstjórum eins og vikið verður að hér síðar. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi til atvinnurekstrar og skráðir hafa verið hjá tollstjórum geta vænst þess að fá greiðslufrest. Við veitingu heimildarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að kannað verði hvort óeðlilega oft hafi þurft að koma til afskipta yfirvalda af innflutningsskjölum viðkomandi innflytjanda. Virðist eðlilegast að láta greiðslufrest á aðflutningsgjöldum tengjast samskiptum innflytjanda að öðru leyti við tollyfirvöld í sambandi við frágang hans á aðflutningsskýrslum, tollflokkun vara o. s. frv.

Auk þeirra skilyrða sem nú hafa verið nefnd er gert ráð fyrir að innflutningur viðkomandi hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki. Í skýrslu, sem fjármálaráðherra var skilað á árinu 1978 um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, var talið hæfilegt að

miða við 10 m.kr. sem lágmarksfjárhæð. Gert er ráð fyrir, að minnsta kosti í upphafi, að miðað verði við lágmarksinnflutningsverðmæti. Þar sem upptaka greiðslufrests mun hafa veruleg áhrif á tekjustreymi til ríkissjóðs þegar í upphafi, en óvissa í þeim efnum er óneitanlega nokkur, er gert ráð fyrir að lánsviðskipti þessi verði tekin upp í áföngum. Er við það miðað að þeim innflytjendum verði fyrst veitt heimild til innflutnings með greiðslufresti sem fluttu inn vörur fyrir 124 m.kr. eða meira á árinu 1985.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðslufrestur verði bundinn því skilyrði að sett verði fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem fjármálaráðherra metur fullnægjandi. Er gert ráð fyrir að öllum verði í upphafi gert að setja tryggingu er taki bæði til aðflutningsgjalda og dráttarvaxta komi til vanskila af hálfu innflytjanda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að tryggingarfjárhæðin verði fjórðungur af þeirri fjárhæð sem fyrirtæki áætlar sem aðflutningsgjöld á því ári sem sótt er um heimild til greiðslufrests, enda sé tekið mið af greiddum aðflutningsgjöldum á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að falla megi frá þessu skilyrði hjá þeim aðilum sem hafa haft heimild til greiðslufrests í minnst sex mánuði og staðið í skilum á réttum gjalddögum, enda hafi aðflutningsskjölum ekki verið verulega áfátt, innflytjandi ekki sætt viðurlögum þeim sem um ræðir í 20. gr. gildandi tollskrárlaga eða orðið uppvís að refsiverðu broti á tollalöggjöfinni á sama tíma.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að uppgjörstímabil verði almanaksmánuður og eindagi lánaðra aðflutningsgjalda 15 dögum eftir lok hvers uppgjörstímabils. Gert er ráð fyrir að gjöld verði greidd í einu lagi hjá þeim tollstjóra þar sem innflytjandi er eða verður skráður.

Komi til vanefnda af hálfu innflytjanda er gert ráð fyrir að gripið verði til innheimtu dráttarvaxta áður en gengið verður að þeim tryggingum sem gerð verður krafa um í upphafi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti í reglugerð ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef til vanefnda kemur, svo sem sviptingu greiðslufrests tímabundið eða að fullu eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi. Jafnframt er lagt til að tekið verði í lögin heimildarákvæði um innheimtu vaxta af lánuðum aðflutningsgjöldum.

Heimild til greiðslufrests gildir í öllum tollumdæmum landsins.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir meginefni þeirra ákvæða sem gert er ráð fyrir að tekin verði í lög og greiðslufrestur miðist við.

Um 110. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að aðilar sem hafa atvinnu af innflutningi eða flytja vörur inn til atvinnustarfsemi sinnar, t. d. vegna framleiðslu á vörum, verði skráðir hjá tollstjóra í því tollumdæmi þar sem lögheimili þeirra er. Full ástæða er til að fylgjast grannt með því hverjir stunda slíka atvinnustarfsemi og hvort þeir hafi til þess þau leyfi sem áskilin eru lögum samkvæmt. Fram til þessa hafa mál þessi verið fremur afskipt hjá opinberum aðilum sem fylgjast eiga með því að þeir sem annast innflutning á vörum hafi t.a.m. verslunarleyfi og miðar upptaka ákvæðisins að því að bæta eftirlit á þessu sviði.

Þá er óhjákvæmilegt annað en að gera ráð fyrir að afhending á vörum gegn lágmarksskráningu verði bundin því skilyrði að innflytjandi hafi verið skráður og veittur frestur til greiðslu á aðflutningsgjöldum eins og vikið er að í athugasemdum við 109. gr. Að öðru leyti má segja að skráning samkvæmt framansögðu sé forsenda þess að hægt verði að fylgjast betur með viðskiptum innflytjenda við tollyfirvöld.

Um 111. gr.

Grein þessi svarar til 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit en gert er ráð fyrir þessum breytingum:

Í núgildandi lögum er hvergi tekin bein afstaða til ábyrgðar innflytjanda eða annarra sem með einum eða öðrum hætti tengjast formlegri tollafgreiðslu á vöru hjá tollstjóra. Lagt er til að tekið verði upp ákvæði í 1. og 2. mgr. er kveði á um ábyrgð þess sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum á greiðslu aðflutningsgjalda svo og annarra sem tengjast innflutningi á vöru, ef ekki er um sömu aðila að ræða.

Séu skil ekki gerð á aðflutningsgjöldum innan ákveðinna tímamarka, sem nú er eitt ár talið frá komudegi flutningsfars vörunnar til landsins, hefur tollstjóri lögum samkvæmt vald til að grípa til þess þvingunarúrræðis að selja viðkomandi vöru á uppboði til lúkningar greiðslu gjalda. Frá þessari meginreglu hefur í framkvæmd gilt sú regla að borgarfógetaembættið í Reykjavík hefur séð um uppboð vegna ótollafgreiddra vara sem eru í tollumdæmi tollstjórans í Reykjavík. Framkvæmd þessi er leidd af almennu orðalagi í 3. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. Með tilliti til fyrirkomulags þess sem almennt gildir um heimild tollstjóra í öðrum tollumdæmum til þess að tollafgreiða vörur endanlega inn í landið og halda uppboð á vörum, fáist gjöld ekki greidd með öðrum hætti, er eðlilegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi á hendi sömu þvingunarúrræði sem síðasta stig í innheimtu tolla sem honum er reyndar falin skv. 6. gr. nefndra laga. Undirbúningsvinna vegna slíkra uppboða nú fer nær öll fram við embætti tollstjórans í Reykjavík og má því segja að eðlilegt sé að honum verði falið uppboðshaldið sjálft til þess að tollstjóri geti gengið sjálfur frá endanlegri tollafgreiðslu varanna.

Til þess að greiða fyrir því að sem hæst verð fáist fyrir vöru, sem annars yrði sett á uppboð er leitt gæti til óhagkvæmrar sölu, er lagt til að tollstjóra verði veitt heimild til þess að leita eftir tilboði í vöruna.

Að lokum er lagt til að tekið verði upp sérstakt heimildarákvæði varðandi skemmdar vörur, sem litlar líkur eru á að seljast myndu á uppboði eða annars staðar, þ.e. að tollstjóri geti látið eyðileggja þær á kostnað innflytjanda. Upptaka slíks ákvæðis mundi leysa úr ýmsum ágreiningsmálum varðandi greiðsluskyldu sem oft á tíðum verður að teljast ósanngjörn og er auk þess óskynsamleg þegar haft er í huga að vörur þessar fara nær aldrei á innlendan markað heldur er ekið á hauga.

Um 112. gr.

Grein þessi svarar til 55. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Um 113. gr.

Samkvæmt 1. tl. 57. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit er óheimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endursend er til útlanda hafi hún verið boðin fram til sölu. Telja verður óskynsamlegt að útiloka endurgreiðslu aðflutningsgjalda þegar svo stendur á og hindra með þeim hætti endursendingu eða letja menn til slíks. Gera verður ráð fyrir að almennt séu hagsmunir ríkis og einstaklinga meiri með tilliti til þess að fá þann gjaldeyri til baka sem greiddur hefur verið fyrir vöru en láta hana daga hér uppi engum til gagns.

Um aðrar breytingar vísast til athugasemda við 7. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit sem lagt var fram á Alþingi 1984 á þingskjali nr. 58, 55. mál, og varð að lögum nr. 46/1984.

Um 114. gr.

Grein þessi svarar til 2. og 3. mgr. 14. gr. tollskrárlaga.

Um 115.—119. gr.

Greinar þessar svara efnislega til 26., 27., 28., 29. og 30. gr. tollskrárlaga og þarfnast ekki skýringa. Felld er niður heimild fjármálaráðuneytisins skv. 31. gr. tollskrárlaga til að láta athuga verslunarbækur, bréfaviðskipti og önnur skjöl hjá atvinnurekendum vegna meints undirboðs. Er gert ráð fyrir að almennar reglur gildi um öflun upplýsinga þegar slík mál eru til athugunar í ráðuneytinu.

Um 120. gr.

Greininni er ætlað að koma í stað 32. gr. gildandi tollskrárlaga og er víðtækari.

Um 121. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og þarfnast ekki skýringar.

Um 122. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 2/1970 og þarfnast ekki skýringar.

Um 123.—125. gr.

Greinarnar eru samhljóða 60.—62. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1976 um breyting á 2. mgr. 61. gr.

Um 126. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 63. gr. gildandi tollheimtulaga nr. 59/1969, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á þeim.

Um 127.—130. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 64.—67. gr. gildandi tollheimtulaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 131. gr.

Greinin samsvarar 68. gr. gildandi tollheimtulaga að öðru leyti en því, að ákvæði um dagsektir er sleppt, enda óraunhæft og hefur lítt eða ekki verið notað. Önnur þvingunarúrræði, þ.e. stöðvun tollafgreiðslu til viðkomandi, eru nægileg.

Um 132. gr.

Greinin samsvarar 69. gr. gildandi tollheimtulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 66/1973 um breyting á þeim, að undanskildum smávægilegum orðalagsbreytingum.

Um 133. gr.

Greinin samsvarar 70. gr. gildandi tollheimtulaga, en er þó stytt, þar sem ákvæði þeirrar greinar um ákvörðun aðflutningsgjalda og ábyrgð eiganda og umráðamanns farartækis eða vörugeymslu kemur fram í 99. og 67. gr. þessa frumvarps.

Um 134. gr.

Greinin er samhljóða 20. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 135. gr.

Greinin er samhljóða 71. gr. gildandi tollheimtulaga, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1984 um breyting á þeim.

Um 136.—140. gr.

Greinarnar samsvara 72.—76. gr. gildandi tollheimtulaga.

Um 141. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. tollskrárlaga.

Um 142. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar efnislega til 25. gr. tollskrárlaga en gert er ráð fyrir að sýnishorn verði ekki tekin nema samkvæmt nánari reglum sem settar verði af ríkistollstjóra. Jafnframt er honum falin varsla sýnishornasafnsins og upplýsingagjöf um tollflokkun þeirra vara sem þar er að finna, en ljóst má vera að slíkt safn getur ekki með tilliti til fjölbreytni innflutnings orðið umfangsmikið, en gæti þó nýst við kennslu í Tollskóla ríkisins sem gert er ráð fyrir að verði við embættið, sbr. 40. gr.

Til að tryggja samræmda upplýsingagjöf um tollflokkun vara er lagt til í 2. mgr. að innflytjendur verði látnir beina fyrirspurnum sínum til ríkistollstjóra í skriflegu formi. Gert er ráð fyrir að hann samræmi störf tollstjóra og fylgist með úrskurðum þeirra m. a. um tollaflokkun og liggur því beinast við að fela ríkisstjóra að veita upplýsingar um tollflokkun vara sem innflytjandi geti byggt innflutning sinn á svo bindandi sé fyrir ríkið.

Um 143. gr.

Grein þessi er samhljóða 40. gr. tollskrárlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 3/1986.

Um 144. gr.

Greinin er samhljóða 38. gr. tollskrárlaga.

Um 145. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Um 146. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 39. gr. tollskrárlaga en er nokkuð stytt.

Um 147. gr.

Greinin er samhljóða 79. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit en lagt er til að fjármálaráðherra geti auk samninga um samstarf til að vinna gegn ólöglegum innflutningi gert samstarfssamninga til að einfalda og samræma tollframkvæmd vegna tollmeðferðar á vörum.

Um 148. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 149. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli sem tekur af allan vafa í þeim tilvikum þar sem ekki er nægilega skýrt kveðið á um álagningu og innheimtu aðflutnings- og útflutningsgjalda sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum.

Um 150. gr.

Gert er ráð fyrir að afgreiðsla þessa frumvarps sé óháð gildistöku frumvarps um tollskrá sem lagt verður fyrir Alþingi í tengslum við þetta frumvarps. Þar sem ýmis heimildarákvæði 3. gr. núgildandi tollskrárlaga eru tengd ráðgerðum breytingum á 1. gr. tollskrárlaga er nauðsynlegt að 1. og 3. gr. þeirra laga haldi gildi sínu þar til ný tollskrá hefur öðlast gildi.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
UM FRAMKVÆMD 7. GR. HINS ALMENNA SAMKOMULAGS UM TOLLA OG VIÐSKIPTI

Almenn inngangsorð

1. Aðalgrundvöllur tollverðs í þessum samningi er „viðskiptaverð" eins og það er skýrgreint í 1. gr. Lesa ber 1. gr. í samhengi við 8. gr., þar sem m. a. er gert ráð fyrir leiðréttingu á því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber þegar kaupandi tekur að sér vissa tilgreinda þætti sem taldir eru mynda hluta af verði í tollalegu tilliti en eru ekki innifaldir í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru. Í 8. gr. er einnig gert ráð fyrir að í viðskiptaverði felist viss atriði sem ganga kunni frá kaupanda til seljanda í formi sérstakra vara eða þjónustu í stað þess að vera í formi peningagreiðslu. Í 2.—7. gr. eru ákvæði um aðferðir til að ákvarða tollverð þegar það verður ekki gert skv. 1. gr.

2. Þegar ekki er hægt að ákvarða tollverð skv. 1. gr. er eðlilegt að til séu reglur um viðræður milli tollyfirvalda og innflytjenda til þess að finna verðgrundvöll samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. gr. Komið getur fyrir t. d. að innflytjandi hafi upplýsingar um tollverð á sams konar eða svipuðum innfluttum vörum sem ekki eru handbærar tollyfirvöldum í innflutningshöfn. Hins vegar kunna tollyfirvöld að hafa upplýsingar um tollverð á sams konar eða svipuðum innfluttum vörum sem ekki eru handbærar innflytjanda. Reglur um viðræður milli þessara aðila munu gera þeim kleift að skiptast á upplýsingum innan marka viðskiptaleyndar í því skyni að ákvarða réttan verðgrundvöll í tollalegu tilliti.

3. Í 5. og 6. gr. er gert ráð fyrir tveim aðferðum til að ákvarða tollverð þegar það verður ekki gert á grundvelli viðskiptaverðs hinnar innfluttu vöru eða sams konar eða svipaðra innfluttra vara. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal ákvarða tollverð á grundvelli söluverðs vörunnar í því ástandi sem hún var við innflutning til óháðs kaupanda í innflutningslandinu. Innflytjandi á einnig rétt á því að vara sem hlotið hefur frekari aðvinnslu eftir innflutning sé virt samkvæmt ákvæðum 5. gr. óski hann þess. Samkvæmt 6. gr. er tollverð ákvarðað á grundvelli reiknaðs verðs. Þar sem báðar þessar aðferðir hafa vissa erfiðleika í för með sér er innflytjanda gefinn kostur á skv. 4. gr. að velja í hvaða röð þeim skuli beita.

4. Í 7. gr. er kveðið á um ákvörðun tollverðs í þeim tilvikum að ekki reynist unnt að ákvarða það í samræmi við ákvæði fyrri greina.

Inngangur

Aðilar að þessum samningi (hér á eftir nefndir „samningsaðilar") sem

taka tillit til marghliða samningaviðræðnanna um viðskipti;

vilja stuðla að því að náð verði markmiðum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (hér á eftir nefnt Almenna samkomulagið eða GATT) og tryggja aukinn hlut þróunarlanda í alþjóðaviðskiptum;

viðurkenna mikilvægi ákvæða 7. gr. Almenna samkomulagsins og vilja setja reglur um framkvæmd þeirra til þess að skapa meira samræmi og festu við beitingu þeirra;

viðurkenna mikilvægi ákvæða 7. gr. Almenna samkomulagsins og vilja setja reglur um vöru sem útiloki að það sé ákveðið að geðþótta eða tilbúið;

viðurkenna að grundvöllur fyrir tollverði vöru eigi eftir því sem frekast er unnt að vera viðskiptaverð þeirrar vöru sem verið er að virða;

viðurkenna að tollverð eigi að byggjast á einföldum og réttlátum mælikvarða sem samrýmist viðskiptavenjum og án tillits til hvaðan vara berst;

viðurkenna að verðákvörðunaraðferðir eigi ekki að nota til að stemma stigu við undirboðum;

eru ásáttir um eftirfarandi:

HLUTI I
REGLUR UM ÁKVÖRÐUN TOLLVERÐS

1. gr.

1. Tollverð innfluttrar vöru skal vera viðskiptaverðið, þ. e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu til útflutnings til innflutningslandsins, leiðrétt í samræmi við ákvæði 8. gr., enda

   a. séu kaupanda engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun vörunnar, aðrar en takmarkanir sem

      1. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum í innflutningslandinu,

      2. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vöruna, eða

      3. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti vörunnar;

   b. sé salan eða verðið ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir að því er varðar þá vöru sem verið er að virða;

   c. renni enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun vörunnar af hálfu kaupanda beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingu í samræmi við ákvæði 8. gr., og

   d. kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða, séu þeir háðir hvor öðrum, að viðskiptaverðið sé nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

2. a. Þegar ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé nothæft skv. 1. mgr. á það ekki í sjálfu sér að valda því að viðskiptaverð sé talið ónothæft að kaupandi og seljandi eru hvor öðrum háðir í skilningi 15. gr. Í því tilviki skal kanna kringumstæður við söluna og samþykkja viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Hafi tollyfirvöld ástæðu til að ætla, vegna upplýsinga frá innflytjanda eða af öðrum ástæðum, að tengslin hafi haft áhrif á verðið skulu þau koma athugasemdum sínum á framfæri við innflytjanda og skal honum gefið nægilegt færi til andsvara. Óski innflytjandi þess skal honum gerð skriflega grein fyrir athugasemdum.

b. Við sölu milli háðra aðila skal samþykkja viðskiptaverðið og virða vöruna í samræmi við ákvæði 1. mgr., enda sýni innflytjandi fram á að verðið sé sambærilegt við eitthvert neðangreint verð sem fyrir kemur á sama eða svipuðum tíma:

1. Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda á sams konar eða svipuðum vörum til útflutnings til sama innflutningslands.
2. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. gr.
3. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 6. gr.
4. Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda til útflutnings til sama innflutningslands á vörum sem telja má sams konar og hinar innfluttu vörur að því undanskildu að vera framleiddar í öðru landi, enda séu seljendur í hverjum tvennum viðskiptum, sem borin eru saman, óháðir hvor öðrum.

Þegar framangreindum könnunum er beitt skal taka tillit til mismunar sem sýnt er fram á varðandi viðskiptastig, magn, atriði talin upp í 8. gr. og kostnað sem seljandi verður fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru óháðir hvor öðrum, en seljandi verður ekki fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru háðir hvor öðrum.

c. Kannanir sem getið er um í b-lið 2. mgr. skal nota að frumkvæði innflytjanda og eingöngu til viðmiðunar. Annað verð í staðinn má ekki ákvarða samkvæmt ákvæðum b-liðar 2. mgr.

2. gr.

1. a. Sé ekki hægt að ákvarða tollverð innfluttrar vöru samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar eru til útflutnings til sama innflutningslands og fluttar út á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.

b. Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki skal nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á öðru viðskiptastigi og/eða í öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu og/eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli framkominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

2. Þegar kostnaðarliðir og gjöld sem getið er í 2. mgr. 8. gr. eru innifalin í viðskiptaverði skal taka tillit við leiðréttingu til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli hinnar innfluttu vöru og sams konar viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.

3. Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði innfluttu vörunnar.

3. gr.

1. a. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. skal það vera viðskiptaverð svipaðra vara sem seldar eru til útflutnings til sama innflutningslands og fluttar út á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.

b. Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð svipaðra vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki skal nota viðskiptaverð svipaðra vara við sölu á öðru viðskiptastigi og/eða öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu og/eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli fram kominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

2. Þegar kostnaðarliðir og gjöld sem getið er í 2. mgr. 8. gr. eru innifalin í viðskiptaverði skal taka tillit við leiðréttingu til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli hinnar innfluttu vöru og svipaðra viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.

3. Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á svipuðum vörum skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði innfluttu vörunnar.

4. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1., 2. og 3. gr. skal ákvarða það samkvæmt ákvæðum 5. gr. eða — þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt þeirri grein — samkvæmt ákvæðum 6. gr., en þó skal fyrr beitt ákvæðum 6. gr. en 5. gr. ef innflytjandi óskar þess.

5. gr.

1. a. Sé innflutt vara eða sams konar eða svipaðar vörur seldar í innflutningslandinu í því ástandi sem þær voru fluttar inn skal miða tollverð hinnar innfluttu vöru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar við það einingarverð sem hún eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni, á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða var flutt inn, til aðila sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af, en þó að frádregnum eftirtöldum liðum:

   1. Annaðhvort þeim umboðslaunum sen venjulega eru greidd eða samþykkt er að greiða eða því sem venjulega er bætt við sem ágóðahlut og til almennra útgjalda í tengslum við sölu í því landi á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar.
   2. Venjulegum flutningskostnaði og vátryggingu og skyldum kostnaði sem leggst á í innflutningslandinu.
   3. Kostnaðarliðum og gjöldum sem getið er í 2. mgr. 8. gr., eftir því sem við á.
   4. Tollum og öðrum gjöldum sem greiða ber í innflutningslandinu vegna innflutnings eða sölu vörunnar.

   b. Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur til sölu á sama eða svipuðum tíma og varan sem virða á er flutt inn skal miða tollverðið, að uppfylltum öðrum ákvæðum a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, við það einingarverð sem hin innflutta vara eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í innflutningslandinu í því ástandi sem þær voru fluttar inn, hið fyrsta eftir innflutning þeirrar vöru sem verið er að virða, en þó innan 90 daga frá innflutningi.

2. Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur seldar í innflutningslandinu í því ástandi sem þær voru fluttar inn skal miða tollverðið, ef innflytjandi óskar þess, við það einingarverð sem hin innflutta vara eftir frekar aðvinnslu er seld á í mesta heildarmagni til aðila í innflutningslandinu sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af,

enda sé tekið tillit til virðisauka vegna aðvinnslunnar og frádráttarliða sem gert er ráð fyrir í a-lið 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

1. Tollverð innfluttrar vöru skal byggja á reiknuðu verði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Reiknað verð skal mynda með samtölu eftirtalinna þátta:

a. Kostnaðarverðs eða verðmætis efnivara og tilbúnings eða annarrar aðvinnslu sem notuð er við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.

b. Upphæðar vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda er jafngildir því sem venjulega leggst á vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar og sú sem verið er að virða og fellur í hlut framleiðenda í útflutningslandinu við útflutning til innflutningslandsins.

c. Kostnaðarverðs eða verðmætis allra annarra útgjaldaliða sem nauðsynlegir eru til að fram komi sú verðákvörðunarleið sem samningsaðili velur skv. 2. mgr. 8. gr.

2. Enginn samningsaðili getur skyldað eða þvingað aðila sem ekki er búsettur á landsvæði hans til að leggja fram til könnunar eða leyfa aðgang að neins konar reikningum eða öðrum bókhaldsgögnum í því skyni að ákvarða reiknað verð. Þó mega yfirvöld í innflutningslandi staðreyna í öðru landi upplýsingar sem framleiðandi vöru hefur látið í té til þess að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, enda samþykki framleiðandi það og þau tilkynni ríkisstjórn viðkomandi lands það með nægilegum fyrirvara og hún sé ekki könnuninni mótfallin.

7. gr.

1. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1.—6. gr. skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum þessa samnings og 7. gr. Almenna samkomulagsins og á grundvelli fáanlegra upplýsinga í innflutningslandinu.

2. Eigi skal ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á grundvelli eftirtalins:

a. Söluverðs í innflutningslandinu á vörum sem framleiddar eru þar.

b. Fyrirkomulags sem gerir ráð fyrir að samþykkt sé í tollalegu tilliti hið hærra verð þegar tvenns konar verð kemur til greina.

c. Vöruverðs á heimamarkaði í útflutningslandinu.

d. Framleiðslukostnaðar, annars en reiknaðs verðs sem hefur verið ákvarðað fyrir sams konar eða svipaðar vörur í samræmi við ákvæði 6. gr.

e. Útflutningsverðs vörunnar til annars lands en innflutningslandsins.

f. Lágmarkstollverðs.

g. Verðs sem ákveðið er að geðþótta eða er tilbúið.

3. Óski innflytjandi þess skal tilkynna honum skriflega um tollverð það sem ákvarðað hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og um þá aðferð sem notuð hefur verið við að ákvarða það verð.

8. gr.

1. Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal bæta við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur sem hér segir:

a. Eftirtöldu, að því leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna:

1. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
2. Kostnaði vegna gáma sem teljast í tollalegu tilliti tilheyra vörunum.
3. Pökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.

b. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinna vara og þjónustu, sem látið er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinnar innfluttu vöru til útflutnings, að því leyti sem þetta verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
1. Efnivörum, hlutum, pörtum o. þ. h. sem notað hefur verið í hina innfluttu vöru.
2. Verkfærum, formum, mótum o. þ. h. sem notað hefur verið við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
3. Efnivörum sem eyðst hafa við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
4. Verkfræðivinnu, þróun, listverkum, hönnun, áætlunum og skissum, sem unnið hefur verið annars staðar en í innflutningslandinu og nauðsynlegt er til framleiðslu hinnar innfluttu vöru.

c. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vöru þeirri sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða sem skilyrði fyrir sölu hennar, að því leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber.

d. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinnar innfluttu vöru sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

2. Við lagasetningu skal hver samningsaðili sjá til þess að eftirtalin atriði séu að öllu eða einhverju leyti innifalin í tollverði eða útilokuð úr því:

a. Flutningskostnaður hinnar innfluttu vöru til innflutningshafnar eða -staðar.

b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu og meðferð hinnar innfluttu vöru vegna flutnings hennar til innflutningshafnar eða -staðar.

c. Vátryggingarkostnaður.

3. Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

4. Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

9. gr.

1. Þurfi að umreikna gjaldmiðil við ákvörðun tollverðs skal nota það gengi sem þar til bær yfirvöld í innflutningslandi hafa auglýst, enda gefi það til kynna eins nákvæmlega og unnt er, á því tímabili sem hver gengistafla gildir, raunverulegt verðmæti hans í almennum viðskiptum gagnvart gjaldmiðli innflutningslandsins.

2. Nota skal það gengi sem í gildi er þegar útflutningur fer fram eða innflutningur eftir því sem hver samningsaðili ákveður.

10. gr.

Allar upplýsingar sem eru í eðli sínu trúnaðarmál eða hafa verið látnar í té í trúnaði vegna ákvörðunar tollverðs skulu njóta fullkominnar þagnarskyldu viðkomandi yfirvalda, og

skulu þau eigi láta þessar upplýsingar uppi án sérstakrar heimildar þess aðila eða ríkisstjórnar sem látið hefur þær í té, nema að því leyti sem þær kunna að þurfa að koma fram við meðferð máls fyrir dómstólum.

11. gr.

1. Í löggjöf hvers samningsaðila um ákvörðun tollverðs skulu vera ákvæði um heimild innflytjanda, eða sérhvers annars aðila sem ábyrgur er fyrir greiðslu tolls, til áfrýjunar án viðurlaga.

2. Fyrsta stig áfrýjunarréttar án viðurlaga getur verið til yfirvalds innan tollstjórnarinnar eða til sjálfstæðs aðila, en í löggjöf hvers samningsaðila skulu vera ákvæði um heimild til áfrýjunar til dómstóla án viðurlaga.

3. Tilkynna skal áfrýjanda um úrskurð vegna áfrýjunar og skal rökstuðningur fyrir slíkum úrskurði vera skriflegur. Einnig skal upplýsa áfrýjanda um rétt hans til frekari áfrýjunar.

12. gr.

Lög, reglugerðir, úrskurðir dómstóla og stjórnvalda sem almennt gildi hafa vegna framkvæmdar þessa samnings skal viðkomandi innflutningsland birta í samræmi við 10. gr. Almenna samkomulagsins.

13. gr.

Reynist nauðsynlegt við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru að fresta lokaákvörðun um það skal eigi að síður heimila innflytjanda að leysa til sín vöruna úr tolli, enda setji hann, sé þess krafist, fullnægjandi tryggingu í formi ábyrgðar, fjártryggingar eða annarra viðeigandi ráðstafana fyrir endanlegri greiðslu aðflutningsgjalda sem kunna að verða lögð á vöruna. Í löggjöf hvers samningsaðila skulu vera ákvæði um þetta atriði.

14. gr.

Athugasemdir í viðauka I við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans og skal lesa greinar samningsins og beita þeim í samhengi við viðeigandi athugasemdir. Viðaukar II og III eru einnig óaðskiljanlegur hluti samningsins.

15. gr.

1. Í þessum samningi
   a. merkir „tollverð innfluttrar vöru“ verðmæti vöru til þess að nota við álagningu verðtolls á innflutta vöru,
   b. merkir „innflutningsland“ það land eða tollsvæði þar sem innflutningur á sér stað, og
   c. tekur orðið „framleitt“ til þess sem ræktað er, verksmiðjuunnið og unnið með námugreftri.

2. a. Í þessum samningi eiga „sams konar vörur“ við vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ. m. t. einkenni, gæði og orð sem af þeim fer. Minni háttar útlitsmunur útilokar ekki vörur, sem að öllu leyti falla undir skilgreininguna, frá því að teljast vera sams konar.

   b. Í þessum samningi eiga „svipaðar vörur“ við vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipuð einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orð sem af þeim fer og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem hafa verður í huga við ákvörðun á því hvort vörur séu svipaðar.

c. Hugtökin „sams konar vörur“ og „svipaðar vörur“ hvort um sig taka ekki til vara sem fela í sér eða gefa til kynna verkfræðivinnu, þróun, listverk, hönnun, áætlanir og skissur sem ekkert tillit hefur verið tekið til við verðleiðréttingu skv. 4. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. þar eð þeir þættir fóru fram í innflutningslandinu.

d. Vörur skal ekki telja „sams konar vörur“ eða „svipaðar vörur“ nema þær hafi verið framleiddar í sama landi og vara sú sem verið er að virða.

e. Því aðeins skal taka til greina vörur framleiddar af öðrum aðila að ekki séu fyrir hendi neinar sams konar eða svipaðar vörur framleiddar af sama aðila og vara sú sem verið er að virða.

3. Í þessum samningi eiga „vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar“ við vörur sem teljast til vöruflokka eða vörusviðs sem framleitt er í tilteknum iðnaði eða iðngrein, og tekur til sams konar eða svipaðra vara.

4. Vegna framkvæmdar þessa samnings skal því aðeins telja aðila háða hvor öðrum að

a. þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvors annars,

b. þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis,

c. þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans,

d. einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórni eða hafi umráð yfir 5 hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum,

e. annar þeirra beint eða óbeint stjórni hinum,

f. þriðji aðili beint eða óbeint stjórni báðum

g. báðir saman beint eiða óbeint stjórni þriðja aðila, eða

h. þeir séu í sömu fjölskyldu.

5. Aðilar sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan, þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum í skilningi þessarar greinar.

16. gr.

Innflytjandi á rétt á að fá skriflega skýringu á því frá tollyfirvöldum í innflutningslandinu hvernig tollverð vöru er hann flutti inn var ákvarðað, enda sé það gert með skriflegri beiðni.

17. gr.

Enginn ákvæði þessa samnings skal skilja þannig að réttur tollyfirvalda verði takmarkaður eða vefengdur til að staðreyna sannleiksgildi eða áreiðanleika hvers konar yfirlýsingar, skjals eða skýrslu sem lagt hefur verið fram vegna ákvörðunar tollverðs.

HLUTI II

STJÓRNUN, SAMRÁÐ OG ÚRLAUSN ÁGREININGSMÁLA

Stofnanir

18. gr.

Stofna skal samkvæmt samningi þessum:

1. Tollverðsákvörðunarnefnd (hér á eftir nefnd Nefndin) sem í eiga sæti fulltrúar frá hverjum samningsaðila. Nefndin skal sjálf velja sér formann og skal að jafnaði halda fund

einu sinni á ári eða eins og ástæða þykir til vegna tiltekinna ákvæða samningsins, til þess að gefa samningsaðilum tækifæri til viðræðna um málefni varðandi framkvæmd tollverðsákvörðunarkerfisins hjá hvaða samningsaðila sem er, þar sem það kynni að hafa áhrif á framkvæmd ákvæða samningsins eða stuðla að framgangi markmiða hans, og til að vinna að öðrum málefnum sem samningsaðilar kunna að fela henni. Skrifstofa GATT skal vera skrifstofa Nefndarinnar.

2. Tæknilega tollverðsákvörðunarnefnd (hér á eftir nefnd Tækninefndin) á vegum Tollasamvinnuráðsins og skal hún vinna að þeim málefnum sem fjallað er um í viðauka II við þennan samning og starfa samkvæmt reglum sem þar eru tilgreindar.

Viðræður

19. gr.

1. Telji einhver samningsaðili að einhver beinn eða óbeinn ávinningur hans samkvæmt samningi þessum sé að engu gerður eða honum spillt eða að verið sé að hindra að einhverjum markmiðum samningsins verði náð og að þetta stafi af aðgerðum eins eða fleiri samningsaðila, getur hann farið fram á viðræður við þann eða þá samningsaðila sem um er að ræða með það fyrir augum að fá lausn á málinu sem er viðunandi fyrir alla aðila. Sérhver samningsaðili skal taka beiðni annars samningsaðila um viðræður til vinsamlegrar athugunar.

2. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu hefja umbeðnar viðræður án tafar.

3. Samningsaðilar sem taka þátt í viðræðum um tiltekið málefni sem snertir framkvæmd þessa samnings skulu reyna að ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Sé þess óskað mun Tækninefndin láta þeim samningsaðilum í té ráðleggingar og aðstoð sem í viðræðum eiga.

Úrlausn ágreiningsmála

20. gr.

1. Fái ekki samningsaðilar sem í viðræðum eiga skv. 19. gr. viðunandi lausn fyrir alla skal Nefndin, óski einhver deiluaðili þess, koma saman innan 30 daga frá því að beiðni berst, til þess að rannsaka málið með það fyrir augum að greiða fyrir lausn sem er viðunandi fyrir alla aðila.

2. Við rannsókn máls og val vinnuaðferða sinna skal Nefndin taka tillit til hvort ágreiningsefnið lúti að stefnumálum í viðskiptum eða snerti atriði sem þarfnast nákvæmrar tæknilegrar umfjöllunar. Nefndin getur að eigin frumkvæði farið þess á leit við Tækninefndina að kanna samkvæmt ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar sérhvert atriði sem þarfnast tæknilegrar umfjöllunar. Að beiðni einhvers deiluaðila, sem telur deiluna snúast um tæknileg atriði, skal Nefndin fara þess á leit við Tækninefndina að gera slíka könnun.

3. Þegar unnið er að úrlausn ágreiningsmála má á hvaða stigi sem er leita álits þar til bærra stofnana og sérfræðinga á því sviði sem fjallað er um. Krefjast má viðeigandi upplýsinga og aðstoðar frá þessum stofnunum og sérfræðingum. Nefndin skal taka tillit til niðurstöðu athugana Tækninefndarinnar varðandi deilumálið.

Tæknileg atriði

4. Þegar Tækninefndin hefur fengið beiðni skv. 2. mgr. þessarar greinar skal hún taka málið til athugunar og gefa Nefndinni skýrslu eigi síðar en þrem mánuðum eftir að hinu tæknilega atriði var vísað til hennar, nema deiluaðilar komi sér saman um að veita lengri frest.

Rannsóknarnefndir

5. Þegar máli er ekki vísað til Tækninefndarinnar skal Nefndin að beiðni einhvers deiluaðila skipa rannsóknarnefnd ef liðnir eru þrír mánuðir frá því að beiðni til Nefndarinnar um rannsókn málsins var dagsett og viðunandi lausn fyrir alla aðila hefur ekki fengist. Hafi Tækninefndin fengið málið til meðferðar skal Nefndin að beiðni einhvers deiluaðila setja á fót rannsóknarnefnd, enda hafi viðunandi lausn fyrir aðila ekki náðst innan mánaðar frá þeim degi að Tækninefndin kom skýrslu sinni til Nefndarinnar.

6. a. Þegar rannsóknarnefnd er skipuð skulu gilda um hana reglur sem er að finna í viðauka III.

b. Hafi Tækninefndin skilað skýrslu um tæknileg atriði deilumáls skal rannsóknarnefndin nota þá skýrslu sem grundvöll að umfjöllun sinni um tæknileg atriði þess.

Fullnusta

7. Eftir að rannsókn er lokið eða eftir að Nefndin hefur fengið í hendur skýrslu Tækninefndarinnar eða rannsóknarnefndar skal hún fjalla um málið án tafar. Að því er varðar skýrslur rannsóknarnefnda skal Nefndin gera viðeigandi ráðstafanir innan 30 daga frá viðtöku skýrslu. Ráðstafanir þessar skulu fela í sér eftirfarandi:

1. Yfirlýsingu um staðreyndir máls.
2. Tilmæli til eins eða fleiri samningsaðila, eða hvern þann úrskurð sem hún telur við eiga.

8. Ef samningsaðili telur sig ekki geta orðið við tilmælum sem til hans er beint skal hann þegar í stað gera Nefndinni skriflega grein fyrir ástæðum. Nefndin skal þá taka til umfjöllunar hvaða frekari ráðstafanir kunni að eiga við.

9. Telji Nefndin að atvik séu svo alvarleg að það réttlæti þá ráðstöfun getur hún heimilað einum eða fleiri samningsaðilum að hætta að sinna skyldum samkvæmt samningnum gagnvart öðrum samnigsaðila eða -aðilum að því leyti sem hún telur við eiga.

10. Nefndin skal fylgjast með hverju því máli sem hún hefur gefið út tilmæli í eða úrskurðað.

11. Komi upp deila milli samningsaðila varðandi réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum skulu þeir í öllu fara eftir reglum samnings þessa um lausn ágreiningsatriða áður en þeir leita réttar síns samkvæmt ákvæðum GATT, þ. m. t. beiting ákvæða 23. gr. þess.

HLUTI III

SÉRSTÖK OG AFBRIGÐILEG MÁLSMEÐFERÐ

21. gr.

1. Samningsaðilar í þróunarlöndum geta frestað framkvæmd ákvæða samnings þessa í allt að fimm ár frá gildistöku hans í þeim löndum. Samningsaðilar í þróunarlöndum sem kjósa að fresta framkvæmd samnings þessa skulu tilkynna það aðalframkvæmdastjóra GATT.

2. Auk þess sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar er samningsaðilum í þróunarlöndum heimilt að fresta framkvæmd ákvæða 3. tl. b-liðar 2. mgr. 1. gr. og 6. gr. í allt að þrjú ár frá því er þeir hefja framkvæmd allra annarra ákvæða þessa samnings. Samningsaðilar í þróunarlöndum sem kjósa að fresta framkvæmd ákvæða sem tilgreind eru í þessari málsgrein skulu tilkynna það aðalframkvæmdastjóra GATT.

3. Samningsaðilar í þróuðum löndum skulu veita tækniaðstoð samningsaðilum í þróunarlöndum sem þess óska, með skilmálum sem þeir verða ásáttir um. Á þessum grundvelli skulu samningsaðilar í þróuðum löndum gera áætlanir um tækniaðstoð er taki m. a. til þjálfunar starfsfólks, aðstoð við undirbúning framkvæmdaratriða, aðgang að upplýsingamiðlun varðandi aðferðir við tollverðsákvarðanir og ráðgjöf um framkvæmd ákvæða samnings þessa.

HLUTI IV
LOKAÁKVÆÐI

Samþykkt og aðild

22. gr.

1. Samningur þessi skal vera opinn til samþykktar með undirskrift eða öðrum hætti fyrir ríkisstjórnir aðildarríkja GATT og fyrir Efnahagsbandalag Evrópu.

2. Samningur þessi skal vera opinn til samþykktar með undirskrift eða öðrum hætti fyrir ríkisstjórnir sem fengið hafa bráðabirgðaaðild að GATT, með skilmálum er tryggja framkvæmd á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum og taka mið af réttindum og skyldum sem felast í samþykktarskjölum um bráðabirgðaaðild þeirra.

3. Samningur þessi skal vera opinn fyrir aðild sérhverrar annarrar ríkisstjórnar með skilmálum er tryggja framkvæmd á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum og samþykktir skulu af viðkomandi ríkisstjórn og samningsaðilum með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra GATT samþykktarskjal um aðildina sem tilgreini umsamda skilmála.

4. Varðandi samþykkt má beita ákvæðum a- og b-liðar 5. mgr. 26. gr. Almenna samkomulagsins.

Fyrirvarar

23. gr.

Fyrirvara má ekki gera varðandi nein ákvæði samnings þessa nema aðrir samningsaðilar séu um það ásáttir.

Gildistaka

24. gr.

Samningur þessi skal taka gildi 1. janúar 1981 vegna ríkisstjórna* sem hafa samþykkt hann eða gerast aðilar að honum fyrir þann dag. Vegna annarra ríkisstjórna skal hann taka gildi á þrítugasta degi frá dagsetningu samþykktar hennar á eða aðildar hennar að samningnum.

Landslög

25. gr.

1. Sérhver ríkisstjórn sem samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum skal tryggja eigi síðar en á gildistökudegi hans hennar vegna, að lög, reglugerðir og framkvæmdaratriði verði í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Sérhver samningsaðili skal tilkynna Nefndinni um breytingar á lögum og reglugerðum sem gerðar verða vegna þessa samnings og vegna framkvæmdar þeirra laga og reglugerða.

---

*Orðið „ríkisstjórnir" er talið taka til þar til bærra yfirvalda í Efnahagsbandalagi Evrópu.

Endurskoðun

26. gr.

Nefndin skal árlega skoða framkvæmd og beitingu samnings þessa með tilliti til markmiða hans. Nefndin skal árlega gefa aðildarríkjum GATT skýrslu um þróun mála á því tímabili sem endurskoðunin tekur til.

Breytingar

27. gr.

Samningsaðilar geta breytt samningi þessum, m. a. með tilliti til þeirrar reynslu sem fæst við framkvæmd hans. Breyting skal ekki taka gildi gagnvart neinum samningsaðila fyrr en hann hefur samþykkt hana, enda hafi samningsaðilar orðið ásáttir samkvæmt reglum sem nefndin hefur sett.

Uppsögn

28. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum. Uppsögn tekur gildi þegar liðnir eru sextíu dagar frá þeim degi er skrifleg tilkynning um uppsögn barst aðalframkvæmdastjóra GATT. Þegar slík tilkynning hefur borist getur sérhver samningsaðili krafist þess að Nefndin komi saman tafarlaust.

Skrifstofa

29. gr.

Skrifstofa GATT skal annast skrifstofuhald vegna samnings þessa nema varðandi sérstök verkefni sem falin eru Tækninefndinni, en skrifstofuhald vegna hennar mun skrifstofa Tollasamvinnuráðsins annast.

Varsla

30. gr.

Samningur þessi skal fenginn aðalframkvæmdastjóra GATT til vörslu og skal hann án tafar leggja til sérhverjum samningsaðila og aðildarríki GATT staðfest eintak af honum svo og af hverri breytingu við hann skv. 27. gr., og tilkynna um hverja samþykkt á honum eða aðild að honum skv. 22. gr. og um sérhverja uppsögn á honum skv. 28. gr.

Skrásetning

31. gr.

Samning þennan skal skrá í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gert í Genf hinn 12. dag aprílmánaðar 1979 í einu eintaki á ensku, frönsku og spönsku og skulu allir textarnir jafngildir.

VIÐAUKI I
TÚLKUNARREGLUR

Almenn athugasemd

Í hvaða röð beita skal tollverðsákvörðunarreglunum

1. Í 1.—7. gr. er skýrgreint hvernig tollverð innfluttrar vöru skuli ákvarða samkvæmt ákvæðum samnings þessa. Aðferðir, sem nota skal við verðákvörðun, eru settar fram í þeirri röð sem þeim skal beita. Grundvallaraðferðin við ákvörðun tollverðs er skýrgreind í 1. gr., og innflutta vöru skal jafnan virða í samræmi við ákvæði þeirrar greinar þegar uppfyllt eru skilyrði sem þar er lýst.

2. Þegar ekki er hægt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal það gert með því að fylgja í réttri röð þeim greinum sem á eftir koma uns fundin er sú grein sem hægt er að ákvarða tollverðið eftir. Þegar tollverð verður ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum tiltekinnar greinar má einungis beita ákvæðum næstu greinar í röðinni, sbr. þó ákvæði 4. gr.

3. Fari innflytjandi ekki fram á að 6. gr. verði fyrr beitt en 5. gr. skal farið eftir þeim í réttri röð. Fari innflytjandi hins vegar fram á þetta, en ekki reynist unnt að ákvarða tollverðið samkvæmt ákvæðum 6. gr., skal ákvarða tollverðið samkvæmt ákvæðum 5. gr. ef hægt er að ákvarða það með þeim hætti.

4. Verði tollverð ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1.—6. gr. skal ákvarða það samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Notkun almennt viðurkenndra bókhaldsreglna

1. Með „almennt viðurkenndum bókhaldsreglum“ er átt við þær reglur sem viðurkennt er að almennt ráða eða njóta verulegs stuðnings kunnáttumanna í tilteknu landi á tilteknum tíma varðandi hvaða efnahagsleg gæði og skuldbindingar skuli bóka sem eignir og skuldir, hvaða eigna- og skuldahreyfingar skuli bóka, hvernig mæla skuli eignir, skuldir og hreyfingar á þeim, hvaða upplýsingar skylt sé að láta í té og hvernig þær skuli látnar í té, og hvers konar reikningsskil skuli gerð. Reglur þessar geta verið almennar leiðbeiningar í megindráttum svo og nánari venjur og starfsreglur.

2. Við framkvæmd samnings þessa skulu tollyfirvöld hvers samningsaðila nýta fyrirliggjandi upplýsingar á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur kveða á um í því landi sem við á varðandi þá grein sem um er að ræða. Við ákvörðun á venjulegum ágóðahlut og almennum útgjöldum samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal t. d. farið eftir fyrirliggjandi upplýsingum á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur í innflutningslandinu kveða á um. Við ákvörðun á venjulegum ágóðahlut og almennum útgjöldum samkvæmt ákvæðum 6. gr. mundi hins vegar vera farið eftir fyrirliggjandi upplýsingum á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur í framleiðslulandinu kveða á um. Enn fremur má taka sem dæmi að ákvörðun þáttar sem tilgreindur er í 2. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. og fram hefur farið í innflutningslandinu mundi fara fram á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur í því landi kveða á um.

Athugasemd við 1. gr.

Verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber

Verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber, er sú heildargreiðsla sem kaupandi innir eða honum ber að inna af hendi til seljanda eða í hans þágu fyrir hina innfluttu vöru.

Greiðsla þarf ekki alfarið að vera í formi yfirfærslu peninga. Greiðslu má inna af hendi með ábyrgð eða verðbréfum. Greiðslu er hægt að inna af hendi beint eða óbeint. Sem dæmi um óbeina greiðslu má nefna skuldarkröfu sem kaupandi á gagnvart seljanda og jöfnuð er að fullu eða að hluta.

Þættir sem kaupandi framkvæmir fyrir eigin reikning, aðrir en þeir sem í 8. gr. er gert ráð fyrir til verðleiðréttingar, skoðast ekki sem óbein greiðsla til seljanda jafnvel þótt telja megi í þágu seljanda. Þegar tollverð er ákvarðað skal þess vegna ekki bæta útgjöldum vegna slíkra þátta við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber.

Tollverð skal ekki taka til eftirtalinna útgjalda- eða kostnaðarliða, enda séu þeir aðgreindir frá því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru:

a. Útgjalda vegna byggingar, uppsetningar, samsetningar, viðhalds eða tæknilegrar aðstoðar sem framkvæmt er eftir innflutning vegna innfluttrar vöru svo sem verksmiðja, véla eða tækja.

b. Flutningskostnaðar eftir innflutning.

c. Tolla og skatta í innflutningslandinu.

Verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber, á við verð hinnar innfluttu vöru. Arður eða aðrar greiðslur frá kaupanda til seljanda sem snerta ekki hina innfluttu vöru eru því ekki hluti af tollverði.

3. tl. a-liðar 1. mgr.

Á meðal takmarkana sem ekki mundu leiða til þess að verði, sem raunverulega er greitt eða greiða ber, yrði hafnað eru takmarkanir sem hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti vörunnar. Dæmi um slíkar takmarkanir er að seljandi krefst þess að kaupandi bifreiða selji eða sýni þær ekki fyrir tiltekinn dag sem markar upphaf svonefnds módelárs.

b-liður 1. mgr.

Ef sala eða verð er háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum, sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirrar vöru sem verið er að virða, skal ekki samþykkja viðskiptaverðið í tollalegu tilliti. Sem dæmi um þetta má nefna eftirfarandi:

a. Seljandi ákveður verð hinnar innfluttu vöru með því skilyrði að kaupandi muni einnig kaupa tiltekið magn af öðrum vörum.

b. Verð innfluttrar vöru er háð verði á öðrum vörum sem kaupandi innfluttu vörunnar selur til seljanda hinnar innfluttu vöru.

c. Verð er ákveðið á grundvelli greiðslufyrirkomulags sem er óviðkomandi hinni innfluttu vöru, svo sem þegar innflutta varan er hálfframleidd vara sem seljandi hefur látið í té með þeim skilmálum að hann fái tiltekið magn af fullframleiddri vöru.

Skilyrði eða atriði sem varða framleiðslu innfluttrar vöru eða markaðsöflun fyrir hana skulu þó ekki valda því að viðskiptaverðinu sé hafnað. Láti kaupandi t. d. seljanda í té verkfræðivinnu eða áætlanir, sem unnið er í innflutningslandinu, hefur það ekki í för með sér að viðskiptaverðinu sé hafnað með tilliti til 1. gr. Taki kaupandi á sama hátt að sér fyrir eigin reikning, og jafnvel með samkomulagi við seljanda, störf er varða markaðsöflun fyrir innflutta vöru er verðmæti slíkra starfa ekki hluti af tollverði og þau hafa ekki í för með sér að viðskiptaverðinu sé hafnað.

2. mgr.

1. a- og b-liðir 2. mgr. kveða á um mismunandi leiðir til að ákveða hvort samþykkja skuli viðskiptaverð.

2. a-liður 2. mgr. kveður á um að kanna skuli kringumstæður við söluna ef kaupandi og seljandi eru háðir hvor öðrum, og skal samþykkja viðskiptaverðið sem tollverð ef tengslin hafa ekki haft áhrif á það. Ekki er ætlast til þess að kanna beri kringumstæður í öllum tilvikum sem kaupandi og seljandi eru háðir hvor öðrum. Slíkrar könnunar er einungis þörf þegar vafi er á því hvort samþykkja skuli verðið. Ef tollyfirvöld eru í engum vafa um að geta samþykkt verðið skal gera það án þess að óska frekari upplýsinga frá innflytjanda. Tollyfirvöld kunna t. d. að hafa kannað tengslin áður, eða þau kunna þá þegar að hafa nákvæmar upplýsingar um kaupanda og seljanda, og þau kunna þegar að hafa komist að þeirri niðurstöðu vegna slíkrar könnunar eða upplýsinga að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið.

3. Þegar tollyfirvöld geta ekki samþykkt viðskiptaverð án frekari fyrirspurna skulu þau gefa innflytjanda tækifæri til að leggja fram nákvæmar upplýsingar til viðbótar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að hægt sé að kanna kringumstæður við söluna. Í þessu sambandi skulu tollyfirvöld vera reiðubúin til að kanna þætti sem máli skipta varðandi viðskiptin, þar með talið á hvern hátt kaupandi og seljandi haga viðskiptasambandi sínu og á hvern hátt viðkomandi verð var ákveðið, til þess að komast að niðurstöðu um hvort tengslin hafi haft áhrif á verðið. Þegar hægt er að sýna fram á að kaupandi og seljandi kaupa og selja hvor öðrum eins og þeir væru óháðir hvor öðrum, þótt þeir séu tengdir samkvæmt ákvæðum 15. gr., gefur slíkt til kynna að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið. Taka má sem dæmi um þetta að hafi verð verið ákveðið með þeim hætti sem almennt gerist um verðlagningu í viðkomandi iðnaði eða með þeim hætti sem seljandi venjulega ákveður verð til kaupanda sem ekki er honum háður, gefur slíkt til kynna að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið. Enn fremur má taka sem dæmi að sé sýnt fram á að verð sé nægilegt til að tryggja endurheimtu allra kostnaðarliða að viðbættum hagnaði sem sé í samræmi við heildarhagnað fyrirtækisins á marktæku tímabili (t. d. á heilu ári) vegna sölu á vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar, gefur slíkt til kynna að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið.

4. b-liður 2. mgr. gefur innflytjanda tækifæri til að sýna fram á að viðskiptaverð sé mjög sambærilegt við „könnunarverð“ sem tollyfirvöld hafa áður samþykkt og sé þess vegna hægt að samþykkja það samkvæmt ákvæðum 1. gr. Þegar verð hefur staðist könnun skv. b-lið 2. mgr. er ekki nauðsynlegt að rannsaka hvort um tengsl sé að ræða, sbr. a-lið 2. mgr. Telji tollyfirvöld sig þegar hafa fullnægjandi upplýsingar án frekari fyrirspurna að verð hafi staðist eina af könnunum skv. b-lið 2. mgr. er ástæðulaust fyrir þau að krefjast þess af innflytjanda að hann sýni fram á að verð geti staðist slíka könnun. Hugtakið „óháðir kaupendur“ í b-lið 2. mgr. á við kaupendur sem ekki eru háðir seljanda í neinu sérstöku tilfelli.

b-liður 2. mgr.

Fjölda þátta verður að taka til greina þegar ákvarða skal hvort eitthvert verð sé „mjög sambærilegt“ við annað verð. Þessir þættir taka til eðlis hinnar innfluttu vöru, eðlis iðnaðarins sjálfs, árstíðar þegar varan er innflutt og hvort mismunur í verði skipti máli í viðskiptalegu tilliti. Þar sem þessir þættir geta verið breytilegir í ýmsum tilvikum er ómögulegt að nota algildan staðal eins og tiltekinn hundraðshluta í hverju þeirra. Til dæmis getur smávægilegur verðmismunur varðandi eina vörutegund reynst óaðgengilegur, þótt mikill mismunur varðandi aðra vörutegund kynni að verða aðgengilegur er ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé mjög sambærilegt við „könnunarverð“ skv. b-lið 2. mgr. 1. gr.

Athugasemd við 2. gr.

1. Þegar beitt er 2. gr. skulu tollyfirvöld, hvenær sem hægt er, nota sölu sams konar vara á sama viðskiptastigi og í því sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Sé ekki um neina slíka sölu að ræða má nota sölu á sams konar vörum sem á sér stað samkvæmt einu eftirtalinna þriggja skilyrða:

a. Sölu á sama viðskiptastigi en í öðru magni.

b. Sölu á öðru viðskiptastigi en í því sem næst sama magni.

c. Sölu á öðru viðskiptastigi og í öðru magni.

2. Þegar fundin hefur verið sala sem uppfyllir eitthvert ofangreindra þriggja skilyrða mun verðleiðréttíng, eftir því sem við á, taka til eftirfarandi:

a. Magnþáttar eingöngu.

b. Viðskiptastigsþáttar eingöngu.

c. Beggja þessara þátta.

3. Orðalagið „og/eða" veitir færi á að nota söluna og gera nauðsynlegar verðleiðréttingar vegna hvers þeirra þriggja skilyrða sem getið er um að framan.

4. Vegna framkvæmdar 2. gr. á viðskiptaverð sams konar innfluttra vara við tollverð, leiðrétt samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar, sem þegar hefur verið samþykkt skv. 1. gr.

5. Það skilyrði er sett fyrir verðleiðréttingu vegna mismunandi viðskiptastigs eða mismunandi magns, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðs, að hún sé gerð á grundvelli fram kominna gagna sem sýna ljóslega að hún sé réttmæt og nákvæm, t. d. gildandi verðlista sem sýna verð á mismunandi viðskiptastigi eða á mismunandi magni. Taka má sem dæmi um þetta að sé innflutt vara, sem verið er að virða, sending með 10 einingum, og að einu sams konar vörur sem viðskiptaverð er til fyrir voru seldar í 500 einingum og vitað er að seljandi veitir magnafslátt, þá getur nauðsynleg leiðrétting farið fram á grundvelli verðlista frá seljanda með því að nota það verð sem þar er tilgreint fyrir 10 einingar. Þess er ekki krafist að selt magn hafi verið 10 einingar, enda hafi verið sýnt fram á að fara megi eftir verðlistanum við sölu í öðru magni. Séu slíkar hlutlægar aðferðir ekki fyrir hendi er þó ekki rétt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Athugasemd við 3. gr.

1. Þegar beitt er ákvæðum 3. gr. skulu tollyfirvöld jafnan nota sölu svipaðra vara á sama viðskiptastigi og í því sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Sé ekki um neina slíka sölu að ræða má nota sölu á svipuðum vörum sem á sér stað samkvæmt einu eftirtalinna þriggja skilyrða:

a. Sölu á sama viðskiptastigi en í öðru magni.

b. Sölu á öðru viðskiptastigi en í því sem næst sama magni.

c. Sölu á öðru viðskiptastigi og í öðru magni.

2. Þegar fundin hefur verið sala sem uppfyllir eitthvert ofangreindra þriggja skilyrða mun verðleiðréttíng, eftir því sem við á, taka til eftirfarandi:

a. Magnþáttar eingöngu.

b. Viðskiptastigsþáttar eingöngu.

c. Beggja þessara þátta.

3. Orðalagið „og/eða“ veitir færi á að nota söluna og gera nauðsynlegar verðleiðréttingar vegna hvers þeirra þriggja skilyrða sem getið er um að framan.

4. Vegna framkvæmdar 3. gr. á viðskiptaverð svipaðra innfluttra vara við tollverð, leiðrétt samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar, sem þegar hefur verið samþykkt skv. 1. gr.

5. Það skilyrði er sett fyrir verðleiðréttingu vegna mismunandi viðskiptastigs eða mismunandi magns, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðs, að hún sé gerð á grundvelli framkominna gagna sem sýna ljóslega að hún er réttmæt og nákvæm, t. d. gildandi verðlista sem sýna verð á mismunandi viðskiptastigi eða á mismunandi magni. Taka má sem dæmi um þetta að sé innflutt vara, sem verið er að virða, sending með 10 einingum og að einu svipaðar vörur sem viðskiptaverð er til fyrir voru seldar í 500 einingum og vitað er að seljandinn veitir magnafslátt, þá getur nauðsynleg leiðrétting farið fram á grundvelli verðlista frá seljanda með því að nota það verð sem þar er tilgreint fyrir 10 einingar. Þess er ekki krafist að selt magn hafi verið 10 einingar, enda hafi verið sýnt fram á að fara megi eftir verðlistanum við sölu í öðru magni. Séu slíkar hlutlægar aðferðir ekki fyrir hendi er þó ekki rétt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Athugasemd við 5. gr.

1. Setningin „einingarverð sem ... innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni“ á við það verð sem mestur fjöldi eininga er seldur á við sölu til aðila sem óháður er þeim aðila sem hann kaupir vörurnar af, á fyrsta viðskiptastigi eftir innflutning sem slík sala á sér stað.

2. Sem dæmi um þetta má taka vörur sem seldar eru eftir verðlista sem sýnir hagstæðara einingarverð við kaup á miklu magni.

Sölumagn	Einingarverð	Sölufjöldi	Heildarmagn selt á hverju verði
1—10 einingar	100	10 sölur á 5 einingum 5 sölur á 3 einingum	65
11—25 einingar	95	5 sölur á 11 einingum	55
yfir 25 einingar	90	1 sala á 30 einingum 1 sala á 50 einingum	80

Mestur fjöldi eininga sem seldur er á tilteknu verði er 80. Þess vegna er einingarverð á mesta heildarmagni 90.

3. Sem annað dæmi um þetta má taka tvær sölur. Í fyrri sölunni eru 500 einingar seldar á 95 mynteiningar hver. Í síðari sölunni eru 400 einingar seldar á 90 mynteiningar hver. Í þessu dæmi er mestur fjöldi eininga sem seldur er á tilteknu verði 500. Þess vegna er einingarverð á mesta heildarmagni 95.

4. Sem þriðja dæmi mætti taka eftirfarandi tilvik þar sem mismunandi magn er selt á mismunandi verði.

a. Sölur

Selt magn	Einingarverð
40 einingar	100
30 einingar	90
15 einingar	100
50 einingar	95
25 einingar	105
35 einingar	90
5 einingar	100

b. Samtölur

Heildarmagn selt	Einingarverð
65	90
50	95
60	100
25	105

Í þessu dæmi er mestur fjöldi eininga sem seldur er á tilteknu verði 65. Þess vegna er einingarverð á mesta heildarmagni 90.

5. Við ákvörðun einingarverðs samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal eigi taka til greina neina sölu í innflutningslandi, eins og lýst er í 1. mgr. að framan, til aðila sem lætur í té beint eða óbeint, gjaldfrjálst eða gegn lækkuðu gjaldi, einhvern þeirra þátta sem tilgreindir eru í b-lið 1. mgr. 8. gr. til framleiðslu og sölu hinnar innfluttu vöru til útflutnings.

6. Gæta skal þess að „ágóðahlut og almenn útgjöld“ sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr. ber að taka sem heild. Þá tölu sem draga skal frá í þessu skyni ætti að ákvarða á grundvelli upplýsinga sem látnar hafa verið í té af innflytjanda eða fyrir hans hönd, nema þær stangist á við tölur er varða sölu í innflutningslandi á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða af sömu tegund. Þegar tölur innflytjanda stangast á við þær tölur skal sú upphæð sem ætluð er til ágóðahlutar og almennra útgjalda vera byggð á öðrum upplýsingum þar að lútandi en þeim sem látnar hafa verið í té af innflytjanda eða fyrir hans hönd.

7. „Almenn útgjöld“ taka einnig til beins og óbeins kostnaðar við markaðsöflun fyrir þær vörur sem um ræðir.

8. Skatta sem greiða ber í innflutningslandi vegna sölu varanna og ekki hafa verið dregnir frá samkvæmt ákvæðum 4. tl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. skal draga frá skv. 1. tl. a-liðar 1. mgr. 5. gr.

9. Þegar annað hvort er ákvarðað hver umboðslaun skuli vera eða venjulegur ágóðahlutur og almenn útgjöld samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr. verður að svara því hvort tilteknar vörur séu „í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ og aðrar vörur í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til aðstæðna. Kanna ber sölur í innflutningslandi á þrengsta hópi eða sviði innfluttra vara sem eru í sama gæðaflokki eða af sömu tegund, þ. m. t. sú vara sem verið er að virða, og hægt er að útvega nauðsynlegar upplýsingar um. Við framkvæmd 5. gr. skulu „vörur í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ taka bæði til vara sem fluttar eru inn frá sama landi og vara sú sem verið er að virða og vara sem fluttar eru inn frá öðrum löndum.

10. Við framkvæmd b-liðar 1. mgr. 5. gr. á „hið fyrsta“ við þann dag sem sala fer fram á hinni innfluttu vöru eða sams konar eða svipuðum innfluttum vörum í nægilega miklu magni til að hægt sé að ákvarða einingarverðið.

11. Þegar reglum 2. mgr. 5. gr. er beitt skulu lækkanir vegna virðisauka við frekari aðvinnslu gerðar á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða varðandi kostnað við aðvinnsluna. Viðurkenndar iðnaðarformúlur, uppskriftir, byggingaraðferðir og aðrar venjur í iðnaði má nota sem grundvöll að útreikningi.

12. Viðurkennt er að verðákvörðunarreglum skv. 2. mgr. 5. gr. eigi að jafnaði ekki að beita þegar innfluttar vörur hafa glatað sérkennum sínum vegna frekari aðvinnslu. Samt geta komið upp þau tilvik að hægt sé að ákvarða virðisauka aðvinnslu réttilega og án óhæfilegrar fyrirhafnar þótt sérkenni innfluttu vörunnar hafi glatast. Hins vegar getur borið svo við að hin innflutta vara haldi sérkennum sínum, en myndi svo smávægilegan þátt þeirra vara sem seldar eru í innflutningslandinu að beiting þessarar verðákvörðunarreglu væri ekki réttlætanleg. Með tilliti til framanritaðs verður í hverju tilviki að taka mið af aðstæðum hverju sinni.

Athugasemd við 6. gr.

1. Aðalregla er að tollverð skuli ákvarða samkvæmt samningi þessum á grundvelli upplýsinga sem greiður aðgangur er að í innflutningslandinu. Til þess að ákvarða reiknað verð kann þó að reynast nauðsynlegt að kanna framleiðslukostnað þeirrar vöru sem verið er að virða svo og aðrar upplýsingar sem útvega verður utan innflutningslandsins. Framleiðandi er þó í flestum tilvikum utan lögsögu yfirvalda í innflutningslandinu. Notkun reiknaðs verðs mun yfirleitt takmarkast við þau tilvik að kaupandi og seljandi eru háðir hvor öðrum, og að framleiðandi er reiðubúinn til þess að láta yfirvöldum í innflutningslandi í té nauðsynlegar kostnaðarupplýsingar og aðstöðu til síðari staðreynslu sem nauðsynleg kann að reynast.

2. „Kostnaðarverð eða verðmæti" sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 6. gr. skal ákvarða á grundvelli upplýsinga er varða framleiðslu vöru þeirrar sem verið er að virða og látnar eru í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd. Það skal byggt á viðskiptareikningum framleiðanda, enda séu þeir í samræmi við almennt viðurkenndar bókhaldsreglur sem gilda í framleiðslulandi vörunnar.

3. „Kostnaðarverð eða verðmæti" skal taka til kostnaðar við þá þætti sem tilgreindir eru í 2. og 3. tl. a-liðar 1. mgr. 8. gr. Það skal einnig samkvæmt athugasemd við 8. gr. þar að lútandi taka til viðeigandi hluta af verðmæti sérhvers þáttar sem tilgreindur er í b-lið 1. mgr. 8. gr. sem beint eða óbeint hefur verið látinn í té af kaupanda til notkunar í sambandi við framleiðslu hinnar innfluttu vöru. Verðmæti þeirra þátta sem tilgreindir eru í 4. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. og framkvæmdir eru í innflutningslandi skal eingöngu telja með að því leyti sem þeir eru færðir framleiðanda til gjalda. Áskilið er að ekkert kostnaðarverð eða verðmæti sem vísað er til í þessari grein skuli tvítalið við ákvörðun á reiknuðu verði.

4. „Upphæð vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda" sem vísað er til í b-lið 1. mgr. 6. gr. skal ákvarða á grundvelli upplýsinga sem látnar eru í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd, nema tölur hans séu í ósamræmi við tölur sem venjulega koma fram við sölu á vörum í sama gæðaflokki eða af sömu tegund og sú vara sem verið er að virða og framleiddar eru í útflutningslandinu til útflutnings til innflutningslandsins.

5. Í þessu sambandi skal gæta þess að „upphæð vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda" skal taka sem heild. Af því leiðir að sé ágóðahluti framleiðanda í einhverju tilteknu tilviki lítill og almenn útgjöld hans há kann ágóði hans og almenn útgjöld, tekið sem heild, engu að síður að vera í samræmi við það sem telja má venjulegt við sölu á vörum í sama gæðaflokki eða af sömu tegund. Slík staða gæti t. d. komið upp þegar vara færi á markað í fyrsta sinn í innflutningslandi að framleiðandi sætti sig við að fá engan eða lágan hagnað til að standa undir háum almennum útgjöldum við kynninguna. Geti framleiðandi sýnt fram á að hann fái lágan ágóða af sölu hinnar innfluttu vöru vegna sérstakra viðskiptalegra aðstæðna, skal taka raunverulegar hagnaðartölur hans til greina, enda hafi hann gildar viðskiptalegar ástæður til að réttlæta þær og stefna hans í verðlagningarmálum sé í samræmi við venjulega verðlagningarstefnu í hlutaðeigandi iðngrein. Slíkt ástand gæti t. d. komið upp þegar framleiðendur hafa neyðst til að lækka verð tímabundið, vegna þess að dregið hefur úr eftirspurn án þess að séð yrði fyrir, eða þegar þeir selja vörur til uppfyllingar við vörusvið sem framleitt er í innflutningslandinu og sætta sig við lágan ágóða til þess að vera samkeppnishæfir. Þegar tölur framleiðanda sjálfs um ágóðahlut og almenn útgjöld eru ekki í samræmi við það sem venjulega kemur fram við sölu á vörum í sama gæðaflokki og af sömu tegund og vara sú sem verið er að virða og framleiddar eru í útflutningslandinu til útflutnings til innflutningslandsins, getur upphæð sem ætluð er til ágóðahlutar og almennra útgjalda byggst á öðrum upplýsingum þar að lútandi en þeim sem látnar hafa verið í té af framleiðanda varanna eða fyrir hans hönd.

6. Þegar aðrar upplýsingar en þær sem látnar hafa verið í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd hafa verið notaðar til þess að ákvarða reiknað verð skulu yfirvöld í innflutningslandi upplýsa innflytjanda, óski hann þess, um uppruna þeirra, gögn þau sem notuð hafa verið og útreikninga sem byggja á þeim, sbr. þó ákvæði 10. gr.

7. „Almenn útgjöld“ sem getið er í b-lið 1. mgr. 6. gr. taka til þess beina og óbeina kostnaðar við framleiðslu og sölu vara til útflutnings sem ekki er innifalinn í a-lið 1. mgr. 6. gr.

8. Hvort tilteknar vörur séu „í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ og aðrar vörur verður að ákvarða í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Við ákvörðun á venjulegum ágóðahlut og almennum útgjöldum samkvæmt ákvæðum 6. gr. ber að kanna sölu til útflutnings til innflutningslandsins á þrengsta hópi eða sviði vara, þ. m. t. sú vara sem verið er að virða, sem hægt er að útvega nauðsynlegar upplýsingar um. Við framkvæmd 6. gr. verða „vörur í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ að vera frá sama landi og varan sem verið er að virða.

Athugasemd við 7. gr.

1. Tollverð sem ákvarðað er samkvæmt ákvæðum 7. gr. á eftir því sem við verður komið að byggjast á áður ákvörðuðu tollverði.

2. Verðákvörðunaraðferðir sem notaðar eru skv. 7. gr. eiga að vera hinar sömu sem fram koma í 1.—6. gr., en nokkur sveigjanleiki við beitingu slíkra aðferða er í samræmi við markmið og ákvæði 7. gr.

3. Sem dæmi um nokkurn sveigjanleika má taka eftirfarandi:

a. *Sams konar vörur* — kröfu um að sams konar vörur skuli fluttar út um sama leyti og varan sem verið er að virða má túlka sveigjanlega; sams konar innfluttar vörur framleiddar í öðru landi en útflutningslandi vörunnar sem verið er að virða geta verið grundvöllur fyrir ákvörðun tollverðs; nota má tollverð sams konar innfluttra vara sem þegar hefur verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr.

b. *Svipaðar vörur* — kröfu um að svipaðar vörur skuli fluttar út um sama leyti og varan sem verið er að virða má túlka sveigjanlega; svipaðar innfluttar vörur framleiddar í öðru landi en útflutningslandi vörunnar sem verið er að virða geta verið grundvöllur fyrir ákvörðun tollverðs; nota má tollverð svipaðra innfluttra vara sem þegar hefur verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr.

c. *Frádráttaraðferð* — kröfu um að vörurnar skuli hafa verið seldar „í því ástandi sem þær voru fluttar inn“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. má túlka sveigjanlega; „90 daga“ reglunni má beita með sveigjanleika.

Athugasemd við 8. gr.

1. tl. a-liðar 1. mgr.

Orðið „kaupumboðslaun“ merkir gjöld sem innflytjandi greiðir til umboðsmanns síns fyrir þá þjónustu að koma fram fyrir hans hönd erlendis við kaup á þeirri vöru sem verið er að virða.

2. tl. b-liðar 1. mgr.

1. Tvö atriði snerta skiptingu þeirra þátta sem tilgreindir eru í 2. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. á hina innfluttu vöru, þ. e. verðmæti þessara þátta sjálfra og á hvern hátt því skuli skipt á hina

innfluttu vöru. Skipting á verðmæti þáttanna ætti að fara fram á eðlilegan hátt og viðeigandi miðað við kringumstæður, og í samræmi við almennt viðurkenndar bókhaldsreglur.

2. Að því er varðar verðmæti þáttarins, þá er verðmætið tiltekið kostnaðarverð sem innflytjandi hefur fengið þáttinn á frá seljanda sem er honum óháður. Hafi þátturinn verið framleiddur af innflytjanda eða af aðila sem honum er háður er verðmætið framleiðslukostnaðurinn. Hafi þátturinn áður verið notaður af innflytjanda, án tillits til þess hvort innflytjandi hefur útvegað hann eða framleitt, verður að lækka upphaflegan kostnað við útvegun hans eða framleiðslu sem nemur notkuninni, til þess að komast að verðmæti þáttarins.

3. Þegar verðmæti þáttar hefur verið ákvarðað er nauðsynlegt að skipta því niður á hina innfluttu vöru. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Hægt er t. d. að skipta verðmætinu niður á fyrstu sendingu hinnar innfluttu vöru ef innflytjandi vill greiða toll af öllu verðmætinu í eitt skipti. Taka má sem annað dæmi að innflytjandi kann að fara fram á að verðmætinu sé skipt niður á þann fjölda eininga sem framleiddar hafa verið fram að þeim tíma er fyrsta sending á sér stað. Enn annað dæmi er að hann kann að fara fram á að verðmætinu verði skipt niður á alla fyrirhugaða framleiðslu vörunnar, þegar samningar eða fastar skuldbindingar eru til um slíka framleiðslu. Það mun fara eftir þeim gögnum sem innflytjandi leggur fram hvaða aðferð verður notuð við skiptinguna.

4. Framangreint má útskýra þannig, að innflytjandi lætur framleiðanda í té mót sem nota á við framleiðslu hinnar innfluttu vöru og gerir við hann samning um að kaupa 10 000 einingar. Þegar fyrsta sending berst, sem er 1 000 einingar, hefur framleiðandi þegar framleitt 4 000 einingar. Innflytjandi getur þá farið fram á við tollyfirvöld að þau skipti verðmæti mótsins niður á 1 000, 4 000 eða 10 000 einingar.

4. tl. b-liðar 1. mgr.

1. Viðbætur vegna þeirra þátta sem getið er í 4. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. eiga að byggjast á hlutlægum og mælanlegum atriðum. Til þess að létta sem mest byrði bæði innflytjanda og tollyfirvalda við ákvörðun á verðmæti því sem bæta á við á að nota upplýsingar sem fyrirliggjandi eru í viðskiptaskrám kaupanda eftir því sem við verður komið.

2. Vegna þeirra þátta sem kaupandi leggur fram og hann keypti eða leigði mundi viðbótin vera kostnaðurinn við kaupin eða leiguna. Engu skal bætt við vegna þeirra þátta sem almenningur á aðgang að nema kostnaðinum við að útvega afrit af þeim.

3. Hversu auðvelt kann að vera að reikna út verðmæti þess sem bæta skal við getur verið undir því komið hvernig uppbygging og stjórnkerfi tiltekins fyrirtækis er svo og bókhaldsaðferðir þess.

4. Mögulegt er að fyrirtæki sem flytur inn margvíslegar vörur frá nokkrum löndum hagi bókhaldi hönnunardeildar sinnar utan innflutningslandsins þannig að það sýni nákvæmlega þann kostnað sem rekja má til tiltekinnar vöru. Í slíkum tilvikum er hægt að gera beina verðleiðréttingu á viðeigandi hátt samkvæmt ákvæðum 8. gr.

5. Í öðru tilviki kann fyrirtæki að færa kostnað við hönnunardeildina utan innflutningslandsins sem almennan fastakostnað án skiptingar á tilteknar vörur. Í því tilviki er hægt að gera viðeigandi verðleiðréttingu samkvæmt ákvæðum 8. gr. með tilliti til hinnar innfluttu vöru með því að deila heildarkostnaði hönnunardeildar niður á þá heildarframleiðslu sem nýtur góðs af henni og bæta slíkum kostnaðarhluta á einingargrundvelli við innflutninginn.

6. Ofangreindar aðstæður geta verið svo breytilegar að sjálfsagt er að ýmis atriði verði að taka til greina er ákvarða skal rétta aðferð við skiptingu.

7. Þegar framleiðsla viðkomandi þáttar fer fram í mörgum löndum og nær yfir lengra tímabil á verðleiðrétting að takmarkast við þann virðisauka sem bæst hefur við þáttinn utan innflutningslandsins.

c-liður 1. mgr.

1. Einkaréttar- og leyfisgjöld sem vísað er til í c-lið 1. mgr. 8. gr. kunna m. a. að fela í sér greiðslur vegna einkaleyfis, vörumerkis og útgáfuréttar. Þó skulu gjöld fyrir rétt til að framleiða hinar innfluttu vörur í innflutningslandinu ekki bætast við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru þegar tollverð er ákvarðað.

2. Greiðslur sem kaupandi innir af hendi fyrir rétt til að dreifa eða endurselja innflutta vöru skulu ekki bætast við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana, enda séu slíkar greiðslur ekki skilyrði fyrir sölu hinnar innfluttu vöru til útflutnings til innflutningslandsins.

3. mgr.

Þegar hlutlæg og mælanleg atriði eru ekki fyrir hendi varðandi viðbætur sem gera þarf samkvæmt ákvæðum 8. gr. er ekki hægt að ákvarða viðskiptaverðið samkvæmt ákvæðum 1. gr. Taka má sem dæmi að réttindagreiðsla (royalty) sé innt af hendi á grundvelli sölu í lítrum í innflutningslandi á tiltekinni vöru sem flutt hefur verið inn í kílógrömmum og umbreytt í fljótandi form eftir innflutning. Sé réttindagreiðsla að hluta til byggð á hinni innfluttu vöru og að hluta á öðrum atriðum sem eru innfluttu vörunni óviðkomandi (svo sem þegar í innfluttu vöruna hefur verið blandað innlendum efnisþáttum sem ekki eru lengur aðgreinanlegir, eða þegar ekki er hægt að aðgreina réttindagreiðsluna frá sérstökum fjárhagslegum skuldbindingum milli kaupanda og seljanda) er ekki viðeigandi að reyna að ákvarða viðbót vegna réttindagreiðslunnar. Sé upphæð þessarar réttindagreiðslu hins vegar byggð eingöngu á innfluttu vörunni og auðvelt að staðreyna hana er hægt að bæta við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber.

Athugasemd við 9. gr.

Við framkvæmd 9. gr. getur „þegar innflutningur fer fram“ tekið til þess tíma þegar vara er tekin til tollmeðferðar.

Athugasemd við 11. gr.

1. Í 11. gr. er innflytjanda veittur réttur til áfrýjunar á verðákvörðunarúrskurði tollyfirvalda vegna þeirrar vöru sem verið er að virða. Áfrýjun getur fyrst verið til æðra stigs tollstjórnarinnar en á lokastigi skal innflytjandi eiga rétt á áfrýjun til dómstóls.

2. „Án viðurlaga“ þýðir að innflytjandi skuli ekki vera háður sekt eða hótun um sekt eingöngu vegna þess að hann kaus að notfæra sér rétt til áfrýjunar. Greiðsla eðlilegra réttargjalda og lögfræðiþóknunar skal ekki skoðast sem greiðsla sektar.

3. Ákvæði 11. gr. skulu þó í engu vera því til fyrirstöðu að samningsaðili geti krafist greiðslu álagðra aðflutningsgjalda fyrir áfrýjun.

Athugasemd við 15. gr.

4. mgr.

Við framkvæmd þessarar greinar tekur orðið „aðilar“ til lögaðila eftir því sem við á.

e-liður 4. mgr.

Við framkvæmd þessa samnings skal litið svo á að einn aðili stjórni öðrum þegar sá fyrrnefndi er lagalega eða í reynd í aðstöðu til þess að gefa hinum síðarnefnda letjandi eða hvetjandi fyrirmæli.

VIÐAUKI II
TÆKNILEG TOLLVERÐSÁKVÖRÐUNARNEFND

VIÐAUKI III
RANNSÓKNARNEFNDIR

BÓKUN
VIÐ SAMNINGINN UM FRAMKVÆMD 7. GR. HINS ALMENNA SAMKOMULAGS UM TOLLA OG VIÐSKIPTI

Aðilar að Samningnum um framkvæmd á 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „samningurinn"),

sem taka tillit til marghliða samningaviðræðnanna um viðskipti og til þeirra óska er fram komu í viðskiptasamninganefndinni á fundum hennar 11. og 12. apríl 1979 um að setja fram í einum texta Samning um framkvæmd á 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti,

viðurkenna að þróunarlöndin kunna að eiga í sérstökum erfiðleikum með að framkvæma samninginn,

hafa í huga að ákvæði 27. gr. samningsins varðandi breytingar hafa enn ekki tekið gildi,

hér með:

I

1. *Koma sér saman um* að fella niður ákvæði 4. tl. b-liðar 2. mgr. 1. gr. samningsins.

2. *Viðurkenna* að sú fimm ára frestun á framkvæmd samningsins sem þróunarlöndum er veitt í 1. mgr. 21. gr. kann í reynd að vera ófullnægjandi fyrir viss þróunarlönd. Í slíkum tilvikum getur þróunarland sem er aðili að þessum samningi, fyrir lok þess tímabils sem tiltekið er í 1. mgr. 21. gr., farið fram á framlengingu á frestinum, og skal litið svo á að samningsaðilar muni líta vinsamlega á slíka málaleitan þegar hlutaðeigandi þróunarland hefur ærnar ástæður fram að færa.

3. *Viðurkenna* að þróunarlönd sem nú virða vörur á grundvelli lágmarksverðs sem opinber aðili hefur ákveðið kunna að vilja setja fyrirvara sem geri þeim kleift að halda slíku verði um takmarkaðan tíma og til bráðabirgða samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem samningsaðilar kunna að fallast á.

4. *Viðurkenna* að þróunarlönd, sem telja að ákvæði 4. gr. samningsins um að beita megi reglum í annarri röð en töluröð að ósk innflytjanda geti valdið þeim raunverulegum erfiðleikum, kunni að vilja setja fyrirvara við 4. gr. með eftirfarandi orðalagi:

„Ríkisstjórn ..... áskilur sér rétt til að ákveða að viðeigandi ákvæðum 4. gr. skuli aðeins beitt þegar tollyfirvöld fallast á beiðni um að breyta röð 5. og 6. gr.“.

Setji þróunarlönd slíkan fyrirvara skulu samningsaðilar samþykkja hann skv. 23. gr. samningsins.

5. *Viðurkenna* að þróunarlönd kunni að vilja setja fyrirvara við 2. mgr. 5. gr. með eftirfarandi orðalagi:

„Ríkisstjórn ..... áskilur sér rétt til að ákveða að 2. mgr. 5. gr. samningsins skuli beitt í samræmi við ákvæði viðeigandi athugasemdar við hana hvort sem innflytjandi óskar þess eða ekki.“

Setji þróunarlönd slíkan fyrirvara skulu samningsaðilar samþykkja hann skv. 23. gr. samningsins.

6. *Viðurkenna* að tiltekin þróunarlönd hafa látið í ljós áhyggjur yfir því að vandamál kunni að skapast við beitingu 1. gr. samningsins að því er varðar innflutning til þessara landa á vegum einkaumboðsmanna, einkadreifingaraðila eða sérleyfishafa. Samningsaðilar eru sammála um að komi slík vandamál upp í reynd við framkvæmd þróunarríkja á samningnum skuli þetta atriði tekið til athugunar, óski þau þess, með það fyrir augum að finna viðeigandi lausn.

7. *Eru sammála um* að 17. gr. feli í sér að við framkvæmd samningsins kunni tollyfirvöld að þurfa að gera fyrirspurnir varðandi sannleiksgildi eða áreiðanleika sérhverrar yfirlýsingar, skjals eða skýrslu sem fyrir þau eru lögð vegna ákvörðunar tollverðs. Þeir eru enn fremur sammála um að greinin viðurkenni þannig að fyrirspurnir kunni að verða gerðar sem miði t. d. að því að staðreyna að verðatriði sem lýst hefur verið yfir eða lögð hafa verið fram í tolli í sambandi við ákvörðun tollverðs séu fullnægjandi og rétt. Þeir viðurkenna að samningsaðilar eigi eftir því sem landslög þeirra og reglur kveða á um rétt á því að vænta fullrar samvinnu af hálfu innflytjenda vegna þessara fyrirspurna.

8. *Eru sammála um* að verð það sem raunverulega er greitt eða greiða ber feli í sér allar greiðslur kaupanda til seljanda eða kaupanda til þriðja aðila til lúkningar á skuldbindingu seljanda, sem raunverulega eru inntar eða inna beri af hendi sem skilyrði fyrir sölu hinna innfluttu vara.

II

1. Við gildistöku samningsins skulu ákvæði þessarar bókunar teljast vera hluti af samningnum.

2. Bókun þessi skal fengin til vörslu aðalframkvæmdastjóra GATT. Hún er opin til samþykktar með undirskrift eða öðrum hætti fyrir þá sem undirritað hafa Samninginn um framkvæmd 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og fyrir aðrar ríkisstjórnir sem samþykkja samninginn eða gerast aðilar að honum samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Gert í Genf hinn fyrsta dag nóvembermánaðar 1979 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Ed. 208. Frumvarp til laga [197. mál]

um veitingu prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Um val á sóknarpresti.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættis, sbr. 7. gr., auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndarmönnum prestakallsins skrá yfir þá er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn í hlutaðeigandi prestakalli. Varamenn taka sæti aðalmanna ef forfallaðir eru.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið nefnir biskup til annan prófast í hans stað.

3. gr.

Kjörmannafundur er lokaður og stýrir prófastur honum.

Á fundinum skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar og eru umsagnirnar algjört trúnaðarmál.

Að lokinni athugun gagna fer fram val á umsækjanda þegar á þeim fundi eða í síðasta lagi innan tveggja sólarhringa ef ósk um frestun kemur fram frá kjörmanni eða prófasti.

Atkvæðagreiðslan er leynileg.

Prófastur afhendir hverjum kjörmanni atkvæðaseðil og setur kjörmaður kross fyrir framan nafn þess er hann velur. Að loknu vali eru atkvæði talin á kjörmannafundi. Ef umsækjandi er einn telst val hans bindandi hafi hann hlotið ⅔ atkvæða.

Ef umsækjendur eru fleiri nægir helmingur atkvæða.

Nú eru umsækjendur þrír eða fleiri og enginn hefur hlotið helming greiddra atkvæða. Skal þá endurtaka valið bundið þannig að sá sem fæst atkvæði hefur hlotið við síðustu atkvæðagreiðslu fellur úr.

Nú er valið milli tveggja umsækjenda og hvorugur hlýtur helming greiddra atkvæða, er þá valið ekki bindandi.

Nú vill meiri hluti kjörmanna hafna umsækjendum með því að skila auðum atkvæðaseðlum og er þá ráðherra óheimilt að veita embættið.

4. gr.

Að loknum kjörmannafundi skal prófastur hlutast til um að sóknarnefnd eða nefndir hlutaðeigandi prestakalls kynni á almennum safnaðarfundi eða á annan sannanlegan hátt, innan sjö daga frá því að fundi lauk, hver hafi verið valinn eða hverjir hafa hlotið flest atkvæði sé valið eigi bindandi.

5. gr.

Nú berst skrifleg ósk um það, frá minnst 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, innan sjö daga frá því að niðurstöður voru kynntar, sbr. 4. gr., að almennar

prestskosningar fari fram í prestakallinu og er þá skylt að verða við því. Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá 1. desember næst á undan. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram úrskurðar yfirkjörstjórn, sbr. 9. gr., um það. Framkvæmd kosningar fer fram eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

6. gr.

Nú er ekki óskað eftir almennum kosningum, sbr. 5. gr., og skal þá prófastur senda biskupi afrit af gerðabók kjörmannafundar ásamt staðfestingu þess að niðurstöður hafi verið kynntar, sbr. 4. gr.

Biskup sendir kirkjumálaráðherra niðurstöður kjörmannafundar ásamt umsögn sinni.

Ráðherra veitir þeim embættið sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu að fenginni umsögn biskups.

II. KAFLI

Um köllun.

7. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest.

Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandídat án umsóknar gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð en hann tilkynnir biskupi sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku og er þá embættið eigi auglýst.

Samþykki ¾ kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættis sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandídat sem í hlut á. Taki hann köllun skal veita honum embættið tímabundið en eigi lengur en til fjögurra ára í senn.

III. KAFLI

Um kosningu.

8. gr.

Jafnskjótt og prófastur hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu, sbr. 5. gr., skal hann hefja kosningarundirbúning.

Biskup ákveður í samráði við prófast hvenær kosning skuli fara fram. Biskup annast prentun kjörseðla. Sendir hann prófasti hæfilegan fjölda kjörseðla. Prófastur sendir síðan kjörstjórnum. Á kjörseðla skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Prófastur auglýsir hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Nú er prófastur í kjöri og tilnefnir þá biskup annan í hans stað. Í prestakalli, þar sem eru fleiri en ein sókn, skal kosning fara fram í öllum sóknum á sama degi.

9. gr.

Í hverri sókn skal vera kjörstjórn skipuð þremur mönnum, kjörnum af sóknarnefnd á fyrsta fundi eftir hverjar kosningar til sóknarnefnda. Sóknarnefnd kýs formann kjörstjórnar.

Heimilt er sóknarnefnd að skipta sókn í kjördeildir. Skal þá kjósa þriggja manna undirkjörstjórnir er annist framkvæmd kosninga í hverri kjördeild. Enn fremur er sóknarnefndum heimilt að sameinast um kjördeild að fengnu samþykki prófasts.

10. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal vera yfirkjörstjórn skipuð prófasti og tveimur mönnum kjörnum af héraðsfundi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum varamönnum. Að jafnaði skal vera löglærður maður í yfirkjörstjórn.

11. gr.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.

Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur á hentugum stað er kjörstjórn auglýsir samkvæmt því sem venja er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað.

12. gr.

Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, þarf að hafa afhent formanni kjörstjórnar kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag. Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal formaður senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærunni.

13. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal hlutaðeigandi kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.

Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til yfirkjörstjórnar. Hún skal hafa úrskurðað fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

14. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og áttu lögheimili í prestakallinu 1. desember næst á undan og hafa náð 16 ára aldri þegar kosning fer fram, sbr. 7. og 10. gr. laga nr. 25/1985.

15. gr.

Þeir sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan sinnar sóknar þegar kosning fer fram og af þeim sökum geta ekki sótt kjörfund hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samkvæmt þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

16. gr.

Atkvæðagreiðala utan kjörfundar fer fram hjá formönnum kjörstjórna eða öðrum úr kjörstjórn er formaður tilnefnir.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur hafist þá er tvær vikur eru til kjördags.

Kjörstjórn auglýsir í samráði við prófast hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðinn tíma á degi hverjum þó eigi skemur en klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður gerð atkvæðaseðla fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og kveður nánar á um framkvæmd hennar.

17. gr.

Þegar að lokinni kosningu sendir kjörstjórn yfirkjörstjórn kjörkassa, fundargerðir og önnur kjörgögn. Talning atkvæða fer fram hjá yfirkjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur. Yfirkjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók. Biskup sendir kirkjumálaráðherra úrslitin ásamt umsögn sinni.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði og fái einhver umsækjanda meiri hluta greiddra atkvæða er kosningin bindandi og fær kjörinn prestur veitingarbréf ráðherra fyrir prestakallinu. Að öðrum kosti ákvarðar ráðherra veitinguna.

18. gr.

Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og fer þá fram kosning með sama hætti. Kjósendur, sem hafna vilja honum, skila auðum atkvæðaseðli.

Greiði helmingur kjósenda atkvæði en umsækjandi fær ekki fullan helming greiddra atkvæða er óheimilt að veita honum embættið.

19. gr.

Prestskosningar má kæra skriflega fyrir yfirkjörstjórn innan viku frá því að kosning fór fram. Getur yfirkjörstjórn ógilt kosninguna og fyrirskipað nýja ef verulegir gallar eru á undirbúningi eða framkvæmd hennar.

Áður en yfirkjörstjórn úrskurðar skal hún leita umsagna kjörstjórna. Úrskurði yfirkjörstjórnar má áfrýja til nefndar er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra.

20. gr.

Með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða og eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 frá 14. ágúst 1959, gilda um framkvæmd prestskosninga.

21. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 32 frá 3. nóvember 1915, um veitingu prestakalla.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið af nefnd er skipuð var 20. júlí 1977 af þáverandi kirkjumálaráðherra, Ólafi Jóhannessyni. Nefndin skilaði áliti á árinu 1978. Frumvarpið var lagt fram á 100. löggjafarþingi 1978–1979 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er að nýju lagt fram nær því óbreytt. Aðeins hefur verið gerð breyting á 14. gr. til samræmis við ákvæði laga nr. 25/1985.

Hér á eftir fylgir greinargerð nefndarinnar ásamt nefndaráliti:

Frumvarp þetta er samið af nefnd er skipuð var af kirkjumálaráðherra Ólafi Jóhannessyni með bréfi dags. 20. júlí 1977. Um skipun nefndarinnar, vinnubrögð og niðurstöðu vísast til meðfylgjandi meirihlutanefndaráliti.

Frumvarpið gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því sem aðalreglu að svokallaðir kjörmenn, sem eru sóknarnefndarmenn í hverri sókn, velji presta með leynilegu vali. Að meginefni til er byggt á sömu hugmynd og fram kemur í frumvarpi kirkjuþings um veitingu prestakalla sem samþykkt var á kirkjuþinginu 1972 og síðan aftur 1976. Í þessu frumvarpi er þó vikið frá ákvæðum frumvarps kirkjuþings í einstökum atriðum. Gert er t.d. ráð fyrir að talning atkvæða fari fram heima í héraði. Sé prestur ekki kallaður, sbr. II. kafla frumvarpsins, skal kjörmannafundur í öllum tilfellum velja prest. Skylt er að endurtaka kosningu á kjörmannafundi ef fleiri en tveir umsækjendur eru í framboði og enginn fær meiri hluta greiddra atkvæða. Slíkt ákvæði var eigi í frumvarpi kirkjuþings.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að unnt sé að kalla prest til þjónustu ef ¾ kjörmanna óska þess. Svipað ákvæði var í frumvarpi kirkjuþings. Hins vegar er það nýmæli að embættið sé veitt tímabundið þegar prestur er kallaður.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að almennar prestskosningar geti farið fram ef 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu krefjast þess að loknu vali kjörmanna.

Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um almennar prestskosningar. Fylgt er að mestu ákvæðum núgildandi laga um prestskosningar en hér eru þó nokkur nýmæli. Í núgildandi lögum eru fábrotin ákvæði um gerð kjörskrár. Úr þessu er bætt og settar skýrar og ótvíræðar reglur um það hverjir eigi rétt á að kjósa í prestskosningum. Í frumvarpinu eru ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu og er það nýmæli. Ýmsum ákvæðum núgildandi laga um framkvæmd sjálfrar kosningarinnar er sleppt og vísað þess í stað til laga um kosningar til Alþingis.

Á kjörmannafundi þarf umsækjandi að fá helming greiddra atkvæða séu umsækjendur fleiri en einn en ⅔ ef einn er í kjöri ef valið á að vera bindandi fyrir ráðherra.

Í almennum kosningum þarf kosningaþátttaka að vera 50 af hundraði og einhver umsækjenda að fá helming greiddra atkvæða til þess að kosning sé bindandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við núgildandi lög að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að köllun geti átt sér stað og er þá prestsembættið ekki auglýst.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um aðdraganda og undirbúning kjörmannafunda, sbr. 3. gr.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Hér er gert ráð fyrir að kjörmenn velji prest í embætti. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn. Að meginstefnu til er hér um sams konar ákvæði að ræða og eru í frumvörpum kirkjuþings frá 1972 og 1976. Í þessu frumvarpi er þó miðað við að talning atkvæða fari fram á kjörmannafundi en svo er ekki í frumvörpum kirkjuþings. Eins er það nýmæli að gert er ráð fyrir að valið verði endurtekið ef þrír eða fleiri umsækjendur eru í kjöri og enginn fær helming greiddra atkvæða. Sá sem fæst atkvæði hlýtur við síðustu atkvæðagreiðslu fellur út.

Um 4. gr.

Hér segir, að prófastur skuli hlutast til um að niðurstaða kjörmannafundar verði kynnt á almennum safnaðarfundi eða á annan sannanlegan hátt.

Ákvæði þetta ber að skoða í samhengi við 5. gr.

Um 5. gr.

Hér er opnuð leið fyrir ákveðinn fjölda sóknarmanna eða 25 af hundraði til þess að krefjast almennra kosninga ef þeir una ekki niðurstöðu kjörmannafundar. Hér er farið inn á nýja leið er ætti að verða til málamiðlunar og sætta hin ólíku sjónarmið þeirra er vilja afnema alfarið prestskosningu og þeirra er vilja óbreytt ástand.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í öllum frumvörpum, er kirkjuþing hefur samþykkt á undanförnum árum um veitingu prestakalla, hafa verið ákvæði um köllun.

Ákvæði þessarar greinar eru að því leyti frábrugðin ákvæðum kirkjuþings að gert ráð fyrir að prestur, sem er kallaður, fái tímabundna veitingu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nánast í samræmi við núverandi framkvæmd. Eins og nú er auglýsir biskup kosningu en hér er gert ráð fyrir að prófastur auglýsi hvar og hvenær kosning fari fram. Er það í samræmi við það að framkvæmd kosningar hvílir fyrst og fremst á prófasti.

Um 9. gr.

Hér er það nýmæli að kjörstjórn er kosin sérstaklega en sóknarnefnd sér ekki um framkvæmd kosningar eins og nú er. Telja verður það heppilegra þar sem sóknarnefnd hefur þegar haft afskipti af vali sóknarprests, sbr. 3. gr.

Um 10. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Hlutverk hennar er m.a. að úrskurða kjörskrármál. Komið getur upp ágreiningur um lagatúlkun. Þykir því rétt að hafa það sem meginreglu að löglærður maður sitji í yfirkjörstjórn.

Um 11. gr.

Lengdir eru frestir til framlagningar kjörskrár frá því sem nú gildir. Kjörskrá skal leggja fram fjórum vikum fyrir kjördag og skal hún liggja frammi til sýnis í tvær vikur.

Um 12. gr.

Þessi grein fjallar um kæru út af kjörskrá og er samsvarandi 3. gr. núgildandi laga þótt efnislega sé hún breytt. Kjörstjórn ber að hafa lokið störfum í síðasta lagi viku fyrir kjördag.

Um 13. gr.

Hér er það nýmæli að unnt er að áfrýja úrskurði kjörstjórnar um kjörskráratriði til yfirkjörstjórnar.

Eftir að yfirkjörstjórn hefur gengið frá kjörskránni verður henni ekki breytt.

Um 14. gr.

Skv. 1. gr. laga um veitingu prestakalla hafa sóknarmenn, sem hafa atkvæðisrétt á safnaðarfundi, atkvæðisrétt í prestskosningum.

Skv. 10. gr. laga nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., er kosningarréttur og kjörgengi á safnaðarfundum og í öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkjunnar bundinn við 16 ár. Er því ákvæði 14. gr. um kosningaaldur í samræmi við gildandi reglur. Fyrir gildistöku laga nr. 25/1985 miðaðist kosningarréttur í prestskosningum við lögræðisaldur. Nefnd sú, er samdi frumvarpið, lagði til að miðað væri við 18 ár.

Um trúfélagsskráningu og búsetu í prestakallinu er hér alfarið miðað við skráningu Hagstofu 1. desember næstliðinn. Er þetta einnig í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 25/1985.

Um 15. gr.

Ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu er nýmæli. Ýmsir hafa bent á nauðsyn þess að þeir sem fjarverandi eru á kjördegi fái tækifæri til þess að kjósa, t.d. þeir sem stunda atvinnu fjarri heimili á kjördegi.

Um 16. gr.

Hér er tekið nánar fram um hvernig atkvæðagreiðsla fari fram.

Ekki þótti tækt að hafa sama hátt á og í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

Hér er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla fari fram hjá kjörstjórnum, formanni eða öðrum kjörstjórnarmanni. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla fram á sama hátt og við venjulega utankjörstaðaratkvæðagreiðslu.

Um 17. gr.

Hér er gerð breyting á núverandi fyrirkomulagi. Samkvæmt núgildandi lögum fer talning atkvæða fram hjá yfirkjörstjórn í Reykjavík að þremur dögum liðnum frá kosningu. Ekki er talin ástæða til að hafa annan hátt á um talningu, en er í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna og er því gert ráð fyrir að talning fari fram í héraði og geti hafist strax að kosningu lokinni.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar er að mestu í samræmi við núgildandi lög.

Um 19. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar má kæra kosningu til yfirkjörstjórnar er leggur úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til nefndar er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra. Hér er um svipað ákvæði að ræða og er í almennum kosningalögum.

Um 20. gr.

Í frumvarpi þessu eru fá ákvæði um sjálfa framkvæmd kosninganna. Í þessari grein er vísað til laga um kosningar til Alþingis um framkvæmd eftir því sem við getur átt. Á það einkum við um kosningaathöfnina sjálfa, kjörklefa og kjörstað, talningu atkvæða og úrskurð um atkvæði o.fl. þess háttar.

Fylgiskjal I.

Spurningaseðill, er nefndin sendi til allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa:

Vinsamlegast merkið við þá kosti, sem yður þykja bestir sbr. bréf.

1. ☐ *Óbreytt ástand verði frá því sem nú er um veitingu prestakalla.*
2. ☐ *Ráðherra veiti eða skipi presta að fenginni umsögn sóknarnefnda og biskups.*
3. ☐ *Lögfest verði frumvarp, sem samþykkt var á Kirkjuþingi 1972 og 1976, lítið eða ekkert breytt.*
4. ☐ *Sett verði lög, sem geri ráð fyrir því að sú meginregla gildi, sem fram kemur í frumvarpi Kirkjuþings 1972 og 1976, en skylt verði að láta kosningar fara fram, ef þess er krafist af ákveðnum hluta sóknarbarna (t.d. 25%).*

Sérstaklega er spurt um, hvort þér teljið að lögleiða beri ákvæði um heimild til að kalla prest, sbr. 6. gr. frumvarps Kirkjuþings, hver hinna ofangreindu kosta, sem verður valinn.

JÁ ☐

NEI ☐

Fylgiskjal II.

Bréf er nefndin sendi með spurningaseðlinum til allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa landsins:

Reykjavík, 1. desember 1977.

Til sóknarnefndarmanna
og safnaðarfulltrúa.

Svo sem yður mun kunnugt hafa átt sér stað allmiklar umræður á undanförnum árum um veitingu prestakalla samkvæmt lögum nr. 32 frá 5. nóvember 1915.

Ekki hafa menn verið á einu máli um breytingar.

Nokkrum sinnum hefur málið verið lagt fyrir Alþingi án þess að það tæki endanlega afstöðu til þess.

Hinn 20. júlí s. l. skipaði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða lögin um veitingu prestakalla. Nefndin er þannig skipuð:

Gunnlaugur Finnsson, alþm., formaður
Friðjón Þórðarson, alþm.
Frú Geirþrúður Hildur Bernhöft, cand. theol., Reykjavík
Frú Guðrún Ásgeirsdóttir, Mælifelli, Skagafirði
Séra Sigurður H. Guðmundsson, Hafnarfirði.
Starfsmaður nefndarinnar er Þorleifur Pálsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndin hefur ákveðið að leita álits allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa í landinu varðandi einstök efnisatriði í von um góðar undirtektir, svo það megi verða til þess að auðvelda störf nefndarinnar.

Könnun þessi er leynileg.

Þér eruð vinsamlega beðin(n) að merkja með bókstafnum A í auða reitinn við þann valkost, sem þér teljið bestan og með B við þann sem þér teljið næstbestan, en setja X í annan hvorn reitinn varðandi aukaspurninguna. Setja síðan spurningablaðið inn í útanáritaða umslagið og loka því vandlega. Rita svo nafn yðar á meðfylgjandi seðil, svo hægt sé að fylgjast með kosningaþátttöku og setja loks hvoru tveggja inn í áritaða umslagið.

Varðandi einstakar spurningar skal þetta tekið fram: 1. og 2. liður skýra sig sjálfir. 3. liður. Meðfylgjandi er frumvarpið sem Kirkjuþingið samþykkti 1972 og 1976, svo menn geti kynnt sér það. 4. liður. Megintilgangurinn með þessari spurningu er að kanna, hvort vilji er fyrir hendi að einfalda leiðir til vals á sóknarpresti, án þess að útiloka almennar kosningar, ef þess er óskað af tilteknum fjölda sóknarbarna í viðkomandi sókn eða sóknum.

Hægt er í lagasetningu að ákveða, hvaða form yrði á haft, en sú hugmynd hefur komið fram hjá nefndinni, að val sóknarnefndar eða nefnda öðlist ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi eftir að það hefur verið tilkynnt á almennum safnaðarfundi og útrunninn er nánar tiltekinn frestur fyrir sóknarbörn að setja fram kröfu eða ósk um kosningar.

Þess er óskað að þér bregðist vel við og endursendið svör yðar við fyrsta tækifæri og póstleggið þau fyrir 30. desember n. k.

Þeir sem kynnu að vera hættir störfum sem sóknarnefndarmenn eða safnaðarfulltrúar, en fá þetta bréf, eru vinsamlega beðnir að koma þessum gögnum í hendur eftirmanna sinna. Eru sóknarnefndarmenn sérstaklega beðnir að fylgjast með því.

Virðingarfyllst,
f.h. nefndarmanna
Gunnlaugur Finnsson, alþm.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um prestaköll, sem auglýst hafa verið og sótt hefur verið um frá og með árinu 1965 og til 30. október 1978 og um fjölda umsækjenda:

	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
1965:		
1.	Stóra-Núpsprestakall, Árn.	1
2.	Valþjófsstaðarprestakall, Múli.	1
3.	Stafholtsprestakall, Borg.	1
4.	Víkurprestakall, Skaft.	1
5.	Stykkishólmsprestakall, Snæf.-Dala.	3
6.	Æsustaðaprestakall, Hún.	1
7.	Bíldudalsprestakall, Barð.	1
1966:		
8.	Möðruvallaklausturprestakall, Eyj.	2
9.	Garðaprestakall, Kjal.	4
10.	Miklabæjarprestakall, Skag.	1
11.	Laufásprestakall, Þing.	2
12.	Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
13.	Hofsprestakall, Vopnafirði, Múl.	1
14.	Vallanesprestakall, Múl.	1
15.	Hofsósprestakall, Skag.	1
16.	Hríseyjarprestakall, Eyj.	1
1967:		
17.	Saurbæjarprestakall, Borg.	1
18.	Mosfellsprestakall, Árn.	1
19.	Sauðanesprestakall, Þing.	1
20.	Skinnastaðarprestakall, Þing.	1
21.	Eskifjarðarprestakall, Austfj.	1
22.	Hallgrímsprestakall, Rvík.	6
23.	Laugalandsprestakall, Eyj.	1
24.	Siglufjarðarprestakall, Eyj.	1
25.	Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
26.	Holtsprestakall, Barð. (aftur)	1
27.	Þingeyraklausturprestakall, Hún.	1
28.	Seyðisfjarðarprestakall, Múl.	1
29.	Möðruvallaklausturprestakall, Eyj.	1
30.	Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
31.	Hveragerðisprestakall, Árn.	3
1969:		
32.	Holtsprestakall, Önundarfirði, Ísafj.	1
33.	Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
34.	Stafholtsprestakall, Borg.	1

		Fjöldi umsækjenda
1970:		
35.	Kirkjuhvolsprestakall, Rang.	1
36.	Grensásprestakall, Rvík.	1
37.	Stóra-Núpsprestakall, Árn.	2
38.	Patreksfjarðarprestakall, Barð.	1
39.	Ólafsvíkurprestakall, Snæf.-Dala.	1
40.	Hveragerðisprestakall, Árn. (aftur)	1
41.	Reykhólaprestakall, Barð.	1
42.	Árbæjarprestakall, Rvík.	2
1971:		
43.	Hjarðarholtsprestakall, Snæf.-Dala.	1
44.	Siglufjarðarprestakall, Eyj. (aftur)	1
45.	Sauðárkróksprestakall, Skag.	1
46.	Digranesprestakall, Rvík.	4
47.	Kársnesprestakall, Rvík.	3
48.	Selfossprestakall, Árn.	3
1972:		
49.	Söðulholtsprestakall, Snæf.-Dala.	1
50.	Mælifellsprestakall, Skag.	1
51.	Breiðholtsprestakall, Rvík.	2
52.	Nesprestakall, Rvík.	3
53.	Reykholtsprestakall, Borg.	1
54.	Vopnafjarðarprestakall, Múl. (aftur)	1
1973:		
55.	Eyrarbakkaprestakall, Árn.	1
56.	Dómkirkjuprestakall, Rvík.	2
57.	Eskifjarðarprestakall, Austfj.	1
58.	Ólafsvíkurprestakall, Snæf.-Dala.	1
59.	Vallanesprestakall, Múl.	1
60.	Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
61.	Grensásprestakall, Rvík.	2
62.	Hvanneyrarprestakall, Borg.	1
63.	Bolungarvíkurprestakall, Borg.	1
64.	Kirkjuhvolsprestakall, Rang.	1
65.	Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
1974:		
66.	Seyðisfjarðarprestakall, Múl.	1
67.	Staðarstaðarprestakall, Snæf.	1
68.	Bjarnarnesprestakall, Skaft.	2
69.	Hallgrímsprestakall, Rvík.	2
70.	Stóra-Núpsprestakall, Árn.	1
71.	Akranesprestakall, Borg.	3

		Fjöldi umsækjenda
1975:		
72.	Njarðvíkurprestakall, Kjal.	1
73.	Keflavíkurprestakall, Kjal.	1
74.	Fellaprestakall, Rvík.	1
75.	Raufarhafnarprestakall, Þing.	1
76.	Staðarfellsprestakall, Þing.	1
77.	Reynivallaprestakall, Kjal.	1
78.	Setbergsprestakall, Snæf.-Dala.	1
79.	Bergþórshvolsprestakall, Rang.	1
80.	Nesprestakall, Rvík.	2
81.	Bíldudalsprestakall, Barð.	1
1976:		
82.	Mosfellsprestakall, Kjal.	4
83.	Vestmannaeyjaprestakall, Kjal.	1
84.	Mosfellsprestakall, Kjal.	2
85.	Dómkirkjuprestakall, Rvík.	2
86.	Háteigsprestakall, Rvík.	3
87.	Reykhólaprestakall, Barð.	1
88.	Laugarnesprestakall, Rvík.	2
89.	Sauðárkrókprestakall, Skag.	1
90.	Stykkishómsprestakall, Snæf.-Dala.	1
1977:		
91.	Hafnarfjarðarprestakall, Kjal.	2
92.	Víðistaðaprestakall, Kjal.	1
93.	Siglufjarðarprestakall, Eyj.	1
94.	Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
95.	Eskifjarðarprestakall, Austfj.	2
96.	Vallanesprestakall, Múl.	1
97.	Hálsprestakall, Þing.	1
98.	Bólstaðarhlíðarprestakall, Hún.	1
99.	Hjarðarholtsprestakall, Snæf.-Dala.	1
100.	Ísafjarðarprestakall, Ísafj.	1
101.	Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
1978:		
102.	Melstaðarprestakall, Hún.	1
103.	Hólaprestakall, Skag.	1
104.	Miklabæjarprestakall, Skag.	1
105.	Reykholtsprestakall, Borg.	1

Niðurstaða:

79 prestaköll	1
15 prestaköll	2
7 prestaköll	3
3 prestaköll	4
0 prestaköll	5
1 prestaköll	6

Fylgiskjal IV.

Umsögn 11. Kirkjuþings 1978.

Umsögn Kirkjuþings um drög að frumvarpi meiri hluta og tillögur minni hluta nefndar, sem endurskoðar lög um veitingu prestakalla:

Kirkjuþing 1978 hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um veitingu prestakalla, samið af nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 20. júlí 1977 til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Kirkjuþing áréttar fyrri ályktanir sínar um breytta skipan á veitingu prestakalla, að almennar prestskosningar verði afnumdar. Álit meiri hluta nefndarinnar tekur að verulegu leyti tillit til þessa sjónarmiðs, þótt þar sé enn haldið möguleika til almennra kosninga, ef verulegur hluti sóknarfólks óskar. Þótt þessi tillaga gangi skemur en Kirkjuþing óskar, er augljóst, að hér er um málamiðlun að ræða, sem vænta má, að nái samþykki. Þess vegna mælir Kirkjuþing með samþykkt þessa frumvarps, meðan Alþingi getur ekki fallist á fyrri ályktanir Kirkjuþings. Þá telur Kirkjuþing rétt að vekja athygli á, að fram hafa komið tillögur um breytta skipan á ráðningu presta til starfa, sem mundu gjöra prestskosningar óþarfar, ef fram næðu að ganga.

Kirkjuþing gjörir eftirfarandi athugasemdir við téð nefndarfrumvarp:

A. Um álit meiri hluta nefndarinnar.
   1. Kirkjuþing telur varhugavert ákvæði 5. gr., að hægt sé að krefjast almennrar kosningar, **eftir að** kjörmenn hafa lokið kosningu sinni, og telur, að slík krafa verði að koma fram **áður en** kjörmenn ljúki kosningu. Annars er hætta á deilum og úlfúð innan sóknarinnar, ef rifta á kosningu kjörmanna.
   2. Kirkjuþing telur nægilegt að ákveða, að allt sóknarfólk, sem náð hefur 17 ára aldri, hafi kosningarrétt við prestskosningar. Óþarft virðist að þrengja þetta ákvæði til samræmis við lög um kosningar til Alþingis.
   3. Kirkjuþing bendir enn fremur á, að í frumvarpi Kirkjuþings um sóknir er gjört ráð fyrir fjölgun sóknarnefndarmanna í fjölmennari sóknum. Rétt væri fyrir nefndina að athuga, hvort þær tillögur nægja til að tryggja eðlilegt vægi atkvæða fulltrúa þéttbýlis, þar sem mjög fámennar sóknir eru í sama prestakalli og þéttbýli.

B. Kirkjuþing hafnar þeirri meginstefnu, sem fram kemur í áliti minni hlutans.

ÁLIT MEIRI HLUTA NEFNDARINNAR

1. Inngangur.

Hinn 20. júlí 1977 skipaði Ólafur Jóhannesson dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Nefndin var þannig skipuð:

Gunnlaugur Finnsson, þáv. alþingismaður, formaður,
Friðjón Þórðarson, alþingismaður,
frú Geirþrúður Hildur Bernhöft, cand. theol., Reykjavík,
frú Guðrún L. Ásgeirsdóttir, Mælifelli, Skagafirði,
séra Sigurður H. Guðmundsson, sóknarprestur, Hafnarfirði.

Starfsmaður nefndarinnar var Þorleifur Pálsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndarskipun þessi kom í kjölfar allmikilla umræðna á Alþingi 1975—1976 og 1976—1977 vegna þingsályktunartillögu þess efnis, að Alþingi kysi nefnd til að endurskoða lögin um veitingu prestakalla frá 1915, sem flutt var á báðum þessum þingum, en hlaut ekki afgreiðslu. Umræður þessar snerust ekki aðeins efnislega um tillöguna, heldur og almennt um málið og voru skoðanir skiptar.

Enn fremur hafði frumvarpi því, sem menntamálanefnd efri deildar flutti á Alþingi 1973—1974 og síðar verður getið, verið vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kirkjuþing hefur og látið málið til sín taka og knúið á um breytingar. Var sérstaklega fjallað um það á fyrstu fjórum þingunum 1958 til 1964, sem og þremur hinum síðustu.

Nefndin tók til starfa 19. september 1977 og hélt sameiginlega fundi. Hún kallaði á fund sinn starfsháttanefnd þjóðkirkjunnar og milliþinganefnd kjörna af kirkjuþingi. Hún skilaði áliti 14. nóvember 1978.

2. Sögulegt yfirlit.

Veiting prestakalla á umliðnum öldum hefur verið með ýmsum hætti. Í rómverskum sið var veiting almennt talað í höndum biskupa, með nokkrum undantekningum þó. Þannig höfðu erkibiskupar heimild til veitingar í vissum tilfellum og hinir gildari bændur, svo og höfðu þeir, sem kirkjur létu gera á jörðum sínum, gjarnan tillögurétt um veitingu embætta við heimakirkjur.

Við siðaskiptin hverfur landskirkjan rómverska úr sögunni og samband ríkis og kirkju gjörbreytist. Til grundvallar lá sú hugsun að fela þeim mönnum kirkjunnar, sem veraldlega stjórnsýslu önnuðust hvort sem var, hina veraldlegu stjórn kirkjunnar sem stofnunar. Í raun varð reyndin hins vegar sú, að kirkjan varð ríkiskirkja, stofnun innan ríkisins.

Í kirkjuskipaninni var gert ráð fyrir vali sóknarbænda á prestum, þótt ekki kæmist það til framkvæmda, heldur var veitingin fyrst og fremst í höndum biskupa, síðar amtmanna, eða amtmanna og biskupa, en konungur gat þó sjálfur veitt embætti eftir eigin höfði í krafti yfirstjórnar sinnar.

Með konungsbréfum frá 1737 og 1740 tekur konungur sér í framkvæmd veitingavald það, er forðum var í höndum erkibiskupa, með nokkurri útvíkkun þó. Miðlungsembætti hvað tekjur snertir, skyldu veitt af stiftamtmönnum, að tillögum biskupa, en konungur staðfesti veitinguna. Slíka staðfestingu þurfti hins vegar ekki, væru embætti rýr.

Eftir Júlíbyltinguna í Frakklandi 1830, fór mikil ólga um Norðurálfu. Leiddi þetta til afnáms erfðaveldis í Danmörku og stjórnarskrárlaganna 1849. Til grundvallar lá sú skoðun, að fólkið væri ríkið. Fram kemur á þessu tímabili nýtt hugtak, hugtakið þjóðkirkja. Í hugtakinu fólst í senn aðgreining frá ríkiskirkjufyrirkomulaginu og áhersla á sjálfstæði kirkjunnar. Með stöðulögunum 1871 og stjórnarskránni 1874 er hugtakið lögfest og hverfur þá ríkiskirkjufyrirkomulagið úr sögunni. Í kjölfar stjórnarskrárlaganna 1849 kom tilskipun frá 14. maí 1850, þar sem kveðið er á um, að biskup og stiftamtmaður skuli í sameiningu veita rýr og miðlungs embætti, en kirkjumálaráðherrann danski úrskurða, ef þeim kæmi ekki saman.

Með tilskipun frá 15. desember 1865 er svo kveðið á, að stiftamtmaður veiti embætti, sem metin séu til árslauna undir 700 rd., enda leiti hann staðfestingar konungs, nema á hinum rýrustu. Önnur embætti veitti konungur sjálfur. Valdi stiftamtmanns var svo framvísað í hendur landshöfðingja með auglýsingu dagsettri 3. október 1884.

8. janúar 1886 eru sett lög um prestskosningar, þar sem ákveðið er, að söfnuðir sjálfir kjósi presta. Skal landshöfðingi með ráði biskups velja 3 úr hópi umsækjenda, sem kosið skal um. Væru umsækjendur hins vegar þrír, skyldi kjósa um tvo þeirra. Kosningaaldur var 25 ár. Lögmæt kosning var bundin við, að einn umsækjandi fengi helming greiddra atkvæða, en veitingavaldið óbundið ella, enda hafi helmingur atkvæðisbærra manna eða fleiri, kosið. Kosning skyldi fara fram jafnt þó að umsækjandi væri einn.

Með lögum nr. 28 16. nóv. 1907 var sú breyting gerð á lögum þessum, að kosið skyldi milli allra umsækjenda, og með lögum nr. 32 frá 3. nóv. 1915, er sú breyting gerð að kjörstaðir skuli vera í hverri sókn, en hafði verið einn fyrir allt prestakallið áður. Þessi lög eru enn í gildi með breytingu, sem samþykkt var á Alþingi 1941, þess efnis að raða megi kjósendum eftir götunöfnum, í stað þess að raða þeim niður eftir stafrófsröð.

Ekki voru menn á eitt sáttir um ágæti þessara laga. Fóru snemma að heyrast óánægjuraddir og 1930 er lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp dómsmálaráðherra, þar sem gert er ráð fyrir breyttri skipan á kosningu og köllun á presti geti átt sér stað. Frumvarpinu var vísað til annarrar umræðu og allsherjarnefndar, en kom ekki þaðan. Frumvarp þetta var endurflutt 1931, en fékk sömu afgreiðslu.

1941 flutti Magnús Jónsson frumvarp til laga, þar sem áhersla er lögð á köllunarrétt safnaða. Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar, sem ekki skilaði áliti.

1945 flutti menntamálanefnd Alþingis, að beiðni kirkjumálaráðherra, frumvarp til laga um veitingu prestakalla. Frumvarpið var aldrei tekið á dagskrá.

1946 fluttu Gylfi Þ. Gíslason og Sigurður Bjarnason frumvarp til laga um veitingu prestakalla, þar sem gert var ráð fyrir því að forseti Íslands skipi presta íslensku þjóðarinnar. Frumvarpinu var vísað eftir nokkrar umræður til menntamálanefndar. Nefndarálit kom ekki og málið var ekki tekið aftur á dagskrá. Sömu útreið fengu sams konar frumvörp, flutt af sömu mönnum 1947 og 1949.

1952 fluttu Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason og Jónas Rafnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla. Tillögunni var vísað til síðari umræðu og allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og tillagan var ekki á dagskrá tekin framar.

1962 flutti menntamálanefnd að beiðni kirkjumálaráðherra frumvarp til laga um veitingu prestakalla. Þar er gert ráð fyrir því að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar kjósi prest. Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar. Nefndarálit kom ekki og var málið ekki tekið aftur á dagskrá. Sömu sögu er að segja um sams konar frumvarp að stofni til, sem flutt var af sömu aðilum 1964.

1972—1973 er enn á ferðinni frumvarp svipaðs eðlis, flutt af menntamálanefnd, að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra. Var með frumvarpinu birt skrá um fjölda umsækjenda um prestaköll, sem sótt hafði verið um frá árinu 1965. Kom þar fram, að af þeim 55 skiptum, sem um var að ræða, hafði í 42 tilfellum verið um 1 umsækjanda að ræða, en í 13 tilfellum 2 eða fleiri. Frumvarpið var ekki útrætt. Frumvarpið var endurflutt á þinginu 1973—1974 og var þá vísað til ríkisstjórnarinnar.

3. Vinnubrögð nefndarinnar.

Nefndin ákvað í upphafi að viðhafa þau vinnubrögð að kynna sér á hvern hátt veiting prestakalla fer fram á Norðurlöndum og í annan stað að láta fara fram skoðanakönnun meðal allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa á Íslandi um ákveðin efnisatriði, sbr. fylgiskjal II.

Samkvæmt ályktun Kirkjuþings 1960 var leitað til héraðsfunda í landinu um álit á frumvarpi, sem fyrir því þingi lá um nýskipan þessara mála. Svör bárust frá 13 héraðsfundum á árunum 1961 og 1962 og voru á þann veg, að 1 fundur vildi óbreytt fyrirkomulag, 4 vildu afnema allar kosningar, 6 studdu frumvarp það, sem fyrir Kirkjuþingi lá, 2 vildu vísa breytingartillögum til almennings.

Þær raddir höfðu heyrst, að könnun þessi hafi ekki verið nógu víðtæk. Enn fremur má á það líta að á Alþingi 1977 kom fram tillaga um að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar. Nefndin taldi sig koma til móts við þessar raddir með því að framkvæma svo víðtæka könnun og vonaðist til, að hún yrði marktæk og leiðbeinandi fyrir nefndina við mótun endanlegrar afstöðu hennar.

4. Fyrirkomulag á Norðurlöndum.

Í rómverskum sið og framan af eftir siðaskipti var veiting prestsembætta með líku sniði á Norðurlöndum og á Íslandi. Þróun mála var hins vegar nokkuð með öðrum hætti, einkum eftir að fram í sótti.

Í Danmörku og í Noregi er fyrirkomulagið nú á þann veg, að umsækjendur um prestsembætti senda umsóknir sínar til kirkjumálaráðuneytanna, sem sendir þær viðkomandi safnaðarráðum. Safnaðarráð greiðir atkvæði um umsækjendur og sendir niðurstöður til viðkomandi biskups, sem sendir kirkjumálaráðuneyti ásamt umsögn, en ráðherra veitir.

Í Svíþjóð skiptast á almennar safnaðarkosningar, líkt og hér nú, og bein veiting. Með því er reynt að gefa veitingavaldinu möguleika á að færa menn til í embættum eftir því, sem þörf er á.

Finnland hefur sérstöðu meðal Norðurlanda, hvað snertir samband ríkis og kirkju og samanburður hvað veitingu prestsembætta áhrærir því ekki raunhæfur.

5. Framkvæmd og niðurstaða skoðanakönnunar.

Sendir voru spurningaseðlar til sem næst 1070 sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa. 621 seðill barst nefndinni aftur og voru 597 gildir en 24 auðir og ógildir.

Sýnishorn af spurningaseðli er á fylgiskjali I og bréf er sent var með seðlinum á fylgiskjali II.

Niðurstaða skoðanakönnunar var sem hér segir:

Nr. á spurningu sjá fylgiskjal I	A	B
1.	267	51
2.	115	123
3.	76	113
4.	104	176

(Merkja átti með bókstafnum A við þann kost er viðkomandi taldi bestan en með bókstafnum B við næstbesta kostinn, sbr. fylgiskjali II.)

328 vildu heimila köllun, en 209 voru á móti.

Nefndin gerði nokkra athugun á því, hvað menn töldu næstbesta kostinn og hvort fylgni væri milli vals á einstökum kostum og þess hvort heimila ætti köllun. Þar kom m. a. þetta fram.

Af þeim sem vildu óbreytt form, þ. e. völdu 1. kostinn, vildu 92 taka upp köllun. Af þeim sem vildu óbreytt form töldu 109 4. kostinn næstbestan en 72 töldu 2. kostinn, þ. e. beina veitingu, næstbestan.

Ekki er einhlítt, hvernig túlka ber niðurstöðuna og geta skoðanir um það verið skiptar. Á það má benda annars vegar, að sá kosturinn, að viðhalda óbreyttu ástandi fær flest atkvæði, og hins vegar, að þeir, sem vilja breytingu, eru fleiri, þótt misjafnt sé, að hverju þeir vilja hverfa. Afgerandi meiri hluti virðist þó vera fyrir því, að heimild til köllunar verði upp tekin.

6. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um niðurstöður. Guðrún L. Ásgeirsdóttir skilar sértillögum um breytingar á l. nr. 32 frá 3. nóv. 1915. Meiri hluti nefndarinnar, Friðjón Þórðarson, Geirþrúður Hildur Bernhöft, Gunnlaugur Finnsson og Sigurður H. Guðmundsson, telur, að forsendur séu brostnar fyrir því, að almennar prestskosningar verði undantekningarlaus aðalregla við veitingu prestakalla. Vísast þar m. a. til þess, sem áður kemur fram um fjölda umsækjenda við prestskosningar, svo sem fram kemur í fylgiskjali með frv. 1972—1973. Síðan sú skýrsla var samin hafa prestskosningar farið fram 50 sinnum og í 37 skipti hefur umsækjandi verið einn en í 13 skipti 2 eða fleiri. Er það svipað hlutfall og á árunum 1965—1973 og má segja, að valið sé á milli manna í eitt skipti af hverjum fjórum.

Meiri hluti nefndarinnar taldi rétt að semja frv. að nýju, þar sem tekið væri upp einfaldara form við val á presti, en nú er lögum samkvæmt, án þess þó að færa ákvörðunarvald úr héraði.

Frumvarp meirihlutans gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því, að kjörmenn, sem eru sóknarnefndarmenn og prófastur hlutaðeigandi prófastsdæmis, velji prest. Er hér lagt til grundvallar frv. Kirkjuþings, en á því gerðar nokkrar breytingar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að heimild til köllunar verði upp tekin. Er það í samræmi við samhljóða vilja Kirkjuþings og samkvæmt skoðanakönnuninni.

Hér er þó gert ráð fyrir því, að köllun verði tímabundin í mesta lagi til fjögurra ára í senn. Verður að telja það eðlilegt með tilliti til þess, að við köllun fái aðrir, sem eiga rétt á að sækja um prestsembættið, ekki tækifæri til að sækja um brauðið.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að 25 af hundraði sóknarbarna geti krafist kosningar og á þann veg komið til móts við þá, sem ekki vilja afnema prestskosningar.

Ekki þótti rétt að láta hin gömlu lög frá 1915, sem að stofni til eru frá 1886, gilda um kosningar heldur vísa til almennra kosningalaga um framkvæmd þeirra, en semja sérstakan kafla um það, sem afbrigðilegt er, þegar um kosningar er að ræða á vegum safnaða.

Nefndin sendi drög að frumvarpi meirihlutans og breytingartillögur minnihluta nefndarinnar til umsagnar Kirkjuþings 1978 og fylgir umsögnin á sérstöku fylgiskjali. Meirihluti nefndarinnar féllst ekki á að gera breytingar á frumvarpinu skv. 1. lið athugasemda Kirkjuþings. Tengist sú afgreiðsla ákvörðun nefndarinnar að því er varðar 3. lið og síðar verður að vikið.

Athugasemdir varðandi 2. lið tók nefndin að mestu til greina og hefur fellt þær inn í frumvarpið. Nefndin fellst á, að kosningarréttur til prestskosninga sé rýmri en í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, og er það í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Nú hafa þeir atkvæðisrétt við prestskosningar, sem atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundum, en það eru þeir, sem skráðir eru í þjóðkirkjunni og búsettir eru í prestakallinu, þótt þeir hafi ekki íslenskan ríkisborgararétt, og þeir, sem eru lögráða, þótt þeir hafi ekki náð 20 ára aldri (þ. e. verða lögráða við stofnun hjúskapar). Þá er ekki talið eðlilegt, að kirkjan svipti þá áhrifum í kirkjulegu starfi, sem með dómi eru sviptir kosningarrétti og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna.

Nefndin féllst á, að lækka kosningaaldur í 18 ár og binda kosningarrétt þá alfarið við aldur. Nefndin tekur fram, að með þessu viðhorfi er hún ekki að taka afstöðu til þess, hvort lækka eigi kosningaaldur almennt, þar sem hún telur eðlismun á því, hvort verið er að taka ákvarðanir innan safnaðar og kjósa starfsmann annars vegar eða hvort verið er að framselja vald með kosningu fulltrúa í sveitarstjórn eða á Alþingi hins vegar.

Varðandi 3. lið athugasemda Kirkjuþings leggur nefndin áherslu á, að forsendur fyrir fjölda kjörmanna sbr. 2. gr. er, að jafnhliða lögfestingu þessa frumvarps verði lögfest frumvarp kirkjuþings 1978 um kirkjusóknir.

Ljóst er, að í nokkrum tilvikum verða áhrif fulltrúa þéttbýlisstaða óeðlilega lítil miðað við fulltrúafjölda nærliggjandi sókna. Er hér einkum um að ræða eftirtalda þéttbýlisstaði: Borgarnes, Stykkishólm, Dalvík, Höfn í Hornafirði og Selfoss. Er þó ekki fulltalið.

Nefndin lítur svo á, að prestakall sé félagsleg heild og að saman fari hagsmunir fjölbýlli sem fámennari sókna við sameiginlegt val á presti. Forsendur séu því ekki fyrir hendi um togstreitu milli þéttbýlis og strjálbýlis. Komi það hins vegar á daginn, að vinnubrögð kjörmanna teljist í einhverju tilliti óeðlileg, geta sóknarbörn að loknum störfum kjörmanna hnekkt niðurstöðu þeirra með kröfu um kosningar.

1.7. Álit minni hluta nefndarinnar.

Tillögur
um breytingar á lögum um veitingu prestakalla.

Minnihluti nefndar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla ályktar, að eftirfarandi breytingar skuli gerðar á lögum um veitingu prestakalla nr. 32 3. nóv. 1915:

1. gr. Fyrri hluti fyrstu málsgreinar orðist svo: Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins sbr. 22. gr., auglýsir biskup það ...

2. gr. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð eða heimilisfangi skv. manntali. Viðauki greinarinnar nr. 27 27. júní 1941 falli niður.

5. gr. Eftirfarandi setning falli niður: „Svo leggur landsstjórnin til ... „ónotaðir og ónýttir seðlar“.“

11. gr. Fyrsta málsgrein falli niður. Í staðinn komi: Þeir, sem neyta vilja atkvæðisréttar síns, en geta ekki sótt kjörfund vegna fjarvista á kjördegi, skulu eiga þess kost að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sóknarnefndarformanni eða prófasti síðustu tvær vikur fyrir kjördag. Kirkjumálaráðuneytið skal láta prenta atkvæðaseðla fyrir utankjörstaðaratkvæðagreiðslu. Á kjörfundi ganga kjósendur ...

13. gr. Falli niður.

14. gr. verði 13. gr. og orðist svo: Enda þótt kærufrestur yfir kosningu skuli vera allt að 3 dagar, skal talning atkvæða fara fram þegar að kosningu lokinni. Sóknarnefnd í hverri sókn færir formanni yfirkjörstjórnar atkvæðakassa, afrit gerðabókar, umsóknargögn öll og umsögn sína um kærur, ef fram eru komnar. Berist kærur síðar, skal yfirkjörstjórn einnig fjalla um þær, en úrskurði hennar má vísa til kirkjumálaráðherra.

15. gr. verði 14. gr. og orðist svo: Yfirkjörstjórn skipa héraðsprófastur, en til kvaddur nágrannaprófastur, ef viðkomandi prófastur er meðal umsækjenda, og 2 menn aðrir, er héraðsfundur prófastsdæmisins kýs til 4 ára í senn og jafnmarga varamenn.

16. gr. verði 15. gr.

17. gr. verði 16. gr. og orðist svo: Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði í prestskosningunni, er sá rétt kjörinn prestur, sem flest atkvæði hlýtur, og fær hann veitingabréf ráðherra.

18. gr. verði 17. gr. Aftan við hana bætist: Veitingu fyrir prestakalli getur enginn fengið nema meirihluti atkvæðisbærra manna hafi tekið þátt í henni.

18. gr. Óheimilt er að setja prest eða kandídat í prestsembætti nema prestakallið sé fyrst auglýst með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara, enda þótt prestakallið hafi verið prestlaust í ár eða meira og enginn sótt um það síðast, er það var auglýst. Skylt er að auglýsa óveitt embætti innan þjóðkirkjunnar árlega.

20. gr. Orðin „þó eigi undir 20 kr.“ falli niður. Sömuleiðis síðasta málsgrein gr.

22. gr. Sóknarnefndum ásamt safnaðarfulltrúum er heimilt að kalla prest, er prestakall losnar. Ef ⅔ sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandídat til starfa án umsóknar, er kvatt til safnaðarfunda í hverri sókn prestakallsins í samráði við prófast, sem tilkynnir biskupi um það. Skal fundarefni auglýst í fundarboði. Samþykkti meirihluta atkvæðisbærra manna í prestakallinu köllunina á fundunum, skal biskup birta hana þeim presti eða kandídat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið tímabundið, eigi skemur en 4 ár í senn. Hljóti viðkomandi ekki tilskilið fylgi eða taki hann ekki köllun, skal prestakallið auglýst og efnt til almennra kosninga.

Greinargerð

með áliti minni hluta nefndar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla.

2. gr. Óeðlilegt er, að aðrar reglur gildi um kosningar í þéttbýli en dreifbýli, enda augljóst hagræði að raða nöfnum á kjörskrá eftir manntali, en þar eru bæjarnöfn í stafrófsröð.

5. gr. að hluta til og 13. gr. falla niður, þar sem atkvæðakassar fari beint til yfirkjörstjórnar heima í héraði.

11. gr. Það hlýtur að teljast takmörkun á kosningarrétti, að ekki skuli nú heimiluð utankjörstaðaratkvæðagreiðsla í prestskosningum.

14.—15. gr. sem verða 13.—14. gr. Þar sem heimilt er að telja strax atkvæði við alþingis- og sveitarstjórnakosningar, sýnist undarleg ráðstöfun, að atkvæðatalning í prestskosningum skuli dregin um 3—4 daga. Hitt er einnig furðulegt, að yfirkjörstjórn skuli ekki skipuð prófasti og heimamönnum, heldur biskupi og mönnum í Reykjavík. Skal lögð áhersla á, að atkvæðatalning í prestskosningum fari fram þegar að lokinni kosningu, er atkvæði hafa borist á einn stað, sem yfirkjörstjórn ákveður hverju sinni, enda sé hann í viðkomandi prestakalli.

18. gr. sem verði 17. gr. Prestskosning, þegar umsækjandi er aðeins einn, er venjulega til málamynda og honum veitt kallið, þótt ýmist sé þátttaka lítil (Vestmannaeyjar vorið 1961) eða auð atkvæði verði til þess að gera kosningu lögmæta (Vallanes 1966). Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að gera prestskosningar ólýðræðislegar og síður marktækar.

18. gr. Nauðsynlegt er, að lögfest sé, að hvert óveitt embætti skuli árlega auglýst laust til umsóknar með svo löngum fresti, að öruggt sé, að vitneskja berist í tæka tíð til afskekktra prestssetra. Mikil brögð eru að því, að Lögbirtingablaðið komi svo seint út á land, að umsóknarfrestur sé nær útrunninn. Skrá um lausu embættin ætti einnig að senda í kennslustofu guðfræðideildar háskólans.

22. gr. Að því er séð verður færist nú í það horf, að stöður hjá hinu opinbera eru ekki veittar svonefndri æviráðningu. Er sú skipan kemst á um embættisveitingar ríkisins yfirleitt, er sjálfgert, að æviráðningar presta leggist af, og þá ekki síður skipun biskups. En telja verður galla á kosningalögum, þar sem kosning gildir til ófyrirsjáanlegrar framtíðar. Væri t. d. hæfilegt, að prestar fengju veitingu til 4—6 ára í senn, en endurkosning mikil traustsyfirlýsing og tvímælalaust aflvaki þjónustu og kirkjulífs. Að hinu leytinu er æskilegt, að prestar þjóni ekki allt of lengi sama prestakalli og gefst þá kjörið tækifæri til að skipta um brauð, er veitingartíminn rennur út.

Í miklum umræðum um prestskosningar undanfarin ár hafa raddir verið háværar bæði með og á móti. Einkum hafa þó yfirmenn kirkjunnar og ýmsir prestar hennar verið andvígir kosningunum og viljað afnám þeirra. Virðast þeir þjónar kirkjunnar hafa gleymt þjónustuhlutverkinu, er þessi mál voru rædd, enda aðrir andstæðingar prestskosninga látið sem prestarnir séu aðalatriðið, jafnvel sem þeir séu sjálf kirkjan. En þar í liggur hinn afleiti misskilningur, sem hefur komið þvílíku róti á hugi sumra manna, að þeir vilja svipta flesta þegna lýðveldisins hluta lýðræðislegra kosninga. Söfnuðurinn er félag innan íslensku þjóðkirkjunnar, sem einstaklingurinn getur gengið í eða sagt sig úr, því að á Íslandi ríkir trúfrelsi. Þegar söfnuðurinn kýs sér prest, er hann að kjósa sér leiðtoga, líkt og gert er í öðrum félögum, og er þá venjulega kosinn sá maður, sem flestir félagsmenn vilja standa saman um.

Lög um kosningu presta eru frá 1886 og er fróðlegt að lesa þingskjöl frá áratugunum þar á undan. Barist var fyrir þessari þörfu breytingu langa hríð, en áður veitti konungur og stiftsyfirvöld brauðin. Þegar litið er svo langt til baka með gát, getur hver rétthugsandi

maður séð, hvílík afturför væri, ef þessi réttindi yrðu af tekin, þótt ekki beri yfirvald kirkju lengur tignarheitið konungur. Eða því er ekki rætt um að afnema aðrar kosningar íslenska lýðveldisins um leið? Hik alþingismanna gagnvart kröfu Kirkjuþings um afnám prestskosninga eykur vonir um, að enn veljist réttlátir og frjálshuga menn í forystulið þjóðarinnar. Hvernig eiga líka 60 alþingismenn að geta svipt 150 þús. safnaðarmenn kosningarrétti? Örlítill hluti almennings stendur á bak við frumvarp Kirkjuþings, og ekki hefur álit héraðsfunda verið einróma móti kosningum, þótt stundum sé það látið í veðri vaka.

Andstaða við ágæti tillögu fyrrv. alþingisforseta um þjóðaratkvæði er greinileg hræðsla fárra manna við að láta vilja þjóðarinnar koma í ljós. Þeir þora ekki að leggja málið undir dóm fólksins í landinu, heldur vinna bak við tjöldin við að rífa niður það, sem upp byggt var.

Gott samstarf prests og safnaða er undirstaða kristnilífs og kristilegrar menningar í landinu. Leyfi ég mér að vitna í umsögn ástsæls biskups, herra Sigurgeirs Sigurðssonar, en hana er að finna í fskj. II í þingskjali nr. 86 frá árinu 1947 og segir þar:

„Ennfremur er á það minnst, að engum embættismanni ríkisins er það slík lífsnauðsyn, ef starfið á að bera árangur, að eiga traust og tiltrú fólksins eins og einmitt prestunum. Án slíks trausts er og hlýtur starf þeirra að verða ófullnægjandi. Þess vegna tel ég, að sérstök ástæða sé fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir það, að söfnuðum verði skipaður sá prestur, sem ekki er vitað um, að meiri hluti safnaðar muni bera traust til eða geti að minnsta kosti sæmilega sætt sig við. Þessu mikilsverða marki verður naumast náð nema með því, að söfnuðirnir sjálfir hafi verulega íhlutun um það, hvaða prest þeir hverji sinni fá sér skipaðan.

Enn kemur það til, að jafnan eru uppi misjafnar stefnur í trúmálum, og er á þeim vettvangi deilt eigi síður en á öðrum sviðum, og skiptast menn þar og í flokka eða móti. Nú mun það svo, að í hinum ýmsu prestaköllum landsins geta menn í einu einkum fylgt þessari trúarstefnu, en í öðru hinni. Sýnist því eðlilegast og farsælast að fólkið fái sjálft að velja sér þann umsækjendanna, er það telur sér vera best að skapi í trúarskoðunum."

Í yfirlýsingu guðfræðinema frá fundi þeirra 5. des. 1977 segir, að ekki hafi verið aðalsmerki kirkjunnar að fara með ófriði. En einhver kynni að spyrja, er það ekki einmitt vilji meirihluta Kirkjuþings? Að segja söfnuðunum stríð á hendur, svipta þá rétti sínum og færa veitingu prestakalla aftur til hins neikvæða og bága tíma í þjóðfélaginu, þegar prestskosningar voru lagðar niður 1692. Væri það illa farið, og eru því vonir almennings í þessu máli bundnar skynsemi og einurð alþingismanna.

Andstæðingar prestskosninga færa gjarnan þau rök, að gallar séu miklir á framkvæmd kosninganna, jafnvel meiri en annarra kosninga. Áunnum göllum, rógi og illu umtali má eyða með ákveðnari reglum í siðalögmáli presta (codex ethicus). Þá kröfu má sannarlega gera til forvígismanna kristninnar í landinu, að þeir virði hver annan og sýni góðan vilja sinn í verki. Gætu prestskosningar orðið fyrirmynd annarra almennra kosninga.

Vankantar eru ýmsir á lögunum um veitingu prestakalla og fylgja hér með tillögur um breytingar á þeim, en fleiri smávægilegar orðalagsbreytingar og styttingar þurfa raunar til að koma. Endurskoðun laganna hefur nefnd sú með höndum, er kirkjumálaráðherra skipaði 20. júlí 1977 og undirrituð á sæti í. Skoðanakönnun, sem nefndin gerði í nóv. s. l. meðal sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa, sýndi ótvírætt, að þeir, sem kjörnir eru til starfa í söfnuðunum, vilja, að safnaðarmenn ráði sjálfir vali presta sinna.

Bið ég því háttvirta alþingismenn að taka þessar breytingartillögur við lög um veitingu prestakalla til gaumgæfilegrar íhugunar og bið þá virða vilja mikils meirihluta þjóðarinnar um, að þau mikilvægu lýðréttindi, sem prestskosningar eru, megi haldast.

Reykjavík, 25. okt. 1978.

Guðrún L. Ásgeirsdóttir.

Nd. 209. Frumvarp til laga [198. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur H. Garðarsson,
Guðrún Helgadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson,
Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson,
Guðmundur Bjarnason.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 92. gr. laganna hljóði svo:

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konur önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður í samráði við kjararannsóknarnefnd.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laganna hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og kjararannsóknarnefnd skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að hagkvæm og fljótvirk leið verði valin til að fá úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. — Í frumvarpinu er lagt til að kjararannsóknarnefnd hafi áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattyfirvöldum gert skylt að gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur í því formi er þessir aðilar ákveða um framtaldar tekjur og eignir. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessar stofnanir mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis og ber því nauðsyn til að veita henni einnig aðgang að upplýsingum úr skattframtölum, ef hún svo kýs, til að auðvelda henni kjararannsóknir. Þær þrjár stofnanir, sem hér hafa verið nefndar, kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, hafa allar mikilvægu hlutverki að gegna á sviði kjararannsókna. — Jafnréttisráð kemur einnig við sögu í sambandi við kjararannsóknir enda er ráðið sá aðili sem lögum samkvæmt á að fylgjast með að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Eðlilegt og réttmætt verður því að telja að Jafnréttisráð hafi aðgang að sem gleggstum upplýsingum um kjaramál til að auðvelda ráðinu að sinna hlutverki sínu og að samvinna verði milli þessara aðila um kjararannsóknir, þó að ekki sé um beinan aðgang Jafnréttisráðs að skýrslum skattyfirvalda að ræða.

Áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur undanfarin ár gefið út rit um vinnumarkaðinn þar sem byggt er á sérstakri úrvinnslu upplýsinga sem eru á launamiðum og eigendaframtölum.

Í þessu riti koma fram upplýsingar um mannafla, meðallaun á vinnumarkaðinum og atvinnuþátttöku. Eins og nú er er einungis unnt að fá úr skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur en ekki sundurgreindar upplýsingar um laun fyrir dagvinnu og

yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum eða sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantöldu, svo sem yfirborganir og þess háttar.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til í 1. gr. þessa frumvarps, opnast nýir möguleikar til kjararannsókna og upplýsinga um tekjuskiptingu og launakjör. Þó að kjararannsóknir með úrvinnslu úr skattframtölum hafi vissulega sína galla er ljóst að unnt er að afla mun ítarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert og er það m.a. tilgangur þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera í öllum ákvörðunum er lúta að því að bæta kjör hinna verst settu. Jafnframt er ljóst að upplýsingar þær, sem hér um ræðir, eru mjög mikils virði fyrir samtök vinnumarkaðarins að því er varðar samsetningu launatekna og vinnutíma í einstökum greinum atvinnulífsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin gerir ráð fyrir því að ríkisskattstjóri ákveði í samráði við kjararannsóknarnefnd hvernig skýrslur atvinnurekenda um launagreiðslur til starfsmanna skulu úr garði gerðar. Með þessari breytingu gæti kjararannsóknarnefnd haft áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga en nú er gert um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum.

Með þessu fyrirkomulagi eru hagsmunir hins opinbera í þessu efni engu lakar tryggðir en nú gerist en kjararannsóknarnefnd og aðilum vinnumarkaðarins gefið tækifæri til þess að móta upplýsingaöflun. Við alla kjarasamningagerð yrðu slíkar upplýsingar mjög þýðingarmiklar.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu væri kjararannsóknarnefnd tryggður aðgangur að fyllstu upplýsingum úr skattframtölum. Nefndin hefði haft af því verulegt gagn á liðnum árum að hafa fullan og óskoraðan aðgang að þessum upplýsingum til jafns við Þjóðhagsstofnun og Hagstofu. Með ítarlegri upplýsingum og úrvinnslu framtala verður þörfin í þessum efnum að nauðsyn.

Í þessu sambandi skal á það bent að í þeirri grein laganna, sem hér um ræðir, er ákvæði um þagnarskyldu þeirra sem fjalla um skattframtöl og tæki þetta ákvæði að sjálfsögðu einnig til kjararannsóknarnefndar.

Nd. 210. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Við 1. gr. 2. tölul. orðist svo:
   2. tölul. B-liðs 1. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „800 000“ í 4. og 5. málsl. komi: 712 640.
   b. Í stað „38,5%“ í 5. málsl. komi: 43,5%.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. 1.–3. tölul. 5. gr. laga nr. 121/1984:
   1. Í stað „7500 kr.“ og „11 250 kr.“ í 2. málsl. komi: 15 000 kr. og 22 500 kr.
   2. Í stað „15 000 kr.“ í 3. málsl. komi: 30 000 kr.
   3. Í stað „7500 kr.“ í 4. málsl. komi: 15 000 kr.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað „24 500“ í 2. mgr. nýrrar greinar komi: 30 000.
   b. Í stað „840 000“ og „684 050“ í 3. mgr. komi: 918 570 og 762 620.
   c. Í stað „2 589 084“ og „3 111 834“ í 4. mgr. komi: 2 818 250 og 3 341 000.

Sþ. 211. Fyrirspurn [199. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af rekstrarvörum bænda.

Frá Árna Johnsen.

1. Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af rekstrarvörum bænda á árinu 1985?
2. Hver er uppsafnaður söluskattur af landbúnaðarvörum á árinu 1985?

Sþ. 212. Fyrirspurn [200. mál]

til félagsmálaráðherra um áhrif breytinga á lánskjaravísitölu á húsnæðislán í september 1983.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hvernig hefur félagsmálaráðherra staðið að framkvæmd þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að hækkun lánskjaravísitölu í september 1983 yrði 5,1% í stað 8,1% á lán veitt úr Byggingarsjóði ríkisins?
2. Hvað hafði þessi breyting á meðferð lánskjaravísitölu áhrif á mörg lán:
   a. til nýbygginga,
   b. til kaupa á eldri íbúðum?
3. Hver voru áhrif þessarar ákvörðunar á höfuðstól fullverðtryggðra lána hjá Byggingarsjóði ríkisins?
4. Er það skoðun ráðherra að þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafi að fullu verið framfylgt?

Sþ. 213. Fyrirspurn [201. mál]

til menntamálaráðherra um fjárhagsvanda Þjóðleikhússins.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hve háan hundraðshluta af rekstrarkostnaði Þjóðleikhússins hefur ríkissjóður greitt með framlagi á fjárlögum á ári hverju s.l. tíu ár?
2. Hvers vegna hefur halli á rekstri leikhússins ekki fengist greiddur með aukafjárveitingum en þess í stað verið færður því til skuldar?

3. Hvenær má búast við að nauðsynlegum viðgerðum og endurbótum á leikhússbyggingunni ljúki?
4. Telur ráðherra að Þjóðleikhúsið ráði við að fullnægja þeim kröfum um listræna starfsemi á ýmsum sviðum, sem lög hafa sett því, með þeim framlögum sem leikhúsið hefur fengið á fjárlögum undanfarin ár?
5. Er nokkur efi um það hjá núverandi stjórnvöldum að Þjóðleikhúsið skuli áfram starfa samkvæmt lögum um Þjóðleikhús, nr. 58/1978?

Sþ. 214. Fyrirspurn [202. mál]

til landbúnaðarráðherra um fullvirðisrétt.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hve mörg býli hafa fengið fullvirðisrétt í mjólkurframleiðslu frá því lög nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, tóku gildi?
2. Hve mörg bú bera skerðingu í mjólkurframleiðslu
   a. 0–20 ærgilda skerðingu,
   b. 20–50 ærgilda skerðingu,
   c. 50–100 ærgilda skerðingu,
   d. 100 ærgilda skerðingu eða meira?
3. Eru einhver bú sem mega framleiða meira nú en þau gerðu fyrir gildistöku laga nr. 46/1985?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 215. Svar [140. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um þróun kaupmáttar launaliðar bóndans.

1. Kaupmáttur launaliðar bóndans 1978–1986.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða
- Launaliður bóndans 1978 - 1986.

1. september 1978	kr.	á verðlagi ágúst 1986
a) Dagvinna, 81 vika	3.297.510	618.547.26
b) Eftirvinna, 500 st.	712.425	133.636.75
c) Nætur og helgidagavinna, 600 st.	1.099.170	206.182.42
d) Orlof, 8.33%	425.588	79.831.84
e) Sjóðagjöld	19.371	3.633.61
f) Fríðindi	101.797	19.095.09
g) Veikindaálag	32.975	6.185.45
	5.688.836	1.067.112.43

Bústærð:
10 kýr, 1 kvíga, 2 geldneyti,
2 kálfar og 204 kindur = 440 ærgildi.

1. september 1979

a)	Dagvinna, 81 vika		474.052	609.236.15
b)	Eftirvinna, 500 st.		1.027.110	131.625.o9
c)	Nætur og helgidagavinna, 600 st.		1 584.684	203.078.72
d)	Orlof, 8.33%		613.575	78.630.2o
e)	Sjóðagjöld		27.928	3.579.oo
f)	Friðindi, 6.408 x 0.6 x 81 vika		311.429	39.909.91
g)	Veikindaálag		73.658	9.439.34
		Samtals	8.392.436	1.075.498.41

Bústærð:
10 kýr, 1 kvíga, 2 geldneyti,
2 kálfar og 204 kindur = 440 ærgildi.

1. september 1980

a)	Laun (3520 klst.) á dagvinnukaupi		7.564.040	624.636.96
b)	25% álag á a)vegna óreglulegs vinnutíma og friðinda		1.891.010	156.159.24
c)	8.33% orlof á lið a) og b)		787.608	56.040.52
		Samtals	10.242.656	845.836.72

Bústærð:

kýr	193.4	ærgildi
geldneyti	41.6	"
sauðfé	205.0	"
	440.0	ærgildi

1. september 1981

a)	Laun (3520 klst.) á dagvinnukaupi		114.509.12	635.758.52
b)	25% álag á a)vegna óreglulegs vinnutíma og friðinda		28.627.28	158.939.63
c)	8.33% orlof á lið a) og b)		11.923.26	66.198.34
		Samtals	155.059.56	860.896.5o

Bústærð:

kýr	193.4	ærgildi
geldneyti	41.6	"
sauðfé	205.0	"
	440.0	ærgildi

15. september 1982

a)	Laun (3520 klst.) á dagvinnukaupi		176.535.o4	640.263.29
b)	25% álag á a) vegna óreglulegs vinnutíma og friðinda		44.173.o8	160.208.43
c)	8.33% orlof á lið a) og b)		18.381.71	66.667.41
		Samtals	239.050.51	867.139.13

Bústærð:

kýr	193.4	ærgildi
geldneyti	41.6	"
sauðfé	205.0	"
	440.0	ærgildi

1. október 1983.

a)	Laun (3520 klst.) á dagvinnukaupi		253.722	462.327.24
b)	25% álag á a) vegna óreglulegs vinnutíma og fríðinda		63.431	115.582.72
c)	10.17% orlof á lið a) og b)		32.254	58.772.61
		Samtals	349.407	636.682.57

Bústærð:

kýr	193.4	ærgildi
geldneyti	41.6	"
sauðfé	205.0	"
	440.0	ærgildi

1. september 1984.

a)	Laun (3520 klst.) á dagvinnukaupi		287.320	454.850.o7
b)	25% álag á a) vegna óreglulegs vinnutíma og fríðinda		71.830	113.712.52
c)	10.17% orlof á lið a) og b)		36.526	57.823.52
		Samtals	395.676	626.386.11

Bústærð:

kýr	193.4	ærgildi
geldneyti	41.6	"
sauðfé	205.0	"
	440.0	ærgildi

1. september 1985.

a)	Laun (3520 klst.) á dagvinnukaupi		423.104	491.786.56
b)	25% álag á a) vegna óreglulegs vinnutíma og fríðinda		105.776	122.946.64
c)	10.17% orlof á lið a) og b)		53.787	62.518.25
		Samtals	582.667	677.251.45

Bústærð:

kýr	193.4	ærgildi
geldneyti	41.6	"
sauðfé	205.0	"
	440.0	ærgildi

1. júní 1986.

a)	Laun (3520 klst.) á dagvinnukaupi		495.444	503.179.3o
b)	25% álag á a) vegna óreglulegs vinnutíma og fríðinda		123.861	125.794.83
c)	10.17% orlof á lið a) og b)		62.983	63.966.35
d)	sjúkragjald		6.822	6.928.51
		Samtals	689.110	699.868.99

Bústærð:

kýr	193.4	ærgildi
geldneyti	41.6	"
sauðfé	205.0	"
	440.0	ærgildi

Athugasemdir:

Við framreikning er miðað við ágúst 1986 og breytingar á framfærsluvísitölu til þess tíma; sjá töflu.

Breytingar framfærsluvísitölu:


September	1978	1186
"	1979	1736
"	1980	2649
"	1981	4007
"	1982	6134
október	1983	12209
september	1984	14053
"	1985	19140
júní	1986	21905
ágúst	1986	22247

Til viðmiðunar við mat á breytingum launaliðar verðlagsgrundvallarins er hægt að nota breytingar á kauptaxtavísitölu iðnaðarmanna annars vegar (60%) og ASÍ-landverkafólks hins vegar (40%). (Heimild: Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar). Hér er miðað við september 1980 = 100, en árunum 1978-1979 er sleppt, þar sem uppbygging launaliðar þessi ár er frábrugðin því sem er frá 1980.

Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir þessum útreikningi.

		Vegin kauptaxtavísitala iðnaðarmanna/ASÍ	Launaliður verðlagsgrundvallar
September	1980	100.oo	100.oo
"	1981	169.77	151.39
"	1982	261.o9	233.39
"	1983	358.23	341.13
"	1984	414.85	386.3o
"	1985	565.79	568.86

Samkvæmt línuritinu sem hér fylgir hækkaði kauptaxtavísitalan meira en launaliðurinn milli áranna 1980 og 1981. Það skýrist m.a. af því að veikindagjald, sem færist hér sem launatengd gjöld, var fellt úr launalið grundvallarins. Það var gert vegna þess að sett höfðu verið lög um forfalla- og afleysingaþjónustu í landbúnaði til að bændur fengju aðstoð í veikindaforföllum, þeim að kostnaðarlausu.



2. Hlutur bænda í verðlagsgrundvelli 1976–1986.

Samkvæmt upplýsingum ritara verðlagsnefndar landbúnaðarins hafa bændur ekki gefið eftir af sínum hlut á verðlagsgrundvelli frá 1978 fram að hausti 1986.

Í september 1986 voru þær breytingar gerðar á uppbyggingu verðlagsgrundvallarins að grundvellirnir verða tveir, þ.e. einn fyrir sauðfjárbú og annar fyrir kúabú.

Samkomulag varð í verðlagsnefndinni um að tekjuhlið verðlagsgrundvallar sauðfjárbúsins yrði þannig reiknuð að meðalverð sauðfjárafurða væri óbreytt frá bráðabirgðagrundvelli frá 24. september 1986. Það bráðabirgðaverð var þannig fundið að verð sauðfjárafurða héldist sama og var á s.l. verðlagsári samkvæmt samkomulagi í verðlagsnefndinni með þeim hækkunum sem leiddi af verðlagsbreytingum á árinu. Þegar þessi ákvörðun var tekin lá fyrir að unnt yrði að ná samkomulagi í nefndinni um hækkun á afurðaverði sauðfjár um 8,8% umfram áðurnefnt bráðabirgðaverð en Landssamtök sauðfjárbænda og fulltrúar framleiðenda í verðlagsnefndinni töldu hagkvæmara að fresta þeirri hækkun um eitt ár til að halda uppi kindakjötsmarkaðnum. Þessi ákvörðun var m.a. forsenda þess að samningar náðust milli ríkisvaldsins og bænda um sama magn kindakjöts innan fullrar verðábyrgðar verðlagsárið 1987–88 og verðlagsárið 1986–87.

Sþ. 216. Svar [95. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um framlög til þróunarsamvinnu og hjálparstarfs.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands kannaði einstök atriði fyrirspurnarinnar að beiðni utanríkisráðuneytisins og er þeim svarað í sömu töluröð og fram kemur í fyrirspurninni á þskj. 96. Um svar við 5. tölul. var og haft samráð við viðskiptaráðuneytið.

1. Framkvæmd á ályktun Alþingis 28. maí 1985.

Þegar ályktun Alþingis var samþykkt 1985 námu framlög ríkissjóðs til þróunarsamvinnu og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 0,073% af þjóðarframleiðslu þess árs (1985). Í ár er áætlað að þetta hlutfall verði 0,062%. Stefnt skyldi að því skv. ályktuninni að þessi framlög næmu 0,7% af þjóðarframleiðslu eftir sjö ár, þ.e. árið 1992.

2. Hlutfall þróunaraðstoðar af þjóðarframleiðslu.

Framlög til þróunarsamvinnu og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi skv. fjárlagafrumvarpi 1987 nema 82 599 000 kr. Verg þjóðarframleiðsla er áætluð vera 152 600 000 000 kr. Hlutfall framlaganna af þjóðarframleiðslu verður þá 0,054%.

3.–4. Framlög Íslands og OECD-ríkja til þróunarsamvinnu og hjálparstarfs s.l. 10 ár.

		1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
A	Framlög til þróunarsamvinnu og alþjóðlegs hjálparstarfs (í þús. kr.)	2058	2587	3931	9743	10860	23256	68339	72094	77162	84536
B	Verg þjóðarframleiðsla (í millj. kr.)	4031	6235	9195	15094	23142	35429	59590	77007	105100	136200
C	Hlutfall A/B (%)	0,051	0,042	0,043	0,065	0,047	0,066	0,115	0,094	0,073	0,062
D	Verg landsframleiðsla á mann í bandaríkjadölum	9530	10860	12099	14175	14354	12775	10642	10723	11100	–
E	Röð Íslands meðal OECD-landa skv. D-lið	3.	4.	5.	3.	2.	4.	7.	7.	–	–

5. Aðild Íslands að hjálpar- og þróunarstarfi OECD.

Af Íslands hálfu hefur ekki verið talin ástæða til að taka þátt í starfi Þróunarmiðstöðvar OECD. Meiri áhersla hefur verið lögð á aðra þætti í starfi samtakanna, svo sem þátttöku í ráðsfundum og störfum ýmissa nefnda, t.d. fiskimálanefndar. Í þessu sambandi skiptir og máli að hin takmarkaða aðstoð Íslands við þróunarlönd hefur beinst að starfi fáeinna alþjóðastofnana og starf OECD hefur öðru fremur miðast við fræðilegri þætti sem ekki skipta sköpum um þróunaraðstoð sem slíka. Ekki er vitað til þess að af hálfu Þróunarmiðstöðvar OECD hafi verið spurst sérstaklega fyrir um þróunaraðstoð Íslands.

6. Hæsta hlutfall þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar s.l. 10 ár.

	1976		1977		1978		1979		1980		1981		1982		1983		1984		1985	
	A	B	A	B	A	B	A	B	A	B	A	B	A	B	A	B	A	B	A	B
Noregur		7771	0.83	8899	0.90	10011	0.93	11571	0.82	14121	0.85	13925	1.03	13637	1.10	13318	1.02	13215	1.00	
Holland		6918	0.86	8085	0.82	9846	0.93	11220	0.99	11970	1.07	9926	1.07	9653	0.91	9232	1.02	8534	0.91	
Svíþjóð		9499	0.99	10006	0.90	11031	0.94	13002	0.76	14938	0.83	13596	1.02	11997	0.84	11030	0.80	11369	0.86	
Danmörk		8192	0.60	9144	0.75	11063	0.75	12886	0.72	12941	0.73	11177	0.77	10940	0.73	11013	0.85	10690	0.80	
Frakkland		6636	0.60	7217	0.57	8888	0.59	10709	0.62	12163	0.73	10564	0.74	9962	0.74	9434	0.77	8907	0.79	
Belgía		6794	0.46	7888	0.55	9633	0.56	11036	0.49	11927	0.59	9704	0.58	8569	0.59	8139	0.56	7697	0.53	
Astralía		6892	0.42	6813	0.55	7676	0.52	8504	0.48	9693	0.41	10923	0.56	10603	0.49	10179	0.46	11178	0.49	
Kanada		8549	0.50	8613	0.52	8813	0.46	9700	0.42	10800	0.43	11965	0.41	12129	0.45	12994	0.50	13285	0.49	
V-Þýskaland		7240	0.33	8401	0.37	10434	0.44	12380	0.43	13216	0.47	11054	0.48	10683	0.48	10655	0.45	10025	0.47	
Finnland		6449	0.16	6808	0.16	7339	0.21	8995	0.22	10800	0.27	10547	0.29	10537	0.32	10148	0.36	10493	0.39	
Kuwait	3.64	-	8.19	12498	5.48	12711	3.52	17100	3.52	22840	3.63	20900	4.60	19870	3.86	17880	3.81	16720	2.72	
Saudi-Arabia	6.47	-	4.94	8319	8.00	9284	5.20	7280	4.95	11260	3.49	12600	2.54	16000	3.29	12230	3.29	10530	2.20	
Sameinuðu furstadæmin	8.88	-	7.39	20945	6.36	19380	5.08	19428	3.82	30070	2.60	24660	1.34	23770	1.44	22870	0.17	21.920	0.07	

A: Opinber framlög til þróunarsamvinnu
í hlutfalli (%) af þjóðarframleiðslu.

B: Landsframleiðsla mæld í bandaríkjadölum
á mann á verðlagi hvers árs.

Heimildir: Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Þjóðhagsstofnun, OECD/DAC, Alþjóðabankinn, Sameinuðu þjóðirnar.

Sþ. 217. Fyrirspurn [203. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fæðisdagpeningaeign sjómanna í áhafnadeild Aflatryggingasjóðs.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hve hárri fjárhæð nemur inneign sjómanna vegna fæðisdagpeninga í áhafnadeild Aflatryggingasjóðs?
2. Hve mikið hefur þegar verið greitt til sjómanna af framangreindri upphæð?
3. Hvenær geta sjómenn vænst þess að fá þær greiðslur sem á vantar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 218. Svar [114. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um álagningu skatta árin 1985 og 1986.

Ráðuneytið fól ríkisskattstjóra að taka saman umbeðnar upplýsingar og fylgir svar hans hér með:

Reykjavík, 25. nóvember 1986.

Meðfylgjandi sendist yður niðurstaða athugunar á tekjum og eignum tannlækna gjaldárin 1985 og 1986 samkvæmt fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanni.

Vakin er athygli á að spurningu nr. 2 er svarað á tvennan hátt, annars vegar hvað varðar heildartekjur sem fram koma á skattframtölum og hins vegar hvað varðar heildarrekstrartekjur og hlutfall kostnaðar af þeim.

Af orðalagi fyrirspurnarinnar má ráða að fyrirspyrjandi er í reynd að spyrjast fyrir um seinna atriðið þótt notað sé hugtakið „heildartekjur“.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra,
Skúli Eggert Þórðarson.

1. Heildarálagningarstofn.

Heildarálagningarstofn til útsvars, tekjuskatts og eignarskatts hjá starfandi tannlæknum hér á landi, gjaldárin 1985 og 1986, var sem hér segir (tölur í dálkum alltaf krónur):

	1986	*1985*
Útsvarsstofn	217 252 576	150 060 769
Tekjuskattsstofn	193 138 024	132 975 546
Eignarskattsstofn	510 601 090	386 680 840

2. Framtaldar heildareignir og tekjur.

Gjaldárið 1985.

1. Skattskyldar heildartekjur tannlækna (einstaklinga) samkvæmt framtölum voru 154 645 434 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

Launatekjur (reitur 21 á framtali)	23 826 171
Reiknuð laun við eigin atvinnurekstur (reitur 24 á framtali)	90 086 899
Hreinar tekjur af atvinnurekstri (reitur 62 á framtali)	31 314 331
Eignatekjur (reitur 71–77 á framtali)	264 455
Aðrar skattskyldar tekjur	9 153 578
Þá höfðu sömu aðilar eftirgreindar óskattskyldar vaxtatekjur (úr reitum 12, 14 og 19 á framtali)	8 750 484

2. Heildarrekstrartekjur af atvinnurekstri tannlækna, einstaklinga og félaga voru 372 906 169 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

Rekstrarkostnaður samtals var	221 907 186
Laun eigenda (reiknuð laun og laun eigenda lögaðila sem reka tannlæknastofur) voru	94 797 752
Reiknuð laun maka voru	13 021 670
Hreinar tekjur (rekstrarhagnaður tannlækna, maka þeirra og eigenda lögaðila) voru	33 918 931
Framlag í fjárfestingarsjóð var	9 260 630

Hlutfall rekstrarkostnaðar tannlæknastofa af framtöldum heildartekjum gjaldárið 1985, vegna tekna ársins 1984, er því tæp 59,51%.

Gjaldárið 1986.

3. Skattskyldar heildartekjur tannlækna (einstaklinga) samkvæmt skattframtölum voru 221 890 626 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

Launatekjur (reitur 21 á framtali)	31 136 059
Reiknuð laun við eigin atvinnurekstur (reitur 24 á framtali)	127 066 588
Hreinar tekjur af atvinnurekstri (reitur 62 á framtali)	41 769 067
Eignatekjur (reitir 71–77 á framtali)	545 798
Aðrar skattskyldar heildartekjur	21 373 114
Þá höfðu sömu aðilar eftirgreindar óskattskyldar vaxtatekjur (úr reitum 12, 14 og 19 á framtali)	16 128 229

4. Heildarrekstrartekjur af atvinnurekstri tannlækna, einstaklinga og félaga voru 530 641 643 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

Rekstrarkostnaður samtals var	315 055 141
Laun eigenda (reiknuð laun eigenda og laun eigenda lögaðila sem reka tannlæknastofur) voru	133 457 008
Reiknuð laun maka eigenda voru	19 788 807
Hreinar tekjur (rekstrarhagnaður eigenda, maka þeirra og hagnaður lögaðila) voru	44 914 622
Framlag í fjárfestingarsjóð var	17 426 065

Hlutfall rekstrarkostnaðar tannlæknastofa af framtöldum heildartekjum gjaldárið 1986, vegna tekna ársins 1985, er því rúm 59,37%.

Eignir:

5. Heildareignir tannlækna og maka þeirra samkvæmt skattframtölum 1985, er miðast við eignir 31. des. 1984, voru 881 788 136 kr. Skuldir sama tímabil voru 151 738 471 kr. Nettóeign tannlækna og maka þeirra var 740 889 824 kr. og er þá tekið tillit til þeirra sem skulda umfram eignir en sú skuldastaða var í heild sinni 10 840 159 kr.

Í nettóeign eru innifaldar skattfrjálsar eignir, innstæður í bönkum, samtals 48 406 960 kr.

Þá var hrein eign samkvæmt efnahagsreikningum einstaklinga (reitur 01 á skattframtali) 87 740 081 kr.

6. Heildareignir tannlækna samkvæmt skattframtölum 1986, er miðast við eignir 31. des. 1985, voru 1 155 001 342 kr. Skuldir sama tímabil voru 202 659 760 kr. Nettóeign tannlækna og maka þeirra var 974 914 481 kr. og er þá tekið tillit til þeirra sem skulda umfram eignir en sú skuldastaða var í heild sinni 22 572 899 kr.

Í nettóeign eru innifaldar skattfrjálsar eignir, innstæður í bönkum, samtals 63 571 962 kr.

Þá var hrein eign samkvæmt efnahagsreikningum einstaklinga (reitur 01 á skattframtali) 116 020 916 kr.

3. Heildarálagning skatta.

Heildarálagning opinberra gjalda á alla tannlækna á landinu var sem hér segir:

1. Gjaldárið 1985.		
a. Útsvar	15 452 410	
b. Tekjuskattur	36 159 455	
c. Eignarskattur	2 462 655	(eignarskattsauki 345 313 innif.)
d. Aðstöðugjald	2 812 524	
e. Önnur gjöld	4 236 109	
Alls	61 123 153	
2. Gjaldárið 1986.		
a. Útsvar	21 266 570	
b. Tekjuskattur	52 886 946	
c. Eignarskattur	3 287 498	(eignarskattsauki 446 048 innif).
d. Aðstöðugjald	3 851 190	
e. Önnur gjöld	6 714 817	
Alls	88 007 021	

4. Fjöldi tannlækna.

Fjöldi tannlækna samkvæmt skattframtölum var sem hér segir:

1. Gjaldárið 1985.

Tannlæknar, sem skiluðu rekstrarreikningi með skattframtölum sínum, voru 186 alls. Aðrir tannlæknar voru 23. Alls 209 að tölu. Aðrir tannlæknar eru aðilar sem nutu launatekna frá öðrum tannlæknum, sveitarfélögum, ríkissjóði, lögaðilum sem hafa rekstur tannlæknastofa með höndum og fleirum.

2. Gjaldárið 1986.

Tannlæknar, sem skiluðu rekstrarreikningi með skattframtölum sínum, voru 188 alls. Aðrir tannlæknar voru 21. Alls 209 að tölu.

5. Hlutur sjálfstæðra atvinnurekenda í álögðum tekjuskatti einstaklinga.

Heildarálagning tekjuskatts og fjöldi þeirra sem hann greiða.

1. Gjaldárið 1985.

Einstaklingar þeir, sem á árinu 1984 töldu fram tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri, teljast vera 21 153 að tölu. Af þeim greiddu 11 745 tekjuskatt, samtals 954 093 155 kr.

Álagður tekjuskattur einstaklinga var alls 3 919 505 892 kr.

Fjöldi gjaldenda var 78 163.

2. Gjaldárið 1986.

Einstaklingar þeir, sem á árinu 1985 töldu fram tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri teljast vera 22 093 að tölu. Af þeim greiddu 13 475 tekjuskatt, samtals 1 482 241 006 kr.

Álagður tekjuskattur einstaklinga var alls 5 926 953 437 kr.

Fjöldi gjaldenda var 83 500.

Nd. 219. Frumvarp til laga [204. mál]

um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans. Ráðherra skal veita Alþingi slíkar upplýsingar þegar það óskar þess.

2. gr.

Síðari málsl. 4. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans með þeim takmörkunum sem um getur í 27. gr. og sendir þær bankaeftirlitinu.

3. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé bankans. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart viðskiptabanka í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við bankann, þar með taldar ábyrgðir sem bankinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með einróma samþykki bankastjórnar og samþykki meiri hluta bankaráðs í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé bankans. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Frá heildarskuldbindingum skv. ákvæðum þessarar greinar skal draga skuldbindingar sem eru álitnar sérstaklega tryggar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Varla er um það deilt að það varðar hag alls almennings og þjóðfélagsins í heild hvernig lánastofnanir eru reknar og starfsemi þeirra háttað í þjóðfélaginu. Alþingi getur haft úrslitaáhrif á það hvernig til tekst. Skylda Alþingis er að tryggja að löggjöf um starfsemi banka og sparisjóða sé með þeim hætti að hún veiti innlánsstofnunum strangt aðhald, tryggi til hins ýtrasta hag sparifjáreigenda og komi í veg fyrir að hægt sé að taka ákvarðanir sem stofna rekstri og afkomu innlánsstofnana í hættu.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt:

Hið fyrra að tryggja að bankar láni ekki einum viðskiptamanni, einu fyrirtæki eða fleiri viðskiptamönnum og fyrirtækjum, sem eru fjárhagslega hvert öðru bundin, óhæfilega mikið fjármagn.

Hið síðara að í 10. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að ráðherra geti krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag banka, sé skýrt ákvæði um að unnt sé að fá slíkar upplýsingar fram á Alþingi með venjulegum hætti, t.d. fyrirspurn til ráðherra eða skýrslu. Það er skylda Alþingis að halda uppi virku aðhaldi og eftirliti með starfsemi bankanna. Nauðsynlegt er að slíkt ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, sé lögfest því að framkvæmdarvaldið hefur margoft neitað Alþingi um upplýsingar er snerta hag og rekstur banka þegar leitað hefur verið eftir þeim. Brýnt er því að lögfesta upplýsingaskyldu ráðherra þannig að löggjöfin um starfsemi banka veiti Alþingi svigrúm til að halda uppi virku eftirliti með starfsemi innlánsstofnana. Reynslan sýnir að tryggja verður slíka upplýsingaskyldu framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafanum með ótvíræðum hætti.

Tilgangur 3. gr. frumvarpsins er sá að koma í veg fyrir þá hættu sem óeðlilega mikil fyrirgreiðsla til stærstu lántakenda hefur í för með sér fyrir hag og rekstur banka. Fyrri flutningsmaður þessa frumvarps flutti við afgreiðslu frumvarps til laga um viðskiptabanka á þinginu 1984–1985 breytingartillögu sem fól í sér sambærilegt ákvæði en sú tillaga var þá felld. Mikilvægi þess að slíkt ákvæði verði lögfest er þó augljóst og eru viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. þar gleggsta dæmið. Að auki má benda á að svar viðskiptaráðherra 4. febrúar s.l. við fyrirspurn fyrri flutningsmanns um hlutfall heildarfyrirgreiðslu af eigin fé ríkisbankanna til fimm stærstu lántakenda er ótvíræð sönnun þess hve brýnt er að lögfesta slíkt ákvæði. Þar kom fram að einn viðskiptabankinn hafði lánað einum og sama aðila 145% af eigin fé bankans og að lánveitingar viðskiptabankanna til fimm stærstu lántakenda nema tvöföldu til fjórföldu eigin fé bankanna.

Bókfært eigið fé ríkisviðskiptabankanna 31. des. 1984, framreiknað til verðlags 30. júní 1985 að því er Útvegsbanka Íslands varðar og til 30. nóvember 1985 hjá Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, er eftirfarandi (í þús. kr.):

Útvegsbanki Íslands	496 392
Landsbanki Íslands	1 841 586
Búnaðarbanki Íslands	750 287

Lánafyrirgreiðsla til stærsta lántakandans hjá hverjum ríkisviðskiptabanka miðað við sömu daga voru sem hér segir (sem hlutfall af eigin fé):

Útvegsbanki Íslands	145,0%	(eða 719 millj. kr.)
Landsbanki Íslands	83,0%	(eða 1529 millj. kr.)
Búnaðarbanki Íslands	56,8%	(eða 426 millj. kr.)

Heildarfyrirgreiðsla af eigin fé ríkisviðskiptabankanna til fimm stærstu lántakenda var eftirfarandi:

Landsbanki Íslands	304%	(eða 5600 millj. kr.)
Útvegsbanki Íslands	392,5%	(eða 1948 millj. kr.)
Búnaðarbanki Íslands	183,2%	(eða 1374 millj. kr.)

Af þessu má ljóst vera að lánveitingar ríkisviðskiptabankanna eru úr öllu hófi og geta fyrirvaralaust teflt rekstri og hag bankanna í stórfellda hættu. Brýna nauðsyn ber því til að setja þegar í stað ákvæði í lög um viðskiptabankana þar sem skorður verða settar við lánafyrirgreiðslu bankanna til einstakra viðskiptaaðila og tryggt verði að bankarnir eigi ekki allt undir því að einn og sami lántakandi standi við skuldbindingar sínar.

Þó að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisbankanna og innstæður sparifjáreigenda séu þar af leiðandi tryggðar eiga skattgreiðendur kröfu á því að tryggilega sé frá þessum málum gengið því að á endanum fá skattgreiðendur reikninginn ef ríkissjóður verður að taka á sig skuldbindingar viðskiptamanna. Að auki setja slík ákvæði öðrum bönkum en ríkisviðskiptabönkunum skorður um lánveitingar — sem nauðsynlegt er til að tryggja líka eins og kostur er að innstæðum sparifjáreigenda í hlutafélagsbönkum sé ekki teflt í tvísýnu.

Benda má á að margar þjóðir hafa sett ákvæði í lög um takmörkun lánveitinga banka miðað við eigið fé, en eigið fé banka er mælikvarði á styrkleika hans. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er miðað við 10% af eigin fé bankanna, í Sviþjóð 15%, í Danmörku 35% og í Noregi og V-Þýskalandi 50%.

Hér á landi var um langan tíma að finna slík ákvæði um takmörkun lánveitinga í löggjöf um sparisjóði. Þau ákvæði voru sett árið 1941 og giltu allt þar til þau voru felld úr gildi með lögum nr. 87/1985. Ekki er úr vegi að rifja upp rök þau sem að baki lágu árið 1941 þegar þau ákvæði voru lögfest og fram koma í athugasemdum með frumvarpinu:

„Í frv. til laga um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, er bankanefndin hefir samið, leggur hún til að ákveðið verði hámark þess, sem lánsstofnanir megi lána einstökum viðskiptamönnum og fleirum, sem eru fjárhagslega tengdir. Í samræmi við það eru ákvæði 16. gr. frv. til laga um sparisjóði. Nefndin leggur mikla áherslu á að slík ákvæði verði lögfest hér. Er hvort tveggja, að öll reynsla hér á landi mælir með að þess sé full þörf og að aðrar þjóðir hafa talið ástæðu til þess að ákveða svipað í sínum banka- og sparisjóðalögum. Einnig hefir nefndin orð bæði danskra og sænskra bankafræðinga fyrir því að mjög sé nauðsynlegt að fylgja því vel eftir, að lánsstofnanir bindi ekki fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptamönnum. Telja þeir, að flest, ef ekki öll, bankahrun á Norðurlöndum hafi stafað af því, að ekki hafi verið gætt nægrar varfærni í því efni.

Það er líka augljóst, að ekki er heppilegt fyrir lánsstofnun að binda fé sitt svo hjá einum eða fáum mönnum, að hrun þeirra geti leitt af sér hrun lánsstofnunarinnar. Er mjög hætt við að þá verði freistast til að halda lánveitingum áfram lengur en nokkurt vit er í, til þess að fresta hættulegu uppgjöri, og að jafnvel geti farið svo, að það sé fremur lánþegi, sem hafi lánsstofnunina í hendi sér, en hún hann.“

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að þessi rök eigi ekki síður við nú en fyrir 45 árum síðan. Þau árétta tvímælalaust nauðsyn þess að á Alþingi náist samstaða um að lögfesta ákvæði þau sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Nd. 220. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Sparisjóðsstjórn setur einnig að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins með þeim takmörkunum sem um getur í 32. gr. og sendir þær bankaeftirlitinu.

2. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóði í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þar með taldar ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með einróma samþykki sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé sparisjóðsins. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Frá heildarskuldbindingum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal draga skuldbindingar sem eru álitnar sérstaklega tryggar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er sams konar og frumvarp fyrri flutningsmanns um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, nema hvað hér ræðir um sparisjóði en ekki banka (ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka).

Um rökstuðning fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til og skýringar á einstökum atriðum vísast til frumvarpsins um breytingu á viðskiptabankalögunum, 204. mál, þskj. 219.

Sþ. 221. Fyrirspurn [206. mál]

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til Alþýðuskólans á Eiðum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvert er mat menntamálaráðuneytisins á fjárþörf til stofnframkvæmda og viðhalds bygginga við Alþýðuskólann á Eiðum á árinu 1987?
2. Hvaða tillögur hefur ráðuneytið gert um þessi efni vegna fjárlagaundirbúnings 1987?

Ed. 222. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979, lög nr. 44 11. maí 1982, lög nr. 55 30. maí 1984 og lög nr. 52 7. maí 1986, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

3. tölul. 8. gr. laganna orðist svo:
Framlagi til Útflutningsráðs Íslands skv. 4. tölul. 9. gr. laga þessara.

2. gr.

4. tölul. 9. gr. laganna orðist svo:
⅔ hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tölul. 5. gr. laganna, og skal þeim hlut ráðstafað óskiptum til Útflutningsráðs Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 38/1986, 6. gr., segir að einn af tekjuliðum ráðsins sé tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984. Tryggt er að ráðið fær þann hluta af iðnlánasjóðsgjaldi sem tilgreindur er í síðarnefndu lögunum. Í lögum nr. 55/1984, sem breyta lögum um Iðnlánasjóð, er þó á tveimur stöðum talað um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins en hún var lögð niður með lögunum um Útflutningsráð Íslands, nánar tiltekið við gildistöku þeirra laga 1. október 1986.

Með frumvarpi þessu eru ákvæði laga nr. 55/1984 færð til samræmis við ákvæði hinna nýju laga nr. 38/1986.

Að öðru leyti virðast einstakar greinar frumvarpsins ekki þurfa nánari skýringa við.

Sþ. 223. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um uppsetningu viðvörunarbúnaðar og rannsóknir á jarðskjálftasvæði Suðurlands.

Flm.: Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að afla fjár til þess að koma upp viðvörunarbúnaði og efla rannsóknir á Suðurlandi, einkum landmælingar og efnamælingar á lofttegundum, vegna hættu á svonefndum Suðurlandsskjálfta.

Greinargerð.

Í ráði er að efna til samnorræns verkefnis jarðskjálftafræðinga þar sem sinnt verði yfirgripsmiklum þætti í jarðskjálftamælingum, en þar er ekki gert ráð fyrir að stundaðar verði landmælingar og efnamælingar sem geta þó skipt sköpum í því að vara fólk við yfirvofandi hættu á skjálfta. Setja þarf upp hallamæla til landmælinga og taka sýnishorn í borholum sem eru á svæðinu.

Þegar spenna eykst undir jarðskorpunni, sem er aðdragandi jarðskjálfta eða eldsumbrota, myndast mjög smáar sprungur í hana og þær hleypa í gegn geislavirkum lofttegundum sem benda til þess hvers er að vænta.

Í álitsgerð, sem flutningsmaður óskaði eftir frá Guðmundi E. Sigvaldasyni forstjóra Norrænu eldfjallastöðvarinnar, segir hann, um viðbúnað vegna jarðskjálfta á Suðurlandi, að lítill vafi leiki á því að sterkur jarðskjálfti muni ríða yfir Suðurland einhvern tíma á næstu árum eða áratugum. Á þeirri öld, sem nú er senn liðin frá síðustu jarðskjálftum, hefur fólksfjöldi margfaldast og gífurlegir fjármunir hafa verið festir í nýjum mannvirkjum. Engin reynsla er fengin á því hvernig þessi mannvirki reynast í miklum skjálfta en vitað er að mörg þeirra eru ótrygg í slíkum hamförum. Efnahagslegan skaða er hægt að bæta, en hitt, sem ekki verður bætt, er ógnvekjandi. Vegna þeirrar ógnar er erfitt að ræða málið. Raunsönn lýsing á því, sem getur gerst í Suðurlandsskjálfta, kynni að valda ótta og gæti haft alvarleg áhrif á atvinnulíf og búsetu í þessum mikilvæga landshluta. Vísindamenn, sem gera sér grein fyrir hættunni, forðast að segja hug sinn allan og ræða málið af mikilli varkárni. Boðin komast að vísu til skila en varkárnin veldur því að fólk er í vafa og hefur undankomuleið í sjálfsblekkingu. Þessi viðkvæma staða veldur því að öll umræða eða snögg viðbrögð stjórnvalda eru til þess fallin að auka á ótta. Í þessu sérstaka tilviki er sjálfsblekking af hinu góða á meðan lítið hefur verið gert af því sem hægt er að gera til að auka öryggi fólksins.

Nauðsynlegur viðbúnaður.

Viðbúnaður vegna jarðskjálfta er með tvennum hætti:

1. Ítarleg könnun á mannvirkjum og styrking þeirra sem eru talin lífshættuleg í skjálfta. Enn fremur fræðsla sem beinist að því að kenna fólki hvernig hver og einn getur stuðlað að eigin öryggi með einföldum og ódýrum aðferðum.
2. Uppsetning og skilvirkur rekstur allra mælitækja sem nú eru notuð við tilraunir til að segja jarðskjálfta fyrir.

Fyrra atriðið verður ekki rætt frekar í þessu sambandi en þó skal þess getið að umfangsmikil fræðsla vekur umræðu og spurningar sem erfitt er að svara nema annar viðbúnaður sé vel á veg kominn. Hér á eftir verður einungis fjallað um síðari þáttinn, þ.e.

vöktun svæðisins og tilraun til að segja skjálftann fyrir. Lokamarkmið hlýtur að vera að auka öryggi fólksins með allri tiltækri tækni.

Vöktun vegna jarðskjálftahættu er byggð á því að mæla ákveðna þætti sem gefa vísbendingu um breytingar á spennuástandi jarðskorpunnar. Umsögn um horfur á jarðskjálfta byggist á því að túlka forboða sem mælast samtímis með ólíkum mælitækjum. Túlkunin er skorðuð við fyrir fram áætlað munstur eða líkan af hegðun jarðskorpunnar fyrir skjálfta. Vöktunin er samhæfð kerfi Almannavarna sem bregðast með fyrir fram ákveðnum hætti við hverri niðurstöðu. Vöktunin gefur þannig tilefni til viðbragða sem stigmagnast eftir því hversu alvarlegir forboðarnir eru taldir vera. Viðvaranir eru ekki birtar almenningi nema um mjög alvarlega forboða sé að ræða, en Almannavarnir verða í viðbragðsstöðu, eins þótt forboðarnir séu tvíræðir. Með þessu móti er óþörfum hættuboðum til almennings haldið í lágmarki.

Engin trygging er fyrir því að vöktun geri kleift að segja jarðskjálfta fyrir. Hins vegar má spyrja hvort hægt sé að láta slíka tilraun ógerða ef einhverjar líkur eru á því að veikbyggður barnaskóli verði tæmdur í tæka tíð.

Framkvæmd.

Jarðskjálftavöktun krefst tækja, þjálfunar og reksturs. Engin leið er að byggja skilvirka vöktun á skömmum tíma. Verkefnið er flókið, dýrt og tímafrekt. Þess vegna verður að fara hægt af stað en auka við eftir því sem reynsla og þekking eykst. Fyrstu skrefin geta verið eftirfarandi.

1. Íslenskir jarðskjálftafræðingar hafa sótt um fé til Norðurlandaráðs í samvinnu við starfsbræður á Norðurlöndum. Upphæðin nemur 6 milljónum sænskra króna, sem dreifist á næstu fimm ár. Verkefnið felur í sér uppsetningu jarðskjálftamæla á Suðurlandi sem verða tengdir fjarskiptaneti og tölvubúnaði til samtímaúrvinnslu gagna. Þetta verkefni er eðlilegt fyrsta skref í uppsetningu vöktunarkerfis. Skilyrði fyrir því að þetta takist er að íslensk stjórnvöld greiði kostnað við rekstur tækjanna sem áætlað er að nemi 3 milljónum króna. Ef íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að fé verði veitt til þessa verks úr samnorrænum sjóði og eru tilbúin að greiða kostnað hér heima er mikilvægt skref stigið.

2. Jarðskjálftamælingar eru aðeins hluti þess sem gera þarf. Í skýrslu Raunvísindastofnunar Háskólans, Veðurstofu Íslands og Norrænu eldfjallastöðvarinnar frá 15. des. 1978 til almannavarnaráðs er gerð ítarleg grein fyrir nauðsynlegum mælingum og kostnaður metinn. Meginatriði þeirrar skýrslu voru tekin upp í „Skýrslu vinnuhóps almannavarnaráðs um jarðskjálfta á Suðurlandi og varnir gegn þeim“ (07-78, AV-1). Lítið hefur komist í verk af þeim mælingum sem þar er fjallað um. Nú þegar þarf að endurskoða þessar skýrslur enda hafa ýmsar framfarir orðið á s.l. áratug sem breyta viðhorfum til vöktunar. Ef styrkur fæst úr samnorrænum sjóði til jarðskjálftamælinga verður hægt að setja upp umfangsmikið fjarskiptanet sem nýtist einnig við aðrar mælingar. Eðlilegt er að leita eftir innlendu fjármagni (u.þ.b. 1,5 milljónum króna) til að koma þeim mælingum af stað, einkum landmælingum og mælingum á lofttegundum (radon).

Að lokum skal enn minnt á að hér er aðallega rætt um vöktun svæðisins og tilraunir til að segja jarðskjálftann fyrir. En ekki má gleyma mikilvægi forvarna og fræðslu.

Ed. 224. Frumvarp til laga [209. mál]

um sjómannadag.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur sjómanna með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir.

Sjómannadagurinn skal vera almennur fánadagur.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskip, sem liggur í íslenskri höfn og eigi hefir látið úr höfn fyrir kl. 24 á föstudegi næstum á undan sjómannadegi, eigi láta úr höfn fyrr en kl. 12 á mánudagsmorgni næstum á eftir.

Strandferðaskip, ferjur og sanddæluskip skulu halda höfn þar sem þau eru stödd samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til skipa Landhelgisgæslu Íslands. Stjórn Landhelgisgæslunnar ber þó að sjá til þess að skipin séu í höfn ef þau hafa ekki aðkallandi verkefnum að gegna að hennar mati.

4. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal leitast við að skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti eigi úr höfn fyrr en kl. 12 næsta mánudagsmorgun.

5. gr.

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á mánudagsmorgni næstum á eftir.

Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað eða aðrir mikilvægir hagsmunir eru í húfi enda hafi samkomulag tekist um slíkt milli útgerðarmanns og meiri hluta skipshafnar. Slíkt samkomulag þarf að liggja fyrir fjórum vikum fyrir sjómannadag og skal það tilkynnt viðkomandi sjómannafélagi.

6. gr.

Útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Brot gegn lögunum varða sektum í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjómannadagurinn, fyrsti sunnudagur í júnímánuði, var fyrst haldinn hátíðlegur 6. júní 1938. Fyrir þessum hátíðisdegi er því tæplega hálfrar aldar gömul hefð. Saga þessa merka dags verður ekki rakin hér. Þess má þó geta að einn helsti forgöngumaður hans var mikilvirkur brautryðjandi slysavarna hér á landi, Henrý Hálfdánarson. Tilgangur dagsins var frá upphafi að halda árlega hátíð sjómönnum til heiðurs og minnast jafnframt látinna sjómanna, einkum þeirra er létust af slysförum á sjó. Þessum merkjum hefir síðan verið haldið á lofti. Sjómannadagurinn hefir frá upphafi verið almennur hátíðisdagur í útgerðarstöðum um land allt. Samt sem áður hefur hann ekki verið allsherjarfrídagur sjómanna. Það er athyglisvert að lengi vel lagði sjómannastéttin og forustumenn hennar ekki megináherslu á að sjómannadagurinn yrði almennur frídagur sjómanna enda var lífsbaráttan lengst af svo hörð að enga stund mátti missa frá því að afla sér og sínum viðurværis. En með batnandi hag og ríkari stéttarvitund hefir hugmyndinni vaxið fylgi. Í kjarasamninga sumra sjómannafélaga hafa verið sett ákvæði um þetta efni, þó með víðtækum fyrirvörum. Félögin hafa og gert samþykktir um málið og beint áskorunum til stjórnvalda þar um.

Nú þegar nær hálf öld er liðin síðan sjómannadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur sýnist hins vegar tímabært að koma fastri skipan á frí sjómanna þann dag. Væri það táknræn kveðja Alþingis og þjóðarinnar allrar til sjómannastéttarinnar á þessum tímamótum. Í frumvarpi þessu er því slegið föstu að sjómannadagurinn skuli vera almennur frídagur sjómanna. Leitast er við að setja óhjákvæmilegum undantekningum mjög þröngar skorður. Varðandi fiskiskip er það nánast sett á vald skipshafnar og stéttarfélags hennar hvort undanþága verði veitt. Ekki verður komist hjá því að skipverjar á farskipum, varðskipum, hafrannsóknaskipum og strandferðaskipum lúti öðrum reglum en fiskimennirnir.

Drög að frumvarpi þessu voru kynnt þingi Sjómannasambands Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Er ljóst að afstaða þessara aðila til frumvarpsins er ólík. Sjómannasambandið vill ganga enn lengra í að setja skorður við undantekningum frá meginreglunni um frí á sjómannadaginn en gert er í frumvarpinu. Landssamband íslenskra útvegsmanna telur hins vegar að þessar undantekningar séu ekki nægilega rúmar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að fyrsti sunnudagur í júní verði almennur frídagur sjómanna. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní er lagt til að sjómannadagurinn verði næsta sunnudag á eftir. Hvítasunnudagur er fimmtugasti dagur frá og með páskadegi. Þegar páskadagur er 13.–19. apríl er hvítasunnudagur 1.–7. júní. Þetta gerist að jafnaði fjórða hvert ár. Fyrsta sunnudag í júní 1987 ber upp á hvítasunnudag. Í 2. mgr. er lagt til að sjómannadagurinn skuli vera almennur fánadagur. Um hann munu þá gilda reglur forsetaúrskurðar nr. 44 17. ágúst 1944 en í því felst m.a. að flagga skal á opinberum byggingum.

Um 2. gr.

Farskipasiglingar milli Íslands og annarra landa eru þess eðlis að ekki sýnist raunhæft að stefna öllum farskipum í íslenska höfn á sjómannadaginn. Í greininni er hins vegar lagt til að því séu settar skorður að þau sigli úr höfn rétt fyrir hátíðisdaginn. Í greininni er sérstakt ákvæði um strandferðaskip, ferjur og sanddæluskip.

Um 3. gr.

Ekki er unnt að tryggja löggæslumönnum frí tiltekna daga eðli máls samkvæmt. Varðandi sjómannadaginn er þó í greininni lögð áhersla á að tekið sé tillit til skipverja á skipum Landhelgisgæslunnar.

Um 4. gr.

Hafrannsóknastofnunin gerir ætíð áætlun um rannsóknir hafrannsóknaskipanna fyrir eitt ár í senn. Fortakslaus ákvæði um frí skipshafna einn tiltekinn dag á ári, í þessu tilfelli sjómannadaginn, gæti valdið röskun á skynsamlegri áætlanagerð. Greinin markar þó þá stefnu að þess sé gætt eftir föngum að skipverjar geti haldið sjómannadaginn hátíðlegan. Ekki er þess þó krafist að skip liggi í heimahöfn á hátíðisdaginn. Ákvæði greinarinnar eiga jafnt við um öll rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunar hvort sem þau eru í eigu stofnunarinnar eða tekin á leigu af henni.

Um 5. gr.

Ætla má að meginástæðan fyrir því að ekki hafa verið settar reglur um almennt frí fiskimanna á sjómannadaginn sé sú röskun sem það hefði á úthald togara og skipa sem sigla með aflann á erlenda markaði. Þá hafa ýmsir talið að frídagur sjómanna gæti orðið þess valdandi í sumum sjávarplássum að allt of mikill afli bærist á land rétt fyrir þann dag. Lengi vel voru sjómönnum á togurum ekki ætlaðir neinir frídagar aðrir en þeir viðverudagar í höfn sem nauðsynlegir voru vegna löndunar afla og birgðaöflunar fyrir næstu veiðiferð. Smám saman hefir með kjarasamningum tekist samkomulag um viðveru í höfnum um jól, nýár og páska. Virðast menn þar sæmilega sáttir. Þó er það einkenni á þessum samningum að sérreglur gilda um það er skip eru í veiðiferð með það að marki að siglt verði með afla til sölu á erlendum markaði.

Í 3. mgr. er gerð tillaga um það með hvaða skilyrðum víkja megi frá meginreglunni um frí fiskimanna á sjómannadaginn. Skilyrði fyrir því, að slík undanþága komi til greina, eru að skip sé í veiðiferð til siglingar á erlendan markað eða að aðrir mikilvægir hagsmunir séu í húfi. Þar er m.a. átt við þær aðstæður að mörg skip sjái um hráefnisöflun fyrir tiltekna vinnslustöð og veruleg röskun verði því á vinnu í landi og starfsemi fiskvinnslustöðvarinnar við það að stefna öllum skipunum til löndunar á sama tíma. Viðkomandi útgerðarmaður og áhöfn skips verða í þeim tilvikum að koma sér saman um tilhögun þessara mála með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara og samkomulag um frávik frá meginreglunni verður að tilkynna viðkomandi sjómannafélagi.

Um 6. gr.

Refsiákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa. Mörg fordæmi eru fyrir sameiginlegri refsiábyrgð útgerðarmanna og skipstjóra.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 225. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðist svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutafélagið skal minnst vera 300 000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu eða annarri sambærilegri vísitölu ef útreikningi lánskjaravísitölu skyldi vera hætt. Breyting á fjárhæðinni skal taka gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur að minnsta kosti tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæðin jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Nú uppfyllir hlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að hlutafélag verði stofnað.

b. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf. (h/f, h.f.).

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði gerðar á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: tveir.

b. 3. mgr. orðist svo:

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sýslu- og sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti.

c. 5. mgr. orðist svo:

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi, nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo: Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Skýrsla löggilts endurskoðanda um gögn þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, skal lögð fram á stofnfundi.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 6. gr. laganna:

a. 10. tölul. 2. mgr. falli niður og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis.

b. Í stað orðsins „ágóða“ í 3. mgr. komi: hagnaði.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo: Það sem þegar hefur verið greitt af hlutafé skal þá þegar endurgreiða eftir að frá hefur verið dreginn kostnaður við stofnun enda hafi verið gerður um það fyrirvari í stofnsamningi.

6. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð skv. 3. mgr. 1. gr. vera greidd við skráningu.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili, enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

8. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. 17. gr. laganna komi: tveir.

9. gr.

2. málsl. 18. gr. laganna orðist svo: Í samþykktir má þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hlutabréf varðar sem séu í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 19. gr. laganna:

a. Aftan við c-lið í 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.
b. Í stað orðanna „margra hluta“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: margra hluta eins eða fleiri hluthafa.
c. Síðasti málsl. 4. mgr. falli niður.

11. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 21. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila.
b. Í stað orðsins „Nafnbréf“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Hlutabréf.
c. 3. tölul. 3. mgr. falli niður og 4. tölul. greinarinnar verði 3. tölul.

d. Við bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:
Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki. Á slíku hlutabréfi skal tilgreina númer þess svo og númer hlutanna sem það tekur til og nafnverð þeirra. Ákvæði þessarar greinar gilda að öðru leyti um slík hlutabréf. Hluthafi á þó jafnan rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf sem taka til einstakra hluta.

13. gr.

2. málsl. 23. gr laganna falli niður.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:
Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer eða skráningarnúmer.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar er verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:
Taki hlutabréf til tveggja eða fleiri hluta skal hlutaskráin jafnframt geyma upplýsingar um númer slíks hlutabréfs, númer hlutanna sem hlutabréfið tekur til og nafnverð þeirra.
Í hlutaskrá skal enn fremur vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og sé tekin fram hlutafjáreign hvers hluthafa.

c. Úr 1. málsl. 3. mgr., sem verður 5. mgr., falli niður orðin „sem skráður er á nafn".

15. gr.

a. Úr 25. gr. laganna falli niður orðin „sem hljóðar á nafn".

b. Við 25. gr. laganna bætist: Nú er arður sendur hluthöfum eða greiddur út án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa og telst félagið þá þrátt fyrir næsta málslið hér að framan hafa lokið arðgreiðslu ef það greiðir þeim sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

16. gr.

Í stað orðanna „35. gr." í 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna komi: 35. og 37. gr.

17. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Í hlutafélögum, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, geta hluthafar framselt öðrum íslenskum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur, sbr. 2. málsl., einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem ekki verður framseldur öðrum.

18. gr.

Tveir síðustu málsl. 2. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

19. gr.

7. tölul. 1. mgr. 30. gr. laganna falli niður.

20. gr.

Í 32. gr. laganna komi ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo:

Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og útboðsgengi hluta þeirra, er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

21. gr.

1. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo: Hafi áskrift fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka á réttum tíma og minnst fjórðungur hans greiddur, að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá sem áskrift hefur fengist fyrir, stjórnin hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr., og þá fjárhæð sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina.

22. gr.

1. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðist svo: Í samþykktum skal þá taka fram um hámark þeirrar fjárhæðar, sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, um frest til notkunar þessarar heimildar, sem þó má eigi fara fram úr fimm árum, og um þau atriði, sem um getur í 2. og 3. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

23. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „verðhækkunar eigna“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: færslna í endurmatssjóð.
b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tveir málsl. sem orðist svo: Þó getur hluthafafundur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. gilda um ákvörðunina.
c. Inn komi ný mgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:

Um breytingar á samþykktum vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði 1. mgr. 36. gr.

24. gr.

Í stað orðsins „greiðslu“ í 4. tölul. 2. mgr. 42. gr. laganna komi: að leggja.

25. gr.

Í stað orðanna „birta þrisvar“ í 1. mgr. 44. gr. laganna komi: birta tvisvar, og í stað orðanna „þriggja mánaða“ í sömu málsgrein komi: tveggja mánaða.

26. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélag má aldrei sjálft eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en þrjá mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn. Ef hluthafar eru fjórir eða færri nægir þó að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn að minnsta kosti einn varamaður.
b. Í stað orðanna „minnst ¼ hlutafjárins“ í 4. mgr. komi: minnst ⅕ hlutafjárins.

28. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 49. gr. laganna:

a. Fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo: Í félagi, þar sem hlutaféð er að minnsta kosti fimmtánföld sú lágmarksfjárhæð sem þarf til að hlutafélag verði stofnað, sbr. 1. gr., skal stjórn ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

b. 2. mgr. orðist svo:

Í félagi, sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr., skal meiri hluti stjórnar vera menn sem ekki eru framkvæmdastjórar í félaginu.

29. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr. 49. gr.

30. gr.

Í stað orðanna „efnahagsreiknings og rekstrarreiknings“ í a-lið 2. mgr. 67. gr. laganna komi: ársreiknings.

31. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 71. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.

b. Í stað orðsins „ársreikningur“ í 4. mgr. komi: ársreikningur, ársskýrsla stjórnar.

32 gr.

Í stað orðanna „⅔ hluta“ í 1. málsl. 72. gr. komi: allra.

33. gr.

1. málsl. fyrri mgr. 76. gr. laganna orðist svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 36., 37. og 45. gr. skal tekin á hluthafafundi.

34. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsl. 1. mgr. 80. gr. laganna komi nýr málsl. sem orðist svo: Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins.

35. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 82. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. gr. orðist svo: Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti fimmtánfalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þeirri, sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

b. 2. mgr. orðist svo:

Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

36. gr.

Inn í 3. mgr. 88. gr. laganna komi nýr málsliður sem verði 2. málsl., svohljóðandi: Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni.

37. gr.

Yfirskrift XII. kafla orðist svo: Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

38. gr.

Eftirtaldar breytingar verði gerðar á 93. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.
b. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar, sbr. 103. gr.
c. Í stað orðanna „einum og hálfum mánuði“ í 3. mgr. komi: einum mánuði.

39. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna orðist svo:

Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

40. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 97. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 4. mgr. komi málsliðir sem orðist svo: Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal setja í endurmatssjóð. Í endurmatssjóð skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Endurmatssjóði má aðeins ráðstafa til:
   1. nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
   2. að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir,
   3. hækkunar á hlutafé,
   4. að verðbæta varasjóð, sbr. 108. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar, en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutabréfum,
   5. að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar,
   6. að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tölul. 4. mgr. 101. gr., sem skylt er að verðbæta.
b. Í stað orðanna „liðum 1 eða 3“ í 5. mgr. komi: lið 1.
c. Inn komi ný lokamálsgrein sem verði 7. mgr. og hljóði svo:

   Ráðstöfun endurmatssjóðs í því skyni sem um ræðir í liðum nr. 2, 4, 5 og 6 í 2. málsl. 4. mgr. þessarar greinar er heimil frá upphafi árs 1979.

41. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 101. gr. laganna:

a. 1. tölul. 3. mgr. orðist svo: Tekjur af aðalstarfsemi.
b. Í 3. mgr. komi inn nýr tölul., sem verði 5. tölul., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi liður orðist svo: Tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
c. 6. tölul. 3. mgr., sem verður 7. tölul., orðist svo: Óreglulegar tekjur.
d. Í 4. mgr. komi inn nýr tölul., sem verði 2. tölul., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi liður orðist svo: Gjaldfærsla vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
e. 4. tölul. 4. mgr., sem verður 5. tölul., orðist svo: Óregluleg gjöld.
f. 5 mgr. orðist svo:

   Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 7. lið 3. mgr. og 5. lið 4. mgr., svo og þær ráðstafanir sem nefndar eru í 6. lið 4. mgr. þessarar greinar, skal sundurliða eftir tegundum.

42. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 102. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðist svo: Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki þar greinilega fram.
b. Inn komi nýr töluliður er verði 2. tölul., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi töluliður orðist svo: Hafi við gerð efnahagsreiknings og rekstrarreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 103. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar, sem lögð skal fram á aðalfundi.
b. Í lok 2. mgr. komi nýr málsl. sem orðist svo: Í ársskýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í ársskýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal enn fremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.

44. gr.

Í stað orðanna „ásamt endurskoðunarskýrslu“ í 1. málsl. 105. gr. laganna komi: ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu.

45. gr.

Fyrri málsl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo:

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum, eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

46. gr.

Í stað orðsins „árságóða“ í 1. málsl. 1. mgr. 108. gr. laganna komi: hagnaðar.

47. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 109. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans“ í 1. mgr. komi: um það efni.
b. 2. mgr. orðist svo:

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 69. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess, sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað, það dregið frá, sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meira sé úthlutað en sem nemur tveimur hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

c. 3. mgr. orðist svo:

Hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs, skal jafnframt ákveða, hver vera skuli gjalddagi hans, en gjalddagi skal þó ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

48. gr.

113. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skiptaráðandi skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

49. gr.

114. gr. laganna orðist svo:

Hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅕ hluta hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið, á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist skv. 1. mgr.

50. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu ráðherra:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en tveir.
3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, eða hefur ekki framkvæmdastjóra, sé þess krafist í lögum.
4. Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár.
5. Ef ráðherra neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar samkvæmt 4.–6. mgr. 118. gr.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Hafi krafa skv. 1. mgr. 114. gr. verið tekin til greina með dómi.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar, hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt, eða skilyrðum 2. mgr. 117. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

51. gr.

116. gr. laganna orðist svo:

Er skiptaráðanda hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 115. gr. skulu um meðferð hennar gilda reglur 2.–5. tölul. 18. gr. gjaldþrotalaga.

Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal skiptaráðandi auglýsa skiptin að hætti 3. tölul. 19. gr. gjaldþrotalaga, þar sem greint er á hvern hátt búið sé komið til skipta, og skal kröfulýsingarfrestur vera sá sami og þar greinir, svo og réttaráhrif innköllunarinnar.

Um búsmeðferð að öðru leyti skulu gilda ákvæði 20. og 21. gr., IV.–VII. og IX.–XIX. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á, og 2. mgr. 113. gr. laga þessara.

Komi fram að loknum kröfulýsingarfresti að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum þess getur skiptaráðandi með úrskurði kveðið svo á samkvæmt kröfu lánardrottins félagsins að með búið skuli farið sem þrotabú og gilda þá almennar reglur gjaldþrotalaga um búsmeðferð upp frá því.

52. gr.

117. gr. laganna orðist svo:

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 115. gr. skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit skv. 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar skv. 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félgsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins skv. 3. mgr. 115. gr.

53. gr.

118. gr. laganna orðist svo:

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir, en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst ⅓ hluta heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar er kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu ráðherra á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Ráðherra er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það ráðherra og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji ráðherra að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða að hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal hann veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

54. gr.

119. gr. laganna orðist svo:

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin, ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi hlutafélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á.

55. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hversu miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi, sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur, skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar, eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa, og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga, eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skiptaráðandi skal auglýsa tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur skv. 1. mgr. 119. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur gjaldþrotalaga um skiptin.

Sé bú hlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit skv. 1. mgr. 117. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilanefnd hefur hlotið löggildingu ráðherra.

56. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Þegar að loknum fundi skv. 120. gr., og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð, skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna skv. 1. mgr., og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess, að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð, skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

57. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera ráðherra skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar, sem við gjaldþrotameðferð ætti undir lögsögu skiptaráðanda, skal skilanefnd tafarlaust vísa ágreiningsefninu til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

58. gr.

123. gr. laganna orðist svo:

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár, sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. 120. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar, skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning við viðskiptabanka. Sé fjárins ekki vitjað innan 10 ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra, er við greiðslum hafa tekið, og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

59. gr.

124. gr. laganna orðist svo:

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og að félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá um samþykktina, en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

60. gr.

125. gr. laganna orðist svo:

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar, skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 123. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal ráðherra beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar.

61. gr.

Síðari málsl. 2. mgr. 145. gr. laganna falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsl. sem orðist svo: Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Þó er einungis heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

62. gr.

Síðasti málsl. 147. gr. laganna falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsl. sem orðist svo: Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 146. gr. gilda, eftir því sem við á.

63. gr.

Í stað orðsins „greiðslur“ í 2. tölul. 151. gr. laganna komi: tillög.

Gildistaka laganna o.fl.

64. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum sem greinir í 65. gr. og 66. gr.

65. gr.

Ákvæði 1. gr. um hlutafé og ákvæði 12. gr. um að hlutir og hlutabréf skuli hljóða á nafn gilda ekki um félög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1978 eða eldri laga.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð er lögin taka gildi en stofnun þess ráðin til lykta á stofnfundi, skv. II. kafla laga nr. 32/1978 og að öðru leyti í samræmi við ákvæði þeirra laga, er skráning þess heimil, enda sé félagið tilkynnt til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Nú eru eða verða hluthafar í hlutafélögum, skv. 1. eða 2. mgr., fjórir eða færri og er það þá skilyrði þess að fækka megi stjórnarmönnum í einn eða tvo, sbr. 27. gr. laga þessara, að hlutafé nemi a.m.k. þeirri fjárhæð sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 1. gr.

66. gr.

Hafi skilanefnd verið löggilt í félagi fyrir gildistöku þessara laga skulu um störf hennar gilda ákvæði 5. og 6. mgr. 53. gr., sbr. 5. tölul. 1. mgr. 50. gr., svo og 54.–60. gr., eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta hefur samið nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði hinn 11. janúar 1984 til þess meðal annars „(að) endurskoða lög nr. 32/1978 um hlutafélög og koma með tillögur um nauðsynlegar úrbætur, með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd laganna, einkum hvað snertir smærri hlutafélög“. Í nefndina voru skipaðir: Árni Vilhjálmsson prófessor, formaður nefndarinnar, Baldur Guðlaugsson lögmaður, Björn Líndal lögfræðingur, Gísli Ólafsson forstjóri og Guðmundur Skaftason lögmaður. Hreinn Loftsson lögfræðingur var starfsmaður nefndarinnar fram í september 1984 en þá tók við af honum Sigurbjörn Magnússon fulltrúi. Þá hefur Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, aðstoðað nefndina með því að taka saman ný drög að XIV. kafla laganna um félagsslit.

Lögin frá 1978 eru mun rækilegri en fyrri lög sem staðið höfðu nær óbreytt frá 1921. Lögin byggðu mjög á árangri norrænnar samvinnu um endurskoðun og samræmingu hlutafélagalöggjafar á Norðurlöndum sem staðið hafði yfir um langt árabil. Þar kom þó að

leiðir skildu í þessu efni er Danir gengu í Efnahagsbandalag Evrópu. Var sá kostur valinn við undirbúning lagasetningar hér að hafa einkum dönsku lögin um „aktieselskaber“ til hliðsjónar.

Fljótlega eftir setningu laganna varð vart gagnrýni á þau. Að því var helst fundið að þau væru um of sniðin að þörfum tiltölulega stórra félaga sem væru í eigu tiltölulega margra hluthafa. Í Danmörku hafði það gerst að samtímis lögunum um „aktieselskaber“ tóku gildi hinn 1. jan. 1974 lög um „anpartsselskaber“ sem er sérstök gerð hlutafélaga. Þau eru einkum ætluð fyrirtækjum sem eru tiltölulega smá að því er varðar umsvif og fjölda hluthafa. Gagnrýnin beindist m.a. að því að kröfur íslensku laganna væru of strangar þegar hafðar væru í huga þarfir smárra fyrirtækja sem skipta þó hér á landi tiltölulega meira máli en í nágrannalöndunum. Í byrjun árs 1982 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um „að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög um hlutafélög með hliðsjón af réttarstöðu smárra hlutafélaga.“

Frumvarpið, sem var með minni háttar breytingum að gildandi lögum og lagt var fyrst fyrir Alþingi vorið 1977 og aftur haustið sama ár, virðist hafa falið í sér viðhorf sem gengu á snið við sjónarmið sem voru á þessum árum að ná tökunum í nágrannalöndum okkar. Í frumvarpinu var lagt til að stofnendur og hluthafar félags skyldu vera tíu hið fæsta. Í skýringum við 1. gr. frv. segir um þetta efni: „Tilgangurinn með því að hækka lágmarksfjölda hluthafa úr fimm í tíu er að styrkja hlutafélagsformið m.a. með því að gera erfiðara um vik, að stofnuð séu gervihlutafélög“. Ekki er útskýrt hvað átt er við með gervihlutafélagi. Gefið er í skyn að ef lágmarkstala hluthafa haldi áfram að vera fim, gæti eitt hlutafélag, sem stofnað yrði, verið verra að einhverju leyti en annað þótt hlutafé beggja væri jafnhátt. Frumvarpið gerði ráð fyrir að lágmark hlutafjár yrði óháð því hve margir hluthafarnir væru og reyndar aðeins 1 milljón kr. (gamalla) sem svarar um 220 þús. kr. í desember 1984. Verið gæti að höfundar frumvarpsins hafi talið í sjálfu sér óréttmætt að þátttakendur í fámennum félögum ættu kost á að takmarka ábyrgð sína án tillits til þess hve áhættusamur reksturinn væri og án tillits til þess hversu mikið fjármagn þeir legðu í sölurnar. Í almennri greinargerð með frumvarpinu falla orð sem benda til þess að með breytingu á hlutafélagalögunum skyldi stuðlað að eflingu stórrekstrar á kostnað smárekstrar þar sem segir: „Í langflestum íslenskum hlutafélögum eru hluthafar örfáir. Almenningur leggur ekki fé sitt í hlutafélög, þ.e. kaupir ekki hlutabréf. Þessu þarf að breyta og að því er reynt að stuðla með frumvarpi þessu.“ Ef til vill hefur ákvæði frumvarpsins um lágmark tíu þátttakenda verið hugsað sem liður í þessari viðleitni.

Við meðferð málsins á Alþingi var ekki fallist á þetta sjónarmið frumvarpsins um fjölda hluthafa. Ákveðið var að lágmarksfjöldi hluthafa skyldi halda áfram að vera fimm.

Þótt þess væri ekki getið í frumvarpinu var á þessum árum með lagasetningu verið að lækka kröfuna um lágmarksfjölda hluthafa annars staðar á Norðurlöndum. Í lögum um „aktielselskaber“ í Danmörku, sem tóku gildi 1. janúar 1974, var ákveðið að til að stofna hlutafélag þyrfti þrjá stofnendur en hluthafar þyrftu ekki að vera fleiri en einn. Þrjá þurfti áður. Lögin um „anpartsselskaber“, sem tóku gildi á sama tíma, gerðu lágmarkskröfu um aðeins einn stofnanda og að hluthafar þyrftu ekki að vera fleiri en einn. Sænsku hlutafélagalögin, sem sett voru árið 1975, norsku lögin sett árið 1976, svo og finnsku lögin sem sett voru árið 1976, eru öll samhljóða um þetta efni: Þess er ekki krafist að fleiri en einn þurfi til að stofna hlutafélag og að eiga hlutaféð allt.

Í Þýskalandi, þar sem eru tvenns konar hlutafélög, Aktiengesellschaft og GmbH (Gesellschaft mit beschränkter Haftung), þarf síðan árið 1980 aðeins einn aðila til að stofna og eiga allt hlutaféð í GmbH. Áður þurftu hluthafar að vera a.m.k. tveir við stofnun en tala

hluthafa gat síðar farið niður í einn án þess að slíta þyrfti félaginu. Í Bretlandi, þar sem líka eru tvenns konar hlutafélög, gildir sú regla um „private company“ að stofnendur skulu vera a.m.k. tveir. Samkvæmt lögum mega hluthafar ekki vera færri en tveir en unnt er að sniðganga þá kröfu með því að einkaeigandi fyrirtækisins skrái einn eða fleiri hluti á nafn fjárhaldsmanns (nominee).

Ein veigamesta breyting á lögunum, sem tillaga er gerð um með frumvarpi þessu, er sú að íslensk lög verði samræmd lögum nágrannalandanna um kröfur að því er varðar fjölda stofnenda og hluthafa. Lagt er til að ekki þurfi fleiri en tvo aðila til að stofna hlutafélag og að tala hluthafa geti farið niður í tvo.

Til þess að hægt sé að fá marga menn til að leggja áhættufé í atvinnurekstur er óhjákvæmilegt að þeir eigi þess kost að takmarka ábyrgð sína með einhverjum hætti. Hið sama verður ekki sagt fyrirvaralaust um rekstur sem einn maður hyggst standa að, eða tveir til þrír, sem allir ætla sér að hafa náin afskipti af rekstrinum. Engu að síður skal því haldið fram að ekki sé efni til þess að meina þeim fæðar þeirra vegna að takmarka ábyrgð sína við eiginfjárframlög þeirra ef það er gert nægilega ljóst viðsemjendum þeirra á þann hátt sem tíðkast við rekstur hlutafélaga. Viðbúið er að lánardrottnar verði ekki eins fúsir að leggja þeim lið eins og væri ef ábyrgðin væri ótakmörkuð. Ef slíkir atvinnurekendur ætla að gerast svo stórtækir að þeir sem falast er eftir láni hjá telja stefnt í tvísýnu um áhættu geta þeir neytt þess úrræðis að setja sem skilyrði fyrir lánveitingu að hluthafarnir veiti persónulega ábyrgð. Slíkrar ábyrgðar er krafist ef þurfa þykir hvort sem hlutafélag er smátt eða stórt, á mælikvarða hlutafjár eða hluthafafjölda, og ekki aðeins hér á landi þar sem lánastofnanir hafa reyndar um langt skeið átt alls kostar við lánþega, vegna skipunar vaxtamála, heldur og víðs vegar erlendis. Á það þykir rétt að minnast að þessar athugasemdir stinga í stúf við þá dóma sem felldir eru í frumvarpinu að gildandi lögum um þetta efni en þar segir svo í almennum athugasemdum: „Þá er það alkunna, að gagnvart velflestum hlutafélögum krefjast lánastofnanir þess, að hluthafar eða a.m.k. stjórn taki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélagsins. Með þessu er kippt burtu einni af grunnstoðum hlutafélaganna, þeirri meginreglu að hluthafar beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélags. Þessu þarf að breyta og reynt er að stuðla að því í frumvarpi þessu.“ Allt er þó á huldu um með hverjum hætti stuðlað væri með frumvarpinu að umræddri breytingu.

Fyrir einstakling, sem hyggst standa einn að atvinnurekstri, stendur val um rekstrarform milli þess annars vegar að reka fyrirtækið sem einstaklingsfyrirtæki, með ótakmarkaðri ábyrgð, og hins vegar sem hlutafélag. Í síðara tilvikinu verður hann, að óbreyttum lögum, að útvega sér fjóra málamyndahluthafa t.d. með því að gefa þeim smáhluti í félaginu. Hann verður að velja a.m.k. tvo menn með sér í stjórn, að óbreyttum lögum, og halda með hluthöfum a.m.k. einn fund á ári. Álíti frumkvöðullinn sig ekki hafa gagn af ráðum félaga sinna leitast hann við að halda sem fæsta fundi með þeim félögum og tryggja með öðrum hætti að þeir hafi sem minnst afskipti af rekstrinum. Frá sjónarhóli frumkvöðulsins hlýst af þátttöku málamyndahluthafanna ekkert nema umstang og bein fjárútlát. Á þennan kostnað má líta sem gjald fyrir réttinn til að takmarka ábyrgð frumkvöðulsins og frá samfélagslegu sjónarmiði má ætla að um hreina sóun geti oft verið að ræða.

Þegar tveir eða þrír menn hyggjast stofna til atvinnurekstrar gegnir svipuðu máli. Hlutafélagsformið getur þá líka og ekki síður þótt álitlegur kostur í samanburði við t.d. sameignarfélagsform. Frumkvöðlarnir þurfa þá að verða sér úti um málamyndahluthafa og allt eða flest af því sem sagt hefur verið að framan um umstang og óhagræði á hér líka við. Að vísu má vel vera að hlutafélagsformið verði fyrir valinu ekki einungis til að takmarka ábyrgð eigenda heldur og til að koma þeirri festu á samskipti aðilanna sem leiðir af hinum ítarlegu lögbundnu reglum hlutafélagsformsins.

Einn nefndarmanna, Björn Líndal, hefur gert athugun sem varpar ljósi á hversu mikið er um það að hlutafélagsformið sé notað með atbeina málamyndahluthafa (Æskilegar úrbætur á lögum nr. 32/1978 um hlutafélög með hliðsjón af stærð íslenskra hlutafélaga, ritgerð til embættisprófs við Lagadeild Háskóla Íslands, vorið 1981). Athugunin beindist að gerð hlutafélaga sem stofnuð voru og skráð hjá hlutafélagaskrá árið 1980. Í ljós kom m.a. að af 85 félögum, sem athugunin tók til, reyndust einn eða tveir aðilar eiga 67–99% hlutafjárins í 31 tilviki.

Önnur mikilvæg breyting, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, varðar fjölda stjórnarmanna í hlutafélagi. Samkvæmt gildandi lögum skal stjórn hlutafélags skipuð þrem mönnum hið fæsta. Gert er ráð fyrir að þessi regla gildi framvegis sem aðalregla en ef hluthafar eru fjórir eða færri nægi þó að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Þessa breytingu má virða sem eðlilega afleiðingu þess að kröfur um lágmarksfjölda hluthafa hafi verið færðar niður. Það verður að teljast óeðlileg skipan þegar hluthafar eru tveir og yfirgnæfandi hluti hlutafjár er í eigu eins manns að honum sé skylt að velja sér tvo meðstjórnendur sem hugsanlega gætu myndað meiri hluta sem ynni gegn fyrirætlunum hans. Væri þess þá að vænta að aðaleigandinn veldi til stjórnarsetu menn sem undirgengjust að lúta boðum hans og bönnum um afskipti af rekstrinum. Eins og þegar hefur verið vikið að má með sömu rökum gagnrýna þá skipan sem skylt er að viðhafa á þessum málum samkvæmt gildandi lögum þegar hluthafarnir fimm eru til komnir við það að valdir hafa verið fjórir málamyndahluthafar til þess eins að fylla töluna fimm.

Annars staðar á Norðurlöndum gilda í meginatriðum þær reglur er nú skal greina. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er aðalreglan sú að stjórn hlutafélags sé mynduð þrem mönnum en ef hlutafé nær ekki einni milljón NOK, einni milljón SEK, eða einni milljón FIM mega vera færri en þrír í stjórn, þ.e. annaðhvort einn eða tveir. Í dönsku lögunum um „aktieselskaber" er gerð krafa um a.m.k. þrjá í stjórn. Aftur á móti er meginreglan um dönsku „anpartsselskaber" sú að sé hlutafé undir 300 000 DKK megi ákveða að í stjórn séu tveir eða einn eða jafnvel að engin stjórn sé skipuð og ræki þá framkvæmdastjóri skyldur stjórnar enda er slíkum félögum ávallt skylt að ráða framkvæmdastjóra. Frá reglunum, eins og þeim hefur hér verið lýst, eru gerðar undantekningar ef starfsmenn eiga og nýta lögbundinn rétt til að velja menn í stjórn.

Í Bretlandi skulu hlutafélög af gerðinni „public companies" hafa a.m.k. tvo menn í stjórn en í hinni gerð hlutafélaga, „private companies", nægir að einn skipi stjórn. Meginreglum þýskra laga um GmbH um þetta efni verður ekki lýst í stuttu máli. Stærð fyrirtækja, eins og hún er mæld með fjölda starfsmanna, ræður miklu um skipan mála. Sem meginregla fyrir fyrirtæki með allt að 500 starfsmenn gildir að ekki er gerður greinarmunur á stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum. Sömu persónur gegna verkefnum af því tagi sem þessum aðilum eru ætluð samkvæmt íslenskum rétti. Hlutafélagi skal veita forustu einn eða fleiri slíkir forstöðumenn (Geschäftsführer), valdir á hluthafafundi eða samkvæmt ákvæðum samþykkta.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til um skipan stjórnar hlutafélags, er gengið nokkuð lengra en gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum að því leyti að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að heimild til að hafa færri en þrjá í stjórn sé bundin skilyrði um fjárhæð hlutafjár en það skilyrði verður reyndar að teljast vera mjög rúmt að því er varðar Noreg, Svíþjóð og Finnland. Ekki verður komið auga á nein knýjandi rök fyrir því að farið sé nákvæmlega í spor þessara ríkja um þetta efni. Stjórn hlutafélags er valin af hluthöfum til þess fyrir þeirra hönd að hafa forustu um rekstur fyrirtækis og til þess að veita framkvæmdastjóra leiðbeiningu og aðhald. Ótækt þykir að fyrir þær einar sakir, að einn eða

tveir eigendur hlutafélags hafi lagt í reksturinn tiltölulega mikið áhættufjármagn, sé komin ástæða til þess að þeim sé skylt að kveðja til utanaðkomandi aðila valinn að geðþótta eigenda til þess að taka þátt í störfum stjórnar.

Við umræður í nefndinni vaknaði snemma sú spurning hvort skynsamlegt væri að lögfesta ákvæði um tvenns konar hlutafélög eins og gert hefur verið sums staðar erlendis. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til slíkrar tvískiptingar. Rétt þykir að fara nokkrum orðum um fyrirkomulag í þessum efnum í nokkrum nágrannalanda okkar, svo og um ástæður fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Lögum um hlutafélög er í nágrannalöndum okkar skipað með þrenns konar hætti. Í Danmörku, Þýskalandi og ýmsum öðrum ríkjum Mið-Evrópu eru sérstök, aðgreind lög um hvora tegund hlutafélaga. Í Bretlandi eru aftur á móti sérákvæði um tvær tegundir hlutafélaga, „public companies“ og „private companies“, felld saman í ein allsherjarlög. Svipaður háttur er hafður á í Frakklandi. Loks er svo það fyrirkomulag sem valið hefur verið í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi þar sem gilda ein lög um hlutafélög og öll hlutafélög bera sama heiti þótt ákvæði laganna um nokkur efni séu ólík eftir vissum einkennum hlutafélaganna án þess þó að greint sé á milli tveggja skýrt afmarkaðra tegunda hlutafélaga. Lög í þessum ríkjum sættu rækilegri endurskoðun um svipað leyti og íslensku lögin; í Svíþjóð voru sett ný lög árið 1975, í Noregi 1976 og í Finnlandi árið 1978.

Í Danmörku var hafið að greina á milli tvenns konar hlutafélaga, A/S og Aps., með lagasetningu árið 1973, en í Þýskalandi hefur verið greint á milli tvenns konar hlutafélaga síðan seint á 19. öld. Þegar Danir gengu í Efnahagsbandalag Evrópu voru öll ríki bandalagsins með lög um tvenns konar hlutafélög og munu aðgerðir Dana hafa verið liður í nauðsynlegri samræmingu við löggjöf annarra landa Efnahagsbandalagsins sem hugðust sameiginlega láta til sín taka löggjöf um hin stærri félög. Af heimildum nefndarinnar verður ráðið að sérstakar sögulegar skýringar séu á tilurð GmbH í Þýskalandi með lögum árið 1882, nánar tiltekið þær „að fylla í eyðu, sem myndast hafði þar, sem hið flókna AG (Aktiengesellschaft) hentaði ekki sem rekstrarform, og til þess að gefa kost á rekstrarformi með takmarkaðri ábyrgð, sem hæfði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Það var mótað sem félag, sem krefðist aðeins lítils hlutafjár, einfalt væri að stofna, auðvelt að stjórna, hannað fyrir fámennan hóp hluthafa, sem væru í nánum innbyrðis tengslum og krefðust þess ekki, að auðvelt væri að framselja hlutina, en sæktust eftir rúmum heimildum til þess að móta félagið eftir sérstökum hagsmunum þeirra“ (R. Mueller og fl.: The German GmbH, Frankfurt am Main, 1981). Sú leið var með öðrum orðum valin að stofna til sérstakrar gerðar hlutafélaga sem rúmaði mikla fjölbreytni fremur en að hrófla við hinum ströngu, miður sveigjanlegu kröfum laganna um AG.

Óhjákvæmilegt þykir að gerð sé nokkru nánari grein fyrir þeim atriðum sem greina á milli félagstegundanna tveggja í þeim ríkjum sem nefnd hafa verið. Látið skal nægja að taka fyrir dönsku Aps.-félögin og hin ensku „private companies“. Í rauninni skilja mjög mörg atriði á milli, sum mikilvæg en önnur minni háttar, og er þó álitamál hvað telja skuli meginatriði. Meðal hins helsta, sem greinir á milli lagaákvæða um A/S og Aps., eru eftirfarandi atriði:

1. Hlutafé í A/S verður að vera a.m.k. 300 000 DKK, hjá Aps. er lágmarkið aðeins 80 000 DKK.
2. Til að stofna A/S þarf þrjá aðila hið minnsta en til að stofna Aps. þarf aðeins einn.
3. Hlutabréf í A/S mega hljóða á handhafa en hjá Aps. skulu þau ávallt hljóða á nafn.
4. A/S er skylt að gefa út hlutabréf en Aps. ekki. Gefi Aps. út hlutabréf mega almennar reglur viðskiptabréfa ekki gilda um þau.

5. Í A/S má mismunur á atkvæðisrétti hluta með sama nafnverði ekki nema meira en einum á móti tíu. Hins vegar er Aps. leyfilegt að gefa út atkvæðislausa hluti.
6. Stjórn A/S skal skipuð a.m.k. þrem mönnum en ef hlutafé Aps. er undir vissu marki mega vera í stjórn einn eða tveir eða jafnvel enginn eins og áður hefur verið tekið fram.
7. A/S er skylt að leggja hluta hagnaðar í sérstakan varasjóð, engin slík ákvæði eru um Aps.
8. A/S er heimilt að kaupa og eiga allt að 10% útgefinna hlutabréfa en Aps. er bannað að eiga eigin hlutabréf.
9. Hafi a.m.k. helmingur hlutafjár Aps. tapast er skylt að gera ráðstafanir til að berja í brestina með því að lækka eða niðurskrifa hlutaféð og ef með þarf að afla viðbótarhlutafjár til þess að koma hlutafénu í a.m.k. það lágmark sem hlutafé þarf að nema við stofnun hlutafélags eða slíta félaginu að öðrum kosti. Um A/S eru engin ákvæði af þessu tagi.

Meðal þess sem greinir hin bresku „public companies" (plc.) frá „private companies" (ltd.) er helst að nefna:

1. Hlutafé plc. verður að nema minnst 50 000 GBP en engar lágmarkskröfur eru gerðar til ltd. um þetta efni.
2. Ltd. má hvorki bjóða hlutabréf sín né skuldabréf til sölu meðal almennings.
3. Ákveða má í samþykktum ltd. að hluthafar njóti ekki forkaupsréttar að nýjum hlutum við hlutafjáraukningu. Þetta er plc. óheimilt.
4. Ltd. nýtur rýmri heimilda til að eignast eigin hlutabréf heldur en plc.
5. Einungis ltd., sem talin eru vera smá eða meðalstór, nægir að senda hlutafélagaskrá útdrátt úr ársreikningi sínum. Til skamms tíma máttu hluthafar í ltd. ekki vera fleiri en 50. Nýlega hefur þeirri takmörkun verið aflétt.

Af lýsingunni hér að framan má ráða að margt geti verið ólíkt með tveim félögum ólíkrar gerðar í þessum löndum sem eru með tvær tegundir hlutafélaga, t.d. á A/S og Aps. Ætla má að dæmigert Aps. sé ólíkt dæmigerðu A/S. Á þeim sé stærðarmunur, fleiri hluthafar séu í A/S; þess sé frekar að vænta um A/S að það leggi ekki hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum. Með hlutabréf sumra A/S (örfárra hundraða) er verslað á kaupþingi en það kemur ekki til greina um Aps. Þar með er þó ekki allt sagt sem áhugavert er við samanburð A/S og Aps. Sum Aps. leggja ekki hömlur á heimild hluthafa til sölu á hlutabréfum á meðan sum A/S gera það. Mörg Aps. eru miklu umsvifameiri og hafa yfir að ráða miklu meira fjármagni en hin smærri A/S, sum Aps. eru með fjölmennari stjórn en sum A/S og þannig mætti lengur telja. Ekki fer þó á milli mála hvort félagsformið þykir henta betur smærri og meðalstórum fyrirtækjum. Í lok árs 1979 voru í Þýskalandi aðeins 2139 AG með 88.6 billjónir DEM samanlagt í hlutafé en 225 209 GmbH með hlutafé samtals að fjárhæð 92.4 billjónir DEM í Bretlandi voru um sama leyti 9163 „public companies" og 751 642 „private companies". Frá því að lögin um Aps. tóku gildi í Danmörku í ársbyrjun 1974 hefur fjölmörgum A/S verið breytt í Aps. og eru Aps. félögin orðin miklu fleiri en A/S.

Hlutafélög í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þar sem ekki er greint á milli tveggja tegunda hlutafélaga, rúma mikla fjölbreytni um tilhögun samþykkta. Um sum efni njóta öll hlutafélög sömu heimilda til að ákveða hvernig þeim skuli skipa. Sem dæmi má nefna, að öllum hlutafélögum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er í samþykktum sínum frjálst að ákveða hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum. Sömuleiðis búa öll hlutafélög við sömu heimildir til að gefa út skuldabréf sem eftir ákveðnum reglum er hægt að breyta í hlutabréf. Og öllum hlutafélögum er bannað að gefa út handahafahlutabréf. Í Danmörku gilda aftur á móti ólíkar reglur um þessi efni fyrir A/S annars vegar og Aps. hins vegar.

Um önnur efni eru félögum settar skorður sem ráðast af sérstökum einkennum þeirra. Til dæmis geta einungis þau félög, sem eru með lægra hlutafé en 1 milljón NOK ákveðið að stjórn félags skuli skipuð færri en þremur mönnum. Þá verða öll félög, sem fara ákveðin stærðarmörk, að kjósa a.m.k. einn löggiltan endurskoðanda (statsautorisert revisor) til að fara yfir ársreikninginn en þau minni geta komist af með endurskoðanda sem minni kröfur eru gerðar til (registrert revisor).

Þau sérstöku einkenni hlutafélaga, sem í löggjöf þessara landa eru látin ráða því hvernig þeim beri að haga samþykktum sínum og gjörðum um tiltekin efni þegar félögum er á annað borð mismunað, tengjast yfirleitt stærð þeirra. Hið sama meginviðhorf er og í fyrirrúmi í löndum þar sem hlutafélögum hefur verið skipað í tvo flokka. Munurinn á þessum tveim kerfum er þá fyrst og fremst sá að á Norðurlöndunum þremur er boðið upp á meiri sveigjanleika. Smæstu hlutafélögunum er leyfilegt allt sem stærstu félög gera. Munurinn á starfsskilyrðum smárra félaga og stórra er sá að til hinna smærri eru um sum efni gerðar vægari kröfur. Ekki er annað vitað en að þetta fyrirkomulag hafi reynst bærilega vel og ekki er vitað að á döfinni séu fyrirætlanir um að víkja frá þessu fyrirkomulagi. Þetta er það fyrirkomulag sem nefndin var sammála um að haft skyldi að fyrirmynd við endurskoðun laganna um hlutafélög.

Ef íslenskum hlutafélögum yrði skipað í tvo flokka eftir stærð á svipaðan hátt og hlutafélög í Þýskalandi og Bretlandi skiptast í flokkana AG og GmbH og í „public companies“ og „private companies“ kæmi ekki á óvart að telja mætti á fingrum sér þau fyrirtæki sem fylltu flokk hinna stærri fyrirtækja. Jafnframt má benda á að ef fylgt væri dönsku fyrirmyndinni gætu öll íslensk hlutafélög engu að síður ákveðið að haga skipulagi sínu á þann hátt sem Aps.-gerðin mælir fyrir um nema þess væri krafist að félagi yrði breytt í A/S-gerðina ef það færi yfir ákveðin stærðarmörk. Virðist því ekki til mikils að vinna að sett séu sérstök lög fyrir þau fyrirtæki.

Eins og þegar hefur verið tekið fram er lagt til að stofnendur hlutafélags þurfi að vera tveir hið fæsta og að hluthafar skuli ekki vera færri en tveir. Að þessu leyti víkur sú skipan, sem gerð er tillaga um, frá fyrirkomulagi mála í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Nefndarmenn eru á einu máli um að réttmætt sé að einstaklingi sé gert heimilt að reka fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð á skuldbindingum vegna starfseminnar. Nefndin telur hins vegar að illa færi á því að kenna slíkt fyrirtæki við félag, jafnvel þótt áskilið væri að hlutir skyldu ávallt vera tveir eða fleiri. Ef veita skyldi einstaklingi heimild til að reka fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð álítur nefndin að setja ætti sérstök lög um slík fyrirtæki fremur en að lagaákvæði um þau skyldu felld inn í lög um hlutafélög vegna þess hve mörg þau ákvæði laga um hlutafélög eru sem geta ekki átt við um einstaklingsfyrirtækið, svo sem ákvæði um hluthafafundi og minnihlutavernd. Á meðan einstaklingi stendur ekki til boða að reka fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð þarf hann þó ekki að semja við fleiri en einn aðila um að hann gerist hluthafi til þess að starfsemin geti fallið að kröfum laga um hlutafélög ef frumvarp þetta verður að lögum. Slík skipan felur í sér verulega framför frá þeirri tilhögun sem verið hefur.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um allmargar aðrar breytingar á lögunum en þegar hafa verið nefndar. Hér á eftir fer yfirlit um hinar helstu þeirra og eru þá, til að fyllra yfirlit fáist, endurteknar þær tvær breytingartillögur sem þegar hafa verið kynntar.

1. Lagt er til að lágmarksfjöldi þeirra sem þarf til að stofna hlutafélag og að eiga hlut í félagi lækki úr fimm í tvo. (1. og 8. gr. frv.)
2. Gerð er tillaga um að sú lágmarksfjárhæð, sem hlutafé þarf að nema til þess að hlutafélag verði stofnað, skuli breytast í hátt við verðlagsbreytingar eins og þær eru mældar með lánskjaravísitölu. Við gildistöku laganna nemi lágmarkið 300 000 kr. (1. gr. frv.)

3. Ekki verði lengur heimilt að gefa út handhafahlutabréf. Hlutabréf skuli ávallt gefin út til nafnskráðs aðila. (4. og 12. gr. frv.)
4. Reglur um innborgun hlutafjár við stofnun hlutafélags verði hertar þannig að í stað þess, að krafist verði innborgunar a.m.k. fjórðungs hlutafjár til þess að hlutafélag fáist skráð, skuli innborgun nema a.m.k. helmingi en þó aldrei lægri fjárhæð en svarar til þess lágmarks sem þarf til að stofna hlutafélag. (6. gr. frv.)
5. Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum geti hluthafi krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. (11. gr. frv.)
6. Lagt er til að sett verði í lögin ákvæði um að hlutabréf geti tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki hlutafjár. (12. gr. frv.)
7. Lagt er til að stjórn félags megi skipa einn eða tveir menn ef hluthafar eru fjórir eða færri. (27. gr. frv.)
8. Í lögum eru ákvæði um að sé hlutafé félags yfir ákveðnu marki skuli ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Sams konar ákvæði er um bann við því að meiri hluti stjórnar séu menn sem eru framkvæmdastjórar í félaginu. Loks er sams konar ákvæði um skilyrði fyrir því að framkvæmdastjóri félags megi jafnframt vera formaður stjórnar þess. Lagt er til að sú fjárhæð hlutafjár, sem við skuli miðað, breytist í sama hlutfalli og lágmarkskrafan um hlutafé við stofnun félags. (28. og 29. gr. frv.)
9. Lagt er til að mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, verði ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra mættra hluthafa í stað ⅔ hluta eins og verið hefur. (32. gr. frv.)
10. Í stað þess sem nú er í lögum að krafist er að kosnir skuli a.m.k. tveir menn til að endurskoða ársreikning hlutafélags er lagt til að kjósa þurfi a.m.k. einn mann. (34. gr. frv.)
11. Í lögunum eru ákvæði um að skylt sé að kjósa löggiltan endurskoðanda m.a. í tilvikum þegar hlutafé og/eða annað fjármagn fer yfir ákveðin stærðarmörk. Lagt er til að þessar viðmiðunarstærðir skuli breytast til hækkunar í hátt við kröfur um lágmarkshlutafé, sbr. 2. lið hér að framan. (35. gr. frv.)
12. Gerð er tillaga um að ákvæði hlutafélagalaga um ársreikning verði felld að þeim breytingum sem orðið hafa á reikningsskilareglum hér á landi á síðustu árum. (40., 41. og 42. gr. frv.)
13. Lagt er til að heimilt verði að ráðstafa endurmatssjóði til að verðbæta lögbundinn varasjóð og frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar. (40. gr. frv.)
14. Gerð er tillaga um að skylda félags til að úthluta arði, að kröfu tiltölulega lítils minni hluta hluthafa, verði þrengd verulega. (47. gr. frv.)
15. Gerð er tillaga um umtalsverðar breytingar á ákvæðum laganna um slit hlutafélaga. Sett er það skilyrði fyrir heimild til löggildingar skilanefndar að fyrir liggi að eignir félags hrökkvi fyrir skuldum þess. Jafnframt er um að ræða endurbætur á verklagsreglum um hvernig skuli staðið að slitum hlutafélaga. (48.–60. gr. frv.)
16. Lagt er til að í stað þess, að ráðherra geti veitt aðgang að ársreikningum allra hlutafélaga, verði einungis heimilt að veita almennan aðgang að ársreikningum hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum. (61. gr. frv.)

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er mælt fyrir um, að hlutir, sem hlutafé skiptist í, skuli ekki vera færri en fimm. Þar sem lagt er til í frumvarpinu, að ekki þurfi fleiri en tvo aðila til að stofna og eiga allt hlutafé í hlutafélagi, er lagt til í a-lið, að hlutafé skuli skipt í tvo eða fleiri hluti. Í almennum athugasemdum hefur verið gerð grein fyrir rökunum fyrir þessari breytingu.

Samkvæmt gildandi lögum skal hlutafé nema minnst 20 000 kr. Þessi fjárhæð, umreiknuð með lánskjaravísitölu frá gildistöku ákvæðisins í maí 1978 til desember 1984, jafngildir um 281 000 kr. Ljóst er, að verðlagsbreytingar eins og þær, sem hér hafa orðið, geta mjög rýrt gildi slíkrar viðmiðunar, sem tjáð er í fastri krónutölu. Þótt ætla megi að sú skoðun njóti almenns fylgis, að raungildi lágmarksfjárhæðarinnar haldist nokkurn veginn óbreytt, sýnir reynslan, að fyrir ferst að efna til þeirra breytinga á lögunum að haldið sé í horfinu um kaupmátt hennar. Því er lagt til, að lágmarksfjárhæðinni, sem verður í lögunum við gildistöku, skuli ráðherra breyta í hátt við lánskjaravísitölu. Nægilegrar nákvæmni þykir gætt, þótt fjárhæðinni sé ekki breytt oftar en einu sinni á ári, og að henni verði því aðeins breytt, að samsöfnuð tilefni til hækkunar nemi a. m. k. 20 af hundraði hverju sinni. Loks þykir nógu nákvæmt að fjárhæð lágmarkshlutafjár standi ávallt á heilu hundraði þúsunda króna.

Lagt er til, að við gildistöku ákvæðisins um lágmark hlutafjár skuli fjárhæðin nema 300 000 kr. Játa verður, að óhægt er um vik að koma auga á haldbær rök fyrir því, að ein tiltekin fjárhæð verði hiklaust tekin fram yfir aðra.

Til fróðleiks fer hér á eftir yfirlit um lágmark hlutafjár hlutafélaga í nokkrum nágrannalandanna:

		Jafngildi í ísl. krónum í desember 1984, um það bil
Danmörk:	A/S DEK 300.000	1 090 000
	Aps. DEK 80 000	290 000
Noregur:	NOK 50 000, óbreytt frá 1976	225 000
Svíþjóð:	SEK 50 000, óbreytt frá 1975	225 000
Finnland:	FIM 15 000, óbreytt frá 1978	95 000
Þýskaland:	AG DEM 100 000	1 300 000
	GmbH DEM 50 000	650 000
Bretland:	Public company GBP 50 000	2 355 000
	Private company	ekkert lágmark

Með breytingartillögunni í b-lið er lögð áhersla á, að orðið hlutafélag sé í heiti félags réttilega skammstafað hf., fremur en h.f. eins og gefið er í skyn í gildandi lögum, og lagt til, að í sviga skuli settar skammstafanirnar h.f. og h/f.

Um 2. gr.

Í a-lið er gerð tillaga um þá meginbreytingu á lögunum, að til að stofna hlutafélag þurfi tvo eða fleiri aðila í stað þess að krefjast fimm stofnenda eins og gert er í gildandi lögum. Um rökstuðning fyrir þessari tillögu er vísað í almennar athugasemdir.

Í gildandi lögum eru taldir upp þeir aðilar, sem geta verið stofnendur hlutafélags. Í b-lið greinarinnar er gerð tillaga um, að bætt verði við eftirtöldum aðilum: skráðum félögum með

takmarkaðri ábyrgð, öðrum hlutafélögum og samvinnufélögum, sameignarfélögum, auk þeirra, sem eru sjálfstæðir skattþegnar og eru þá hlutgeng sem stofnaðilar, og loks samlagsfélögum. Í frv. til gildandi laga um hlutafélög var gert ráð fyrir, að sameignarfélögum yrði meinað að taka þátt í stofnun hlutafélaga; sameignarfélögum, sem eru sjálfstæðir skattþegnar, var bætt við lista hæfra stofnenda við meðferð málsins á Alþingi. Á þeirri afstöðu, sem tekin var í upphaflegu frv., var gefin sú skýring, að „skipulag og form hérlendra sameignarfélaga er mjög laust í reipum, enda er engin heildarlöggjöf til um þau". Dregið er í efa, að í reynd skeri sameignarfélög, jafnvel þau, sem ekki eru sjálfstæðir skattþegnar, sig úr um það, sem máli skipti, að þau verði talin miður hæf sem aðilar að stofnun hlutafélags. Hið sama er fullyrt um þá aðra aðila, sem bætt hefur verið við í upptalningu leyfilegra stofnenda. Taka má fram, að nefndinni, sem samið hefur frumvarp þetta, hefur og verið falið að semja frumvarp til laga um sameignarfélög. Í Danmörku þar sem engin sérstök löggjöf er til um sameignarfélög geta þau engu að síður verið stofnendur hlutafélaga. Hið sama gildir um samlagsfélög.

Í c-lið er lagt til, að niður verði fellt ákvæði um að umbjóðandi lögaðila, sem er stofnandi hlutafélags, beri auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi. Skilja má þetta lagaákvæði þannig, að umboðsmanni sé lögð sú skylda á herðar að standa skil á hlutafjárloforði umbjóðanda, sem verður gjaldþrota eftir að hann hefur undirritað stofnsamning. Þykir hér lengra gengið en svo, að ákvæðið megi standa. Um ábyrgð umboðsmanns mundu þá framvegis gilda almennar réttarreglur.

Um 3. gr.

Í greininni er annars vegar gerð tillaga um skýrara orðalag í ljósi þeirrar atburðarrásar, sem um er að ræða, þegar félag, sem til stendur að stofna, skal yfirtaka fyrirtæki í rekstri, og hins vegar lagt til, að löggiltur endurskoðandi fjalli um gögnin, sem fram eru lögð um viðkomandi fyrirtæki, enda getur verið mikið í húfi fyrir stofnendur, að upplýsingar, sem lagðar skulu fyrir stofnfund um þetta efni, séu sem áreiðanlegastar.

Um 4. gr.

Með tillögunni í a-lið er gert ráð fyrir, að ekki verði lengur heimilt að gefa út handhafahlutabréf. Samkvæmt upplýsingum hlutafélagaskrár munu aðeins örfá félög hafa gefið út hlutabréf, sem hljóða á handhafa. Allt er á huldu um, hvaða ástæður hafa legið að baki útgáfu slíkra hlutabréfa. Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að leggja hömlur á heimild manna til viðskipa með slík bréf. Ekki er þó kunnugt um neitt dæmi þess, að hér á landi hafi verið gefin út slík bréf gagngert til þess að auðvelda viðskipti með hlutabréf. Því fer reyndar fjarri, að nauðsynlegt sé eða mikilvægt, að hlutabréf hljóði á handhafa til þess að viðskipti með þau gangi snurðulaust. Í mörgum ríkjum er virkur hlutabréfamarkaður, innan og utan sérstakra verðbréfakauphinga, þótt útgáfa handhafahlutabréfa sé bönnuð. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur um alllangt skeið verið bannað að gefa út handhafahlutabréf. Í Danmörku er hlutafélögum af gerðinni A/S það heimilt, en Aps. óheimilt. Í Bretlandi er mjög sjaldgæft, að hlutafélög hafi notað rétt, sem þau þó hafa, til að gefa út handhafahlutabréf.

Ekki verður séð, að handhafahlutabréf hafi neina þá kosti, sem geri eftirsóknarvert, að þau megi gefa út. Hins vegar getur tilvist þeirra torveldað lögskylda upplýsingagjöf til skattyfirvalda. Í bréfi skattstjórans í Reykjavík, dags. 18. sept. 1984, segir þannig um þetta efni: „Skattlagningu sem snertir hlutabréf á einhvern hátt verður ekki haldið uppi, nema öll viðskipti, sem varða eignarhald á slíkum bréfum séu auðrakin." Þá gera ákvæði hlutafélagalaga um lágmarksfjölda hluthafa að verkum, að stjórn félags verður að fylgjast með

eigendaskiptum handhafahlutabréfa jafnt sem nafnskráðra hlutabréfa. Breytingartillögur sem gerðar eru með frv. þessu, um fjölda stjórnarmanna, sbr. 27. gr., og um skýrslugjöf um eignarhluta hluthafa, sbr. 43. gr., taka í sama streng. Af þessum ástæðum hefur þótt rétt að leggja til, að heimild til útgáfu handhafahlutabréfa verði felld niður.

Með breytingunni, sem lögð er til í b-lið, þ. e. að orðið hagnaður komi í stað orðsins ágóða, er komið á samræmi við orðnotkun í þeim kafla laganna, sem fjallar um ársreikning. Orðið hagnaður er skilgreint í 101. gr. laganna, og þykir ekki fara á milli mála, að með orðinu ágóða í 6. gr. laganna sé átt við hagnað eins og hann er skilgreindur. Aftur á móti er ágóði hvergi skilgreindur í lögunum.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum eru fyrirmæli um, að ekki megi stofna hlutafélag, ef á stofnfundi hefur komið fram, að ekki hafi fengist áskrift fyrir nægilega miklu hlutafé, og skal þá þegar endurgreiða það, sem þegar hefur verið greitt af hlutafé. Lagt er til, að tekin skuli af tvímæli um, að halda megi eftir fé fyrir þeim kostnaði, sem hlotist hefur af tilrauninni til að stofna félagið, en þó því aðeins, að gerður hafi verið um þetta efni fyrirvari í stofnsamningi. Þessi viðbót þykir til þess fallin að hvetja aðila til að huga að því í tæka tíð, hvert framhaldið verði, ef stofnun tekst ekki, með því að semja vandlega um, hvaða kostnaður skuli borinn uppi af inngreiddu hlutafé og hvaða kostnaður ekki.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um breytingar á reglum, sem gilda um innborgun hlutafjár, sem aðilar hafa skrifað sig fyrir við stofnun félags. Í gildandi lögum er þess krafist, til að félag fáist skráð, að minnst einn fjórði hluti heildarverðs hluta hafi verið greiddur og þó aldrei minna en helmingur þeirrar fjárhæðar, sem lög ákveða sem lágmark hlutafjár, sbr. 1. gr. laganna. Í frumvarpinu er lagt til, að greiða verði a. m. k. helming heildarverðs hlutanna, til að félag fáist skráð, en þó ekki minna en hið lögákveðna lágmark hlutafjár samkvæmt 1. gr. hinna breyttu laga. Að því er fyrra atriðið varðar, þ. e. hækkunina úr fjórðung í helming, væri lögunum komið í það horf, sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv. til laga, sem lagt var fyrir Alþingi 1976—1977, og komið á sömu skipan og gildir á öllum hinna Norðurlandanna. Um síðara atriðið gefa dönsk lög fordæmi. Hvorki A/S né Aps. fæst skráð, nema inngreitt hlutafé hafi numið a. m. k. hinu lögbundna lágmarki hlutafjár. Tekið skal fram, að í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að hróflað verði við gildandi ákvæðum um, hvenær hluthafar skuli í síðasta lagi hafa gert fullnaðarskil hlutafjárloforða sinna vegna stofnunar hlutafélags. Um þetta efni, sem um er fjallað í 15. gr. laganna, gera lögin mun vægari kröfur heldur en gert er á hinum Norðurlöndunum.

Ekki er kunnugt um einhlít rök, sem mæli fyrir um það brot hlutafjár, sem skuli hafa verið inngreitt við skráningu. Á meðan ekki er til að dreifa sérstökum ástæðum, sem benda í aðra átt, þykir ekki stætt á, að hér á landi skuli setja markið lægra en gert er á hinum Norðurlöndunum. Þá þykir mega taka Dani til fyrirmyndar um þá kröfu, að til að félag fáist skráð, skuli inngreiðsla hlutafjár hafa numið a. m. k. hinu lögákveðna lágmarki hlutafjár. Álitið er, að með þeirri breytingu sé gengið til móts við þá réttmætu hagsmuni viðsemjenda félagsins, að því megi treysta, að inngreidd hafi verið a. m. k. sú fjárhæð, sem öllum megi vera kunnugt um, hver sé.

Um 7. gr.

Með breytingartillögunni er litið til þess, að nokkur munur geti verið á þeim vöxtum af almennu sparisjóðsinnstæðum, sem innlánsstofnanir greiða. Tekið er af skarið um, að miðað skuli við hæstu vexti, þar sem félagið á heimili, enda þykir vart verða skemmra gengið í vaxtatöku, þar sem um er að ræða vexti af vanskilaskuld.

Um 8. gr.

Lagt er til, að hluthafar skuli vera tveir hið fæsta í stað fimm eins og verið hefur. Um rök fyrir þessu nýmæli er vísað til almennra athugasemda að framan.

Um 9. gr.

Breytingin, sem lögð er til, leiðir af lögfestingu ákvæðis um, að einungis megi gefa út hlutabréf til nafngreindra aðila, sbr. 4. gr. þessa frv.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. lagagreinarinnar eru fyrirmæli um, að í samþykktum skuli vera reglur um frest forkaupsréttarhafa til að greiða kaupverð hlutar, og má þessi frestur þó eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því, að kaup voru ákveðin. Rétt þykir, að forkaupsréttarhafa sé ekki gert að njóta lakari kjara um greiðslufrest heldur en þeirra, sem seljandi er fús að veita þriðja aðila. Því er í a-lið lagt til, að liggi fyrir tilboð frá þriðja aðila, sem forkaupsréttarhafi gengur inn í, skuli ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Með tillögunni í b-lið er ætlunin, að tekin séu af tvímæli um, að sama regla gildi um hóp hluthafa, sem standa sameiginlega að sölutilboði, og um einn hluthafa, að eigi sé unnt að neyta forkaupsréttar að því er varðar nokkra þeirra hluta, sem tilboðið tekur til, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum.

Í c-lið er lagt til, að niður falli ákvæði í lögunum þess efnis, að hlutafélag skuli bera kostnað, sem hlýst af því, að dómkvaddir matsmenn ákveða kaupverðið, sem forkaupsréttarhafi skal gjalda fyrir hlutabréf. Þykir ekki vera sanngjarnt, að félag skuli undantekningarlaust bera þennan kostnað. Ákvæðið óbreytt stuðlar að því, að aðilar geri óraunhæfar kröfur um verð, seljendur í hærra lagi og kaupendur í lægra lagi, og gæti þetta leitt til ofnotkunar þess úrræðis að vísa málinu til dómkvaddra matsmanna. Þegar ákvæðið væri brott fallið, og samþykktir gengju ekki í aðra átt, mundi sá sem biður um mat þurfa að greiða matskostnað.

Um 11. gr.

Lagagreinin, sem breytingartillagan varðar, kveður m. a. á um, að félagsstjórn, sem hafi til þess heimild í samþykktum, geti synjað hluthafa um leyfi til að selja hlut sinn, og verður hluthafinn þá að sitja uppi með hlutinn. Ætla má, að menn, sem hafa eignast hlut í félögum með slíku ákvæði í samþykktum sínum, geri sér ekki fulla grein fyrir, hve illa þeir geti orðið settir. Því er lögð til sú breyting, að félag, sem hefur synjað hluthafa um leyfi til sölu, sé skylt að leysa til sín hlutina, sem um ræðir. Jafnframt er kveðið á um, hvernig verð hluta skuli ákveðið, náist ekki um það samkomulag. Rétt þykir, að félagið beri kostnað af matinu, enda sé litið svo á, að félagið hafi stofnað til þess vanda, sem þurft hefur að leysa.

Um 12. gr.

Tillöguna í a-lið leiðir af þeirri breytingu, að ekki verði lengur heimilt að gefa út hlutabréf til handhafa, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

B-liður og c-liður þarfnast ekki skýringa.

D-liður felur í sér það nýmæli, að hlutabréf geti tekið til fleiri en eins hlutar í sama flokki. Að slíku fyrirkomulagi getur orðið margs konar hagræði, t. d. sparnaður í pappír og geymslurými. Til að koma í veg fyrir, að slík samantekt hluta í hlutabréf geti orðið til að torvelda viðskipti með hluti, er lagt til, að hluthafi eigi rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf, sem taki til einstakra hluta.

Um 13. gr.

Breytinguna leiðir af afnámi heimildar til að gefa út handhafahlutabréf.

Um 14. gr.

Með tveim fyrstu liðum þessarar greinar er gerð tillaga um breytingu á efni og gerð hlutaskrár. Hlutaskrá geymi ávallt a. m. k. tvenns konar yfirlit. Annars vegar er skrá um hluti í númeraröð, þar sem fyrir sérhvern hlut sé tekið fram um nafn eiganda og aðrar upplýsingar um hann, og er þetta yfirlit undirstaða annarra parta hlutaskrár. Hins vegar er svo skrá um hluthafa í stafrófsröð, þar sem tekið sé fram um hlutafjáreign hvers hluthafa. Ef gefin hafa verið út hlutabréf, sem taka til tveggja eða fleiri hluta, skal hlutaskrá í þriðja lagi taka til skrár um slík hlutabréf og veita fyrir hvert hlutabréf upplýsingar um hlutina, sem það nær yfir.

Þá er í tillögunni gerð sú orðalagsbreyting, að í stað þess að í hlutaskrá skuli tekið fram nafn áskrifanda hlutafjár, skuli skráð nafn eiganda hlutar, enda hefur staða hluthafa sem áskrifanda tímabundið gildi. Ennfremur hefur verið felld niður krafa um, að getið sé stöðu, þ. e. atvinnu, hluthafa.

C-liður þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

A-liður þafnast ekki skýringar.

Með b-lið frumvarpsgreinarinnar er stefnt að því, að eytt verði óvissu um, hvort hlutafélag skuli talið hafa efnt skyldur sínar um greiðslu arðs út á hlutabréf. Þykir réttmætt að telja, að félag hafi lokið arðgreiðslu, ef það greiðir þeim, sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutunum. Í þessu sambandi skal vakin athygli á c-lið 47. gr. frv., þar sem lagt er til að hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs, skuli jafnframt ákveða, hver vera skuli gjalddagi arðsins. Aðili, sem eignast hlut í félagi eftir aðalfund, en áður en arður skal greiddur út, ætti að gerðri þessari breytingu að hafa aðgang að þeim upplýsingum, sem geri honum kleift að gæta hagsmuna sinna að því, er varðar arðgreiðslu.

Um 16. gr.

Í 23. gr. frv. er lagt til, að á 37. gr. laganna verði gerð breyting þess efnis, að hluthafafundur geti veitt stjórn félags heimild til þess að auka hlutaféð með útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð, sem nemur allt að tilteknu hámarki. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri almennu reglu, sem ákvæði er um í 1. mgr. 27. gr., þ. e. að hluthafafundur einn geti ákveðið hækkun hlutafjár. Fyrir er í lögunum sú undantekning, sem um er fjallað í 35. gr. Með viðbótinni sem lögð er til, er einungis vísað til þeirrar undantekningar, sem tekin er fyrir í 37. gr.

Um 17. gr.

Til þess að tryggja sem best, að takast megi að koma út hlutafjárauka, getur þess úrræðis verið neytt að bjóða hina nýju hluti á verði, sem er undir gangverði eða því virði, sem ætlað er, að hugsanlegir kaupendur telji hlutabréfin hafa. Vera má, að hluthafi, sem á áskriftarrétt að hlutafjárauka, geti ekki eða vilji ekki notfæra sér kaupréttinn. Kauprétturinn gæti verið seljanlegur, og tíðkast víða erlendis að verslað sé með áskriftarrétt, jafnvel á skipulegum kauphingum. Hluthafi gæti að vísu forðað sér frá tapi með því að beita kauprétti sínum og selja svo hin nýkeyptu hlutabréf. Þessi háttur gæti hins vegar valdið bæði meiri fyrirhöfn og útlögðum kostnaði en hinn fyrri. Því þykir rétt að leggja til, að þau hlutafélög, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila, verði að gefa hluthöfum sínum kost á að framselja áskriftarrétt sinn.

Vissulega getur á það reynt fyrir önnur félög, að áskriftarréttur sé einhvers virði. Seljanda áskriftarréttar gæti þó í þeim tilvikum ekki verið frjálst að velja kaupanda, og við þær aðstæður, sem þessi félög hafa að öðru leyti búið sér, getur heimild til að selja kaupréttinn haft mjög takmarkað gildi.

Um 18. gr.

Tilgangur 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. laganna er óljós, en gæti verið sá að koma í veg fyrir, að sá sem kaupir hlutabréf velkist í vafa um, hvort áskriftarrétturinn, sem honum er ljóst, að hlutabréfið veitir, hafi verið nýttur. Ef ákvæðið yrði fellt niður, yrði kaupandinn að afla sér fullvissu í þessu efni með því að krefjast þess, að seljandinn legði fram áskriftarvottorð, og yrði útgáfu þess þá getið á hlutabréfinu, enda yrði þá áskriftarrétturinn ekki nýttur, nema því aðeins að áskriftarvottorð yrði afhent félaginu. Þegar haft er í huga, hversu mörg hlutabréf félags geta verið, er ljóst, að ákvæðið óbreytt skyldar til óþarfrar eða lítt þarfrar skriffinnsku.

Síðasti málsl. 2. mgr. 29. gr., sem einnig er lagt til, að numinn verði brott, kveður á um, að skráð skuli á hlutabréf, „ef jöfnunarbréf eru gefin út án þess, að notuð hafi verið áskriftarvottorð (sic)“. Ætla verður, að umræddri skráningu á hlutabréf sé ætlað að hafa þær verkanir, að eigandi hlutabréfsins einn eigi rétt til að taka við jöfnunarbréfunum, sem um er að ræða. Vel má þó vera, að hluthafi vilji einungis selja hlutabréfið, en ekki jafnframt réttinn, sem það veitir til væntanlegs jöfnunarbréfs. Meginmáli hlýtur þó að skipta, að sá sem kaupir hlutabréf geti verið viss um, hvort hlutabréfið, sem um er að ræða, veiti honum tilkall til jöfnunarhlutabréfs, sem samþykkt hefur verið að gefa út, en hefur þó ekki verið útbúið. Oft líða margir mánuðir milli þessara atburða. Ef seljandi og kaupandi eru ásáttir um, að kaupin skuli taka til bæði hlutabréfsins, sem til er, og réttarins til væntanlegs jöfnunarbréfs, getur kaupandinn fullvissað sig um, að hann hafi fengið það, sem um hefur verið samið, með því að fá afhent vottorð það, sem fjallað er um í 1. mgr. lagagreinarinnar. Þegar ekki reynir á að viðskipti eigi sér stað með hlutabréf á tímanum sem líður frá því að útgáfa jöfnunarbréfa er ákveðin og til þess tíma að þau eru afhent réttum aðila, verður að telja, að ákvæði síðasta málsl. 2. mgr. sé til þess eins að valda ónauðsynlegri skriffinnsku. Því þykir rétt að leggja til, að ákvæðið verði fellt úr lögunum.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Sú viðbót við 32. gr. laganna, sem gerð er tillaga um, er um skyldu félagsstjórnar til að tilkynna hluthöfum á sem tryggilegastan hátt um hlutafjáraukningu, sem ákveðin hefur verið og um allt, sem máli skiptir í sambandi við hana. Nauðsyn ákvæðisins helgast af því, að ekki er víst, að allir hluthafar hafi verið viðstaddir hluthafafundinn, sem tók ákvörðunina. Viðbótin er sama efnis og 2. mgr. 36. gr. laganna, þar sem fjallað er um kynningu á þeirri ákvörðun stjórnar, að hún hafi notað rétt sinn til hlutafjáraukningar.

Um 21. gr.

Tillagan er um orðalagsbreytingu. Í málsgreininni, eins og hún er óbreytt, er sagnorðið „skrá“ tvívegis notað um að „fá áskrift fyrir“. Í lögunum er sagnorðið skrá einnig notað um gjörðir embættismanna hlutafélagaskrár, og þykir rétt að bæta úr þessum galla með breytingu á orðalagi.

Um 22. gr.

Lagagreinin, sem um ræðir, fjallar um ákvæði í samþykktum um heimild stjórnar til að hækka hlutafé. Samkvæmt gildandi lögum er heimild stjórnar ótímabundin. Fyrir hluthafa, sem vill vera viðbúinn að taka þátt í slíkri hlutafjáraukningu, getur verið bagalegt að vita ekki, hvenær hann eigi von á að mega eða þurfa taka þátt í hlutafjáraukningu. Því er lagt til, og þykir ekki skemmra verða gengið, að í samþykktir skuli þá jafnframt setja ákvæði um, hve langan frest stjórnin hafi til að nota heimildina og að sá frestur megi ekki vera lengri en fimm ár. Hliðstæðar reglur gilda í Noregi og í Danmörku fyrir A/S. Aps. í Danmörku mega ekki auka hlutafé með þessum hætti.

Um 23. gr.

Með breytingartillögunni í a-lið er gert ráð fyrir, að breyting hafi orðið á 4. mgr. 97. gr. laganna, sem geri að verkum, að endurmatssjóður myndist ekki einungis við verðhækkun eigna, heldur og við mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Með orðalagsbreytingunni, sem gerð er tillaga um, er náð til þessara tvenns konar hátta við myndun endurmatssjóðs.

Með fyrri breytingunni í b-lið er hluthafafundi leyft að veita stjórn félags heimild til að auka hlutaféð með útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári að vissu marki, sem tilgreint er í samþykkt hluthafafundar. Þau rök má færa fyrir þessari breytingu, að þegar aðalfundur er haldinn, getur ríkt veruleg óvissa um, hvernig afkoman verði á reikningsárinu. Það er ef til vill ekki fyrr en undir lok reikningsársins, sem ljóst verður, hve miklu verði ráðlegt að úthluta í arð vegna ársins. Þar sem kostir þess að gefa út jöfnunarhlutabréf ráðast mjög af hæfi fyrirtækisins til að úthluta arði, er talið æskilegt, að hluthafafundur geti veitt stjórn félags nokkurn sveigjanleika við ákvörðun um, hve mikið skuli gefið út af jöfnunarhlutabréfum.

Síðari breytingin í b-lið stafar af afnámi heimildar til útgáfu handhafahlutabréfa.

Í c-lið er lagt til, að stjórn félags megi gera á samþykktum þær breytingar, sem leiðir af útgáfu jöfnunarhlutabréfa samkvæmt heimild, sem stjórnin hefur fengið hjá hluthafafundi.

Um 24. gr.

Tillagan er um orðalagsbreytingu, svo að orðið greiðsla verði ekki notað um athöfn, sem ekki felur í sér greiðslu.

Um 25. gr.

Í málsgr., sem fjallar um lækkun hlutafjár, sem ráðstafað skal til annars en að jafna tap, eru fyrirmæli um birtingu áskorunar til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar og ákvæði um kröfulýsingarfrest. Lagt er til, að birtingar skuli vera tvær í stað þriggja samkv. gildandi lögum og að kröfulýsingarfrestur skuli styttur úr þrem mánuðum í tvo mánuði. Reglur um þessi efni yrðu þar með samræmdar reglum, sem gilda við skipti þrotabúa, sbr. og 54. gr. þessa frv., þar sem gerð er tillaga um sams konar breytingu við innköllun skilanefndar.

Um 26. gr.

Óvissa þykir hafa ríkt um, hvort hlutafélag megi með kaupum, jafnt sem með öðrum hætti, eignast meira en 10% af eigin hlutafé, enda selji það síðan hlutabréf þannig, að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða. Með tillögunni eru tekin af tvímæli í þessu efni með því, að félagi skuli heimilt að eignast með kaupum og eiga um stundarsakir meira en 10% af eigin hlutafé. Ætla má, að slík kaup geti haft talsvert gildi með því að greiða fyrir vandasömum eigendaskiptum.

Um 27. gr.

Í a-lið er gerð tillaga um þá róttæku breytingu frá meginreglu laganna um, að í stjórn skuli eiga sæti fæst þrír menn, að nægjanlegt sé, að stjórnina skipi einn eða tveir menn, ef hluthafar eru fjórir eða færri. Um rökstuðning fyrir þessu nýmæli er vísað í almennar athugasemdir. Engin ákvæði eru í gildandi lögum um skyldu til að velja varamenn. Þykir rétt, ef stjórn er skipuð einum eða tveim mönnum, að mæla þá fyrir um skyldu til að velja a. m. k. einn varamann.

Í b-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að til þess að skylt sé að beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnar, þegar ekki eru í samþykktum fyrirmæli um slíka aðferð við stjórnarkjör, þurfi að koma fram krafa um það frá hluthöfum, sem ráða yfir minnst ⅕ hlutafjárins, í stað ¼ eins og er samkvæmt gildandi lögum. Í hlutafélögum, þar sem

stjórn er skipuð þrem mönnum og atkvæðagildi hluta er í réttu hlutfalli við fjárhæð þeirra, geta þeir, sem ráða yfir liðlega ¼ hlutafjár komið manni að í stjórn, ef farið er með atkvæði fyrir alla hlutina á hluthafafundi. Til þess að koma að einum manni í fimm manna stjórn þarf hluthafahópurinn að ráða yfir rúmlega 16 ⅔ hlutafjárins. Með breytingunni, sem gerð er tillaga um, er stefnt að fyllra samræmi á milli kröfunnar um lágmark hlutareignar þeirra, sem krefjast hinnar sérstöku aðferðar við kosningu, og þess atkvæðafjölda, sem þeir þurfa að geta ráðstafað á hluthafafundi til þess að koma að manni í fimm manna stjórn.

Um 28. gr.

Í 49. gr. gildandi laga er ákvæði um, að í félögum, þar sem hlutafé er a.m.k. 300 000 kr., skuli stjórn ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Við sama mark hlutafjár er miðað í ákvæði í sömu grein, sem kveður á um heimild framkvæmdastjóra til setu í stjórn. Umgetin fjárhæð hlutafjár er fimmtánfalt hærri en sú lágmarksfjárhæð hlutafjár, sem þarf til að hlutafélag verði stofnað.

Í frumvarpinu er lagt til, að þessu hlutfalli verði haldið óbreyttu, en meginmáli skiptir, að fjárhæðin, sem fimmtánfölduð er, breytist í hátt við lánskjaravísitölu, sbr. 1. gr. frumvarpsins og skýringar við hana. Ætla verður, að við setningu laganna hafi meginhersla verið lögð á umrætt hlutfall, og hefur við umfjöllun nefndarinnar ekki verið komið auga á neinar gildar ástæður til að víkja frá tölugildi hlutfallsins. Í a-lið eru sett fram hin breyttu ákvæði um skyldu félags til að ráða framkvæmdastjóra og í b-lið um heimild framkvæmdastjóra til að sitja í stjórn.

Um 29. gr.

Greinin hefur að geyma tillögu um tvær breytingar. Hin fyrri er um það, hverjir skuli kjósa formann félagsstjórnar. Í gildandi lögum segir, að félagsstjórn skuli kjósa sér formann. Á hinum Norðurlöndunum er heimilt að ákveða í samþykktum, að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Hér er lagt til, að íslenskum lögum verði komið í sama horf. Sú skipan, að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega, fremur en að stjórnin kjósi hann, felur í sér aukningu á valdsviði hluthafafundar um efni, sem ekki er ástæða til að ætla, að hluthafar séu síður færir um að ráða til lykta en stjórnin. Þær aðstæður eru hugsanlegar, þar sem annar háttur væri fráleitur, t. d. þegar einn aðili á yfirgnæfandi meirihluta hlutafjár, og þeir sem með honum sitja í stjórn, eru þangað komnir að tilhlutan hans. Til að taka af tvímæli um, hvort túlka megi lögin svo, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega, er lagt til, að ákvæði þess efnis standi skýrum stöfum í lögunum.

Síðari breytingartillagan er um viðmiðun, sem höfð skuli um það, hvort kjósa megi framkvæmdastjóra félags sem formann í stjórn sama félags. Samkvæmt gildandi lögum ræður úrslitum, hvort hlutaféð nær því að vera 300 000 kr., þ.e. fimmtánföld sú fjárhæð, sem þarf til að stofna megi félag. Lagt er til, að hlutfallinu verði haldið óbreyttu á þann hátt, sem gerð er grein fyrir í skýringum við 28. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Í 93. gr. gildandi laga er ársreikningur skilgreindur sem svo, að hann hafi að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Í 38. gr. þessa frv. er lagt til, að sú breyting verði gerð á þessari skilgreiningu, að ársreikningur skuli taka til rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og skýringa. Skýringarnar, sem um er að ræða og nánar er gerð grein fyrir í 102. gr. laganna, eru til fyllingar rekstrar- og efnahagsreikningi, og mynda þessir þrír hlutar í rauninni eina órjúfanlega heild. Rétt þykir, að sú fjárhagsskýrsla, sem aðalfundur skal taka afstöðu til, sé ársreikningurinn í heild eins og hann er skilgreindur samkvæmt frumvarpinu.

Um 31. gr.

Tillöguna í a-lið leiðir af þeirri tillögu í þessu frv., að afnumin skuli heimild til að gefa út hlutabréf, sem hljóða á handhafa.

Sú breyting, sem gerð er tillaga um í b-lið, stafar af þeirri breytingu, sem um er fjallað í 38. gr. frv., að ársskýrsla, þ. e. ársskýrsla stjórnar, skuli framvegis ekki vera talin hluti ársreiknings.

Um 32. gr.

Í gildandi lögum er þess krafist, að til þess að mál, sem ekki hefur verið greint í dagskrá, verði tekið til úrlausnar á hluthafafundi, þurfi samþykki ⅔ hluta mættra hluthafa. Úrslit máls, sem með þessum hætti er tekið til meðferðar á hluthafafundi, geta verið þess eðlis, að hafi hluthafi vitað, að málið yrði tekið fyrir, mundi hann hafa mætt á fundinum. Þykir ekki skemmra verða gengið en að áskilja, að samþykki allra mættra hluthafa komi til. Tillaga þessi gengur ekki eins langt og gert var með frumvarpinu 1976—1977, þar sem lagt var til, að samþykki allra hluthafa þyrfti að koma til, þ. e. bæði mættra og hinna, sem eru fjarverandi. Sú tillaga var hins vegar samhljóða ákvæðunum um sama efni í lögum allra hinna Norðurlandanna.

Um 33. gr.

Í 1. málsl. 76. gr. laganna eru taldar upp þær breytingar á félagssamþykktum, sem heimilt er að gera án þess að ákvörðunin sé tekin á hluthafafundi. Lagt er til, að við sé bætt þeirri breytingu á samþykktum, sem leiðir af útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sem stjórn ákveður að fenginni heimild hluthafafundar, sbr. c-lið 23. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Í grein þessari er lagt til, að lágmarkstala kjörinna endurskoðenda lækki úr tveim í einn. Æskilegt verður að telja, að sá eða þeir, sem annast um endurskoðun ársreiknings, hafi öðlast þá þekkingu og þjálfun, sem löggiltir endurskoðendur hafa til að bera. Eins og fram kemur í næstu grein frv., hefur þó ekki verið talið fært að ganga lengra í kröfum um afskipti löggiltra endurskoðenda af ársreikningum hlutafélaga heldur en ætlunin var að gera, þegar lögin tóku gildi. Mörg hlutafélög, sem ekki er skylt að kjósa löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikning sinn, munu engu að síður kaupa þjónustu þeirra. Tillagan, sem gerð er í þessari grein, byggir á þeirri skoðun, að félag sem ekki ræður löggiltan endurskoðanda, þurfi ekki að vera betur sett, þótt fengnir séu til verksins tveir ófaglærðir endurskoðendur frekar en einn.

Um 35. gr.

Í 82. gr. laganna er kveðið á um það, hvenær skylt sé, að a. m. k. einn endurskoðandi, sem kosinn er á aðalfundi, sé löggiltur endurskoðandi. Tekið er mið af vissum krónutölum fjármagns, þ. e. annars vegar hlutafjár og hins vegar samtölu skulda og bundins eigin fjár, auk viðmiðunar við fjölda starfsmanna. Vegna þeirrar rýrnunar, sem orðið hefur á verðgildi peninga síðan lögin voru sett, má ætla, að þeim félögum hafi stórum fjölgað, sem skylt er að kjósa löggiltan endurskoðanda. Með a-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að þessum málum verði komið í svipað horf eins og var, þegar lögin voru sett. Auk þess er lagt til, að viðmiðunarfjárhæðirnar verði tiltekið margfeldi af lágmarki hlutafjár, samkv. 1. gr. laganna breyttra, sem skal breytt í hátt við breytingar á verðlagi. Þetta ákvæði stuðlar að því að staða félags að því er varðar kröfu um kosningu löggilts endurskoðanda, verði ekki fyrir áhrifum af þeirri þróun, sem verður í verðlagsmálum.

Í b-lið er gerð tillaga um breytingu á 2. málsgr. 82. gr., sem fjallar um endurskoðun ársreikninga félaga, sem enn hafa ekki komið fram á sjónarsviðið, þ. e. félaga, þar sem hlutabréf eru háð opinberri verðskráningu. Tillagan um, að í félögum, þar sem engar hömlur

eru lagðar á viðskipti með hlutabréf, skuli kosinn a. m. k. einn löggiltur endurskoðandi, þykir vera grundvölluð á svipaðri hugsun og ákvæðið, sem leyst er af hólmi, þ. e. að félög, sem ætla má, að geti sóst eftir hlutafjárframlögum frá almenningi, skuli sæta svo tryggu eftirliti um gerð ársreikninga, sem kostur er á.

Um 36. gr.

Sú viðbót, sem gerð er tillaga um, er afleiðing þess að annars staðar í frv., þ. e. í 38. gr., er gerð tillaga um, að ársskýrsla stjórnar skuli ekki vera talin hluti ársreiknings. Réttmæti viðbótarinnar helgast af því, að í ársskýrslu hljóta ávallt að vera upplýsingar, sem endurskoðandi er fær um að sannreyna, og að sjálfsagt þykir að endurskoðandi taki afstöðu til þeirra upplýsinga.

Um 37. gr.

Tillagan um breytt kaflaheiti stafar af breytingu á skilgreiningu ársreiknings, sem gerð er tillaga um í 38. gr. þessa frv. Vísað er til þeirrar gr. um nánari skýringar.

Um 38. gr.

Í a-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að skilgreiningu á ársreikningi verði breytt á þann veg, að hann taki til rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og skýringa, í stað þess, eins og segir í gildandi ákvæði, að ársreikningur hafi að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Í reikningsskilum er litið á rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar sem eina órofa heild. Skýringarnar varða rekstrar- og efnahagsreikning og skal í skýringum beinlínis vísað til þeirra liða rekstrar- og efnahagsreiknings, sem um er að ræða. Ársskýrslan, sem um er fjallað í gildandi lögum, er sérstök skýrsla stjórnar, og þykir rétt, að hún sé auðkennd á þann hátt, sem gerð er tillaga um í b-lið. Meginástæða þess, að ekki þykir við hæfi að telja ársskýrsluna vera hluta ársreiknings, er sú, að skýrslan getur haft að geyma ýmsan fróðleik, sem ekki er á færi endurskoðanda að taka afstöðu til, svo sem spár um þróun markaða og sölu. Ekki þykir stætt á, að ársskýrsla stjórnar sé höfð hluti þess ársreiknings, sem öll ákvæði laganna um endurskoðun skuli taka til. Engu að síður er gert ráð fyrir, að endurskoðandi taki afstöðu til allra þeirra atriða í ársskýrslu stjórnar, sem hann er fær að fjalla um, sbr. 36. gr. frv. Þess er að vænta, að engin breyting verði á þeirri venju, sem myndast hefur, að ársskýrslu stjórnar sé komið fyrir í hefti með hinum eiginlega ársreikningi. Slík hefti eru gjarnan auðkennd sem ársskýrsla viðkomandi fyrirtækis, og mun svo væntanlega verða framvegis.

Í c-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til, að frestur sem félag hafi til að leggja ársreikning fyrir endurskoðanda, verði styttur úr einum og hálfum mánuði í einn mánuð fyrir aðalfund. Lágmarksfresturinn samkv. gildandi lögum þykir vera óþarflega langur m. a. í ljósi þess, að löggiltir endurskoðendur leitast við að ljúka sem mestu af endurskoðunarvinnunni, áður en ársreikningurinn sjálfur verður til. Að gerðri umræddri breytingu yrði fresturinn hinn sami og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Um 39. gr.

Sú breyting, sem um er að ræða, stafar af þeirri breytingu, sem um er fjallað í 38. gr. frv., þ. e. að skýringar á einstökum liðum rekstrar- og efnahagsreiknings skuli taldar vera óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Um 40. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um heimild til að hækka bókfært verð fastafjármuna við nánar tilgreindar aðstæður. Að því leyti, sem þeirri fjárhæð, sem hækkuninni nemur, er ekki samtímis ráðstafað til nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum eða til hækkunar

á hlutafé, skal fjárhæðin lögð í sérstakan sjóð, endurmatssjóð, sem nota má síðar í sama skyni. Á síðustu árum hefur orðið veruleg breyting á reikningsskilum fyrirtækja hér á landi, sem byggjast á ákvæði XI til bráðabirgða í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Á grundvelli þessarar lagaheimildar eru í reikning, sem venjulega er nefndur endurmatsreikningur, gerðar þær færslur, sem varða endurmatssjóð samkv. lögum um hlutafélög, en að auki eru í þennan reikning gerðar mótfærslur við tekju- og gjaldfærslu vegna verðlagsbreytinga. Með a-lið frumvarpsins er lagt til, að komið verði fyrir í lögum um hlutafélög ákvæði, sem lögfestir þessa skipan mála. Að auki er lagt til að heimilt verði bæði að ráðstafa endurmatssjóði til hækkunar á lögbundnum varasjóði, þ. e. þeim varasjóði, sem um er fjallað í XIII. kafla laganna, og til að verðbæta frjálst eigið fé. Í XIII. kafla laganna er ákvæði um skyldu hlutafélags til að leggja í varasjóð hluta af hagnaði, þangað til varasjóðurinn hefur náð því að nema einum fjórða hluta hlutafjárins. Þótt þessu marki hafi einhverju sinni verið náð, getur hlutfallið milli varasjóðsins og hlutafjár raskast í verðbólgu við það, að hlutafé sé aukið með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Réttmætt þykir, að hlutafélagi sé heimilt að verðbæta tillög, sem það hefur gert í lögbundinn varasjóð með færslu úr endurmatssjóði. Með þeim hætti yrði félag firrt þeirri skyldu að ráðstafa ávallt vissum hundraðshluta hagnaðar í varasjóð, nái hann ekki tilskyldu marki.

Frjálst eigið fé verður fyrst og fremst til við það, að hagnaði er haldið eftir í félaginu í stað þess, að honum sé úthlutað í arð á árinu, sem hann myndast. Við verðbólgu rýrnar kaupmáttur þeirrar fjárhæðar, sem þannig er geymd. Telja verður sanngjarnt, að raungildi fjárhæðar, sem fyrirtæki er heimilt að úthluta í arð, rýrni ekki fyrir það, að úthlutun hafi verið frestað. Að öðrum kosti gætu forráðamenn fyrirtækis hneigst til þess að úthluta hagnaði fyrr heldur en hagkvæmt þætti með hliðsjón af öðrum hagsmunum félagsins. Þess vegna er lagt til, að heimilt verði að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsþróun með færslu úr endurmatssjóði.

Loks er gert ráð fyrir, að ráðstafa megi endurmatssjóði til að verðbæta tillög í skattalega sjóði eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir. Fjárfestingarsjóður er dæmi um slíkan skattalegan sjóð, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984 um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

B-liður þarfnast ekki skýringar.

Með tillögunni í c-lið er orðið við ábendingum frá Félagi löggiltra endurskoðenda og formanni nefndarinnar er frumvarp þetta hefur samið. Ábendingin er fram komin eftir að nefndin hafði skilað frumvarpinu til ráðuneytisins. Með ákvæðinu er upphaf gildistíma umræddra heimilda samræmt gildistöku þeirra ákvæða laga um tekju- og eignarskatt, sem lögðu grundvöll að myndun endurmatssjóða.

Um 41. gr.

Í 101. gr. laganna eru ákvæði um gerð rekstrarreiknings. Í frumvarpsgreininni eru gerðar tillögur annars vegar um lagfæringu á orðalagi og hins vegar um aðlögun lagagreinarinnar að þeim breytingum, sem orðið hafa á gerð reikningsskila hér á landi á síðustu árum. Í flokk síðarnefndu breytinganna falla b-liður og d-liður, þar sem lagt er til, að meðal þeirra liða, sem skuli sérgreindir, séu tekjufærsla eða, eftir atvikum, gjaldfærsla vegna áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.

Með tillögunni í a-lið er viðkomandi ákvæði komið í það horf, sem ætla verður, að lýsi betur þeirri meginhugsun, sem liggur að baki ákvæðinu, þ. e. að tekjur af aðalstarfsemi skuli sérgreindar. Það þykir ekki vera við hæfi að nefna í sömu andrá heildartekjur og gjöld, nema því aðeins að með tekjum af aðalstarfsemi væri átt við þá reikningsstærð, sem nefnd hefur verið „brúttóhagnaður", en telja verður, að svo sé ekki.

Með orðalaginu „aðrar óreglulegar tekjur" í 6. tl. 3. mgr. er gefið í skyn, að þær tekjur, sem upp eru taldar í 5. tl., séu líka óreglulegar tekjur. Þar sem svo þarf ekki að vera, er lagt til

í c-lið, að orðið „aðrar“ verði fellt niður. Svipað tilefni er til breytingartillögunnar í e-lið. Með f-lið greinarinnar er lagt til, að niður verði felldur 1. málsl. 5. mgr. af þeirri ástæðu, að þar er tekið á tæknilegu efni, sem óþarft þykir, að tekið sé fyrir í lögunum, enda er um að ræða efni, sem um gilda almennt viðurkenndar reikningsskilareglur.

Um 42. gr.

Í a-lið er tillaga um orðalagsbreytingu, sem stafar af þeirri breytingu á stöðu skýringa gagnvart ársreikningi, sem um er fjallað í 38. gr. þessa frv.

Eins og vikið er að í skýringum við 41. gr. getur í rekstrarreikningi komið fyrir liðurinn tekjufærsla eða gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga. Liður þessi getur haft úrslitaáhrif á þá niðurstöðu um afkomu, sem rekstrarreikningur sýnir. Sú hefur orðið raunin, að fyrirtæki beita ekki öll sömu aðferð við útreikning þessarar verðbreytingafærslu. Þykir því vera brýnt, að þess verði krafist, að í ársreikningi sé gerð grein fyrir þeirri aðferð, sem beitt hefur verið. Um það er gerð tillaga í b-lið.

Um 43. gr.

Tillögunni í a-lið veldur annars vegar sú tillaga, sem orðuð er í 38. gr., að ársskýrsla stjórnar skuli auðkennd sem slík, og hins vegar sú tillaga í sömu gr., að ársskýrslan verði ekki talin vera hluti ársreiknings. Þar sem ársskýrslu stjórnar skal leggja fyrir aðalfund, eins og verið hefur, er nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram um hana, á sama hátt og tekið er fram um ársreikning, að hann skuli lagður fyrir aðalfund til staðfestingar, sbr. 67. gr. laganna og 30. gr. þessa frv.

Í b-lið er lagt til, að í ársskýrslu stjórnar skuli gefnar upplýsingar um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Sú nauðsyn ber til, að hlutafélagaskrá þarf að geta fylgst með fjölda hluthafa vegna ákvæða laganna um réttindi og skyldur, sem tengjast fjölda hluthafa. Er þar annars vegar um að ræða ákvæði um fjölda stjórnarmanna, sbr. 27. gr. frv., og ákvæði laganna um afleiðingar þess, að fjöldi hluthafa fari niður fyrir hið lögmæta lágmark. Þá er ennfremur lagt til, að gefnar skuli í ársskýrslu upplýsingar um hlutareign og, eftir atvikum, atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa, sem eiga tiltölulega stóra hluti í félaginu. Ástæða tillögu um þetta nýmæli er sú, að ætla má, að vitneskja um eignaraðild að hlutafélagi geti skipt verulegu máli um áhuga aðila til að eiga eða eignast hluti í félaginu.

Um 44. gr.

Látið skal nægja að vísa til a-liðar 38. gr. frv. og skýringa við hann.

Um 45. gr.

Þær breytingar, sem gerð er tillaga um, varða einungis orðalag. Í lagagreininni, sem um er að ræða, er orðið árságóði notað um niðurstöðu rekstrarreiknings um afkomu. Aftur á móti er í kaflanum um ársreikning notað orðið hagnaður um jákvæðan mismun tekna og gjalda. Þykir betur fara á, að notað sé eitt og sama heiti í lögunum um þetta hugtak. Þar sem allir skattar vegna rekstrarársins eru í 101. gr. laganna taldir meðal gjalda í rekstrarreikningi, eins og vera ber samkvæmt viðurkenndum reikningsskilavenjum, er ekki við hæfi að nefna áætlaða skatta sem frádráttarlið í 1. mgr. 107. gr., eftir að orðið hagnaður hefur verið sett í stað ágóða.

Um 46. gr.

Þessi grein þarfnast ekki annarrar skýringar en þeirrar, sem gefin er í athugasemdum um 45. gr.

Um 47. gr.

Tillagan í a-lið er um orðalagsbreytingu. Með því að þegar er í 103. gr. ákvæði um, að stjórn félags skuli í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun taps, og þegar litið er til þess, að samkv. 107. gr. laganna er heimilt, við nánar tilgreindar aðstæður, að úthluta í arð meiru heldur en hagnaði viðkomandi reikningsárs, þykir ekki vera efni til þess að binda ákvörðun hluthafafundar um úthlutun arðs skilyrði á þann hátt, sem gert er í 1. mgr. 109. gr. Meginefni málsliðarins stæði óhaggað: að það sé hluthafafundur einn, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs og að stjórn félags skuli hafa lagt fram tillögu um, hve hárri fjárhæð skuli úthlutað í arð. Í ársskýrslu stjórnar hljóta að koma skýrt fram tengslin á milli arðsins, sem lagt er til, að greiddur verði, og rekstrarafkomu ársins.

Í 2. mgr. 109. gr. laganna er ákvæði um minnihlutavernd, sem þykir ganga óhóflega langt. Ákvæði þetta stingur mjög í stúf við ákvæði laganna um, að ekki megi úthluta meiri arði en félagsstjórn leggi til eða samþykki. Hinn tiltekni minnihluti getur krafist þess, að „fjárhæð, sem minnst svarar til helmings“ ráðstafanlegs hagnaðar á rekstrarárinu verði úthlutað í arð. Eftir orðanna hljóðan virðist kveðið á um, að arðskrafan verði að nema að minnsta kosti helmingi ráðstafanlegs hagnaðar, en þó ekki hærri fjárhæð heldur en öllum ráðstafanlegum hagnaði. Óeðlilegt þykir, að lítill minnihluti geti á þennan hátt gert slíkan usla í fjármálum fyrirtækis. Ákvörðun um arðsúthlutun er í flokki mikilvægustu ákvarðana, sem teknar eru í hlutafélagi. Náið samhengi er gjarnan á milli afkomu og fyrirætlana um fjáröflun til fjárfestinga í rekstrarfjármunum. Óvænt ákvörðun um arð, sem knúin er fram á þann hátt, sem lýst er í lagagreininni, getur kippt grundvellinum undan heilbrigðri fjármálastjórnun. Af þessum ástæðum er í b-lið lagt til, að réttur minnihluta í þessu efni verði þrengdur verulega. Lagt er til, að hámark þess, sem hinn tiltekni minnihluti geti krafist, að úthlutað sé í arð, verði fjórðungur af ráðstafanlegum hagnaði rekstrarársins og jafnframt, að ekki verði unnt að krefjast þess, að meiru sé úthlutað en sem svarar tveim hundruðustu af eigin fé, í stað fimm hundruðustu eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Vert er að vekja athygli á, að hundraðshlutinn er reiknaður af öllu eigin fé, en ekki aðeins af hlutafé.

Í c-lið er lagt til, að hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs, skuli jafnframt ákveða, hver skuli vera gjalddagi hans. Það getur varðað hluthafa miklu að vita, hvenær hann megi eiga von á þeim arði, sem þeir leggja til, að úthlutað verði. Gert er ráð fyrir, að tillaga stjórnar um arð taki þá jafnframt til gjalddaga arðsins.

Um XIV. kafla

Með ákvæðum þessa kafla frumvarpsins eru gerðar tillögur um umtalsverðar breytingar frá reglum XIV. kafla laganna um slit hlutafélaga. Felast breytingar þessar einkum í tvennu. Eru annars vegar sett fyllri skilyrði fyrir heimild til löggildingar skilanefndar til slita á félagi. Er meginskilyrði slíks samkvæmt frumvarpinu að fyrir liggi að eignir félags hrökkvi fyrir skuldum þess, en slíkt skilyrði er ekki í núgildandi lögum og getur það leitt til misnotkunar. Hins vegar er í kafla þessum að finna verklagsreglur um hvernig skuli staðið að slitum hlutafélaga, en lítið er af slíkum reglum í núgildandi lögum. Reglum þessum er einkum ætlað að eyða óvissu um þessi efni og ráða bót á verulegum seinagangi, sem að nokkru hefur einkennt framkvæmd slita hlutafélaga. Einstakar efnisreglur um heimildir til að krefjast slita hlutafélags eru að öðru leyti samsvarandi núgildandi lögum, eins og nánar er vikið að í eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar:

Um 48. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 113. gr. núgildandi laga.

Um 49. gr.

Fyrri málsgrein þessa ákvæðis er sama efnis og 115. gr. núgildandi laga. Í seinni málsgrein felast hinsvegar nýmæli, sem þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 50. gr.

Ákvæði þetta samsvarar að mestu 114. gr. núgildandi laga, en efnisskipan er nokkuð breytt. Í 5. tl. 1. mgr. er þó að finna ákvæði, sem ekki á sér hliðstæðu í núgildandi lögum, en þar er mælt fyrir um afleiðingar þess að ráðherra synji um eða felli úr gildi löggildingu skilanefndar samkvæmt 4.—6. mgr. 53. gr. frumvarpsins.

Um 51. gr.

Í núgildandi lögum er engin fyrirmæli að finna um það, eftir hverjum reglum fara eigi, er skiptaráðandi annast um slit hlutafélags samkvæmt 3. mgr. 114. gr. þeirra. Er með ákvæði þessu ætlað að ráða bót þar á, og farin sú leið að láta meðferð lúta meginákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Samkvæmt 1. mgr. ber skiptaráðanda að framkominni kröfu samkvæmt 1. eða 2. mgr. 50. gr. frumvarpsins að boða fyrirsvarsmann félags og þann, er slita krefst, til þinghalds vegna framkominnar kröfu, og gilda ákvæði gjaldþrotalaga um það, hver áhrif þess séu að þingsókn falli niður af hálfu annars hvors aðilja. Ástæðulaust þykir að mæla sérstaklega fyrir um frestsveitingu til félags til að koma málum í rétt horf, eins og gert er í niðurlagi 114. gr. núgildandi laga, enda eru slíkir frestir jafnan veittir við meðferð gjaldþrotabeiðna, er rök þykja fyrir þeim.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að skiptaráðandi taki afstöðu til þess með úrskurði, hvort orðið skuli við kröfu um slit á félagi, og ef svo er gert, að gefin verði út innköllun til lánardrottna, þar sem tekið sé fram að verið sé að slíta félaginu samkvæmt ákvæðum þessum.

Í 3. mgr. er vísað til tiltekinna greina og kafla gjaldþrotalaga um hvernig hagað skuli meðferð. Er VIII. kafli þeirra laga ekki meðal ívitnaðra ákvæða, en hann fjallar um riftun ráðstafana þrotamanns. Eigi þau ákvæði ekki við, er slitið er gjaldfæru félagi. Í 4. mgr. er að finna reglu um að ef ljóst verður að eignir félags, sem til slita er hjá skiptaráðanda, hrökkvi ekki til greiðslu skulda, megi skiptaráðandi samkvæmt kröfu lánardrottins kveða svo á í úrskurði að bú félagsins sé tekið til gjaldþrotaskipta. Ef svo er gert, kæmu þau ákvæði gjaldþrotalaga, sem ekki er vísað til í 3. mgr., til framkvæmda við skipti á búi félagsins.

Um 52. gr.

Í ákvæði þessu er að finna meginskilyrði frumvarpsins fyrir skilanefndarmeðferð, og mælt fyrir um aðdraganda að kosningu skilanefndar. Ákvörðun um félagsslit með þessum hætti þarf atbeina sama hlutfalls hluthafa og mælt er fyrir um í 2. mgr. 114. gr. núgildandi laga. Að öðru leyti er í ákvæði þessu mælt fyrir um það meginskilyrði skilanefndarmeðferðar, að áður en til löggildingar skilanefndar kemur, hafi verið staðreynt að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé tvímælalaust að eignir félagsins eigi að hrökkva fyrir skuldum þess. Ef gjaldfærni félags er ekki tvímælalaus, og hluthafafundur fellur ekki frá fyrirætlan um slit félagsins, ber samkvæmt niðurlagi 2. mgr. að fela skiptaráðanda að annast um félagsslitin að hætti 3. mgr. 50. gr. frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um fjölda skilanefndarmanna og tryggður réttur minnihluta hluthafa til að ráða vali a. m. k. eins þeirra, sbr. 2. mgr. 116. gr. núgildandi laga.

2. mgr. á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum, en þykir eðlilegt skilyrði, er litið er til viðfangsefnis skilanefndar.

Ákvæði 3. mgr. eru hliðstæð 2. mgr. 116. gr. núgildandi laga.

Í 4.—6. mgr. er að finna reglur, sem tryggja eiga eftirlit ráðherra með framvindu meðferðar skilanefndar í ríkara mæli en nú er.

Í 7. mgr. eru fyrirmæli um bótaábyrgð skilanefndarmanna gagnvart hluthöfum í félagi og lánardrottnum þess, og er ábyrgð þessi víðtækari en berum orðum er mælt fyrir um í 120. gr. núgildandi laga.

Um 54. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. um fjölda birtinga innköllunar skilanefndar og kröfulýsingarfrests fela í sér breytingar frá 118. gr. núgildandi laga til samræmis við tilhögun þessara mála við skipti þrotabúa. Í 2. mgr. felast þau nýmæli, að í innköllun eigi skilanefnd jafnframt að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum þegar eftir lok kröfulýsingarfrests til umfjöllunar um lýstar kröfur, eins og skylt er við meðferð þrotabúa. Ákvæðum þessum báðum er ætlað að leiða til hraðari meðferðar skilanefndar.

Í 3. mgr. felst ekki breyting frá gildandi rétti, en æskilegt þykir að lögfesta ákvæði þessa efnis til að girða fyrir tvímæli.

Reglum þeirra kafla gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 4. mgr., verður vart beitt við slit hlutafélaga að gildandi lögum, þótt þær eigi eðli máls samkvæmt við í þeim efnum. Þykir því rétt að lögfesta heimild til notkunar þeirra.

Um 55. gr.

Ákvæði fjögurra fyrstu málsgreina þessarar greinar eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, og er þeim ætlað að eyða óvissu um starfshætti skilanefnda, og jafnframt að tryggja lánardrottnum félags og hluthöfum að óþarfa dráttur verði ekki á starfi skilanefndar. Reglur þessar eru hliðstæðar reglum gjaldþrotalaga um viðkomandi efni.

Í 5. og 6. mgr. eru fyrirmæli um skyldu skilanefndar til að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta, ef fram kemur að eignir þess hrökkvi ekki fyrir skuldum að loknum kröfulýsingarfresti. Þótt skilyrði 52. gr. frumvarpsins ættu almennt að koma í veg fyrir skilanefndarmeðferð, þegar svo er ástatt, verður ekki útilokað að áður ókunnar kröfur berist í kröfulýsingarfresti, eða að eignir hafi ekki reynst hafa það verðgildi, er í upphafi var ætlað. Reglur þessar eru einkum settar fram til verndar réttindum lánardrottna. Ákvæðum 6. mgr. er ætlað að fyrirbyggja misnotkun heimilda til skilanefndarmeðferðar og leiða til að ráðstöfunum skilanefndar megi rifta, ef bú félags verður síðar tekið til gjaldþrotaskipta og lánardrottnar kjósa þá leið fremur en að beita ábyrgðarreglu 7. mgr. 53. gr. frumvarpsins.

Um 56. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samsvarandi ýmsum dreifðum ákvæðum XIV. kafla núgildandi laga um viðkomandi efni, og þykja ekki þarfnast sérstakrar skýringar.

Um 57. gr.

Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði, er samsvarar 1. mgr., sem ætlað er að fyrirbyggja drátt á starfi skilanefndar. Telji ráðherra skýringar skilanefndar á drætti óviðunandi, getur hann neytt heimilda 6. mgr. 53. gr. frumvarpsins, og eftir atvikum fellt úr gildi löggildingu hennar og krafist þess að skiptaráðandi taki við meðferð slitanna.

Ákvæði 2. mgr. samsvara 121. gr. núgildandi laga.

Um 58. gr.

Grein þessi samsvarar 122. og 123. gr. núgildandi laga.

Um 59. gr.

Grein þessi samsvarar að mestu 125. gr. núgildandi laga.

Um 60. gr.

Grein þessi samsvarar 124. gr. núgildandi laga.

Um 61. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um, að ráðherra sé heimilt að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá, þ. m. t. reikningum hlutafélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til, að þessu ákvæði verði breytt á þann veg, að einungis verði heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra félaga, sem ekki leggja hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.

Í 105. gr. gildandi laga er mælt fyrir um, að eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó ekki síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skuli staðfest endurrit hans ásamt endurskoðunarskýrslu hafa borist hlutafélagaskrá. Samkvæmt 114. gr. laganna skal hlutafélagi slitið að ákvörðun skiptaréttar, þegar ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir hin síðustu þrjú ár. Gætt hefur megnrar óánægju með ákvæði 145. gr. um opinberun ársreikninga. Ráðherra hefur enn ekki notað sér heimild til að veita almennan aðgang að ársreikningum, en óttinn við afleiðingar ákvörðunar hans um opinberun reikninga virðist hafa valdið því, að mikill meirihluti hlutafélaga hefur vanrækt að afhenda hlutafélagaskrá ársreikninga sína. Í bréfi Verslunarráðs Íslands til viðskiptaráðherra, dags. 5. júlí 1983, segir, að allmargir félagar V.Í. hafi haft samband við skrifstofu ráðsins vegna þess, að þeim hafi borist tilkynningar frá hlutafélagaskrá þess efnis, að þar sem þeir hafi ekki fylgt ákvæðum 105. gr. laganna um skil á ársreikningum, verði viðurlögum 114. gr. sömu laga beitt og hlutafélaginu slitið. Síðan segir: „Í öllum tilvikum hafa viðkomandi borið því við, að engin trygging sé fyrir því, að reikningarnir verði ekki hafðir almenningi til sýnis, en heimild er að finna fyrir því í 145. gr. laganna. Var það sameiginlegt álit þessara aðila, að sömu reglur ættu að gilda um meðferð þessara reikninga og gilda um meðferð skattframtala. Á þessu tvennu sé enginn eðlismunur.“ Í bréfinu bar V.Í. fram þá ósk, að 145. gr. laganna yrði komið í svipað horf og hér er lagt til. Um þetta efni farast Sigmari Ármannssyni, lögfræðingi, orð á þessa leið í Tímariti lögfræðinga, 2. tbl. 1980, þegar hann hefur kynnt reglur þær, sem gilda í Danmörku: „Málið horfir hins vegar við með öðrum hætti hér á landi, þar sem hlutafélög eru flest lítil og hluthafar fáir. Það telst til undantekninga, að hlutabréf slíkra félaga fari á almennan markað. Ekki er því ljóst, hvaða tilgangi það þjónar, að óviðkomandi aðilar geti af einskærri forvitni rannsakað rekstur slíkra hlutafélaga og sökkt sér ofan í gögn um félagið, sem varða einkamálefni þess. Viðsemjendum þessara fyirtækja ætti að vera í lófa lagið að fá nauðsynlegar upplýsingar beint frá forráðamönnum fyrirtækjanna, áður en gengið er til samninga, og eftir atvikum hætt við fyrirhuguð viðskipti, fái þeir ekki fullnægjandi upplýsingar. Nauðsynlegu öryggi í viðskiptalífinu yrði því ekki stefnt í tvísýnu, þó að takmörkuð yrði heimild almennings til þess að kynna sér gögn í fórum hlutafélagaskrárinnar, eins og t. d. ársreikninga og endurskoðunarskýrslur. Vel getur þó verið, að annað eigi að gilda, þegar um tiltölulega stór almenningshlutafélög er að ræða.“ Síðar í sömu grein skrifar Sigmar: „Taka verður tillit til sérkenna íslenskra hlutafélaga og meta verður þær aðstæður, sem skapast í fámennu þjóðfélagi, þar sem allir þekkja alla. Ef hlutafélögin yrðu ein tekin út úr að þessu leyti, yrði einnig um að ræða augljósa mismunun milli félagsforma. Friðhelgi um einkamálefni hlutafélaga eða annarra félaga má ekki rjúfa, slíkt væri að brjóta meginreglur íslensks réttar.“

Að lagagreininni breyttri yrði öllum heimill aðgangur að ársreikningum þeirra hlutafélaga, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf sín. Ætla verður, að þau félög,

sem þannig háttar um, vilji veita almenningi sem fyllstar upplýsingar um rekstur sinn til þess bæði að greiða fyrir viðskiptum með hlutabréfin, sem úti standa, og til þess að auðvelda sölu hlutafjárauka. Hlutafélagaskrá þykir henta vel sem miðstöð fyrir slíka upplýsingamiðlun og gæti með tímanum gefið fólki kost á að kaupa endurrit af viðkomandi reikningum. Framvegis sem hingað til er gert ráð fyrir, að öllum hlutafélögum sé skylt að afhenda hlutafélagaskrá eintak af ársreikningum sínum. Með þeim einum hætti getur hlutafélagaskrá rækt hæfilegt eftirlit með starfsemi hlutafélaga. Af atriðum, sem unnt er að hafa gát á með aðstoð ársreikninga, má nefna: fjölda hluthafa og stjórnarmanna, tillag í lögbundinn varasjóð, úthlutun arðs og breytingar á hlutafé. Á það skal bent, að til að forðast tvíverknað kæmi til greina, að hlutafélagaskrá semdi við skattstjóra um, að embætti þeirra gerðu, t. d. á grundvelli úrtaka, nauðsynlega athugun á, hvort fylgt væri ákvæðum laga um ýmis efni, sem ársreikningar geyma upplýsingar um, svo sem um úthlutun arðs og um tillög í varasjóð.

Rétt þykir, að gerð sé nokkur grein fyrir þeim reglum, sem gilda í þessum efnum í nokkrum nágrannalandanna. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er öllum hlutafélögum skylt að afhenda sérstakri miðstöð eintak af ársreikningi, sem almenningur á ótakmarkaðan aðgang að. Í Noregi getur þó konungur veitt vissum hlutafélögum undanþágu frá þeirri kvöð, að hann skuli vera almenningi til sýnis.

Í Bretlandi gildir sú almenna regla, að hlutafélög skulu senda til hlutafélagaskrár eintak af endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu stjórnar, og er öllum heimill aðgangur að innsendum upplýsingum. Fyrir lítil og meðalstór „private companies“ eru hins vegar gerðar vissar mikilvægar undanþágur. Félag er lítið, ef það uppfyllir einhver tvö eftirtalinna skilyrða (1981 Act S8):

1) Velta þess fer ekki fram úr GBP 1 400 000 á ári,
2) niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir GBP 700 000,
3) meðalfjöldi starfsmanna fer ekki fram úr 50.

Árið 1982 var talið, að í Bretlandi væru um 500 000 lítil hlutafélög. Til þess að geta talist meðalstórt, verður hlutafélag að fullnægja einhverjum tveim eftirtalinna skilyrða: 1) Ársvelta þess fer ekki fram úr GBP 5 750 000; 2) niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki upp fyrir GBP 2 800 000; 3) fjöldi starfsmanna fer ekki fram úr 250. Undanþágurnar, sem um er að ræða, ná ekki til banka, tryggingarfélaga og vissra skipafélaga. Lítið hlutafélag getur komist af með að senda hlutafélagaskrá útdrátt úr efnahagsreikningi, sem tekur aðeins til nokkurra mikilvægustu liða reikningsins. Það þarf hvorki að senda inn rekstrarreikning né ársskýrslu stjórnar. Fyrir meðalstórt fyrirtæki nægir, að útdráttur úr efnahagsreikningi svo og útdráttur úr rekstrarreikningi, séu látnir af hendi, og gerðar eru vægari kröfur um meðfylgjandi skýringar heldur en til stærri hlutafélaga.

Í Þýskalandi eru í sjálfum lögunum um GmbH engin ákvæði um skyldu til að afhenda stjórnvöldum ársreikninga hlutafélaga né heldur um birtingu þeirra. Í sérstökum lögum, sem nefnd hafa verið Publizitätsgesetz, eru hins vegar ákvæði, sem taka til hvers konar fyrirtækja, um skyldu til að birta ársreikninga, fari fyrirtæki yfir ákveðin stærðarmörk. Skylda til birtingar tekur til allra fyrirtækja sem uppfylla einhver tvö eftirtalinna skilyrða: Í samfellt þrjú rekstrarár 1) er niðurstöðutala efnahagsreiknings hærri en DEM 125 milljónir, 2) ársala fer fram úr DEM 250 milljónum og 3) að meðaltali vinna fleiri en 5000 menn hjá fyrirtækinu. Bankar og fjárfestingarfélög (Kapitalanlagegesellschaften) njóta þó ekki undanþágu samkvæmt þessari viðmiðun. Og sem aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu mun að því koma, að Þjóðverjar verði að laga reglur sínar um þessi efni að talsvert strangari sameiginlegum reglum bandalagsins.

Mörg önnur ríki hafa gert áþekkan mun á kröfum um upplýsingagjöf og um opinberun ársreikninga, þ. e. bæði eftir gerð og stærð hlutafélags. Sem dæmi má nefna Holland, Frakkland, Austurríki og Sviss.

Um 62. gr.

Í 147. gr. laganna eru fyrirmæli þess efnis, að tilkynning um breytingu á samþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skuli undirrituð af öllum stjórnarmönnum. Til að forðast vandræði, sem gætu hlotist af forföllum eða fjarvistum stjórnarmanna, er lagt til, að látið verði nægja, að slíkar tilkynningar skuli undirritaðar af meirihluta stjórnar eða af prókúruhafa. Telja verður, að með þessum breytta hætti yrði gætt nægilegs öryggis um áreiðanleika tilkynningar.

Um 63. gr.

Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu, sem ekki þarfnast nánari skýringar.

Um 64.—65. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 66. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um, hver verði áhrif þessa frumvarps, ef að lögum verður, á starfsemi skilanefnda sem þegar hafa verið löggiltar til að slíta félögum við gildistöku laganna. Er ætlunin með ákvæði þessu að reglur frumvarpsins um aðgerðir vegna lausnarbeiðni skilanefndarmanns og andláts komi þegar til framkvæmda, svo og þau úrræði ráðherra að geta áminnt skilanefnd og fellt löggildingu hennar úr gildi. Að öðru leyti ættu verklagsreglur 54.—60. gr. að koma til framkvæmda við störf þegar löggiltra skilanefnda að því leyti, að þær gildi um þá þætti meðferðar, sem ólokið er við gildistöku laganna, en hrófli í engu við þáttum sem þegar er lokið.

Nd. 226. Frumvarp til laga [211. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Gildissvið og samningsaðild.

1. gr.

Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.
2. Starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.

3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938, og lögum nr. 19/1979.
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Forstöðumanna stofnana, sbr. 5. og 6. tölul. 29. gr. laga nr. 38/1954, sem óska að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga og ákveður fjármálaráðherra þeim starfskjör án samninga.
6. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 4.–6. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samninga.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi taka einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði af daggjöldum eða úr sveitarfélagssjóði, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

3. gr.

Fjármálaráðherra fer með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögum þessum. Hann skipar nefnd manna til að annast samninga af sinni hendi og tilkynnir viðsemjendum sínum skipan hennar.

Forsetar Alþingis gera kjarasamninga við starfsmenn Alþingis.

Sveitarstjórnir fara með fyrirsvar sveitarfélags síns að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi og skulu þá tilkynna viðsemjendum sínum skipan hennar.

Sveitarstjórnir geta haft með sér samvinnu um samningsgerð og falið sameiginlegri samninganefnd samningsumboð sitt. Sama á við um samvinnu milli ríkis, sveitarfélaga svo og þeirra og forráðaaðila stofnana skv. 2. gr.

4. gr.

Stéttarfélög starfsmanna ríkis og sveitarfélaga eða samtök slíkra félaga fara með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga samkvæmt lögum þessum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá.

Þau stéttarfélög, sem við gildistöku laga þessara hafa sérkjarasamninga við fjármálaráðherra samkvæmt lögum nr. 29/1976 eða lögum nr. 62/1985 eða hafa kjarasamninga við sveitarfélög samkvæmt reglugerð nr. 236/1976, eiga rétt á að gera samninga við sama aðila samkvæmt lögum þessum óski þau eftir því innan árs frá gildistöku laganna.

5. gr.

Önnur stéttarfélög eða félagasamtök en um ræðir í 4. gr. öðlast rétt til að vera samningsaðili samkvæmt lögum þessum sé a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrða uppfyllt, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.:

1. Að félag taki til meiri hluta opinberra starfsmanna hjá ríki eða sveitarfélagi annarra en þeirra sem eru í stéttarfélögum sem eiga rétt til samninga skv. 2. og 3. tölul. þessarar greinar.
2. Að félag taki til a.m.k. ⅔ hluta starfsmanna sem undir lögin heyra hjá tiltekinni stofnun og að þeir félagar séu 100 eða fleiri.
3. Að félag taki til a.m.k. ⅔ hluta starfsmanna sem undir lögin heyra og eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri.

6. gr.

Eigi skal nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þetta ákvæði takmarkar þó ekki þann rétt til samninga sem félög hafa skv. 2. mgr. 4. gr. að óbreyttri félagsskipan.

Félög, sem skv. 4. gr. hafa samningsrétt við hluta vinnuveitenda og uppfylla jafnframt skilyrði 3. tölul. 5. gr. um lögformleg starfsréttindi eða ígildi þeirra, öðlast rétt til samninga við aðra vinnuveitendur með sama hætti og önnur félög sem falla undir 5. gr., sbr. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Félög, sem rétt hafa til samningsgerðar skv. 4. og 5. gr., geta tvö eða fleiri gert sameiginlegan kjarasamning er taki til allra samningsbundinna kjaraatriða eða hluta þeirra.

Stofnun nýs félags, sem fer með samningsumboð skv. 5. gr., skal tilkynna a.m.k. þremur mánuðum fyrir lok samningstímabils þeirra kjarasamninga sem gilda fyrir félagsmenn hins nýja félags.

7. gr.

Starfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til þátttöku í stéttarfélagi sem fer með samningsumboð samkvæmt lögum þessum eftir því sem samþykktir viðkomandi félags segja. Aðeins eitt félag fer með umboð til samninga fyrir hann.

Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.

8. gr.

Stéttarfélög eða samtök stéttarfélaga, sem rétt hafa til að gera samninga samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna viðsemjanda sínum eigi síðar en við upphaf samningaviðræðna hverjir skipa samninganefndir þeirra.

Stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga geta haft samvinnu um samningsgerð og kosið sameiginlega nefnd til að fara með samningsumboð sitt. Sama á við um samvinnu stéttarfélaga, starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum svo og stofnana skv. 2. gr.

II. KAFLI

Efni kjarasamninga, gildistími og ábyrgð.

9. gr.

Í kjarasamningi skal kveðið á um föst laun, vinnutíma, þar með talið vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, starfsmenntun og önnur atriði sem aðilar verða sammála um.

Um aukatekjur og önnur hlunnindi ríkisstarfsmanna, sem líkt er farið, skal kveða á í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

10. gr.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils og uppsagnarfrest í kjarasamningi.

Uppsögn skal vera skrifleg og kynnt viðtakanda á sannanlegan hátt.

11. gr.

Kjarasamningur framlengist um sex mánuði í senn, með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

12. gr.

Tilkynning um uppsögn kjarasamnings skal send ríkissáttasemjara samtímis og uppsögn er send gagnaðila.

Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður.

13. gr.

Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.

Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum, orlofssjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa, svo sem styrkveitinga í verkföllum eða greiðslu samnings- eða verkfallskostnaðar.

III. KAFLI

Um verkföll.

14. gr.

Stéttarfélagi, sem er samningsaðili samkvæmt lögum þessum, er heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum. Ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, ná ekki til þeirra sem heimilt er að gera verkfall samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Boðun verkfalls er því aðeins lögmæt að ákvörðun um hana hafi verið tekin í almennri leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi sem er samningsaðili. Til að samþykkja verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna, sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra samþykkt hana.

16. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

Verkfallsboðun skal vera skrifleg og kynnt viðtakanda á sannanlegan hátt.

17. gr.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans.
2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma eða framkvæma ekki athafnir sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi.
3. Til styrktar ólögmætri vinnustöðvun.

18. gr.

Boðað verkfall tekur til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn, annarra en þeirra sem óheimilt er að leggja niður störf samkvæmt lögum þessum.

Þegar verkfall er löglega hafið er þeim sem það beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra því með aðstoð einstakra félagsmanna þess félags sem að verkfallinu stendur.

19. gr.

Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. Þeirra sem skipa störf sem talin eru upp í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.
2. Þeirra sem heyra undir lög nr. 56/1972, um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum.
3. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
4. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
5. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
6. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 4. og 5. tölul.

Fyrir 15. janúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. þessarar greinar. Skrár þessar skulu endurskoðaðar árlega í samvinnu við hlutaðeigandi stéttarfélag. Andmæli gegn breytingum á skránum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

20. gr.

Sé verkfall hafið er heimilt að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli tímabundið, til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.

21. gr.

Nefnd tveggja manna ákveður hverjir skulu kvaddir til starfa skv. 20. gr. Annar nefndarmanna skal tilnefndur af því stéttarfélagi sem á í verkfalli en hinn af viðsemjanda þess. Ákvarðanir um kvaðningu til vinnu skulu teknar með atkvæðum beggja nefndarmanna og eru þær endanlegar.

22. gr.

Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem um ræðir í 19. gr., skal samið af samninganefnd þess stéttarfélags er þeir tilheyra.

Náist ekki samningar um kjör þeirra starfsmanna sem tilgreindir eru í 1. og 2. svo og 4.–6. tölul. 19. gr. og falla undir lög þessi á stéttarfélagið rétt á að þriggja manna gerðardómur taki deiluna til úrlausnar. Takist ekki samkomulag um oddamann tilnefnir viðkomandi bæjarfógeti eða sýslumaður, í Reykjavík yfirborgardómarinn, hann en málsaðilar einn dómara hvor.

23. gr.

Ákvarðanir um samninga eða annað, er varðar kjör starfsmanna og fer eftir lögum þessum, verða aðeins teknar af þeim sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem samningurinn nær til.

Enginn starfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál nema í einu stéttarfélagi sem er samningsaðili samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt ef það brýtur í bága við kjarasamning stéttarfélags starfsmanns samkvæmt lögum þessum starfsmanni í óhag.

25. gr.

Nú er sett á fót ný stofnun og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra eða hlutaðeigandi sveitarstjórnar og þeirra stéttarfélaga sem í hlut eiga.

Sama gildir ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkis eða sveitarfélaga.

IV. KAFLI

Um Félagsdóm.

26. gr.

Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um:

1. Samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær.
2. Lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.
3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.
4. Hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.
5. Hverjir falli undir ákvæði 3.–6. tölul. 19. gr. þessara laga.
6. Önnur atriði sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir.

Félagsdómur dæmir og um ágreining um félagsaðild þeirra sem undir lög þessi falla hvort sem ágreiningurinn er milli samningsaðila, stéttarfélaga eða einstakra starfsmanna og stéttarfélaga.

Félagsdómi er heimilt að dæma í máli um atriði sem tilgreind eru í 1. mgr. sem ágreiningur er um milli fjármálaráðherra eða sveitarfélags annars vegar og hins vegar einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa sem ekki falla undir 5. gr. þessara laga né lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, enda sé um það samkomulag milli aðila og að minnsta kosti þrír af dómendunum séu því meðmæltir.

27. gr.

Þegar Félagsdómur dæmir í málum sem greinir í 26. gr. nefna annars vegar viðkomandi heildarsamtök stéttarfélaga og hins vegar fjármálaráðherra eða Samband íslenskra sveitarfélaga dómara til setu í dómnum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Dómarar þessir skulu tilnefndir til þriggja ára í senn.

Sé stéttarfélag utan heildarsamtaka aðili máls fyrir Félagsdómi nefnir það sjálft dómara í það mál.

Tilnefni aðili ekki dómara til setu í Félagsdómi skal forseti dómsins tilnefna dómara í hans stað.

Stéttarfélög reka mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi.

Ef stéttarfélag neitar að höfða mál fyrir félagsmenn sína er aðila heimilt að höfða málið sjálfur fyrir Félagsdómi. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags fyrir forseta dómsins áður en stefna er gefin út. Í slíku máli tilnefnir forseti dómsins dómara í stað þess sem annars er tilnefndur af stéttarfélagi, sé það utan heildarsamtaka. Sama gildir í málum skv. 3. mgr. 26. gr. Í málum skv. 2. mgr. 26. gr. skal forseti dómsins tilnefna dómara í stað beggja þeirra sem annars eru tilnefndir af aðilum.

Hinir tilnefndu dómarar skulu ekki eiga sæti í aðal- eða varastjórnum eða samninganefndum viðkomandi stéttarfélags né í samninganefndum ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.

V. KAFLI

Um trúnaðarmenn á vinnustöðum.

28. gr.

Á hverri vinnustöð þar sem a.m.k. fimm menn vinna er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.

Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðvum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda.

Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.

29. gr.

Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.

Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.

Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðilum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram.

Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.

Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m.a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o.s.frv.

30. gr.

Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starfann.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.

Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.

Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

VI. KAFLI

Um atvinnuleysisbætur.

31. gr.

Opinberir starfsmenn, sem lög þessi taka til og ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk í samræmi við gildandi

lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m.a. háður því skilyrði að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

32. gr.

Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, vegna starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga, hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákveða.

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við samtök opinberra starfsmanna um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

33. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og sker úr öðrum ágreiningi sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn tveimur fulltrúum tilnefndum af viðkomandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Á vegum þeirra aðila, sem lög þessi taka til, starfi nefnd er annist kjararannsóknir og aðra upplýsingaöflun vegna kjarasamninga.

Nefndin skal skipuð jafnmörgum fulltrúum stéttarfélaga og vinnuveitenda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem sett skal að fengnum tillögum heildarsamtaka opinberra starfsmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin setur sér starfsreglur, m.a. um starfssvið og starfshætti.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

35. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, með síðari breytingum, og lög nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gildandi kjarasamningar aðila, sem falla undir lög þessi og gerðir hafa verið samkvæmt lögum nr. 29/1976, nr. 62/1985 eða reglugerð nr. 236/1976, skulu gilda fyrir viðkomandi félög og einstaklinga þar til gerðir hafa verið samningar samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með kjarasamningum fjármálaráðherra á þessu ári við heildarsamtök opinberra starfsmanna, þ.e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM (BHMR) og Bandalag kennarafélaga (BK), fylgdu bókanir þess efnis að nefndir samningsaðilar skyldu undirbúa endurskoðun á núgildandi lögum um gerð kjarasamninga.

Eftir fyrstu fundi í þessum nefndum, þar sem kynntar voru fyrstu hugmyndir um breytingar á núgildandi kjarasamningalögum, ákváðu bandalögin að ganga sameiginlega til þessara viðræðna og undirbúnings. Eftir að viðræður voru hafnar óskaði Samband íslenskra sveitarfélaga eftir aðild að viðræðunum og tók síðan þátt í þeim.

Um miðjan nóvember lagði viðræðunefndin fram drög að nýju frumvarpi um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem kynnt var innan bandalaganna. Í framhaldi af því var vinnu við frumvarpið lokið og liggur það nú fyrir í þeirri mynd sem viðræðunefndin og forustumenn framangreindra heildarsamtaka opinberra starfsmanna hafa komið sér saman um eins og eftirfarandi samkomulag, sem aðilar undirrituðu 24. nóvember s.l., ber með sér en það hljóðar svo:

„Í efnislega samhljóða bókunum með aðalkjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM og Bandalags kennarafélaga er ákveðið að aðilar þeirra samninga vinni að endurskoðun á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fulltrúar aðila að þessum samningum hafa ásamt fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga unnið sameiginlega að þessum málum síðast liðna mánuði og hafa samið drög að frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Meginbreytingar frumvarpsins frá gildandi lögum eru:

1. Ein lög gildi um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.
2. Þau félög, sem nú hafa sérkjarasamninga við ríki eða sveitarfélög á grundvelli gildandi laga, fái fullan samningsrétt og verkfallsrétt og önnur stéttarfélög fái þennan rétt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
3. Undanþágur frá verkfalli verði skýrt markaðar í lögunum, kjaradeilunefnd verði lögð niður og hafa aðilar náð samkomulagi um stefnumarkandi lista um þá sem verði undanþegnir verkfalli, skv. 19. grein frumvarpsins.

Efni frumvarpsins hefur verið kynnt innan þeirra heildarsamtaka sem aðild hafa átt að samningi frumvarpsins og eru þau ásamt fulltrúum fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sammála um að leggja til að frumvarp þetta verði lagt fram hið fyrsta sem stjórnarfrumvarp. Mun fjármálaráðherra beita sér fyrir því að fá frumvarp þetta samþykkt á Alþingi á þessu ári.

Reykjavík, 24. nóvember 1986.

F.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja
Kristján Thorlacius.
F.h. Launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM
Birgir Björn Sigurjónsson.
F.h. Bandalags kennarafélaga
Elín G. Ólafsdóttir.

Fjármálaráðherra
Þorsteinn Pálsson.
Indriði H. Þorláksson.
Þorsteinn Geirsson.
F.h. Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús E. Guðjónsson.“

Forsaga og fyrri lagaákvæði.

Um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafa á undanförnum árum verið í gildi tvenn lög. Önnur þeirra eru lög nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Samkvæmt þeim lögum fer BSRB með umboð til þess að gera aðalkjarasamning við fjármálaráðuneytið fyrir hönd aðildarfélaga sinna en þau annast gerð sérkjarasamninga. Að því er tekur til starfsmanna sveitarfélaga fara einstök félög þeirra með umboð til gerðar aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings við viðkomandi sveitarstjórn. Samkvæmt lögum þessum hefur BSRB rétt til að gera allsherjarverkfall í þeim tilgangi að knýja á um gerð aðalkjarasamnings. Verkfallsréttur þessi er þó takmarkaður á ýmsan hátt og aðdragandi verkfalls með öðrum hætti en á almennum vinnumarkaði hér á landi.

Lögin um kjarasamninga BSRB eru samin upp úr lögum frá 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem áður giltu fyrir BSRB en gilda nú fyrir BHMR og BK. Auk þess gerir Læknafélag Íslands kjarasamninga fyrir sjúkrahússlækna á grundvelli þeirra laga. Lög þessi með síðari breytingum eru nr. 62/1985. Meginmunur þessara tvennra laga liggur í því að í þeim síðarnefndu er ekki heimild til verkfalls. Um starfsmenn, sem undir þau lög falla, gilda því lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Á undanförnum árum hafa ýmsir annmarkar á núverandi skipan samningamála komið æ skýrar í ljós. Meðal annars hefur það komið fram í ágreiningi milli samningsaðila um túlkun á lögunum bæði í verkfalli BSRB í október 1984 og í málsmeðferð í málum BHMR fyrir Kjaradómi á síðustu árum. Það hefur einnig sýnt sig að núgildandi lög hafa ekki til að bera þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er og óánægju hefur gætt af hálfu BHMR og BK með niðurstöður Kjaradóms.

Í alllangan tíma hafa heildarsamtök opinberra starfsmanna farið fram á að lögum um samningsrétt þeirra verði breytt á þann veg að samningsréttur og verkfallsréttur flytjist til einstakra aðildarfélaga. Ekki var tekið undir þetta af fjármálaráðuneyti fyrr en á þessu ári.

Helstu breytingar og grundvallaratriði.

Í umfjöllun um einstakar greinar hér á eftir verður gerð grein fyrir nýjum og breyttum efnisatriðum. Áður en vikið verður að þeim er rétt að draga saman þau meginatriði sem greina frumvarp þetta frá núgildandi lögum og þeim viðhorfum sem þar liggja að baki.

Í núgildandi lögum er umboð til að gera samninga annars vegar bundið við BSRB og hins vegar við þau heildarsamtök sem fjármálaráðherra veitir viðurkenningu samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Umboð til að gera aðalkjarasamning er með þessum hætti takmarkað við fáa aðila og umboð til að gera sérkjarasamninga er í höndum þeirra félaga sem eru aðilar að þessum heildarsamtökum.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er umboð til samningsgerðar ekki bundið með þessum hætti en gert er ráð fyrir að hvert það stéttarfélag starfsmanna ríkis eða sveitarfélaga, sem uppfyllir tiltekin almenn skilyrði, geti orðið samningsaðili óháð því hvort það er innan heildarsamtaka eða ekki.

Gildandi lög eru fyrst og fremst miðuð við ríkið og starfsmenn þess en um samninga starfsmanna sveitarfélaga hafa gilt ákvæði reglugerðar sem sett er við lögin. Ákvæði fyrirliggjandi frumvarps eru miðuð við það að þau geti tekið til sveitarfélaga og starfsmanna þeirra með sama hætti og til ríkisins og starfsmanna þess.

Heimild til verkfalls, sem samkvæmt gildandi lögum nær einungis til BSRB, færist samkvæmt frumvarpinu til einstakra stéttarfélaga. Takmarkanir á verkfalli og aðdragandi þess eru á ýmsan hátt hliðstæð því sem nú gildir um BSRB en þó frábrugðið að því er þátt sáttasemjara og sáttatillögu við boðun verkfalls varðar og með hvaða hætti undanþágur frá verkfalli eru ákveðnar.

Samkvæmt núgildandi lögum ber sáttasemjara að leggja fram sáttatillögu ef verkfall er boðað. Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram um tillöguna og ráða úrslit hennar því hvort til verkfalls kemur eða ekki. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir skyldu sáttasemjara til að leggja fram sáttatillögu. Um aðild hans að kjaradeilu mun því fara eftir lögum nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Í gildandi lögum hefur sérstök nefnd, kjaradeildunefnd, það hlutverk að ákveða hverjir skuli vinna þrátt fyrir verkfall í þeim tilgangi að tryggð sé nauðsynleg öryggis- og heilsugæsla. Fyrirkomulag þetta og starfsemi kjaradeilunefndar var hart gagnrýnd í síðasta verkfalli. Í stað þessa fyrirkomulags gerir frumvarpið ráð fyrir því að annars vegar verði birtur tæmandi listi yfir þau störf sem undanþegin eru verkfalli og hins vegar að undanþágur verði veittar til að firra neyðarástandi. Slíkar undanþágur yrðu háðar samþykki tveggja fulltrúa sem deiluaðilar skipa.

Í þeim lögum, sem um BHMR og BK gilda, er hlutverk sáttasemjara að koma á viðræðum milli aðila og kanna möguleika á samkomulagi. Takist það ekki innan tiltekinna tímamarka er málinu vísað til Kjaradóms. Ákvæði þessi falla nú niður og þar með hlutverk Kjaradóms í kjaradeilum stéttarfélaga opinberra starfsmanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er kveðið á um hverjir falli undir gildissvið laganna. Er þar í aðalatriðum um að ræða þá starfsmenn sem falla undir gildissvið þeirra tvennra laga sem frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi. Lögunum er þannig ætlað að taka til allra þeirra starfsmanna sem ráðnir eru með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti eða settir eru eða skipaðir til starfa. Enn fremur geta lögin tekið til annarra félagsmanna í þeim félögum sem samningsumboð hafa stundi þeir fast samfellt starf, eins þó um sé að ræða hlutastarf sem ekki nær hálfu starfi. Lögin taka einnig til starfsmanna sveitarfélaga og stofnana þeirra sem ráðnir eru með hliðstæðum hætti.

Undanskildir gildissviðinu eru þeir hópar starfsmanna sem upp eru taldir í 1.–6. tölul. greinarinnar. Frávik þessi eru hin sömu og í núgildandi lögum að því viðbættu að í upptalningu starfa í 1. tölul. hefur verið bætt nokkrum starfsheitum, landlækni, rektor Kennaraháskóla Íslands, ríkislögmanni og yfirdýralækni. Einnig er 3. tölul. nokkuð breyttur.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir að áfram verði unnt að ráða hjá opinberum stofnunum starfsmenn er taki laun samkvæmt þeim almennu kjarasamningum sem gerðir eru á milli samtaka vinnuveitenda og launþega, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Um þessa starfsmenn gilda einnig reglur laga nr. 19/1979, um uppsagnarfrest og laun í veikindum, og eiga þeir aðild að lífeyrissjóði stéttarfélags síns.

Um 2. gr.

Þessi grein tekur til sjálfseignarstofnana sem samkvæmt lagaákvæðum sinna verkefnum er varða almannaheill og eiga lögbundinn rétt á að opinberir aðilar greiði kostnað af starfseminni.

Við stofnanir þessar starfa ýmist starfsfólk sem tekur laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna eða eftir samningum annarra stéttarfélaga. Gert er ráð fyrir að forráðamenn viðkomandi stofnana ákveði hvort starfsmenn lúti þessum lögum.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá fyrri lögum og að því viðbættu að tekið er fram um fyrirsvar sveitarstjórnar fyrir kjarasamninga við starfsmenn sína en það ákvæði var áður í reglugerð. Þá er einnig gert ráð fyrir því í grein þessari að þeir sem semja fyrir hönd vinnuveitenda geti tveir eða fleiri haft samvinnu um samningagerð sín á milli.

Um 4. gr.

Í þessari grein og tveim þeim næstu er kveðið á um hverjir geti farið með samningsumboð fyrir hönd starfsmanna.

Við gildistöku laganna fá samningsrétt öll félög sem hafa nú sérkjarasamninga við ríki eða sveitarfélög á grundvelli fyrri laga. Þannig er tryggt að ekki verður með lögum þessum tekinn samningsréttur af stéttarfélagi sem hefur hann nú, að óbreyttri félagsskipan.

Um 5. gr.

Í greininni eru sett almenn skilyrði sem ný stéttarfélög þurfa að uppfylla svo að þau öðlist rétt til að gera samninga á grundvelli laganna. Uppfylla þarf eitt þriggja skilyrða, þ.e. að vera fagfélag af tiltekinni lágmarksstærð, að vera félag starfsmanna við stofnun af tiltekinni lágmarksstærð eða að vera eina almenna stéttarfélag starfsmanna hjá ákveðnum vinnuveitanda.

Í 1. tölul. felst að almennt starfsmannafélag hjá ríki eða sveitarfélagi skuli taka til meiri hluta þeirra starfsmanna sem ekki eru félagsbundnir í stofnanafélögum eða starfsstéttarfélögum sem samningsrétt eiga.

Í 2. tölul. er sett skilyrði um stofnanafélög þess efnis að slíkt félag taki til að minnsta kosti tveggja þriðju hluta af starfsmönnum stofnunarinnar og að félagar í fullu starfi séu 100 eða fleiri. Í þessu efni var höfð hliðsjón af stofnanafélögum innan BSRB en flest hin smæstu þeirra eru af svipaðri stærð og framangreint lágmark. Með ákvæði þessu er opnuð leið fyrir slíkar félagsmyndanir við stærstu stofnanir ríkis og sveitarfélaga. Með stofnun er hér átt við sjálfstæðar rekstrareiningar sem heyra undir einn og sama forstöðumann.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir samningsumboði fagfélaga, þ.e. félaga sem taka til a.m.k. tveggja þriðju hluta heillar starfsstéttar sem er með lögformleg starfsréttindi eða uppfyllir skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda. Enn fremur er skilyrði að félagsmenn í fullu starfi séu eigi færri en 40. Skilyrði þessi eru ekki bundin við einn einstakan vinnuveitanda heldur alla þá vinnuveitendur sem undir lögin geta heyrt. Opnar lagaákvæði þetta því leið til þess að eitt og sama fagfélag geti tekið til starfsmanna hjá mörgum opinberum vinnuveitendum og annast gerð kjarasamninga við þá alla, hvern í sínu lagi eða sameiginlega eftir því sem verkast vill.

Grein þessi tekur til þeirra starfsstétta sem hafa starfsréttindi sem bundin eru í lögum eða reglugerðum svo og fagstétta sem þurfa hliðstæða sérhæfingu og sérþjálfun til þeirra starfa sem þær annast. Er hér annars vegar um að ræða starfsstéttir, svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga, fóstrur, sjúkraliða, verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga, sjúkraþjálfara o.s.frv., þar sem sérstök ákvæði í lögum eða reglugerð kveða á um starfsréttindi og rétt til notkunar á starfsheitum. Hins vegar er um að ræða fagfélög starfsmanna sem lokið hafa hliðstæðu námi og sérhæfingu og framangreindar stéttir. Er þar fyrst og fremst um að ræða háskólamenntaða starfsmenn.

Um 6. gr.

Í greininni er ákvæði þess efnis að stofnun nýs félags leiði eigi til þess að fleiri en eitt stéttarfélag hafi rétt til að gera samning við sama vinnuveitanda fyrir eina og sömu starfsstétt.

Þótt hluti þeirra félaga, sem nú hafa sérkjarasamninga, uppfylli ekki þau skilyrði sem sett eru í 5. gr. mun það ekki rýra rétt þeirra til samninga þar sem greinin kveður á um að þessi félög fái fullan samningsrétt án skilyrða.

Sama máli gildir um það skilyrði að eigi skuli nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt. Ákvæði þetta takmarkar ekki rétt núverandi félaga til að gera samninga að óbreyttri félagaskipan. Þannig munu núverandi kennarafélög og félög hjúkrunarfræðinga halda óbreyttum samningsrétti sínum. Þau munu einnig fá rétt til að semja við aðra vinnuveitendur en samningar þeirra ná til nú.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að þau félög sem rétt hafi til samningsgerðar geti haft samflot eða samvinnu um að gera kjarasamninga sameiginlega að öllu leyti eða að hluta til. Enn fremur er í greininni gert ráð fyrir að nokkur tímanlegur aðdragandi, þ.e. þrír mánuðir, verði að því að nýtt félag taki upp samningsgerð. Einnig að þrátt fyrir samning nýs félags gildi samningar fyrri félags eða félaga út gildistíma þeirra.

Um 7. gr.

Efni þessarar greinar er hið sama og er í 5. og 6. gr. laga um kjarasamninga BSRB, svo og 4. og 5. mgr. 3. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 8. gr.

Efni fyrri málsgreinar er hliðstætt núgildandi ákvæðum en þó er ekki gert ráð fyrir að skipan samninganefndar sé tilkynnt viðsemjanda með svo löngum fyrirvara sem áður var.

Síðari málsgreinin undirstrikar heimild stéttarfélags starfsmanna til þess að kjósa sameiginlega nefnd til að fara með samningsumboð sitt gagnvart einum eða fleiri vinnuveitendum.

Um 9. gr.

Efni þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ekki eru lengur gerð skil á milli aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings.

Um 10.–12. gr.

Efni þessara greina var áður í 8.–13. gr. laga um BSRB og hliðstæð ákvæði voru einnig í lögum um BHMR. Veruleg breyting er gerð á þessum ákvæðum til einföldunar. Lögbundinn uppsagnarfrestur er felldur niður en í stað þess er gert ráð fyrir að um hann verði samið hverju sinni. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að kröfugerð verði lögð fram með þriggja mánaða fyrirvara eins og nú er.

Um 13. gr.

Efni greinarinnar er óbreytt frá því sem er í 17. gr. laga um BSRB en orðalag ítarlegra í niðurlagi 2. mgr. Ákvæði þetta er einnig í lögum nr. 80/1938 og er ekki um efnisleg frávik frá því að ræða.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar var í 18. gr. laga nr. 29/1976. Sú breyting er gerð að heimild til þess að gera verkfall miðast í frumvarpinu við einstök félög í stað bandalagsins áður. Lög nr. 33/1915 munu því framvegis gilda um þá sem ekki hafa verkfallsheimild, sbr. 19. gr., og til þeirra sem þetta frumvarp tekur ekki til en hafa fallið undir lögin frá 1915.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að um boðun verkfalls fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla eins og nú er samkvæmt samningalögum BSRB. Að tvennu leyti er þó verulegur munur á frumvarpinu og fyrri tilhögun.

Samkvæmt núgildandi lögum snýst atkvæðagreiðsla um sáttatillögu sáttasemjara. Hér er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslan snúist um verkfallsboðunina sjálfa þar sem skylda til framlagningar sáttatillögu er ekki lengur í lögunum. Þá er gert ráð fyrir að verkfallsákvörðunin verði tekin í hverju stéttarfélagi fyrir sig.

Skilyrði til samþykktar á verkfallsboðun eru hin sömu og áður, þ.e. að helmingur félagsmanna greiði atkvæði og meiri hluti þeirra samþykki hana.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. gildandi laga um BSRB.

Um 17. gr.

Efni greinarinnar er hliðstætt 20. gr. núgildandi laga um kjarasamninga BSRB. Þær breytingar eru gerðar að 3. tölul. þeirra laga er felldur niður og sömuleiðis bann við samúðarverkföllum. Efni 3. tölul. greinarinnar er sótt í lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 18. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar kveður á um að verkfall taki til allra starfsmanna, þ.e. að allsherjarverkfall verði í viðkomandi stéttarfélagi. Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum en miðast þá við allt BSRB.

Síðari málsgrein þessarar greinar er efnislega sótt í lög um stéttarfélög og vinnudeilur og er við það miðað að í þessu efni gildi sömu meginreglur og gilda milli þeirra aðila sem semja samkvæmt þeim lögum.

Um 19. gr.

Grein þessi er ný og er að hluta til hliðstæð ákvæðum sem eru í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins annars vegar og reglugerð um kjarasamninga sveitarfélaga hins vegar. Að öðru leyti leysir hún ásamt 20. gr. af hólmi ákvæði í núgildandi lögum um kjarasamninga BSRB sem fjalla um kjaradeilunefnd og verkefni hennar.

Í 1.–6. tölul. eru taldir upp þeir starfsmenn sem óheimilt er að geri verkfall.

Í 1. tölul. er vísað til laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en í 29. gr. þeirra laga eru talin upp ýmis störf sem eru undanþegin verkfalli. Af hálfu fjármálaráðherra er gert ráð fyrir því að flutt verði sérstakt frumvarp um breytingu á þeim lögum þess efnis að inn í þá upptalningu starfa, sem nú er fyrir, bætist þeir starfsmenn stjórnarráðsins sem ekki er þegar þar að finna svo og starfsmenn ríkissaksóknara og ríkislögmannsembættisins. Fulltrúar heildarsamtakanna eru ekki meðmæltir breytingu þessari en telja hana þó ekki frágangssök.

Í 2. tölul. er getið lögreglumanna ríkisins en samkvæmt frumvarpi, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að þeim sé óheimilt að gera verkfall. Ákvæði þeirra laga taka til lögreglumanna og tollvarða. Það frumvarp er flutt að undangengnu samkomulagi við stéttarfélög þessara starfsmanna og vísast um rökstuðning í því efni til greinargerðar með því frumvarpi.

Í undirbúningi að þessari löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafa fulltrúar BSRB ítrekað andstöðu sína gegn þessari breytingu og lagt til að lögreglumenn og tollverðir yrðu undanskildir verkfalli með sama hætti og þær starfsstéttir sem sinna öðrum öryggisgæslustörfum eða heilbrigðisþjónustu, sbr. 3. tölul. þessarar greinar.

Í 3. tölul. er kveðið á um að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu skuli eigi heimilt að taka þátt í verkfalli. Efnislega er hér hliðstætt ákvæði og nú er í lögum um kjarasamninga BSRB en í stað þess, að í þeim lögum var sérstakri nefnd, kjaradeilunefnd, falið að úrskurða hverjir skyldu starfa á grundvelli þessa ákvæðis, er hér farin sú leið að birtur verður árlega listi um störf þessi sem byggður er á samkomulagi aðila.

Tilgangurinn með þessari breytingu er sá að losna við þær deilur sem snerust um störf þeirrar nefndar í síðasta verkfalli og ætla má að erfitt sé að útiloka að upp komi ef slík nefnd er að störfum þegar verkfall er skollið á.

Fylgiskjal með frumvarpinu er listi um þau störf sem aðilar eru sammála um að eigi að skipa slíka skrá. Skrám þessum er síðan ætlað að vera fyrirmynd að hliðstæðum listum sem ekki hefur unnist tími til að fullgera.

Með samkomulagi aðila um stefnumarkandi skrár og samráð er dregið úr hættu á ágreiningi um viðkvæm og vandasöm mál.

Gert er ráð fyrir árlegri endurskoðun á skrám þessum í samráði aðila. Samkomulag er um að þær verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Verði ágreiningur um einstakar breytingar er gert ráð fyrir að þær verði lagðar fyrir Félagsdóm er skeri úr honum til fullnustu. Ákvæði þessa töluliðar þarf að skoða í tengslum við efni 20. gr. sem fjallar um aðra þætti undanþágumála.

Efni 4.–6. tölul. er tekið úr núgildandi reglugerð um samninga sveitarfélaga og eiga þeir sér efnislega hliðstæðu í störfum hjá ríkinu sem falla undir 1. tölul. Gert er ráð fyrir að á lista yfir forstöðumenn atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga verði stofnanir sem eru hliðstæðar þeim ríkisstofnunum sem undir sams konar ákvæði falla en listi yfir þær hefur verið gerður og er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Um 20. gr.

Þrátt fyrir þær undantekningar frá verkfalli, sem byggjast á 3. tölul. 19. gr., má gera ráð fyrir að í verkfalli geti komið upp þær aðstæður sem kalli á víðtækari undanþágu. Í þeim tilgangi að bregðast við slíkum aðstæðum er í 20. gr. ákvæði um heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu í þeim tilgangi að afstýrt verði neyðarástandi. Ekki þótti rétt að freista þess að skilgreina það nánar í lögum þessum. Undir það falla m.a. viðgerðir og viðhald á fjarskiptakerfum og veitukerfum, búnaði lögreglu- og sjúkrastofnana, svo og birgðadreifing til þeirra aðila sem eiga að halda uppi störfum samkvæmt 3. tölul. 19. gr. Mat nefndar skv. 21. gr. er endanlegt.

Um 21. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að undanþágur skv. 20. gr. verði ákveðnar af tveggja manna nefnd sem aðilar að kjaradeilu setji og þurfa þeir að vera sammála um kvaðningu til vinnu. Er hér í reynd um að ræða hliðstæðu við veitingu undanþága í verkföllum almennra stéttarfélaga.

Um 22. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þau stéttarfélög sem hafa samnings- og verkfallsrétt semji einnig um laun þeirra félaga sinna sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3. tölul. 19. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir að stéttarfélag geti krafist og fengið úrskurð gerðardóms um þá starfsmenn sem undir aðra töluliði 19. gr. falla.

Um 23. gr.

Í grein þessari felst að einungis þeir sem starfa hjá þeim vinnuveitendum sem tiltekinn kjarasamningur tekur til geta tekið ákvarðanir um hann, svo sem samþykkt uppsögn og boðun verkfalls. Getur þar verið um að ræða eitt félag að hluta eða heild eða fleiri félög að hluta eða heild eftir því hvernig aðild að viðkomandi kjarasamningi var háttað.

Um 24. og 25. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um IV. kafla.

Í gildandi lögum nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 29/1976, um kjarasamninga BSRB, er valdsvið Félagsdóms skilgreint með ólíkum hætti um nokkur atriði. Í IV. kafla frumvarpsins er lagt til að hlutverk Félagsdóms verði samræmt að þessu leyti, auk þess sem breytt skipan samningsréttarmála leiðir til þess að æskilegt telst að hlutverk Félagsdóms sé að sumu leyti aukið frá því sem nú er.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 26. gr. felur í sér nýmæli. Í því felst meðal annars að stéttarfélag, sem telur sig fullnægja skilyrðum til að eiga samningsaðild skv. 5. gr., getur höfðað mál fyrir Félagsdómi til viðurkenningar á samningsrétti sínum.

Efnisatriði 2. tölul. 1. mgr. er í lögum nr. 29/1976 en orðalagi er breytt til að taka af hugsanleg tvímæli. Í ákvæðinu felst meðal annars að heimilt er að höfða mál þótt boðaðri vinnustöðvun hafi verið frestað eða að vinnustöðvun sé þegar afstaðin, enda sé mál höfðað án ástæðulausrar tafar.

Ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. er eins og í gildandi lögum, en í 5. tölul. felst nýmæli og um leið er aukið hlutverk Félagsdóms þar sem dómnum er þar falið að skera úr ágreiningi sem kann að rísa um breytingar á þeim skrám um undanþágur frá verkfalli sem gera skal skv. 19. gr. þessara laga og 29. gr. laga nr. 38/1954.

Ákvæði 6. tölul. felur í sér heimild fyrir samningsaðila, sambærilega þeirri sem felst í 3. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í 2. mgr. er fjallað um mál sem varða félagsaðild opinberra starfsmanna. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að Félagsdómur fjalli um mál sem varða félagsréttindi ríkisstarfsmanna.

Með 3. mgr. 26. gr. er lagt til að í lögin verði tekin sams konar heimild og felst í 6. tölul. 1. mgr. 26. gr. enda þótt ekki sé um deilur milli samningsaðila að ræða. Rétt þykir að hafa opna heimild til að koma slíkum deilumálum fyrir Félagsdóm séu aðilar um það sammála.

Um 27. gr.

Í 27. gr. frumvarpsins er fjallað um aðild máls fyrir Félagsdómi, tilnefningu á dómurum og hæfi dómara. Þar sem fjallað er um heildarsamtök stéttarfélaga er átt við Bandalag kennarafélaga, launamálaráð BHMR og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ekki er fyrir það girt að ný heildarsamtök stéttarfélaga geti síðar orðið til og öðlast rétt til tilnefningar á dómara í Félagsdóm samkvæmt greininni.

Samkvæmt greininni er lagt til það nýmæli að stéttarfélög skuli sjálf vera aðilar mála en ekki heildarsamtök stéttarfélaga fyrir þeirra hönd. Í niðurlagi greinarinnar er enn fremur nýmæli sem lýtur að hæfi hinna tilnefndu dómara.

Um 28.–30. gr.

Ákvæði greinanna eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú er gert ráð fyrir að kjósa megi trúnaðarmann sameiginlega fyrir fámenna vinnustaði.

Um 31.–33. gr.

Ákvæðin eru óbreytt frá gildandi lögum. Enn fremur er í gildi bókun með samningi fjármálaráðherra og BSRB frá 20. ágúst 1980 sem tryggir starfsmönnum sjálfseignarstofnana sem lögin taka til sama rétt.

Um 34. gr.

Samkomulag er um sameiginlegar kjararannsóknir og í greininni er ákvæði um nefnd er sinni því verkefni.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 36. gr.

Með samþykkt laga þessara falla úr gildi lög sem nú gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 236/1976, með síðari breytingum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta á að tryggja að ekki verði samningslaust frá því að eldri lög falla úr gildi þar til gerðir hafa verið samningar samkvæmt þessum lögum.

Fylgiskjal 1.

Listi yfir forstöðumenn stofnana skv. 5. og 6. tl. 29. gr. laga nr. 38/1954.

Stofnun	Staða
Forsætisráðuneyti	
Húsameistari ríkisins	Húsameistari ríkisins
	Skrifstofustjóri
Menntamálaráðuneyti	
Háskóli Íslands	Háskólaritari
	Kennslustjóri
Reiknistofnun H.Í.	Forstöðumaður
Tilraunastöð háskólans að Keldum	Forstöðumaður
Raunvísindastofnun háskólans	Framkvæmdastjóri
Stofnun Árna Magnússonar	Forstöðumaður
Íslensk málstöð	Forstöðumaður
Örnefnastofnun	Forstöðumaður
Orðabók háskólans	Forstöðumaður
Náttúrufræðistofnun	Forstöðumaður
Rannsóknaráð ríkisins	Framkvæmdastjóri
Menntaskólar, fjölbrautaskólar, framhaldsskólar	Rektorar, skólameistarar og skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Aðstoðarskólameistarar og yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)
Kennaraháskóli Íslands	Konrektor
Íþróttakennaraskóli Íslands	Skólastjóri
Námsgagnastofnun	Námsgagnastjóri
Iðnfræðsluráð	Framkvæmdastjóri
Tækniskóli Íslands	Rektor
Þjálfunarskólar og hæfingarskólar ríkisins	Skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)
Grunnskólar	Skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)
Barnaverndarráð	Framkvæmdastjóri
Unglingaheimili ríkisins	Forstöðumaður
Lánasjóður íslenskra námsmanna	Framkvæmdastjóri
Landsbókasafn Íslands	Landsbókavörður
Þjóðminjasafn Íslands	Þjóðminjavörður
Þjóðskjalasafn Íslands	Þjóðskjalavörður
Listasafn Ásgríms Jónssonar	Forstöðumaður
Listasafn Einars Jónssonar	Forstöðumaður
Listasafn Íslands	Forstöðumaður
Kvikmyndasafn Íslands	Forstöðumaður
Blindrabókasafn Íslands	Forstöðumaður
Náttúruverndarráð	Framkvæmdastjóri
Kvikmyndasjóður Íslands	Framkvæmdastjóri
Ríkisútvarp	Útvarpsstjóri
	Framkvæmdastjóri hljóðvarps
	Framkvæmdastjóri sjónvarps
	Fjármálastjóri
Þjóðleikhús	Þjóðleikhússtjóri
	Fjármálastjóri
Sinfóníuhljómsveit Íslands	Framkvæmdastjóri
Menningarsjóður	Framkvæmdastjóri

Utanríkisráðuneyti	
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	Aðalfulltrúi
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	Flugvallarstjóri
	Skrifstofustjóri
Fríhöfnin	Framkvæmdastjóri
Sölunefnd varnarliðseigna	Forstjóri
Landbúnaðarráðuneyti	
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
RALA-tilraunastöðvar	Tilraunastjórar/bústjórar
Skógrækt ríkisins	Skógræktarstjóri
Landgræðsla ríkisins	Landgræðslusstjóri
Sauðfjárveikivarnir	Framkvæmdastjóri
Veiðimálaskrifstofan	Veiðimálastjóri
Landbúnaðarskólar	Skólastjórar
	Yfirkennarar
Grænfóðurverksmiðjur	Verksmiðjustjóri
Laxeldisstöðin í Kollafirði	Stöðvarstjóri
Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	Framkvæmdastjóri
	Bústjóri
Áburðarverksmiðjan	Forstjórar
Sjávarútvegsráðuneyti	
Aflatryggingasjóður	Framkvæmdastjóri
Hafrannsóknastofnun	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Forstjóri
Ríkismat sjávarafurða	Fiskimatsstjóri
	Skrifstofustjóri
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	Forstöðumaður
Síldarverksmiðjur ríkisins	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
	Verksmiðjustjórar
Dómsmálaráðuneyti	
Lögreglustjórinn í Reykjavík	Aðalfulltrúi
Sýslumenn og bæjarfógetar	Aðalfulltrúar
Hegningarhúsið í Reykjavík	Forstöðumaður
Vinnuhælið Litla-Hrauni	Forstöðumaður
	Yfirfangavörður
Fangelsi Síðumúla	Forstöðumaður
Skilorðseftirlit ríkisins	Forstöðumaður
Bifreiðaeftirlit ríkisins	Forstöðumaður
	Aðalfulltrúi
Almannavarnir	Framkvæmdastjóri
Umferðarráð	Framkvæmdastjóri
Löggildingastofan	Forstöðumaður
Félagsmálaráðuneyti	
Skipulagsstjóri ríkisins	Skipulagsstjóri
	Yfirarkitekt
Málefni fatlaðra, sambýli, vistheimili, þjónustumiðstöðvar og meðferðarheimili	Forstöðumenn
Styrktarfélag vangefinna, sambýli og vistheimili	Forstöðumenn
Skálatún, Mosfellssveit	Forstöðumaður
Sólheimar, Grímsnesi	Forstöðumaður
	Aðstoðarforstöðumaður
Greiningarstöð ríkisins	Forstöðumaður
Brunamálastofnun	Brunamálastjóri

Jafnréttisráð	Framkvæmdastjóri
Vinnueftirlit ríkisins	Forstjóri
Húsnæðisstofnun ríkisins	Framkvæmdastjóri
	Aðstoðarframkvæmdastjóri

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Tryggingastofnun ríkisins	Forstjóri
	Skrifstofustjóri
Landlæknisembættið	Aðstoðarlandlæknir
Tryggingaeftirlitið	Forstöðumaður
Hollustuvernd ríkisins	Forstöðumaður
Sjónstöð Íslands	Forstöðumaður
Geislavarnir ríkisins	Forstöðumaður
Heilsugæslustöðvar	Héraðslæknar
Áfengisvarnaráð	Áfengisvarnaráðunautur
Skólar heilbrigðisstétta	Skólastjórar
	Yfirkennarar
Gæsluvistarhælið Gunnarsholti	Forstöðumaður
	Aðstoðarforstöðumaður
Kristnesspítali	Forstöðumaður
Tjaldanes	Forstöðumaður
Heyrnar- og talmeinastöð	Forstöðumaður
Þvottahús ríkisspítala	Forstöðumaður
	Aðstoðarforstöðumaður
Eldhús ríkisspítala	Forstöðumaður
Skrifstofa ríkisspítala	Framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs
	Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Fjármálaráðuneyti

Ríkisskattstjóri	Vararíkisskattstjóri
Skattstofur	Skattstjórar
	Skrifstofustjórar
Ríkisskattanefnd	Formaður
	Skrifstofustjóri
Tollstjórinn í Reykjavík	Skrifstofustjóri
Tollgæslan í Reykjavík	Skrifstofustjóri
Fasteignamat ríkisins	Forstjóri
	Yfirverkfræðingur
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	Forstöðumaður
	Yfirverkfræðingur
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Forstjóri
	Fjármálastjóri
Lyfjaverslun ríkisins	Lyfsölustjóri
Innkaupastofnun ríkisins	Forstjóri
	Skrifstofustjóri
Borgartún 6	Forstöðumaður

Samgönguráðuneyti

Vegagerð ríkisins	Aðstoðarvegamálastjóri
Vita- og hafnarmálaskrifstofa	Vita- og hafnarmálastjóri
	Forstöðumaður tæknideildar
Vitastofnun	Forstöðumaður
Siglingamálastofnun	Siglingamálastjóri
	Skrifstofustjóri
Sjóslysanefnd	Framkvæmdastjóri
Flugmálastjórn	Varaflugmálastjóri
Ferðamálaráð	Ferðamálastjóri
Veðurstofa Íslands	Veðurstofustjóri
Landmælingar Íslands	Forstjóri

Póst- og símamálastofnunin	Aðstoðarpóst- og símamálastjóri
	Framkvæmdastjórar
	Umdæmisstjórar
	Símstjórinn í Reykjavík
	Póstmeistarinn í Reykjavík
Skipaútgerð ríkisins	Forstjóri
	Framkvæmdastjóri
Sérleyfissjóður	Forstjóri
Ferðaskrifstofa ríkisins	Forstjóri
Iðnaðarráðuneyti	
Iðntæknistofnun Íslands	Forstjóri
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
Orkustofnun	Forstöðumaður stjórnunarsviðs
Rafmagnseftirlit ríkisins	Rafmagnseftirlitsstjóri
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	Forstjóri
	Skrifstofustjóri
Rafmagnsveitur ríkisins	Forstöðumaður fjármálasviðs
	Forstöðumaður tæknisviðs
Sementsverksmiðja ríkisins	Forstjórar
Viðskiptaráðuneyti	
Verðlagsstofnun	Varaverðlagsstjóri

Fylgiskjal 2.

Starfsheitaskrá skv. 3. tl. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stofnun	Störf
Menntamálaráðuneyti	
Öskjuhlíðarskóli — fjölskylduheimili	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Stofnun Árna Magnússonar	Næturverðir
Tilraunastöð í meinafræði Keldum	Störf við umhirðu dýra, 4 menn
	Framleiðsla og dreifing lyfja, 5 menn
	Frumurækt, 2 menn
Landsbókasafn	Húsvörður
Ríkisútvarp	Yfirverkfræðingur
	Umsjónarmaður Skúlagötu 4
	Húsverðir
	Næturverðir
	Útvarpsþulir
	Útsendingarstjóri
	Símaverðir
Landbúnaðarráðuneyti	
Bændaskólinn á Hólum	Loðdýrahirðir
Bændaskólinn á Hvanneyri	Fjósameistari
Laxeldisstöðin í Kollafirði	Eldismaður
Dómsmálaráðuneyti	
Almannavarnir	Fulltrúi og aðrir starfsmenn

Félagsmálaráðuneyti

Málefni fatlaðra, sambýli, vistheimili, þjónustumiðstöðvar og meðferðarheimili	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Styrktarfélag vangefinna, sambýli og vistheimili	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Skálatún, Mosfellssveit	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Sólheimar, Grímsnesi	Starfsmenn við sólarhringsvistun

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Heilsugæslustöðvar	Hjúkrunarforstjórar á H-2 stöðvum
	Yfirlæknar á H-2 stöðvum
	Læknar á H-1 stöðvum
Ríkisspítalar	Yfirlæknar sem eru framkvæmdastjórar sviða
	Hjúkrunarforstjórar
	Starfsmannastjóri
	Deildarstjóri launadeildar
	Starfsmenn tölvudeildar (3)
	Bráðadeildir
	Gjörgæsludeild
	Vökudeild og fæðingardeild
	Bráðamóttaka
	Skurðstofa, 4 skurðhjúkrunarfræðingar
	1 sjúkraliði og 2 svæfingahjúkrunarfræðingar
	Bráðamóttökudeild á geðdeild
	Bráðamóttaka á göngudeild geðdeildar
	Meðferðardeildir
	Tvær lyflækningadeildir
	Ein handlækningadeild
	Ein barnadeild
	Legudeildir geðgeildar
	Barnageðdeild
	Lungnadeild Vífilstöðum
	Tvær öldrunarlækningadeildir og Kristnes
	Kópavogshæli og Tjaldanes
	Krabbameinslækningadeild
	Vífilsstaðir, ein deild
	Stoðdeildir, starfi eins og á stórhátíðum
	Blóðbanki
	Rannsóknastofur
	Röntgendeild
	Endurhæfingardeild
	Símaverðir
	Yfirmatráðskonur í eldhúsi (3)
	Lyfjafræðingur í apóteki
	Vakt- og flutningadeild
	Tæknideild
	Fimm starfsmenn Landsp. og einn á Kristnesi
	Eðlisfræði- og tæknideild
	Tveir verkfræðingar
	Tveir rafeindatæknar
	Upplýsingar
	Þvottahús, vélstjóri og tveir þvottamenn
	Sótthreinsunardeild
	Tveir hjúkrunarfræðingar

Fjármálaráðuneyti	
ÁTVR-Borgartún 7	Umsjónarmenn
	Næturverðir
Lyfjaverslun ríkisins	Starfsmenn við afgreiðslu lyfja
Samgönguráðuneyti	
Vegagerð ríkisins	Starfsmannastjóri
	Deildarstjóri launadeildar
	Rekstrarstjórar
	Héraðsstjórar
	Vegaeftirlitsmenn 3
Vitastofnun	Vitaverðir
Flugmálastjórn	Framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits
	Deildarstjóri loftferðaeftirlits
	Flugumferðarstjórar
	Aðstoðarmenn í flugstjórn
	Flugvallaverðir
	Flugvallaeftirlitsmenn
	Slökkviliðsmenn
	Eftirlitsmaður vinnuvéla
	Radíóeftirlitsmenn
	Flugradíómenn
	Raftæknifulltrúar
	Yfirverkstjóri
	Eftirlitsmaður flugöryggistækja
	Verkstjóri eftirlitsmanna
	Deildarstjóri flugprófanadeildar
	Deildarstjóri radíódeildar
	Umdæmisstjórar
Veðurstofa Íslands	Yfirdeildarstjóri, veðurspárdeild
	Verkefnisstjóri, veðurspárdeild
	Eftirlitsmenn, veðurspárdeild
	Rannsóknamenn Keflavíkurflugvelli
	Deildarstjóri, tölvudeild
	Veðurathugunarmenn Hveravöllum
Póst- og símamálastofnunin	Fjármáladeild
	Aðalendurskoðandi
	Aðalgjaldkeri
	Birgðastjóri
	Yfirviðskiptafræðingur, hagdeild
	Tæknideild
	Yfirverkfræðingur, tæknirekstrardeild
	Yfirdeildarstjóri mælistofu
	Símvirkjameistarar mælistofu
	Deildarverkfræðingur, gervihnattarviðskipti
	Aðstoðarframkvæmdastjóri, radíódeild
	Deildarstjóri (tæknifr.), radíódreifistöðvar
	Yfirdeildarstjóri radíódreifistöðvar
	Deildarstjóri (tæknifr.), radíósendistöðvar
	Yfirdeildarstjóri radíósendistöðvar
	Yfirverkfræðingur II, sambandadeild
	Yfirverkfræðingur I, línur
	Yfirdeildarstjóri, línur
	Deildarverkfræðingur, radíóleiðir
	Deildarstjóri (tæknifr.), fjölsímadeild
	Yfirdeildarstjóri, fjölsímadeild
	Yfirverkfræðingur II, sjálfvirkar símstöðvar
	Yfirverkfræðingur I, sjálfvirkar símstöðvar
	Yfirdeildarstjóri, sjálfvirkar símstöðvar

Umsýsludeild
  Umsjónarmenn húsa
Starfsmannadeild
  Yfirviðskiptafræðingur
  Deildarstjóri launadeildar
Viðskiptadeild
  Yfirviðskiptafræðingur Póstgíróstofu
Símstöðin í Reykjavík
  Yfirdeildarstjóri ritsíma
  Yfirvarðstjóri ritsíma
  Yfirumsjónarmaður ritsíma
  Símritari (1)
  Ritsímaritari (1)
  Yfirvarðstjóri langlínu
  Varðstjórar langlínu
  Talsímaverðir langlínu, einn á hverri vakt
  Yfirumsjónarmaður talsambands við útlönd
  Talsímaverðir talsambands, einn á hverri vakt
  Yfirdeildarstjóri sjálfvirkra símstöðva
  Næturverðir sjálfvirkra símstöðva (3)
Yfirdeildarstjóri, bilanatilkynningar
  Deildarstjóri, eftirlit og viðgerðir
  Deildarstjóri (tæknifr.) línudeild
Póststofan í Reykjavík
  Deildarstjóri böggladeildar
Vestmannaeyjar
  Stöðvarstjóri
  Yfirumsjónarmaður
  Símritari
Umdæmi II
  Umdæmistæknifræðingur
Ísafjörður
  Stöðvarstjóri
  Yfirumsjónarmaður með símritun
  Símritari
Varðstjóri
  Talsímavörður
Umdæmi III
  Umdæmistæknifræðingur
Akureyri
  Stöðvarstjóri
  Varðstjórar
  Talsímaverðir, einn á vakt
Siglufjörður
  Stöðvarstjóri
  Yfirumsjónarmaður með símritun
  Yfirsímritarar
Umdæmi IV
  Umdæmistæknifræðingur
Höfn
  Stöðvarstjóri
  Yfirumsjónarmaður með símritun
  Loftskeytamaður
  Ritsímaritarar

Neskaupstaður
Stöðvarstjóri
Yfirumsjónarmaður með símritun
Loftskeytamaður
Ritsímaritarar
Radíóflugþjónusta Gufunesi
Stöðvarstjóri
Yfirdeildarstjóri
Yfirvarðstjórar
Símvirkjaverkstjóri
Tæknifulltrúi
Símvirki
Yfirumsjónarmenn
Eftirlitsmenn með radíóflugþjónustu
Yfirsímritarar
Símritarar
Loftskeytamenn
Bifreiðastjórar
Iðnaðarmaður
Strandstöðvadeildin Gufunesi
Yfirdeildarstjóri
Símvirkjaverkstjóri
Yfirumsjónarmenn
Yfirsímritarar
Símritarar
Loftskeytamenn
Næturverðir við talstöðvarþjónustu
Rjúpnahæð
Stöðvarstjóri
Vatnsendi
Stöðvarstjóri
Símvirkjameistarar (3)
Lóranstöðin Gufuskálum
Stöðvarstjóri
Tæknifulltrúi III
Yfirvélstjóri
Flokksstjóri
Umsjónarmaður
Símvirki
Verkstjóri iðnaðarmanna
Vélgæslumenn (6)
Loranmonitor Keflavíkurflugvelli
Stöðvarstjóri
Varðstjórar (4)
Símvirkjameistarar
Gæslumaður

Iðnaðarráðuneyti
Rafmagnsveitur ríkisins

Rafveitustjórar 3
Rafveitustjórar 2
Rafveitustjórar 1
Símavörður í Reykjavík og umdæmum
Vélgæslumenn virkjana
Veitugæsla Akureyri

Nd. 227. Frumvarp til laga [212. mál]

um virðisaukaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

I. KAFLI

Skattskyldusvið.

2. gr.

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka. Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þessir hlutir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þessir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr.

Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila, upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Rekstur skóla og menntastofnana.
4. Rekstur safna og bókasafna.
5. Íþróttamót, íþróttasýningar og önnur íþróttastarfsemi.
6. Fólksflutningar.
7. Póstþjónusta. Burðargjald fyrir almennan bögglapóst er þó skattskylt.
8. Útleiga íbúðarhúsnæðis, þó ekki leiga hótel- eða gistiherbergja og samkomuhúsa.
9. Vátryggingastarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana svo og verðbréfamiðlun.
11. Happdrætti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka.
13. Ferðaskrifstofuþjónusta.
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Undanþágur skv. 3. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum vegna hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett reglur um undanþágu frá skattskyldu vegna góðgerðarstarfsemi þar sem hagnaður rennur að öllu leyti til líknarmála.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti, tilkynningarskylda.

3. gr.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Aðilum sem í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu.
2. Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þessir aðilar selji aðeins til félagsmanna eða selji eingöngu skattskyldar vörur og þjónustu félagsmanna sinna.
3. Opinberum orku- og veitufyrirtækjum að því leyti sem þessir aðilar selja skattskyldar vörur og þjónustu.
4. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.
5. Uppboðshöldurum.
6. Umboðsmönnum og öðrum aðilum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum að atvinnufyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar greiði virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar varan er framleidd eða þjónustan innt af hendi eingöngu til eigin nota þessara aðila.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum enda falli listaverkið undir tollskrárnúmer 99.01.01, 99.01.02 eða 99.01.03.
3. Aðilar sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 100.000 kr. á ári.

5. gr.

Hver sá sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Sama gildir um breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram en þær skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

6. gr.

Fjármálaráðherra getur sett reglur um að fyrirtæki, sem selur aðra þjónustu en þá sem skattskyld er skv. 2. gr., geti farið fram á skráningu (frjáls skráning).

Fyrirtæki, sem skráð eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

Skráning skv. 1. mgr. getur aldrei verið til skemmri tíma en tveggja ára.

Aðilum, sem stunda byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað í þeim tilgangi að selja fasteignir skráðum aðilum samkvæmt lögum þessum, er heimilt að sækja um sérstaka skráningu í þessu skyni til skattstjóra. Heimili skattstjóri slíka skráningu er

viðkomandi aðila heimilt að færa til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða sölu hans á fasteign til hins skráða kaupanda, sbr. 1. mgr. 16. gr. Ráðherra setur nánari reglur um skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast skráningu samkvæmt þessari málsgrein.

III. KAFLI

Skattverð.

7. gr.

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts.

Til skattverðs telst m.a.:

1. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu.
2. Umbúðakostnaður, sendingarkostnaður, vátryggingar og slíkur kostnaður sem er innifalinn í verði eða seljandi krefur kaupanda sérstaklega um.
3. Tengingar- og stofngjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi krefur kaupanda um sem skilyrði fyrir afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu.
4. Umboðs- og sölulaun og uppboðsþóknun.
5. Afslættir sem háðir eru skilyrðum sem ekki eru uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu). Hins vegar skal óskilyrtur afsláttur, sem veittur er við afhendingu á hinni seldu vöru, vinnu eða þjónustu, dreginn frá söluverði við ákvörðun á skattverði.
6. Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu. Hins vegar teljast vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, ekki með í skattverði enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxta- og verðbótagreiðsla sé hverju sinni.
7. Þjónustugjald sem ekki er innifalið í vöruverði.

8. gr.

Þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu til eigin nota skal skattverð miðast við almennt gangverð án virðisaukaskatts. Sama gildir um vörur og þjónustu sem fyrirtækið notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Þegar um er að ræða skipti á vörum eða þjónustu eða afhendingu vöru án endurgjalds skal við ákvörðun skattverðs miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbættri þeirri álagningu sem almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um skattskyldar vörur og þjónustu sem hvort tveggja er notað af hálfu fyrirtækis til byggingar fasteignar til notkunar fyrir eiganda þess. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem notað er af hálfu fyrirtækisins til byggingar fasteignar á eigin kostnað þess, þegar nota á fasteignina í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða til byggingar fasteignar sem síðar á að selja eða leigja eða nota í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

9. gr.

Þegar um er að ræða viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila.

10. gr.

Við sölu notaðrar fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni, er seljanda heimilt að miða skattverð við 80,65% af mismun innkaupsverðs og söluverðs bifreiðarinnar að meðtöldum virðisaukaskatti. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur. Þetta á við þegar skattur samkvæmt lögum þessum kemur ekki fram á reikningi við söluna til endurseljandans.

Sé skattverð notaðra bifreiða ákvarðað með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. má ekki tilgreina fjárhæð virðisaukaskatts á reikningi vegna sölunnar eða á annan hátt þannig að hægt sé að reikna út fjárhæð virðisaukaskattsins.

IV. KAFLI

Skattskyld velta.

11. gr.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vöru sem seld er í umsýslu- eða umboðssölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum. Sama gildir um vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 3. mgr. 5. gr.

12. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis.
2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innanlands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
3. Vinna við vöru þegar vinnan er unnin á kostnað erlends aðila og fyrirtæki flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í loftförum og skipum í millilandaferðum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa, þó ekki skemmtibáta og einkaloftfara.
7. Viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki sem framkvæmir viðgerðina notar og lætur af hendi við þá vinnu í því sambandi. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
8. Sala dagblaða og enn fremur sala almennra frétta- og landsmálablaða sem koma út með reglubundnum hætti, a.m.k. einu sinni í mánuði.
9. Útlend tímarit í áskrift þegar áskriftin er á milli áskrifanda og erlends útgefanda.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 1. mgr. Einnig getur hann ákveðið að önnur þjónusta, sem innt er af hendi fyrir aðila erlendis, sé undanþegin með sama hætti.

Til skattskyldrar veltu telst ekki sala á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr.

Eignayfirfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna má ekki telja til skattskyldrar veltu þegar eignayfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum þessum. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna skattyfirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærsla fór fram.

V. KAFLI

Uppgjör skattskyldrar veltu.

13. gr.

Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., telst heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu.

Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á þeim degi sem tilgreindur er á reikningi enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað teljast 80,65% af hinni mótteknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili sem greiðsla fer fram. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar er þó heimilt að miða virðisaukaskattinn við það tímabil sem afhending fer fram ef umsaminn afhendingartími er innan þriggja mánaða frá fyrstu innborgun eða ef umsamdar innborganir nema samtals lægri fjárhæð en 100 000 kr.

Vörur, sem afhentar eru til umsýslu- eða umboðssölu, má annað hvort telja til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar afhending fer fram eða til veltu þess tímabils þegar uppgjör við umsýslu- eða umboðsmann fer fram. Sé síðarnefnda aðferðin valin má ekki gefa út reikning skv. 20. gr. fyrr en uppgjörið fer fram.

Við uppgjör á skattskyldri veltu er seljanda heimilt að draga frá sem hér segir:

1. 80,65% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara.
2. 80,65% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til skattskyldrar veltu. Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu 80,65% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd.
3. Afslátt sem veittur er eftir að afhending hefur átt sér stað ef hann er veittur aðila sem getur dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt í uppgjöri sínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr., og skilyrði til veitingar afsláttar voru ekki til staðar við afhendingu. Afsláttur af þessu tagi til annarra er ekki frádráttarbær. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er háður því að gefinn sé út innleggsreikningur (kreditreikningur) fyrir afslættinum og fjárhæð skattsins komi þar einnig fram, sbr. 1. og 3. mgr. 20. gr.

Skattskyld vara og þjónusta, sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki, telst til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar úttektin á sér stað. Sama gildir um skattskylda vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

VI. KAFLI

Skatthlutfall.

14. gr.

Virðisaukaskattur skal vera 24% og rennur í ríkissjóð.

VII. KAFLI

Uppgjör á virðisaukaskatti.

15. gr.

Skattskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu vegna hvers uppgjörstímabils, sbr. 24. gr., greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts. Sé innskattur á uppgjörstímabili hærri en útskattur á sama tímabili skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn, sbr. 26. gr.

Útskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda sölu eða afhendingu skattaðila á tímabilinu, sbr. V. kafla.

Innskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, sbr. þó 16. gr.

Innskattur á uppgjörstímabili er sá virðisaukaskattur sem fram kemur á reikningum þeirra sem selt hafa hinum skattskylda aðila á tímabilinu, svo og virðisaukaskattur af innflutningi hins skattskylda aðila á tímabilinu, sbr. XI. kafla.

16. gr.

Til innskatts á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum hans og skattskyldri þjónustu.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett reglur um að til innskatts megi telja ákveðinn hluta af virðisaukaskatti innkaupa sem ekki varðar eingöngu sölu skattaðila á vörum hans og skattskyldri þjónustu. Ráðherra getur einnig sett reglur um leiðréttingu frádráttar vegna innskatts þegar breyting verður á notkun varanlegra rekstrarfjármuna, þar á meðal fasteigna, sem hefur í för með sér breytingu á frádráttarréttinum. Leiðréttingin getur tekið til allt að fimm ára frá því að fjármunanna var aflað. Varðandi fasteignir getur leiðréttingin þó tekið til allt að tíu ára. Í reglum um nefndar leiðréttingar getur ráðherra tekið tillit til þeirra verðbreytinga sem orðið hafa frá því að fjármunanna var aflað.

Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðiskaup hans.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila o.þ.h. fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. Dvöl á hótelum eða gistihúsum.
7. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir færri en níu menn.

Ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sama á við um innskatt vegna skattskyldra eigin nota þeirra aðila er um ræðir í 2. mgr. 3. gr.

Þegar vörur, sem notaðar eru af eiganda fyrirtækis, teljast til skattskyldrar veltu fyrirtækisins skv. 1. mgr. 11. gr. má telja virðisaukaskatt af innkaupunum til innskatts. Það sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði er rakin eru í 3. mgr. þessarar greinar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 3. mgr. þessarar greinar er skattskyldum aðilum, sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða, heimilt að telja skatt af aðföngum vegna þeirra viðskipta sem innskatt.

VIII. KAFLI

Tilhögun bókhalds.

17. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968, um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

Allar bækur, uppgjör og gögn er varða virðisaukaskattsskil, þar með talið sjóðsvélastrimlar, staðgreiðslusölulistar og staðgreiðslusöluyfirlit, skal geyma að minnsta kosti í sex ár eftir lok þess reikningsárs er þau varða.

18. gr.

Skattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Reki aðili, sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, margþætta starfsemi þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu skulu hin skattskyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisaukaskattsskýrslu.

Virðisaukaskattsskyldum og virðisaukaskattsundanþegnum innkaupum skal halda aðgreindum í bókhaldi.

Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu skattskyldrar vöru og þjónustu.

Skattskyldir aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir og ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

19. gr.

Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld í þeim mæli sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti. Vanræki aðili að taka virðisaukaskatt af vöru eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

20. gr.

Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó 21. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og nafnnúmer kaupanda og seljanda, skráningarnúmer seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reikningseyðublöð skulu vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé 19,35% af heildarverði. Sé um að ræða sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

Fari greiðsla fram að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum mótteknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum sem eru skattskyld frá öðrum viðskiptum þannig að þau séu færð á sérstaka reikninga.

Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu og vörslu bókhaldsgagna þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á skattskyldum vörum og þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á skattskyldum vörum og þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

Til sönnunar innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömuleiðis skal aðili, sem flytur inn vörur erlendis frá, geta lagt fram greiðsluskjöl frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur, að fjárhæð 2500 kr. eða minna, frá smásöluverslun eða aðila, sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda, telst fullnægjandi í þessu sambandi enda þótt ekki komi fram nafn og nafnnúmer kaupanda.

21. gr.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning skv. 1. mgr. 20. gr. nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga. Sé reikningur gefinn út í slíkum viðskiptum má víkja frá kröfum sem gerðar eru til auðkenna á reikningi sem lýst er í 20. gr., eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Þeir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir sem geta komið í stað reikninga skv. 20. gr. og gilda sömu reglur um þær og rakið er í 20. gr. eftir því sem við á. Á þetta m.a. við um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra aðila á framleiðsluvörum bænda, sjávarafla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

22. gr.

Aðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu, mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

Nú tekur aðili, sem undanþeginn er skattskyldu, við innleggsnótu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnótu (afreiknings) á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Aðilar, sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum, þrátt fyrir 1. mgr., að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð, skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða tilgreina virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

Í upplýsingum um verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal greinilega koma fram ef uppgefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald fyrir alla virðisaukaskattsskylda aðila og birgðatalningu, notkun sjóðsvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

Í sömu reglugerð má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skuli fylgja.

IX. KAFLI

Uppgjörstímabil, gjalddagar, álag, kærur o.fl.

24. gr.

Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Skráningarskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða virðisaukaskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og skýrsluform.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en á 5. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skráningarskyldur aðili innan sömu tímamarka senda skattstjóra skýrslu í því formi er um getur í 1. mgr.

Fyrirtæki geta fengið heimild hjá skattstjóra til þess að nota almanaksmánuðinn sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. Nú nemur útskattur í slíku fyrirtæki að jafnaði minna en helmingi innskatts og getur skattstjóri þá heimilað því að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð en þó ekki skemmra en eina viku. Breyting uppgjörstímabils getur einungis átt sér stað miðað við upphaf tveggja mánaða tímabils skv. 1. mgr. og beiðni um slíka breytingu verður að hafa borist skattstjóra a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fái aðili heimild til breytts uppgjörstímabils getur hann ekki á næstu tveimur árum gert upp miðað við tveggja mánaða tímabil.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal eftir nánari ákvörðun skattstjóra láta í té sérstaka virðisaukaskattsskýrslu fyrir hverja þeirra.

Skattstjóra er heimilt að fallast á umsókn aðila sem hefur með höndum margþættan atvinnurekstur um að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja sjálfstæða rekstrareiningu.

25. gr.

Skattstjóri skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

26. gr.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal innheimtumaður ríkissjóðs endurgreiða skattaðila mismuninn.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá lokum skilafrests. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Endurgreiðsla skv. 1. mgr. má því aðeins fara fram að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri tímabila. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt ásamt álagi skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um.

27. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á, sbr. 19. gr. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. hefur verið of há.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Við útreikning á álagi á áætlaðan virðisaukaskatt telst gjalddagi sá sami og gjalddagi virðisaukaskatts þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan, ógreiddan eða ofendurgreiddan virðisaukaskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests, sbr. 29. gr., skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. Kæri aðili áætlaðan virðisaukaskatt skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt kæruúrskurði auk álags skv. 2. mgr.

Komi í ljós að aðila, sem greiða átti virðisaukaskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða skal hann greiða þann skatt sem honum bar, auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og fær aðili þá kærufrest að nýju nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum, sem virðisaukaskattsskýrslan byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á virðisaukaskattsskýrslu. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

Hafi skattstjóri grun um að verulegur undandráttur á virðisaukaskatti hafi átt sér stað skal hann senda skattrannsóknarstjóra skýrslu um málið. Þegar skattrannsóknarstjóra hefur borist slík skýrsla skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila að greiða virðisaukaskatt sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar álagning fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á skattskilum aðila reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 9. mgr. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu samkvæmt ákvæðum 29. gr.

28. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 24. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

Virðisaukaskattur, álag, dráttarvextir og kröfur um endurheimtu of hárra endurgreiðslna njóta lögtaksréttar. Kröfur þessar skulu vera utan skuldaraðar og er óheimilt að

slíta félagi fyrr en kröfur þessar hafa verið greiddar að fullu fyrir allan starfstíma þess. Hafi félagi verið slitið án þess að kröfur þessar hafi verið greiddar bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 4. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 27. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. á tilskildum tíma með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Nú á aðili rétt á endurgreiðslu skv. 26. gr. og hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt sömu grein og skal þá ríkissjóður greiða aðila dráttarvexti, sbr. 1. mgr., af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal.

29. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan 15 daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 15 daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattstjóra sem kveður upp fullnaðarúrskurð, sbr. þó 42. gr.

Kærufrestur til ríkisskattstjóra skal vera 15 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattstjóra 15 dagar.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta ákvörðunum til ríkisskattstjóra án tillits til kærufrests.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla en það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattstjóri eða virðisaukaskattsnefnd, sbr. 42. gr., úrskurðaði í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

X. KAFLI

Sérstök ákvæði um landbúnað.

30. gr.

Skráningarskyldir aðilar, sem stunda landbúnað, skulu skráðir á sérstaka skrá, landbúnaðarskrá.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skal virðisaukaskattur (útskattur) hjá aðilum, sem stunda landbúnað, vera 11% af andvirði landbúnaðarafurða sem seldar eru eða lagðar inn hjá vinnslustöðvum eða samtökum sem hafa með höndum vinnslu, dreifingu eða sölu þeirra.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. skulu þeir sem stunda landbúnað skila virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári. Skýrslunni skal skila til skattstjóra með skattframtali sem skila ber samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Aðilar skv. 1. mgr., sem árlega selja 50% eða meira af verðmæti afurða til annarra en vinnslustöðva eða samtaka sem hafa með höndum dreifingu þeirra, skulu skila virðisaukaskatti ásamt skýrslum á reglulegum skiladögum skv. 24. gr. Sama gildir um aðila skv. 1. mgr. sem hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum af annars konar rekstri en landbúnaði.

33. gr.

Heimilt er skattstjóra að fallast á skemmri uppgjörstímabil hjá aðilum skv. 1. mgr. 32. gr. og er honum skylt að fallast á það ef í ljós kemur að aðilar eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum.

34. gr.

Aðilum, sem skila eiga virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári skv. 32. gr., ber að skila virðisaukaskatti til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en 15 dögum eftir að lokið er álagningu tekjuskatts skv. 98. gr. laga nr. 75/1981. Á sama tíma skal ríkissjóður inna af hendi endurgreiðslur skv. 1. mgr. 26. gr. sem þessir aðilar eiga rétt á.

XI. KAFLI

Sérstök ákvæði um innflutning vöru og þjónustu.

35. gr.

Við innflutning á vöru og þjónustu skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru og þjónustu að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976, um tollskrá o.fl.

Fjármálaráðherra getur sett reglur um gjaldfrest virðisaukaskatts við innflutning þegar fluttar eru inn meiri háttar fjárfestingarvörur, svo sem vélar, tæki og byggingarefni sem ekki er ætlað til endursölu. Sama gildir um innflutning hráefna enda séu hráefnin verulegur hluti heildarframleiðslukostnaðar hjá viðkomandi aðila og magn þeirra ætlað til a.m.k. fjögurra mánaða framleiðslu. Gjalddagi skal eigi vera síðar en á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils sem tollafgreiðsla fer fram á.

36. gr.

Vara og þjónusta, sem tollfrjáls er eða undanþegin tolli skv. 2. gr. eða 1.–5., 7.–10., 42. og 49. tölul. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., skal undanþegin virðisaukskatti að uppfylltum skilyrðum sem þar um ræðir.

Við innflutning loftfara og skipa sem undanþegin eru skattskyldri veltu, sbr. 6. tölul. 12. gr., skal ekki greiða virðisaukaskatt.

37. gr.

Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o.fl., laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

XII. KAFLI

Um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsiákvæði.

38. gr.

Öllum aðilum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau

beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Skattyfirvöld hafa þannig m.a. rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með að krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félaga sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum virðisaukaskattsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna skv. 39. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 3. mgr. gagnvart aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

39. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum um virðisaukaskatt hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt er að ákvörðunum um virðisaukaskatt lýtur, m.a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skattskil samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 8. mgr. 27. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um getur í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á skatti samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

40. gr.

Skýri skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann auk ógreidds skatts greiða sekt er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða ofendurgreidd var. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, skal hann sæta sektum enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 38. gr., skal greiða sekt. Sama gildir um þann sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt eða sviptingu starfsréttinda enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

41. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 40. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður ríkisskattanefndar um sektir er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannnsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatts eftir lögunum, þar á meðal lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 2. og 3. mgr. 28. gr. við innheimtu hans.

Sök skv. 40. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða Rannsóknarlögreglu ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Fjármálaráðherra skipar fjóra menn í virðisaukaskattsnefnd. Tryggt skal að í nefndinni sé fyrir hendi alhliða þekking á sviði atvinnulífs og stjórnsýslu. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Við meðferð mála, sem að mati nefndarinnar krefjast sérstakrar fag-, tækni- eða viðskiptaþekkingar, er nefndinni heimilt að kveðja til aðstoðar sérfróða ráðgjafa.

Nefndin skal hafa endanlegt stjórnsýslulegt úrskurðarvald um eftirtalin atriði:

1. Skattskyldusvið, sbr. I. kafla.
2. Skattverð, sbr. III. kafla.
3. Umfang undanþága skv. 6. og 8. tölul. 1. mgr. 12. gr.
4. Innskatt skv. 3. mgr. 15. gr. og 3. mgr. 16. gr.
5. Kærur vegna áætlana skv. 7. mgr. 27. gr.

Skattskyldur aðili getur óskað eftir því við nefndina að hún úrskurði fyrir fram um úrlausnarefni skv. 1.–4. tölul. 3. mgr. Sá sem óskar eftir slíkum fyrirframúrskurði skal senda inn skriflega beiðni studda nauðsynlegum gögnum. Skattyfirvöld eru bundin af slíkum úrskurði nefndarinnar. Slíkum fyrirframúrskurði er ekki heimilt að skjóta til dómstóla.

Úrskurðir skattstjóra um efni 1.–4. tölul. eru kæranlegir samkvæmt ákvæðum 29. gr.

Kærur skv. 5. tölul. 3. mgr. og kærur vegna 5. mgr. til nefndarinnar eru því aðeins heimilar að þær hafi áður sætt kærumeðferð ríkisskattstjóra skv. 29. gr. Kærufrestur til nefndarinnar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar ríkisskattstjóra.

Nefndin skal leita umsagnar ríkisskattstjóra áður en hún kveður upp úrskurð sinn.

Fjármálaráðherra skal setja reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni og reglur um birtingu á úrskurðum hennar.

43. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð samkvæmt henni helst þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.

44. gr.

Fjárhæðir, sem um ræðir í 3. tölul. 4. gr., 3. mgr. 13. gr. og 7. mgr. 20. gr., skulu árlega taka sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 18/1983. Ríkisskattstjóri skal reikna út fjárhæðir samkvæmt þessari grein og birta eigi síðar en 1. janúar þess árs sem hinar breyttu fjárhæðir eiga við um.

45. gr.

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram virðisaukaskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða endurgreiddan virðisaukaskatt hvers skattskylds aðila. Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

46. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri, ríkisskattanefnd, virðisaukaskattsnefnd og innheimtumenn ríkissjóðs ræki skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar virðisaukaskattsskýrslur og gögn er þær varða og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

47. gr.

Sala á skattskyldri vöru og þjónustu til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, svo og sala á vörum sem ætlaðar eru til endursölu í tollfrjálsum verslunum, sbr. III. kafla laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o.fl., telst sala úr landi í skilningi laga þessara.

48. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð ákveðið að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vöru og þjónustu hér á landi.

Á sama hátt er fjármálaráðherra heimilt að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði síðastnefndra laga skulu þó gilda um söluskatt vegna sölu til og með 31. desember 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu aðila samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku laganna eða greiðsla hefur farið fram að hluta eða fullu.

Hafi slíkur samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Sé í slíku tilfelli um að ræða vöru eða þjónustu sem skattskyld var samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Aðilum sem, hafa með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni, er heimilt við uppgjör virðisaukaskatts að draga frá greiddan söluskatt af byggingarefni í byggingar og verk sem óseld eru 31. desember 1987 og ætluð eru til sölu. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þennan frádrátt, þar á meðal um það á hvaða uppgjörstímabilum hann leyfist og hvaða gögn þurfa að liggja til grundvallar.

II

Skráningarskyldir aðilar skv. 5. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 31. október 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

1. Inngangur

Virðisaukaskattur hefur verið til umræðu hér á landi í meira en áratug. Margvíslegar athuganir hafa farið fram á þessu skattformi og tvær skýrslur hafa verið samdar um málið að tilhlutan fjármálaráðuneytisins, sú fyrri á árinu 1971 og hin síðari á árinu 1975. Þær athuganir sem fram hafa farið hér á landi komu í kjölfar upptöku virðisaukaskatts í flestum löndum Vestur-Evrópu.

Haustið 1983 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um virðisaukaskatt sem samið hafði verið af starfshópi á vegum fjármálaráðuneytisins. Frumvarpið var fyrst og fremst lagt fram til kynningar á eðli virðisaukaskatts auk þess sem því var ætlað að vekja upp umræðu um breytt fyrirkomulag neysluskattlagningar hérlendis. Frumvarp þetta var nær óbreytt lagt fram á ný haustið 1984 og mælt fyrir því þá.

Frumvarpið fékk allnokkra umfjöllun í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis sem einnig aflaði umsagnar frá nokkrum hagsmunasamtökum. Í samhljóða áliti nefndarinnar sagði að yfirleitt væru umsagnir þessar neikvæðar. Þá benti nefndin á að ekki lægi fyrir í hverju víðtækar hliðarráðstafanir yrðu fólgnar er nauðsynlegar væru í kjölfar þess að hár virðisaukaskattur yrði lagður á ýmsar lífsnauðsynjar sem undanþegnar hafa verið söluskatti. Jafnframt var í áliti nefndarinnar vikið að því að fleiri en eitt skatthlutfall tíðkaðist víða þar sem virðisaukaskattur væri við lýði. Með hliðsjón af þessum atriðum þótti nefndinni ljóst að málið þarfnaðist fyllri undirbúnings og frekari athugunar og lagði hún af þessum sökum til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar sem úr varð.

Að tilhlutan fjármálaráðherra hefur frumvarpið verið endurskoðað auk þess sem allrækilega hefur verið hugað að þeim hliðarráðstöfunum sem óhjákvæmilegt er að grípa til verði það að lögum. Um efni þeirra og eðli vísast til 3. kafla hér á eftir.

Við frumvarpsgerð þessa hefur verið tekið mið af lagareglum og reynslu nágrannaþjóða okkar, einkum Dana, auk þess sem stuðst hefur verið við fyrri athuganir hér á landi. Efnislega er þetta frumvarp lítið breytt frá fyrri frumvörpum sem lögð hafa verið fram. Hins vegar hefur efnisskipan og orðalagi verið breytt allmikið. Einkum á þetta við fyrstu kafla þess, þar sem fjallað er um skattskyldusviðið, skattverð, skattskylda veltu og uppgjör skattsins. Er í þessum köflum í enn ríkari mæli en áður tekið mið af uppsetningu og efnisskipan dönsku laganna um virðisaukaskatt, enda er gert ráð fyrir mjög svipuðum reglum í þessu efni. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að nú þegar eru hafnar viðræður milli annarra Norðurlandaþjóða um samræmingu á löggjöf þeirra um virðisaukaskatt. Líklegt er að kerfisleg uppbygging dönsku laganna verði einkum höfð til hliðsjónar við þá samræmingu ef af verður.

Ekki þarf að fjölyrða um það hagræði sem því fylgir að miða framsetningu og texta, að svo miklu leyti sem um er að ræða sömu efnisákvæði, við löggjöf sem reynsla er komin á. Auk þeirrar samræmingar sem getið er að framan er ljóst að með þessum hætti má spara bæði verulegan kostnað og fyrirhöfn við ýmsan undirbúning og framkvæmd þessarar skattheimtu. Má í þessu sambandi nefna gerð handbóka og annarra upplýsingarita, sem nauðsynlegar eru við þjálfun og fræðslu starfsmanna skattkerfisins, svo og gjaldenda. Úrlausn ýmissa vandamála og vafaatriða sem upp kunna að koma í framkvæmd ætti jafnframt að verða mun auðveldari og fljótlegri þar sem hægt er að styðjast við reynslu annarra í þessum efnum.

2. Hvers vegna virðisaukaskatt í stað söluskatts?

Tekjuöflun ríkisins, sem öll þjónusta þess og önnur útgjöld grundvallast á, byggir í dag að mestu leyti á óbeinum sköttum. Af þeim vegur söluskatturinn langþyngst. Hann er því mikilvægasti tekjustofn ríkisins. Áætlað er að innheimta söluskatts 1986 muni nema um 15,5 milljörðum króna. Þessi eini skattur aflar því um 40% af öllum tekjum ríkisins.

Það er ekki algengt meðal þjóða heims að einn einstakur skattur vegi svo þungt, en þeim mun mikilvægara er að skattkerfi, sem slík tekjuöflun er byggð á, sé rökrétt og öruggt og valdi ekki mismunun.

Það er álit flestra þeirra sem nálægt framkvæmd núverandi söluskattskerfis koma að á því séu svo veigamiklir annmarkar að við það verði ekki unað öllu lengur. Um þetta eru framkvæmda- og eftirlitsaðilar innan skattkerfisins sammála sem og flestir þeir sem innheimtan hvílir á í atvinnulífinu. Hnökrar þeir sem á þessari skattheimtu eru verða einnig oft á vegi hins almenna borgara, sem að öðru leyti verður lítt var við óbeina skattheimtu.

Virðisaukaskatti er ætlað að koma í stað núverandi söluskatts. Hann hefur verið tekinn upp í flestum viðskiptalöndum Íslendinga í Vestur-Evrópu, síðast á Spáni og í Portúgal 1986 og fyrirhugað er að taka hann upp í Grikklandi um næstu áramót.

Virðisaukaskattur hefur yfirgnæfandi kosti fram yfir söluskatt eins og hér verður rakið.

2.1 Hverjir eru gallar söluskattsins?

Söluskattur í núverandi mynd hefur verið innheimtur frá árinu 1960. Frá þeim tíma hafa aðstæður allar breyst verulega og viðskiptahættir tekið stakkaskiptum. Fjölgun undanþága og aukin sérhæfing í atvinnulífinu samhliða hækkun skatthlutfalls hefur leitt til þess að söluskattur getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu í tekjuöflun ríkisins.

Skattyfirvöld eiga í sívaxandi erfiðleikum með að koma fram eðlilegri og réttlátri innheimtu skattsins og gjaldendur eru í sífellt meiri óvissu um skattskyldu og þau mörgu markatilvik sem upp hafa komið á síðustu árum. Óþolandi réttaróvissa ríkir á fjölmörgum sviðum varðandi innheimtu söluskatts. Skulu hér nefnd nokkur dæmi:

* Erfiðleikar og veruleg fyrirhöfn er við að skipta sölu í undanþegna sölu og skattskylda sölu hjá þeim sem hafa með höndum blandaða verslun, en það á við um nær allar matvöruverslanir. Til að ná þessari skiptingu eru notaðar reikningsreglur sem aldrei verða nákvæmar og setja bæði gjaldendur og eftirlitsaðila í vanda.
* Verulegir erfiðleikar eru á að greina milli sölu undanþeginna matvæla og sölu tilbúinna rétta, þar sem atriði eins og hitastig söluvara getur orðið ráðandi þáttur um skattskyldu.
* Veruleg vandkvæði eru á innheimtu söluskatts af ýmissi innri starfsemi og notkun fyrirtækja á eigin þjónustu og framleiðslu. Ótvíræð skilgreining er ekki til á því hvað sé skattskylt af þessu tagi og hvað ekki. Hér skiptir meginmáli hvort tiltekin framleiðsla eða þjónusta er unnin innan fyrirtækis eða keypt af öðrum. Má t.d. nefna eigin viðgerðir eða verkstæðisvinnu annars vegar og aðkeypta vinnu af þessu tagi hins vegar, einnig eigin ljósritun eða prentun og aðkeypta prentþjónustu.
* Mikil óvissa er um skattskyldu af notkun eigin tækja og búnaðar við verklegar framkvæmdir og byggingarstarfsemi ýmiss konar. Nokkur ágreiningsefni um söluskatt af slíkri starfsemi hafa komið til kasta dómstóla á síðustu mánuðum.
* Vegna uppsöfnunar söluskatts í framleiðsu- og viðskiptakeðjunni stendur hann í mörgum tilvikum í vegi fyrir eðlilegri þróun í framleiðslu og aukinni verkaskiptingu og sérhæfingu í ýmsum greinum. Handahófskenndar undanþágureglur hafa sömu áhrif. Þannig er t.d. vinna sem unnin er á byggingarstað undanþegin söluskatti en sömu verk ekki séu þau unnin á verkstæði.

Spyrja mætti hvort ekki væri unnt að bæta úr göllum núverandi söluskattskerfis. Þetta hefur verið reynt að gera m.a. með endurgreiðslum á ýmsum sviðum og undanþágum til að

draga úr mismunun og áhrifum af uppsöfnun söluskatts í framleiðslukostnaði. Allar þessar aðgerðir eru afar ónákvæmar og hafa flestar skapað fleiri vandamál en þær hafa leyst. Á söluskattskerfinu sjálfu eru veigamiklir gallar sem fullvíst er að verða ekki lagfærðir innan þess.

2.2 Eiginleikar virðisaukaskatts

Virðisaukaskattur eyðir sjálfkrafa flestum göllum söluskattskerfisins. Hann greiðir fyrir eðlilegum viðskiptum milli landa og er ein af forsendum fyrir heilbrigðri þróun atvinnu- og viðskiptalífs innanlands.

Virðisaukaskattur er hlutlaus gagnvart atvinnulífinu og einstökum greinum þess. Hann hvorki ívilnar né íþyngir einstökum aðilum. Skatturinn hefur þar af leiðandi ekki áhrif á dreifingu framleiðsluafla til hinna ýmsu framleiðslugreina og stuðlar því að skynsamlegustu nýtingu þeirra.

Skattfjárhæð sem leggst á tiltekna vöru eða þjónustu er óháð fjölda þeirra viðskiptastiga sem farið er um áður en endanlegum neytanda er náð. Skatturinn safnast ekki upp í vöruverðinu á leiðinni til neytandans og hefur því ekki áhrif á neysluval hans. Þannig er skatturinn einnig hlutlaus gagnvart almennu neysluvali.

Í utanríkisviðskiptum er virðisaukaskattur hlutlaus bæði að því er varðar innflutning og útflutning. Þetta þýðir að skattur sem leggst á innfluttar vörur er nákvæmlega jafnhár og skattur á sambærilega innlenda framleiðslu. Útfluttar vörur eru undanþegnar skattinum svo að þær standi jafnfætis vörum annarra þjóða á erlendum mörkuðum að því er skattlagningu varðar. Þannig hefur skatturinn ekki neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu íslensks útflutnings eins og núverandi söluskattur getur haft. Mikilvægi þessa atriðis fer sívaxandi í heimi lækkandi aðflutningsgjalda og harðnandi samkeppni í viðskiptum milli landa.

Nokkuð hefur verið um það rætt að í innheimtu virðisaukaskatts sé fólgið sjálfvirkt öryggi þar sem greiddur skattur kemur til frádráttar innheimtum skatti hjá öllum aðilum öðrum en hinum endanlega neytanda. Um þetta eru þó ekki allir á eitt sáttir og ekki er hægt að fullyrða að minna verði um undandrátt í þessu kerfi en hinu eldra. Virkt skatteftirlit hlýtur jafnan að skipta mestu máli í viðleitni til að draga úr skattsvikum. Öryggi virðisaukaskattsins ætti hins vegar að verða meira en söluskattsins þegar af þeirri ástæðu að margvíslegri óvissu er eytt varðandi skattskyldumörkin og heilsteypt og rökrétt skattkerfi kemur í stað úr sér gengins kerfis. Undandráttur ætti einnig að minnka þar eð aðili sem dregur veltu undan virðisaukaskatti kemst ekki hjá því að greiða sjálfur skatt af aðföngum sínum.

Megineinkenni virðisaukaskatts og jafnframt helstu kostir hans umfram söluskatt eru þannig eftirfarandi:

* Virðisaukaskattur mismunar ekki framleiðslugreinum eða framleiðsluaðferðum. Hann hefur ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum eða þjónustu.
* Virðisaukaskattur veldur ekki tilviljanakenndri hækkun framleiðslukostnaðar.
* Virðisaukaskattur bætir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum samkeppnisaðilum, sem búa við virðisaukaskatt, bæði á erlendum mörkuðum og hérlendis.

2.3 Er virðisaukaskattur gallalaus?

Ekkert skattkerfi er í sjálfu sér fullkomið. Hins vegar hafa menn ýkt nokkuð þá vankanta sem á virðisaukaskatti kunna að vera. Stærsti þröskuldurinn við upptöku virðisaukaskatts á Íslandi er eflaust sá, að hann mun leggjast á ýmsar neysluvörur almennings sem nú eru undanþegnar söluskatti, þ.m.t. matvæli. Áframhaldandi undanþágа á þessu sviði mundi hins vegar veikja virðisaukaskattskerfið svo mikið að forsendur breytingarinnar væru að verulegu leyti brostnar.

Því er ljóst, að upptaka virðisaukaskatts mun ein sér hafa í för með sér hækkun á ýmsum mikilvægum lífsnauðsynjum. Nú liggja hins vegar fyrir ítarlegar tillögur um hliðarráðstafanir sem ætlað er að mæta þeim erfiðleikum sem af þessu hljótast. Með niðurfellingu vörugjalds og aðflutningsgjalda af matvælum, auknum niðurgreiðslum og ráðstöfunum í skatta- og tryggingamálum er ráðgert að mæta sem næst að fullu áhrifum verðhækkana á matvælum hjá almenningi. Einnig er gert ráð fyrir því að verðhækkunaráhrifum virðisaukaskatts í byggingarkostnaði og húshitun verði mætt. Gerð verður grein fyrir þessum tillögum sérstaklega.

Ýmsir telja að virðisaukaskatti fylgi meiri skriffinnska og fyrirhöfn en hinu eldra kerfi. Þetta er að hluta á misskilningi byggt. Það er rétt að gjaldendum í virðisaukaskatti fjölgar verulega. Ákvörðun skattsins verður hins vegar mun rökréttari og auðveldari í flestum atriðum en áður ef kerfið verður án umtalsverðra undanþága. Hjá aðilum sem á annað borð færa vélrænt bókhald, eins og nú er algengt, verður útreikningur á skattstofni og skatti og jafnvel gerð skattskýrslna auðveldari en nú er. Virðisaukaskattskerfið á því ekki að valda fyrirtækjum umtalsverðri viðbótarfyrirhöfn þegar búið er að taka það upp. Sú fjölgun starfsmanna í skattkerfinu sem verður með upptöku virðisaukaskatts væri hvort sem er óhjákvæmileg til þess að framkvæmdin í núverandi söluskattskerfi gæti talist fullnægjandi.

Gagnrýnisraddir hafa heyrst um aukna fjárbindingu þeirra sem innheimta mundu virðisaukaskattinn og standa skil á honum í ríkissjóð. Ekki er hægt að alhæfa neitt í þessu efni en ljóst er að einhver tilflutningur verður á greiðslustreymi milli gjaldenda við þessa kerfisbreytingu. Hjá aðilum sem nú fá endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt gæti fjárbinding í einhverjum tilfellum minnkað. Þar sem um aukna fjárbindingu yrði að ræða er gert ráð fyrir að úr henni verði dregið, m.a. með tíðari uppgjörstímabilum eða öðrum aðgerðum þegar sérstaklega stendur á.

2.4 Niðurstöður

Í þessum kafla hefur verið reynt í stuttu máli að draga saman helstu sjónarmið sem mæla með upptöku virðisaukaskatts hér á landi.

Það er ljóst að innheimta söluskatts á Íslandi er orðin úrelt og núverandi skipan stenst ekki kröfur tímans. Fjölþættara atvinnulíf, aukin og fjölbreyttari útflutningsframleiðsla og breyttir viðskiptahættir knýja á um grundvallarbreytingu á þessu sviði. Eini raunhæfi kosturinn er að taka upp virðisaukaskatt. Hann hefur verið til athugunar hjá íslenskum stjórnvöldum í 15 ár og á dagskrá nær allra ríkisstjórna á því tímabili. Mál er nú til komið að hrinda honum í framkvæmd.

Í næstu köflum verður vikið nánar að því sem rakið hefur verið í þessum kafla.

3. Hliðarráðstafanir vegna upptöku virðisaukaskatts

3.1 Ráðstafanir til að mæta hækkuðum framfærslukostnaði

Frá upphafi hefur verið ljóst að ef halda á undanþágum í virðisaukaskattskerfinu í lágmarki þurfa að koma til ýmsar hliðarráðstafanir til að mæta þeirri auknu framfærslubyrði sem ella hlytist af. Í því sambandi koma nokkrar leiðir til greina og er engin þeirra einhlít.

Í fyrsta lagi kemur til álita að lækka beina skatta og auka útgreiðslur úr skattkerfinu, t.d. í formi barnabóta, sem og greiðslur almannatrygginga. Í öðru lagi er hugsanlegt að lækka eða fella niður álögur, svo sem tolla og vörugjald, á ýmsum vörum sem vega þungt í neyslu almennings og mundu að öðrum kosti hækka um sem næmi virðisaukaskattshlutfallinu. Loks má hugsa sér heföbundna niðurgreiðsluaðferð til að halda niðri verðlagi ákveðinna vara á meðan aðlögun að hinu nýja skattkerfi á sér stað. Koma þar fyrst og fremst til álita þær landbúnaðarvörur sem þegar eru niðurgreiddar.

Við undirbúning þessa frumvarps var lögð mikil vinna í að kanna hvaða möguleikar á þessu sviði gætu verið raunhæfir. Hér á eftir fer dæmi um hliðarráðstafanir þar sem að hluta er farið inn á allar þær leiðir sem að ofan eru raktar, enda er engin ein þeirra fullnægjandi.

Ráðstafanir til að mæta hækkuðum framfærslukostnaði þurfa ekki að koma til framkvæmda fyrr en frá og með þeim tíma er lög um virðisaukaskatt taka gildi, en í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að það verði 1. janúar 1988. Þar sem hér er um að ræða mjög viðtækar aðgerðir, sem snerta hag margra, er ekki óeðlilegt að sá tími sem líður frá samþykkt frumvarpsins uns lögin taka gildi verði notaður til að kanna enn frekar þær leiðir sem til greina koma í þessu efni og freista þess að ná um þær viðtæku samkomulagi. Ríkisstjórnin er fús til að stofna til viðræðna um þau efni við aðila vinnumarkaðarins og e.t.v. aðra hagsmunaaðila.

Það dæmi sem stuðst hefur verið við í undirbúningi málsins til þessa byggist á eftirfarandi ráðstöfunum. Fjárhæðir sem tilgreindar eru byggjast á áætluðu verðlagi í árslok 1986:

1. Niðurgreiðslur á búvörum sem nú eru niðurgreiddar verði auknar þannig að þær hækki ekki í verði þrátt fyrir virðisaukaskattinn. Áætlað er að þessar auknu niðurgreiðslur muni kosta um 950 m.kr. Þar sem þessi aukning niðurgreiðslna mun breyta samkeppnisstöðu niðurgreidds kjöts gagnvart öðrum kjötvörum verður jafnframt að gera sérstakar ráðstafanir í þágu annarrar kjötframleiðslu, t.d. með breytingu á innheimtu fóðurbætisskatts.
2. Tollar og vörugjöld verði felld niður á matvælum, innfluttum sem innlendum, öðrum en innfluttu grænmeti. Þó yrði gjald á sælgæti og gosdrykkjum óbreytt. Þetta þýðir að verð á kornvörum, ýmsum ávöxtum, kexi, sultu, kryddi, kakaói og ýmsum niðursuðuvörum mun lækka, í sumum tilfellum verulega, þrátt fyrir álagningu virðisaukaskattsins. Lækkun tolla á grænmeti er hins vegar einungis ætlað að vega upp áhrif virðisaukaskattsins á verðið, en frekari tollalækkun á þessum vörum mundi raska samkeppnisstöðu innlendra grænmetisframleiðenda óeðlilega mikið. Talið er að þessar lækkanir gjalda muni kosta um 550 m.kr.
3. Hækkun húshitunarkostnaðar með tilkomu virðisaukaskatts verði greidd niður að fullu hjá hitaveitum eða öðrum orkusölum. Þessi aðgerð er talin munu kosta um 450 m.kr.
4. Varið verði um 525 m.kr. til að hækka barnabætur og lækka þannig skattbyrði barnafólks, einkum þeirra sem hafa tiltölulega lágar tekjur.
5. Elli- og örorkubætur verði hækkaðar um 175 m.kr., eða tæp 4%. Þessi hækkun bóta er talin nægja til að mæta að fullu kostnaðarauka elli- og örorkulífeyrisþega vegna virðisaukaskatts.

Samtals er því áætlað að þessar ráðstafanir geti kostað 2 650 m.kr., en hluti af þeirri fjárhæð kemur fram sem tekjutap en ekki hrein útgjöld. Vegna þess hve ráðstafanir þessar eru kostnaðarsamar er óhjákvæmilegt að hlutfall virðisaukaskattsins verði hærra en ella. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skatthlutfallið verði 24% eða einni prósentu lægra en í núgildandi söluskattskerfi. Er þá jafnframt gert ráð fyrir nokkuð bættri innheimtu í hinu nýja skattkerfi miðað við söluskattskerfið.

Niðurstaðan af þeim ráðstöfunum sem hér hafa verið kynntar er sú að niðurgreiddar búvörur hækka ekki í verði. Önnur matvæli munu hækka að meðaltali um 14%, þrátt fyrir að á þau komi 24% virðisaukaskattur, en matvæli alls, að meðtöldum búvörunum, munu hækka um 10,5% að meðaltali. Þar sem verðlag á annarri einkaneyslu lækkar lítillega og þar sem hún vegur þyngra í heildarneyslu almennings mun álagning virðisaukaskatts því aðeins hafa í för með sér 1,2% hækkun á verðlagi einkaneyslu (framfærsluvísitölu). Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í álagningu tekjuskatts með hækkun barnabóta munu hins vegar hafa í för með sér að heildarframfærslubyrði hækkar um 0,5% að meðaltali hjá fjölskyldum í landinu en ekkert hjá þorra hjóna með tvö börn eða fleiri.

3.2 Ráðstafanir til að mæta hækkun byggingarkostnaðar

Þar sem gert er ráð fyrir að virðisaukaskattur leggist á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað, sem nú er undanþegin söluskatti, hefur verið gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að vega upp á móti þeirri hækkun byggingarkostnaðar sem af þessu hlýst. Þessi hækkun hefur verið áætluð 5–7% byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur sá tekjuauki sem af þessu verður renni óskiptur til baka til íbúðarbyggjenda. Nokkrar leiðir er unnt að fara til að koma þeim peningum til skila og er engin þeirra gallalaus. Sú leið sem hér er bent á er að endurgreiða húsbyggjendum virðisaukaskatt miðað við hvern fermetra í hinu byggða húsnæði, þó að vissu hámarki (200 m²). Hér er um verulegar fjárhæðir að tefla. Miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins gæti endurgreiðsla á hvern fermetra numið 1500 kr.

Með þessu móti ætti að vera tryggt að íbúðarhúsabyggjendur skaðist ekki af álagningu virðisaukaskattsins. Þess má geta að byggjendur atvinnuhúsnæðis munu fá virðisaukaskatt sinn dreginn frá þeim skatti sem þeir innheimta af viðskiptavinum sínum.

Setja þarf sérstakar reglur um endurgreiðslur þessar, en um þær gildir hið sama og um ráðstafanir til að mæta hækkuðum framfærslukostnaði, að þær koma ekki til framkvæmda fyrr en virðisaukaskattskerfið sjálft kemst í framkvæmd. Gefst því góður tími til að grandskoða þessa leið, sem og aðrar hugsanlegar leiðir að sama marki, áður en lögin taka gildi.

4. Söluskattur hér á landi

Söluskattur hefur verið innheimtur hér á landi í einhverri mynd allt frá árinu 1945 að undanskildum árunum 1946 og 1947. Á árunum 1945 til 1960 var innheimtur fjölstigasöluskattur með nokkuð mismunandi hætti og var hann nefndur ýmsum nöfnum, svo sem veltuskattur, söluskattur, innflutningssöluskattur, framleiðslusjóðsgjald, útflutningssjóðsgjald, farmiðagjald og iðgjaldaskattur. Skattstofnar voru ólíkir eins og nöfnin gefa til kynna.

Með lögum nr. 62/1945 var fyrst innheimtur söluskattur hér á landi og nefndist hann þá veltuskattur. Náði hann til heildsölu, smásölu, framleiðslu og þjónustu. Skatturinn var því fjölstigaskattur sem innheimtur var af heildarsölu á hverju viðskiptastigi. Veltuskatturinn var aðeins innheimtur á árinu 1945 en á næstu árum þar á eftir tóku við aðrar tegundir söluskatta með mismunandi nöfnum eins og fram er komið.

Með lögum nr. 10/1960 var tekið upp nýtt söluskattskerfi, en þau lög eru enn í gildi að stofni til.

Ef dregnir eru saman meginþættir þess söluskattskerfis, sem í gildi var fyrir breytinguna 1960, má segja að söluskatturinn hafi verið fjölstigaskattur þar sem skattur var lagður á sölu á hinum ýmsu stigum framleiðslu og dreifingar. Reyndist þetta kerfi mjög þungt í vöfum og erfitt að hafa raunhæft eftirlit með því undir lok gildistíma þess, m.a. vegna fjölda takmarkatilvika og erfiðleika á að draga skýr mörk milli skattskyldrar og skattfrjálsrar sölu. Með lögum nr. 10/1960, um söluskatt, var gerð mikilvæg breyting á álagningu og innheimtu söluskatts hér á landi frá því sem áður hafði verið. Innheimta söluskatts grundvallast enn í dag á þeim lögum þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á þeim. Á tímabilinu frá 1960 til 1963 var, auk söluskattsins, innheimtur innflutningssöluskattur af tollverði innfluttra vara, en að öðru leyti á sú stutta lýsing, sem hér fer á eftir, við um gildandi söluskattsákvæði og framkvæmd þeirra.

Söluskattur er nú lagður á andvirði seldra vara og þjónustu í innlendum viðskiptum og á innfluttar vörur til eigin nota eða neyslu innflytjanda eins og nánar er ákveðið í lögum og reglugerðum. Söluskatturinn er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta eða sölu til neytenda og er því einsstigssöluskattur en frá þeirri meginreglu eru nokkrar undantekningar. Söluskattur leggst einnig á fjölmörg aðföng fyrirtækja, svo sem fjárfestingu, orku og

ýmsar óvaranlegar rekstrarvörur og fæst í slíkum tilvikum yfirleitt hvorki endurgreiddur né frádreginn innheimtum skatti af sölu.

Allir þeir sem selja eða afhenda í atvinnuskyni vöru eða verðmæti og allir þeir sem inna af höndum vinnu eða þjónustu eru skattskyldir með þeim takmörkunum sem lög og reglur ákveða. Þannig greiða t.d. fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga söluskatt á sama hátt og aðrir söluskattsgreiðendur.

Fjölmargar undanþágur eru nú frá hinni almennu söluskattsskyldu við sölu á síðasta viðskiptastigi. Ákvæði um þær er að finna í lögum, reglugerðum og einstökum ákvörðunum fjármálaráðherra. Undanþágum verða ekki gerð hér tæmandi skil en drepið á þær helstu:

Vörur:

* Vörur sem seldar eru úr landi.
* Matvörur hverju nafni sem nefnast, þó ekki sala veitingahúsa á tilbúnum mat nema að nokkru leyti.
* Fiskumbúðir, veiðarfæri, salt og beita.
* Áburður, fóðurmjöl og hey.
* Eldsneyti fyrir loftför, svartolía og gasolía.
* Varahlutir til skipa- og flugvélaviðgerða.
* Sala á fasteignum, skipum og flugvélum.
* Ýmsar vélar og tæki til fiskvinnslu og samkeppnisiðnaðar.

Þjónusta o.fl:

* Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð og vinna við viðhald og endurbætur slíkra mannvirkja.
* Vinna við skipa- og loftfaraviðgerðir og veiðarfæraviðgerðir.
* Vöruflutningar og fólksflutningar.
* Rekstur sjúkrahúsa o.þ.h.
* Þjónusta lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta og hliðstæðra aðila.
* Sala á neysluvatni, heitu vatni og olíu. Enn fremur sala á rafmagni til húshitunar.
* Þjónusta banka og sparisjóða.

Ein meginforsenda þess að söluskattskerfi eins og hér hefur tíðkast geti orðið þjált og skil söluskatts örugg er að söluskattsskyldan sé almenn og undanþágum sé haldið í algjöru lágmarki. Hér á landi eru undanþágur frá söluskattsskyldu orðnar svo margar að þær hafa þegar veruleg áhrif á alla framkvæmd kerfisins og öryggi þess. Undanþágum fer sífellt fjölgandi en ásóknin í undanþágur hefur vaxið mjög með hækkun skatthlutfallsins.

Undanþágurnar eiga sér stað með margvíslegum hætti. Þannig eru t.d. tilteknar vörutegundir og þjónusta undanþegnar söluskatti, sala til tiltekinna aðila, svo sem endurseljenda, og í vissum tilvikum til annarra aðila er undanþegin og sala tiltekinna aðila eða atvinnugreina er undanþegin söluskatti. Þá er söluskattur af tilteknum vörum, tækjum og efnivörum endurgreiddur í vissum tilvikum. Í mörgum tilvikum er afar erfitt að ákvarða hvort sala er söluskattsskyld eða ekki. Á það t.d. við um sölu til ýmissa framleiðenda en þá fer söluskattsskyldan eftir því hvort um er að ræða sölu á hráefnum eða óvaranlegum hjálparefnum til framleiðslu.

Hin ýmsu undanþáguákvæði söluskattslaga og -reglna valda mismunun í samkeppnisaðstöðu atvinnugreina og framleiðsluaðferða eins og uppsöfnunaráhrifin og hafa þessi áhrif söluskattsins að þessu leyti farið vaxandi með hækkun skatthlutfallsins. Ljóst er að neytendur beina vali sínu fremur að vörum og þjónustu sem undanþegnar eru söluskatti en þeim sem eru söluskattsskyldar. Þannig getur söluskatturinn haft áhrif á neysluvenjur sem

leitt getur til óeðlilegrar eða óheppilegrar dreifingar framleiðsluaflanna. Sem dæmi um mismunun að þessu leyti má nefna að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð er undanþegin söluskatti fari vinnan fram á byggingarstað. Séu húshlutar hins vegar framleiddir í verksmiðju verður salan söluskattsskyld. Í þessu tilviki veldur söluskatturinn mismunun milli framleiðsluaðferða og kemur jafnvel í veg fyrir eðlilega vélvæðingu eða hagræðingu við framleiðslu. Nokkuð hefur þó dregið úr þessari mismunun með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús.

Almennt má segja að erfitt sé að halda sölu á söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindri á smásölustigi. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur undanþágum frá söluskattsskyldu í smásölu sífellt fjölgað. Til að finna söluskattsstofninn hjá hinum ýmsu innheimtuaðilum þarf því að beita sérstökum reikniaðferðum sem aldrei verða nákvæmar en verða sífellt flóknari eftir því sem undanþágum fjölgar. Af þessu leiðir aukna fyrirhöfn bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð og skattyfirvöld og erfitt er orðið fyrir hina söluskattsskyldu aðila að kunna skil á hinum fjölmörgu undanþáguákvæðum og sérreglum um söluskatt.

Söluskatturinn er ekki hlutlaus þótt aðalreglan sé sú að hann sé einsstigsskattur. Hann leggst t.d. á ýmis mikilvæg aðföng fyrirtækja, svo sem orku, orkugjafa og viðhaldsþjónustu, auk þess sem hann er innheimtur af flestum fjárfestingarvörum. Af þessum ástæðum felur núgildandi söluskattskerfi í sér uppsöfnun skatts sem valdið getur m.a. ófyrirsjáanlegri mismunun á samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina. Áhrif uppsöfnunar getur þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum og þau hafa tilviljunakennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði í samkeppni við vörur framleiddar erlendis.

Veigamiklir gallar eru á söluskattskerfinu hér á landi eins og hér hefur verið rakið. Þar vega uppsöfnunaráhrifin og hin flóknu undanþáguákvæði þyngst, en söluskattskerfið hefur óneitanlega einnig kosti.

Framkvæmd söluskattskerfisins hefur verið afar ódýr og litlu hefur verið til kostað. Þegar gerður er samanburður á kostnaði við framkvæmd einstakra skattkerfa verður um leið að íhuga hvort ríkjandi framkvæmd á hverjum tíma fullnægi þeim kröfum sem talið er eðlilegt að gera til hennar, svo sem varðandi öryggi, eftirlit með skilum o.fl. Telja verður að svo hafi ekki verið að því er söluskatt og eftirlit með honum varðar, einkum með tilliti til hækkunar hans á síðustu árum og aukins mikilvægis í tekjuöflun ríkissjóðs. Af þessu leiðir að samanburður á kostnaði milli ýmissa skattkerfa verður vart raunhæfur miðað við ríkjandi framkvæmd.

Söluskattsskyldir aðilar eru hlutfallslega fáir miðað við heildarfjárhæð söluskattsins en það er nokkur kostur. Því fylgir hins vegar nokkur áhætta að innheimta svo hátt söluskattshlutfall sem hér er gert á einu og sama viðskiptastiginu og hefur sú áhætta aukist með hækkun skatthlutfallsins.

5. Þróun virðisaukaskatts í Evrópu

Eftir fyrri heimsstyrjöld komu fyrst fram hugmyndir um innheimtu neysluskatta í formi skattlagningar á virðisauka. Hugmyndinni um virðisaukaskatt var þó ekki hrint í framkvæmd í Evrópu fyrr en Frakkar, fyrstir Evrópuþjóða, komu á nýju skattkerfi á árinu 1955 en það byggði í höfuðdráttum á kenningunni um skattheimtu af virðisauka.

Með stofnun Evrópubandalagsins 1957 var stigið skref sem átti eftir að hafa afgerandi áhrif á mótun og samræmingu skattkerfa í Evrópu.

Markmiðið með stofnun bandalagsins var m.a. að stuðla að fríverslun landa í milli. Í upphafi var höfuðáhersla lögð á niðurfellingu innflutningsgjalda í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Fljótlega varð þó ljóst, að hin mismunandi skattkerfi þjóðanna voru hemill á sókn

þeirra að settu marki. Samræming skattlagningar vöru, eftir að hún er komin inn fyrir viðkomandi landamæri, var ekki síður mikilvæg en samræming innflutningsgjalda.

Aðildarríkin settust því á rökstóla um þetta efni og eftir áralangar viðræður og rannsóknir á hinum ýmsu skattkerfum var ákveðið árið 1967 að samræma neysluskattkerfi landanna á þann hátt að virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Skyldi breytingin vera um garð gengin fyrir 1. janúar 1970. Þegar til kom varð þó af ýmsum framkvæmdaástæðum að veita rýmri tímamörk. Árið 1973 höfðu hins vegar öll ríkin sex, sem upphaflega stóðu að stofnun Evrópubandalagsins, tekið upp virðisaukaskattskerfi.

Sú samræming, sem átti sér stað á neysluskattkerfum Evrópubandalagsríkjanna og þær rannsóknir sem fóru fram á skattamálum í því sambandi, leiddi til þess að ýmsar Evrópuþjóðir, sem þá stóðu utan bandalagsins, tóku einnig upp virðisaukaskatt.

Danir innleiddu virðisaukaskatt 1967, Írar 1972, Englendingar 1973 og önnur ríki sem síðar gengu í Evrópubandalagið hafa fylgt í kjölfarið. Nokkur ríki Evrópu, sem nú standa utan bandalagsins, hafa einnig tekið upp virðisaukaskatt, t.d. Svíþjóð á árinu 1969 og Noregur á árinu 1970.

Þó að virðisaukaskattur hafi verið innleiddur í flestum löndum Vestur-Evrópu er framkvæmd skattheimtu þó mjög mismunandi. T.d. er skatthlutfallið mjög mismunandi frá einu landi til annars, svo og hvaða starfsemi er skattskyld og hver ekki.

Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut og er fjöldi skatthlutfalla og flokkun einstakra tegunda af vörum og þjónustu á þessi skatthlutföll mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvöru og öðrum nauðsynjavörum.

Undanþágur og mismunandi skatthlutföll eru þó ekki í samræmi við þá hugmynd sem liggur að baki virðisaukaskatti. Auk þess skapar slík mismunun milli hinna ýmsu tegunda vöru og þjónustu torleyst vandamál við einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur því einungis verið notað eitt skatthlutfall og stefnan innan Evrópubandalagsins hefur verið sú að samræma reglur aðildarríkjanna þannig að eitt og sama hlutfall gilti um alla starfsemi innan hvers aðildarríkis.

6. Almennur neysluskattur

Almennur neysluskattur sem komið gæti í stað söluskatts sem mikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs á næstu árum þarf að vera hlutlaus gagnvart framleiðslu, dreifingu og neyslu. Hann má því ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum, viðskiptaháttum eða atvinnugreinum og ætti að hafa sem minnst áhrif á almennar neysluvenjur. Einnig skiptir miklu máli að ákvörðun skatts og innheimta sé eins einföld í framkvæmd og kostur er jafnt fyrir atvinnulífið sem ríkissjóð og í því sambandi þarf skattstofninn að vera glöggt afmarkaður og ótvíræður.

Til þess að skatturinn geti talist hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluafla á hinar ýmsu framleiðslugreinar verður skattkerfið að hafa þá eiginleika að skattfjárhæð sé óháð fjölda viðskiptastiga, þ.e. óháð því hve vara fer um mörg viðskiptastig áður en endanlegum neytanda er náð. Hundraðshluti skattfjárhæðar af vöruverði verður að vera sá sami, hvar sem kaupandinn festir kaup á vörunni og hver sem framleiðsluaðferðin er, svo sem hvort vara er handunnin eða verksmiðjuframleidd. Skattkerfið ætti þannig ekki að hafa nein áhrif á það við hvaða dreifingaraðila kaupandinn kýs að hafa viðskipti og kerfið verður einnig að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki eðlilega hagræðingu við framleiðslu eða dreifingu.

Hlutleysi skattsins gagnvart almennu neysluvali felst í því að hann hafi ekki áhrif á val neytenda milli hinna ýmsu neysluvara. Því markmiði verður best náð með því að skatturinn breyti ekki verðhlutfallinu milli neysluvaranna.

Krafan um hlutleysi neysluskatts gagnvart utanríkisviðskiptum snertir bæði innflutning og útflutning.

Að því er innflutning varðar felur hlutleysið í sér að skatturinn sé nákvæmlega jafn hár á innfluttri vöru og sams konar vöru sem framleidd er í landinu sjálfu og seld er á sama verði og hin innflutta vara.

Varðandi útflutning verður að undanþiggja útflutningsvörur skatti til að algjöru hlutleysi verði náð þannig að skatturinn hafi ekki áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra útflutningsvara á erlendum mörkuðum.

Mikilvægi þess fyrir Íslendinga að skattkerfið sé hlutlaust gagnvart utanríkisviðskiptum fer vaxandi eftir því sem aðflutningsgjöld og viðskiptahömlur landa í milli minnka en breytingum í þá átt hefur enn fremur fylgt samræming neysluskattskerfa flestra Vestur-Evrópuríkja þar sem utanríkisviðskiptin eru gerð óháð slíkum skatti. Ljóst er að verð á íslenskum útflutningsvörum, sem að einhverju leyti bera í sér söluskatt, getur átt erfitt með að keppa á erlendum mörkuðum við verð á framleiðsluvörum annarra þjóða sem eytt hafa áhrifum söluskatts á framleiðsluverðið með breytingum á skattkerfum sínum.

7. Helstu einkenni virðisaukaskatts

Virðisaukaskattur (VASK) er neysluskattur eða söluskattur sem lagður er á söluverð vöru og þjónustu á öllum viðskiptastigum. Skatturinn er fjölstigaskattur þar sem fyrirtækjum jafnt á sviði frumgreina, úrvinnslugreina og þjónustugreina er gert að innheimta skatt af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu. Skatturinn hefur hins vegar ekki margsköttun í för með sér því að við skil á skattinum í ríkissjóð mega fyrirtækin draga frá innheimtum skatti af heildarsölu, hér eftir nefndur **útskattur,** þann skatt sem þau greiða við kaup á vörum og hvers konar aðföngum, hér eftir nefndur **innskattur.** Þannig skilar hvert fyrirtæki í ríkissjóð aðeins skatti af virðisaukanum sem hjá því myndast, þ.e. mismuninum á útskatti og innskatti.

Orðið virðisauki í þessu sambandi er fremur tæknilegt hugtak en hagrænt, því hér er ekki átt við hinn hagræna virðisauka, sem skapast í hverju fyrirtæki, heldur mismun milli ákveðinna stærða, sem nánar er skilgreindur í þeim lögum og reglum sem um skattinn gilda á hverjum stað. Í síðari hluta kafla 8.9 hér á eftir er nánar lýst muninum á virðisauka í hagrænni merkingu og þeim virðisauka sem myndar skattstofninn.

Aðaleinkenni virðisaukaskattsins er að hann leggst í raun aðeins einu sinni á sama verðmætið hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga og verður hann því hlutlaus gagnvart söluverði til hins endanlega neytanda. Þessu marki er náð með frádráttarheimildinni á hverju viðskiptastigi sem áður var nefnd. Það er einkum þessi eiginleiki virðisaukaskattskerfisins sem skilur það frá öðrum söluskattskerfum þar sem uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir mismunandi mikið eftir því hve varan eða verðmætin fara um mörg viðskiptastig áður en hinum endanlega neytanda er náð. Ef 24% virðisaukaskattur er innheimtur á öllum viðskiptastigum svarar heildarfjárhæð skattsins til 24% af söluverðinu til endanlegs neytanda. Þetta skal skýrt með dæmi:

		Verð án VASK	Virðis-auki	VASK	Verð með VASK
Hrávöruframleiðandi	Kaup	0			0
	Sala	1.000	1.000	240	1.240
Framleiðandi sem fullvinnur vörur	Kaup	1.000			
	Sala	1.600	600	144	1.984
Heildsali	Kaup	1.600			
	Sala	1.800	200	48	2.232
Smásali	Kaup	1.800			
	Sala	2.300	500	120	2.852
Söluverð til neytanda		2.300			2.852
Virðisauki			2.300		
Virðisaukaskattur				552	


Til einföldunar er gert ráð fyrir því í framangreindu dæmi að hrávöruframleiðandinn kaupi ekki aðföng til framleiðslunnar.

Af dæminu sést að söluverð til neytenda, 2.300 kr., er jafnhátt virðisaukanum á hinum ýmsu viðskiptastigum og samanlagður virðisaukaskattur er 24% af þeirri fjárhæð eða 552 kr.

Nemi heildarsala fyrirtækis á ákveðnu uppgjörstímabili samtals 1.600 krónum verður virðisaukaskatturinn, sem innheimtur er af viðskiptamönnum þess, 384 krónur miðað við að skatthlutfallið sé 24%. Sé gert ráð fyrir að fyrirtækið hafi keypt aðföng, þ.e. hráefni og aðrar rekstrarvörur, fyrir 1.000 kr. verður innskatturinn 240 kr. Fyrirtækinu ber því að skila í ríkissjóð virðisaukaskatti að fjárhæð 144 kr. eða mismuninum af útskatti og innskatti. Það skal tekið fram að uppgjör innskatts miðast við kaup á vörum og öðrum aðföngum á hverju uppgjörstímabili og skiptir því ekki máli hve mikið af vörunum er óselt í lok hvers tímabils.

Virðisaukaskattur er fjölstigaskattur eins og áður segir enda er hann innheimtur á öllum viðskiptastigum framleiðslu og dreifingar. Mætti því spyrja hvort skatturinn berist ekki fyrr í ríkisjóð en t.d. söluskattur á síðasta viðskiptastigi eins og sá sem nú er innheimtur hér á landi. Þessari spurningu verður að svara neitandi og skal það skýrt nánar.

Virðisaukaskatturinn er innheimtur á öllum stigum viðskipta eins og áður segir en frádráttarheimild endurseljenda á innskatti veldur því að skatturinn rennur ekki endanlega í ríkissjóð fyrr en við sölu til hins endanlega neytanda. Fyrirtækin mega draga allan skatt af vörukaupum frá skatti af seldum vörum. Þau þurfa því almennt ekki að fjármagna skatt af vörubirgðum þar sem innskattur af þeim er dreginn frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fæst endurgreiddur. Þetta má skýra með dæmi þar sem framleiðsluvöru er fylgt í gegnum fjögur viðskiptastig á jafnmörgum greiðslutímabilum (sjá mynd á bls. 28).


Hrávöruframleiðandi
Kaup
Sala
Verð án skatts
Skattur
0
1 000
240
240
Framleiðandi
Kaup
Sala
Skattur
Verð án skatts
Verð án skatts
Skattur
240
1 000
1 600
384
384
Heildsali
Kaup
Sala
Skattur
Verð án skatts
Verð án skatts
Skattur
384
1 600
1 800
432
432
Smásali
Kaup
Sala
Skattur
Verð án skatts
Verð án skatts
Skattur
432
1 800
2 300
552
552
1. greiðslutímabil
2. greiðslutímabil
3. greiðslutímabil
4. greiðslutímabil
RÍKISSJÓÐUR

Tekið skal annað dæmi þar sem innfluttu heimilistæki er fylgt um þrjú viðskiptastig á þremur uppgjörstímabilum.

Á fyrsta greiðslutímabili er tækið flutt til landsins og tollafgreitt. Við tollafgreiðslu greiðir heildsalinn virðisaukaskatt sem tollyfirvöld skila í ríkissjóð. Um leið öðlast heildsalinn endurgreiðslurétt á ríkissjóð vegna greidds innskatts sem hann dregur frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fær hann endurgreiddan. Í lok fyrsta tímabils er tækið óselt í höndum heildsalans og ríkissjóður hefur ekki fengið skatt af því.

Á öðru greiðslutímabili selur heildsalinn tækið til smásala. Um leið innheimtir heildsalinn virðisaukaskatt af smásalanum og skilar skattinum í ríkissjóð en á sama tíma öðlast smásalinn endurgreiðslurétt hjá ríkissjóði vegna greidds innskatts af tækinu og dregur hann frá útskatti af öðrum vörum á öðru greiðslutímabili eða fær hann endurgreiddan. Í lok annars tímabils er tækið óselt í höndum smásalans og ríkissjóður hefur enn ekki fengið virðisaukaskatt af tækinu.

Á þriðja tímabili selur smásalinn tækið til endanlegs notanda, innheimtir af honum virðisaukaskatt og skilar honum í ríkissjóð. Þá fær ríkissjóður loks skattinn af heildarandvirði tækisins.

Ef tækið hefði farið um öll framangreind viðskiptastig á einu og sama greiðslutímabilinu hefði ríkissjóður að sjálfsögðu fengið skatt af tækinu innan þess tíma. Einnig er rétt að geta þess að endurgreiðsluréttur sá, sem að framan er nefndur, jafnast í flestum tilvikum út á móti útskatti af annarri sölu.

8. Meginatriði frumvarpsins

8.1 Skattskyldusvið

Virðisaukaskattur þarf í grundvallaratriðum að ná til allrar vöru og þjónustu ef hann á að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með upptöku slíks kerfis. Eins og áður er nefnt er nær útilokað að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi eins og nú er gert í söluskattskerfinu auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á fyrri stigum mundi gera virðisaukaskattskerfið erfitt í framkvæmd. Verður því að afnema undanþágurnar.

Frá tekjuöflunarsjónarmiði hins opinbera er mikilvægt að skattskyldan sé sem almennust en það gefur einnig möguleika á að beita lægra skatthlutfalli en ella. Víðtæk skattskylda hefur úrslitaþýðingu um framkvæmd slíks kerfis og öryggi þess en jafnframt er víðtæk skattskylda forsenda hlutleysis gagnvart neysluvali og framleiðsluaðferðum eins og áður er komið fram.

Með hliðsjón af framanrituðu er meginregla frumvarpsins sú að öll almenn sala skráðra fyrirtækja á vörum og þjónustu er skattskyld. Til skattskyldrar sölu telst öll sala, hvort sem er til annarra fyrirtækja eða neytenda, og teljast vörur, sem eigandi tekur út til eigin nota, til hinnar skattskyldu veltu. Það verðmæti sem útskatturinn er reiknaður af er andvirði hinnar seldu vöru eða þjónustu.

Þrátt fyrir þá áherslu sem hér hefur verið lögð á víðtæka skattskyldu er tæknilega mögulegt að halda tilteknum afmörkuðum þáttum utan skattskyldunnar og í nokkrum tilvikum getur verið hagræði af því í framkvæmd. Í öllum löndum sem tekið hafa upp virðisaukaskatt eru einhverjar undanþágur frá hinni almennu skattskyldu.

Eins og áður er komið fram gera grundvallarreglur virðisaukaskattskerfisins ráð fyrir fullri undanþágu á sölu úr landi en einnig er hugsanlegt að undanþiggja sölu á skýrt afmörkuðum vörum eða þjónustu, sem ekki hefur í för með sér mismun á samkeppnisaðstöðu eða erfiðleika í framkvæmd.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eru í grundvallaratriðum tvenns konar. Annars vegar er ákveðnum þjónustusviðum haldið algjörlega utan kerfisins. Þessi þjónustusvið eru upp

talin í 3. mgr. 2. gr. Meðal þeirra má nefna þjónustu sjúkrahúsa og hliðstæðra stofnana, félagslega þjónustu ýmiss konar, þjónustu lækna og tannlækna, þjónustu banka, vátryggingastarfsemi o.fl. Þessir aðilar verða að greiða innskatt af aðföngum og fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattskyldunni þar sem þeir bera innskattinn en undanþágan frá skráningarskyldunni mun í þessum tilvikum einfalda framkvæmd kerfisins, án þess að fórnað sé öðrum umtalsverðum hagsmunum. Hliðstæðar reglur eru settar um smáfyrirtæki, sbr. 3. tl. 4. gr.

Hinn meginflokkur undanþága felst í því að endurgjald fyrir tiltekna vöru eða þjónustu er við ákveðnar aðstæður heimilt að draga frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Þessar undanþágur eru taldar upp í 12. gr. frumvarpsins. Meðal þeirra má nefna vörur og þjónustu sem seld er úr landi, sölu skipa og loftfara og flutninga milli landa.

Áhrif þessarar tegundar undanþágu eru mun víðtækari en hinna fyrrnefndu þar sem þeir aðilar er hér um ræðir hafa í flestum tilvikum heimild til frádráttar á innskatti þannig að engin uppsöfnun skatts á sér stað í verði hinnar undanþegnu vöru og þjónustu.

8.2 Skráningarskylda fyrirtækja

Samkvæmt núgildandi söluskattskerfi eru allir, sem reka í atvinnuskyni viðskipti með söluskattsskylda vöru eða þjónustu, skyldir til að tilkynna skattstjóra um starfsemi sína. Þeir eru síðan skráðir og fá skírteini sem heimila þeim kaup án söluskatts á tilteknum vörum og þjónustu til endursölu. Skráningarskyldan takmarkast þannig við þá sem reka söluskattsskyld viðskipti.

Samkvæmt frumvarpinu eru allir þeir sömu skráningarskyldir á sama hátt en auk þeirra verður að skrá alla þá sem reka sjálfstæða starfsemi og ekki eru söluskattsskyldir í núgildandi kerfi. Einnig þarf að skrá fyrirtæki ríkis eða sveitarfélaga sem selja vörur og þjónustu á almennum markaði í samkeppni við önnur fyrirtæki. Ekki er þörf fyrir áður nefnd heimildarskírteini sem nú eru notuð þar sem almenna reglan er sú að allar vörur og önnur aðföng eru keypt með skatti.

Af hagkvæmnisástæðum er ýmislegt sem mælir með því að halda smáfyrirtækjum utan við skráningarskylduna. Þetta er gert með því að ákveða að fyrirtæki, sem hafa veltu undir 100.000 kr. á ári, þurfi ekki að láta skrá sig.

Undanþága smáfyrirtækja frá skráningarskyldu leiðir til þess að þau þurfa ekki að greiða skatt af sölu sinni og þau fá ekki heimild til frádráttar á innskatti af vörukaupum eða öðrum aðföngum.

Þar sem óskráð fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni verður skatturinn ekki sérgreindur á sölureikningum þeirra. Skrásett fyrirtæki, sem kaupa aðföng af óskrásettum fyrirtækjum, fá því ekki frádreginn neinn innskatt af þessum kaupum.

Um skráningarskyldu vísast að öðru leyti til 5. gr. frumvarpsins og ákvæðis II til bráðabirgða sem og til athugasemda við 5. gr.

8.3 Utanríkisviðskipti

Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur er greiddur af allri sölu á vöru og þjónustu án tillits til þess hver kaupandinn er. Sala úr landi er þó undantekning frá þessari meginreglu, sbr. 12. gr. Hliðstætt því sem nú gildir um söluskattinn eru skráð fyrirtæki í raun undanþegin virðisaukaskatti af sölu úr landi. Þau fá að draga innskatt af aðföngum frá innheimtum útskatti af sölu á innanlandsmarkaði eða fá hann endurgreiddan að svo miklu leyti sem hann er hærri en útskatturinn, sbr. 26. gr.

Við skattlagningu á innfluttar vörur koma aðallega tvær aðferðir til greina. Önnur þeirra gerir ráð fyrir innheimtu virðisaukaskatts af öllum innfluttum vörum, strax við

tollmeðferð, en með hinni aðferðinni er skatturinn aðeins innheimtur af innflutningi til neytenda við tollmeðferð, en skráð fyrirtæki greiða ekki skatt við tollmeðferð innflutnings.

Þegar fyrri aðferðin er notuð skiptir ekki máli hver innflytjandinn er því að skatturinn er innheimtur hvort sem um er að ræða neytanda eða skráð fyrirtæki sem flytur inn til endursölu. Þegar skráð fyrirtæki flytur inn vörur fær það virðisaukaskattinn, sem það greiðir við tollmeðferð, frádreginn útskatti af sölu og skilar mismuninum í ríkissjóð.

Telja verður að fyrri aðferðin, þ.e. innheimta virðisaukaskatts strax við tollmeðferð, sé öruggari í framkvæmd hér á landi, m.a. með tilliti til þeirra erfiðleika sem á því eru að ákvarða við tollmeðferð vöru til hvaða nota hún er ætluð. Þetta vandamál er vel þekkt í núgildandi söluskattskerfi hér á landi. Er því gert ráð fyrir að fyrri aðferðin verði lögleidd, sbr. ákvæði XI. kafla frumvarpsins.

8.4 Frádráttarheimildin

Heimild fyrirtækja til að draga innskatt af aðföngum frá útskatti af sölu er veigamesta einkenni virðisaukaskattskerfisins. Með henni er komið í veg fyrir tvísköttun eða uppsöfnun skatts í framleiðslu- og dreifingarkostnaði.

Ef stefna á að algjöru hlutleysi virðisaukaskatts verður að fylgja þeirri grundvallarreglu að skráð fyrirtæki hafi heimild til að draga allan innskatt frá útskatti. Þess vegna er ekki nægilegt að frádráttarheimildin nái til innskatts af fullunnum vörum, sem keyptar eru í þeim tilgangi að selja þær aftur í óbreyttri mynd, eða hráefna og hálfunninna vara sem keyptar eru til frekari vinnslu. Heimildin nær til innskatts af hvers konar aðföngum, svo sem vélum, fasteignum, flutningatækjum, skrifstofuvélum og öðrum tækjum og efni sem á þarf að halda við reksturinn. Enn fremur nær heimildin til innskatts af öllum öðrum rekstrarkostnaði til að ná algjöru hlutleysi skattsins.

Reglur um frádrátt á innskatti af kaupum á fastafjármunum, svo sem vélum, áhöldum og fasteignum, eru nokkuð mismunandi í ríkjum sem tekið hafa upp virðisaukaskattskerfi. Tvær aðferðir eru einkum notaðar. Önnur þeirra gerir ráð fyrir fullri frádráttarheimild á innskattinum um leið og kaup á fastafjármunum fara fram. Hin reglan dreifir hins vegar frádráttarheimildinni á nokkur ár frá því að kaupin fara fram, hliðstætt því sem gert er með afskriftum. Þar sem síðari aðferðin er notuð verða fyrirtækin að fjármagna virðisaukaskattinn þann tíma sem tekur að fá hann endurgreiddan eða dreginn frá útskatti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrrnefnda aðferðin verði notuð.

Enda þótt meginreglan sé sú að heimilt sé að draga innskattinn frá útskatti við skil til ríkissjóðs er samt sem áður eðlilegt að takmarka frádráttarheimildina í nokkrum tilvikum. Kaup aðfanga eða kostnaður getur verið þess eðlis að ekki sé eðlilegt að veita fullan frádrátt á innskatti. Að sjálfsögðu er innskattur af einkaneyslu eiganda fyrirtækis ekki frádráttarbær. Sama gildir um vörur og önnur aðföng sem notuð eru til að greiða starfsfólki laun í hlunnindum eða með öðrum hætti. Til dæmis er ekki eðlilegt að innskattur af matvælum til starfsfólks fáist frádreginn. Sama má segja um byggingarkostnað við íbúðir starfsfólks, barnaheimili og annan kostnað sem snertir á einhvern hátt kjör starfsfólksins. Skerðing frádráttarheimildarinnar að þessu leyti er eðlileg af því að vinnulaun eru þáttur í virðisauka hvers fyrirtækis og á ekki að skipta máli með hvaða hætti launin eru greidd eða á hvern hátt búið er að starfsfólkinu.

Réttmætt getur verið að takmarka frádráttarheimildina á fleiri sviðum en hér hefur verið nefnt og er það víða gert. Þar má nefna risnu, bifreiðakostnað, og önnur útgjöld, sem tengjast oft persónulegri neyslu eigenda eða starfsmanna. Vísast um þetta til 16. gr.

Þeir aðilar, sem reka óskráð fyrirtæki, verða að teljast neytendur þeirra aðfanga sem notuð eru í fyrirtækjum þeirra. Þeir fá því ekki að draga innskatt af keyptum aðföngum frá útskatti eins og áður er lýst.

Hugsanlegt er að einstaka skráningarskylt fyrirtæki hafi jafnframt með höndum starfsemi sem virðisaukaskattur tekur ekki til. Þegar þannig stendur á fá fyrirtækin ekki að draga frá innskatt af aðföngum þess hluta rekstrarins sem fellur utan ramma virðisaukaskattsins. Vegna þeirra erfiðleika sem geta verið á því að komast að réttri niðurstöðu um frádrátt í slíkum blönduðum rekstri er nauðsynlegt að afmarka hið skattskylda svið þannig að fjöldi slíkra blandaðra fyrirtækja verði eins lítill og tök eru á.

Takmörkun eða skipting frádráttar á innskatti kemur einnig til þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru bæði notaðir í atvinnurekstri og til einkaafnota. Sem dæmi má nefna að verslunareigandi búi í sömu fasteign og verslunin er. Verður að skipta innskattinum bæði af byggingarkostnaði hússins og rekstrarkostnaði þess þannig að einungis komi til frádráttar sá innskattur sem tilheyrir verslunarrekstrinum sjálfum.

8.5 Bókhald og uppgjör

Fyrirtækjum er gert að innheimta virðisaukaskatt af sölu, gera hann upp og skila honum í ríkissjóð á grundvelli skráningar í bókhaldi. Verða því að liggja fyrir greinilegar upplýsingar um skatt af sölu og skatt af keyptum aðföngum á hverju uppgjörstímabili. Hefur VIII. kafli frumvarpsins að geyma allítarleg ákvæði um þessi atriði og vísast um þau að mestu leyti til athugasemda við þann kafla.

Í löndum sem tekið hafa upp virðisaukaskatt eru skattskilin ýmist miðuð við afhendingartíma hins selda og aðfanga og bókhaldslega færslu þeirra eða peningalegar greiðslur. Fyrri aðferðina mætti nefna **reikningsaðferð** (afhendingaraðferð) en hina síðari **greiðsluaðferð.** Yfirleitt er önnur hvor aðferðin notuð sem aðalregla en sums staðar geta fyrirtæki valið milli þessara aðferða eða fengið heimild til að víkja frá aðalreglunni í vissum tilvikum.

Þegar reikningsaðferðin er notuð eru skattskilin miðuð við afhendingartíma vöru og aðfanga eins og áður segir og skiptir því ekki máli hvort keypt er eða selt með gjaldfresti. Þessi aðferð er notuð í gildandi söluskattskerfi hér á landi.

Með greiðsluaðferðinni kemur útskatturinn ekki til uppgjörs fyrr en andvirði hins selda greiðist inn til fyrirtækjanna. Útskattur af staðgreiðslusölu kemur til uppgjörs á sama tíma og samkvæmt reikningsaðferðinni en skil á útskatti af lánssölu eiga sér ekki stað fyrr en við greiðslu hennar. Þegar greiðsluaðferðin er notuð varðandi útskatt verður jafnframt að nota hana við uppgjör á innskattinum, þannig að hann kemur ekki til frádráttar útskatti fyrr en við greiðslu aðfanganna.

Það er nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum eða tegundum fyrirtækja hvor uppgjörsleiðin kemur sér betur greiðslulega fyrir fyrirtækin. Fyrirtæki sem selja hlutfallslega meira af vörum með gjaldfresti en nemur gjaldfresti þeirra á innkaupum aðfanga hefðu t.d. hag af greiðsluaðferðinni en þar sem þessu er öfugt farið væri sú leið óhagstæðari.

Það yrði yfirleitt mun flóknara og fyrirhafnarmeira fyrir fyrirtæki að nota greiðsluaðferðina. Við innborganir og útborganir upp í viðskipti yrði skatturinn ekki sérgreindur á kvittunum og yrði því að reikna skattinn út í hverju tilviki. Innborganir vegna skattskyldrar sölu og útborganir vegna innkaupa, sem veita heimild til frádráttar á innskatti, yrðu að færast í sér reikninga í bókhaldi eða færast í sérstakt bókhald til þess að uppgjör skattsins yrði mögulegt.

Við reikningsaðferðina er byggt á mótteknum og afhentum reikningum um kaup og sölu þar sem skatturinn kemur sérstaklega fram. Að því leyti er þessi aðferð skýrari og einfaldari og hún fellur einnig betur að almennum bókhaldsvenjum en greiðsluaðferðin.

Margt mælir því með reikningsaðferðinni og er í frumvarpinu lagt til að hún verði lögleidd sem almenn regla við uppgjör virðisaukaskatts.

Telja verður að upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts hafi í för með sér aukna fyrirhöfn fyrir þau fyrirtæki sem munu innheimta skattinn og standa skil á honum í ríkissjóð. Stafar það einkum af því að ýmis fyrirtæki, sem ekki innheimta söluskatt, yrðu að innheimta virðisaukaskatt. Einnig veldur frádráttarheimildin á innskatti því að meiri kröfur verður að gera til bókhalds að því er varðar skráningu og gögn um kaup á aðföngum.

Á það er hins vegar að líta að fyrirhöfn einstakra greina verslunar, einkum matvöruverslunar, við uppgjör söluskattsins er orðin veruleg. Þessu veldur veruleg fjölgun undanþáguákvæða sem m.a. hafa leitt til þess að fyrirtækin verða að halda einstökum vörutegundum aðgreindum í bókhaldi sínu eða færa þær sérstaklega til að geta reiknað út söluskattsstofninn með sæmilegri nákvæmni.

Upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts þarf ekki að leiða til aukinnar fyrirhafnar hjá þeim fyrirtækjum sem nú innheimta söluskatt, e.t.v. með mjög mörgum og flóknum undanþágum. Það veltur þó allt á því að sú víðtæka og afdráttarlausa skattskylda sem frumvarpið gerir ráð fyrir haldist.

8.6 Skil á skatti

Með sama hætti og nú á sér stað um söluskatt verða skráð fyrirtæki að gera skil á innheimtum virðisaukaskatti með ákveðnu millibili. Skilunum þurfa að fylgja upplýsingar um útskatt og innskatt á hverju greiðslutímabili.

Samkvæmt gildandi söluskattsreglum er aðalreglan sú að greiða skuli söluskatt mánaðarlega. Fellur hann í gjalddaga 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og er eindagi skattsins 10 dögum síðar.

Vinna skattyfirvalda og framteljanda vex í hlutfalli við fjölda uppgjörstímabila. Að þessu leyti er því hagkvæmara að uppgjörstímabilin séu lengri og færri. Hins vegar hafa lengri uppgjörstímabil í för með sér lengri gjaldfrest á skattgreiðslum til handa fyrirtækjum og þar með minnkandi raungildi skatttekna ríkissjóðs ef verðbólga er veruleg. Auk þess verða skattfjárhæðir sem fyrirtækin verða að greiða hverju sinni hærri. Af því leiðir einnig að meiri sveiflur verða á innstreymi skatts í ríkissjóð og á greiðslugetu fyrirtækjanna. Á það ber hins vegar að líta að við upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts lækkar sú skattfjárhæð sem hverju fyrirtæki ber að skila í ríkissjóð. Með hliðsjón af þessum atriðum er lagt til í frumvarpinu að árlegum uppgjörstímabilum verði fækkað úr 12 í 6. Þá er lagt til að eindagi skattsins verði 5. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Lenging uppgjörstímabilsins með þessum hætti leiðir að sjálfsögðu til þess að tekjur ríkissjóðs af skattinum hliðrast til og verða því minni á því ári sem breytingin gengur yfir. Benda lauslegar áætlanir til þess að tekjulækkun af þessum sökum gæti orðið um 8–9% og jafngildir það 3–3,5% af heildartekjum ríkissjóðs á því ári. Á móti koma væntanleg áhrif af bættri innheimtu.

8.7 Sérreglur um landbúnað

Landbúnaður hefur um margt sérstöðu sem leiðir til þess að eðlilegt virðist að lögleiða sérstakar reglur um virðisaukaskattsmeðferð hans. Þessi atvinnuvegur er utan núverandi söluskattskerfis. Stór hluti þeirrar fjölgunar framteljenda sem verður við upptöku virðisaukaskattskerfis kemur úr þessari grein. Ríður því á miklu að finna leiðir sem einfaldað gætu virðisaukaskattsuppgjör í landbúnaði. Í X. kafla frumvarpsins er að finna tillögur í því efni.

Búrekstur er eina atvinnugreinin í landinu sem yfirleitt er ekki háð bókhaldsskyldu samkvæmt ákvæðum laga um bókhald. Það verður því afar mikilvægt að laga virðisaukaskattskerfið þannig að landbúnaðinum að framkvæmd þess valdi ekki verulegri fyrirhöfn fyrir bændur og skattyfirvöld. Enn fremur má benda á að landbúnaðurinn hefur nokkra sérstöðu að því er varðar tekjustreymi en tekjur bænda koma að verulegu leyti inn löngu eftir að rekstrarkostnaður fellur til. Segja má að í landbúnaði séu margar litlar rekstrarein-

ingar sem selja nær allar afurðir sínar til fárra vinnslustöðva. Frá þeirri meginreglu eru fáar undantekningar.

Framangreind atriði og reyndar fleiri eru þess valdandi að ástæða er til að huga að sérstakri meðferð landbúnaðarins í virðisaukaskattskerfi hér á landi eins og gert hefur verið í flestum öðrum löndum sem tekið hafa upp þetta kerfi. Áætlað hefur verið að innskatturinn í landbúnaði muni verða að meðaltali 11% af andvirði landbúnaðarafurða. Bændur innheimta útskatt frá vinnslustöðvunum sem nemur þessu meðaltalshlutfalli. Útskatturinn ætti því að verða svipuð fjárhæð og innskatturinn. Með þessum hætti fá bændur jafnaðan þann innskatt sem þeir hafa þurft að greiða af aðföngum sínum með útskatti innheimtum af vinnslustöðvunum. Vinnslustöðvarnar greiða bændum því 11% í skatt sem telst innskattur stöðvanna og kemur til frádráttar þeim útskatti sem þær heimta við sölu á framleiðsluvörum sínum. Bændur eiga síðan að skila einni virðisaukaskattsskýrslu fyrir hvert ár og skal hún fylgja skattframtali þeirra fyrir það ár. Eftir álagningu þinggjalda ber þeim síðan að greiða það sem útskattur kann að hafa farið fram úr innskatti en eiga rétt á endurgreiðslu mismunarins ef innskatturinn er hærri. Þar sem 11% útskatturinn á eins og að framan greinir að samsvara að meðaltali innskatti af aðföngum bænda er ekki við því að búast að hér verði um verulega fjárhæðir til greiðslu eða endurgreiðslu að ræða.

Við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum getur þó tímabundið komið til allverulegra endurgreiðslna. Til að flýta fyrir þeim eru sett ákvæði 33. gr. um heimild og stundum skyldu skattstjóra til að fallast á beiðni bænda um skemmra uppgjörstímabil. Framangreind ákvæði um innheimtu bænda á 11% útskatti gilda einungis ef selt er til vinnslu eða dreifingaraðila. Af sölu til annarra verða bændur að innheimta hið almenna 24% skatthlutfall. Nemi slík sala 50% eða meira af heildarsölu viðkomandi fellur niður heimildin til árlegs uppgjörs og ber þessum aðilum að skila skýrslu og skatti á reglulegum gjalddögum.

8.8 Byggingarstarfsemi

Samkvæmt gildandi söluskattsákvæðum er sala bygginga og hvers konar fasteigna undanþegin söluskatti. Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald þeirra er einnig undanþegin söluskatti. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu byggingarvara eða byggingarhluta sem fram fer í verksmiðju eða verkstæði heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað. Söluskattsskyldan við húsagerð og aðra mannvirkjagerð nær því einungis til efniskostnaðar við mannvirkjagerð og þar með til þeirra hluta sem framleiddir eru í verksmiðjum eða unnið er að á verkstæðum. Sömu reglur gilda um viðhald mannvirkja.

Ókostur framangreindrar undanþágu er sá að söluskatturinn verður hærri á verksmiðjuframleiddum byggingarhlutum en þeim sem unnir eru með hefðbundnum byggingaraðferðum. Þessi ókostur er tilfinnanlegur og kann að standa í vegi fyrir hagræðingu í byggingariðnaði, enda þótt nokkuð hafi verið úr þessu dregið með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Er það aðkallandi að bæta hér úr þannig að söluskatturinn valdi ekki mismunun eftir framleiðslu- og byggingaraðferðum.

Vegna þess að áður nefnd undanþága miðast við það hvar vinnan fer fram getur verið afar erfitt fyrir byggingarfyrirtækin að ákvarða skiptingu milli söluskattsskyldrar og söluskattsfrjálsrar sölu. Enn fremur hafa skattyfirvöld litla möguleika til að sannreyna þá skiptingu með nákvæmni. Á þetta t.d. við um innréttingasmíði og uppsetningu þeirra sem yfirleitt fer fram bæði á verkstæði og byggingarstað.

Þegar vinna og efni er selt í einu lagi, t.d. eftir tilboði, getur einnig orðið torvelt að ákvarða skiptingu milli efnis og söluskattsskyldrar vinnu annars vegar og undanþeginnar vinnu hins vegar.

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi verða allir skráningarskyldir sem reka sjálfstæða starfsemi í byggingariðnaði. Verða þeir að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni eins og aðrar greinar atvinnurekstrar. Áætla má að fjölgun gjaldenda verði rúmlega 1.800 í þessari grein.

Undanþága á sölu byggingarfyrirtækja frá virðisaukaskatti á hliðstæðan hátt og nú á sér stað í söluskattskerfinu hefur margvíslega ókosti í för með sér. Með því yrði vikið frá grundvallarreglum kerfisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vandamálin við núverandi framkvæmd söluskattsins í byggingariðnaði yrðu þau sömu, og að svo miklu leyti sem hægt væri að leysa þau yrði að gera það með sama hætti. Undanþágan hefur þann kost helstan að gjaldendur yrðu færri í kerfinu.

Því er gert ráð fyrir í frumvarpinu að full skattskylda verði jafnt á vinnu við húsbyggingar og mannvirkjagerð sem á efniskostnað. Full skattskylda hefur í för með sér umtalsverða hækkun á byggingarkostnaði einkaaðila, ríkis og sveitarfélaga. Skráð fyrirtæki fá hins vegar að draga innskattinn frá útskatti.

Með endurgreiðslum til húsbyggjenda, sbr. kafla 3.2 hér að framan, er komið í veg fyrir að lögleiðing virðisaukaskatts leiði til hækkunar á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

8.9 Skatthlutfallið

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skatthlutfallið skuli vera 24%. Hér á eftir verður í stuttu máli leitast við að gera grein fyrir þeim útreikningum sem liggja að baki áætlunum um hæð skatthlutfallsins.

Áður en skatthlutfall er ákvarðað þarf í fyrsta lagi að marka svið skattskyldunnar og í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess hvort það sé æskilegt eða framkvæmanlegt að hafa breytilegt skatthlutfall eftir því um hvaða vörutegund er að ræða. Í þriðja lagi þarf svo að ákveða hve miklum tekjum er ætlað að afla með virðisaukaskatti.

Hér verður við það miðað að skatthlutfall verði aðeins eitt, sbr. það sem segir um ókosti margra skatthlutfalla hér að framan. Annað atriðið, svið skattskyldunnar, er markað í 2. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um undanþágu frá útskatti, svo og í 12. gr. sem tekur til undanþágu á bæði innskatti og útskatti. Þriðja atriðið, sem taka þarf afstöðu til, áður en unnt er að ákvarða skatthlutfallið er hversu miklum tekjum virðisaukaskattinum er ætlað að skila. Hér verður við það miðað að virðisaukaskatturinn skili meiri tekjum en söluskatturinn gerir nú. Tekjuaukanum sem af þessu leiðir verður síðan ráðstafað til ýmissa hliðarráðstafana, sbr. kafla 3 hér að framan.

Eftir að svið skattskyldunnar hefur verið afmarkað með þessum hætti er unnt að áætla skatthlutfallið, eins og nánar er lýst hér á eftir. Byggt er á spá Þjóðhagsstofnunar um þjóðarframleiðslu ársins 1986 og innbyrðis skiptingu hennar það ár en fjárhæðir hafa síðan verið færðar til verðlags í lok ársins 1986. Tegundarsundurliðun einkaneyslunnar er með sama hætti og árið 1980. Fyrst eru metin þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota í þjóðarbúskapnum og verða mundu skattskyld við álagningu virðisaukaskatts. Þetta er hin svonefnda ráðstöfunaraðferð þjóðhagsreikninga en samkvæmt henni er þjóðarframleiðslunni skipt upp í einkaneyslu, samneyslu, fjármunamyndun, útflutning og innflutning. Þessar tölur eru jafnan á markaðsvirði sem þýðir að óbeinir skattar, eins og söluskattur, eru þá meðtaldir í verði vörunnar.

Við mat á fjárhæðum er einkaneysla ársins 1986 því fyrst lækkuð um álagðan söluskatt á því ári. Þannig fæst skattstofn virðisaukaskattsins í einkaneyslu áður en tekið hefur verið tillit til undanþágu frá skattinum. Í 2. gr. frumvarpsins eru undanþágurnar í einkaneyslu taldar upp. Munar þar mestu um útleigu íbúðarhúsnæðis sem þá leiðir einnig til undanþágu á reiknaðri eigin leigu íbúðarhúsnæðisins eins og hún er áætluð í einkaneyslunni. Þá má einnig nefna nokkra smærri liði. Alls er hér gert ráð fyrir því að um 81% af einkaneyslunni yrðu

skattskyld í virðisaukaskattskerfinu, en til samanburðar má geta þess að við núverandi aðstæður leggst söluskattur á um 57% einkaneyslunnar. Hér er því um að ræða talsverða víkkun skattskyldunnar. Í töflu I (bls. 38) kemur fram hvernig skattskyldan skiptist á hina ýmsu flokka einkaneyslu, eins og matvæli, drykkjarvörur o.s.frv.

Auk einkaneyslunnar yrðu íbúðarbyggingar skattskyldar samkvæmt frumvarpinu. Við mat á hæð skatthlutfallsins er þó ekki gert ráð fyrir því að nettóskatttekjur af íbúðarhúsabyggingum aukist frá því sem nú er, þrátt fyrir víkkun skattskyldunnar. Ástæðan er sú að hér er reiknað með því að tekjuaukinn verði endurgreiddur húsbyggjendum eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Opinberar byggingar og samgöngumannvirki eru á hinn bóginn skattlögð að fullu. Sama máli gegnir um aðföng samneyslunnar, svo og aðföng þess atvinnurekstrar sem að öðru leyti er utan skattskyldu, eins og banka, vátryggingastarfsemi, aðföng ýmissar félagslegrar þjónustu o.fl.

Víðtækari skattskylda á samneyslu og opinberar framkvæmdir í virðisaukaskatti en í söluskatti þýðir í raun að hið opinbera skattleggur sjálft sig. Hér er því ekki um að ræða raunverulegan skattstofn, sem skili tekjuauka í ríkissjóð, því að á móti kemur að samneyslan og framkvæmdir hins opinbera verða dýrari. Við þessu er séð í útreikningi á skatthlutfallinu en í töflunni hér á eftir er ekki reiknað með tekjuauka af þessum sökum.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu skattstofns, annars vegar samkvæmt núverandi söluskatti og hins vegar samkvæmt frumvarpinu.

Áætluð hlutfallsleg skipting skattstofns í núverandi söluskatti og virðisaukaskatti samkvæmt frumvarpi

	Sölu-skattur	Virðisauka-skattur
1. Einkaneysla	71,9	85,1
2. Íbúðabyggingar	4,9	4,1
3. Opinberar byggingar	1,4	1,1
4. Samgöngumannvirki	2,5	2,1
5. Samneysla	5,2	4,4
6. Skattskyld aðföng atvinnurekstrar og atvinnuvega-fjárfestingar ásamt skekkju í öðrum liðum	14,1	3,2
7. Samtals	100,0	100,0
8. Skattstofn í fjárhæðum miðað við verðlag í árslok 1986, m.kr.	62.000	74.000
9. Virðisaukaskattsprósenta sem skilar sömu tekjum og 25% söluskattur	25%	20,9%

Í töflunni kemur fram að miðað við verðlag í árslok 1986 og þjóðarframleiðslu ársins 1986 mundi skatturinn leggjast á um 74.000 m.kr. skattstofn samanborið við 62.000 m.kr. í núverandi söluskatti. Skattstofninn vex því um tæp 20% vegna víðtækari skattskyldu. Af þessu leiðir að skatthlutfallið í virðisaukaskatti ætti að geta lækkað frá því sem nú er í söluskattinum ef ætlunin væri að virðisaukaskatturinn skilaði sömu tekjum og söluskatturinn. Af töflunni má ráða að miðað við núverandi 25% söluskatt þyrfti virðisaukaskattshlutfallið að vera 21% til þess að skila sömu tekjum og söluskatturinn gerir nú. Eins og áður er komið fram er aftur á móti ætlunin að hafa virðisaukaskattshlutfallið 24% og nota tekjuaukann til hliðarráðstafana eins og nánar er lýst í kafla 3 hér að framan.

Heildarfjárhæð virðisaukaskatts og einstakar ráðstafanir eru eftirfarandi á verðlagi í árslok 1986, miðað við þjóðarframleiðslu þess árs:

	Milljónir króna
Virðisaukaskattur, 24% miðað við útreiknaðan stofn	17.750
Áætlaður tekjuauki vegna bættrar innheimtu	400
Tekjur alls af virðisaukaskatti	18.150
Tekjuþörf miðað við 25% söluskatt	15.500
Til ráðstöfunar til sérstakra aðgerða	2.650
Ráðstafanir, sbr. kafla 3:	
Hækkun barnabóta og lífeyrisbóta og niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði	1.150
Auknar niðurgreiðslur á búvöru	950
Afnám tolla og vörugjalds af matvælum	550

Upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér tilflutning á skattbyrðinni þannig að stærri hluti skattsins en áður er innheimtur beint af einkaneyslunni. Áætlað er að um 85% af virðisaukaskattinum verði innheimt af einkaneyslunni samanborið við um 72% í núverandi söluskattskerfi. Á móti kemur að skattlagning aðfanga og atvinnuvegafjárfestingar hverfur að heita má þannig að um 3% af skattinum verða innheimt af aðföngum og atvinnuvegafjárfestingu í stað 14% áður. Af þessu leiðir síðan að uppsöfnun skattsins í rekstrarkostnaði atvinnuveganna hverfur og það markmið með skattinum næst að hann verður hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluþáttanna á hinar ýmsu framleiðslugreinar.

8.10 Áhrif virðisaukaskatts á verðlag

Ýmis tormerki eru á því að segja fyrir um hvaða áhrif upptaka virðisaukaskatts hefur á verðlag í landinu. Verðáhrifin fara eftir því hvaða skattar eða tollar verða lagðir niður við upptöku virðisaukaskatts, hver formleg tengsl verða milli verðvísitölu og kaupgjalds og loks eftir því eftirspurnarástandi sem ríkir þegar skattbreytingin gefur tilefni til verðbreytinga.

Áhrif almenns 24% virðisaukaskatts á verðlag, að teknu tilliti til aukinna niðurgreiðslna og niðurfellingar tolla og vörugjalds af matvælum, yrðu þau á mælikvarða einkaneyslu eða framfærsluvísitölu að verðlag hækkaði um rúmlega 1%. Þá er gert ráð fyrir að afnám söluskatts leiði til nokkurrar verðlækkunar þegar uppsöfnunaráhrif söluskattsins hverfa. Að hve miklu leyti þessi verðlækkun kemur fram fer eftir markaðsaðstæðum og einnig þarf að hafa í huga að uppsöfnunaráhrif koma seinna fram í fjárfestingu en í rekstrarvörum. Heildaráhrif uppsöfnunar til verðlækkunar eru e.t.v. um 2% í framfærsluvísitölu en hér er aðeins reiknað með 1% verðlækkun, sem komi fram strax.

	Áætluð breyting verðlags %
Niðurgreiddar búvörur	0
Önnur matvæli	14
Matvæli samtals	10,5
Önnur einkaneysla	−1,5
Einkaneysla samtals	1,2

Verðhækkun á hinum ýmsu vörum er afar misjöfn. Matvæli sem nú eru með tollum eða vörugjaldi munu lækka í verði eða hækka lítið eða ekkert við upptöku virðisaukaskatts þar sem tollar og vörugjöld verða felld niður. Önnur matvæli hækka nokkurn veginn sem virðisaukaskattinum nemur. Á þeim vörum þar sem uppsöfnun söluskatts í vöruverði er umtalsverð gæti orðið um verðlækkun að ræða þegar virðisaukaskattur er lagður á í stað söluskatts.

TAFLA I

Söluskattur og virðisaukaskattur af einkaneyslu 1986 á verðlagi í árslok 1986 (m.kr.)

	Lauslega áætluð útgjöld í árslok 1986 án skatts	Þar af		Sölu-skattur 25%	Virðis-aukaskattur 24%	Útgjöld alls	
		Stofn sölu-skatts	Stofn virðis-aukaskatts			M.v. 25% sölu-skatt	M.v. 24% virðis-aukaskatt
1. Matvæli	18.019	2.416	18.019	604	4.325	18.623	22.344
2. Drykkjarvörur og tóbak	5.437	5.437	5.437	1.359	1.305	6.796	6.742
3. Fatnaður og einkamunir	7.767	7.767	7.767	1.942	1.864	9.709	9.631
4. Húsnæði, ljós og hiti	13.825	3.170	4.545	792	1.090	14.617	14.915
5. Húsgögn, húsbúnaður o.fl.	9.631	8.773	8.773	2.193	2.106	11.824	11.737
6. Heilsuvernd og snyrting	2.019	1.615	1.615	404	388	2.423	2.407
7. Samgöngur	11.417	10.137	10.523	2.534	2.526	13.951	13.943
8. Skemmtanir og tómstundaiðja	6.913	5.254	6.281	1.314	1.506	8.227	8.419
9. Önnur neysla	2.641	—	—	—	—	2.641	2.641
10. Einkaneysla alls	77.669	44.569	62.960	11.142	15.110	88.811	92.779
11. Flutt af töflu II		17.431	11.040				
12. Samtals		62.000	74.000				

TAFLA II

Söluskattur og virðisaukaskattur af íbúðabyggingum, opinberum byggingum, samgöngumannvirkjum, samneyslu og skattskyldum aðföngum (m.kr.)

	Lauslega áætluð útgjöld í árslok 1986 án skatts	Þar af	
		Stofn sölu-skatts	Stofn virðis-aukaskatts
1. Íbúðabyggingar	6.130	3.065	3.065
2. Opinberar byggingar	1.675	838	838
3. Samgöngumannvirki	3.360	1.570	1.570
4. Samneysla	25 850	3.250	3.250
5. Skattskyld aðföng atvinnurekstrar o.fl.	—	8.708	2.317
Samtals 1.–5.		17.431	11.040

8.11 Fjölgun innheimtuaðila við upptöku virðisaukaskatts

Ýmsar heimildir eru til um fjölda þeirra fyrirtækja eða aðila sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda í landinu. Af þeim heimildum sem nú ná til allra atvinnugreina má helst nefna fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, slysatryggingagögn skattyfirvalda og launamiðaskýrslur skattyfirvalda. Tvær síðast töldu heimildirnar eru þó náskyldar.

Í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar eru skráð öll einstaklingsfyrirtæki sem eru með sérstöku heiti, enn fremur hvers konar félög, sem atvinnurekstur stunda, svo og stofnanir, embætti og félagasamtök. Hins vegar koma ekki fram í fyrirtækjaskrá þeir einstaklingar sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni. Þá er þess að geta að í fyrirtækjaskrá er hvert fyrirtæki aðeins talið til einnar atvinnugreinar jafnvel þótt fyrirtækið starfi í mörgum greinum. Að jafnaði er fyrirtæki þó talið til þeirrar atvinnugreinar þar sem það er talið hafa mest umsvif.

Öðru máli gegnir um slysatryggingagögnin og launamiðaskýrslur. Þar er ætlast til þess að hvert fyrirtæki sé skráð í öllum þeim atvinnugreinum þar sem það er með einhverja starfsemi. Af því leiðir að hvert fyrirtæki eða lögaðili getur verið margtalið ef starfsemin er margþætt eða starfsstaðir eru margir. Aðilar sem fram koma í slysatryggingagögnum og í launamiðaskýrslum eru því fleiri en í fyrirtækjaskrá.

Í þeim tölum sem hér fara á eftir hefur sá kostur verið valinn við mat á fjölgun innheimtuaðila að miða við launamiðaskýrslur og launaframtöl fyrirtækja en ekki við fyrirtækjaskrá. Hér verður því átt við fjölda aðila eða framteljenda til virðisaukaskatts en ekki fjölda fyrirtækja. Samkvæmt þessum gögnum er fjöldi þeirra aðila sem fram koma í launamiðaskýrslum á árinu 1983 alls 28.200 og eru einyrkjar þá meðtaldir en tölur um fjölda bænda, sem hér eru einnig meðtaldir, eru áætlaðar eftir öðrum heimildum. Þessi heildartala gefur þó ekki rétta mynd af fjölda þeirra aðila sem gætu orðið framtalsskyldir. Er þá fyrst að nefna að inni í heildartölunni eru allir húsbyggjendur, sem hafa greitt laun á tímabilinu, en ætla má að þeir hafi verið um 1.250 á árinu 1983. Þá má nefna þá aðila sem greiða virðisaukaskatt af aðföngum sínum en er að öðru leyti haldið utan skattskyldu og þurfa því ekki að skila framtali til virðisaukaskatts. Hér er um að ræða stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, menntamál, almannatryggingar, sjúkrahús, elliheimili og aðra heilbrigðisþjónustu, velferðarstofnanir, trúmálastarfsemi, auk ýmiss atvinnurekstrar eins og banka og tryggingafélaga, fólksflutninga, húsfélaga, fasteignarekstrar o.fl. Lauslega áætlað gæti hér verið um að ræða 5.700 aðila sem undanþegnir yrðu framtalsskyldu.

Nánari skipting þessara aðila er sem hér segir:	Fjöldi launagreiðenda
Húsbyggingar	1.250
Starfsemi ríkis og sveitarfélaga, þ.e. stjórnsýslan, skólar, sjúkrahús o.fl.	1.025
Velferðarþjónusta	625
Heilbrigðisþjónusta á vegum einkaaðila	1.050
Fólksflutningar	1.000
Starfsemi banka, sparisjóða, lífeyrissjóða og tryggingafélaga	300
Fasteignarekstur, húsfélög o.fl.	450
Samtals	5.700

Hámarksfjöldi framteljenda til virðisaukaskatts gæti því orðið allt að 22.500 áður en frekari undanþágur frá framtalsskyldu yrðu veittar. Þennan fjölda má bera saman við fjölda framteljenda til söluskatts sem þetta sama ár var um 10.000. Upptaka virðisaukaskatts með því skattskyldusviði sem hér er gert ráð fyrir felur í sér fjölgun framteljenda um nálægt 12.500. Tölur um fjölgun framteljenda einar sér þurfa ekki að gefa rétta mynd af kostnaðarauka hins opinbera eða framteljenda af upptöku skattsins. Hér skiptir mestu máli hvernig framtalsskyldunni verður hagað, hve oft á ári framteljanda ber að skila skýrslu o.s.frv. Í þessu sambandi er rétt að líta á það í hvaða atvinnugreinum fjölgun framteljenda á sér stað:

	Fjölgun framteljenda
Landbúnaður	5.000
Fiskveiðar	1.365
Fiskiðnaður	500
Byggingarstarfsemi	1.850
Samgöngur	1.500
Lögfræði-, bókhalds-, tækniþjónusta o.fl.	1.800
Annað, oftalið og skekkjur	485
Samtals	12.500

Af þessum tölum má ráða að mest öll fjölgun framteljenda komi fram í landbúnaði, byggingarstarfsemi og sjávarútvegi. Meðferð þessara greina ræður því úrslitum um fjölgun framteljenda. Í 32. gr. frumvarpsins er sett fram sú almenna regla að þeir sem stunda landbúnað skuli einungis skila virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári.

9. Öryggi virðisaukaskatts og eftirlit

Virðisaukaskattur hefur af mörgum verið talinn öruggari tekjustofn en söluskattur. Stafar það m.a. af því sjálfseftirliti sem talið er að myndist í kerfinu með frádráttarheimildinni. Hagsmunir einstakra innheimtuaðila rekist á þar sem hvert fyrirtæki hafi hag af því að telja fram öll innkaup og fá innskattinn af þeim dreginn frá innheimtum útskatti. Sjálfseftirlitið hefur oft verið nefnt sem einn aðalkostur virðisaukaskattskerfisins.

Telja verður það ofmælt að í kerfinu felist umtalsvert sjálfseftirlit með hagsmunaárekstrum innheimtuaðila. Í öllum aðalatriðum má segja að allar aðstæður að þessu leyti verði mjög hliðstæðar í virðisaukaskattskerfi og nú er í söluskattskerfinu og mun þörf á virku eftirliti skattyfirvalda ekki verða minni með tilkomu virðisaukaskatts.

Við eftirlit með hvers konar söluskatti verður að telja það mikilvægast að eftirlitsaðilar hafi möguleika til að kanna heildarinnkaup fyrirtækja og heildarsölu þeirra. Í virðisaukaskattskerfinu verður slíkt eftirlit að fara fram með dreifikönnun á hliðstæðan hátt og gera þarf í söluskattskerfinu.

Hlutfall innfluttra vara í heildarneyslunni er mjög hátt hér á landi miðað við önnur nálæg lönd. Um árabil hefur allur innflutningur verið skráður og flokkaður í tölvum á einstaka innflytjendur en þau gögn geta skattyfirvöld síðan notað til veltueftirlits. Hér er um mjög mikilvæg eftirlitsgögn að ræða sem munu ekki eiga sér hliðstæðu með öðrum þjóðum. Eftirlitið með heildarveltu ætti m.a. af þessum ástæðum að geta orðið mjög virkt hér á landi. Hins vegar verður að hafa í huga að atvinnurekstur er hér í fremur smáum einingum en mikill fjöldi smáfyrirtækja veldur erfiðleikum og öryggisleysi við framkvæmd söluskattskerfa.

Þegar meta skal öryggi virðisaukaskatts annars vegar og núverandi söluskatts hins vegar er margt sem hafa verður í huga. Innheimta söluskattsins nú á einu viðskiptastigi er áhættusöm en með dreifingu innheimtunnar á fleiri innheimtuaðila ætti tilhneiging til undandráttar að minnka. Þessi breyting er sennilega sú sem mestu máli skiptir varðandi samanburð á öryggi nefndra skatta. Öryggi virðisaukaskatts og möguleikar til eftirlits með innheimtu hans veltur einnig mjög á uppbyggingu kerfisins, svo sem skýrleika skattskyldunnar, fjölda undanþága o.fl., eins og þegar hefur verið nefnt.

Við upptöku virðisaukaskatts þarf að leggja áherslu á að upplýsingar um endurskoðun uppgjörsgagna og hvers konar könnun á skilum fyrirtækja verði skráð og geymd í tölvutæku formi eftir því sem unnt er. Enn fremur yrði að efla mjög annað eftirlit frá því sem nú er, m.a. með aukinni öflun gagna til eftirlits og tíðari athugun á bókhaldi og öðrum þeim gögnum sem uppgjör fyrirtækjanna byggjast á.

10. Kostnaður við upptöku virðisaukaskatts

Upptaka virðisaukaskatts í stað núgildandi söluskatts hefur í för með sér aukna fyrirhöfn og kostnað bæði fyrir fyrirtæki sem innheimta hann og fyrir skattyfirvöld. Erfitt er þó að áætla þann kostnaðarauka með nokkurri vissu.

Ljóst er að veruleg fjölgun framteljenda hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir skattyfirvöld en úr því er nokkuð dregið með ákvæðunum um árleg skil aðila í landbúnaði. Enn fremur hefur víðtækt skattskyldusvið og fáar undanþágur verulega þýðingu í þessu efni.

Nú vinna aðeins um 35 starfsmenn hjá skattyfirvöldum störf er snerta eingöngu söluskattinn. Fjölga yrði verulega starfsmönnum við upptöku virðisaukaskatts en saman-

burður á kostnaðarauka verður ekki raunhæfur vegna þess að auka þyrfti verulega aðhald með núgildandi söluskatti. Mjög lauslega áætlað má reikna með að við upptöku virðisaukaskatts þurfi að tvöfalda fjölda starfsmanna frá því sem nú er í söluskattinum.

Skattkerfisbreytingunni sjálfri fylgir talsverður kostnaður. Þar yrði fyrst og fremst um að ræða kostnað við margs konar undirbúning að breytingunni.

Áður hefur þess verið getið að innheimtuaðilum fjölgar og verða fyrirtæki að skila uppgjöri og greiða virðisaukaskatt sem nú greiða ekki söluskatt. Auk þess má búast við því að uppgjör á skatti verði yfirleitt nokkru viðameira fyrir fyrirtækin en uppgjör á söluskatti. Þessu veldur frádráttur innskatts og sérstök færsla hans í bókhaldi. Þetta ætti þó ekki að breyta miklu fyrir þau fyrirtæki sem nú selja bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur til neytenda og verða af þeim sökum að færa innkaup eða sölu þessara vara aðgreind í bókhaldi.

Þegar á heildina er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í för með sér einhvern kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og innheimtuaðila.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessum upphafsákvæðum er að finna stutta lýsingu á efni lagafrumvarpsins.

Í fyrstu grein kemur fram að virðisaukaskatt skal innheimta á öllum stigum viðskipta en skv. 15. gr. skal aðili þó einungis standa skil á skatti af virðisauka á hverju stigi. Þá er kveðið á um virðisaukaskattsskyldu af innflutningi vöru og þjónustu en nánari ákvæði um það er að finna í XI. kafla.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni eru allar vörur, nýjar og notaðar, skattskyldar. Á hinn bóginn geta skattskyldar vörur undir vissum kringumstæðum verið undanþegnar skattskyldri veltu, sbr. 12. gr. Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu er miklum örðugleikum háð að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á öðrum stigum viðskipta myndi gera virðisaukaskattskerfið erfitt í framkvæmd. Samkvæmt almennum skilgreiningum teljast fasteignir ekki til vara. Þó þykir öruggara að taka þetta sérstaklega fram í frumvarpstexta. Undanþágan um fasteignir er í samræmi við undanþágu í gildandi söluskattslögum. Af ákvæðum frumvarpsins leiðir hins vegar að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni er skattskyld, þ.e. efni og vinna við byggingar og mannvirkjagerð. Vísast í þessu sambandi einkum til athugasemda með 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Sérstaklega er tekið fram að rafmagn, varmi og önnur orka falli undir vöruhugtakið. Þá skal ekki heimta skatt af sölu viðskiptabréfa. Sala prentvarnings, t.d. frá prentsmiðju, er skattskyld og eins þótt prentvarningurinn hafi að geyma eyðublöð fyrir slík bréf.

Á sama hátt og gildir varðandi vörur skv. 1. mgr. er í 2. mgr. kveðið á um skattskyldu allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, með þeim undantekningum einum sem nefndar eru í 3. mgr. Af því sem sagt er hér að framan má ráða þá meginreglu varðandi skattskyldusviðið að vara, vinna eða þjónusta sem ekki er sérstaklega undanþegin virðisaukaskatti sé skattskyld.

Í 3. mgr. þessarar greinar er síðan að finna tæmandi upptalningu á þeirri vinnu og þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt frumvarpinu. Undanþágum þessum er haldið í algeru lágmarki. Þær eru í samræmi við undanþágur sem leyfðar eru hjá flestum þeim þjóðum sem búa við virðisaukaskattskerfi.

Áður en vikið verður nánar að umræddum undanþágum skal það ítrekað sem segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu að ef þjónustu aðila er haldið utan við

skattskyldusviðið samkvæmt þessari grein verða þeir að greiða innskatt af aðföngum, en fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattinum þar sem þeir verða að bera innskattinn, sbr. nánar 4. mgr. greinarinnar. Þessir aðilar eru að sjálfsögðu ekki skráningarskyldir og skráningarskyldir aðilar, sem eiga viðskipti við þá, fá ekki frádreginn neinn innskatt vegna innkaupa frá þeim. Nokkur eðlismunur er samkvæmt framansögðu á þeim undanþágum sem hér um ræðir annars vegar og lúta að vinnu og þjónustu og hins vegar þeim undanþágum sem rætt er um í 12. gr. og lúta að skattskyldri veltu, sbr. það sem rakið er í kafla 8.1 í almennum athugasemdum.

Sjónarmið, sem ráða því að undanþágur eru gerðar í 3. mgr., eru af ýmsum toga. Þannig má segja að félags- og heilbrigðissjónarmið ráði undanþágunum í 1. og 2. tl., tæknileg sjónarmið í 7., 10. og 13. tl., félagsleg og tæknileg í 3. og 9. tl. o.s.frv.

Í 1. tl. 3. mgr. er kveðið á um að ýmis heilbrigðis- og félagsleg þjónusta sé undanþegin. Önnur þjónusta af þessu tagi sem fellur undir 1. og 2. tl. 3. mgr. eftir atvikum, sbr. lokaorð beggja töluliðanna, er m.a. þjónusta elliheimila, endurhæfingarstöðva fyrir lamaða og fatlaða og stofnana fyrir þroskahefta. Sömuleiðis þjónusta sjúkraþjálfara sem fá sjúklinga til meðferðar frá lækni, enda sé hún greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Heilsuræktarstöðvar, sólbaðsstofur og önnur slík starfsemi fellur hins vegar ekki undir þessar undanþágur.

Til reksturs skóla og menntastofnana, sbr. 3. tl. 3. mgr., telst öll venjuleg skóla- og háskólakennsla, fagleg menntun, endurmenntun og önnur kennslu- og menntastarfsemi. Til undanþeginnar starfsemi samkvæmt þessu, auk hefðbundinnar skóla- og menntastarfsemi, telst t.d. starfsemi málaskóla, tónlistarkennsla og námskeið eða kennsla í skrifstofu- og stjórnunarfræðum.

Með hugtakinu „söfnum“ í 4. tl. 3. mgr. er m.a. átt við minjasöfn, náttúrugripasöfn og listasöfn.

Í 6. tl. 3. mgr. er kveðið á um að fólksflutningar séu undanþegnir skattskyldu. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi reglur um söluskatt.

Samkvæmt 7. tl. 3. mgr. er póstþjónusta undanþegin skattskyldu, að undanskyldum almennum bögglapósti. Rétt er að vekja athygli á því að fjarskipti hvers konar eru skattskyld.

Samkvæmt 8. tl. 3. mgr. er útleiga íbúðarhúsnæðis undanþegin. Samkvæmt gildandi söluskattslögum er ekki innheimtur söluskattur af húsaleigu almennt. Undanþágan í 8. tl. er í samræmi við það, að því er íbúðarhúsnæði varðar, til þess að ekki verði hækkun á húsnæðiskostnaði íbúðarleigjenda. Útleiga annars húsnæðis er hins vegar virðisaukaskattsskyld. Það þýðir m.a. að skráningarskylt fyrirtæki sem leigir atvinnurekstrarhúsnæði getur dregið innskattinn frá í virðisaukaskattsuppgjöri sínu.

Samkvæmt 9. tl. 3. mgr. er vátryggingastarfsemi undanþegin skattskyldu. Aðalástæðan fyrir því að undanþiggja vátryggingastarfsemi er að hún er í eðli sínu alþjóðleg og er undanþegin víðast hvar erlendis. Undanþágan er því nauðsynleg vegna samkeppnisástæðna, enda er óframkvæmanlegt að skattleggja einstakar tryggingar sem innlendir aðilar kunna að kaupa af erlendum vátryggingafélögum. Þá eru enn fremur í mörgum tilfellum vissir tæknilegir örðugleikar á því að reikna virðisaukaskatt í þessari grein. Þá styðja félagsleg sjónarmið þessa niðurstöðu þar sem ekki þykir eðlilegt að heimta virðisaukaskatt af ýmsum tryggingum, svo sem líftryggingum.

Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana er undanþegin af tæknilegum ástæðum, sbr. 10. tl. 3. mgr. Undir þessa undanþágu falla einnig aðilar sem hafa með höndum verðbréfamiðlun. Undir undanþáguákvæðið fellur einungis eiginleg banka- og lánastarfsemi. Ef aðilar þessir reka t.d. prentsmiðju í eigin þágu mundi slík starfsemi teljast skattskyld, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Vegna eðlis þeirrar starfsemi sem um ræðir í 11., 12. og 14. tl. 3. mgr. þykir rétt að undanþiggja hana skattskyldu. Starfsemi þessi hefur t.d. ætíð verið söluskattsfrjáls og er undanþegin virðisaukaskatti hjá nágrannaþjóðum okkar.

Ferðaskrifstofuþjónusta er þjónusta sem veitt er bæði innanlands og erlendis og er þess vegna undanþegin af tæknilegum ástæðum aðallega. Hér er eingöngu verið að undanþiggja þá starfsemi sem felst í milligöngu um ferðaþjónustu en ekki aðra starfsemi sem ferðaskrifstofur kunna að hafa með höndum.

Eins og áður segir verða aðilar sem stunda starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. að bera innskattinn af kaupum sínum á aðföngum á sama hátt og hinn almenni neytandi án nokkurs frádráttar- eða endurgreiðsluréttar.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um það sem undanþegið er samkvæmt þessari grein. Hann getur sett nánari skilyrði fyrir undanþágum en hins vegar er ekki gert ráð fyrir að önnur starfsemi sé undanþegin en upp er talin í greininni, sbr. þó 5. mgr.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni eru þeir aðilar skattskyldir sem selja eða afhenda vörur eða verðmæti eða inna af hendi vinnu eða þjónustu í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi. Þetta á bæði við um menn og lögaðila. Hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er að ræða fer eftir svipuðum sjónarmiðum og gilda um skilgreiningu þessara atriða í tekjuskattslögum. Sérstaklega er tekið fram um skattskyldu hvers konar félaga og stofnana sem eingöngu eiga viðskipti við félagsmenn sína og gætu af þeim sökum talist falla utan áðurnefndrar skilgreiningar. Hugtökin sala og afhending skýrast nánar í III. og IV. kafla þar sem ráð er fyrir því gert að þar undir geti meðal annars fallið skipti, afhending án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki og eigin not fyrirtækis á vöru, þjónustu og öðrum verðmætum. Um tímamörk sölu vísast nánar til 13. gr.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra ákveði með reglugerð að ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki þeirra, svo og aðrir aðilar sem reka starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, greiði virðisaukaskatt af vöru sem framleidd er til eigin þarfa eða af eigin þjónustu þar sem slíkt er nauðsynlegt með tilliti til samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja sem láta í té hliðstæða vöru og þjónustu sem skattskyld er.

Greinin kveður einungis á um þá aðila sem skyldir eru til að innheimta virðisaukaskatt við sölu eða afhendingu á vöru eða þjónustu. Skylda til að greiða virðisaukaskatt af innkaupum (innskatt) er hins vegar ekki bundin við þessa aðila. Þar er um að ræða almenna skyldu allra aðila, jafnvel þeirra sem almennt eru undanþegnir opinberum gjöldum í sérstökum lögum.

Um 4. gr.

Þeir aðilar sem njóta undanþágu samkvæmt greininni þurfa ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni en geta þá á hinn bóginn ekki fengið frádreginn virðisaukaskatt vegna innkaupa sinna. Minnt er á ákvæði í 3. mgr. 22. gr. sem kveða á um að hafi aðili sem undanþeginn er virðisaukaskatti tilgreint virðisaukaskatt á reikningum sínum skuli skila honum í ríkissjóð.

Samkvæmt 2. tl. greinarinnar er sala listamanns á eigin listaverkum ekki talin virðisaukaskattsskyld, enda falli listaverkið undir þar greind tollskrárnúmer. Öðrum aðilum sem selja listaverk, þ.m.t. uppboðshaldarar, ber hins vegar að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð. Undir hugtakið listaverk í þessu sambandi falla ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru.

Tilgangurinn með undanþáguákvæðinu í 3. tl. er að undanþiggja mjög lítil fyrirtæki eða starfsemi sem eingöngu er rekin í hjáverkum eða stöku sinnum. Þetta helgast fyrst og fremst

af hagkvæmnisástæðum. Þar sem þessi óskráðu fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni geta skráð fyrirtæki, sem kaupa af þeim aðföng, ekki fengið frádreginn neinn innskatt af þeim kaupum.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni skulu allir virðisaukaskattsskyldir aðilar tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá skattstjóra í því umdæmi sem þeir eru heimilisfastir. Skattstjóri heldur skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila. Þeir sem stunda landbúnað skulu skráðir á sérstaka skrá, sbr. 30. gr.

Samkvæmt gildandi söluskattslögum fær söluskattsskyldur aðili söluskattsskírteini hjá skattstjóra sem heimilar honum að kaupa endursöluvörur án söluskatts. Þar sem virðisaukaskattskerfið gerir ráð fyrir því sem aðalreglu að skattur sé innheimtur af öllum viðskiptum milli skráðra aðila er ekki þörf á slíkum skírteinum. Í 2. mgr. greinarinnar er þó gert ráð fyrir að skráningarskyldur aðili fái um það staðfestingu frá skattstjóra að skráning hafi farið fram og einnig er gert ráð fyrir því að hann fái sérstakt skráningarnúmer, sbr. 1. mgr. 20. gr., er fram kæmi á reikningum sem hann kann að gefa út.

Um skráningu starfandi fyrirtækja í fyrsta skipti við gildistöku laganna eru reglur í ákvæði til bráðabirgða II.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein getur fjármálaráðherra sett reglur um að fyrirtæki, er inna af hendi þjónustu sem ekki er skattskyld, geti farið fram á svokallaða frjálsa skráningu. Af frjálsri skráningu leiðir að fyrirtæki, sem þannig er skráð, ber að greiða virðisaukaskatt eftir almennum reglum af þeirri þjónustu er það innir af hendi og skráningin lýtur að.

Heimild til frjálsrar skráningar getur haft þýðingu fyrir fyrirtæki sem leggja þurfa í verulega fjárfestingu vegna viðskipta við skráða aðila. Við skráninguna verður þjónusta hins frjálst skráða fyrirtækis skattskyld andstætt því sem hún væri ella. Hins vegar getur fyrirtækið dregið frá útskatti innskatt af vörum og þjónustu sem það hefur keypt vegna þessarar sölu. Jafnframt er skráðum aðila, sem kaupir af viðkomandi umrædda þjónustu, heimilt að draga þannig greiddan skatt frá sem innskatt.

Af hagkvæmnisástæðum er kveðið á um að frjáls skráning geti aldrei staðið skemur en í tvö ár.

Eins og áður segir skulu fyrirtæki, sem skráð eru frjálsri skráningu, skila skatti af sölu á þeirri þjónustu sem skráning tekur til. Af þessu leiðir að skatti skal skila af allri þjónustu sem skráningin lýtur að, óháð því hver kaupir hana.

Í 4. mgr. er kveðið á um að þeir aðilar sem stunda byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað í þeim tilgangi að selja skráðum aðilum skv. 5. gr. geti farið fram á sérstaka skráningu vegna þessarar starfsemi. Að fenginni sérskráningu af þessu tagi er viðkomandi aðila heimilt að færa til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða sölu hans á fasteigninni til hins skráða kaupanda, sbr. 1. mgr. 16. gr. Ákvæði þessu er fyrst og fremst ætlað að tryggja samkeppnisstöðu aðila sem stundar byggingarstarfsemi á atvinnuhúsnæði til endursölu gagnvart þeim sem eru skráðir og byggja sjálfir slíkt húsnæði til eigin nota.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að virðisaukaskatt skuli reikna af heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 20. gr. skal upphæð virðisaukaskatts ætíð koma sérstaklega fram á reikningi þegar um viðskipti milli virðisaukaskattsskyldra aðila er að ræða. Eðlilegast er því að miða skattverðið við heildarandvirði eða heildarendurgjald hins selda án skattsins, sem þýðir að skatturinn kemur sérstaklega fram á reikningi sem síðan liggur til grundvallar innskattsfrádrætti skráningarskylds kaupanda.

Þá er í 1. tl. 2. mgr. kveðið á um að skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum skuli teljast hluti af skattverði. Skráður aðili á fyrri stigum viðskipta hefur oft þurft að skila t.d. framleiðslutollum og vörugjöldum af framleiðslu sinni. Þessi gjöld mynda síðan hluta af söluverði hans til skráðs kaupanda, t.d. smásala, sem ekki veit hve há þessi gjöld eru. Einfaldast er því að gjöld þessi teljist hluti af söluverði skráðs söluaðila og virðisaukaskattur reiknist af heildarfjárhæð sölunnar að meðtöldum þessum gjöldum. Reglan hefur það í för með sér að skráður kaupandi fær til frádráttar innskatt af hærri fjárhæð og söluaðili skilar samsvarandi hærri útskatti í ríkissjóð en verið hefði ef nettóaðferð hefði verið beitt. Niðurstaðan er sú sama fyrir ríkissjóð. Svipuð sjónarmið ráða því að hvers konar kostnaður og gjöld sem seljandi krefur kaupanda um teljist hluti skattverðs og skiptir í því sambandi ekki máli hvort þau eru innifalin í söluverði án sérgreiningar eða koma sérstaklega fram á reikningi eða á sérreikningi.

Ákvæðið í 2. tl. er í samræmi við gildandi skilgreiningar á skattverði til söluskatts og þarfnast ekki nánari skýringa.

Samkvæmt 3. tl. eru tengingar- og stofngjöld og önnur slík gjöld sem seljandi krefur kaupanda um hluti skattverðs. Ekki þykir hjá því komist að kveða sérstaklega á um þetta atriði í því skyni að koma í veg fyrir vafa í þessu sambandi. Ákvæðinu er ætlað að girða fyrir þann möguleika að aðilar, sem krefja um slík gjöld, verðleggi þjónustu á þann hátt að innheimta óeðlilega há stofngjöld en verðleggi aðra skattskylda vöru eða þjónustu þeim mun lægra til þess að komast hjá skattgreiðslu.

Í 4. tl. er kveðið á um að umboðs- og sölulaun og uppboðsþóknun séu hluti skattverðs. Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði gildandi laga um söluskatt.

Samkvæmt 5. tl. er það aðeins afsláttur sem liggur fyrir og er veittur þegar vara er afhent sem telst ekki til skattverðs. Í þeim tilfellum eingöngu er skattverðið söluverð að frádregnum afslætti. Allur annar afsláttur telst alltaf til skattverðs. Reglan byggir á því að virðisaukaskattsskyldur kaupandi má aðeins draga frá sem innskatt þann virðisaukaskatt sem greindur er á reikningi seljanda og seljandi verður að reikna virðisaukaskatt að fullu á reikningi sínum til kaupanda, vegna þess að á þeim tíma sem reikningurinn er gefinn út er ekki vitað hvort eða hvenær skilyrðum afsláttarins verður fullnægt. Verði skilyrðunum fullnægt síðar fer um frádráttarheimild eftir 3. tl. 5. mgr. 13. gr.

Nauðsynlegt þykir að taka fram að vextir og verðbætur, sem greiddir eru í afborgunarviðskiptum, teljast ekki til skattverðs enda hafi afhending þess selda þegar átt sér stað og í kaupsamningi kveðið á um vaxta- og verðbótagreiðslur. Kostnaður af þessu tagi, sem fellur til fram að afhendingu þess selda, telst hins vegar ætíð hluti skattverðs.

Varðandi 7. tl. vísast til þess sem fram kemur um 4. tl. hér að framan.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. eru ákvæði sem kveða á um við hvað skattverð skuli miðast þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu. Eigin úttekt telst skv. 11. gr. til skattskyldrar veltu. Sömu reglur gilda um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar í tilgangi sem ekki varðar skattskylda sölu þess eða í tilgangi sem varðar atriði er ekki veita rétt til frádráttar innskatti og rakin eru í 3. mgr. 16. gr. Skattverð í þessum tilvikum skal miða við gangverð án virðisaukaskatts í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Það sama á við þegar um er að ræða skipti á vörum eða þjónustu eða afhendingu án endurgjalds. Liggi slíkt gangverð ekki fyrir skal það reiknað út og í því sambandi skal taka tillit til alls tilkostnaðar að viðbættri venjulegri álagningu sem notuð er almennt í sambærilegum viðskiptum. Hér er um svipaðar reglur að ræða og gilda í núgildandi söluskattslögum.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. fellur fasteign ekki undir vöruhugtakið og er því ekki skattskyld. Hins vegar er byggingarstarfsemi, þ.e.a.s. efni til og vinna við húsbyggingar og

aðra mannvirkjagerð, skattskyld samkvæmt frumvarpinu. Af þessum sökum þykir nauðsynlegt að taka fram, svo óyggjandi sé, að eigin úttekt eiganda eða fyrirtækis á efni eða vinnu til húsbygginga er skattskyld og skattverð ákvarðast með sama hætti og kveðið er á í 1. mgr. í þeim tilvikum þegar bygging er notuð í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á vörum eða þjónustu eða tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Um 9. gr.

Ákvæðin í þessari grein eru sett til þess að koma í veg fyrir að óeðlileg verðlagning, í því skyni að lækka skattgreiðslur, eigi sér stað þegar um er að ræða viðskipti milli tengdra eða skyldra aðila. Á sama hátt og í 8. gr. skal í tilvikum sem þessum miða við almennt gangverð við ákvörðun skattverðs og vísast að öðru leyti til athugasemda um þá grein.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um sérreglu um skattverð þegar notaðar fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn eru seldar í endursölu í atvinnuskyni. Hér er um að ræða notaðar bifreiðar sem virðisaukaskattur hefur verið greiddur af við innkaup og ekki fengist frádreginn sem innskattur eða endurgreiddur. Ef ekki er sett sérregla um þetta atriði er ljóst að virðisaukaskattur safnast upp í verði þeirra notuðu bifreiða sem keyptar eru til endursölu í atvinnuskyni. Með þessum hætti er reynt að tryggja samkeppnisstöðu þeirra sem kaupa notaðar fólksbifreiðar til endursölu í atvinnuskyni gagnvart viðskiptum af sama tagi milli einkaaðila. Af ákvæðum greinarinnar leiðir að virðisaukaskattur leggst einungis á þann virðisauka sem myndast hjá viðkomandi endurseljanda en ekki heildarandvirði hins selda. Þessi regla getur að sjálfsögðu aðeins átt við þegar skattur samkvæmt frumvarpinu kemur ekki fram á reikningi við söluna til endurseljanda.

Um 11. gr.

Í upphafi 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að öll afhending vöru og verðmæta, vinnu og þjónustu gegn greiðslu teljist til skattskyldrar veltu nema sérstakar undanþágur komi til samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Til skattskyldrar veltu skal auk þess telja vörur sem teknar eru út af birgðum fyrirtækis til eigin nota eiganda fyrirtækis eða til notkunar í tilvikum þar sem ekki er leyfður frádráttur virðisaukaskatts á innkaupunum. Til skattskyldrar veltu telst einnig verðmæti þjónustu sem innt er af hendi fyrir eiganda fyrirtækis eða er ekki frádráttarbær.

Útsköttun (útreikningur útskatts) skattskyldrar vöru og þjónustu, sem notuð er af eiganda fyrirtækisins eða í áðurgreindum tilgangi, kemur einungis til greina að um sé að ræða vöru og þjónustu sem fyrirtækið sjálft framleiðir eða innir af hendi eða þegar fyrirtækið verslar með slíkar vörur og ekki er hægt að ákveða við innkaupin hvort þær verði endurseldar eða notaðar af eiganda o.s.frv. Athygli skal vakin á því í þessu sambandi að skráðu fyrirtæki er óheimilt að draga innskatt af innkaupum frá sem ekki varðar sölu fyrirtækisins á vörum þess og skattskyldri þjónustu, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Þetta þýðir að í þeim tilvikum þegar um er að ræða innkaup á vörum til eigin nota eigandans og fyrirtæki hans verslar ekki sjálft með vörurnar er fyrirtækinu óheimilt að reikna virðisaukaskatt af innkaupunum til innskatts og útskatta vörurnar þegar eigandi tekur þær í notkun síðar.

Samkvæmt 3. mgr. telst sala skráðs fyrirtækis á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum, sem notað hefur verið í fyrirtækinu, til skattskyldrar veltu. Sama gildir um vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að reglur frumvarpsins séu sniðgengnar vegna þess að við kaup á viðkomandi vörum og fjármunum hefur fyrirtækið fengið virðisaukaskattinn dreginn frá sem innskatt eða endurgreiddan sé innskattur hærri en útskattur.

Um 12. gr.

Í þessari grein er að finna veigamiklar undantekningar frá almennu reglunni um skattskylda veltu sem fram kemur í 11. gr. Samkvæmt greininni er heimilt að draga endurgjald fyrir tiltekna vöru, vinnu eða þjónustu frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Áhrif þessa eru fyrst og fremst þau að ekki á sér stað nein uppsöfnun skatts vegna þessara viðskipta þar sem þeir aðilar sem hér um ræðir hafa í flestum tilvikum heimild til frádráttar á innskatti, andstætt því sem raunin er hjá aðilum sem stunda viðskipti sem undanþegin eru skattskyldu samkvæmt 3. mgr. 2. gr.

Í 1. tl. er kveðið á um að vara sem seld er úr landi sé undanþegin virðisaukaskatti, svo og vinna og þjónusta sem veitt er og seld erlendis. Skattur af aðföngum vegna útfluttra vara og þjónustu fæst annað hvort dreginn frá útskatti af skattskyldri sölu skv. 15. gr. eða endurgreiddur skv. 26. gr. Útflutningur er þar með alveg undanþeginn virðisaukaskatti og er samkeppnisstaða hans því óháð skattinum, sbr. hins vegar uppsöfnun söluskatts í útflutningi við núverandi fyrirkomulag. Rétt er að leggja áherslu á að því aðeins er heimilt að halda viðskiptum utan skattskyldrar veltu samkvæmt þessum tölulið að hægt sé að styðja sölu úr landi lögboðnum skjölum og gögnum. Heimild þessi á t.d. ekki við um vörur sem kaupandi flytur síðar úr landi.

Samkvæmt 2.tl. eru vöruflutningar innanlands skattskyldir. Vegna frádráttarheimildar hefur skatturinn ekki áhrif á endanlegt vöruverð til neytanda. Vöruflutningar milli landa eru undanþegnir skattskyldri veltu. Þá er flutningskostnaður innanlands undanþeginn þegar flutt er beint til eða frá landinu. Þessi undanþága leiðir af undanþágu millilandaflutninga og er sett vegna þess hve erfitt kann að vera að skipta flutningskostnaði, t.d. vegna flutninga með skipi sem fer á margar hafnir innanlands áður en það kemur til áfangastaðar.

Í 3. og 4. tl. er vinna og þjónusta fyrir erlenda aðila undanþegin skattlagningu út frá svipuðum sjónarmiðum og búa að baki undanþágunni í 1. tl., þó að vinnan og þjónustan sé innt af hendi hérlendis.

Í 5. tl. er gert ráð fyrir að vistir og þjónusta sem veitt er um borð í millilandaförum sé undanþegin, svo og eldsneyti, tæki og búnaður sem notað er um borð. Sömu sjónarmið og búa að baki ákvæða 1.—3. tl. eiga og við hér.

Samkvæmt 6. tl. er sala og útleiga loftfara og skipa, annarra en einkaloftfara og skemmtibáta, undanþegin skattskyldri veltu. Þó svo að sérreglu þessari væri ekki fyrir að fara yrði ekki um uppsöfnun virðisaukaskatts í fjárfestingu af þessu tagi að ræða þar eð viðkomandi aðilar gætu að sjálfsögðu dregið hann frá sem innskatt. Ákvæðið kemur hins vegar í veg fyrir fjárbindingu í lengri eða skemmri tíma vegna skattsins sem getur verið verulega kostnaðarsöm þar sem hér er oft á tíðum um verulega fjárfestingu að ræða. Sambærilegar reglur gilda um sölu á þessum vörum í nágrannalöndunum. Hliðstætt undanþáguákvæði er í gildandi söluskattslöggjöf og hefur upptaka virðisaukaskattsins því enga breytingu í för með sér að þessu leyti.

Samkvæmt 7. tl. er viðgerðar- og viðhaldsvinna sem unnin er við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og varahlutir sem notaðir eru í því sambandi, undanþegin skattskyldri veltu. Með föstum útbúnaði er aðallega átt við útbúnað sem er fastur við skip eða loftfar, t.d. fjarskiptabúnaður, radar og önnur siglingatæki en nær einnig til björgunarbáta og annars öryggisútbúnaðar. Veiðarfæri, fiskikassar og annað lausafé telst ekki til fasts útbúnaðar í þessu sambandi. Með ákvæði þessu er fyrst og fremst stefnt að því að tryggja að fullu samkeppnisstöðu innlendra viðgerðaraðila gagnvart erlendum viðgerðaraðilum.

Í 8. tl. er lagt til að sala dagblaða og almennra frétta- og landsmálablaða, sem koma út með reglubundnum hætti, verði undanþegin skattskyldri veltu. Undanþága þessi er í samræmi við reglur sem gilda í nágrannalöndum. Markmiðið með henni er fyrst og fremst að raska ekki viðkvæmri samkeppnisstöðu dagblaða gagnvart öðrum fjölmiðlum. Undanþágan

nær aðeins til blaða sem hafa að geyma almennar fréttir af innlendum og erlendum vettvangi en ekki til blaða sem flytja fréttir af afmörkuðum málaflokkum svo sem fagtímarita ýmiss konar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um undanþágu þessa í reglugerð samkvæmt heimild í 2. mgr. þessarar greinar.

Í 9. tl. er kveðið á um skattfrelsi erlendra tímarita sem seld eru í áskrift milli hins erlenda útgefanda og innlendra áskrifenda. Að baki undanþágu þessari býr fyrst og fremst sú staðreynd að í framkvæmd er ekki mögulegt að koma við og hafa eftirlit með skattheimtu í þessum tilvikum þar sem dreifing erlendra tímarita sem seld eru í áskrift á sér stað í almennum bréfapósti.

Í 2. mgr. er heimild til handa fjármálaráðherra til að setja reglur um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt greininni. Einnig hefur hann heimild til að undanþiggja aðra þjónustu en þá sem upp er talin að framan ef þjónusta er veitt aðilum erlendis. Samkvæmt þessari málsgrein getur ráðherra ákveðið um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna vegna innkaupa þeirra hérlendis.

Í 3. mgr. er tekið fram að vörur, sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi einum sem um ræðir í 3. mgr. 16. gr., teljist ekki til skattskyldrar veltu ef fyrirtæki selur þær síðar. Reglan helgast af því að virðisaukaskattur á innkaupum í nefndum tilgangi heimilast ekki til frádráttar sem innskattur.

Samkvæmt 4. mgr. er sala á vörubirgðum, vélum og öðrum rekstrarfjármunum undanþegin skatti þegar fyrirtækið í heild eða að hluta er selt til skattskylds aðila. Þessi undanþága er sett af hagkvæmnisástæðum þar sem ríkissjóður fær engar skatttekjur vegna þessara viðskipta. Seljandi mundi að vísu skila skatti vegna sölunnar en kaupandi fær sömu fjárhæð endurgreidda eða getur dregið hana frá útskatti. Forsenda fyrir þessari undanþágu er að skattyfirvöldum sé tilkynnt um eigendaskipti innan átta daga frá því að salan fór fram.

Um 13. gr.

Í greininni eru ákvæði um uppgjör skattskyldrar veltu. Aðalreglan er sú að það fer eftir því hvenær afhending vörunnar eða hinnar skattskyldu þjónustu fer fram til hvaða uppgjörstímabils skattskylda veltan telst. Tímamark skattskyldu er þannig tengt afhendingu. Það er því afhendingin (afhendingarreglan eða reikningsaðferðin) en ekki innborganir (greiðsluaðferðin) sem ræður því hvenær skattskilin fara fram. Í samræmi við þetta er tekið fram í 2. mgr. að sé gefinn út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á þeim degi, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingunni.

Samkvæmt framansögðu breytir engu í sambandi við tímamark skattskila þótt greiðsla fari fram eftir afhendingu, t.d. þegar um er að ræða sölu gegn gjaldfresti eða með afborgunarskilmálum, þar sem settir kunna að verða skilmálar um hlutbundinn rétt seljanda í hinu selda, verði ekki staðið í skilum með greiðslur, t.d. sölu með eignarréttarfyrirvara. Sama á við eftir atvikum um kaupleigusamninga (fjármögnunarleigu) sem samkvæmt eðli sínu yrðu fremur taldir vera kaupsamningar en afnotasamningar.

Í 3. mgr. er hins vegar fjallað um tilvik þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað, en þá teljast sem aðalregla 80,65% af hinni mótteknu fjárhæð til hinnar skattskyldu veltu á því tímabili þegar greiðsla fer fram. Þetta ákvæði er sett í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að reikningsútgáfa sé dregin á langinn.

Í 4. mgr. kemur fram sérákvæði er varðar umsýslu eða umboðssölu þar sem aðilum, sem afhenda vörur í umboðs- eða umsýslusölu (umbjóðendum), er gefinn kostur á að velja á milli afhendingaraðferðarinnar og greiðsluaðferðarinnar.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði um að við uppgjör á skattskyldri veltu geti seljandi, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, dregið frá skattskyldri veltu vegna endursendra vara og taps á útistandandi viðskiptaskuldum. Svipaðar reglur gilda um greiðslur skv. 3. mgr.

þessarar greinar áður en afhending fer fram. Ástæðan fyrir þessum ákvæðum er sú að skattskyld velta er gerð upp samkvæmt afhendingaraðferðinni. Hér er þannig sett fram sú meginregla að með innborgunum inn á umsamda sölu sé verið að greiða jafnt hlutdeild í virðisaukaskatti sem söluandvirði vörunnar að öðru leyti, og því beri að skila virðisaukaskatti til ríkisins þá þegar.

Hlutfallstalan 80,65% er það hlutfall af greiðslu sem nemur söluandvirði þess selda án virðisaukaskatts ef reiknað er með að virðisaukaskattur sé innifalinn í greiðslunni.

Í 1. og 2. tl. 5. mgr. eru heimildir til að draga frá 80,65% þeirra fjárhæða sem aðili þarf að endurgreiða viðskiptamönnum sínum vegna endursendra vara. Undir þetta ákvæði myndu einnig falla endurgreiðslur vegna gallaðra vara. Sama gildir um fjárhæðir sem tapast vegna útlánsviðskipta.

Sé virðisaukaskattsskyldum viðskiptavini skattaðila veittur afsláttur eftir að afhending hins selda hefur farið fram er heimilt skv. 3. tl. 5. mgr. að draga afsláttinn frá skattskyldri veltu, enda hafi skilyrði til veitingar afsláttarins ekki verið til staðar við afhendingu. Það er forsenda fyrir færslum af þessu tagi að fullnægjandi fylgiskjöl liggi fyrir þar sem afsláttur og virðisaukaskattur koma fram, sbr. athugasemdir við 7. gr.

Afslátt til óskattskylds aðila eftir að afhending hefur átt sér stað er ekki heimilt að draga frá skattskyldri veltu þar sem telja má að ógjörningur sé fyrir skattyfirvöld að fylgjast með því að veiting slíks afsláttar sé ekki misnotuð.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að virðisaukaskattur renni í ríkissjóð en skatti þessum er ætlað að koma í stað núverandi söluskatts sem er 20%, söluskattsauka sem er 2,5%, orkujöfnunargjalds sem er 1,5% og húsnæðisgjalds sem er 1%. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda hér að framan um stærð skatthlutfallsins.

Gert er ráð fyrir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í innheimtum virðisaukaskatti samkvæmt frumvarpi þessu verði þær sömu og þær ella hefðu orðið samkvæmt ákvæðum laga um söluskatt. Í söluskattslögunum er kveðið á um að framlagið í Jöfnunarsjóð skuli nema 8% af söluskattinum. Jöfnunarsjóður á hins vegar ekki hlutdeild í söluskattsaukanum, orkujöfnunargjaldinu eða húsnæðisgjaldinu. Gert er ráð fyrir að 5,4% af innheimtum virðisaukaskatti hverju sinni jafngildi tekjum þeim sem Jöfnunarsjóður hefur nú af söluskatti. Af lagatæknilegum ástæðum er horfið frá því að kveða á um mörkun þessa tekjustofns Jöfnunarsjóðs í þessu frumvarpi. Þess í stað er lagt til að um þetta atriði verði kveðið sérstaklega á í lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem ákvæði af þessu tagi á samkvæmt efni sínu betur heima.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að sérhver skattskyldur aðili skal skila til ríkissjóðs mismun innskatts af aðföngum og útskatts af sölu á hverju uppgjörstímabili. Í þessari málsgrein felst ein meginregla virðisaukaskattskerfisins, þ.e. að skattaðili greiðir og skilar í ríkissjóð skatti af þeim virðisauka sem á hverju tímabili hefur myndast í fyrirtæki hans. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort innkaup og sala á tiltekinni söluvöru falli til á einu og sama uppgjörstímabili. Innskatt má strax draga frá jafnvel þótt varan sé keypt eða framleidd til birgðaaukningar og seld á síðari tímabilum. Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal endurgreiða skattaðila mismuninn eftir reglum sem fram koma í 26. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er hugtakið „útskattur“ skilgreint en samkvæmt þeirri skilgreiningu skal leggja virðisaukaskatt á alla skattskylda sölu eða afhendingu skattaðilans. Skatturinn reiknast af skattverði hins selda, sbr. 7. gr.

Innskattur, sbr. 3. mgr., er virðisaukaskattur af öllum vörum og aðföngum til nota í rekstrinum. Hér er ekki eingöngu átt við skatt af efni til vinnslu eða af vörum til endursölu, heldur einnig skatt af fjárfestingum og rekstrarvörum, enda séu fjármunir þessir tengdir tekjuöflun fyrirtækisins. Sem dæmi má nefna skatt af byggingum, vélum, áhöldum o.fl. í atvinnurekstri. Til frekari skýringar skal eftirfarandi tekið fram:

Aðalreglan er sú að virðisaukaskattur af innkaupum skráðs fyrirtækis telst til innskatts að því leyti sem innkaupin varða sölu (veltu) fyrirtækisins á skattskyldum vörum og þjónustu, þ.e.a.s. bæði þá veltu sem greiða skal virðisaukaskatt af og þá veltu sem ekki er reiknaður virðisaukaskattur af samkvæmt ákvæðum 12. gr. (útflutningur o.s.frv.) Í 3. mgr. 16. gr. eru hins vegar tilgreind ýmis innkaup með virðisaukaskatti þar sem ekki er heimilt að telja skattinn af innkaupunum til innskatts, jafnvel þótt þau að öllu leyti eða að hluta gætu talist varða sölu fyrirtækisins á skattskyldum vörum og þjónustu, sbr. nánar athugasemdir við 16. gr.

Í 4. mgr. er í samræmi við áðurnefnda reikningsaðferð, sbr. athugasemdir við 13. gr., kveðið á um að til innskatts á hverju uppgjörstímabili teljist sá virðisaukaskattur sem fram kemur á reikningum til kaupanda vegna afhendingar skattskyldrar vöru og þjónustu á tímabilinu. Hins vegar gildir svokölluð greiðsluregla um virðisaukaskatt af innflutningi, þ.e.a.s. innflytjandi skal telja virðisaukaskatt af innflutningi til innskatts á sama tímabili og greiðsla fer fram til tollyfirvalda, sbr. XI. kafla.

Um 16. gr.

Í greininni er að finna nánari afmörkun þess hvað teljist til innskatts sem síðan má draga frá útskatti eða fá endurgreitt.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að til innskatts megi aðeins telja virðisaukaskatt af innkaupum o.s.frv. sem eingöngu varðar sölu (veltu) skattskyldrar vöru og þjónustu. Samkvæmt þessu ákvæði væri t.d. óheimill frádráttur vegna innskatts sem varðar byggingu sem aðeins að hluta er notuð í skattskyldri starfsemi fyrirtækisins. Í 2. mgr. er hins vegar að finna ákvæði þar sem fjármálaráðherra er heimilað að setja reglur um frádrátt að hluta (eftir atvikum hlutfallslegan) frádráttarrétt vegna virðisaukaskatts á innkaupum sem varða ekki að fullu sölu skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu. Þá er fjármálaráðherra á sama hátt heimilað að leiðrétta áður fenginn frádrátt vegna virðisaukaskatts þegar breyting verður síðar á notkun varanlegra rekstrarfjármuna sem hefur í för með sér breytingu á frádráttarréttinum.

Í 3. mgr. eru tiltekin ýmis innkaup sem ekki koma til greina við uppgjör innskatts. Athygli skal vakin á því að það leiðir þegar af ákvæðum 1. mgr. að frádráttur innskatts á vörum sem keyptar eru til einkaneyslu eigandans er óheimill. Slík innkaup varða ekki sölu fyrirtækisins á skattskyldum vörum og þjónustu. Þau innkaup o.s.frv. sem ekki heimila frádrátt innskatts skv. 3. mgr. eru kaup á matvælum til neyslu starfsfólks, enn fremur öflun og rekstur íbúðarhúsnæðis, barnaheimila, orlofsbúða o.s.frv. auk annarra innkaupa sem varða önnur hlunnindi til starfsfólks eða eiganda. Í skilningi frumvarps þessa má líta á innkaup í slíkum tilgangi sem kaup til endanlegrar neyslu, þ.e.a.s. ef fyrirtækið hefði greitt hærri peningalaun í staðinn fyrir að veita starfsfólkinu hlunnindi, hefði starfsfólkið þurft að greiða virðisaukaskatt við kaup á viðkomandi vörum og þjónustu.

Bann á frádráttarheimild vegna risnu, gjafa og gistingar er m.a. sett vegna þess hve erfitt yrði að koma í veg fyrir misnotkun. Það skal þó tekið fram að gjafir sem bersýnilega eru gefnar og notaðar í auglýsingaskyni eru frádráttarbærar, eins og t.d. almanök, pennar o.s.frv. Í 7. tl. er takmörkun á frádráttarheimild vegna öflunar, rekstrar og leigu fólksbifreiða fyrir færri en níu menn. Án slíkrar takmörkunar kæmu upp svipuð vandamál og nú eru í tekjuskattslögum varðandi ákvarðanir um hvað teljist vera einkanot eiganda og hvað teljist vera afnot vegna atvinnurekstrar.

Í 4. mgr. eru ákvæði um innskattsfrádrátt ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana þeirra, svo og um innskatt vegna eigin nota þeirra aðila er um ræðir í 2. mgr. 3. gr. Ákvæði þetta er sett til öryggis en um frádrátt þeirra mundu að öðru leyti gilda reglur sem settar yrðu á grundvelli heimildar í 2. mgr. þessarar greinar.

Ákvæðum 5. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir tvísköttun í þeim tilvikum þegar um er að ræða notkun eiganda fyrirtækis á vörum sem það framleiðir eða verslar með eða þjónustu sem það innir af hendi og ber skv. ákvæðum 1. mgr. 11. gr. að telja skattskylda veltu. Sama á við um notkun fyrirtækisins sjálfs á vörum þessum eða þjónustu í tilgangi sem ekki varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi sem lýst er í 3. mgr. þessarar greinar. Reglan felur m.a. í sér að smásali getur tekið út vörur til einkaneyslu af vörubirgðum sínum enda þótt virðisaukaskattur hafi verið talinn til innskatts við kaup þessara vara. Smásalanum ber hins vegar að telja hinar útteknu vörur til skattskyldrar veltu, sbr. 1. mgr. 11. gr.

Í 6. mgr. kemur fram að aðilar sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða eru ekki háðir þessari takmörkun á frádráttarrétti varðandi þær bifreiðar sem seldar eru eða leigðar. Ákvæði 7. tl. gilda hins vegar að sjálfsögðu um aðrar bifreiðar sem þessir aðilar nota í rekstri sínum.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú mikilvæga meginregla að virðisaukaskattsskyldir aðilar skuli haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila. Segja má að aðrar greinar kaflans feli í sér nánari útfærslu á þessari meginreglu.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar verður bókhald vegna virðisaukaskatts að færast í sjálfu aðalbókhaldinu eða í sérstökum undirbókum sem byggjast á aðalbókhaldinu. Eðlilegast og hagkvæmast mun í flestum tilfellum að færa þetta bókhald í sjálfu aðalbókhaldinu.

Í 4. mgr. er boðið að sérstaka reikninga skuli færa í bókhaldi fyrir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Gert er ráð fyrir því að annað hvort sé innskattur og útskattur færðir á þessa sérstöku reikninga jafnóðum eða í lok hvers uppgjörstímabils. Ef síðari aðferðin er notuð er gert ráð fyrir því að fjárhæð innskatts eða útskatts sé reiknuð í lok uppgjörstímabils sem 19,35% af innkaupum eða sölu að meðtöldum skatti, miðað við 24% skatt.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að virðisaukaskattskyldir aðilar sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum skuli færa sérstakt bókhald vegna virðisaukaskatts. Sem dæmi um slíka aðila má nefna bændur sem stunda búrekstur þar sem afurðirnar eru að meiri hluta seldar eða lagðar inn hjá vinnslustöðvum eða samtökum, sem hafa með höndum vinnslu eða dreifingu þeirra, en ekki seldar beint til smásala eða neytenda, sbr. síðari málslið 15. tl. b—liðs 2. gr. laga nr. 51/1968, um bókhald. Hjá þessum aðilum geta innleggsnótur (afreikningar) eða móttökukvittanir vinnslustöðva og samlaga komið í stað reikninga vegna sölu þeirra á afurðum, sbr. 2. mgr. 21. gr. frv. Hins vegar myndu þessir aðilar þurfa að varðveita alla reikninga yfir aðkeypt aðföng til þess að fá frádreginn innskatt. Í 5. mgr. er síðan gert ráð fyrir því að þeir haldi sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti og að fjármálaráðherra ákveði nánar um tilhögun þess. Rétt er að taka fram að sala bænda beint til neytenda er háð ákvæðum frumvarps þessa um reikningsútgáfu.

Um 19. gr.

Greinin hefur að geyma sönnunarreglu sem er fyrst og fremst þýðingarmikil fyrir þá aðila sem reka margþætta starfsemi þegar sumir hlutar hennar eru skattskyldir en aðrir

undanþegnir, sbr. t.d. 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 20. gr. Hafi þessir aðilar t.d. ekki hagað bókhaldi sínu og gögnum þannig að þeir geti sýnt fram á að sala sé undanþegin virðisaukaskatti geta þeir átt það á hættu að salan verði talin skattskyld.

Um 20. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattsreglna um reikningsútgáfu.

Athygli skal vakin á því að skv. 1. mgr. skal upphæð virðisaukaskatts ætíð koma fram þegar um er að ræða sölu til virðisaukaskattsskylds aðila.

Ákvæði 6. mgr. tengjast hinni víðtæku upplýsingaskyldu sem lögð er á aðila skv. 38. gr. Mjög mikilvægt er að unnt sé að rekja viðskipti milli skráðra aðila í virðisaukaskatti, m.a. vegna heimildar kaupanda til frádráttar innskatts. Ekki eru settar um það nánari reglur í frumvarpinu hvernig skráður aðili hagar bókhaldi sínu til þess að geta gefið upplýsingar um sölu til einstaks skráðs aðila, en hann getur t.d. gert þetta með því að varðveita eitt eintak sölureikninga í stafrófsröð ef ekki er færð sérstök viðskiptamannabók yfir slíka sölu. Skráður kaupandi verður einnig samkvæmt frumvarpinu að geta gefið upplýsingar um kaup sín frá einstökum skráðum seljendum. Ef um er að ræða kaup gegn gjaldfresti er skylt samkvæmt bókhaldslögum að færa slík viðskipti í viðskiptamannabók og gæti þá kaupandi gefið upplýsingar úr viðskiptareikningi viðkomandi seljanda. Ekki er í frumvarpi þessu gert að skyldu að halda viðskiptamannabækur umfram það sem skylt er samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald. Vegna hinnar víðtæku upplýsingaskyldu getur þó verið hagkvæmt fyrir fyrirtæki að skrá slíkar upplýsingar jafnóðum.

Ákvæði 7. mgr. tengjast ákvæðum 15. gr., sbr. 16. gr., um frádrátt vegna innskatts, sbr. enn fremur 35. gr. um virðisaukaskatt við innflutning. Geti virðisaukaskattsskyldur aðili ekki lagt fram umrædd gögn í réttu formi til sönnunar innskatti getur hann átt það á hættu að frádráttur vegna innskatts af viðkomandi viðskiptum verði ekki leyfður. Ákvæði lokamálsliðar 7. mgr. eru sett til þess að létta vinnu af aðilum í smásöluverslun.

Um 21. gr.

Staðgreiðslusala smásöluverslana og hliðstæðra aðila er undanþegin reikningsskyldu. Slík reikningsskylda væri almennt ekki framkvæmanleg í smásöluverslun auk þess sem hér er að meginstefnu til um að ræða sölu til neytenda sem endanlega bera virðisaukaskattinn og þurfa því ekki reikning vegna frádráttar innskatts. Sé slík sala hins vegar til skráðs kaupanda þarf hann að hafa fullnægjandi reikning til sönnunar vegna frádráttar innskatts. Í slíkum tilfellum verður því að leggja þá skyldu á smásala að hann gefi út reikning vegna staðgreiðslusölu í smásölu. Eðlilegt getur verið að víkja frá kröfum 20. gr. um auðkenni á reikningi, t.d. að tilgreina bílnúmer í stað nafns kaupanda á reikningi, og er fjármálaráðherra ætlað að setja nánari reglur um slík frávik.

Varðandi 2. mgr. vísast til athugasemda um 5. mgr. 18. gr. hér að framan.

Um 22. gr.

Nauðsynlegt þykir að leggja beint bann við því að aðilar undanþegnir virðisaukaskattsskyldu tilgreini á reikningum sínum eða gefi á annan hátt til kynna að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð. Þetta bann er ekki einungis nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki innheimti ranglega virðisaukaskatt sem ekki er skilað í ríkissjóð, heldur einnig til þess að koma í veg fyrir að skráður viðskiptamaður slíks fyrirtækis fái óréttmætan frádrátt vegna innskatts, sem af seljanda er ekki skilað sem útskatti í ríkissjóð. Ákvæði 1. mgr. hafa að geyma þetta bann en 3. mgr. fjallar um það hvernig skuli leiðrétta ef út af hefur verið brugðið.

Af svipuðum toga er efni 2. mgr., en þar er fjallað um seljanda sem er heimilt að gera upp tekjur sínar samkvæmt afreikningi frá vinnslustöðvum eða samlögum, sbr. 2. mgr. 21. gr.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að verð á vöru eða skattskyldri þjónustu sé tilgreint að meðtöldum virðisaukaskatti. Hér er átt við upplýsingar um verð vöru í auglýsingum eða með öðrum hætti og er reglan sett með hagsmuni neytenda í huga.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að uppgjörstímabilin verði tveir mánuðir í stað eins mánaðar í núgildandi söluskattskerfi. Markmiðið með því að lengja uppgjörstímabilin er m.a. að draga nokkuð úr vinnu gjaldanda og þeirri vinnu sem skattyfirvöld þurfa að leggja í við úrvinnslu á skýrslum en sú vinna mun aukast við upptöku virðisaukaskatts, m.a. vegna fjölgunar skattaðila.

Í 2. mgr. er gjalddagi virðisaukaskatts ákveðinn 5. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Þetta þýðir að virðisaukaskatti ásamt skýrslu vegna t.d. tímabilsins janúar/febrúar skal skilað eigi síðar en 5. apríl. Í 3. mgr. kemur fram að skila ber skýrslu þegar innskattur er hærri en útskattur en skv. 26. gr. ber þá að endurgreiða úr ríkissjóði mismun innskatts og útskatts.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. geta fyrirtæki sem eru að jafnaði með lægri útskatt en innskatt vegna útflutnings fengið heimild skattstjóra til að vera með almanaksmánuð sem uppgjörstímabil. Viðkomandi fyrirtæki, sem eiga þannig að jafnaði að fá endurgreiðslu, þurfa því ekki að bíða allt upp í rúma þrjá mánuði eftir endurgreiðslu. Fyrirtæki sem eru fyrst og fremst útflutningsfyrirtæki og hafa að jafnaði helmingi minni útskatt en innskatt geta fengið heimild til að hafa vikulegt uppgjörstímabil. Með þessum hætti er reynt að koma í veg fyrir óhóflega langa fjárbindingu hjá þeim aðilum sem falla undir greinina.

Gert er ráð fyrir að umsókn um breytt uppgjörstímabil hafi borist skattstjóra a.m.k. mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar og að fyrirtæki sé bundið af hinu nýja uppgjörstímabili í tvö ár. Þessi tímatakmörk eru sett til að koma í veg fyrir að þeir sem í einstaka tilvikum sjá sér hag í að nýta sér þessar reglur, en njóta að öðru leyti hagræðis af tveggja mánaða uppgjörstímabili vegna þess að útskattur þeirra er að jafnaði hærri en innskattur, breyti óeðlilega oft um uppgjörstímabil.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein á skattstjóri að yfirfara virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef með þarf. Þá ber skattstjóra að áætla ef aðili skilar ekki skýrslu eða ef skýrslan, þ.m.t. fylgigögn hennar, er ófullnægjandi og ekki unnt að byggja á henni, t.d. þegar hún er óundirrituð, ólæsileg o.s.frv. Skattstjóri skal ávallt tilkynna skattaðila og innheimtumanni um áætlanir og breytingar sem hann gerir skv. þessari grein. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við núgildandi reglur um söluskatt.

Um 26. gr.

Þegar skattaðili skilar virðisaukaskattsskýrslu þar sem fram kemur að innskattur hefur verið hærri en útskattur á uppgjörstímabilinu er samkvæmt þessari grein gert ráð fyrir að ríkissjóður endurgreiði mismuninn innan 15 daga frá lokum skilafrests enda hafi skýrslunni verið skilað á tilsettum tíma. Sé skýrslu ekki skilað á tilsettum tíma er skattaðila áætlaður skattur, sbr. 25. gr., og gefinn 15 daga kærufrestur, sbr. 29. gr. Komi skattaðili með

endurgreiðslukröfu áður en kærufresti lýkur skal ríkissjóður endurgreiða skattinn innan 15 daga frá því skattstjóri hefur úrskurðað í málinu.

Þegar svo er ástatt að skattstjóri geti ekki gert nauðsynlegar athuganir á bókhaldi og öðrum gögnum sem skýrslugjöfin byggist á vegna aðstæðna skattaðila, t.d. þegar skattaðili afhendir ekki gögnin, ekki næst til skattaðila o.s.frv., framlengist framangreindur frestur.

Í 3. mgr. kemur fram að því aðeins megi endurgreiða skatt að fyrir liggi skattákvörðun vegna fyrri tímabila. Það þykir ekki rétt að skattaðili geti fengið endurgreiðslu á einhverju uppgjörstímabili á sama tíma og skattstjóri er að fjalla um skýrslu vegna fyrra tímabils. Þá er í málsgreininni kveðið á um að endurgreiðslukröfu skuli skuldajafna á móti vangreiddum skatti og samkvæmt eðli málsins á það sama við um ofendurgreiddan skatt.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um álagsgreiðslur sem skattaðila er gert að sæta ef virðisaukaskatti er ekki skilað á tilskildum tíma, virðisaukaskattur áætlaður eða ef endurgreiðsla hefur verið of há. Fylgt er sömu grundvallarreglum um álag og nú eru í söluskattslögum. Þó er álag fyrir hvern byrjaðan vanskiladag 1% í stað 4% í söluskattslögum. Hámarksálag er hins vegar 10%. Ákvæði um dráttarvexti eru í 28. gr.

Þá eru í greininni svipuð ákvæði og í söluskattslögum um heimild skattstjóra til að falla frá viðurlögum og breyta áætlun utan kærufrests ef skattaðili færir til þess gildar ástæður að mati skattstjóra.

Heimildir skattstjóra, ef í ljós kemur að skattaðili hefur greitt of lágan skatt eða ef fylgiskjöl eða bókhald eru ófullnægjandi, eru einnig sambærilegar við núgildandi framkvæmd söluskattslaga.

Samkvæmt 10. mgr. skal ætíð gera aðila viðvart áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 9. mgr., sbr. hins vegar 25. gr., þar sem skattstjóra nægir að tilkynna aðila um þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið samkvæmt þeirri grein.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir svipuðum reglum um dráttarvexti og er í núgildandi söluskattslögum þegar skattaðili greiðir ekki virðisaukaskatt innan mánaðar frá gjalddaga.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ríkissjóður greiði skattaðila dráttarvexti ef endurgreiðsla skv. 26. gr., sem skattaðili á rétt á og ríkissjóði ber að greiða, hefur dregist í a.m.k. mánuð. Vegna hins sérstaka eðlis þessara endurgreiðslna þykir rétt að gera ríkissjóði að greiða dráttarvexti enda getur verið um mikla fjármuni að ræða.

Rétt þykir að tryggja kröfur ríkissjóðs á virðisaukaskatti, þ.m.t. of há endurgreiðsla, ásamt álagi og dráttarvöxtum, svo sem kostur er. Kröfur þessar njóta skv. 2. mgr. lögtaksréttar. Þær eru forgangskröfur utan skuldaraðar og er óheimilt að slíta félögum fyrr en kröfur þessar eru greiddar. Hér er að sumu leyti um að ræða aukna tryggingu á kröfum ríkissjóðs miðað við núgildandi söluskattslög.

Um 29. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um kærurétt vegna ákvörðunar skattstjóra á virðisaukaskatti, svo og úrskurðarfresti skattyfirvalda.

Gert er ráð fyrir að kærufrestir til skattstjóra og ríkisskattstjóra verði 15 dagar. Úrskurðarfrestir skattstjóra og ríkisskattstjóra eru einnig 15 dagar.

Samkvæmt 4. mgr. hefur fjármálaráðherra rétt til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattstjóra.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að haldin sé hjá skattyfirvöldum sérstök skrá yfir skattaðila sem stunda landbúnað. Þessi skrá er nauðsynleg vegna sérákvæða sem fram koma í 31.—34. gr.

Um 31. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að á afurðir skattaðila sem stunda landbúnað og lagðar eru inn hjá vinnslu- og dreifingaraðilum leggist lægra skatthlutfall en hjá öðrum skattaðilum. Hlutfallið er 11%. Með andvirði afurða er átt við heildarverðmæti hins selda án nokkurs frádráttar, sbr. 7. gr.

Landbúnaður hefur að mörgu leyti sérstöðu í íslensku atvinnulífi. Bændur eru ekki almennt bókhaldsskyldir (nema þeir sem selja meiri hluta afurða beint til smásala eða neytenda, sbr. 15. tl. b-liðar 2. gr. bókhaldslaga) og atvinnurekstrartekjur hvers um sig koma oftast frá fáum aðilum (vinnsluaðilum) og sala til endanlegs neytanda er oft lítil. Það þykir því hafa ýmsa kosti bæði fyrir skattaðila sjálfa og ríkið að stefna að því að þeir verði sem hlutlausastir í kerfinu. Tryggja þarf að skattaðili fái endurgreiddan virðisaukaskatt sem hann greiðir öðrum af aðföngum sínum en jafnframt að hann liggi ekki með virðisaukaskatt sem hann innheimtir.

Skatthlutfallið í þessari grein byggist á athugun Þjóðhagsstofnunar og miðast við það að þegar á heildina er litið sé virðisaukaskattur sem skattaðili greiðir öðrum (innskattur) og virðisaukaskattur sem hann innheimtir frá vinnslustöðvum (útskattur) sem næst sama fjárhæð eftir árið. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Þegar selt er öðrum en aðilum sem hafa með höndum vinnslu eða dreifingu afurða samkvæmt þessari grein ber að innheimta fullan virðisaukaskatt vegna þess að við sölu til neytenda er virðisaukaskattur á landbúnaðarafurðir að sjálfsögðu 24% eins og á öðrum vörum. Við sölu á rekstrartækjum skal ætíð innheimta 24% virðisaukaskatt.

Um 32. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 31. gr. er stefnt að því að aðilar í landbúnaði séu hlutlausir í kerfinu og innheimti á hverjum tíma virðisaukaskatt sem nemur svipaðri fjárhæð og þeir greiða af aðföngum sínum. Því þykir rétt, m.a. til að draga úr skriffinnsku og vinnu hjá skattyfirvöldum og gjaldendum, að þeir sem stunda landbúnað skili skýrslu að jafnaði aðeins einu sinni á ári. Skilafrestur er sá sami og skattaðili hefur til að skila skattframtali sínu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Framangreind regla um að skila skýrslu einu sinni á ári gildir því aðeins að skattaðilar selji árlega meira en 50% afurða sinna miðað við verðmæti til vinnslu- eða dreifingaraðila. Reikna má með að þeir sem selja 50% eða meira til annarra með 24% skatti innheimti á hverjum tíma verulega hærri skatt en þeir greiða öðrum og því þykir rétt að þessum skatti sé skilað á reglulegum skiladögum, sbr. 24. gr. Sama gildir um aðila sem hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum sínum af öðru en landbúnaði.

Um 33. gr.

Skattstjóra er veitt heimild samkvæmt þessari grein til að fallast á skemmri uppgjörstímabil hjá aðilum sem skila eiga skýrslu einu sinni á ári en óska eftir örari skilum, þó ekki skemmri en hin almennu tveggja mánaða tímabil, sbr. 24. gr. Jafnframt er skattstjóra skylt að fallast á slíka umsókn ef skattaðilinn á rétt á verulegri endurgreiðslu, sbr. 26. gr. Slík ósk kemur fyrst og fremst fram þegar skattaðilar standa í verulegum fjárfestingum og þurfa því að greiða háan virðisaukaskatt sem fæst seint endurgreiddur í sölu. Veruleg fjárfesting í þessu sambandi mundi t.d. vera bygging útihúsa, en kaup á einni dráttarvél eða heyvinnslutæki hins vegar ekki.

Um 34. gr.

Samkvæmt greininni skulu skattaðilar sem skila eiga skýrslu einu sinni á ári skila virðisaukaskatti eigi síðar en 15 dögum eftir að álagningu tekjuskatts er lokið, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, og á sama tíma skal ríkissjóður inna af höndum endurgreiðslur skv. 1. mgr. 26. gr. Hér er gefinn alllangur frestur á greiðslu skattsins. En þar sem reiknað er með því við ákvörðun skatthlutfallsins skv. 31. gr. að ekki safnist upp svo neinu nemi virðisaukaskattur hjá þessum skattaðilum og hentugt þykir að uppgjör virðisaukaskatts fari fram við árleg framtalsskil er þessi leið valin. Þá má benda á ákvæði 33. gr. um skemmri uppgjörstímabil ef skattaðili óskar og á rétt á endurgreiðslu.

Um 35. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur sé greiddur við innflutning á skattskyldri vöru og þjónustu en um skilgreiningu á því hvað teljist skattskyld vara og þjónusta vísast til 2. gr. Greitt er af tollverði að viðbættum tollum og öðrum gjöldum álögðum við tollmeðferð.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er þessi leið valin þar sem hún er talin öruggari í framkvæmd en aðrar leiðir sem til álita komu. Samkvæmt núgildandi söluskattslögum er söluskattur innheimtur við innflutning til eigin nota en ekki af vörum sem ætlaðar eru til endursölu. Samkvæmt þessari grein er ekki gerður slíkur greinarmunur þar sem innflutningur er allur gerður skattskyldur.

Þá er gert ráð fyrir að reglur laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., gildi um ákvörðun tollverðs.

Í 3. mgr. er fjármálaráðherra heimilað að setja reglur um gjaldfrest virðisaukaskatts vegna innflutnings á meiri háttar fjárfestingarvörum sem ekki eru ætlaðar til endursölu. Sama á við um hráefni, séu þau verulegur hluti heildarframleiðslukostnaðar og magn þeirra svari a.m.k. til fjögurra mánaða framleiðslu. Ljóst er að skráðum aðilum er samkvæmt frumvarpinu heimilt að draga virðisaukaskatt sem innheimtur er í tolli af vörum þessum frá sem innskatt á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðslan fer fram. Engu að síður getur fjárbinding með þessum hætti verið fyrirtækjum kostnaðarsöm, einkum þegar um er að ræða dýrar fjárfestingarvörur. Með þessu ákvæði er ráðherra veitt heimild til þess að koma í veg fyrir að skráðir aðilar verði fyrir fjármagnskostnaði í tilvikum sem þessum.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að innheimta virðisaukaskatts af innflutningi fylgi alfarið innheimtu aðflutningsgjalda, svo og lögum og reglum um ákvörðun þeirra að því leyti sem lög þessi og reglur brjóta ekki í bága við lagafrumvarp þetta eða reglur settar samkvæmt þeim.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattslaga. Hafi skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrt rangt eða villandi frá, þannig að hann hafi fengið endurgreiðslu eða of mikla endurgreiðslu skv. 26. gr., fellur sú háttsemi undir 1. mgr., enda er þar sérstaklega vikið að of hárri endurgreiðslu. Engin sektarhámörk eru í greininni og er þar um að ræða breytingu frá gildandi söluskattslögum að því er 2., 3., 4. og 7. mgr. varðar.

Ríkisskattanefnd er bær til að úrskurða sektir vegna brota á bókhaldsákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim án tillits til þess hvort brotin kunna einnig að varða almenn ákvæði bókhaldslaga og reglugerða.

Um 41. gr.

Greinin er í samræmi við 26. gr. gildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Lagt er til að sett verði á fót sérstök nefnd sem frá upphafi hafi á hendi samræmingar- og úrskurðarhlutverk varðandi ákveðna þætti laganna sem mest reynir á í framkvæmd. Nauðsynlegt er að framkvæmd laga um virðisaukaskatt verði með samræmdum og fljótvirkum hætti og gætt sé bæði hagsmuna hins opinbera og þeirra fyrirtækja sem eiga að innheimta skattinn. Nefnd með svipuðu fyrirkomulagi og hér er gerð tillaga um hefur verið starfandi í Danmörku og reynst mjög vel.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli í íslenskum skattalögum og er ætlað að tryggja skjót, örugg og samræmd svör við spurningum sem upp koma hjá fyrirtækjum varðandi framkvæmd við ákvörðun á skattinum. Fyrirframúrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir skattyfirvöld. Vilji skattskyldur aðili ekki sætta sig við úrskurð nefndarinnar skv. 4. mgr. verður þeim úrskurði ekki vísað til dómstóla, en að sjálfsögðu verður unnt að skjóta málum einstakra skattaðila til þeirra eftir á í samræmi við almennar reglur um slíkt málskot.

Nefndin hefur einnig með höndum úrskurði á kærum varðandi atriði sem rakin eru í 1.—5. tl. 3. mgr. Að öðru leyti er fullnaðarúrskurður innan stjórnsýslunnar í höndum ríkisskattstjóra.

Um 43. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um að breyta skuli fjárhæðum þarnefndra greina til samræmis við verðlagsþróun. Fjárhæðir í umræddum greinum eru miðaðar við byggingarvísitölu þá er gildi tók þann 1. janúar 1986 og var þá 250 stig.

Um 45. gr.

Greinin er í samræmi við 27. gr. núgildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt og þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að vörusala innlendra aðila til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til notkunar á varnarsvæðunum, svo og þjónusta sem innlendir aðilar

inna af hendi fyrir varnarliðið, teljist útflutningur í skilningi frumvarpsins. Sala þessi telst því ekki til skattskyldrar veltu, sbr. 1. tl. 12. gr. Ákvæði þessu er fyrst og fremst ætlað að tryggja samkeppnisstöðu innlendra aðila gagnvart erlendum aðilum vegna viðskipta við varnarliðið.

Jafnframt er kveðið á um að sala á vörum til tollfrjálsra verslana skuli einnig teljast útflutningur í skilningi laganna. Um kaup þessara verslana á þjónustu gilda hins vegar almennar reglur frumvarpsins.

Um 48. gr.

Í greininni er auk almennra heimilda til setningar reglugerðar um framkvæmd laganna kveðið á um heimild fjármálaráðherra til að setja reglur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem erlendir aðilar, þ.m.t. sendimenn erlendra ríkja, hafa þurft að greiða vegna kaupa á innlendum markaði. Endurgreiðsluheimild þessari er fyrst og fremst ætlað að tryggja samkeppnisstöðu innlendra aðila gagnvart erlendum vegna viðskipta af þessu tagi.

Um 49. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1988. Ljóst er að verulegan tíma þarf til undirbúnings framkvæmdar löggjafar samkvæmt frumvarpi þessu og er mjög óvarlegt að ætla minni tíma en ár frá samþykkt frumvarpsins til gildistöku.

Nd. 228. Frumvarp til laga [213. mál]

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Leyfi samgönguráðuneytisins þarf til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri.

Leyfi þarf og til að hafa á hendi reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma þrjá til átta farþega.

Með reglubundnum fólksflutningum er í lögum þessum átt við fastar ferðir í ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess.

Með óreglubundnum fólksflutningum er átt við aðra fólksflutninga en reglubundna.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. eru þrenns konar:

1. Sérleyfi felur í sér leyfi til reglubundinna fólksflutninga.
2. Leyfi til hópferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess.
3. Leyfi til sætaferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga á ákveðinni leið þar sem seld eru einstök sæti.

3. gr.

Leyfi þarf ekki til ferða með starfsfólk að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda með eigin bifreiðum hans og til aksturs skólabarna úr og í skóla.

4. gr.

Fimm manna nefnd, Skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Alþýðusambandi Íslands, Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi sérleyfishafa og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fimmta nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn og greiðist þóknun hennar úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

a. Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.
c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a-lið, séu til þess rökstuddar ástæður að mati Skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur, að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga, veitt sérleyfi til skemmri tíma en fimm ára en þó aldrei skemur en til eins árs í senn.

Enn fremur er heimil endurskoðun b- og c-liða svo oft sem þurfa þykir.

Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga.

Við veitingu sérleyfis til nýs aðila er ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda sérleyfið því skilyrði að hinn nýi sérleyfishafi skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi sérleyfisleið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

6. gr.

Skipulagsnefnd skal gera tillögur til samgönguráðherra um veitingu réttinda til hópferðaaksturs.

Réttindin skulu hljóða á nafn eiganda bifreiðar eða bifreiða. Tilgreina skal skráningarnúmer, stærð, gerð og aldur bifreiðar. Bifreið, sem hópferðaleyfi hefur verið gefið út fyrir, má eingöngu nota til fólksflutninga meðan leyfið gildir.

Við veitingu slíkra leyfa í fyrsta sinn skulu þau gilda í eitt ár. Við endurveitingu mega leyfin gilda í allt að fimm ár.

Hópferðaleyfi skulu gefin út af samgönguráðuneytinu og eru óframseljanleg.

Sérleyfi til fólksflutninga skv. 5. gr. gildir jafnframt sem hópferðaleyfi án sérstakrar umsóknar.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni frá heildarsamtökum eigenda hópferðabifreiða og/eða sérleyfishafa að setja með reglugerð ákvæði um starfsemi og fjölda bifreiða til hópferðaflutninga, enda liggi fyrir rökstutt álit Skipulagsnefndar fólksflutninga.

Þeir hópferðaleyfishafar, er hópferðaleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði fá endurveitingu ef þeir sækja um hana og hafa áður rækt hópferðastarfsemi sína vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga.

7. gr.

Að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við ferðafólk, leyfi til að auglýsa eða starfrækja sætaferðir þar sem seld eru einstök sæti í alla

ferðina eða meginhluta hennar þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Um gildistíma slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við Skipulagsnefnd.

Umsóknir skulu vera skriflegar þar sem tilgreind er starfsemi þess sem sækir um leyfið og rökstudd nauðsyn slíkra ferða í tengslum við hana. Enn fremur skal tilgreina fyrirhugaðar leiðir, brottfararstaði, brottfarartíma, ferðatíðni og annað er máli skiptir.

Setja skal reglur um hvaða skyldur slíkir leyfishafar skulu uppfylla.

Við umfjöllun beiðnanna skal Skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði.

8. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins sem áður hefur verið veitt sérleyfi til og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Einkaleyfi skv. 2. mgr. gildir jafnt þótt akstur strætisvagna samkvæmt því nái til nærliggjandi sveitarfélaga.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga að binda einkaleyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

9. gr.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

10. gr.

Brjóti leyfishafar á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga, að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 29 23. mars 1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum eru nr. 29 frá 23. mars 1983 en þau tóku við af lögum um sama efni frá árinu 1966.

Enda þótt gildandi lög séu þannig aðeins rúmlega þriggja ára gömul þykir samgönguráðuneytinu þó brýn ástæða til að endurskoða þau. Fyrir því eru að mati ráðuneytisins ýmsar veigamiklar ástæður sem nánar verður fjallað um í þessum athugasemdum og athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Meginbreytingarnar í þessu frumvarpi frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

1. Umferðarmáladeild er lögð niður. Því er 5. gr. í gildandi lögum felld út.
2. Skattur á sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa er afnuminn.
3. Ákvæði um rétt sveitarfélaga til einkaréttar á rekstri strætisvagna eru gerð skýrari og víðtækari en nú er.
4. Fækkað er fulltrúum í Skipulagsnefnd úr sjö í fimm.

Auk ofangreindra breytinga eru gerðar tillögur um ýmsar minni háttar lagfæringar en nánar verður fjallað um allar breytingartillögur í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Með tillögum sínum stefnir ráðuneytið að því að framkvæmd þessara mála verði einfaldari og ódýrari en nú er, jafnframt því sem stefnt er að auknu frjálsræði í þessum mikilvæga málaflokki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að kveðið er á með skýrari hætti en nú er um stærð þeirra bifreiða sem lögin ná yfir.

Um 2.–3. gr.

Óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Fækkað er um tvo fulltrúa í Skipulagsnefnd fólksflutninga eða úr sjö fulltrúum í fimm. Lagt er til að aðild Búnaðarfélagsins að nefndinni falli niður. Að vísu er aðild þess að nefndinni orðin næsta gömul eða allt frá árinu 1945. Gerbreyting hefur hins vegar orðið á þjóðfélaginu á þessum áratugum og þá ekki hvað síst í samgöngum og skipulagningu þeirra. Telur ráðuneytið að því hlutverki, sem fulltrúa Búnaðarfélagsins var ætlað að gegna í upphafi, verði jafn vel gætt af fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fyrir er í nefndinni. Jafnframt telur ráðuneytið að rétt sé að gera þeim sem aðild eiga að nefndinni jafn hátt undir höfði og því er fulltrúum Félags sérleyfishafa fækkað úr tveimur í einn. Fulltrúi Alþýðusambands Íslands er fulltrúi launþega í sérleyfis- og hópferðaakstri í nefndinni.

Um 5. gr.

Eins og áður segir er 5. gr. í gildandi lögum felld niður en hún fjallar um Umferðarmáladeild sem ráðuneytið leggur til að lögð sé niður enda hefur verkefnum hennar fækkað verulega á síðustu árum. Sparast með því tveir starfsmenn. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið yfirtaki starfsemi hennar án fjölgunar á starfsmönnum.

Fimmta grein frumvarpsins samsvarar því 6. gr. gildandi laga og er hér óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að hægt sé að veita sérleyfi til skemmri tíma en fimm ára. Slíkt getur reynst nauðsynlegt ef fyrirsjáanlegar eru breytingar á þjónustuformi og skipulagi aksturs.

Um 6. gr.

Felld er niður 7. gr. í gildandi lögum sem óþörf og 6. gr. í frumvarpinu er því sambærileg við 8. gr. í lögunum. Er hún óbreytt að öðru leyti en því að tekið er nú fram að sérleyfi til fólksflutninga gildi jafnframt sem hópferðaleyfi án sérstakrar umsóknar. Svo hefur raunar verið í framkvæmd en nauðsynlegt er að kveða afdráttarlaust á um þetta atriði.

Um 7. gr.

Óbreytt frá 9. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Óbreytt frá 10. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að einkaleyfi bæjarfélags til strætisvagnareksturs gildir ekki einungis fyrir akstur innanbæjar heldur og til nærliggjandi sveitarfélaga. Hjá þessu ákvæði verður ekki komist þegar um er að ræða þéttbýl sveitarfélög sem eru sambyggð eða allt að því, eins og til að mynda Reykjavík – Kópavogur – Garðabær – Hafnarfjörður. Raunar hefur þetta ákvæði þegar komið til framkvæmda þar sem er akstur Strætisvagna Kópavogs til Reykjavíkur.

Um 9. gr.

Núgildandi 11. gr. um greiðslu gjalds af hverju farþegasæti í leyfisskyldum bifreiðum til að standa straum af kostnaði við rekstur Skipulagsnefndar fólksflutninga og Umferðarmáladeildar er felld niður. Þessi kostnaður lækkar verulega við það að Umferðarmáladeildin leggst af enda jafnframt gert ráð fyrir því að kostnaðarsöm verkefni hennar, eins og útgáfa leiðarbókar, verði niðurlögð. Eftir verður þá kostnaður við nefndina og tiltölulega umfangslítil afgreiðsluverkefni sem gert er ráð fyrir að ráðuneytið standi undir. Níunda grein samsvarar því 12. gr. gildandi laga. Ekki er kveðið eins fast að orði um setningu reglugerðar og í gildandi lögum.

Um 10.–11. gr.

Nær óbreytt frá 13. og 14. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 229. Skýrsla [214. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. Inngangur.

Í 22. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er sú skylda lögð á herðar félagsmálaráðherra að leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Í áætluninni skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Samkvæmt greininni skal við gerð hennar höfð hliðsjón af framkvæmdaáætlun sem Jafnréttisráð skal gera, sbr. 2. tölul. 15. gr. laganna. Áætlunina skal ráðherra leggja fyrir Alþingi til umræðu.

Félagsmálaráðuneytið vakti athygli Jafnréttisráðs á þessum ákvæðum laganna um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla með bréfi dags. 17. febr. 1986. Ráðuneytinu barst framkvæmdaáætlun ráðsins með bréfi 31. júlí 1986. Í aðfararorðum áætlunarinnar kemur fram að við gerð hennar gaf ráðið ýmsum aðilum, sem láta sig jafnréttismál varða, kost á að koma með tillögur um aðgerðir í jafnréttismálum og tjá sig um stefnumörkun á þessu sviði. Svör bárust frá 14 eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, samtökum ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamenntaðra manna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, jafnréttisnefnd Akureyrar, jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar, jafnréttisnefnd Húsavíkur, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvennaathvarfinu, Kvennaframboði í Reykjavík, Kvennafylkingu Alþýðubandalagsins, Kvenréttindafélagi Íslands, menntamálaráðuneytinu, Samtökum kvenna á vinnumarkaði og Starfsmannafélaginu Sókn.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, skal Jafnréttisráð annast framkvæmd laganna. Enn fremur eru verkefni Jafnréttisráðs nánar tilgreind í 15. gr. þeirra. Þótt aukin ábyrgð á því að koma á jafnrétti kynjanna sé lögð á herðar félagsmálaráðuneyti og ríkisstjórn er framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í höndum Jafnréttisráðs. Af þessu má ljóst vera að framkvæmdaáætlun sú sem félagsmálaráðherra leggur fyrir ríkisstjórn er nokkuð annars eðlis en framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs. Umfang hennar hlýtur að takmarkast við aðgerðir sem ráðuneytum og opinberum stofnunum er lögum samkvæmt rétt og skylt að grípa til á sínum vettvangi án þess þó að ganga inn á verksvið Jafnréttisráðs. Rétt er að leggja áherslu á að eðli máls samkvæmt er það á verksviði Jafnréttisráðs að hafa áhrif á stofnanir og félagasamtök sem standa utan við umsýslu hins opinbera.

2. Atvinnu- og launamál.

Tiltækar kannanir benda til að launamunur sé á milli kvenna og karla á vinnumarkaðinum og einnig í þjónustu hins opinbera. Hann getur stafað af ýmsu, t.d. menntun, vinnutíma, starfsaldri o.fl. Ýmislegt bendir þó til að ekki sé hægt að skýra þennan launamun kynjanna eingöngu á þann hátt. Ríkisstjórnin er sammála um að grípa til eftirfarandi aðgerða til að koma á jafnrétti í atvinnu- og launamálum kynjanna:

2.1. Könnun á launamun kynjanna.

Þjóðhagsstofnun hraði könnun á launamun kynjanna. Niðurstöður hennar verði rannsakaðar nánar með það að markmiði að finna raunverulegar ástæður launamunar.

2.2. Úrvinnsla upplýsinga.

Byggðastofnun sjái um úrvinnslu upplýsinga um konur og karla á vinnumarkaðinum, sbr. ritið Vinnumarkaðurinn 1984. Í ritinu er að finna upplýsingar um meðallaun í ákveðnum starfsgreinum og atvinnuþátttöku.

2.3. Sveigjanlegur vinnutími.

Ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins beiti sér fyrir að komið verði á sveigjanlegum vinnutíma til að stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í heimilisstörfum og atvinnulífinu.

2.4. Nýtt starfsmat.

Hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins sjái um að fram fari nýtt starfsmat þar sem endurskoðað verði sérstaklega mat á hefðbundnum kvennastörfum annars vegar og störfum sem karlar vinna almennt hins vegar, t.d. ýmis iðnaðarstörf, tæknistörf o.fl. Við mat á starfsreynslu skal taka tillit til heimilis- og umönnunarstarfa.

2.5. Stofnun fyrirtækja.

Félagsmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Iðntæknistofnun og iðnþróunarfélög taki höndum saman og efni til námskeiða fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki.

3. Menntun og fræðsla.

Kannanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, hafa leitt í ljós mikinn mun á menntun kvenna og karla. Þessi munur fer þó hraðminnkandi. Helstu breytingar felast í hækkandi hlutfalli kvenna sem ljúka stúdentsprófi. Skólaárið 1983/84 luku fleiri konur en karlar stúdentsprófi. Konum sem ljúka háskólaprófi hefur einnig fjölgað verulega. Ástæða er til að ætla að námsval kvenna leiði til starfa sem líklegt er að leggist af eða breytist, sbr.

skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Til að bæta stöðu kvenna þarf að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþætt og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það. Norræna samstarfsverkefnið, sem hefur að markmiði að stuðla að fjölbreyttari menntun og starfsvali kvenna, er mikilvægt í þessu sambandi.

Á næstu fjórum árum skal lögð áhersla á eftirfarandi:

3.1. Jafnréttisfræðsla.

Hrundið verði í framkvæmd ákvæði 10. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, um að veitt verði fræðsla um jafnrétti kynjanna í skólum landsins. Samþykkt verði tillaga menntamálaráðuneytisins um stöðuheimild vegna umsjónarkennara í jafnréttisfræðslu. Áhersla verði lögð á að kennslugögn mismuni ekki kynjunum. Félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisráð og menntamálaráðuneyti reyni í sameiningu að breyta hinu hefðbundna náms- og starfsvali með aukinni náms- og starfsfræðslu.

3.2. Menntun kennara.

Kennaraháskóli Íslands fræði verðandi kennara um jafnréttismál í skólum og sama á við um verðandi fóstrur í Fósturskólanum. Skyldunámskeið um jafnréttisfræðslu verði haldin fyrir alla kennara og starfandi fóstrur. Hér komi til samvinna á milli menntamálaráðuneytis, Kennaraháskóla Íslands og Fósturskólans.

3.3. Endurskoðun námsefnis.

Allt nýtt og endurútgefið námsefni verði endurskoðað með tilliti til jafnréttis kynjanna. Sérstaklega skal endurskoða kennslu í handmennt, heimilisfræðslu og íþróttum með það að markmiði að kynin fái sömu kennslu í þessum greinum.

3.4. Náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf.

Í samræmi við 10. gr. jafnréttislaganna taki menntamálaráðuneyti upp tilraunaráðgjöf í samvinnu við verkefnisstjóra norræna samstarfsverkefnisins á sviði jafnréttismála og fylgist með árangrinum í þeim tilgangi að finna farsælustu leiðina við ráðgjöf og fræðslu um náms- og starfsval. Sérstök áhersla verði lögð á hvatningu til kvenna að læra til tæknistarfa.

3.5. Fræðsla um fjölskyldumál.

Dómsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð hafi samvinnu um útgáfu bæklings um réttindi og skyldur í hjúskap annars vegar og óvígðri sambúð hins vegar. Í samvinnu við landlækni verði hrint í framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975 sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

4. Trúnaðarstöður og ábyrgð.

Áhrif kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum hafa aukist á undanförnum árum. Einnig hefur konum í trúnaðarstörfum í Stjórnarráði Íslands fjölgað. Áhrif kvenna í stjórnum og ráðum á vegum ríkisins eru enn of lítil. Í 12. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er kveðið á um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Á þessu sviði er átaks þörf með það að markmiði að jafna hlutdeild kvenna og karla sem hafa ábyrgðarstörf og áhrifastöður með höndum í þjóðfélaginu. Til þess að ná þessu markmiði stefna stjórnvöld að eftirfarandi:

4.1. Hlutfall kvenna í trúnaðarstörfum.

Ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að tala kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust, sbr. 12. gr. jafnréttislaganna.

4.2. Konur í ábyrgðarstöðum hjá hinu opinbera.

Ráðuneyti vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

5. Félagsleg atriði.

Á síðustu áratugum hefur íslenska þjóðfélagið gjörbreyst. Helsta breytingin er fólgin í aukinni menntun og atvinnuþátttöku kvenna, samfara tæknivæðingu og ýmiss konar sérhæfingu. Þjóðfélagið verður að laga sig að breyttum aðstæðum en ríka áherslu ber að leggja á það grundvallaratriði að fjölskyldan er hornsteinn þess og miða verður að því að svo verði áfram. Þess vegna þarf að tryggja heimavinnandi maka sömu réttindi á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum. Aukin atvinnuþátttaka kvenna gerir þörf á gæslu fyrir börn utan heimilisins brýnni en áður. Lægri fæðingartíðni er umhugsunarefni og virðist haldast í hendur við félagslegar aðstæður útivinnandi kvenna til að fæða og ala upp börn. Þriggja mánaða fæðingarorlof er stuttur tími fyrir foreldra með nýfætt barn. Stjórnvöld telja að bæta verði aðstæður kvenna með nýfædd börn og að foreldrum verði báðum gert kleift að ala börn sín upp á þann hátt sem samrýmist launaðri atvinnu þeirra. Sveigjanlegur vinnutími foreldra með ung börn er æskileg og raunhæf leið að þessu marki. Á næstu árum skal lögð áhersla á eftirfarandi:

5.1. Fæðingarorlof.

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins leiti leiða til að lengja fæðingarorlof í sex mánuði. Feður fái aukna heimild til töku fæðingarorlofs.

5.2. Réttindi heimavinnandi maka.

Tryggt verði að heimavinnandi maki njóti sömu réttinda á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum, t.d. lífeyristrygginga.

5.3. Samfelldur skóladagur.

Komið verði á samfelldum skóladegi fyrir öll börn í grunnskóla og máltíðir verði hægt að fá í skólum. Jafnframt verði grunnskólanum gert kleift að hafa samfellt skólahald til þess að ekki þurfi að úthýsa nemendum ef fella þarf niður kennslu.

5.4. Dagvistun barna.

Ítarleg könnun fari fram á þörf fyrir dagvistarstofnanir, sbr. fyrri kannanir um sama efni. Því verði beint til sveitarfélaga og þau miði áætlanir sínar við þá könnun og þeim fjölskyldum fjölgi sem fái aðgang að dagvistarstofnunum og skóladagheimilum.

Sþ. 230. Skýrsla [215. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. Inngangur.

Í 22. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er að finna ákvæði um skyldu félagsmálaráðherra til að leggja á tveggja ára fresti skýrslu fyrir Alþingi um stöðu og þróun á sviði jafnréttis kvenna og karla hér á landi. Þetta ákvæði er eitt af nýmælum laganna. Það er vegna þessa ákvæðis sem skýrsla sú sem hér er gefin hefur verið

tekin saman. Við gerð hennar var höfð hliðsjón af samantekt Jafnréttisráðs sem studdist við upplýsingar úr bókinni *Konur hvað nú?* sem kom út á vegum '85-nefndarinnar og Jafnréttisráðs, *Könnun á stöðu íslenskra kvenna* sem Jafnréttisráð gaf út árið 1985 og *Staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum* sem framkvæmdanefnd um launamál kvenna gaf út árið 1985. Auk þess hefur verið leitað fanga í hagskýrslum Framkvæmdastofnunar, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar.

Skýrslunni er skipt í nokkra kafla sem fjalla um afmörkuð svið. Fyrst er gerð grein fyrir löggjöf sem snertir stöðu kynjanna, næst fjallað um menntun, atvinnumál, stjórnmál, forustu og félagsleg atriði. Einnig er gerð stutt grein fyrir afskiptum félagsmálaráðuneytisins af jafnréttismálum og starfsemi Jafnréttisráðs.

Þar sem hér er um að ræða fyrstu skýrsluna af þessu tagi er í sumum tilvikum nauðsynlegt að gera grein fyrir þróuninni á vissum sviðum undanfarin ár og jafnvel s.l. áratugi. Í framtíðinni er þó hugmyndin að gera einungis grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa frá því skýrsla var síðast gefin út.

2. Löggjöf.

Það er við hæfi í fyrstu skýrslunni sem Alþingi er flutt um stöðu og þróun jafnréttis kvenna og karla að rifja upp það helsta sem gerst hefur í sambandi við lagasetningu sem snertir stöðu kynjanna í þjóðfélaginu s.l. áratugi.

Fyrstu heildarlögin um launajöfnuð kvenna og karla voru sett árið 1961. Þar var kveðið á um að laun kvenna í ákveðnum starfsstéttum skyldu hækka til jafns við laun karla á sex árum. Árið 1973 voru samþykkt lög um jafnlaunaráð. Þar voru tvær meginreglur lögfestar: Um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og um að atvinnurekanda væri óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Þessi lög voru undanfari laga nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla. Í þessu sambandi má minna á að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórninni að fullgilda ýmsar samþykktir sem snerta jafna stöðu kynjanna, svo sem mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, og nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Loks er að nefna samning Sameinuðu þjóðanna frá 1979 um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem Ísland fullgilti árið 1985 og nánar segir frá í 7. kafla.

Árið 1985 voru þáttaskil í sambandi við löggjöf á sviði jafnréttismála. Alþingi samþykkti ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í nýju lögunum er að finna mörg nýmæli frá eldri löggjöf.

Sem dæmi má benda á ákvæði 1. gr. Í eldri löggjöf var talað um að tilgangur laganna væri að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla. Í lögum nr. 65/1985 er komist skýrara að orði og talað um að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Lögin fela í sér breytingu hvað varðar skipun Jafnréttisráðs. Samkvæmt 13. gr. er gert ráð fyrir að félagasamtök sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá tilnefni fulltrúa í ráðið auk þeirra aðila sem áttu fulltrúa í Jafnréttisráði samkvæmt eldri lögum. Þessi breyting ætti að tryggja að í ráðinu sitji ævinlega fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að þessum málum.

Einnig má benda á að skv. 15. gr. er gert ráð fyrir að á vegum sveitarfélaga séu starfandi jafnréttisnefndir þótt það sé ekki gert að skyldu. Í 12. gr. er því beint til ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka að þau hafi sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum sem starfa á vegum þessara aðila.

Í 8. gr. laga nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla, var kveðið á um það að auglýsendum sé óheimilt að birta nokkrar þær auglýsingar sem í orðum eða myndum geta orðið öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar. Galli þessa ákvæðis var sá að það kom ekki skýrt fram hvern megi leiða til ábyrgðar fyrir brot á ákvæðinu. Úr þessu er bætt í 11. gr.

núgildandi laga, en þar er tekið fram að auglýsendur og þeir sem hanni og birti auglýsinguna séu ábyrgir fyrir brotinu.

Þá er að finna í 3. gr. laganna ákvæði um að það teljist ekki ganga gegn lögunum að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Benda má á fleiri atriði. Til dæmis eru verkefni Jafnréttisráðs aukin frá því sem áður var. Þannig skal ráðið móta framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra og skal þar kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Félagsmálaráðherra skal síðan hafa hliðsjón af þessari áætlun er hann leggur framkvæmdaáætlun um jafnréttismál fyrir ríkisstjórn og Alþingi. Á þennan hátt leggja nýju lögin ríkari ábyrgð á herðar stjórnvöldum en áður hvað varðar jafnrétti kynjanna.


3. Menntun.

Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförnum árum sýna að mikill munur er á menntun kvenna og karla á Íslandi. Í jafnréttiskönnun sem gerð var í Reykjavík árin 1980–81 kom fram að 64% kvennanna áttu að baki skólagöngu undir 10 árum, en einungis 28% karlanna. Í könnun Jafnréttisráðs á stöðu kvenna árið 1984, sem var borin saman við könnun kvennaársnefndar árið 1976, kom m.a. í ljós greinilegur munur á skólagöngu kynjanna en helstu breytingar milli þessara ára liggja í aukinni menntun kvenna á háskólastigi.

Meiri hluti þeirra sem skráðir eru í almennt nám á framhaldsskólastigi eru konur en í sérhæfðu námi á framhaldsskólastigi eru karlar í meiri hluta. Á undanförnum árum hafa þannig hlutfallslega fleiri konur en karlar útskrifast úr menntaskólum.

Hagskýrslur gefa sterklega til kynna að munur á menntun karla og kvenna fari hraðminnkandi hérlendis. Benda má á að árið 1944 útskrifuðust alls 114 stúdentar, 90 karlar og 24 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlarnir 7,5% en konur 2,1%. Tveimur áratugum seinna útskrifuðust samtals 333 stúdentar, 201 karl og 132 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlarnir 12,7% og konurnar 9,0%. Skólaárið 1983/1984 brautskráðust samtals 1591 stúdent, 634 karlar og 957 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlar 27,9% og konurnar 41,3%.

Tafla 1. Fjöldi stúdenta eftir kynjum árin 1962–1983.




(Heimildir: Tölfræðihandbók 1984. Hagtíðindi nr. 4 1985.)

Sama þróun á sér stað hvað varðar innritun í Háskóla Íslands og lokapróf frá þeim skóla. Sem dæmi má benda á að árið 1974 luku samtals 169 lokaprófi frá Háskóla Íslands, 131 karl og 38 konur. Skólaárið 1982 luku samtals 391 lokaprófi frá HÍ, 251 karl og 140 konur. Síðast liðið skólaár 1985/1986 luku samtals 537 lokaprófi frá Háskólanum, 311 karlar og 211 konur. Þessar tölur bera með sér að konum með háskólapróf hefur fjölgað verulega á síðustu árum og nálgast þær óðfluga það mark að vera helmingur þeirra sem ljúka lokaprófi frá HÍ. Þótt þessi gleðilega þróun hafi átt sér stað í Háskólanum þegar á heildina er litið segir hún ekki alla söguna um þróun jafnréttismála í einstökum deildum eða námsbrautum. Á síðustu árum hefur stór hluti kvenna útskrifast frá nýjum námsbrautum, t.d. námsbraut í hjúkrunarfræðum, sjúkraþjálfun og félagsráðgjöf, svo dæmi séu nefnd. Þessar námsbrautir virðast því vera „kvennanámsbrautir“ og leiða til starfa í „kvennastarfsgreinum“.

Skipting nemenda Kennaraháskóla Íslands eftir kynjum undanfarin 10 ár hefur verið mjög ójöfn. Árið 1977 hófu 39 karlar nám við skólann. Konurnar voru 115. Fimm árum síðar höfðu hlutföll kynjanna lítið breyst. Karlar á fyrsta ári voru 25 og konurnar 104. Árið 1986 eru karlar á fyrsta ári 15 en konurnar 107. Þessar tölur úr Kennaraháskólanum staðfesta þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi að kennarastarfið er að verða eingöngu „kvennastarf“. Það þarf ekki að taka fram að með tilliti til jafnréttis kynjanna er þessi þróun óæskileg og brýnt að leita leiða til að breyta henni.

Tafla 2. Nemendur á 1. ári í Kennaraháskóla Íslands árin 1977–1986, skipt eftir kynjum.



(Heimild: Kennaraháskóli Íslands.)

Á öðrum menntasviðum hafa konur sótt fram. Til dæmis ef litið er til sérnáms á framhaldsskólastigi kemur í ljós að árið 1966 stunduðu 3834 slíkt nám, 2787 karlar og 1047 konur. Árið 1981 er heildarfjöldinn 8175, 4810 karlar og 3365 konur.

Heildartala þeirra kvenna sem stunda iðn- og tækninám hefur einnig aukist. Ef litið er til þeirra námsgreina á sviði iðn- og tæknimenntunar sem konur leggja stund á blasir við mynd hins kynskipta vinnumarkaðar. Í Tækniskóla Íslands heyrir það til undantekninga ef konur leggja stund á aðrar námsgreinar en meinatæknanám. Sömu sögu er að segja af iðnskólanámi. Það heyrir til undantekninga ef konur sækja inn í aðrar deildir en þær sem kenna iðngreinar sem leiða til hefðbundinna „kvennastarfa“ á vinnumarkaðinum. Þeir aðilar sem haft hefur verið samband við vegna samningu þessarar skýrslu telja að á undanförnum árum hafi orðið lítil breyting hér á. Skýringarnar á því hvers vegna erfitt hefur reynst að breyta þessu munstri eru margar. Vafalaust felst ein af þeim veigameiri í ríkjandi hefðum í þjóðfélaginu. Einnig er starfsfræðsla í grunnskólum takmörkuð og að margra áliti ómarkviss að því er varðar að jafna stöðu kynjanna. Þá hefur verið bent á að aðstæður á

vinnustöðum, einkum verkstæðum í málmiðnaði, sé þröskuldur sem konum reynist erfitt að stíga yfir. Tækni til að flytja til þunga hluti sé ákaflega frumstæð og því reyni enn mikið á líkamsburði starfsmanna. Enn fremur verki annar aðbúnaður starfsmanna og umgengni letjandi á konur hvað snertir vinnu í hefðbundnum karlaiðngreinum.

Þessi mynd úr iðnaðinum er síður en svo einsdæmi fyrir Ísland. Það sama er uppi á teningnum í öðrum löndum sem eru skyld Íslendingum í menningarlegu tilliti, t.d. Norðurlöndunum. Í því skyni að leita leiða til að breyta hefðbundnu starfsvali kvenna samþykktu jafnréttisráðherrar Norðurlanda að stofnað yrði til norræns samstarfsverkefnis á þessu sviði. Verkefnið gengur undir nafninu „Brjótum múrana“ eða „BRYT“ (Program for at nedbryte det könsopdelte arbejdsmarket). Vinna við það hófst í desember 1985 og verður gerð nánari grein fyrir því síðar í þessari skýrslu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að haustið 1983 skipaði félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, nefnd fulltrúa aðila vinnumarkaðarins til að kanna áhrif nýrrar tækni á vinnumarkaðinn. Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar áhrif nýrrar tækni á stöðu kvenna í atvinnulífinu í næstu framtíð. Í áliti nefndarinnar er meðal annars talin sérstök ástæða til að hyggja að stöðu kvenna. Þær gegni í ríkari mæli en karlar einhæfum störfum sem líklegt sé að leggist af eða breytist. Til að bæta stöðu kvenna þurfi að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþættari og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það.

Enn fremur segir í skýrslunni að mikilvægt sé að möguleikar nýrrar tækni verði nýttir til þess að gera vinnutíma sveigjanlegri, þannig að foreldrar eigi þess kosta að skipta með sér tekjuöflun og umönnun barna, eftir því sem best hentar hverju sinni. Einnig vekur nefndin athygli á því forskoti á vinnumarkaði sem karlmenn fá við brotthvarf kvenna af vinnumarkaðinum vegna meðgöngu og barnauppeldis á árum sem karlmenn fá tíðum mikilvæga þjálfun á vinnustað. Þessu vandamáli megi meðal annars mæta með því að tryggja örugga uppeldisaðstöðu barna og jafna þátttöku foreldra í því starfi.

Skólaganga kvenna er að lengjast en námsval kvenna hefur mjög lítið breyst, þ.e. þær sækja mestmegnis í almennt nám og styttra en karlar. Námsval kvenna er einnig nokkuð einhæft með tilliti til atvinnumöguleika og launa og því þarf að breyta í framtíðinni. Norrænt samstarfsverkefni „Brjótum múrana“ eða „BRYT“, sem miðar að fjölbreyttari náms- og atvinnuþátttöku kvenna og framkvæmt er á Akureyri, er hið fyrsta sinnar tegundar hérlendis og mikilvægt sem fyrirmynd. Nánari grein verður gerð fyrir þessu verkefni í 7. kafla í skýrslunni.

4. Atvinnumál.

Heildaratvinnuþátttaka kvenna á vinnumarkaði hefur á undanförnum tveimur áratugum farið hraðvaxandi. Árið 1960 fengu 31,4% kvenna á aldrinum 20–60 ára einhverjar launatekjur. Hlutfall karla á sama aldri var 94,7%. Árið 1984 er hlutfall kvenna á þessum aldri komið upp í 77,7% en hlutfall karla var 90,1%. Af þessum tölum er ekki hægt að draga neinar ályktanir um heildarvinnutekjur kvenna né starfstíma á vinnumarkaðinum. Engu að síður gefa þær til kynna að konum úti á hinum almenna vinnumarkaði hafi fjölgað mjög mikið. Ef litið er á tiltækar tölur um atvinnuþátttöku skipt eftir starfshlutfalli kemur í ljós að árið 1983 voru 17,2% giftra kvenna í fjórðungsstarfi, 22,9% í hálfsdagsstarfi, 20,5% í ¾ úr fullu starfi og 39,4% í fullu starfi. Atvinnuþátttaka giftra karla árið 1983 var: 4,2% voru í fjórðungsstarfi, 4,1% voru í hálfu starfi, 5,9% í ¾ úr fullu starfi og 85,8% í fullu starfi. Þessar upplýsingar eru unnar eftir skráningu atvinnurekenda á launamiðum til skatts og er ástæða til að ætla að uppgjör atvinnurekenda séu ónákvæm einkum þannig að þeir skrifi 52 vikur þótt um hlutastarf hafi verið að ræða.

Kjararannsóknanefnd gerir að staðaldri kannanir á vinnutíma verkafólks og reiknar fjölda unninna stunda miðað við heilsdagsstörf. Árið 1974 fengu karlmenn í heilsdagsverkamannavinnu að meðaltali greitt fyrir 54,5 klst. á viku. Konur fengu greitt fyrir 43,5 klst. Árið 1984 fengu karlmenn greitt fyrir 51,2 klst. en verkakonur 45 klst.

Eitt af því sem mikið hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu er launamunur kynjanna. Allt frá árinu 1961 þegar lög um launajöfnuð karla og kvenna voru sett hefur verið unnið að því að jafna laun kynjanna. Sérstakir launataxtar fyrir konur heyra sem betur fer sögunni til. Hins vegar er ljóst að ekki hefur tekist að koma að fullu á launajöfnuði kynjanna. Á þessu sviði hafa verið gerðar afmarkaðar rannsóknir sem fela í sér vísbendingu um verulegan mun á tekjum kynjanna. Brýna nauðsyn ber til að gera sem fyrst heildarúttekt á stöðu þessara mála. Rétt er að geta þess að forsætisráðherra fól Þjóðhagsstofnun árið 1985 að framkvæma slíka úttekt. Því miður liggur niðurstaða hennar enn ekki fyrir. Ýmsir örðugleikar eru á slíkum samanburði, t.d. hvernig meta skuli vinnutíma, ábyrgð o.fl. þess háttar. Í könnun sem kvennaársnefnd framkvæmdi 1976 kom fram að meðallaun kvenna reyndust vera 78,2% af meðallaunum karla á unna klst. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ársverk segir ekkert til um lengd vinnuviku fram yfir dagvinnu. Eins og áður var komið fram er vinnuvika karla á vinnumarkaði að meðaltali lengri en kvenna. Flestir sem hafa athugað þessi mál eru sammála um að þetta skýri ekki að öllu leyti þann mun sem er á launum karla og kvenna. Í könnunum hefur komið fram mikill launamunur milli kvenna og karla. Launamunur getur stafað af ýmsu svo sem menntun, vinnutíma, starfsaldri o.fl., en ekki virðist hægt að skýra launamun kynjanna eingöngu á þann veg.

Ljóst er að hlutfallið á milli launa kvenna og karla hefur nær ekkert breyst á undanförnum árum og sýna kannanir að lítill munur virðist vera á stéttum hvað þetta varðar. Sem dæmi má nefna að verkakonur höfðu 13% lægra dagvinnutímakaup en karlar árið 1983. Á sama ári voru háskólamenntaðar konur í níu BHM félögum með 17–32% lægri heildarlaun en karlar í starfi hjá hinu opinbera. Samkvæmt skattframtölum fyrir árið 1983 voru meðaltekjur kvenna 64,9% af meðaltekjum karla á ársverk. Meðallaun kvenna í bönkum voru árið 1984 75,1% af launum karla. Þetta eru einungis nokkur dæmi.

Meiri hluti kvenna starfar í ófaglærðum þjónustustörfum eða almennum skrifstofustörfum. Þær eru fáar í ábyrgðarstöðum sem veita framavonir. Kannanir sýna enn fremur að verkaskipting á heimilum hefur lítið sem ekkert breyst, vinnuálag þar er mest hjá konum. Þessar niðurstöður segja að tvöfalt vinnuálag sé hlutskipti æ fleiri kvenna.

Þátttaka kvenna í atvinnulífinu þarf að verða fjölbreyttari samhliða endurnýjuðu mati á hefðbundnum störfum kvenna. Norræna samstarfsverkefnið á sviði jafnréttismála sem áður er vikið að hefur þetta m.a. að markmiði.


5. Stjórnmál og forusta.

Á stjórnmálasviðinu hefur þó nokkuð áunnist. Árið 1980 var Vigdís Finnbogadóttir kosin forseti Íslands sem væntanlega hefur breytt ímynd þjóðarleiðtoga í augum uppvaxandi kynslóða.

Hlutfall kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum hefur breyst á s.l. árum. Samanburður á hlutfallstölum eftir alþingiskosningar árin 1979 og 1983 sýna að hlutur kvenna hefur aukist úr 5% í 15%.

Hlutfall kvenna af heildarfjölda frambjóðenda í hlutbundnum sveitarstjórnarkosningum hefur farið stighækkandi frá árinu 1974. Þær voru það ár 16% af frambjóðendum. Samkvæmt nýjum bráðabirgðatölum voru þær 38% af frambjóðendum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1986.


Tafla 3. Frambjóðendur í hlutbundnum kosningum til sveitarstjórna. Hlutfallsleg skipting eftir kyni.



(Heimildir: Hagtíðindi nr. 3 1975, nr.1 1979, nr. 11 1982. Félagsmálaráðuneytið.)

Hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum í kaupstöðum og kauptúnahreppum hefur einnig hækkað frá árinu 1974. Það ár voru þær 8,9% af kjörnum fulltrúum í kaupstöðum. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar árið 1986 er hlutfall þeirra 28,8%. Sama þróun hefur átt sér stað í kauptúnahreppunum. Árið 1974 voru konur 5% af kjörnum fulltrúum. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1986 er hlutfallið 24,2%.

Tafla 4. Kjörnir fulltrúar í kaupstöðum. Hlutfallsleg skipting eftir kyni.



(Heimildir: Handbækur sveitarstjórna nr. 14, 15 og 18. Hagtíðindi nr. 11 1982. Félagsmálaráðuneytið.)

Í sveitarstjórnarkosningum árið 1982 og alþingiskosningum árið 1983 komu fram sérframboð kvenna sem virðast hafa haft áhrif á alla flokka að fjölga konum á framboðslistum sínum.

Þrátt fyrir meiri áhrif kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum er enn langt í land að konur hafi eðlileg áhrif á opinberar ákvarðanir í landinu. Reynslan sýnir að prófkjör stjórnmálaflokka hafa ekki megnað að auka að neinu marki hlutdeild kvenna í stjórn þjóðfélagsins.

Varðandi önnur forustustörf má nefna að konur í Stjórnarráði Íslands voru árið 1976 43% starfsmanna en árið 1984 hafði þeim fjölgað í 53%. Konum sem gegna ábyrgðarstörfum í Stjórnarráðinu hefur fjölgað. Nýlega var kona skipuð hæstaréttardómari.

Á hinum almenna vinnumarkaði er nánast sömu sögu að segja en erfiðara er að fá um það upplýsingar. Sem dæmi má nefna að konur veittu fyrirtækjum í Félagi íslenskra iðnrekenda forstöðu í 5% tilvika árið 1985. Í Háskóla Íslands eru prófessorar 82, þar af 2 konur.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins voru konur árið 1983 u.þ.b. 9%. Í 12. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, segir: „Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið.“ Hér er augljóslega átaks þörf. Konur eru fjölmennastar í nefndum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Í nefndum á vegum annarra ráðuneyta er að finna mjög fáar konur.

Í hagsmunasamtökum hefur konum í stjórnum og öðrum ábyrgðarstöðum fjölgað til muna en hlutfall þeirra er engan veginn í samræmi við heildarhlutfall þeirra innan samtakanna. Sem dæmi má nefna að í BSRB voru konur um 61% félagsmanna um áramótin 1983–84 en í stjórn samtakanna árið 1982 voru konur einungis 36% stjórnarmanna.

6. Félagsleg atriði.

Á s.l. áratugi hefur þjóðfélag það sem við búum í breyst til muna. Helsta breytingin er fólgin í aukinni menntun og atvinnuþátttöku kvenna, samfara tæknivæðingu og ýmiss konar sérhæfingu. Þjóðfélagið verður að laga sig að breyttum aðstæðum.

Hin mikla atvinnuþátttaka kvenna hefur gert það að verkum að börn þurfa gæslu utan heimilis. Uppbygging dagvistarstofnana hefur verið hægari en þörfin gefur tilefni til og mörg sveitarfélög eiga langt í land með að anna eftirspurn. Enn er rými á leikskóla algengast. Í stærstu sveitarfélögunum geta einungis forgangshópar, þ.e. einstæðir foreldrar og námsmenn, komið börnum sínum í heilsdagsvist á dagvistarheimilum. Ástæða er til að ætla að skortur á heilsdagsvist sé ein af ástæðum þess hversu algeng hlutastörf eru meðal giftra kvenna, sem svo aftur háir þeim við stöðuveitingar.

Brýna nauðsyn ber til að komið verði á samfelldum skóladegi í grunnskólum landsins með skólamáltíðum og aðstöðu til heimanáms innan veggja skólans. Útivinna beggja foreldra er staðreynd og því mikilvægt að litið verði á grunnskóla landsins sem eðlilegan starfs- og leikvettvang barna yfir daginn með nauðsynlegri gæslu. Menntamálaráðherra skipaði 12. júlí 1983 vinnuhóp til að athuga „tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl“. Hópnum var falið að athuga hvernig samræma mætti betur vinnutíma foreldra og skólabarna og skynsamlegt fyrirkomulag nestismála. Vinnuhópurinn hefur skilað tveimur álitum. Menntamálaráðuneytið gaf álitin út, það fyrra í október 1984 og það síðara í janúar 1986. Meginniðurstaða hópsins er sú að stefnt skuli að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum.

Fæðingum hefur fækkað mjög mikið. Á árunum 1966–70 gat hver kona búist við að fæða á ævi sinni 3,137 lifandi börn. Árið 1983 hafði talan lækkað í 2,243 börn og 1985 í 1,933 börn. Eftir tvo til þrjá áratugi mun minnkuð fæðingartíðni valda fækkun í árgöngum fólks á barneignaaldri, 20–30 ára, en samtímis mun fjöldi roskins og aldraðs fólks fara hlutfallslega vaxandi og þar af leiðandi einnig tala þeirra sem deyja á ári hverju. Það gefur auga leið að þessi þróun hefur margvísleg áhrif á þjóðfélagið, til dæmis á stöðu lífeyrissjóða. Augljóslega helst þessi þróun í hendur við skilyrði kvenna til að fæða börn, þegar þær eru auk þess virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Þriggja mánaða fæðingarorlof er allt of stuttur tími fyrir foreldra með nýfætt barn. Sveigjanlegur vinnutími er auk þess æskilegur í þessu sambandi. Ákvæði laga um fæðingarorlof eru nú til endurskoðunar.

7. Félagsmálaráðuneytið og jafnréttismál.

Á undanförnum þremur árum hefur átt sér stað endurskipulagning á starfsemi félagsmálaráðuneytisins. Þótt fjölgun verkefna og þröngur húsakostur fram til þessa hafi hamlað endurskipulagningu hefur ýmislegt áunnist. Reynt hefur verið að koma samskiptum ráðuneytisins við stofnanir sem undir það heyra í fastari skorður. Einnig er verið að koma á betra skipulagi á samskipti ráðuneytisins við aðra innlenda og erlenda aðila. Meðal þeirra málaflokka sem lögð hefur verið sérstök áhersla á eru jafnréttismálin. Af hálfu ráðuneytisins er reynt að fylgjast betur með þróuninni á þessu sviði en áður var. Þess má geta að ráðuneytið átti frumkvæði að því að nú eru haldnir reglulegir samráðsfundir með fulltrúum Jafnréttisráðs. Gert er ráð fyrir að halda a.m.k. tvo til þrjá reglulega samráðsfundi þessara aðila á hverju ári. Hugmyndin er að skiptast á skoðunum og upplýsingum um það helsta sem er að gerast í jafnréttismálum heima og heiman. Nú þegar hafa verið haldnir tveir slíkir fundir. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir og verður því vonandi haldið í framtíðinni.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld með ýmsum hætti reynt að greiða fyrir þátttöku Íslendinga í erlendu samstarfi á sviði jafnréttismála. Skoðanaskipti við erlenda aðila leiða til víðsýni og vekja athygli á fleiri leiðum að settu marki. Mikilvægast í þessu sambandi er án efa þátttaka í kvennaráðstefnum Sameinuðu þjóðanna. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Mexíkóborg árið 1975. Þangað fór þriggja manna sendinefnd frá Íslandi. Á ráðstefnunni var samin yfirlýsing um jafnrétti kvenna og karla og samþykkt ítarleg framkvæmdaáætlun á öllum sviðum. Áætlunin var lögð fyrir allsherjarþing S.þ. sama ár og þar var samþykkt að áratugurinn 1976–85 skyldi helgaður sömu markmiðum og kvennaárið. Til að fylgjast með framvindu framkvæmdaáætlunarinnar var ákveðið að halda aðra alþjóðlega kvennaráðstefnu í Kaupmannahöfn árið 1980 þegar áratugurinn væri hálfnaður. Þriðja ráðstefnan var haldin undir lok kvennaáratugarins í Nairobi í Kenýa dagana 14–26. júlí 1985. Meginverkefni ráðstefnunnar var að gera áætlun um framhald þeirra verkefna sem hafist var handa um á kvennaárinu. Ráðstefnan afgreiddi viðamikla framkvæmdaáætlun í 373 greinum sem gilda skal til aldamóta. Samþykkt var að halda aftur ráðstefnu um stöðu kvenna að 15 árum liðnum á árinu 2000. Sendinefnd Íslands skipuðu Sigríður Snævarr, formaður, Esther Guðmundsdóttir, Gerður Steinþórsdóttir, Guðríður Þorsteinsdóttir og María Pétursdóttir. Félagsmálaráðuneytið stóð straum af kostnaði fjögurra fulltrúa af fimm.

Félagsmálaráðuneytið hefur átt aðild að fleiri þáttum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem snerta jafnréttismál. Benda má á fullgildingu Íslands í júní 1985 á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Í honum eru ákvæði sem skylda stjórnvöld til að koma á jafnri stöðu kynjanna í reynd. Þar er einnig að finna ákvæði sem heimila sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Ráðuneytið átti einnig aðild að samþykkt sérstakrar ályktunar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um jafnréttismál sem tekin var til afgreiðslu á 71. alþjóðavinnumálaþinginu í Genf í júní í fyrra. Gerð er grein fyrir ályktuninni í skýrslu félagsmálaráðherra um vinnumálaþingið sem lögð var fram á Alþingi í mars 1986.

Hinn 4. mars 1986 var haldinn fyrsti fundur evrópskra jafnréttisráðherra. Evrópuráðið var fundarboðandi og var fundurinn haldinn í húsakynnum ráðsins í Strasbourg. Viðfangsefni fundarins var aukin hlutdeild kvenna í stjórnmálum og ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. Félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, sat þennan fund fyrir hönd Íslands. Auk hans sat Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, fundinn. Fulltrúar frá öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins tóku þátt í ráðherrafundinum. Auk þeirra sátu fundinn fulltrúar frá Finnlandi, Kanada, Júgóslavíu og nokkrum alþjóðastofnunum, samtals 105 fulltrúar. Fundinum lauk með ítarlegri ályktunartillögu. Í henni lýsa jafnréttisráðherrarnir yfir þeirri skoðun sinni að virk þátttaka kvenna og karla í stjórnmálum sé mikilvægt skilyrði fyrir þróun og framgang jafnréttis. Ráðherrarnir hvetja aðildarríki Evrópuráðsins til að

beita sér fyrir aðgerðum á öllum sviðum þjóðlífsins sem stuðli að jafnrétti kynjanna og þá sérstaklega þeim sem hafa að markmiði að auka hlutdeild kvenna í stjórnmálum og annarri ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. Samkvæmt tillögunni er einnig lagt fyrir Evrópuráðið að stofna til funda og styðja rannsóknarverkefni sem séu liður í framkvæmd ofangreindrar stefnu á starfstímabili ráðsins 1987–91.

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur af hálfu félagsmálaráðuneytisins verið lögð aukin áhersla á samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar á sviði jafnréttismála. Sóttir hafa verið fundir norrænna jafnréttisráðherra og fundir sem norræna embættismannanefndin sem fjallar um jafnréttismál hefur gengist fyrir. Einn af merkari áföngum þessa samstarfs er norrænt samstarfsverkefni sem hefur að markmiði að stuðla að fjölbreyttari atvinnuþátttöku kvenna og hamla gegn þeirri þróun að störf skiptist í kvenna- og karlastörf og nefnist „Brjótum múrana“ eða „BRYT“. Um er að ræða þriggja ára verkefni og er það framkvæmt samtímis í einu sveitarfélagi í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Á Íslandi hefur Akureyri orðið fyrir valinu. Norræna ráðherranefndin greiðir stærsta hluta kostnaðarins við framkvæmd þess, þar með talin laun verkefnisstjóra í hálfu starfi. Íslenskur verkefnisstjóri var ráðinn frá og með 1. desember 1985 til að sjá um framkvæmdir og athuganir hér á landi. Fyrir valinu varð Valgerður H. Bjarnadóttir sem þegar hefur sýnt mikinn dugnað í starfinu. Rétt er að geta þess að bæjarstjórn Akureyrar hefur með ýmsum hætti lagt þessu máli lið, m.a. séð verkefnisstjóranum fyrir vinnuaðstöðu og veitt annan beinan og óbeinan stuðning. Ráðuneytið hefur skipað sérstaka ráðgjafanefnd verkefnisstjóranum til aðstoðar. Ráðgjafanefndin gegnir einnig því hlutverki að skapa tengsl milli verkefnisstjórans og þeirra aðila sem samkvæmt eðli málsins tengjast framkvæmd verkefnisins. Formaður ráðgjafanefndarinnar er Ólöf Pétursdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Auk hennar eiga sæti í ráðgjafanefndinni fulltrúar frá félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, Akureyrarbæ og aðilum vinnumarkaðarins. Einnig situr Elín Pálsdóttir Flygenring í nefndinni en hún á sæti í norrænu jafnréttisnefndinni sem hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins í öllum löndunum. Þess skal getið að frá og með 1. júní greiðir félagsmálaráðuneytið helming af launum verkefnisstjórans. Hann er því nú í fullu starfi.

8. Starfsemi Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð það sem nú situr var skipað í desember 1985. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 65/1985 er ráðið skipað sjö mönnum til tveggja ára í senn og jafnmörgum til vara.

Í Jafnréttisráði sitja:

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari, formaður ráðsins, skipuð af Hæstarétti Íslands. Varamaður: Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður.

Gerður Steinþórsdóttir cand. mag., varaformaður ráðsins, skipuð af félagsmálaráðherra. Varamaður: Ingibjörg Pálmadóttir hjúkrunarfræðingur.

Kristján Þorbergsson lögfræðingur, skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands. Varamaður: Guðrún Lárusdóttir útgerðarmaður.

Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, skipuð af Alþýðusambandi Íslands. Varamaður: Jóhannes Siggeirsson framkvæmdastjóri.

Sigurveig Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, skipuð af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Varamaður: Guðrún Árnadóttir framkvæmdastjóri.

Esther Guðmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur, skipuð af Kvenréttindafélagi Íslands. Varamaður: Arndís Steinþórsdóttir deildarstjóri.

Ingibjörg Magnúsdóttir húsmóðir, skipuð af Kvenfélagasambandi Íslands. Varamaður: Magdalena Ingimundardóttir gjaldkeri.

Helstu verkefni Jafnréttisráðs.

Með setningu laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, voru verkefni Jafnréttisráðs aukin til muna. Verkefni ráðsins eru rakin í 15. gr. jafnréttislaganna.

Þau helstu eru:

8.1. Kærur til ráðsins.

Samkvæmt 5. gr. jafnréttislaganna er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um laun, stöðuhækkanir, stöðubreytingar, ráðningu, setningu eða skipan í starf og fleira. Jafnréttisráð tekur við ábendingum um brot á þessu ákvæði og skal ráðið beina rökstuddum tilmælum til atvinnurekanda um úrbætur telji ráðið að um brot hafi verið að ræða.

Jafnréttisráði berast einnig allnokkrar kærur vegna kyngreindra starfsauglýsinga og auglýsinga þar sem talið er að auglýsingin sé öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar.

8.2. Framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs.

Samkvæmt 2. tölul. 15. gr. jafnréttislaganna skal Jafnréttisráð vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára og skal þar kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Jafnréttisráð hefur nýlokið gerð slíkrar framkvæmdaáætlunar sem send hefur verið félagsmálaráðherra.

Í framkvæmdaáætluninni er áhersla lögð á bætt launakjör kvenna, náms- og starfsfræðslu í skólum, félagsleg atriði svo sem lengt fæðingarorlof, fjölgun dagvistarrýma, samfelldan skóladag o.fl. Er það von ráðsins að framkvæmdaáætlunin verði átak til breytinga í átt til jafnrar stöðu kvenna og karla.

8.3. Fræðslu- og upplýsingastarf.

Jafnréttisráð skal vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafnrétti kynjanna. Einnig skal ráðið sinna fræðslu- og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings og stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo stefnu og markmiði jafnréttislaganna verði náð.

Umsagnir um lagafrumvörp eru hluti af starfi Jafnréttisráðs. Einnig fær ráðið beiðnir, bæði innlendar og erlendar, um upplýsingar um stöðu kynjanna, helstu verkefni Jafnréttisráðs o.fl. Sérstökum beiðnum um fræðsluerindi er sinnt eftir bestu getu og árlega flytur fulltrúi frá Jafnréttisráði erindi um jafnréttismál á námskeiðum á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Jafnréttisráð gefur út fréttabréf sem kemur út tvisvar til fjórum sinnum á ári.

Það verður að segjast eins og er að sökum manneklu á skrifstofu ráðsins hefur Jafnréttisráð ekki getað sinnt fræðsluhlutverki sínu sem skyldi. Þannig hefur ráðið ekki séð sér fært að bjóða fram fræðslu að fyrra bragði. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að Jafnréttisráð fengi nýja stöðuheimild svo markvisst mætti vinna að upplýsinga- og fræðslustarfsemi um jafnréttismál.

8.4. Rannsóknarstarf.

Jafnréttisráð skal af sjálfsdáðum taka til rannsóknar stöðu kvenna og karla. Á skrifstofu Jafnréttisráðs starfar þjóðfélagsfræðingur í hálfri stöðu. Í samráði við landlæknisembættið vinnur hann að athugunum á félagslegum aðstæðum kvenna. Verður sérstaklega litið til einstæðra mæðra í því sambandi. Einnig er til athugunar framkvæmd 12. gr. jafnréttislaganna um skipan í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkisins og stærstu launþegasamtakanna.

8.5. Jafnréttisfræðsla í skólum.

Að lokum er rétt að nefna hér ákvæði 10. gr. jafnréttislaganna um jafnréttisfræðslu í skólum landsins og starfsfræðslu til nemenda þar sem leitast skal við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð. Jafnréttisráð átti frumkvæði að því að haustið 1985 var haldin dagskrá um jafnréttismál í Námsgagnastofnun. Dagskráin, sem haldin var í samvinnu við Námsgagnastofnun, skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins, Bandalag kennarafélaga, Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis, Kennaraháskóla Íslands og Kvenréttindafélags Íslands, var í formi sýningar á kennslugögnum og fyrirlestra, aðallega ætluð kennurum. Jafnréttisráð hefur lagt áherslu á að kennari yrði ráðinn til að skipuleggja jafnréttisfræðslu í skólum og starfsfræðslu í samráði við viðkomandi kennara. Menntamálaráðuneytið hefur í fjárlagatillögum ráðuneytisins næsta ár farið fram á stöðuheimild til þessa verkefnis. Námsefnið er til staðar. Er það von Jafnréttisráðs að heimild fáist til að ráða starfsmann til að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Ráðgjafanefnd Jafnréttisráðs.

Á vegum Jafnréttisráðs starfar sjö manna ráðgjafanefnd og skal hún vinna að sérstökum verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Í ráðgjafanefndinni sitja: Oddrún Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri. Sigríður Erlendsdóttir sagnfræðingur. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Sóknar. Þorbjörn Broddason dósent. Þráinn Hallgrímsson fræðslufulltrúi. Vilborg Harðardóttir útgáfustjóri. Kári Arnórsson skólastjóri.

Þann 22. nóvember n.k. er fyrirhuguð ráðstefna á vegum Jafnréttisráðs og hefur ráðgjafanefndin í samvinnu við skrifstofu ráðsins haft veg og vanda af þeim undirbúningi. Yfirskrift ráðstefnunnar verður „FJÖLSKYLDAN — FRAMTÍÐIN".

Erlent samstarf.

Á vegum jafnréttisráðherra Norðurlanda er starfandi norræn embættismannanefnd um jafnréttismál. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, varamaður er Ólöf Pétursdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Fundir eru haldnir þrisvar sinnum á ári að jafnaði.

Verkefni nefndarinnar er að vinna á samræmdan hátt að því að koma á jafnri stöðu kynjanna á Norðurlöndum. Á vegum nefndarinnar er unnið að ýmsum verkefnum á sviði jafnréttismála. Norræna verkefnið „Brjótum múrana" er fyrsta verkefnið sem Ísland tekur þátt í.

Á vegum norrænu embættismannanefndarinnar er í undirbúningi norræn ráðstefna kvennasamtaka, (NORDISK FORUM). Fyrirhugað er að halda ráðstefnuna í Ósló árið 1988. Ísland á fulltrúa í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar.

9. Niðurlag.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir nokkrum atriðum sem snerta stöðu jafnréttis kvenna og karla á Íslandi. Einnig hefur verið gerð grein fyrir nokkrum þáttum þessa málaflokks sem unnið hefur verið að í félagsmálaráðuneytinu og af Jafnréttisráði. Fjölmörg brýn verkefni bíða úrlausnar á þessu sviði. Þar er mikilvægast að eyða því launamisrétti sem er við lýði á milli kynjanna. Í því sambandi þarf að brýna fyrir konum að sækja inn í mun fleiri starfsgreinar en nú er. Hér getur norræna verkefnið á Akureyri orðið að liði. Konur þurfa einnig að láta meira til sín taka á sviði stjórnmála bæði með því að gefa kost á sér til setu á Alþingi og í sveitarstjórnum.

Sþ. 231. Skýrsla [216. mál]

félagsmálaráðherra um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfsreynslu.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Hinn 22. apríl 1986 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um mat á heimilis- og umönnunarstörfum sem unnin eru launalaust til starfsreynslu. Samkvæmt tillögunni var ríkisstjórninni falið að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla. Hún samþykkti að vísa málinu til félagsmálaráðherra til nánari athugunar. Að frumkvæði hans var Gerður Steinþórsdóttir cand. mag. fengin til að gera úttekt á stöðu þessara mála og gera tillögur um það hvernig meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf. Gerður hefur nú lokið rannsókn sinni á þessu málefni og er skýrsla hennar hér með lögð fram til kynningar.

1. Inngangur.

Þingsályktun um að meta heimilisstörf til starfsreynslu var samþykkt á Alþingi 22. apríl 1986. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf, sem unnin eru launalaust, þegar um hliðstæð störf er að ræða. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka reynslu, þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla.“

Undirritaðri var falið að vinna verkefnið og skila tillögum. Verkið var unnið á þann hátt að lesnar voru vandlega yfir þær umræður sem fram fóru um málið á Alþingi í því skyni að fá glögga mynd af þeim hugmyndum sem lægju að baki þingsályktuninni. Ljóst var að sú tillaga Kvennalistans að láta árafjölda við heimilisstörf ráða eingöngu við mat á starfsaldurshækkun fékk ekki hljómgrunn. Flestir þingmenn vildu fara einhverja millileið, ná áfangasigri. Af þeirri hugmynd er tekið mið. Yfirlýsing Alþingis nær til „hliðstæðra“ starfa. Tillagan sem hér fylgir nær til „hliðstæðra“ starfa bæði faglærðra og ófaglærðra starfsmanna.

Í kjarasamningum BSRB og ríkisins er starfsreynsla opinberra starfsmanna metin að fullu þótt viðkomandi skipti um starf og fari í óskylt starf. Sú hugmynd Kvennalistans að meta heimilisstörf sem reynslu í öll störf fékk misjafnar viðtökur. Eins og þingsályktunin ber með sér hafnaði Alþingi ekki hugmyndinni en fór fram á „athugun“. — Í greinargerðinni er stuttur kafli sem fjallar um afgreiðslu málsins á Alþingi.

Þá kemur kafli um mat vinnumarkaðarins á því hvað séu hliðstæð störf og hvort það mat sé réttmætt.

Könnuð voru núgildandi ákvæði í kjarasamningum um mat á heimilisstörfum en þau finnast víða, einkum í sérkjarasamningum félaga innan ASÍ og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB. Algengt er að reynsla af heimilisstörfum sé metin við almenn störf í lægstu launaflokkum eða „hliðstæð“ störf sem ekki krefjast sérhæfingar.

Varðandi síðari lið tillögunnar er einnig byggt á reynslu hjá nokkrum sveitarfélögum. Í Garðabæ, Kópavogi, á Akureyri og í Vestmannaeyjum eru heimilisstörf metin í öll störf hjá sveitarfélaginu. Tekið er mið af þeim ákvæðum í tillögugerðinni.

Í ákvæðum um mat á heimilisstörfum gætir töluverðrar fjölbreytni, oftar þó til þrengingar. Þó finnast sveitarfélög sem meta heimilisstörf „takmarkalaust“ til starfsreynslu, annaðhvort í öll störf eða í ákveðin tilgreind störf.

Að lokum er gerð tilraun til að meta þann kostnað fyrir vinnumarkaðinn sem hlytist af samþykkt tillagnanna.

Reykjavík í september 1986.

Gerður Steinþórsdóttir.

2. Tillögur.

Tillaga 1:

Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf metin á sama hátt, þó mest til fjögurra ára starfsaldurs.

Tillaga 2:

Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf metin til hálfs í starfsaldri. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma.

Tillaga 3:

Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf í minnst þrjú ár metin til starfsaldurs. Slíkur áunninn starfsaldur getur mest orðið fjögur ár.

Til skýringar:

Eins og sést af þessum þremur valkostum er aðeins gerð ein tillaga um fyrri hluta greinarinnar. Sú tillaga er sniðin eftir grein 1.1.8 í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB (gildir 1.2.'86–31.12.'86). Greinin er svohljóðandi:

„Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt starfstíma við hliðstæð störf. Slíkur starfsaldur getur mest orðið sex ár. Um framkvæmd þessa ákvæðis gilda þær meginreglur sem samstarfsnefnd BSRB og fjármálaráðuneytisins hafa sett um grein 1.1.8 í fyrri aðalkjarasamningi.“

Í þessari grein er bæði talað um „hliðstæð“ störf og hámarksárafjölda þegar lagt er mat á starfsreynslu þeirra sem ekki hafa unnið hjá hinu opinbera.

Í þessari tillögu felst m.a. að ýmsum hömlum verður aflétt sem nú finnast í sérkjarasamningum ýmissa félaga varðandi mat á heimilisstörfum. Nefna má að í sumum sérkjarasamningum er miðað við lífaldur viðkomandi en ekki starfsaldur, sem er eðlilegra. Í flestum sérkjarasamningum er nefndur hámarksárafjöldi, allt niður í tvö ár. Í núgildandi samningum ná þessi ákvæði oftast eingöngu til almennra og ófaglærðra „hliðstæðra“ starfa eins og greint hefur verið frá áður. Þessi tillaga nær hins vegar til allra „sambærilegra“ starfa, faglærðra jafnt sem ófaglærðra, eins og fóstra, kennara og hjúkrunarfræðinga, svo einhverjar stéttir séu nefndar.

Varðandi síðari lið tillögunnar eru gefnir upp þrír valkostir. Er tekið mið af því að hjá nokkrum sveitarfélögum er reynsla af heimilisstörfum metin í öll störf hjá sveitarfélaginu. Fyrsti valkosturinn gengur lengst og á sér ekki hliðstæðu hjá sveitarfélögunum. Annar valkosturinn á sér fyrirmynd hjá bæjarstarfsmönnum í Vestmannaeyjum og þriðji valkosturinn örlítið breyttur á sér fyrirmynd hjá Kópavogskaupstað og Garðabæ. Í báðum síðastnefndu tilvikunum stendur reyndar „heimilisstörf í minnst fjögur ár". Enn fremur var tekið mið af umræðum sem fram fóru á Alþingi um mat á heimilisstörfum þar sem glögglega kom fram það sjónarmið að meta ætti meira reynslu af heimilisstörfum í „hliðstæð" störf á vinnumarkaði en óskyld störf.

Þar sem nokkur ár líða á milli starfsaldursþrepa (t.d. þrjú ár) er ljóst að minni munur er á kostnaði við tillögurnar en ætla mætti og því fremur álitamál hvaða kostur er talinn æskilegastur.

3. Ágrip af gangi málsins á Alþingi.

Tillaga til þingsályktunar um að meta heimilisstörf til starfsreynslu var samþykkt á Alþingi 22. apríl 1986. Ályktunin er tvíþætt: Annars vegar yfirlýsing þess efnis að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust þegar um hliðstæð störf er að ræða; hins vegar var ríkisstjórninni falið að athuga hvernig meta megi þessi störf þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að ræða.

Þingsályktunin var samþykkt með 38 samhljóða atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli. Sjö þingmenn greiddu ekki atkvæði, 15 þingmenn voru fjarstaddir, þrír þingmenn gerðu grein fyrir atkvæði sínu.

Mál þetta átti sér nokkurn aðdraganda á Alþingi. Það var fyrst flutt í sameinuðu Alþingi 29. janúar 1985 (þingskjal 62). Flutningsmenn voru þingmenn Kvennalistans. Tillagan fól í sér að fjármálaráðherra var falið að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og BSRB yrði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanns, metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna.

Allítarleg greinargerð fylgir tillögunni. Það sem síðar átti eftir að vekja mikla umræðu á þingi var annars vegar það ákvæði hennar að tillagan næði eingöngu til opinberra starfsmanna sem talið var of þröngt, hins vegar að meta skyldi starfsreynslu við heimilisstörf *án tillits til eðlis þess starfs* sem unnið væri hjá hinu opinbera.

Rök flutningsmanna tillögunnar voru m.a. þau að í heimilisstörfum fælist fjölþætt reynsla sem ekki nýttist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðinum.

Nokkur umræða varð um málið sem síðan var vísað til allsherjarnefndar að ósk framsögumanns, Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur. Málið kom ekki úr nefnd á því þingi.

Flutningsmenn, þingmenn Kvennalistans, endurfluttu þingsályktunartillöguna óbreytta á næsta þingi, þann 29. október 1985 (þingskjal 11) og var henni vísað aftur til allsherjarnefndar, í þetta sinn án umræðu.

Álit allsherjarnefndar var kynnt á Alþingi 6. mars 1986 og talaði formaður nefndarinnar, Ólafur Þ. Þórðarson fyrir því. Fram kom í máli hans að heimilisstörf væru víða metin í kjarasamningum og lagði því allsherjarnend til að málinu yrði vísað frá á þeirri forsendu að hér væri um *kjarasamningsatriði* að ræða sem ekki ætti að ákveða með fyrirmælum frá Alþingi. Undir þetta álit skrifuðu fimm nefndarmenn en tveir voru fjarverandi.

Þessi afgreiðsla allsherjarnefndar átti eftir að vekja gagnrýni margra þingmanna. Töldu þeir sem til máls tóku að málið væri í verkahring Alþingis og nefndu mörg dæmi um afskipti þingsins af kjaratengdum málum. Kom m.a. fram hjá þingmönnum að Alþingi ætti að samþykkja viljayfirlýsingu um þetta efni. Ljóst er af lestri umræðna að alþingismenn vilja ganga mjög mislangt í þessu máli, vilja flestir finna einhvern milliveg, ná áfangasigri, eins og lokaályktunin ber með sér. Kom fram fyrsta breytingartillagan og var þá umræðu frestað.

20. mars var síðan framhaldsumræða og voru þá komnar fram þrjár breytingartillögur til viðbótar. Öllum tillögunum var eftir miklar umræður vísað til allsherjarnefndar til samræmingar. 21. apríl kom síðan frá allsherjarnefnd breytingartillaga við tillögu til þingsályktunar um að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Talaði Guðmundur J. Guðmundsson fyrir henni. Tillagan var síðan samþykkt daginn eftir, 22. apríl, eins og áður hefur verið greint frá.

Fjórtán þingmenn og tveir ráðherrar tóku þátt í umræðu um mat á heimilisstörfum og voru fluttar 27 ræður.

4. Heimilis- og umönnunarstörf.

Samkvæmt ályktun Alþingis skal meta til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust þegar um *hliðstæð* störf er að ræða.

Hvað eru hliðstæð störf?

Ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf eru metin til starfsreynslu víða í samningum og því komin nokkur *hefð* á hvað menn við samningaborðið telja hliðstæð störf og hvar meta skuli slíka reynslu og þekkingu.

Með fáum undantekningum eru heimilis- og umönnunarstörf lítils metin, oftast í ófaglærðum láglaunastörfum úti á vinnumarkaðinum.

Nefna má að í sérkjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana eru heimilisstörf metin sem starfsreynsla í fjórum *neðstu* launaflokkunum. Þar segir í bókunum: „Um mat á starfsaldri starfsmanna sem ráðnir eru í starfsheiti sem raðað er í 53.–56. lfl. SFR-samnings: 1. Telja skal allan starfstíma, launaðan eða ekki, sem unninn er eftir að starfsmaður lauk 16. aldursári. Nær framangreint m.a. til *heimilisstarfa* og bústarfa . . . 3. Sama regla tekur einnig til allra almennra starfa sem leggja má að jöfnu við störf sem raðað er í 53.–56. og raðað er í lfl. 55–57.“

Almennt hafa þessi störf færst upp um 2 lfl. síðan í maí 1986.

Hið sama er uppi á teningnum hjá stærsta sveitarfélaginu, Reykjavíkurborg. Í kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar er starfsreynsla við heimilisstörf metin þegar um almenn störf er að ræða sem ekki krefjast sérhæfingar. Er þá um að ræða *fjóra* neðstu launaflokkana.

Starfsmannafélagið Sókn ruddi brautina varðandi mat á heimilisstörfum úti á vinnumarkaðinum. Þar eru núna þau ákvæði að meta skuli heimilisstörf til starfsaldurs allt að sex árum og miðað við lífaldur, enda teljist ekki starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þessi hliðstæðu störf eru: störf í eldhúsi, saumaskapur, almenn störf á sjúkrahúsum, þvottahússtörf, ræsting, heimilishjálp, ráðskonustörf á barnaheimili, barnagæsla; hjúkrun aldraðra, geðsjúkra, vangefinna, lamaðra og fatlaðra. Enn fremur eru hér starfsmenn með húsmæðrapróf og viðurkennd námskeið í heimilishjálp, barnagæslu og hjúkrun.

Af þessari upptalningu má sjá hvaða störf eru talin ófaglærð heimilis- og umönnunarstörf á vinnumarkaðinum. En upptalningin sýnir einnig, sem er athyglisvert, að eingöngu eru metnir *einstakir verklegir þættir* í núgildandi samningum. Þetta mat er í engu samræmi við það sjónarmið sem kom fram í umræðu á Alþingi að heimilisstörf væru „margþætt“ og „flókin“, svo vitnað sé til orða heilbrigðisráðherra, Ragnhildar Helgadóttur.

Í núgildandi mati á heimilisstörfum er horft fram hjá þeirri staðreynd að heimili er sérstök rekstrareining og má líkja því við lítið fyrirtæki. Það þarfnast stjórnunar og skipulagningar. Það er ekki að ófyrirsynju að Húss*tjórnar*bókin (Reykjavík 1968) hefst á kafla um heimilis*hagfræði*.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir drap á þessa þætti, mat og vanmat, í umræðunum á Alþingi er hún minntist á þau störf sem *á yfirborðinu* væru svipuð heimilisstörfum, eins og matargerð, ræsting, þvottur og innkaup. Hún sagði m.a.:

„Í heimilisstörfum felst margvísleg reynsla sem ekki nýtist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðinum. Má þar nefna þætti eins og frumkvæði, sjálfstæði, ábyrgð og meðferð fjármuna, en það eru þeir þættir í launuðum störfum sem einna hæst eru metnir til launa á vinnumarkaðinum.“ (Bls. 2422 Alþingistíðindi, 12. hefti 1984–85.)

Heilbrigðisráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, tók í sama streng, sagði að heimilisstörf krefðust *hæfni í stjórnun, skipulagningu og meðferð fjármála.* Allt þetta væru atriði sem hefðu mjög mikla þýðingu víða á vettvangi þjóðfélagsins. Þessi störf yrðu ekki unnin svo vel væri án hæfni, þekkingar og þjálfunar.

Af þessu má ljóst vera að reynsla af rekstri heimilis og af umönnunarstörfum er vanmetin, einnig þegar um svokölluð „hliðstæð störf“ er að ræða. Sá einstaklingur sem gegnir forstöðu heimilis fær almenna reynslu í stjórnun, skipulagningu og rekstri. Því er ekki óeðlilegt að meta reynslu í rekstri heimilis í almennum stjórnunarstörfum úti á vinnumarkaðinum.

5. Núgildandi ákvæði í kjarasamningum.

Ein af ástæðunum fyrir því að konur tóku sér frí frá störfum 24. október 1975 var *„að starfsreynsla húsmóður er einskis metin á vinnumarkaðinum“*, eins og segir í dreifibréfi frá framkvæmdanefnd um Kvennafrí. Ein úr framkvæmdanefnd Kvennafrísins, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, varð formaður Starfsmannafélagsins Sóknar 1976. Hún beitti sér fyrir því í kjarasamningum það sama ár að húsmóðurreynsla yrði metin til starfsreynslu á vinnumarkaðinum. Þá fékkst fram í Sóknarsamningi 1976 að húsmóðurreynsla óháð árafjölda var metin sem ársreynsla á vinnumarkaði og þar með var fyrsta skrefið stigið.

Á þeim áratug sem liðinn er hafa orðið töluverðar breytingar, og verður nú gerð grein fyrir stöðu mála á þeim vettvangi.

Hvergi í heildarkjarasamningum er ákvæði um starfsreynslu við heimilisstörf. Hins vegar eru heimilisstörf víða metin í samningum, og gildir þetta almennt um störf sem talin eru að einhverju leyti sambærileg húsmóðurstörfum, eins og vikið hefur verið að í öðrum kafla. Undantekning frá þessari reglu eru t.d. ákvæði í samningi bæjarstarfsmanna í Garðabæ, Kópavogi og í Vestmannaeyjum þar sem húsmæðrum er metin í öll störf hjá sveitarfélaginu.

Ákvæði í samningum *einstakra félaga innan ASÍ:*

1. Í *Sóknarsamningi* er svohljóðandi ákvæði: „Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt starfstíma við hliðstæð störf. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár. Heimilisstörf skulu metin til starfsaldurs allt að *sex árum* miðað við *lífaldur* viðkomandi einstaklinga sem hér segir, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma: 21 árs aldur eitt ár, 22 ára aldur tvö ár, 23 ára aldur þrjú ár, 24 ára aldur fjögur ár, 25 ára aldur fimm ár, 26 ára aldur og þar yfir sex ár. Sem starfsaldur skv. þessari grein skal metinn samfelldur starfstími í tvo mánuði eða meira í a.m.k. hálfu starfi.“

2. Í samningi *Félags starfsfólks í veitingahúsum* við Vinnuveitendasamband Íslands er svofellt ákvæði: „Við almenn störf, svo sem eldhússtörf, ræstingu og afgreiðslu skal starfsreynsla í skyldum greinum, þ.m.t. húsmæðurstörfum, metin sérstaklega. Sé um sambærileg störf að ræða getur starfsfólk náð allt að *þriggja ára* launaþrepi þótt það hafi ekki unnið áður skv. kjarasamningi þessum.“

3. Í samningi ASÍ við Vinnumálanefnd ríkisins um kaup og *kjör starfsfólks í mötuneytum skóla* er svofellt ákvæði: „Við röðun í aldursflokka skal tekið fullt tillit til starfsreynslu við sambærileg störf, þar með talin húsmæðurstörf. Getur starfsmaður með slíka starfsreynslu náð allt að *þriggja ára* starfsaldri.“

4. Í samningi Alþýðusambands Suðurlands við atvinnurekendur um kaup og kjör *starfsfólks á sjúkrahúsum og dvalarheimilum* er sams konar ákvæði og í Sóknarsamningi.

5. Í samningi *Verkalýðsfélagsins Einingar* við Akureyrarbæ er svofellt ákvæði: „Við ráðningu fólks skal við ákvörðun kaups og kjara tekið fullt tillit til starfstíma þess við hliðstæðar stofnanir, enda séu lögð fram vottorð um starfstíma hjá slíkum stofnunum. Þá skal húsmóðurstarf metið til jafns við starfsreynslu, allt að *fjögur ár*."

Sambærileg ákvæði finnast í sérkjarasamningum einstakra félaga innan ASÍ.

Í *aðalkjarasamningi BSRB* eru greinar sem snerta starfsaldurshækkanir. Í 1.1.7 segir: „Starfsaldur telst sá tími sem starfsmaður hefur unnið hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum, sem styrktar eru af almannafé (t.d. heilbrigðis- og menntastofnanir), og tekið laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna.

Sé um starf í sömu starfsgrein að ræða skal einnig teljast til starfsaldurs tími sem unninn hefur verið hjá þessum aðilum þó að laun hafi ekki verið samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna. Á sama hátt skulu störf, sem innt eru af hendi erlendis, metin að fullu til starfsaldurs."

Í 1.1.8 segir hins vegar: „Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt starfstíma við *hliðstæð* störf. Slíkur starfsaldur getur þó mestur orðið *sex ár*. Um framkvæmd þessa ákvæðis gilda þær meginreglur sem samstarfsnefnd BSRB og fjármálaráðuneytisins hefur sett um grein 1.1.8 í fyrri aðalkjarasamningi."

Í *sérkjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana* er þetta ákvæði útvíkkað þegar tekur til lægstu launaflokkanna. Þar segir í bókun m.a.: „1. Telja skal allan starfstíma, launaðan eða ekki, sem unninn er eftir að starfsmaður lauk *16. aldursári*. Nær framangreint m.a. til heimilisstarfa og bústarfa."

Af ákvæði 1.1.7 má sjá að hægt er að breyta um starf hjá hinu opinbera og halda fullri starfsaldurshækkun. Hins vegar þegar um aðra atvinnurekendur er að ræða er einungis tekið tillit til sambærilegra starfa og þak sett á árafjöldann, þ.e. sex ár hið mesta.

Verður nú gerð grein fyrir *ákvæðum um mat á heimilisstörfum til starfsaldurs úr samningum bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB* (1.2.86–31.12.86).

6. Í samningi *Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar* er svohljóðandi ákvæði: „Við mat á starfsaldri einstaklinga, sem raðast í almenn starfsheiti í 54.–57. lfl. og ekki gera kröfu til sérhæfingar, skal meta ólaunuð störf, þ.m.t. heimilisstörf, til starfsaldurs miðað við lífaldur viðkomandi einstaklinga sem hér segir, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma: 21 árs aldur eitt ár, 22 ára aldur tvö ár, 23 ára aldur þrjú ár, 24 ára aldur fjögur ár, 25 ára aldur fimm ár, 26 ára aldur og þar yfir sex ár."

7. Í samningi *Starfsmannafélags Kópavogs* er svohljóðandi ákvæði: „Starfsmaður, sem haft hefur heimilisstörf sem aðalstarf í minnst fjögur ár, fái þau metin til starfsaldurs. *Gæslumenn á leikvöllum* og *aðstoðarmenn á dagvistarstofnunum* skulu fá að fullu metinn til starfsaldurs þann tíma sem þeir hafa haft heimilisstörf sem aðalstarf en þau ná yfir umönnun og uppeldi barna. *Starfsmaður, sem starfar við umönnun aldraða,* skal á sama hátt fá metinn til starfsaldurs þann tíma sem umönnun aldraða hefur verið verulegur þáttur heimilisstarfa hans, enda hafi þau verið aðalstarf hans."

8. Í kjarasamningi starfsmannafélags *Seltjarnarneskaupstaðar* er svofellt ákvæði: „Starfsmaður á dagvistarstofnunum, sem haft hefur heimilisstörf sem *aðalstarf í minnst fjögur ár,* fái þau metin til starfsaldurs, þó aldrei lengri tíma en *fjögur ár*."

9. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Garðabæjar* segir: „Starfsmaður sem hefur haft heimilisstörf sem aðalstarf í *minnst fjögur ár* fær þau metin til starfsaldurs."

10. Í samningi *Starfsmannafélags Hafnarfjarðar* er svofellt ákvæði: „Starfsmaður sem haft hefur heimilisstörf að aðalstarfi skal fá þau metin til starfsaldurs við sambærileg störf. Metinn starfsaldur samkvæmt þessari grein getur þó aldrei orðið lengri en *fjögur ár*."

11. Í samningi *Starfsmannafélags Mosfellssveitar* er svofellt ákvæði: „Við útreikning á starfsaldri skal meta starf hjá öðrum vinnuveitendum í sambærilegu starfi að fullu, enda leggi starfsmaður fram fullgilt vottorð þar um. Enn fremur fái starfsmaður, sem haft hefur heimilisstörf að *aðalstarfi í minnst fjögur ár,* þau metin til starfsaldurs (telst frá og með 20 ára aldri).“

12. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Keflavíkur* er svofellt ákvæði: „Séu almenn störf, þ.m.t. heimilisstörf, unnin sem aðalstarf eftir 20 ára aldur skal sá tími sem unninn er í fullu starfi metinn *til hálfs* í starfsaldri. Slíkur áunninn starfstími getur mest orðið *sex ár.* Kemur í stað bókunar 6 í samkomulagi frá 11. mars 1986.“

13. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða* er svofellt ákvæði: „Séu almenn störf, þ.m.t. heimilisstörf, unnin sem aðalstarf *eftir 20 ára aldur,* skal sá tími sem unninn er í fullu starfi metinn *til hálfs* í starfsaldri. Slíkur áunninn starfstími getur mest orðið *sex ár.*“

14. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Akraness* er svofellt ákvæði: „Aðilar eru sammála um að meta skuli að fullu starfsaldur áunninn annars staðar í sömu starfsgrein eða skyldum störfum, sbr. grein 1.1.9 í aðalkjarasamningi, en í óskyldum störfum allt að fjórum árum. Heimilisstörf er heimilt að meta allt að *sex árum.*“

1.1.9 Sé um starf í sömu starfsgrein að ræða skal einnig telja til starfsaldurs tíma sem áunninn hefur verið annars staðar.

15. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Borgarness* er ekki ákvæði um að meta heimilisstörf en í framkvæmd mun það ákvæði virt, þ.e. forstaða heimilis *eftir 20 ára aldur* í samræmi við grein 1.1.8 (sjá bls. 12) í aðalkjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra.

16. Í kjarasamningi *Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum* er svofellt ákvæði: „Við mat á starfsaldri einstaklinga, sem raðast í almenn starfsheiti, er ekki gera kröfur til sérhæfingar eða sérstaks undirbúnings skal meta öll almenn störf, þ.m.t. heimilisstörf (þ.e. forstaða heimilis *eftir 20 ára aldur*) sem starfsaldur í samræmi við grein 1.1.8 í aðalkjarasamningi.“

1.1.8 Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt að fullu fyrstu sex árin en að hálfu *næstu 12 árin.*

17. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Siglufjarðar* er svofellt ákvæði: „Séu heimilisstörf unnin sem aðalstarf eftir *20 ára aldur,* skal sá tími, sem unninn er í fullu starfi, metinn *til hálfs* í starfsaldri. Slíkur áunninn starfsaldur getur mestur orðið *fjögur ár.*“

18. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Sauðárkróks* eru engin ákvæði um heimilisstörf.

19. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Akureyrar* er svofellt ákvæði: „1. Hver sá sem heldur heimili eftir *18 ára aldur,* þar sem tveir eða fleiri einstaklingar búa, skal fá það metið til starfsaldurs. 2. Við mat á starfsaldri, sbr. 1. lið, skal sú regla viðhöfð (sbr. aðalkjarasamning STAK) að hvert eitt ár við slík störf verði metið sem *hálft* í starfsaldri; þó aldrei meira en *sex ár.* 3. Áunninn starfsaldur hjá öðrum en hinu opinbera getur aldrei orðið meiri en sex ár (sbr. gr. 1.1.8 í aðalkjarasamningi). 4. Allir starfsmenn Akureyrarbæjar falla undir reglur þessar sem gilda frá 1. febrúar 1985.“

20. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Húsavíkur* er ekki sérstakt ákvæði en heimilisstörf metin í sambærilegum störfum í reynd.

21. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Ólafsfjarðar* er svofellt ákvæði: „Séu heimilisstörf unnin sem aðalstarf eftir *20 ára aldur,* skal sá tími sem unninn er í fullu starfi metinn til *hálfs* í starfsaldri. Slíkur áunninn starfstími getur mestur orðið *sex ár.*“

22. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Dalvíkurbæjar og Dalbæjar* er svofellt ákvæði: „Séu heimilisstörf unnin sem aðalstarf *eftir 20 ára aldur,* skal sá tími sem unninn er í fullu starfi metinn *til hálfs* í starfsaldri. Slíkur áunninn starfstími getur mestur orðið *sex ár.*“

23. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Neskaupstaðar* er svofellt ákvæði: „Heimilisstörf skulu metin til starfsaldurs í samræmi við grein 1.1.10 í aðalkjarasamningi."

1.1.10 Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt *helmingi* starfstíma við algerlega hliðstæð störf. Slíkur starfstími getur þó mestur orðið *sex ár.*"

24. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Vestmannaeyja* er svofellt ákvæði: „Séu heimilisstörf unnin sem aðalstarf eftir 20 ára aldur, skal tími sem unninn er í fulli starfi metinn *til hálfs* í starfsaldri. *Starfsfólk dagvistunarstofnana* skal fá að fullu metinn til starfsaldurs þann tíma sem það hefur haft heimilisstörf sem aðalstarf og umönnun og uppeldi barna náði yfir. *Starfsmaður sem starfar við umönnun aldraðra* skal á sama hátt fá metinn til starfsaldurs þann tíma sem umönnun aldraðra hefur verið verulegur þáttur heimilisstarfa hans, enda hafi þau verið aðalstarf hans. *Starfsfólk við eldhús- og þrifnaðarstörf* fái á sama hátt að fullu metin til starfsaldurs heimilisstörf sín. Slíkur áunninn starfstími getur mestur orðið *sex ár.*"

25. Í kjarasamningi *Starfsmannafélags Selfosskaupstaðar* er svofellt ákvæði: „Samþykkt er að meta heimilisstörf í minnst *fjögur ár* til starfsaldurs í sambærilegum störfum."

26. *Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi.* Varðandi hreppana (Hveragerðis-, Stokkseyrar-, Eyrarbakka- og Ölfushrepp) er ákvæði þess efnis að heimilisstörf skuli meta til starfsaldurs allt að *fimm árum* í hliðstæðum störfum.

27. Ekkert ákvæði er í samningi um mat á heimilisstörfum hjá *samvinnuhreyfingunni*, en í bréfi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna (VMS), dags. 4.3.'86, til jafnréttisráðs samvinnuhreyfingarinnar segir m.a.: „Stjórn VMS telur að ekki sé hægt að verða við þeirri ósk að Vinnumálasambandið beiti sér fyrir því að þetta verði tekið inn í samninga. Stjórnin telur hins vegar að það geti verið mat starfsmannastjóra í hverju tilviki um sig hvort starfsreynsla við heimilisstörf geti nýst viðkomandi starfsmanni til starfsaldurshækkunar þegar um vinnu við störf sambærileg heimilisstörfum er að ræða."

28.–30. Hjá *Bandalagi háskólamanna* er hvergi minnst á heimilisstörf. Ekkert slíkt ákvæði er heldur hjá *Verslunarmannafélagi Reykjavíkur* eða *Sambandi íslenskra bankamanna.*

Af þessari lýsingu á stöðu mála má sjá að heimilisstörf eru metin ákaflega mismunandi, allt frá því að vera einskis metin, eins og hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Sambandi íslenskra bankamanna, í það að vera metin í öll störf, eins og t.d. hjá Kópavogskaupstað.

Aðeins eitt ákvæði er sameiginlegt varðandi mat á heimilisstörfum á vinnumarkaðinum, þau þurfa að hafa verið *aðalstarf* viðkomandi.

Í bréfi, dags. 19. apríl 1985, til þeirra sem BSRB hefur samning við vegna einstaklingsaðildar stendur m.a.:

„Við mat á starfsaldri einstakings sem raðast í almenn starfsheiti er *ekki gera kröfu til sérhæfingar* eða sérstaks undirbúnings skal meta öll störf, þ.m.t. heimilisstörf (þ.e. forstaða heimilis *eftir 20 ára* aldur) sem starfsaldur í samræmi við grein 1.1.8 í aðalkjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra."

Í grein 1.1.8 segir (til upprifjunar): „Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt starfstíma við *hliðstæð* störf. Slíkur starfsaldur getur þó *mest orðið sex ár.* Um framkvæmd þessa ákvæðis gilda þær meginreglur sem samstarfsnefnd BSRB og fjármálaráðuneytisins hafa sett um grein 1.1.8 í fyrri aðalkjarasamningi."

Í þessari grein er því talað um *hliðstæð* störf og það að starfsaldur geti mest orðið sex ár.

Mörg ákvæði bera *keim* af því sem þarna stendur en þó gætir ótrúlegrar fjölbreytni, oftar þó til þrengingar eða takmörkunar.

Verður nú vikið að árafjöldanum. Þak er sett nánast alls staðar þar sem heimilisstörf eru metin. Sex ár eru víða nefnd eins og hjá Sókn, hjá Reykjavíkurborg, hjá bæjarstarfsmönnum á Akranesi og opinberum starfsmönnum á Vestfjörðum. Nokkur sveitarfélög nefna sex ár, en meta síðan eitt starfsár við heimilisstörf sem *hálft ár* á vinnumarkaði. Þetta þýðir að til að fá húsmóðurstarfið metið sem sex ára reynslu þarf viðkomandi að hafa gegnt heimilisstörfum sem aðalstarfi í 12 ár. Þannig er það á Akureyri, í Keflavík, á Dalvík, Ólafsfirði og Neskaupstað.

Heimilisstörf eru metin sem fimm ára starfsreynsla hjá fjórum hreppum á Suðurlandi, sem fjögurra ára starfsreynsla, hámark, víða eins og hjá Verkalýðsfélaginu Einingu á Akureyri, hjá bæjarstarfsmönnum á Seltjarnarnesi, í Hafnarfirði, sem þriggja ára reynsla hjá Félagi starfsfólks á veitingahúsum og í mötuneytum skóla. — Segja má að algengasti hámarksárafjöldinn sé fjögur og sex ár. En undantekningin sannar regluna. Engin takmörk eru sett hjá Garðabæ og í Mosfellssveit. Hjá Kópavogskaupstað fá gæslumenn á leikvöllum, aðstoðarfólk á dagvistarheimilum og þeir sem starfa við umönnun aldraðra að fullu metinn þann árafjölda sem unninn var við heimilisstörf og umönnun aldraðra á heimili.

Fleiri ákvæði eru til þrengingar. Til dæmis hafa sveitarfélögin Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Mosfellssveit það ákvæði að heimilisstörf þurfi að vinna sem aðalstarf í *minnst fjögur ár* til að fá þau metin sem starfsreynslu. Í hvaða störf þau eru síðan metin er önnur saga: aðeins í eitt starf, starfsmaður á dagsvistarheimili á Seltjarnarnesi, en í öll störf hjá Kópavogskaupstað, Garðabæ og Mosfellssveit.

Verður nú vikið að starfsaldri og lífaldri.

Ýmist er miðað við þann tíma sem starfið er unnið, sem er eðlilegt, eða miðað við lífaldur. Oftast er þá talið frá og með 20 ára aldri. Má þar nefna Sóknarsamninga en einnig samninga starfsmannafélaga í Reykjavík, Mosfellssveit, Keflavík, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og á Vestfjörðum. Á Akureyri er miðað við 18 ára aldur. Hjá ríkinu er talið frá 17 ára aldri.

6. Staða kvenna á vinnumarkaðinum.

Hér verður í fáum dráttum gerð grein fyrir stöðu kvenna á vinnumarkaðinum til að reyna að meta umfang tillagnanna.

Árið 1984 voru á landinu öllu 119 698 konur. Af þeim unnu 72 045 einhver störf á vinnumarkaðinum, alls *45 197 ársverk:* 28 334 konur unnu fullt starf (40–52 unnar vikur), 13 275 konur unnu ¾ hluta starfs (27–39 unnar vikur), 16 229 unnu ½ starf (14–26 unnar vikur) en 14 207 unnu ¼ hluta starfs (1–13 unnar vikur). Síðasti hópurinn telst ekki virkur á vinnumarkaðinum. Meðallaun allra kvenna á Íslandi voru 253 000 kr. á ári eða *21 085 kr. á mánuði.* (Vinnumarkaðurinn 1984, Byggðastofnun, febrúar 1986.)

Atvinnuþátttaka kvenna nær hámarki á aldrinum 45–49 ára. Atvinnuþátttakan er svipuð hjá giftum og ógiftum konum. Árið 1984 voru giftar konur á vinnumarkaði *39 917* sem unnu *26 159 ársverk.* Meðallaun þeirra voru 253 000 kr. á ári eða 21 085 kr. á mánuði. Ógiftar konur á vinnumarkaði voru 32 128 og skiluðu 19 037 ársverkum. Meðallaun þeirra voru á ári 255 000 kr. eða á mánuði 21 250 kr.

Árið 1984 voru 25 704 konur við þjónustu og voru meðallaun þeirra 22 000 kr. á mánuði. Í bönkunum störfuðu 5 005 konur og voru meðallaun þeirra á mánuði 23 166 kr. Við verslun voru 13 399 konur og voru meðallaun þeirra á mánuði 20 666 kr.

Í samningum í október 1984 var tekið upp það ákvæði hjá Kópavogskaupstað að meta heimilisstörf í minnst fjögur ár til fjögurra ára starfsreynslu í öll störf hjá bænum. Hjá Kópavogskaupstað fengu 128 konur af 230 hækkun um einn eða tvo launaflokka. Hækkunin náði þar til *55,6%* kvenna. Þá voru í gildi aldurshækkanir með þriggja ára bili, svo ef stutt væri í launaflokkahækkun gat starfsmaðurinn hækkað um tvo launaflokka. Allt voru þetta konur og voru flestar þeirra á aldrinum 35–55 ára að sögn deildarstjóra launadeildar hjá

Kópavogskaupstað. Árið 1984 voru 21 779 konur á landinu á vinnumarkaði á þessum aldri og skiluðu 16 119 ársverkum. Að sögn deildarstjóra launadeildar hjá Kópavogskaupstað var staðið mjög eðlilega að þessum breytingum. Konurnar gáfu upp húsmóðurstörf sín á sama hátt og gert var af vinnuveitendum. Ekki reyndist matið erfitt þótt vinnuveitendavottorð vantaði því fjöldi barna og annað sannaði það eðlilega.

Samkvæmt aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB skiptist hver launaflokkur í átta launaþrep sem miðuð eru við aldur og starfsaldur sem hér segir:

1. þrep: Yngri en 25 ára.
2. þrep: 25 ára eða eldri eða með meira en eins árs starfsaldur.
3. þrep: 32 ára eða eldri eða með meira en tveggja ára starfsaldur.
4. þrep: Þriggja ára starfsaldur.
5. þrep: Sex ára starfsaldur.
6. þrep: Níu ára starfsaldur.
7. þrep: 13 ára starfsaldur.
8. þrep: 18 ára starfsaldur.

Aldur reiknast frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag.

Eftir að starfsmaður hefur náð 4. þrepi líða því þrjú ár þar til hann nær því næsta og síðan aftur þrjú ár til að ná 6. þrepi. Þá fer róðurinn að þyngjast, fyrst fjögur ár í næsta þrep, þá lokaspretturinn fimm ár til að ná 8. þrepi.

Verða nú reiknuð nokkur dæmi til að varpa ljósi á áhrif tillögunnar á launakjör kvenna. Athygli vekur að upphæðirnar eru lágar og því tillagan fremur *viðurkenning* á því að heimilisstörf séu metin sem starfsreynsla á sem flestum sviðum.

1. 28 ára kona sem vinnur skrifstofustarf (tölvustúlka). Hún hefur gegnt heimilisstörfum í fjögur ár og hefur fimm ára starfsreynslu á vinnumarkaði. Hún tekur laun skv. 60. lfl. Eftir fimm ára starfsaldur er hún í 5. þrepi með 29 728 kr. Fái hún reynslu sína af heimilisstörfum metna hefur hún níu ára starfsreynslu og hækkar um eitt þrep, laun hennar verða 31 066 kr. Munurinn er *1 338 kr.* á mánuði eða *16 056 kr.* á ári.

2. 35 ára gömul kona sem vinnur sem strætisvagnastjóri. Hún hefur gegnt heimilisstörfum í fimm ár og hefur sex ára starfsreynslu á vinnumarkaði. Hún tekur laun eftir 58. lfl. Sex ára reynsla gefur henni laun skv. 5. þrepi eða 28 022 kr. Hún fær starfsreynslu sína við heimilisstörf metna sem fjögur ár og hækkar um eitt þrep, fær 29 282 kr. Munurinn er 1 260 kr. á mánuði eða *15 120 kr.* á ári.

3. 40 ára aðstoðarstúlka á dagvistarheimili. Hún hefur tíu ára starfsreynslu á vinnumarkaði og sex ár við heimilisstörf. Hún tekur laun eftir 57. lfl. Tíu árin gefa henni 6. þrep eða 28 429 kr. Sex ár við heimilisstörf eru metin sem sex ár. Hún hækkar um eitt þrep og fær 29 708 kr. Mismunurinn er 1 279 kr. á mánuði eða *15 348 kr.* á ári.

4. 29 ára gömul fóstra. Hún hefur fagmenntun, tveggja ára starfsreynslu og hefur verið tvö ár heima og gætt bús og barna. Hún fær laun skv. 63. lfl. Hún fær eitt ár metið strax skv. ákveðnu ákvæði og hefur því þriggja ára starfsreynslu. Hún lendir í 4. þrepi og fær 31 085 kr. á mánuði. Tvö ár við heimilisstörf veita henni ekki launahækkun á þessu stigi.

Ekki er hægt með nákvæmum útreikningi að meta áhrif tillagnanna á launakjör kvenna. Þeim ungu konum fer fækkandi sem hafa heimilisstörf að aðalstarfi nema stuttan tíma í senn. Á móti kemur að konur sem nú eru þegar á vinnumarkaði, 35 ára og eldri, hafa verið lengur heima til að gæta bús og barna. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir liggja má áætla 30 þúsund þrepahækkanir sem gera 4,8 milljónir króna á ársgrundvelli miðað við 16 000 kr. meðallaunahækkun á ári. Ársverk kvenna 1984 voru 45 197 talsins, 70% af þeim eru 31 637. Miðað við hækkun um einn launaflokk og 16 000 kr. launahækkun á ári verða það 5 061 milljón króna á ársgrundvelli fyrir vinnumarkaðinn í heild.

Sþ. 232. Tillaga til þingsályktunar [217. mál]

um auðlindaleit í landgrunni Íslands.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf og reglur um samstarf við erlenda aðila til leitar að nýtanlegum auðlindum í landgrunni Íslands. Verði þar m.a. fjallað um réttindi og skyldur leitaraðila, heimildir til nýtingar rannsóknaniðurstaðna, öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun hafsins vegna auðlindarannsókna og önnur þau atriði sem máli skipta í þessu efni.

Greinargerð.

Í lögunum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er svo fyrir mælt í 6. gr. að fullveldisréttur Íslands nái til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins. Þessi fullveldisréttur tekur til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru. Jafnframt er sagt að stjórnvöld skuli setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins.

Þótt sjö ár séu nú liðin frá því þessi merku lög voru sett hafa enn ekki verið settar reglur eða sérstök lagaákvæði um rannsóknir á auðlindum landgrunnsins eða hagnýtingu þeirra.

Að dómi flutningsmanna er tímabært að það verði gert sem fyrst. Ástæður þess eru m.a. þær að í ljós hefur komið að helsti þrándur í götu þess að erlend félög hafi áhuga á að leita að olíu og gasi í landgrunni Íslands er sá að reglur skortir um heimildir og réttindi þeirra, og þá ekki síst heimild til þess að nýta rannsóknaniðurstöður nokkra hríð eftir að rannsóknum lýkur og afla þannig tekna til þess að fjármagna auðlindaleitina. Hefur þetta komið ljóslega fram í svörum erlendra olíuleitarfélaga við fyrirspurnum íslenskra yfirvalda og hafsbotnsnefndar iðnaðarráðuneytisins um samvinnu við slíka leit. Þannig lét bandaríska félagið Western Geophysical þess getið, í bréfi til Orkustofnunar snemma árs 1986, að skortur á ákvæðum í þessum efnum væri helsta hindrun þess að það og önnur leitarfélög hefðu áhuga á að leggja út í auðlindakönnun hér við land á sinn kostnað. Það félag annaðist könnun á landgrunninu fyrir Norðurlandi að beiðni íslenskra yfirvalda árið 1978, svo sem kunnugt er.

Þetta sama sjónarmið hefur komið fram í erindum norska félagsins GECO, en það annast olíuleit fyrir olíuvinnslufélög víða um heim.

Fyrir liggur það álit hafsbotnsnefndarinnar að eitt brýnasta verkefnið varðandi rannsóknir og könnun á auðlindum landgrunnsins í samvinnu við erlenda aðila sé að slíkar reglur verði settar sem um er rætt í þessari þingsályktunartillögu, en hér er jafnan við það miðað að kostnaður við leitina sé aðallega borinn af hinum erlendu aðilum. Slíkar rannsóknir eru allfjármagnsfrekar og því er það augljóst hagsmunamál að svo verði í haginn búið í þessum efnum að skortur á lögum og reglum verði ekki rannsóknarsamvinnu við erlenda aðila til hindrunar.

Sþ. 233. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um eflingu atvinnu og byggðar í sveitum vegna breyttra búhátta.

Flm.: Egill Jónsson, Halldór Blöndal,
Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra að hlutast til um að skipulagt átak verði gert til atvinnuuppbyggingar í sveitum til að vega upp á móti samdrætti í hefðbundnum landbúnaði svo að byggðin í landinu treystist. Jafnframt verði könnuð áhrif hinnar mörkuðu framleiðslu á afkomu bænda og ráðstafanir gerðar til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Áhersla verði lögð á:

1. Skipulegt framleiðslumarkmið í sveitum sem miðist við aukin atvinnufæri. Þáttur í því verði að þeir, sem hefja vilja búskap í sveitum er byggist á nýjum búgreinum, fái til þess hliðstæða aðstoð og veitt er vegna breytinga á búháttum.
2. Að bændum, sem búa við þröngan kost í hefðbundnum búgreinum, verði veitt aðstoð til fjölþættari búskapar svo að framleiðsla þeirra aukist og afkoma batni.
3. Að fjárhagsleg úttekt verði gerð á stöðu bænda svo að unnt sé að meta hvaða áhrif verðbólga og hallarekstur síðustu ára hefur á afrakstur búanna þar sem framleiðslan fær ekki borið uppi fjármagnskostnaðinn.
4. Ráðgjöf sem taki mið af breyttum háttum í landbúnaði. Sérstök áhersla verði lögð á leiðbeiningar í hagfræði og nýjum búgreinum.
5. Gert verði skipulagt átak til markaðsöflunar fyrir búvörur. Leitað verði stuðnings Útflutningsráðs við það verkefni.
6. Búvörusamningur milli bænda og ríkisvalds verði framlengdur um tvö ár.

Greinargerð.

Búvörulögin, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1985, fólu í sér margháttuð nýmæli um stjórn búvöruframleiðslunnar og aðlögun að tilteknum framleiðslumarkmiðum. Jafnframt voru teknar skýrar ákvarðanir um hvernig bæri að mæta þeim áhrifum sem af breyttum búháttum mundi óhjákvæmilega leiða.

I. Stjórn búvöruframleiðslunnar.

Með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, nr. 15/1979, var fyrst leitast við að ná fram árangri í stjórn búvöruframleiðslunnar. Þessar ákvarðanir byggðust einkum á heimildum til að leggja gjald á innflutt kjarnfóður og búmarki fyrir hvern búvöruframleiðanda sem framleiðslan skyldi síðan taka mið af.

Fljótlega kom í ljós að hér var ekki um markvissar aðgerðir að ræða. Kjarnfóðurnotkun í mjólkurframleiðslu hélst að mestu óbreytt og eftir árið 1981 fer kúm að fjölga (sjá töflu 1 og súlurit I).

Tafla 1.

Fjöldi kúa og sauðfjár 1970–1985.

	Kýr	Sauðfé
1970	34 275	735 543
1971	35 840	786 234
1972	36 580	828 589
1973	36 975	845 796
1974	37 087	863 638
1975	36 462	860 376
1976	36 511	870 848
1977	36 859	896 192
1978	36 326	890 807
1979	33 749	796 755
1980	33 577	827 927
1981	32 769	794 644
1982	32 845	747 701
1983	33 189	711 936
1984	34 230	714 371
1985	35 115	709 257

(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

Samfara fjölgun kúnna jókst mjólkurframleiðslan. Hins vegar hafði orðið umtalsverður samdráttur í sauðfjárframleiðslunni og meira jafnvægi komist á (sjá töflu 1 og súlurit I).


Tafla 2.

Framleiðsla mjólkur og innanlandssala á mjólk og mjólkurafurðum, umreiknuð í mjólk.

	1984–1985		1985–1986		1986–1987	
	Fram-leiðsla	Sala	Fram-leiðsla	Sala	Fram-leiðsla	Sala
Sept.	9 051	7 405	10 186	7 480	10 053	8 394
Okt.	8 148	8 254	9 180	8 044	8 635	8 772
Nóv.	7 178	9 372	8 360	8 282		
Des.	7 454	7 376	8 663	8 213		
Jan.	7 616	7 521	8 574	7 895		
Feb.	6 923	7 421	7 430	7 537		
Mars	7 726	7 739	7 851	7 970		
Apríl	9 704	8 505	9 180	8 382		
Maí	11 568	9 700	10 637	8 486		
Júní	11 667	6 678	10 619	8 034		
Júlí	12 668	8 112	10 811	7 748		
Ágúst	11 617	8 502	10 077	8 755		
Alls	111 320	96 585	111 568	96 826		

(Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.)

Súlurit I.




Reglugerðin um stjórn mjólkurvöruframleiðslunnar verðlagsárið 1985–1986, frá 22. jan. 1986, var fyrsta markvissa ákvörðunin sem tekin hefur verið um framleiðslustjórn. Það sem af var verðlagsárinu 1985–86 hafði mjólkurframleiðslan farið stöðugt vaxandi en við útgáfu reglugerðarinnar varð þar breyting á (sjá línurit I).

Samt sem áður varð heildarframleiðslan nálega sú sama framleiðsluárið 1985–86, þ.e. 111 568 þúsund lítrar á móti 111 320 þúsund lítrum 1984–85 (sjá töflu 2). Samningsbundin framleiðsla var hins vegar 107 milljónir lítra, auk þess sem Framleiðnisjóður tók verðábyrgð á 1,0 milljónum lítra. Um nokkra framleiðslu umfram samninga var því að ræða sem takmörkuðum greiðslum mun skila.

Ekki þarf að koma á óvart þótt þessar ákvarðanir snertu bændur misjafnlega. Ljóst er að margir bændur stefndu í aukna framleiðslu (sjá línurit I).

Línurit I.



Fyrstu fimm mánuði verðlagsársins 1984–85 var framleiðslan á mjólk 39 447 þúsund lítrar en á sama tíma ári síðar, 1985–86, er framleiðslan 44 963 þúsund lítrar. Ef ekkert hefði verið að gert hefði orðið mikil offramleiðsla verðlagsárið 1985–86. Ef tekið er mið af fyrstu fimm mánuðum verðlagsársins hefði framleiðslan orðið 127 milljónir lítra en varð 111,5 milljónir lítra eins og áður hefur komið fram.

Fróðlegt er að skoða línurit I og bera saman framleiðslu verðlagsárið 1984–85 og árið 1985–86. Fyrstu sex mánuðina er framleiðslan meiri en árið áður en eftir að reglugerðar um stjórn mjólkurframleiðslunnar fer að gæta dregur verulega úr framleiðslu og sumarið 1986 er framleiðslan mikið minni en árið 1985.

Ljóst er því að sú stefna, sem mörkuð var í nýju búvörulögunum, bjargaði mjólkurframleiðendum og mjólkurbúunum frá miklum erfiðleikum.

Svo virðist sem nú sé komið jafnvægi á í mjólkurframleiðslunni. Samdráttur fyrstu tvo mánuði nemur um 6% en það er svipað og þarf að verða á framleiðsluárinu til þess að framleiðslan verði í samræmi við búvörusamninginn.

Þann 20. október s.l. var gefin út reglugerð um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987–88, nr. 445/1986. Reglugerðin, eins og sú um mjólkurframleiðsluna, er því miður of seint á ferð. Sauðfjárbændur eru því um þessar mundir að meta þá möguleika sem fullvirðisréttur hvers og eins í sauðfjárbúskap veitir þeim.

Búvörusamningurinn, sem gerður var haustið 1985, tryggði bændum fulla greiðslu fyrir 12 150 tonn af kindakjöti fyrir verðlagsárið 1984–1985 og 11 800 tonn fyrir síðasta verðlagsár. Þegar til þess er litið að framleiðsla kindakjöts árið 1984 nam 12 240 tonnum og 1985 12 215 tonnum verður það að teljast góður kostur. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um hver framleiðslan hefur orðið í haust en bráðabirgðayfirlit bendir til að hún verði greidd að stærstum hluta fullu verði.

Með ákvörðun um fullvirðisrétt í sauðfjárrækt og með aðgerðum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um kaup á fullvirðisrétti má ætla að fullt jafnvægi náist á framleiðslu kindakjöts á næsta hausti. *Með tilliti til þess sem hér hefur verið tilgreint er óhætt að fullyrða að framleiðsla í hefðbundnum landbúnaði taki mið af þeim framleiðslumarkmiðum sem samið hefur verið um milli bænda og ríkisvalds og þannig tryggð markmið búvörulaganna um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða.*

II. Rekstrarskilyrði í landbúnaði.

Upp úr miðjum síðasta áratug til ársins 1983 hafa rekstrarskilyrði í landbúnaði farið stöðugt versnandi. Hver afurðaeining hefur m.ö.o. skilað æ minni launum. Við þær aðstæður þarf framleiðsla að aukast ef kjör eiga að haldast óbreytt. Þessar aðstæður kölluðu því á aukna framleiðslu, voru *framleiðsluhvetjandi*. Ef markmið um samdrátt í framleiðslu án efnahagsáfalla eiga að nást verður að fara saman vilji framleiðenda til að draga úr tilkostnaði við framleiðsluna með minni aðföngum og aukinni hagræðingu og ákvarðanir ríkisvaldsins um hagstæð rekstrarskilyrði í landbúnaði.

Að launum fráteknum eru þrír rekstrarliðir stærstir, þ.e. áburður, kjarnfóður og fjármagnskostnaður. Samkvæmt búreikningum nema þessir liðir 69,2% af rekstrargjöldum við búreksturinn (öðrum en launum), hliðstæður kostnaður samkvæmt verðlagsgrundvelli búvara í júní 1986 var 73,82%. Rekstrarskilyrði í landbúnaði ráðast því öðru fremur af því hver kostnaður er við þessa mikilvægu rekstrarliði.

Lagt hefur verið mat á hverjar breytingar hafa orðið á kostnaði við áburðarkaup og kjarnfóðurkaup auk fjármagnskostnaðar samkvæmt heimildum frá Áburðarverksmiðju ríkisins og Búnaðarfélagi Íslands. Eins og tafla 3 ber með sér er greint á milli áhrifa er leiðir af breyttum búnaðarháttum og aðgerðum stjórnvalda (tölur í millj. kr.).

Tafla 3.

	Hagræðing og sparnaður	Verðlækkun
Áburður	109	73
Kjarnfóður	158	
Fjármagnskostnaður		78
Alls	267	151

Nokkrar líkur eru á að kostnaður í ár muni lækka um 418 millj. kr. frá árinu 1984 á þessum mikilvægu rekstrarliðum.

Af augljósum ástæðum liggja ekki fyrir heimildir um afkomu í landbúnaði á þessu ári, en hins vegar var um umtalsverða tekjuaukningu að ræða árið 1985 samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands, byggðum á búreikningum.

Hér er vissulega um að ræða áhrif staðgreiðslu á búvörum sem búvörulögin nýju kveða á um og er ein mikilvægasta réttarbót sem íslenskir bændur hafa fengið.


Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning ber að hafa í huga að sú lækkun kostnaðar sem að framan er greind tekur til fleiri greina landbúnaðar en sauðfjár og nautgripa. Þar af leiðandi er ekki raunhæfur grundvöllur til að bera saman verðlækkun á aðföngum við tekjumissi vegna samdráttar í landbúnaði. En vissulega hlýtur það að vera nokkuð upplýsandi að lækkun kostnaðar af kjarnfóðri og áburði og lægri greiðslur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins gætu hugsanlega numið verðgildi 16 milljóna lítra mjólkur. Þetta skýrist ekki að fullu fyrr en uppgjör fyrir árið 1986 liggur fyrir.

Sú mikilvæga staðreynd liggur hins vegar fyrir og er óvefengjanleg að eitt allra mikilvægasta markmið búvörulaganna, að draga úr kostnaði í rekstri landbúnaðarins, hefur þegar náðst.


III. Markaðir.

Segja má að síðan um miðjan síðasta áratug hafi grundvöllur til útflutnings á búvörum stöðugt verið að veikjast. Þangað til hafði erlendi markaðurinn gefið um 60% af verði á búvörum í heildsölu sem nægði til að greiða allan kostnað utan launa í landbúnaði. Nú er svo

Línurit II.



Línurit III.



komið að það verð sem fæst fyrir útflutt dilkakjöt nægir einungis til greiðslu á kostnaði við slátrun og sölu úr landi en útflutningur mjólkurvara er enn lakari. Meðan ekki reynist unnt að byggja upp nýjan erlendan markað fyrir dilkakjöt, sem leggja ber áherslu á, er ekki hægt að gera ráð fyrir umtalsverðum útflutningi á landbúnaðarvörum.

Sé tekið meðaltal áranna 1978–84 á sölu kindakjöts og mjólkur á innlendum markaði kemur í ljós að sala mjólkur hefur numið 99,5 milljónum lítra og sala kindakjöts 10 146 tonnum. Markmið búvörulaganna varðandi innanlandsmarkað byggðust á þessum forsendum.


Í umræðu um sölumál landbúnaðarins að undanförnu hefur gætt ótta við minnkandi sölu innanlands. Á línuriti II kemur hins vegar greinilega fram að sala á mjólkurvörum hefur farið vaxandi og markaðurinn er ekki eins sveiflukenndur og áður var. Stefnir mjókursalan í svipað magn og verið hefur að meðaltali undanfarin ár. Ef unnt reynist að halda þeim árangri má áætla að hægt sé að selja umsamda mjólkurframleiðslu að mestu á innanlandsmarkaði.

Á línuriti III kemur fram að ekki hefur orðið aukning í sölu kindakjöts frá haustmánuðum 1984. Þó má segja að bærilegt jafnvægi sé komið á í innanlandssölunni og að hún nemi um 9500 tonnum. Er það minna en lagt var til grundvallar við setningu búvörulaganna, auk þess sem erlendir markaðir skila nú lægra verði. Búvörusamningurinn fyrir næsta framleiðsluár kveður á um verðtryggingu á 11 þúsund tonnum kindakjöts. Samkvæmt því og með tilliti til líklegrar sölu kjötsins þarf að flytja úr landi 1500 tonn og er það 500 tonnum minna en gengið var út frá við setningu búvörulaganna enda fylgdi þeim markmiðum að markaðir héldust. *Hins vegar verður ekki annað séð en að með búvörusamningnum sé markmiðum laganna um jafnvægi milli framleiðslu og sölu náð.*

IV. Byggðir og búskapur.

Í þeirri umræðu, sem fram hefur farið um málefni landbúnaðarins, hefur í ríkum mæli gætt staðbundinna forréttindasjónarmiða. Þannig hafa heyrst raddir um að nálægð

Súlurit II.



markaðarins ætti að hafa áhrif á rétt manna til framleiðslu, einnig að afskekktar byggðir yrðu tryggðar gegn framleiðsluskerðingu og að sauðfjárbúskapur ætti að víkja þaðan sem þrengra er í högum.

Á súluriti II kemur fram að samkvæmt heimildum um slysatryggðar vinnuvikur hefur vinnuafl í landbúnaði gengið saman á undanförnum árum. Frá árinu 1976 til 1985 nemur sá samdráttur 1982 ársverkum eða 21%.

Þá vekur það einnig athygli að aðeins 5–6% af öllu vinnuafli í landinu er bundið í landbúnaði og væri vissulega ástæða til að bera þá tölu saman við það vinnuafl sem er tengt landbúnaðinum við úrvinnslu, sölu og önnur þau störf sem bundin eru landbúnaðarframleiðslu. Þá er ekki síður fróðlegt að íhuga skiptingu á fullvirðisrétti milli byggðarlaga (sjá töflu 4).

Tafla 4.

Vinnuafl eftir landshlutum og fullvirðisréttur.

	Vinnuafl	Fullvirðis-réttur
Reykjanes	3.85%	1.33%
Vesturland	15.43%	14.93%
Vestfirðir	6.59%	6.96%
Norðurland vestra	17.30%	16.68%
Norðurland eystra	17.14%	21.22%
Austurland	12.49%	11.44%
Suðurland	27.20%	27.44%

Þar kemur m.a. fram að meira en fjórðungur alls vinnuafls í landbúnaði er á Suðurlandi. Að þeim störfum viðbættum, sem tengd eru landbúnaði, má ljóst vera hvað landbúnaður á ríkan þátt í starfi og afkomu fólksins þar. Aftur á móti er hlutdeild Vestfjarða einungis 1/15 af vinnuaflinu í landbúnaði. Sveitabyggðirnar þar eru aftur á móti dreifðar og fámennar. Þar af leiðandi geta miklar sveiflur í búnaðarháttum valdið röskun byggðanna.

Það sem hér hefur verið bent á sýnir glögglega að í umræðunni um landbúnaðarmálin hafa menn ekki sýnt nægilegan skilning á högum hvers annars. Við ákvörðun á framleiðslu

einstaklinganna sjálfra og á grundvelli skiptingar á framleiðslurétti verður þróunin að byggjast á því að möguleikar til framleiðslu með sem allra mestri fjölbreytni í huga verði nýttir hvar sem er á landinu. Það er m.a. markmið búvörulaganna auk þess sem þar er lagt til grundvallar við stjórn búvöruframleiðslunnar að framleiðsluvandamálið verði leyst með varanlegum hætti en ekki tilflutningi á vanda milli einstaklinga og byggða.

V. Áhrif samdráttar í landbúnaði eftir landshlutum.

Áhrifa samdráttar í landbúnaði gætir misjafnlega mikið. Í landshlutum þar sem sauðfjárrækt er stunduð í ríkara mæli en mjólkurframleiðsla kemur samdrátturinn þyngra niður. Að auki eru þetta strjálbýlli byggðir.

Tafla 5 sýnir hve samdrátturinn er mikill hlutfallslega frá fyrsta samningi um heildarframleiðslu búvara, sem var 107 milljónir lítra mjólkur og 12 150 tonn af kindakjöti verðlagsárið 1985–86.

A: Samdráttur þegar miðað er við fullvirðisrétt 1987–88 sem er 102 milljónir lítra og 11 000 tonn af kindakjöti.


B: Samdráttur þegar miðað er við 99 milljónir lítra af mjólk og 9500 tonn af kindakjöti (áætluð neysla 1987–88).

Tafla 5.


Samdráttur í prósentum eftir landshlutum.

	A		B	
Landshlutar:	%	Ársverk	%	Ársverk
Reykjanes	6.64	5	13.38	10
Vesturland	7.29	60	15.32	125
Vestfirðir	8.49	33	18.89	73
Norðurland vestra	7.53	69	16.01	147
Norðurland eystra	6.66	77	13.42	156
Austurland	8.30	52	18.31	115
Suðurland	6.49	97	12.90	193
Alls	7.17	393	14.94	819

Súlurit III.



Súlurit IV.



Eins og fram kemur í töflu 5 og á súluriti III er umsaminn samdráttur í landbúnaði 7,17% eða sem svarar 393 ársverkum. Ef innanlandsneyslan yrði hins vegar lögð til grundvallar í búvöruframleiðslunni mundi samdrátturinn verða 14,94%, en það jafngildir 819 ársverkum, og mundi hann þannig tvöfaldast. Fróðlegt er að bera saman hver áhrif samdrátturinn — miðað við framangreindar forsendur — hefur á byggðirnar í landinu.

Í fyrra tilvikinu verður samdrátturinn minnstur á Suðurlandi, 6,49%. Í þeim landshluta, sem mesta skerðingu hlýtur, Vestfjörðum, nemur samdrátturinn um 8,49% og skilja þannig 2 prósentustig á milli minnstu og mestu skerðingar. Ef innanlandsneyslan er lögð til grundvallar verður sambærilegur mismunur 6 prósentustig, eða hér um bil 46%.

Af þessu er ljóst að það er ekki fyrr en framleiðslan fer að ganga saman frá því sem búvörusamningurinn ákvarðar að til verulegs ójafnaðar stefnir milli byggðanna í landinu.

VI. Fjárhagsleg endurskipulagning.

Því miður eru hagtölur um afkomu landbúnaðarins hverju sinni mjög af skornum skammti. Stundum er það helst viðskiptastaða bændanna við kaupfélögin sem gefur vísbendingu um afkomuna eða þá þörfin fyrir skuldbreytingu. Þetta minnir enn einu sinni á hversu nauðsynlegt er að efla bókhald í landbúnaði.

Þegar til lengri tíma er litið hafa búreikningar gefið raunsæja mynd um afkomu þeirra er landbúnað stunda. Súlurit IV sýnir árlegar fjölskyldutekjur frá árinu 1978 til ársins 1985. Árið 1978 er eitt allra hagstæðasta ár fyrir landbúnaðinn um margra ára skeið. Rekstrarskilyrði voru góð, metframleiðsla og hagstæð veðrátta. Segja má að tekjur í landbúnaði hafi síðan farið lækkandi ár frá ári til ársins 1982 er þær tóku að hækka að nýju.

Þá ber einnig að hafa í huga að tekjur síðasta árs sýna ekki raunverulegan rekstrargrundvöll búanna þar sem staðgreiðsla á búvörum var þá tekin upp og hafa ber einnig í huga að ekki er leiðrétt fyrir veðurfarssveiflum.

Vert er enn fremur að minna á að hins margumtalaða samdráttar í hefðbundnum búgreinum gætir ekki á árinu 1985. Það er ekki fyrr en á þessu og næsta ári sem áhrifa hans fer að gæta né heldur hagstæðari rekstrarskilyrða í landbúnaði vegna hagræðingar og bættra skilyrða.

Skuldbreytingar í landbúnaði hafa átt sér stað á nokkurra ára fresti um alllangt skeið. Meðan lán voru óverðtryggð voru þær aðgerðir mikilvæg aðstoð fyrir þá sem safnað höfðu skuldum í bönkum og viðskiptareikningum. Hér var oft um að ræða unga bændur, og þá er lentu í áföllum, og nutu þeir þess að skuldirnar minnkuðu í takt við hækkandi verðlag. Þannig gafst mönnum oft á tímum svigrúm til að stækka búin og ná fram bærilegum búrekstri.

Árið 1979 fór fram ein slík skuldbreyting og aðeins fjórum árum síðar var rekstrarhalla í landbúnaði skuldbreytt. Þessi síðustu skuldbreytingarlán voru með óhagstæðum kjörum, vextir háir og lánstími skammur. Það var því mikilvæg aðstoð við þá bændur, sem hlut áttu að máli — en þeir voru 700 talsins, — þegar Stofnlánadeildinni var gert að yfirtaka lánin frá veðdeild Búnaðarbankans samtímis og vextir voru lækkaðir og lánstími lengdur. Eftirfarandi upplýsingar í töflu 6 sýna áhrif lækkunar vaxta og lengingar á lánstíma hjá nokkrum bændum sem eru með verulegar skuldir:

Tafla 6.

Þrír bændur með gjaldfallnar afborganir, 1984, 1985 og 1986:
(Í kr.)

A.

Árgjöld að óbreyttu		Árgjöld eftir lengingu og lækkun vaxta	Eftirstöðvar án vanskila eftir breytingu
1 011 479		532 375	2 300 187
1 587 990		1 131 461	5 103 880
1 119 214		728 066	3 371 650
3 718 683	÷	2 391 902	

Mismunur = 1 326 781:3 = 442 261 lækkun á hvern bónda eða 35,7%

Samanburður hjá tíu bændum með nýtt árgjald 1986 fyrir og eftir breytingu. Skuldir þeirra allverulegar og nokkuð þung greiðslubyrði:

B.

Árgjald að óbreyttu		Árgjald eftir breytingu	Eftirstöðvar skuldar án árgjalds
141 512		123 022	1 434 830
230 845		189 610	2 140 038
198 118		140 312	1 704 270
413 950		294 830	3 542 246
149 940		105 698	1 451 733
138 548		74 464	1 385 929
360 340		261 459	3 331 453
342 158		267 235	3 095 185
372 420		206 393	2 452 800
441 123		335 034	4 205 202
2 788 954	÷	2 000 058	

Mismunur = 788 896:10 = *78 890 lækkun* á hvern bónda eða 28,2%

Lækkun vaxta og lenging lánstíma þýðir að árgjöld bænda lækka á gjalddaga 15. nóv. 1986 um 78 milljónir króna eða sem svarar 17%.

Fróðlegt er að íhuga hvernig viðskipti bænda við Búnaðarbankann hafa þróast á síðustu árum og hver hin raunverulega viðskiptastaða bænda við bankann er (sjá töflu 7).

Tafla 7.

Skuldir bænda við Stofnlánadeild landbúnaðarins og veðdeild Búnaðarbanka Íslands frá 1976 til 1985 í árslok hvers árs.
(Upphæðir í þús. kr.)

Árið	Stofnlána-deild	Lífeyris-sjóður	Veðdeild B.Í.	Uppfærðar allar skuldir miðað v. bygg.vísitölu 31/12 1985	Hlutfall skulda
1976	21 600	533	6 795	693 375	100
1977	39 089	982	7 389	866 984	136
1978	58 245	1 639	7 180	942 928	147
1979	101 940	4 596	7 424	1 083 875	170
1980	135 701	25 080	27 255	1 099 116	172
1981	216 812	31 995	36 147	1 178 339	184
1982	377 892	68 670	46 329	1 260 295	197
1983	733 575	147 722	66 026	1 455 888	228
1984	1 031 033	213 177	339 210	2 162 768	338
1985	1 764 541	332 977	468 554	2 566 072	402

Á töflu 7 kemur fram að upphæð skuldbreytingarlánanna nam 469 millj. kr. sem var raunverulegur hallarekstur í landbúnaði á þessum árum.

Þrátt fyrir mikla skuldaaukningu bænda við Búnaðarbankann (sjá töflu 7) er athyglisvert að einungis 220 bændur skulda meira en 2 milljónir króna, þar af 86 yfir 3 milljónir

króna (sjá töflu 8). Þetta sýnir að vissu leyti góða eiginfjárstöðu landbúnaðarins, sérstaklega þegar til þess er litið að verðlagsgrundvallarbúið á að geta staðið undir lánum við Stofnlánadeild landbúnaðarins þótt þau nemi 2–3 milljónum króna svo fremi sem skuldir séu ekki annars staðar (sjá töflu 9).

Tafla 8.

Fjöldi bænda eftir upphæð skulda 15. nóv. 1986 við Stofnlánadeild landbúnaðarins og Lífeyrissjóð bænda, sundurliðað eftir sýslum.
(Í millj. kr.)

Sýsla:	0.5	0.5–1	1–2	2–3	3–4	yfir 4
Gullbringu- og Kjósarsýsla	110	19	11	1	3	2
Borgarfjarðarsýsla	130	23	24	3	2	1
Mýrasýsla	128	29	15	4	5	
Snæfells- og Hnappadalssýsla	117	24	24	4	7	1
Dalasýsla	135	33	18	7	2	1
A-Barðastrandarsýsla	28	11	4	3	1	
V-Barðastrandarsýsla	39	11	3	3	1	
V-Ísafjarðarsýsla	40	6	5		1	
N-Ísafjarðarsýsla	32	9	2			
Strandasýsla	82	28	13	2		
V-Húnavatnssýsla	134	23	28	10	1	2
A-Húnavatnssýsla	136	32	16	3	2	
Skagafjarðarsýsla	225	52	40	10	3	
Eyjafjarðarsýsla	254	56	29	8	6	2
S-Þingeyjarsýsla	261	62	18	5	3	2
N-Þingeyjarsýsla	79	11	11	3	3	1
N-Múlasýsla	175	33	37	9	1	2
S-Múlasýsla	119	22	20	7	2	
A-Skaftafellssýsla	82	17	18	5		1
V-Skaftafellssýsla	123	29	14	4		2
Rangárvallasýsla	287	72	62	17	3	3
Árnessýsla	446	96	65	26	11	9
	3162	698	477	134	57	29

SAMTALS 4557 BÆNDUR

Ath.: Árgjald 1986 ekki talið með skuldum.

Tafla 9.

Fjöldi lántakenda 15. nóv. 1986 með mismunandi árgjöld, eftir sýslum.
(Í þús. kr.)

Sýsla:	50	50–99	100–199	200–299	yfir 300
Gullbringu- og Kjósarsýsla	104	16	17	9	
Borgarfjarðarsýsla	139	44	17	6	2
Mýrasýsla	126	35	20	6	
Snæfells- og Hnappadalssýsla	109	40	22	15	2
Dalasýsla	115	35	28	8	1
A-Barðastrandarsýsla	30	10	11	3	1
V-Barðastrandarsýsla	34	10	6	4	
V-Ísafjarðarsýsla	31	7	12	2	
N-Ísafjarðarsýsla	32	9	3		
Strandasýsla	80	25	9	1	
V-Húnavatnssýsla	128	35	32	3	3
A-Húnavatnssýsla	122	35	20	1	
Skagafjarðarsýsla	239	73	44	7	
Eyjafjarðarsýsla	238	75	51	14	3
S-Þingeyjarsýsla	252	83	21	3	3
N-Þingeyjarsýsla	89	23	20	5	
N-Múlasýsla	157	53	39	4	1
S-Múlasýsla	103	38	21	8	
A-Skaftafellssýsla	81	29	10	5	
V-Skaftafellssýsla	114	37	22	3	1
Rangárvallasýsla	269	79	73	15	1
Árnessýsla	418	129	92	21	13
	3010	920	590	143	31

SAMTALS 4694 BÆNDUR

Ath.: Eldri árgjöld eru inni í þessari flokkun.


Svo sem að framan er greint getur breyting lausaskulda í föst lán tæplega talist jafnmikilvæg aðstoð í erfiðri rekstrarstöðu og áður var. M.a. af þeirri ástæðu þarf að herða bókhaldslegt aðhald í landbúnaði og auðvelda bændum þannig að fylgjast með rekstri búa sinna.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að hafa í huga:

1. Meta þarf nákvæmlega hver þau bú eru sem ekki standa undir fjármagnskostnaði, t.d. vegna áhrifa óðaverðbólgu síðustu ára.
2. Jafnframt þarf að kanna nákvæmlega samband á milli framleiðslu og skulda, m.a. vegna þeirra bænda sem hafið hafa búskap á síðustu árum.

Á þetta er lögð áhersla vegna þess að framleiðslu í hefðbundnum búgreinum eru takmörk sett og þar af leiðandi mun einhverja þá, sem nýlega hafa framkvæmt á jörðum sínum, skorta framleiðslu í samræmi við þá þörf sem af slíkri uppbyggingu leiðir.

Súlurit V.



Þessi aðgerð er líka nauðsynleg vegna þess að tilfærsla á framleiðslu milli bænda til að mæta fjármagnskostnaði er varhugaverð, að ekki sé fastar að orðið kveðið, því erfitt er að meta þarfir manna í þessum efnum.

Hér er í raun fjallað um það sem í 37. gr. búvörulaganna er nefnt *fjárhagsleg endurskipulagning*.

VII. Þáttur nýrra búgreina.

Á töflu 10 kemur fram hvernig loðdýrabúskapur hefur þróast á undanförnum árum og dreifing þessarar nýju búgreinar um landið. Súlurit V og tafla 11 skýra hið sama.

Tafla 10.

Hlutfallsleg skipting loðdýrabúa eftir landshlutum.

	%	Ársverk
Reykjanes	5,47	11
Vesturland	5,03	10
Vestfirðir	6,35	13
Norðurland vestra	17,39	35
Norðurland eystra	32,07	65
Austurland	16,81	34
Suðurland	16,88	34
Alls	100,00	202

Umtalsverður vöxtur er í þessari nýju búgrein og athygli vekur að hún skilar nú störfum til landbúnaðarins er nemur helmingi þess samdráttar sem samið hefur verið um. Það er því augljóst að auðvelt er að byggja upp loðdýrabúskap til mótvægis við samdrátt í mjólkur- og kindakjötsframleiðslu sé það gert með markvissum hætti.

Tafla 11.

Loðdýraræktin.
Læðufjöldi 1970–1986.

	Minkalæður	Refalæður
1970	900	
1971	7 600	
1972	9 800	
1973	9 900	
1974	9 000	
1975	10 700	
1976	10 190	
1977	7 350	
1978	7 180	
1979	7 050	
1980	7 320	210
1981	7 475	628
1982	6 150	1 544
1983	6 520	3 948
1984	4 822	6 096
1985	7 220	9 048
1986	13 414	15 408

Þá er vert að geta þess að 72 bændur hafa þegar hafið ferðaþjónustu í samvinnu við Ferðaþjónustu bænda, auk þess eru nokkrir utan samtakanna. Þá hefur nýting veiðivatna aukist auk fiskræktar í landbúnaði. Samkvæmt heimildum um slysatryggðar vinnuvikur eru 103 ársverk í þessari grein 1985. Þannig má ætla að nýjar búgreinar skili um 400 ársverkum og er það svipað vinnuafl og tapast mun úr hefðbundnum búgreinum miðað við búvörusamninga næsta framleiðsluárs.

Með tilliti til þess sem að framan er getið hafa eftirtalin markmið búvörulaganna náðst:

1. *Framleiðsla í hefðbundnum landbúnaði mótast af samningi milli ríkisvalds og bænda þar sem hagkvæmir markaðir eru ráðandi um framleiðslumagnið.*
2. *Hagræðing í landbúnaði og bætt rekstrarskilyrði að tilhlutan ríkisvalds hafa leitt til mikils sparnaðar í landbúnaði. Þannig fæst grundvöllur að nýjum ákvörðunum til styrktar þessum atvinnuvegi.*
3. *Innanlandsmarkaður hefur verið treystur með aukinni kynningu og stöðugt verðlag dregur úr neikvæðum áhrifum verðhækkana á markaðinn.*
4. *Skipting framleiðslunnar á milli héraða á grundvelli búvörusamningsins er í bærilegu jafnvægi.*
5. *Þáttur nýrra búgreina í atvinnu sveitanna er orðinn umtalsverður og vegur að nokkru á móti samdrætti í hefðbundnum landbúnaði.*
6. *Þessi árangur hefur leitt til betri umræðu um landbúnaðarmál vegna skilnings þjóðarinnar á þeim umbótum sem eiga sér nú stað í landbúnaðinum.*

Á grundvelli þessa árangurs er tímabært að taka nýjar ákvarðanir. Ber sérstaklega að hafa í huga að þótt bærilegt jafnvægi hafi náðst í landbúnaðinum í heild hafa margháttaðar ástæður orðið þess valdandi að afkoma bænda er misjöfn. Verður nú vikið að þeim atriðum sem sérstök áhersla er lögð á í þingsályktunartillögu þessari.

A. Búvörusamningurinn framlengdur.

Eins og að framan er greint hefur á grundvelli búvörusamningsins frá s.l. hausti og með styrkingu innanlandsmarkaðarins náðst markmið búvörulaganna um framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkur. Þann árangur ber að hagnýta til framlengingar búvörusamningsins þannig að hann gildi þau tvö ár sem enn er ósamið um af aðlögunartíma búvörulaganna, þ.e. til loka árs 1990.

Þessi ákvörðun er m.a. mikilvæg af eftirgreindum ástæðum:

1. Bændur fá þannig vitneskju um framleiðslurétt sinn. Það dregur úr óvissu um afkomu og auðveldar ákvörðun um breytta búskaparhætti, m.a. með tilliti til hagræðingar í rekstri og uppbyggingar nýrrar framleiðslu.
2. Samtök í landbúnaði, bæði fagleg og félagsleg, þurfa ekki að verja jafnmiklum tíma og verið hefur til úthlutunar á framleiðslurétti en geta þess í stað varið meiri tíma til nauðsynlegra leiðbeininga og forustu um ný verkefni í sveitum landsins.
3. Þær aðgerðir stjórnvalda, sem tengdar eru landbúnaði, yrðu markvissari og auðveldara yrði að velja landbúnaðinum skýr markmið.

B. Efling atvinnu og byggða.

Nýjar búgreinar verði stórefldar, m.a. lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Miðað verði við að aukin fjölbreytni í landbúnaði leggi til a.m.k. tvöfalt fleiri ný störf en tapast vegna samdráttar í hefðbundnum búgreinum.
2. Grundvöllur þeirra búa sem hafa ónóga framleiðslu verði treystur með fjölbreyttari framleiðslu.
3. Jafnframt verði þeim er hefja vilja búskap sköpuð skilyrði til eðlilegs búrekstrar.
4. Auk Framleiðnisjóðs veiti Byggðasjóður þessum markmiðum fullan stuðning.

C. Fjárhagsleg endurskipulagning.

Metin verði áhrif erfiðra rekstrarskilyrða og óðaverðbólgu fyrri ára, samdráttar í hefðbundnum búgreinum og annarra hliðstæðra efnahagsþátta á afkomu einstakra bænda. Reynist þörf fyrir aðgerðir til lausnar þeim vanda verði Stofnlánadeild landbúnaðarins gert kleift að sinna því verkefni.

D. Nýskipan leiðbeiningarþjónustu.

Á grundvelli skýrra markmiða um nýja atvinnusókn í sveitum og með tilliti til endurmats á afkomu bænda verði leiðbeiningarþjónustunni sett skýrari markmið, sérstaklega á sviði hagfræði og nýrra verkefna í landbúnaði.

E. Markaðsmál.

Í samráði við Útflutningsráð verði gert skipulagt átak með markaðsöflun fyrir búvörur sem m.a. auðveldi mat á möguleikum til útflutnings.

Með búvörulögunum, sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1985, var m.a. kveðið á um breytta ráðstöfun útflutningsbótafjár. Þannig voru felld saman markmið um minnkandi útflutning á búvörum og uppbyggingu nýrra búgreina. Í 37. gr. laganna eru þrjú viðfangsefni tilgreind, þ.e. efling nýrra búgreina, fjárhagsleg endurskipulagning og markaðsöflun. Framleiðnisjóði er með lögunum falið að annast þessi verkefni.

Þótt skýr stefnubreyting í framleiðslumálum landbúnaðarins komi fram í VIII. kafla laganna skortir þar á um nákvæma skilgreiningu verkefna. Þegar mikilvæg markmið búvörulaganna hafa ýmist náðst eða eru í augsýn er auðveldara að hefja markvissar aðgerðir á grundvelli VIII. kafla búvörulaganna um breytta búskaparhætti. Þessi er m.a. ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu. Um leið er óvissu um framleiðslu í landbúnaði næstu árin vikið til hliðar og leiðir fundnar til nýrra starfa og áforma í sveitum landsins.

Sþ. 234. Fyrirspurn [219. mál]

til fjármálaráðherra um rekstur jarðskjálftamæla á Suðurlandi.

Frá Árna Johnsen.

1. Hafa íslensk stjórnvöld tekið afstöðu til þess hvort þau samþykkja að kosta rekstur þeirra jarðskjálftamæla á Suðurlandi sem norrænir jarðskjálftafræðingar hafa sótt um styrk til hjá Norðurlandaráði (6 milljónir sænskra króna) að settir verði upp?
2. Hvernig er áætlað að þessi tækjabúnaður nýtist best við forvarnir og fræðslustarf?

Sþ. 235. Fyrirspurn [220. mál]

til samgönguráðherra um sjálfvirkan sleppibúnað björgunarbáta.

Frá Árna Johnsen.

Hvað líður úttekt á sjálfvirkum sleppibúnaði björgunarbáta sem öryggismálanefnd sjómanna lagði til á s.l. ári að yrði gerð, ætlað var að unnin yrði af tæknideild Fiskifélags Íslands og fjármagn hafði verið tryggt til?

Sþ. 236. Fyrirspurn [221. mál]

til samgönguráðherra um vegagerð á Laxárdalsheiði.

Frá Skúla Alexanderssyni og Svavari Gestssyni.

1. Hefur Vegagerð ríkisins gengið að fullu frá uppgjöri vegna vegagerðar á Laxárdalsheiði sem Hagvirki hf. tók að sér að vinna skv. tilboði?
2. Hefur Hagvirki hf. lokið vegagerðinni?
3. Hver var tilboðsupphæðin? Hvað hefur Hagvirki hf. fengið greitt fyrir verkið?
4. Hefur Vegagerð ríkisins þurft að greiða málskostnað vegna málareksturs út af verkinu? Hve mikinn?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 237. Fyrirspurn [222. mál]

til heilbrigðisráðherra um kaup ríkisins á Borgarspítalanum.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

1. Mun heilbrigðisráðherra beita sér fyrir því að ríkið kaupi Borgarspítalann?
2. Hafa farið fram viðræður um kaup ríkisins á Borgarspítalanum eða öðrum sjúkrahúsum sveitarfélaga?
3. Telur heilbrigðisráðuneytið að auðveldara sé að tryggja vandaða heilbrigðisþjónustu ef fleiri sjúkrahús verða í eigu ríkisins?

Sþ. 238. Nefndarálit [151. mál]

um till. til þál. um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Þann 25. nóv. s.l. var vísað til nefndarinnar till. til þál. um afstöðu Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar.

Þann 11. nóv. kom til atkvæða í fyrstu nefnd allsherjarþingsins tillaga frá Svíþjóð, Mexíkó o.fl. ríkjum um þetta efni og var hún þar samþykkt með 118 atkvæðum gegn 12, en Ísland var í hópi fjögurra ríkja sem sátu hjá. Öll ríki á Norðurlöndum nema Ísland greiddu atkvæði með tillögunni.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þetta mál á þremur fundum, 26. nóv., 2. des. og 3. des. Á fundi nefndarinnar 26. nóv. lagði undirritaður áherslu á að nefndin tæki strax afstöðu til málsins með hliðsjón af atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu einhvern næstu daga. Fram kom hjá öðrum nefndarmönnum að þeir teldu sig þurfa að fá málið rætt í þingflokkum sínum. Á fundi nefndarinnar 2. des. var staðan óbreytt, en undirritaður kvaðst þá mundu skila áliti.

Utanríkisráðherra hefur lýst yfir að afstaða hans sé óbreytt og Ísland muni sitja hjá í atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu um tillögu Svíþjóðar og Mexíkó sem líklega fer fram í dag.

Undirritaður minnir á að stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins er brýnni nú en nokkru sinni fyrr þegar það liggur m.a. fyrir þessa dagana að Bandaríkin eru að sprengja Salt II samkomulagið um langdræg kjarnorkuvopn og Bandaríkjastjórn hefur lýst því yfir að hún muni ekki stöðva tilraunir með kjarnorkuvopn þrátt fyrir 17 mánaða einhliða stöðvun af hálfu hins risaveldisins.

Fyrsti minni hl. harmar tómlæti meiri hl. nefndarinnar og afstöðu utanríkisráðherra í þessu stórmáli og telur að sú afstaða stríði gegn ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

Hið sama gildir um tregðu nefndarinnar til að afgreiða frá sér 12. mál sem er tillaga þingflokks Kvennalistans um frystingu kjarnorkuvopna, en undirritaður hefur lýst fylgi við þá tillögu.

Alþingi á að sjá sóma sinn í að taka afstöðu í þessu máli og leiðrétta mistök utanríkisráðherra og ríkisstjórnar með því að samþykkja tillögu á þskj. 161.

Alþingi, 3. des. 1986.

Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 239. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglumenn ríkisins, sbr. 1. mgr., mega hvorki gera verkföll né taka þátt í verkfallsboðun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu í framhaldi af umfjöllun fulltrúa þess og fjármálaráðuneytisins um efni þess og tilefni við fulltrúa þeirra stéttarfélaga sem það hefur áhrif á, þ.e. Landssambands lögreglumanna og Tollvarðafélags Íslands.

Sérhverju fullvalda ríki ber nauðsyn til og er skylt að tryggja að ávallt sé unnt að halda uppi lögum og reglu.

Í þeim lögum, sem nú gilda um samningsrétt BSRB en ofangreind stéttarfélög eru innan vébanda þess, er heimild til verkfalla takmörkuð, m.a. með því að þrátt fyrir verkfall skuli haldið uppi nauðsynlegri öryggisgæslu. Á grundvelli þess ákvæðis var lögreglumönnum gert skylt að starfa að flestum verkefnum sínum í þeim tveimur verkföllum sem BSRB hefur boðað til. Þessar ákvarðanir, sem teknar voru lögum samkvæmt af kjaradeilunefnd, voru teknar án ágreinings í nefndinni en í henni sitja fulltrúar kosnir af Alþingi og tilnefndir af Hæstarétti og málsaðilum, þ.e. fjármálaráðuneytinu og BSRB.

Í síðasta verkfalli BSRB var og verulegum hluta tollvarða gert skylt að gegna störfum að meira eða minna leyti.

Verkfallsheimild hefur því í reynd ekki nema að mjög takmörkuðu leyti verið til staðar fyrir lögreglumenn ríkisins. Þrátt fyrir það hafa ýmis verkefni orðið tilefni til ágreinings í verkföllum milli yfirstjórnar lögreglu, einstakra lögreglumanna og Landssambands lögreglumanna.

Í viðræðum við BSRB um kjarasamninga á s.l. vetri kom að nýju fram tillaga frá BSRB þess efnis að færa allt samningsumboð og verkfallsrétt í hendur einstakra stéttarfélaga í stað BSRB. Var af hálfu ríkisins tekið undir þessa tillögu BSRB á þeim grundvelli m.a. að hliðstæðar takmarkanir yrðu gerðar á verkfallsrétti og nú eru í reynd, svo sem varðandi lögreglumenn o.fl.

Með hliðsjón af tillögum þeim, sem lágu fyrir af hálfu BSRB og fjármálaráðuneytisins um að færa samningsrétt frá bandalaginu til einstakra félaga, voru samningsréttarmálin tekin til umfjöllunar í tengslum við gerð sérkjarasamninga við Landssamband lögreglumanna s.l. vor.

Í þeim viðræðum kom í ljós að aðilar voru sammála um það grundvallaratriði í máli þessu að ekki væri rétt að löggæslu og réttarvernd yrði stefnt í tvísýnu með því að gera hana að átakaefni í kjaramálum og bæri aðilum að finna aðra leið en verkföll til að útkljá slík mál.

Er viðræðum um sérkjarasamninga lauk 18. júlí s.l. gerðu samningsaðilar sérstaka bókun um samningsréttarmál er fylgdi samningunum. Í bókun þessari segir svo: „Aðilar eru sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi, að í lögum um lögreglumenn nr. 56/1972 komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins ...“ Í bókuninni er jafnframt yfirlýsing um að stefnt verði að breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna á þann veg að náist ekki samningar milli aðila verði deilan útkljáð með slíkum hætti að lögreglumönnum verði tryggð sama meðalhækkun launa og bandalög opinberra starfsmanna fá á hverjum tíma.

Sérkjarasamningur þessi með framangreindri bókun var ítarlega kynntur félögum í Landssambandi lögreglumanna og lagður undir dóm þeirra í allsherjaratkvæðagreiðslu. Var hann samþykktur með verulegum meiri hluta atkvæða.

Samkvæmt 4. gr. laga um lögreglumenn teljast skipshafnir varðskipanna og tollverðir til lögreglumanna ríkisins, sbr. og 4. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59/1969. Þar sem starfsmönnum Landhelgisgæslunnar er skv. 7. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967, ekki heimilt að gera verkfall er ekki um að ræða breytingu með tilliti til þeirra.

Staða tollvarða með tilliti til verkfalls var hins vegar áþekk stöðu lögreglumanna og var því í framhaldi af samningnum við Landssamband lögreglumanna rætt við Tollvarðafélag

Íslands um samningsréttarmál. Lauk þeim viðræðum með samkomulagi 15. september 1986 þar sem segir m.a.: „Aðilar eru sammála um að fyrirhuguð breyting á lögum um lögreglumenn er banni verkföll þeirra nái til tollvarða með sama hætti og til annarra lögreglumanna ríkisins . . .“ Í samkomulaginu eru og ákvæði um hvernig leyst verði úr kjaraágreiningi náist samningar ekki. Er það með svipuðum hætti og í samkomulaginu við lögreglumenn.

Samkomulag þetta var lagt fyrir tollverði í allsherjaratkvæðagreiðslu og hlaut samþykki yfirgnæfandi meiri hluta félagsmanna.

Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru í endurskoðun í samvinnu við bandalög opinberra starfsmanna og á þeim grundvelli að samningsréttur verði færður í hendur einstakra stéttarfélaga í stað heildarsamtaka þeirra.

Fyrir liggur samkomulag við þau tvö stéttarfélög, er frumvarp þetta varðar, um efni þess og eru stjórnvöld og þeir aðilar sammála um að hinn mikilsverði og viðkvæmi starfsvettvangur þeirra verði ekki gerður að ágreiningsefni eða dreginn inn í verkfallsátök heldur aðrar leiðir farnar til úrlausnar á hugsanlegum kjaradeilum.

Sþ. 240. Fyrirspurn [224. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðbúnað innan heilbrigðiskerfisins vegna líklegrar fjölgunar alnæmissjúklinga á Íslandi.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvaða ráðstafanir hafa heilbrigðisyfirvöld gert, eða hyggjast gera, til að mæta þeim vanda er óhjákvæmilega hlýtur að skapast á sjúkrahúsum vegna fjölgunar alnæmissjúklinga á Íslandi á næstu árum?

Sþ. 241. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um stofnun ferðamálaskóla.

Flm.: Gunnar G. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða undirbúningi að stofnun ferðamálaskóla þar sem veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðamannaþjónustu svo að ekki þurfi lengur að sækja nám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa.

Greinargerð.

Ferðamannaþjónusta er sú atvinnugrein sem um þessar mundir er í einna mestum vexti af öllum greinum atvinnulífsins hér á landi. Allar líkur eru á að sú þróun muni halda áfram á næstu árum og ferðamálin verði æ mikilvægari þáttur í þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Til þess að svo megi verða er þó nauðsynlegt að búa vel að þessari starfsemi og það á ekki síst við um menntun þeirra sem að ferðamálum starfa. Þeir sem vilja starfa við ferðamál og mennta sig í þeim efnum verða nú að sækja menntun sína að langmestu leyti til skóla erlendis.

Það er tilgangur þessarar þingsályktunartillögu að vekja athygli á nauðsyn þess að komið verði á stofn ferðamálaskóla hér á landi þar sem ungt fólk, sem áhuga hefur á framtíðarstörfum í ferðamálum, geti sótt sér menntun í þessari vaxandi framtíðargrein.

Spyrja má hver sé nauðsyn þess að stofna slíkan skóla. Því er best svarað með að benda á hve mikill fjöldi manna starfar nú þegar við ferðamannaþjónustu og hvert er orðið mikilvægi ferðamála í íslenskum þjóðarbúskap. Á síðasta ári er áætlað að ársverk þeirra, sem störfuðu að ferðamálum, hafi verið um 3500 og stefnir þar í verulega aukningu. Til samanburðar við aðrar atvinnugreinar má nefna að vægi ferðaþjónustu á vinnumarkaði er nú heldur meira en allrar bankastarfsemi í landinu. Þessi staðreynd sýnir að tímabært er orðið að koma á skipulegri fræðslustarfsemi fyrir þann mikla fjölda sem að ferðamálum vinnur, ekki síst með það í huga að allar vonir standa til að veruleg aukning verði á þessu sviði á næstu árum. Er það ekki síst vegna vaxandi kynningar á Íslandi erlendis, m.a. í kjölfar leiðtogafundarins sem hér var haldinn í haust.

Mikilvægi ferðaþjónustunnar má einnig sjá af því að nú skilar hún meiri tekjum í þjóðarbúið en margir gera sér ljóst. Á þessu ári munu gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum nema um fjórum milljörðum króna og er þá ekki tekið tillit til „duldra gjaldeyristekna". Hinar beinu gjaldeyristekjur eru um 7% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar og jafngilda um 40% af útflutningstekjum allra frystra fiskafurða landsmanna. Af þeim tölum sést hve gildur þáttur í þjóðarbúskapnum ferðamannaþjónustan er þegar orðin.

En hér er ekki aðeins um það að ræða að ferðamannaþjónustan stórbætir gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar. Aðrar atvinnugreinar hafa einnig hag af henni. Má þar nefna auknar tekjur flugfélaganna, gisti- og veitingastaði, sérleyfis- og hópferðaakstur, leigubifreiðaakstur, framleiðslu og sölu matvæla, minjagripa og fatnaðar. Erlendir ferðamenn eru því eins konar viðbót við neytendur landsins.

Hingað munu koma um 120 þúsund erlendir ferðamenn á þessu ári. Á því leikur ekki nokkur vafi að sé hér rétt á málum haldið og mótuð ákveðin og markviss ferðamálastefna getur ferðamönnum farið mjög fjölgandi á næstu árum. Ísland er land hins hreina vatns, tæra lofts og ómengaðrar náttúru. Hingað hafa því ferðamenn margt að sækja og ómældir eru þeir möguleikar sem felast í þeim kostum sem Ísland hefur yfir að ráða í hverum sínum og heitum laugum. Á því sviði getur mikil uppbygging átt sér stað ekki síður en á sviði hótel- og gistiþjónustu, en þar er nú mjög vel að verki staðið þessi missirin fyrir frumkvæði dugmikilla einstaklinga.

Þetta sýnir að fyllilega er orðið tímabært að koma á fót almennum ferðamálaskóla þar sem auk gisti- og veitingareksturs yrðu kenndar aðrar greinar sem að móttöku og þjónustu við ferðamenn lúta.

Má þar nefna rekstur ferðaskrifstofa og störf á því sviði, svo sem skipulag ferða, ráðstefnuhald, útgáfu farseðla og markaðs- og kynningarmál. Annar þáttur er leiðsögn ferðamanna en á því sviði er þegar um árlegt námskeiðahald að ræða. Þá má nefna gestamóttöku, tungumálanám o.fl. auk þeirra greina sem tengjast rekstri hótel- og gistihúsa í þéttbýli og dreifbýli.

Í þessari tillögu er ekki um það fjallað hve langt slíkt nám ætti að vera eða hvar í skólakerfinu ætti að finna því stað. Ekki sýnist þó nein ástæða til að um háskólanám verði hér að ræða.

Nokkur undirbúningur að þessu máli hefur þegar átt sér stað. Árið 1983 var gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Kópavogs um skólahald á framhaldsskóla- og grunnskólastigi í Kópavogi. Er m.a. gert ráð fyrir að komið verði þar upp skóla í matvælagreinum og að hagkvæmt yrði að tengja saman hótel- og veitingaskóla og matvælaskóla. Hefur nefnd, sem um mál þessi hefur fjallað, gert ráð fyrir að við Menntaskólann í Kópavogi verði komið upp bóknámssviðum, gestamóttökubraut og leiðsögubraut sem tengdist verknámi á matvæla- og hótelsviði.

Með þessu hefur ákveðið undirbúningsstarf þegar verið unnið og greinilega er það bæði hagkvæmt og skynsamlegt að tengja nám í ferðamálum við Hótel- og veitingaskólann sem verða mun í Kópavogi þegar húsnæði þar hefur fengist.

Með stofnun fyrsta ferðamálaskóla landsins mun mikilvægt skref verða stigið til þess að efla þessa ört vaxandi atvinnugrein og það tryggt að ungt fólk, sem starfa vill að ferðamálum, þurfi ekki lengur að sækja menntun sína út fyrir landsteinana.

Sþ. 242. Fyrirspurn [226. mál]

til samgönguráðherra um bætta merkingu akvega.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um bætta merkingu akvega sem samþykkt var á Alþingi 18. apríl 1985?

Nd. 243. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

29. gr. laganna hljóði svo:

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þeim er skipa eftirtalin störf óheimilt að gera verkfall:

1. Starfsmenn Alþingis og stjórnarráðs.
2. Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands og starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis.
3. Hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómarar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjóri, tollgæslustjóri.
4. Starfsmenn ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og ríkislögmanns.
5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra *nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.*
7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–6. tölul.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta lista yfir þá starfsmenn sem falla undir 5. og 6. tölul. þessarar greinar.

Ágreiningur um það, hvort maður falli undir ákvæði 1.–7. tölul. þessarar greinar, skal lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Í því frumvarpi eru gerðar breytingar á ákvæðum um samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Við undirbúning þess frumvarps var samtökum opinberra starfsmanna, sem að samningu þess unnu, gerð grein fyrir efni þessa frumvarps sem hér liggur fyrir. Þótt þau séu ekki sammála þeim breytingum sem hér eru lagðar til töldu þau þær ekki frágangssök og unnu m.a. að samningu ákvæða í frumvarpið um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem miðuð eru við efni þessa frumvarps.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting að í upptalningu starfsmanna, sem samkvæmt þessum lögum er ekki heimilt að gera verkfall, bætast starfsmenn stjórnarráðs, starfsmenn ríkissaksóknara og starfsmenn ríkislögmanns.

Eins og er nær bann við verkfalli til deildarstjóra og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og að auki til alls starfsfólks í forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og launadeild fjármálaráðuneytisins. Í heild hefur því tiltölulega lítill hluti starfsmanna stjórnarráðsins verkfallsrétt.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að framkvæmdarvald ríkisins verði lamað vegna átaka um kjaramál og með hliðsjón af því að afnema það misræmi í þessu efni innan stjórnarráðsins sem nú er.

Frumvarpið tekur einnig til allra starfsmanna ríkissaksóknara í stað fulltrúa áður og til starfsmanna ríkislögmanns. Embætti þessi kunna að þurfa að fjalla um mál vegna verkfalla og því talið rétt að starfsmenn þeirra eigi þar engan hlut að máli.

Í frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er tekið tillit til þessa frumvarps. Er þar gert ráð fyrir að þau stéttarfélög, sem samkvæmt þeim lögum hafa rétt til samninga, semji eftir því sem félagaaðild er fyrir starfsmenn þá sem falla undir 29. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er gert ráð fyrir því að viðkomandi félög eigi rétt á að gerðardómur taki mál þeirra til úrskurðar ef samningar takast ekki.

Í frumvarpinu er einnig sú breyting að listi sá, sem birta skal samkvæmt lögunum, taki einungis til forstöðumanna stofnana. Önnur störf, sem frumvarpið tekur til, eru þess eðlis að ljóst er á hverjum tíma hver þau eru og ekki þörf á árlegri birtingu skrár um þau.

Nd. 244. Frumvarp til laga [228. mál]

um Kjaradóm.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins. Fjármálaráðherra skipar einn dómanda. Félagsmálaráðherra skipar einn dómanda. Sömu aðilar skipa varadómendur. Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

2. gr.

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmanns, ríkisaksóknara, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.

3. gr.

Kjaradómur skal og ákveða um laun og starfskjör þeirra sem honum er falið með öðrum lögum.

4. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

5. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

6. gr.

Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í launum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.

7. gr.

Kostnaður við Kjaradóm, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun fjármálaráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu, meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í, eiga rétta á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með samþykkt þess frumvarps falla úr gildi lög nr. 62/1985 en í þeim eru þau lagaákvæði sem starf Kjaradóms byggist á.

Í frumvarp þetta eru tekin upp úr framangreindum lögum þau efnisatriði sem nauðsynleg eru til að dómurinn geti starfað með því breytta verksviði sem leiðir af frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna en þar er felld niður lögbinding á hlutverki Kjaradóms í kjaradeilum ríkisins við stéttarfélög starfsmanna þess.

Samkvæmt frumvarpi þessu er Kjaradómi ætlað það verkefni að dæma æðstu embættismönnum laun eins og verið hefur. Við þann hóp hefur verið bætt sex starfsheitum.

Auk þessa hóps hefur Kjaradómi verið falið verkefni með öðrum lögum og eins þykir rétt að til sé dómstóll sem þessi sem unnt er að fela að skera úr um kjaradeilu með sérstökum lögum eða samkomulagi aðila að deilunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vegna brottfalls samtaka starfsmanna er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið tilnefni einn dómara en tilnefning annarra er óbreytt.

Um 2. gr.

Lögbundið verksvið dómsins er óbreytt hvað embættismenn varðar að öðru leyti en því að í greinina er bætt landlækni, yfirdýralækni, ríkislögmanni, rektor Kennaraháskóla Íslands, skrifstofustjóra Alþingis og ríkisendurskoðanda. Hinn síðast nefndi hefur verið í hópi ráðuneytisstjóra en staða hans breytist um n.k. áramót. Burt er fellt starfsheitið ríkisskattanefndarmaður sem hefur það starf að aðalstarfi. Ástæða brottfellingarinnar er sú að starf þetta á í þessu samhengi ekki samleið með þeim embættum sem upp eru talin í greininni en á sér hins vegar hliðstæður innan þeirra félaga sem með samningsumboð fara.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða ákvæðum í lögum nr. 62/1985.

Um 6. gr.

Í greininni eru almenn leiðbeiningarákvæði um störf dómsins en að öðru leyti er gert ráð fyrir að hann móti starfsreglur sínar og starf sjálfur.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða gildandi lagaákvæði.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er óbreytt frá bráðabirgðaákvæði laga nr. 62/1985.

Ed. 245. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 131/1984, orðist svo:

Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 44 540 kr. á ári hjá hverjum manni eða 89 080 kr. hjá hjónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9 30. mars 1984 skulu fjárhæðir í 2. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1987 er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 2. gr. laga nr. 9/1984 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 31% milli áranna 1985 og 1986. Er því samkvæmt frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 2. gr. laga nr. 9/1984 hækki um 31% og er sú hækkun í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem gerð er tillaga um af sama tilefni í frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nýlega var lagt fyrir Alþingi.

Nd. 246. Frumvarp til skipulagslaga. [230. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að skipulega sé staðið að ákvörðunum um landnotkun, mótun byggðar og mannvirkja, nýtingu náttúruauðlinda og að tryggja faglega meðferð skipulagsmála.

2. gr.

Lög þessi gilda í lögsögu íslenska ríkisins.

3. gr.

Skipulagsáætlun samkvæmt lögum þessum er greinargerð ásamt nauðsynlegum uppdráttum um skipulag lands.

Skipulagsáætlanir eru ferns konar: Landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Landsskipulag skal gera ef ráðherra og ríkisstjórn ákveða og tekur þá til landsins alls, þróunar atvinnuvega, opinberrar þjónustu, samgangna og byggðar í meginatriðum.

Svæðisskipulag skal gera ef ráðherra ákveður svo að fengnum umsögnum skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra og nær það þá yfir tvö eða fleiri samliggjandi sveitarfélög eða landshluta og skal fjalla um samræmda byggðaþróun á grundvelli landsskipulagsáætlunar ef hún liggur fyrir.

Aðalskipulag skal gera í öllum sveitarfélögum og á þar að gera grein fyrir stefnu sveitarstjórnar að því er varðar landnotkun, nýtingu lands, meginumferðaræðar og þróun byggðar í sveitarfélaginu. Aðalskipulag skal vera í samræmi við svæðisskipulag ef það liggur fyrir.

Deiliskipulag nær yfir einstök sveitarfélög, hverfi, bæjarhluta eða reiti innan ramma aðalskipulags þar sem nánari grein er gerð fyrir landnotkun, nýtingu lands, gatnaskipulagi og annarri mannvirkjagerð.

II. KAFLI

Stjórn skipulagsmála.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar er skipulagsstjórn og skipulagsstjóri ríkisins.

5. gr.

Í skipulagsstjórn eiga sæti fimm menn, þrír skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en tveir án tilnefningar. Skulu þeir skipaðir til fjögurra ára eftir hverjar almennar sveitarstjórnarkosningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Skipulagsstjórn kýs sér formann, varaformann og ritara til tveggja ára í senn.

6. gr.

Verkefni skipulagsstjórnar er að vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt sem skipulagsmál varðar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu þar sem hún

telur þess þörf, ganga frá skipulagsuppdráttum er berast til staðfestingar, samþykkja skipulagsáætlanir skv. 3. mgr. 21. gr. og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því sem segir í lögum þessum.

Skipulagsstjórn fjallar um starfs- og fjárhagsáætlanir Skipulagsstofu ríkisins og önnur mál er snerta starfsemi hennar. Hún fjallar einnig um setningu staðla og reglugerða um skipulagsmál.

Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar úr ríkissjóði.

Skipulagsstjórn skal árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

7. gr.

Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Skipulagsstjóri veitir Skipulagsstofu ríkisins forstöðu. Hann ræður starfsmenn til stofnunarinnar í samráði við ráðuneytið. Laun skipulagsstjóra, starfsfólks og annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Skipulagsstjóri getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir falið sérmenntuðum mönnum utan Skipulagsstofunnar einstök verkefni.

Skipulagsstjóri skal árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

Verkefni Skipulagsstofu ríkisins eru sem hér segir:

Að láta framkvæma eftir því sem þörf krefur mælingar og kortagerð til afnota við gerð skipulagsáætlana í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Að sjá um í samvinnu við sveitarstjórnir að gerðar séu skipulagsáætlanir.

Að annast gerð skipulagsáætlana fyrir þær sveitarstjórnir sem þess óska.

Að yfirfara skipulagsáætlanir sem gerðar eru á vegum sveitarstjórna og lagðar eru fram til samþykktar eða staðfestingar skipulagsstjórnar og gera tillögur um afgreiðslu þeirra.

Að hafa umsjón með því að farið sé eftir gildandi skipulagsáætlunum og fylgjast með störfum skipulags- og byggingarnefnda.

Að annast heimildaöflun, varðveislu gagna og upplýsingamiðlun á sviði skipulagsmála.

Að beita sér fyrir rannsóknum og annast ráðgjöf á sviði skipulagsmála.

8. gr.

Heimilt er ráðherra að fenginni umsögn skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra að ráða skipulagsráðgjafa eða setja á stofn útibú sem starfa skulu í tengslum við þjónustustöðvar í einstökum kjördæmum enda komi ósk um það frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra.

9. gr.

Sveitarstjórn lætur gera skipulagsáætlanir fyrir sveitarfélagið og getur í samráði við skipulagsstjórn falið verkið starfsmönnum sveitarfélagsins, Skipulagsstofu ríkisins eða einkaaðilum.

Leyfi skipulagsstjórnar ríkisins og samþykki ráðherra þarf til framkvæmda á landsvæðum sem ekki tilheyra neinu sveitarfélagi.

10. gr.

Í sveitarfélögum með 1000 íbúa eða fleiri skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa fimm manna skipulagsnefnd er sé til ráðuneytis fyrir sveitarstjórn í skipulagsmálum.

Sveitarstjórn kýs skipulagsnefnd og skal formaður nefndarinnar vera aðalmaður eða varamaður í sveitarstjórn. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Í öðrum sveitarfélögum getur sveitarstjórn kosið skipulagsnefnd, sbr. 1. mgr., eða falið byggingarnefnd verkefni skipulagsnefndar.

Skipulagsstjóri eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum skipulagsnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

11. gr.

Skipulagsnefnd skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis um allt er varðar skipulagsmál í sveitarfélaginu.

Sama á við um byggingarnefndir sem falið er verkefni skipulagsnefnda.

Um skipulagsnefndir og starfshætti þeirra gilda sömu reglur og um nefndir samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Skipulagsnefnd skal halda gerðabók og skrá þar öll erindi sem lögð eru fram á fundum hennar og hvaða tillögur nefndin gerir til sveitarstjórnar um afgreiðslu þeirra.

12. gr.

Ef ráðherra hefur ákveðið að gert skuli svæðisskipulag skv. 4. mgr. 3. gr. skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig skipa tvo aðalmenn og tvo til vara í samvinnunefnd. Skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina og skal hann vera formaður hennar. Umboð nefndarinnar gildir til næstu sveitarstjórnarkosninga. Ráðherra setur samvinnunefndinni starfsreglur að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi sveitarstjórnum og skipulagsstjórn.

III. KAFLI

Skipulagsskylda og skipulagsáætlanir.

13. gr.

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld, sbr. 17. gr.

Allar byggingar ofan jarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, skulu byggð í samræmi við áður samþykkt eða staðfest deiliskipulag, sbr. 18. gr.

Nú er deiliskipulag ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða hluta þess og getur þá sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar leyft einstakar byggingarframkvæmdir, svo sem byggingar á lögbýlum. Slík leyfi má binda skilyrðum.

Umsókn um byggingarleyfi á lögbýlum skal fylgja afstöðuuppdráttur, þar sem m.a. er sýnd vegartenging, nærliggjandi byggingar og helstu lagnir.

14. gr.

Ef félagsmálaráðherra og ríkisstjórn ákveða að láta gera landsskipulagsáætlun samkvæmt 3. mgr. 3. gr. skal slík skipulagsáætlun gerð í samvinnu við önnur ráðuneyti, Byggðastofnun, aðrar stofnanir og félagasamtök eftir því sem ráðherra telur ástæðu til.

Landsskipulagi er ætlað að skapa grundvöll fyrir aðrar skipulagsáætlanir og byggðaáætlanir.

Ráðuneytum og stofnunum hins opinbera er skylt að veita upplýsingar og aðstoð við gerð landsskipulags eftir því sem ráðherra telur nauðsynlegt.

Tillögu að landsskipulagi skal leggja fyrir Alþingi til kynningar.

Landsskipulag skal endurskoða eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

15. gr.

Samvinnunefnd skv. 12. gr. skal hafa á hendi yfirstjórn á gerð svæðisskipulagsáætlunar í samvinnu við Skipulagsstofu ríkisins og aðra opinbera aðila sem fara með þá málaflokka sem svæðisskipulagið nær til.

Gera skal í aðalatriðum grein fyrir forsendum skipulagsins, stefnu hlutaðeigandi sveitarstjórna um þróun byggðar, þéttbýlismyndun og landnotkun á svæðinu. Gæta skal umhverfissjónarmiða, tryggja hagkvæma notkun og nýtingu lands, vatns og annarra náttúruauðlinda og forðast hvers konar mengun.

Ef svæðisskipulag liggur ekki fyrir verða þéttbýliskjarnar ekki myndaðir nema með samþykki ráðherra að fengnum umsögnum skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar.

16. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur lokið gerð tillögu að svæðisskipulagi skal hún kynna hana hlutaðeigandi sveitarstjórnum og íbúum á svæðinu.

Íbúar og aðrir sem hagsmuna hafa að gæta á því landsvæði sem svæðisskipulag nær til skulu hafa sex vikna frest frá kynningu svæðisskipulags til þess að skila skriflegum athugasemdum við það til samvinnunefndar.

Samvinnunefnd sendir athugasemdirnar ásamt umsögn og endanlegri tillögu sinni til sveitarstjórna á svæðinu. Sveitarstjórnir skulu gefa umsögn um tillöguna innan sex vikna. Sveitarstjórn telst hafa samþykkt tillöguna ef umsögn hennar berst ekki innan tilskilins frests.

Samvinnunefnd skal taka afstöðu til breytingartillagna og umsagna sveitarstjórna og senda skipulagsstjórn endanlega tillögu til samþykktar.

Telji samvinnunefnd æskilegt að fá staðfestingu ráðherra á svæðisskipulagstillögunni fer um málsmeðferð svo sem segir í 22.–25. gr. laga þessara.

17. gr.

Aðalskipulag skal gert fyrir öll sveitarfélög.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir núverandi byggð og atvinnuháttum og fyrir stefnu sveitarstjórnar um landnotkun og þróun byggðar.

Á þéttbýlisstöðum skal sýna landnotkun, skiptingu í íbúðasvæði, atvinnu- og þjónustusvæði og ákveða nýtingarhlutfall á þeim svæðum. Þá skal og sýna útivistarsvæði, svæði fyrir opinberar byggingar, meginumferðarkerfi, höfuðlagnir, flugvallarsvæði, hafnarsvæði, jarðhitasvæði, verndarsvæði vatnsbóla, efnistökusvæði og svæði fyrir sorphauga.

Í dreifbýli skal auk þess gera grein fyrir framtíðarhorfum í landbúnaði og hvar gera skuli ráð fyrir t.d. skógrækt og sumarbústaðasvæðum.

Stefna skal að skynsamlegri notkun náttúruauðlinda, gæta umhverfissjónarmiða, stuðla að verndun náttúru landsins og sögulegra minja og koma í veg fyrir hvers konar mengun eftir því sem unnt er.

Þess skal gætt að aðalskipulagið samræmist þeim áætlunum sem gerðar hafa verið fyrir hlutaðeigandi svæði og landið í heild.

Hafa skal samráð við aðila sem fara með þá málaflokka sem aðalskipulagið tekur til.

Áður en sveitarstjórn tekur endanlega afstöðu til aðalskipulagstillögu eða meiri háttar breytinga skal efnt til almenns borgarafundar þar sem sveitarstjórn kynnir tillöguna.

Að lokinni kynningu gengur skipulagsnefnd og sveitarstjórn frá tillögunni og sendir hana skipulagsstjórn til umfjöllunar með beiðni um heimild til að auglýsa hana.

18. gr.

Deiliskipulag skal gera yfir tiltekin svæði innan marka aðalskipulags. Þar skal gera nánari grein fyrir einstökum atriðum aðalskipulagsins.

Á uppdrætti deiliskipulags skal m.a. sýna: legu og breidd gatna og gangstíga, torg, húsalínur, lóðamörk, byggingarreiti, húsahæðir, bifreiðageymslur og bifreiðastæði, opin svæði, leikvelli og önnur útivistarsvæði. Við deiliskipulagningu eldri hverfa skal gæta

húsafriðunarlaga. Þá skal gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, en með nýtingarhlutfalli er átt við hlutfall milli samanlagðs gólffflatar húss og lóðarstærðar.

Við gerð deiliskipulags skal taka sérstakt tillit til barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa. Auðkenna má sérstaklega svæði á áberandi stöðum, svo sem við torg og aðalgötur, og ákveða að leyfi til byggingar þar sé háð samþykki skipulagsstjórnar.

Þegar sveitarstjórn hefur lokið gerð deiliskipulagstillögu skal hún að fenginni heimild skipulagsstjórnar auglýsa tillöguna opinberlega, sbr. 23. gr.

19. gr.

Sveitarstjórnir og skipulagsstjórn geta með samþykki ráðherra látið fara fram samkeppni um skipulag ákveðins sveitarfélags, hluta þess eða svæðis sem nær að nokkru leyti eða öllu yfir tvö sveitarfélög eða fleiri.

Um samkeppnina skal fara eftir þeim samkeppnisreglum er skipulagsstjórn og sveitarstjórn samþykkja, en að öðru leyti sker ráðherra úr vafaatriðum og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

20. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar setja reglugerð um gerð skipulagsáætlana. Þar skal m.a. kveðið á um mælikvarða, gerð og frágang skipulagsuppdrátta, hvert skuli vera efni greinargerða og hvaða lágmarkskröfur gilda um einstaka þætti skipulagsáætlana.

IV. KAFLI

Meðferð skipulagsáætlana.

21. gr.

Skylt er að staðfesta aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög.

Jafnframt er skylt að staðfesta deiliskipulag fyrir eldri hverfi sem fyrirhugað er að endurbyggja að einhverju eða öllu leyti. Þá skal staðfesta deiliskipulag á landi í einkaeign ef einhverjir eigenda, sveitarstjórn eða skipulagsstjórn óska þess.

Allar aðrar deiliskipulagsáætlanir skulu hljóta samþykki skipulagsstjórnar.

22. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að skipulagsáætlun skal hún senda skipulagsstjórn tillöguna með beiðni um heimild til að auglýsa hana opinberlega.

Sama máli gegnir þegar sveitarstjórn óskar að breyta skipulagsáætlun nema um óverulega breytingu sé að ræða, sbr. 34. gr.

23. gr.

Að fenginni heimild skipulagsstjórnar skal sveitarstjórn auglýsa tillöguna á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á viðkomandi stað, enn fremur skal birta auglýsinguna í Lögbirtingablaðinu.

Í auglýsingu skal tilgreint til hvaða svæðis tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi en það skal eigi vera skemmri tími en sex vikur. Í auglýsingu skal almenningi og stofnunum boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Jafnframt skal tekið fram hvert skila eigi athugasemdum og að þeir sem eigi geri athugasemdir við auglýsta skipulagstillögu innan tilskilins frests teljist samþykkja hana.

24. gr.

Þegar frestur skv. 23. gr. er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um athugasemdir sem borist hafa og senda þær til skipulagsstjórnar innan átta vikna ásamt umsögnum sínum um hverja athugasemd og tillöguna í heild. Hafi athugasemdir leitt til verulegra breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst á ný, sbr. 23. gr.

Ef skipulagsstjórn er sammála afgreiðslu sveitarstjórnar áritar hún skipulagsáætlunina ásamt framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sveitarfélags.

25. gr.

Sé um tillögu að aðalskipulagsáætlun að ræða eða deiliskipulagsáætlun, sem skylt er að staðfesta, skal skipulagstillagan send félagsmálaráðherra ásamt framkomnum athugasemdum og umsögnum sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar. Fallist ráðherra á tillöguna staðfestir hann hana með áritun sinni og lætur birta tilkynningu um staðfestinguna í Stjórnartíðindum.

Á sama hátt lætur skipulagsstjórn birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um samþykkt sína á þeim skipulagsáætlunum sem ekki er skylt að staðfesta.

26. gr.

Sveitarstjórn skal varðveita eitt eintak af staðfestum og samþykktum skipulagsáætlunum. Einnig skal skipulagsstjóri varðveita eitt eintak af slíkum áætlunum.

Sveitarstjórn ber að auglýsa staðfestar og samþykktar skipulagsáætlanir á þann hátt sem venja er um í hverju sveitarfélagi og hafa áætlanirnar til sýnis í fjórar vikur.

27. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar að fresta staðfestingu skipulagsáætlunar fyrir hluta sveitarfélags um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um 10 ár í senn. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

V. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana.

28. gr.

Ef sveitarstjórn lætur undir höfuð leggjast að ganga frá tillögu að aðalskipulagi innan hæfilegs frests, sem skipulagsstjórn setur, er skipulagsstjórn heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að láta semja tillögu að aðalskipulagi á kostnað viðkomandi sveitarsjóðs.

Skipulagsstjórn sendir aðalskipulagstillöguna síðan til sveitarstjórnar sem skal gefa umsögn sína innan sex vikna. Ef umsögn berst eigi innan tilskilins frests telst sveitarstjórn hafa samþykkt tillöguna.

Að því búnu felur skipulagsstjórn sveitarstjórn að auglýsa tillöguna opinberlega og fer um frekari meðferð hennar skv. 22.–25. gr.

29. gr.

Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og byggingarfulltrúar bera ábyrgð á því að hvarvetna sé byggt í samræmi við gildandi skipulag. Skipulagsstjóra og starfsmönnum hans ber að hafa eftirlit með starfi byggingarfulltrúa og byggingarnefnda að þessu leyti.

30. gr.

Nú eru hafnar framkvæmdir sem ekki eru í samræmi við gildandi skipulag og skal sveitarstjórn þá hlutast til um að þær verði stöðvaðar þegar í stað.

Fara skal með slík mál skv. VIII. kafla byggingarlaga nr. 54/1978.

31. gr.

Nú kemur í ljós að skipulagsákvæði eru brotin og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það og getur þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, hlutast til um að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bága við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

32. gr.

Telji skipulagsstjórn að byggingarleyfi brjóti í bága við skipulag skal hún óska eftir því við ráðherra að það verði fellt úr gildi. Áður en ráðherra fellir úrskurð sinn skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar og skal hún berast ráðherra innan fjögurra vikna.

Óheimilt er að hefja eða halda áfram framkvæmdum meðan úrskurðar er beðið.

VI. KAFLI

Endurskoðun skipulagsáætlana.

33. gr.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skulu sveitarstjórnir meta hvort forsendur skipulagsáætlunar hafi breyst það verulega að ástæða sé til endurskoðunar. Telji sveitarstjórn að svo sé fer um málsmeðferð samkvæmt IV. kafla eftir því sem við á hverju sinni.

34. gr.

Nú óskar sveitarstjórn að gerð verði breyting á staðfestu eða samþykktu skipulagi sem er það óveruleg að ekki er talin ástæða til meðferðar skv. IV. kafla og skal þá gera rökstudda tillögu til skipulagsstjórnar um breytinguna. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Ef skipulagsstjórn samþykkir breytinguna tilkynnir hún það félagsmálaráðuneytinu sem sér um að auglýsa breytinguna í Stjórnartíðindum.

35. gr.

Ef sveitarstjórn óskar að breyta samþykktu deiliskipulagi og breytingin er innan ramma staðfests aðalskipulags skal nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, tilkynnt um fyrirhugaða breytingu og gefinn kostur á að tjá sig um hana skriflega innan fjögurra vikna frá því þeim var tilkynnt um samþykkt sveitarstjórnar. Sveitarstjórn skal fara yfir þær athugasemdir sem berast og senda tillögu sína að breyttri deiliskipulagstillögu ásamt röksemdum fyrir henni og umsögn um athugasemdirnar hverja fyrir sig til skipulagsstjórnar til umfjöllunar.

VII. KAFLI

Landmælingar og lóðaskrár.

36. gr.

Á öllum þéttbýlisstöðum skal mæla svæði það, sem byggð nær yfir, og eigi minna land umhverfis en ætla má að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár.

Sveitarstjórn ákveður í samráði við skipulagsstjóra hvar mælingar, myndataka úr lofti og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

37. gr.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu) þar sem slíkt er nauðsynlegt enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

38. gr.

Um gerð og frágang uppdrátta samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerð sem ráðherra setur.

39. gr.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins.

Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn og tölusetja öll lönd og lóðir við aðliggjandi veg eða götu.

Í reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við skipulagsstjórn, Fasteignamat ríkisins og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang fasteignaskrár.

40. gr.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir skal liggja fyrir samþykkt deiliskipulag svo og nafn götu og númer en aðrar nýjar landareignir skulu hafa nafn og númer til skrásetningar í lóðaskrá.

Sveitarstjórn getur krafist þess að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af hinum nýju lóðum eða löndum til afnota fyrir lóðaskrá og þinglýsingu.

VIII. KAFLI

Forkaupsréttur, eignarnám og skaðabætur.

41. gr.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sér forkaupsrétt að tilteknum fasteignum innan sveitarfélagsins ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Samþykkt um forkaupsrétt skal send ráðherra til staðfestingar og skal þinglýsa henni sem kvöð á hlutaðeigandi fasteignir.

Eigendur fasteigna þeirra, er slíkar samþykktir taka til, skulu skyldir til að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteigna við sölu þeirra á sama verði og með sömu kjörum og stendur til boða hjá öðrum aðilum. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta forkaupsréttar eða eigi. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

42. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar og samþykki ráðherra að taka eignarnámi landsvæði eða fasteignir innan sveitarfélagsins ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

Heimilt er sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar og samþykki ráðherra að taka eignarnámi einstakar fasteignir eða hluta fasteignar ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu deiliskipulagi.

Heimilt er sveitarstjórn að taka eignarnámi með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr. efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á skipulagi. Séu slíkar námur í öðru sveitarfélagi þarf samþykki sveitarstjórnar í því sveitarfélagi til að eignarnám nái fram að ganga.

Um framkvæmd eignarnáms fer eftir reglum laga nr. 11/1973.

43. gr.

Nú rýrnar lóð verulega við framkvæmd skipulags og er þá sveitarstjórn skylt að kaupa lóðina ef eigandi krefst þess. Náist ekki samkomulag um kaupverð skal það ákveðið af dómkvöddum matsmönnum.

44. gr.

Náist ekki samkomulag milli umráðamanna fasteigna um endurbyggingu byggingarreits eða hluta hans samkvæmt staðfestu eða samþykktu skipulagi getur sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar og samþykki ráðherra tekið einstakar fasteignir á byggingarreitnum eignarnámi.

45. gr.

Við ákvörðun eignarnámsbóta skv. 42. og 44. gr. skal m.a. taka tillit til verðs sambærilegra eigna á almennum markaði og hver arður af eigninni hefur verið við eðlilega notkun fram að gerð skipulags eða eignarnámi en eigi skal miða eignarnámsbætur við ætlað framtíðarverð eignar.

46. gr.

Nú er land í einkaeign og eigandi óskar eftir því við sveitarstjórn að það eða hluti þess verði skipulagt sem byggingarlóðir í samræmi við aðalskipulag og skal þá sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t.d. gatna og leikvalla, land sem svarar til ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða sem heimild sveitarstjórnar nær til. Sama á við ef um sumarbústaðahverfi er að ræða.

Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir getur sveitarstjórn heimilað að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess sem á vantar samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Sveitarstjórn getur bundið heimild skv. 1. mgr. því skilyrði að greitt verði fullt gatnagerðargjald í sveitarsjóð skv. þeim reglum sem gilda í sveitarfélaginu.

IX. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar o.fl.

47. gr.

Kostnaður við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð skv. 36. gr. skiptist til helminga milli Skipulagsstofu ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga.

48. gr.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

Kostnaður við gerð landsskipulags greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofu ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við íbúafjölda, enda skal fyrirfram gerð áætlun um kostnað við verkið og aðilar fallist á hana. Sveitarfélög bera kostnað af starfi fulltrúa sinna í samvinnunefndum sbr. 12. gr.

Kostnaður við gerð aðalskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofu ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórn samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun og samningi hverju sinni.

Kostnaður við skipulagssamkeppnir skv. 19. gr. greiðist til helminga af Skipulagsstofu ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

Í sveitarfélögum með 1000 íbúa eða fleiri greiðist allur kostnaður við gerð deiliskipulags úr sveitarsjóði, í öðrum sveitarfélögum greiðist kostnaðar til helminga af Skipulagsstofu ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar skv. 47. og 48. gr. sker ráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

49. gr.

Nú óskar sveitarstjórn að annast gerð og reglulega endurskoðun aðalskipulags og deiliskipulags, sbr. 9. gr., annaðhvort með eigin sérmenntuðum starfsmönnum eða

sérmenntuðum ráðgjöfum á sviði skipulagsmála og er þá skylt að greiða hlutaðeigandi sveitarstjórn þau skipulagsgjöld sem innheimtast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu skv. 50. gr.

50. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði og framkvæmd skipulagsmála samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innheimt skuli í ríkissjóð sérstakt gjald er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald má nema allt að 3‰ — þremur af þúsundi — af brunabótamati hverrar nýbyggingar sem reist er. Nú er um að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs og skal þá miða skipulagsgjaldið við fasteignamat mannvirkisins.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð mannvirkis hefur farið fram.

X. KAFLI

Refsiákvæði og gildistaka.

51. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, er í gildi fer utanríkisráðherra með yfirstjórn skipulagsmála á varnarsvæðum í samræmi við lög nr. 106/1954 og lætur gera skipulagsáætlanir fyrir varnarsvæðin og skal þá tekið mið af lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 19/1964, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérlög um skipulagsmál voru fyrst sett árið 1921. Á þeim lögum voru síðan gerðar nokkrar breytingar 1926, 1932 og 1938.

Ný skipulagslög voru sett árið 1964 og gilda þau með áorðnum breytingum frá 1972, 1974 og 1978.

Samkvæmt lögunum frá 1921 náði skipulagsskyldan eingöngu til sveitarfélaga með yfir 500 íbúa en með lagabreytingu árið 1938 var sú tala færð niður í 200. Með setningu nýrra skipulagslaga 1964 var þéttbýli með 50 íbúa eða þar yfir gert skipulagsskylt.

Við setningu byggingarlaga 1978, sem tóku til landsins alls, var sú breyting gerð á skipulagslögunum að þau skyldu ná til allra sveitarfélaga í landinu.

Í frumvarpi því er hér liggur fyrir er fjallað um fjórar gerðir skipulagsáætlana, þ.e. landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Ákvæðið um landsskipulag er heimildarákvæði og nýmæli í íslenskum lögum.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á aukið frumkvæði sveitarstjórna. Þar er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli láta gera skipulagsáætlanir (aðalskipulag og deiliskipulag). Þær geta falið Skipulagsstofu ríkisins og útibúum hennar eða einkaaðilum þetta verkefni. Samkvæmt gildandi lögum er meginreglan hins vegar sú að skipulagsstjóri annist gerð skipulagsáætlana.

Samkvæmt frumvarpinu eru gerðar töluverðar breytingar á verksviði skipulagsstjórnar ríkisins og á skipan hennar. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði um meiri þátttöku almennings í ákvarðanatöku um skipulagsmál en í gildandi lögum.

Það er nýmæli að ráðherra er heimilt að setja á stofn útibú Skipulagsstofu ríkisins er starfi í tengslum við þjónustustöðvar í hinum einstöku kjördæmum.

Þau ákvæði gildandi skipulagslaga sem ekki hefur reynt á eru að mestu felld burt, svo sem VI. kafli um framkvæmd skipulags eldri hverfa, en önnur ákvæði voru stytt verulega, svo sem ákvæðin um skaðabætur vegna framkvæmda á skipulagi.

Hér á eftir fylgja athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og að hvaða leyti þær eru frábrugðnar gildandi lögum:

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Með grein þessari er kveðið á um að gildissvið laganna sé landið allt og landhelgin.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreindir þeir fjórir aðalflokkar skipulagsáætlana sem frumvarpið fjallar um.

Hugtakið landsskipulag er nýmæli í lögum hér á landi.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þegar skipulagslög voru sett árið 1921 var húsameistari ríkisins eini háskólamenntaði arkitekt landsins en vegamálastjóri einn af örfáum verkfræðingum. Þótti því eðlilegt að þeir ættu sæti í skipulagsnefnd ríkisins. Nú munu vera hátt á annað hundrað arkitektar og um 600 verkfræðingar í landinu og hafa sumir þeirra hlotið sérmenntun á sviði skipulagsmála. Þróun undanfarinna ára hefur gengið í þá átt að hafa ekki embættismenn í föstum sætum í nefndum og ráðum sem fara með áþekk störf og skipulagsstjórn. Með hliðsjón af þessu er lagt til að í skipulagsstjórn sitji fimm menn, allir skipaðir af ráðherra, þrír samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar.

Um 6. gr.

Verksvið skipulagsstjórnar er aukið allverulega frá því sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Um 7. gr.

Það nýmæli er tekið upp í frumvarpinu að stofnun sú, er skipulagsstjóri ríkisins veitir forstöðu og til þessa hefur kallast Skipulag ríkisins, skuli hér eftir heita Skipulagsstofa ríkisins.

Allmargir aðilar, arkitektar, verkfræðingar, landfræðingar, skipulagsfræðingar o.fl., sem hafa hlotið sérmenntun á sviði skipulagsmála eða haldgóða starfsreynslu, starfa nú sjálfstætt. Þykir því eðlilegt að veita sveitarstjórnum og skipulagsstjóra heimild til að fela slíkum sérfræðingum ákveðin skipulagsverkefni eftir því sem hentugt þykir og ástæða er til hverju sinni. Er þetta nýmæli í lögum.

Í greininni er gerð grein fyrir verksviði Skipulagsstofu og skipulagsstjóra. M.a. er það nýmæli tekið upp að Skipulagsstofa skuli beita sér fyrir rannsóknum og annast ráðgjöf á sviði skipulagsmála.

Um 8. gr.

Grein þessi sem er nýmæli er tilkomin vegna óska fjölmargra sveitarfélaga og samtaka þeirra um að færa þjónustu Skipulagsstofu ríkisins, sbr. 7. gr., nær sveitarfélögunum.

Um 9. gr.

Fyrri málsgreinin felur í sér þá grundvallarbreytingu frá gildandi lögum að í stað þess að skipulagsstjóri skuli sjá um gerð skipulagsáætlana er þessi skylda lögð á herðar hinna einstöku sveitarstjórna. Þetta er nýmæli sem á að veita sveitarstjórnum aukið frumkvæði og ábyrgð frá því sem nú er.

Síðari málsgreinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að í sveitarfélögum með yfir 1000 íbúa skuli kjósa sérstaka skipulagsnefnd til að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um skipulagsmál og er þetta nýmæli.

Fámennari sveitarfélögum er það hins vegar í sjálfs vald sett hvort þau kjósa að hafa skipulagsnefnd eða fela byggingarnefnd að annast verkefni skipulagsnefndar.

Þó þessi skylda hafi ekki verið fyrir hendi, hafa flest stærri sveitarfélög haft starfandi skipulagsnefndir í mörg ár. Með lögskipan skipulagsnefndar í hinum fjölmennari sveitarfélögum má vænta þess að skipulagsmál fái betri umfjöllun en ella.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Grein þessi fjallar um samvinnunefndir um svæðisskipulag og er nær samhljóða gildandi lögum.

Um 13. gr.

Grein þessi er að efni til í samræmi við gildandi lög.

Um 14. gr.

Grein þessi, sem er nýmæli, veitir félagsmálaráðherra heimild til að hafa forgöngu um að láta gera landsáætlun eða landsskipulag til nokkurra ára í senn. Öðrum ráðuneytum og stofnunum er skylt að veita allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi þróun atvinnumála og byggðar sem tiltækar eru en félagsmálaráðherra, sem er samræmingaraðili, lætur síðan gera tillögu að landsskipulagi eða landsáætlun sem kynna skal á Alþingi.

Um 15. gr.

Fyrri tvær málsgreinarnar þarfnast ekki skýringa, en 3. mgr. er hinsvegar nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að hér eftir verði ekki hægt að stofna til nýs þéttbýlis nema með samþykki ráðherra að fengnum umsögnum skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar.

Um 16. gr.

Í grein þessari eru fyrirmæli um málsmeðferð svæðisskipulagstillagna og þar er um þau nýmæli að ræða að svæðisskipulagstillögu skuli jafnan kynna fyrir íbúum svæðisins.

Samkvæmt þessari grein er samvinnunefnd það í sjálfsvald sett hvort hún leitar eftir staðfestingu ráðherra á svæðisskipulagstillögu eða fær hana samþykkta af skipulagsstjórn.

Um 17. gr.

Grein þessi kveður á um að gera skuli aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög landsins.

Nýmæli er að aðalskipulagstillögu skuli kynna á almennum borgarafundi áður en sveitarstjórn tekur endanlega afstöðu til hennar.

Um 18. gr.

Í grein þessari, sem fjallar um gerð og frágang deiliskipulags, er sú nýjung að deiliskipulag skuli ávallt auglýst og kynnt íbúum í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. í gildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Grein þessi kveður á um hvaða skipulagsáætlanir er skylt að staðfesta en það eru aðalskipulag þéttbýlissveitarfélaga og deiliskipulag í eldri hverfum. Samkvæmt þessu verða nýjar byggingar í eldri hverfum ekki leyfðar nema fyrir liggi staðfest deiliskipulag hlutaðeigandi hverfis eða reits.

Nýmæli er að deiliskipulag skuli staðfest þegar um er að ræða land í einkaeign og eigendur óska þess.

Skipulagsáætlanir skal jafnan staðfesta ef hlutaðeigandi sveitarstjórn óskar þess.

Um 22.–25. gr.

Efnislega eru greinar þessar svo til samhljóða 17. og 18. gr. gildandi laga. Þó er það nýmæli að allar skipulagstillögur skuli auglýsa.

Það er og nýmæli í 2. mgr. 25. gr. að skipulagsstjórn lætur birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um samþykkt sína á skipulagsáætlunum sem ekki er skylt að staðfesta.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um varðveislu staðfestra og samþykktra skipulagsáætlana og er það nýmæli. Sömuleiðis er það nýmæli að sveitarstjórn er gert skylt að auglýsa þær skipulagsáætlanir sem hafa verið staðfestar eða samþykktar.

Um 27. gr.

Grein þessi er í aðalatriðum í samræmi við ákvæði í 20. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Grein þessi er nýmæli og fjallar um úrræði skipulagsstjórnar ef sveitarstjórnir láta ekki ganga frá lögbundnu aðalskipulagi.

Um 29. gr.

Grein þessi er samhljóða gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Efnislega eru þetta sömu ákvæðin og nú eru í 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. mgr. 6. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Að efni til er grein þessi samhljóða 4. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Grein þessi kveður á um að endurmeta beri forsendur skipulagsáætlana eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Er þetta nýmæli.

Um 34. gr.

Grein þessi er í aðalatriðum í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr. í 19. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Í grein þessari felast þau nýmæli að þegar fyrirhugaðar eru breytingar á samþykktu deiliskipulagi, sem er innan ramma staðfests aðalskipulags, skal nágrönnum gefinn kostur á að tjá sig um breytinguna áður en sveitarstjórn afgreiðir málið til skipulagsstjórnar.

Um 36.–38. gr.

Greinar þessar eru að mestu samhljóða 7.–9. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 39. gr.

Grein þessi er áþekk 32. gr. gildandi laga en samkvæmt henni var aðeins um heimild að ræða. Sú skylda er lögð á sveitarstjórnir að láta gera skrá yfir allar lóðir og fasteignir í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í Reykjavík og á Akureyri gilda sérstök lög um lóðaskrásetningu en í öðrum sveitarfélögum er lóðaskráningin víða laus í reipunum.

Um 40. gr.

Efnislega svarar þessi grein til 1. mgr. 31. gr. gildandi laga en er nokkru fyllri.

Um 41. gr.

Hliðstæð ákvæði um forkaupsrétt er að finna í 26. gr. gildandi skipulagslaga, sbr. einnig lög nr. 22/1932.

Um 42. gr.

Efnislega er fyrri hluti greinar þessarar samhljóða 27. og 28. gr. gildandi laga en 3. mgr., um heimild til að taka efnisnámur eignarnámi, er nýmæli, en margar sveitarstjórnir hafa óskað eftir að slík heimild væri í lögum.

Um 43. gr.

Efnislega er þessi grein samhljóða 3. mgr. 29. gr. gildandi laga, og þarfnast því ekki skýringa.

Um 44. gr.

Í VI. kafla gildandi skipulagslaga eru ákvæði um endurbyggingu einstakra byggingarreita í eldri hverfum. Á þær reglur hefur aldrei reynt enda eru þær flóknar og myndu eflaust verða erfiðar í framkvæmd og eru þær því að mestu felldar niður að undanteknu ákvæði um eignarnámsheimild ef ekki næst samkomulag milli umráðamanna fasteigna um endurbyggingu byggingarreits.

Um 45. gr.

Þessi grein fjallar um ákvörðun eignarnámsbóta og eru þau ákvæði nýmæli í íslenskum lögum en eiga sér hliðstæðu t.d. í norskum lögum. Niðurlag greinarinnar er til komið vegna þess að í ýmsum matsgerðum virðist byggt á áætlunum um framtíðarverð.

Um 46. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 30. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Hér er þeirri meginreglu haldið, sem gilt hefur og er að finna í 33. gr. gildandi laga, að kostnaður við mælingar, loftmyndatökur og kortagerð, sem nauðsynleg er talin vegna gerðar skipulagsáætlana, greiðist til helminga af Skipulagsstofu ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Um 48. gr.

Í grein þessari er kveðið á um skiptingu kostnaðar við gerð skipulagsáætlana. Gengið er út frá því að sveitarfélög með yfir 1000 íbúa hafi yfirleitt tæknimenntuðum mönnum á að skipa og geti því annast um eigið skipulag. Hins vegar er gert ráð fyrir að kostnaður við gerð deiliskipulags fyrir sveitarfélög með færri en 1000 íbúa greiðist að hálfu af Skipulagsstofu en að hálfu af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Um 49. gr.

Að efni til er grein þessi í samræmi við 2. mgr. 34. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að nú skuli greiða þeim sveitarfélögum sem annast gerð skipulagstillagna sinna sjálf, öll innheimt skipulagsgjöld í sveitarfélaginu, sbr. 50. gr., í stað heimildar um að greiða þeim helming þeirra.

Alls hafa 10 sveitarfélög fengið heimild samkvæmt þeirri grein til að annast sjálf um gerð og endurskoðun eigin skipulags og fengið greiddan helming þeirra skipulagsgjalda sem hafa innheimst í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Þessi 10 sveitarfélög eru: Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Akranes, Akureyri, Húsavík og Njarðvík. Hjá Kópavogi, Hafnarfirði og Akureyri hafa fastráðnir starfsmenn þessara bæja annast skipulagsstörfin, hjá Reykjavík hefur um helmingur skipulagsvinnunnar verið unninn af föstum starfsmönnum en hinn helmingurinn af einkaaðilum, en hjá Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellssveit, Akranesi, Húsavík og Njarðvík hafa skipulagsverkefnin nær eingöngu verið unnin af einkaaðilum.

Um 50. gr.

Greinin er sama efnis og 35. gr. gildandi skipulagslaga með þeim breytingum að skipulagsgjöld skuli miða við fasteignamat þeirra mannvirkja sem ekki eru metin til brunabóta og að framlag ríkisins til framkvæmdar skipulagsmála verði eigi lægri fjárhæð en nemur innheimtum skipulagsgjöldum liðins árs.

Um 51. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Skipulagsmál á varnarsvæðum samkvæmt lögum nr. 106/1954 heyra undir utanríkisráðherra. Sú skipan skipulagsmála varnarsvæða, sem fylgt hefur verið frá gildistöku varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna 1951, hefur gefið góða raun. Hún styrktist verulega með setningu reglugerðar um skipulag á varnarsvæðum nr. 75/1982.

Þar sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, er uppsegjanlegur og gildistími hans þar af leiðandi óviss þykir rétt að hafa ákvæði um skipulagsmál á varnarsvæðum bráðabirgðaákvæði við lögin en ekki í meginmáli þeirra.

Sþ. 247. Svar [179. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um útflutning K. Jónssonar & Co. hf.

Leitað var upplýsinga um þetta mál til Ríkismats sjávarafurða, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Sölustofnunar lagmetis.

1. Eftirlit með framleiðslu lagmetis til útflutnings.

Samkvæmt reglugerð nr. 138/1985, um eftirlit og framleiðslu á lagmeti til útflutnings, skulu lagmetisverksmiðjur hafa vinnsluleyfi frá Ríkismati sjávarafurða til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum til framleiðslu. Ríkismat sjávarafurða hefur með höndum eftirlit með hráefni, hreinlæti og búnaði verksmiðjunnar.

Eftirlit með framleiðsluvörum verksmiðjunnar er hins vegar í höndum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sem fylgist daglega með gæðum þeirra.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur með höndum útgáfu vottorða með öllu fisklagmeti til útflutnings frá Íslandi. Daglega taka trúnaðarmenn Ríkismats sjávarafurða sýni af framleiðslu hverrar lagmetisverksmiðju og senda til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Við rannsóknina er einkum tekið mið af eftirfarandi atriðum:

1. Að framleiðslan uppfylli lagalegar kröfur viðtökulandsins varðandi samsetningu, efnainnihald o.þ.h. Stofnunin er í sambandi við tölvubanka í Bretlandi þar sem unnt er að fá upplýsingar um þau lög sem gilda um matvælainnflutning í ýmsum löndum.
2. Að sérstakar óskir kaupenda séu virtar um ýmis viðskiptaleg atriði, t.d. saltinnihald og sýrustig.

Þær mælingar, sem algengast er að gerðar séu daglega, eru eftirfarandi:

1. Öryggisatriði, t.d. hvort suða hafi verið nægjanleg, umbúðir heilar, gerlafjöldi innan eðlilegra marka o.s.frv.
2. Mælingar á þyngd, vökva, salti, sýrustigi og mat á lit, lykt og bragði.

Auk þess eru gerðar öðru hvoru mælingar á þáttum sem erfitt og tímafrekt er að mæla, t.d. aukaefnum, svo sem rotvarnarefnum, vatnsbindiefnum, litarefnum o.fl. Hér hefur yfirleitt verið um það að ræða að mæla magn efna, sem gefin eru upp, í vörunni og leyfileg eru. Ekki hefur verið farið út á þá braut að mæla efni sem ekki eru gefin upp á umbúðum en gæti hafa verið bætt í hana með ólöglegum hætti.

Sé öryggisatriðum ekki fullnægt er gengið eftir því að vörunni sé eytt undir eftirliti. Komi hins vegar fram frávik vegna annarra atriða eru gerðar athugasemdir á vottorðum til framleiðenda og útflytjenda.

Framleiðsluvottorðin eru send jafnóðum til framleiðenda og útflytjenda. Þau greina í smáatriðum frá ástandi sýnanna og hvort og þá hvaða athugasemdir muni verða gerðar á útflutningsvottorði, en um það gilda ákveðnar reglur, sbr. vinnureglur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um eftirlit og útflutning á lagmeti.

2. Endursendar vörur vegna skemmda.

Fyrirtækið K. Jónsson & Co. hf. á Akureyri hefur nokkrum sinnum verið aðili að tjónamálum þar sem vörur hafa ýmist verið endursendar eða verið eytt af kaupanda.

3. Verðmæti skemmdra vara.

Stærstu tjón hafa verið:

1. Gaffalbitasendingar til Sovétríkjanna í september og október 1978, samtals 8714 kassar að verðmæti 122 milljónir ísl. kr. á gengi í febrúar 1979. Varan var eyðilögð hjá kaupanda.

2. Niðursoðin rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands í október, nóvember og desember 1979. Alls voru framleiddir tæplega 18 þúsund kassar af gallaðri rækju að verðmæti um 225 milljónir króna á gengi í desember 1979 og var stór hluti þess magns enn á lager hjá K. Jónssyni & Co. hf. þegar kvörtun var gerð. Rækjan var innkölluð hjá dreifingaraðilum og endursend til Íslands þar sem hún var að einhverju leyti endurunnin. Um endanlegt tjón er ekki vitað.
3. Niðursoðin rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands á tímabilinu maí 1984 til september 1986. Samtals voru framleiddar um 12 milljónir dósa af gallaðri vöru, þar af eru um 105 þúsund dósir á lager í Þýskalandi, og er verið að senda þær til Íslands. Að mati Sölustofnunar lagmetis er tjónið lauslega metið á 45 milljónir króna en vonast er til að það verði nokkru lægra.

4. Ástæður óhappa hjá fyrirtækinu.

1. *Gaffalbitasendingar til Sovétríkjanna sept.-okt. 1978.*

Við komu til Sovétríkjanna reyndist varan skemmd. Rannsóknir Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins bentu til að yfirleitt hafi varan staðist þær kröfur sem gerðar voru í viðskiptasamningi. Þágildandi reglugerð um útflutning á lagmeti var hins vegar ekki framfylgt að því leyti að trúnaðarmenn Framleiðslueftirlitsins tækju sýnin. Það gerðu því starfsmenn verksmiðjunnar. Niðurstaðan af athugunum í sambandi við þetta tjónamál varð sú að varan reyndist mun lakari en sýnin bentu til.

2. *Rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands síðla árs 1979.*

Í þessa vöru hafði ekki verið notuð sítrónusýra eins og kaupandi mun hafa farið fram á. Við skoðun reyndist varan uppfylla öryggiskröfur og bragð- og lyktarmat var innan eðlilegra marka. Sýrustig var mælt og skráð í framleiðsluskýrslur til verksmiðju. Athugasemdir af hálfu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins voru ekki gerðar vegna sýrustigs í rækjunni þar sem samningur gerði ekki ráð fyrir sérstökum ákvæðum þar að lútandi.

3. *Niðursoðin rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands framleidd frá maí 1984 til september 1986.*

Efninu hexamethylenetetramine var blandað út í rækjuna til að slá á óæskilega lykt sem getur myndast við suðuna. Efnið er einungis leyft í einstaka kælivöru. Við suðu brotnar efnið hins vegar hratt niður í formaldehýð, en það finnst í nokkrum mæli í rækju. Notkun efnisins með þessum hætti kemur því fram í rækjunni sem hækkun á magni formaldehýðs. Það er viðurkennt af hálfu verksmiðjunnar að efnið hafi vísvitandi verið sett í vöruna og að full vitneskja hafi verið um að slíkt væri ólöglegt.

5. Afstaða ráðuneytisins.

Eins og fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar eru daglega tekin sýni af framleiðsluvörum hverrar lagmetisverksmiðju og þau rannsökuð daglega með tilliti til öryggisatriða og ýmissa annarra þátta. Af og til eru auk þess gerðar mælingar á magni aukaefna sem gefið er upp að í vörunni séu og leyfileg eru. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli að útilokað er að framkvæma reglulega dýrar og tímafrekar mælingar til þess eins að sannreyna að ekki séu í framleiðslunni þau ótalmörgu aukaefni sem óheimilt er að nota. Það hlýtur að vera á ábyrgð framleiðenda sjálfra að blanda ekki slíkum efnum í framleiðsluvörur sínar og er útilokað að opinbert eftirlit geti komið í veg fyrir þá íblöndun.

Samkvæmt reglugerð nr. 137/1985, um fyrirkomulag mats og eftirlits með sjávarafurðum til útflutnings, er öllum lagmetisverksmiðjum skylt að hafa sérmenntaðan framleiðslu-

stjóra. Mjög miklar skyldur eru lagðar á hann og ber hann ábyrgð á framleiðslunni og að reglugerðum og fyrirmælum stjórnvalda sé framfylgt.

Ríkismat sjávarafurða hefur með bréfi dags. 21. nóv. 1986 hafnað framleiðslustjóra K. Jónssonar & Co. hf. til starfans.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja er það niðurstaða ráðuneytisins að opinbert eftirlit á útfluttu fisklagmeti sé með fullnægjandi hætti. Ef koma á með öllu í veg fyrir að framleiðendur sjálfir bæti í vöru sína óleyfilegum efnum mundi það hafa í för með sér óhæfilegan kostnað og í reynd hindra arðbæra framleiðslu á fisklagmeti.

Ed. 248. Frumvarp til laga [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Enn fremur er heimilt að greiða mæðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar svo stendur á að bætur bótaþega ganga að fullu til stofnunar sem bótaþegi er vistaður á, svo og þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mæðralaun eru greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum sem hafa börn sín undir 17 ára aldri (frá 1. janúar 1987 18 ára) á framfæri og eiga lögheimili hér á landi.

Heimilt er að greiða einstæðum feðrum og einstæðu fósturforeldri sambærileg laun með sama skilorði.

Nú kann að standa svo á að framfærandi eigi að vísu maka á lífi en sé þrátt fyrir það jafnilla eða verr settur fjárhagslega en vera mundi ef maki væri fallinn frá eða skilinn við framfæranda.

Þau tilvik, sem þetta frumvarp fjallar um, eru:

1. Þegar maki hefur notið elli- eða örorkulífeyris en sá lífeyrir hefur verið felldur niður vegna vistunar á stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða dvölina, sbr. 42. gr. og niðurlag 51. gr. laganna.
2. Þegar maki sætir gæslu- eða refsivist, sem varað hefur a.m.k. þrjá mánuði, sbr. 60. gr., svo og niðurlag 3. mgr. 14. gr. laganna.

Elli- og örorkulífeyrir ásamt fullri tekjutryggingu er samkvæmt gildandi ákvæðum í nóvember 1986 15 209 kr. á mánuði fyrir einstakling eða annað hjóna ef aðeins annað nýtur bóta. Við vistun á langlegustofnun falla bætur þessar niður að undanskildum 3196 kr. á mánuði í „vasapeninga“ til bótaþega.

Sé hins vegar um að ræða ekkju, ógifta eða fráskilda konu á hún rétt á allt að 11 002 kr. á mánuði í mæðralaun. Að auki gæti ekkja átt rétt á ekkjubótum skv. 17. gr. og e.t.v. ekkjulífeyri skv. 18. gr. laganna.

Maki langlegusjúklings á engan slíkan rétt. Að vísu er heimildarákvæði í 13. gr. laganna sem segir að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega allt að 80% einstaklingslífeyris ef

sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þetta ákvæði sýnist vera afar lítið notað og sem stendur njóta einungis 107 makar góðs af því.

Alls eru örorkulífeyrisþegar, sem nutu bóta í nóvember, 3619 og af þeim eiga 1278 maka eða 35,3%. — Á sjúkradeildum eru vistaðir 522 og njóta því ekki bóta, nema 3196 kr. í „vasapeninga".

Sé reiknað með að 35,3% þessara 522 bótaþega eigi maka eru það 184 örorkulífeyrisþegar. Um fjölskyldustærð að öðru leyti er ekki vitað á þessu stigi. Augljóst er að hér er ekki um verulega útgjaldaaukningu að ræða en þó gæti hún sennilega orðið nálægt þremur milljónum króna á næsta ári.

Útgjaldaauki vegna framfæris barna ellilífeyrisþega undir 18 ára aldri yrði af skiljanlegum ástæðum lítill. Sama gildir um þau örfáu tilvik þar sem um frelsissviptingu bótaþega er að ræða.

Ed. 249. Frumvarp til laga [232. mál]

um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Lög nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, falla úr gildi. Jafnframt skal Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 yfirtaka eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði samkvæmt lögum nr. 54/1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1963 voru sett lög nr. 41 27. apríl um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa. Tilgangur laganna kom fram í fyrirsögn þeirra en í 1. gr. laganna var ákvæði um að ríkissjóður legði árlega á næstu 10 árum fram 3 millj. kr. sem heimilt væri að lána kaupstöðum og kauptúnum til að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

Þéttbýlissveitarfélög víða um land höfðu mjög leitað ásjár ríkisins um fjárhagsaðstoð til að kaupa lönd og lóðir af einkaaðilum en þá var engin fjármálastofnun í landinu sem lánaði eða taldi sér skylt að veita sveitarfélögum langtímalán í þessu skyni.

Á árunum 1964 til 1972 voru árlega veittar 3 millj. kr. á fjárlögum til ráðstöfunar samkvæmt landkaupasjóðslögunum frá 1963 og á árunum 1974 til 1980 voru árlega veittar 10 millj. kr. í þessu skyni. Samanlagt hefur framlag ríkissjóðs til Landkaupasjóðs á árunum 1964 til 1980 verið 97 millj. kr. miðað við verðlag hvers árs. Frá og með árinu 1981 hefur ekkert fé verið ætlað í fjárlögum til Landkaupasjóðsins.

Á rúmlega tveggja áratuga starfstíma Landkaupasjóðsins hafa 50 sveitarfélög í öllum landshlutum fengið hjá honum lán til landkaupa, þar af 10 kaupstaðir (Grindavík, Garðabær, Seltjarnarnes, Akranes, Bolungarvík, Ísafjörður, Ólafsvík, Dalvík, Eskifjörður og Selfoss). Hafa sum þessara sveitarfélaga fengið lán oftar en einu sinni úr sjóðnum.

Samkvæmt lögum nr. 41/1963 voru lánskjör ákveðin þannig að lánin voru svonefnd „annuitets-lán" til 25 ára með föstum vöxtum 5% á ári, en með lögum nr. 50/1974 var ákveðið að taka upp verðtryggingu á útlánum sjóðsins.

Í árslok 1980 nam skuldabréfaeign sjóðsins 183,6 millj. kr. sem vegna myntbreytingarinnar urðu í ársbyrjun 1981 1 836 000 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins 31. desember 1985 nam hrein eign hans 8 136 691 kr.

Þegar lög nr. 41/1963 voru sett var, sem fyrr segir, engin lánastofnun í landinu sem veitti sveitarfélögum langtímalán til landkaupa. Árið 1966 voru sett lög um Lánasjóð sveitarfélaga og tók hann til starfa á árinu 1967. Er þeim sjóði fyrst og fremst ætlað það hlutverk að veita sveitarfélögum fjárfestingarlán. Samkvæmt samningi félagsmálaráðuneytisins við Lánasjóð sveitarfélaga hefur sjóðurinn allt frá árinu 1967 annast afgreiðslu lána úr Landkaupasjóði, svo og annast innheimtur og bókhald fyrir sjóðinn, en félagsmálaráðherra hefur tekið ákvarðanir um lánveitingar svo sem lögin mæla fyrir um.

Þar eð ríkissjóður hefur frá og með árinu 1981 hætt að leggja Landkaupasjóði til fjármagn, ráðstöfunarfé sjóðsins hefur farið minnkandi og starfandi er sjóður sem hefur það meginhlutverk að veita sveitarfélögum lán til langs tíma, sýnist með öllu ástæðulaust að reka Landkaupasjóð áfram sem sjálfstæða stofnun til frambúðar heldur að sameina hann Lánasjóði sveitarfélaga sem í tvo áratugi hefur séð um starfsemi Landkaupasjóðsins. Er því í frumvarpi þessu lagt til að lög nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, verði felld úr gildi og Lánasjóður sveitarfélaga yfirtaki hlutverk og eignir Landkaupasjóðsins frá og með ársbyrjun 1988.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. október 1986 að höfðu samráði við stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga að beina þeim tilmælum til félagsmálaráðherra að Landkaupasjóður ríkisins skv. lögum nr. 54/1981 yrði sameinaður Lánasjóði sveitarfélaga.

Nd. 250. Frumvarp til laga [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 129/1984:

1. Í stað „2 250 kr.“ í 1. mgr. komi: 4 009 kr.
2. Í stað „450 kr.“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. komi: 802 kr.
3. Í stað „650 kr.“ í 7. mgr. komi: 1 160 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 8. mgr. 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1987 verði tilgreind skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laganna nr. 73/1980 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 31% á milli áranna 1985 og 1986. Er því samkvæmt frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, hækki um 31%. Er sú hækkun í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem gerð er tillaga um af sama tilefni í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nýlega var lagt fyrir Alþingi.

Sþ. 251. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um áætlun um landkynningu að loknum leiðtogafundi stórveldanna.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Haraldur Ólafsson,
Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa forgöngu um að gerð verði og framkvæmd skipulega sérstök áætlun um kynningu erlendis á íslenskri vöru, þjónustu og ferðamálum í því skyni að nýta þann byr sem við Íslendingar fengum í fréttaljósi leiðtogafundarins.

Greinargerð.

Leiðtogafundur stórveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem haldinn var hér á landi dagana 11. og 12. október, vakti heimsathygli. Ísland var miðpunktur heimsfréttanna í tilefni fundarins. Leiðtogar stórveldanna, fulltrúar erlendra fjölmiðla og aðrir þeir sem tjáðu sig um allt fyrirkomulag vegna fundarins luku upp einum munni og báru lof á Íslendinga fyrir frábært skipulag, ekki síst með það í huga hversu skammur tími var til undirbúnings. Þeim Íslendingum, sem staddir voru erlendis og fylgdust með fréttum erlendra fjölmiðla héðan, ber saman um að í öllum meginatriðum hafi kynning á landi og þjóð verið mjög jákvæð. Á þeim vikum, sem liðnar eru síðan, hafa Íslendingar, sem ferðast hafa erlendis, orðið greinilega varir við að meiri áhugi ríkir á Íslandi og því sem íslenskt er en áður var. Hinar fjarlægustu þjóðir vita deili á landi okkar og þjóð úti við nyrsta haf. Staðreyndin er sú að hér var á ferðinni einhver mesta og besta auglýsing sem okkur gat hlotnast og ómögulegt er að meta til hlítar þótt nefndar hafi verið svimandi fjárhæðir í því sambandi.

En hvert verður framhaldið? Hvernig getum við best fylgt eftir þeirri miklu og góðu landkynningu þannig að við höldum vakandi vitund heimsins um að við getum ýmislegt og höfum margt að bjóða, vörur, þjónustu og ferðir, og erum reiðubúin að leggja okkur fram? Við höfum hreinlega ekki efni á því að glutra niður gullnu tækifæri. Hér þarf til að koma frumkvæði, vinna, fjármagn, en umfram allt skipuleg vinnubrögð.

Þessi tillaga til þingsályktunar gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin hafi frumkvæði að því að kveðja saman þá sem vinna að útflutnings-, markaðs- og ferðamálum til þess að leggja á ráðin um skipulegt átak á ofangreindum sviðum með hliðsjón af fréttaljósi leiðtogafundarins.

Sþ. 252. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson,
Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa forgöngu um að nú þegar verði komið á fót menntastofnun sem veiti fræðslu á sem flestum sviðum matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu.

Greinargerð.

Flestum ber saman um að góð menntun sé ein af meginforsendum fyrir framförum í okkar nútímasamfélagi. Möguleikar til menntunar hafa óneitanlega aukist samanborið við

það sem áður var. Umræðum verður að halda vakandi um gildi og markmið menntunar með þarfir þjóðfélagsins í huga. Við þurfum á hverjum tíma að stuðla að því að leggja áherslu á rétt atriði í menntunarmálum okkar. Um fyrirsjáanlega framtíð munum við Íslendingar byggja afkomu okkar að langstærstum hluta á framleiðslu matvæla og hyggjumst í enn ríkari mæli hasla okkur völl á erlendum mörkuðum. Við stefnum að því að auka gjaldeyristekjur okkar af ferðamönnum.

Í febrúar 1984 var birt álit nefndar sem skipuð var 1982 af þáverandi menntamálaráðherra til þess að gera tillögur um námsbrautir þar sem fram fer grunnmenntun til starfa eða frekara náms á sviði matvælaiðnaðar og hótel- og veitingarekstrar. Nefndin lagði til að kennsla í hinum ýmsu greinum á matvæla- og hótelsviði yrði í einum skóla.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að aukin menntun og bætt fyrirkomulag, sem fælist í því að koma á fót myndarlegri fræðslustofnun á þeim sviðum sem þingsályktunartillagan tekur til, sé svo brýnt mál að Alþingi megi ekki láta undir höfuð leggjast að hafa áhrif á þá stefnumörkun.

Kafli úr áliti nefndar um menntun í matvælaiðnaði og hótel- og veitingaskóla.

Íslenskur matvælaiðnaður verður að teljast vanþróaður hvað tæknivæðingu og tækniþekkingu í fyrirtækjunum sjálfum varðar. Oftast stafar þetta af almennum skorti á fagþekkingu, þ.e. þekkingu á hráefnum, aukaefnum, vinnslueiginleikum og geymsluþoli, svo og tækjabúnaði. Margar undantekningar finnast þó frá þessari fullyrðingu en þær sanna aðeins að okkar litli innanlandsmarkaður er ekki aðalhindrun þróunar á þessu sviði enda er ljóst að þau fyrirtæki, er skynsamlegast stýra sinni vinnslu, hafa á hendi eftirlit og fylgjast með tækiþróun, eru einmitt þau fyrirtæki er búa yfir mestri fagþekkingu sem ýmist hefur fengist í skipulegu námi eða með áhuga eigenda og verkstjóra. Áberandi er einnig að í slíkum fyrirtækjum er mestur áhugi á að ráða nýtt starfsfólk með sérþekkingu á matvælasviðinu en í meira stöðnuðum fyrirtækjum ríkir tortryggni gagnvart sérþjálfuðu fólki, t.d. matvælafræðingum.

Leyfi til rekstrar matvælafyrirtækja, hvort sem um er að ræða vinnslu, dreifingu eða sölu, veita heilbrigðisnefndir á hverjum stað. Er þá miðað við að húsakynni og annar ytri aðbúnaður fullnægi heilbrigðiskröfum en kröfur um fagþekkingu eigenda, stjórnenda eða starfsfólks eru engar og yfirvöld gera engar kröfur um gæðaeftirlit í fyrirtækjunum sjálfum (svonefnt innra eftirlit) þó að ljóst sé að opinberu eftirliti er alls ekki ætlað að fylgjast með daglegri vinnslu og enginn kjósi slíkt. Þetta verður að teljast brotalöm í íslenskri matvælalöggjöf og til þess má ætlast að við endurskoðun hennar verði gerðar kröfur um fagþekkingu í hverju því fyrirtæki er vinnur að vinnslu eða sölu matvæla.

Önnur mikilvæg rök fyrir aukinni menntun starfsfólks í matvælaiðnaði eru að slíkt nýtist framleiðendum strax í nákvæmari vinnubrögðum, t.d. betri nýtingu hráefna og orku og skynsamlegri verkstjórn almennt. Skilyrði skapast einnig fyrir meiri vöruvöndun og vörustöðlun en hvort tveggja vantar oft í íslenska framleiðslu enda tiltrú neytenda á ýmsum innlendum matvörum mun minni en á sambærilegum innfluttum vörutegundum (t.d. sælgæti, kexi, niðursuðuvörum). Loks má geta þess að við skipulega vöruþróun í fyrirtækjum er fagþekking algjör forsenda árangurs og þá þurfa sérfræðingar fyrirtækisins, svo sem matvælafræðingur og sölustjóri, að hafa gott samstarf við þjálfað starfsfólk er annast vinnsluna.

Fullvíst er einnig að allt matvælaeftirlit í landinu verður virkara ef vinnsluna annast fagfólk er skynbragð ber á íslenska matvælalöggjöf og ábyrgist það að hún sé virt í daglegri vinnslu.

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins um *þróun matvælaiðnaðar* er bent á þörf aukinnar menntunar fólks í iðnaðinum. Þar segir orðrétt: „Í matvælaiðnaðinum er nú mikill skortur á menntuðu starfsfólki og er þar ekki eingöngu átt við háskólamenntað fólk, heldur einnig fólk með almenna grundvallarþekkingu á matvælaframleiðslu. Því er lagt til að fræðsla og menntun á þessu sviði verði aukin ...“

Ljóst er að laun starfsmanna við matvælavinnslu eru mjög lág og störfin þess vegna talin lítt áhugaverð hjá ungu fólki. Víða er líka mikið um að ungt fólk tolli ekki í sömu störfum lengi og skapar þetta vandræði hjá mörgum fyrirtækjum. Við álítum að menntun og þjálfun starfsmanna mundi þarna miklu breyta til batnaðar og að sjálfsögðu yrði að virða menntunina til launa.

Sþ. 253. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um tryggingasjóð loðdýraræktar gegn verðsveiflum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna með hvaða hætti megi best tryggja hag loðdýrabænda gegn verðsveiflum á loðskinnamörkuðum.

Nefnd þessi, sem skipuð verði fulltrúum loðdýrabænda, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, auk fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins, athugi sérstaklega og geri tillögur um stofnun verðmiðlunarsjóðs er greitt verði til er verðlag á loðskinnum telst hátt en bæti skinnaverð þegar verð fer verulega niður fyrir meðalverð undanfarinna ára.

Greinargerð.

Það er alkunna að sveiflur hafa löngum orðið allverulegar á loðskinnamörkuðum vegna breytilegrar eftirspurnar og framboðs. Þegar til lengri tíma er litið, sem loðdýrarækt hefur verið stunduð sem búgrein, hafa orðið miklar sveiflur bæði í framleiðslu og verði.

Loðdýrarækt stendur hvergi fastar fótum en á Norðurlöndum og njóta Íslendingar þess að vera í góðri samvinnu við Norðurlandaþjóðirnar, bæði hvað varðar markaðsmál og faglega hvað varðar ræktunarmálin.

Samband íslenskra loðdýraræktenda (SÍL) er með samning um sölu loðskinna í Danska uppboðshúsinu (DPA) í Kaupmannahöfn og þar með aðili að samstarfi allra Norðurlandaþjóðanna um uppboðsmálin, en auk þess er SÍL aðili að samskandinavíska kynningarfyrirtækinu „Saga Furs of Skandinavia“ sem sinnir kynningu á loðskinnum og markaðsstarfsemi um allan heim. Leita mætti til þessara aðila um upplýsingar um öll þau mál er varða mat á möguleikum til að tryggja íslenska loðdýrabændur fyrir verðsveiflum á meðan greinin er að slíta barnskónum hér á landi. Á hinu faglega sviði hafa Búnaðarfélag Íslands, SÍL og RALA haft nána samvinnu við hliðstæða aðila annars staðar á Norðurlöndum. Ráðunautar og aðrir sérfræðingar hafa bæði hlotið þar þjálfun og tekið þátt í hvers konar faglegu samstarfi.

Hvað náttúruleg skilyrði varðar, benda allar athuganir til, svo og fengin reynsla, að loðdýrarækt á Íslandi hafi alla möguleika til að standast samkeppni við loðdýrarækt annarra þjóða. *En til þess þarf hún að njóta sambærilegs aðbúnaðar við loðdýrarækt keppinautanna og til þess þarf að efla leiðbeiningarkennslu, rannsóknir og bæta enn félagslega uppbyggingu greinarinnar.*

Að þessum skilyrðum uppfylltum er loðdýraræktin tvímælalaust sú grein sem með skjótustum hætti gæti fyllt í skörðin í atvinnulífi sveitanna sem menn óttast réttilega að

myndist við samdráttinn í hefðbundnum greinum og þannig komið í veg fyrir stórhættulega og nær óbærilega byggðaröskun.

Það er skiljanlegt að hættan á verðsveiflum og tímabundnu lággengi á loðskinnamörkuðum fæli ýmsa frá því að leggja fjármuni í loðdýrarækt. Hefðu menn hins vegar einhverja tryggingu fyrir því að verstu verðsveiflurnar yrðu jafnaðar út með ákveðinni verðmiðlun mundu mikið fleiri treysta sér til að fara af stað og greinin þar með eflast mun hraðar sem heild og samkeppnisaðstaða batna sem því nemur. Því er þessi tillaga flutt og þess vænst að málið verði kannað rækilega sem fyrst.

Þess má geta að norskir loðdýrabændur starfrækja slíkan tryggingasjóð sem hér er rætt um að koma þurfi á fót og gæti það orðið til leiðbeininga fyrir nefndina sem tæki þetta til umfjöllunar að kynna sér fyrirkomulag hans.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um eflingu fiskeldis sem búgreinar á bújörðum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að því ötullega að fiskeldi geti orðið búgrein á þeim jörðum sem hafa til þess náttúruleg skilyrði.

Að þessu verði m.a. unnið á eftirfarandi hátt:

1. Kannað verði með skipulegum hætti í hvaða héruðum og á hvaða jörðum finnist nægilegt og heppilegt heitt og kalt vatn.
2. Komið verði á kennslu í matfiskeldi við báða bændaskólana. — Á Hvanneyri verði komið upp matfiskeldisstöð.
3. Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði gert kleift að vinna í sameiningu að rannsóknum og kynbótum í matfiskeldi þar á meðal kynbótum á laxi til eldis í fersku vatni.
4. Leiðbeiningarþjónustu verði komið á í fiskeldi, einkum matfiskeldi, með því að Búnaðarfélagi Íslands verði gert kleift að ráða landsráðunaut í matfiskeldi og búnaðarsamböndunum að efla leiðbeiningarþjónustu sína þannig að þau geti einnig sinnt þessari grein meðal bænda sem hafa möguleika til fiskeldis.

Greinargerð.

Engum blandast hugur um að fiskeldi er atvinnugrein sem okkur ber að reyna hér á landi. Margir telja að hér sé um einn vænlegasta kost til nýrrar framleiðslu — atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar — sem völ er á. Leidd hafa verið að því rök að takist okkur að ná góðum tökum á fiskeldi og verða þar samkeppnisfærir geti það gefið þjóðinni stórfelld verðmæti.

Ríkisstjórnin hefur sýnt trú sína á möguleikum til fiskeldis í verki, m.a. með því að útvega fjármagn og greiða fyrir fjárfestingum hjá mörgum og sumum mjög stórum og myndarlegum fiskeldisfyrirtækjum.

Áhugi útlendinga, einkum þó Norðmanna, á því að leggja fjármuni í fiskeldi hér á landi bendir til að þeir telji að hér séu aðstæður á þann veg og möguleikar það miklir að það réttlæti áhættuna sem þeir taka.

Enn er þó margt óljóst um heppilegustu eldisaðferðir, aðstæður og tækni þó að miklu hafi verið kostað til í ýmsum tilfellum. Augljóst er að ef einblínt verður á stórrekstur í

fiskeldi og það *ekki* kannað og reynt hvort *matfiskeldi* í tiltölulega smáum einingum, á stærð við gott fjölskyldubú, getur orðið samkeppnisfær atvinnuvegur, verður fiskeldi ekki sú stoð fyrir æskilega þróun byggðar sem margir væntu.

Að öðru leyti skal vísað til ályktunar búnaðarþings 1986 varðandi þörf fyrir leiðbeiningar í fiskeldi ásamt greinargerð sem fylgdi málinu, sjá fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Erindi stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þörf fyrir leiðbeiningar í fiskeldi (mál nr. 23).

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum:

Búnaðarþing telur fyllilega tímabært að ráðinn verði til Búnaðarfélags Íslands ráðunautur í matfiskeldi.

Því beinir þingið því til stjórnar Búnaðarfélags Íslands að hún vinni að því við stjórnvöld að þetta starf verði viðurkennt með því að fjárveiting fáist til þess.

Greinargerð:

Í öllum þeim umræðum, sem nú fara fram um fiskeldi, hefur því of lítill gaumur verið gefinn hvaða möguleikar kunna að vera á því að fiskeldi verði arðvænleg búgrein á bújörðum einstakra bænda sem aðal- eða aukabúgrein.

Mest hafa menn horft til fiskeldis í stórum einingum á vegum fjársterkra aðila, en ekkert mælir gegn því að það geti lánast jafnvel og orðið arðsamt þó að einingarnar séu ekki stærri eða reksturinn umfangsmeiri en sem svarar til fjölskyldubús.

Þeim bændum fer enda mjög fjölgandi sem sýna þessari búgrein áhuga. Nokkrir eru þegar komnir á rekspöl en margir eru með þetta í athugun og undirbúningi svo að mikil þörf er fyrir leiðbeiningar á þessu sviði.

Veiðimálastofnun, sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði, einkum þó í sambandi við seiðaeldi, veitir þessum mönnum gagnlegar upplýsingar og góð ráð eftir því sem hún hefur tök á. Því eru hins vegar takmörk sett hvað hún getur veitt einstökum bændum miklar almennar leiðbeiningar eða unnið að útfærslu einstakra verkefna. Vegna skorts á starfsfé hefur Veiðimálastofnun neyðst til að taka gjald fyrir veitta þjónustu, t.d. við veiðifélög.

Þeir sem hyggja á matfiskeldi eða seiðaeldi þurfa einkum að fá gerðar forathuganir og fá leiðbeiningar á þremur eftirtöldum sviðum:

1. Athuganir á möguleikum á því að fá nægilega gott heitt og kalt vatn og síðan áætlanir um virkjun þess og virkjunarkostnað. Þessi þáttur félli eðlilega að störfum vatnsvirkjaráðunautar Búnaðarfélags Íslands.
2. Leiðbeiningar um byggingar eldishúsa og útimannvirkja og tæknibúnað í sambandi við fóðrun og annað. Þessi þáttur er hliðstæður þeim leiðbeiningum sem bygginga- og bútæknirráðunautur Búnaðarfélags Íslands veitir nú öðrum búgreinum. Hann mundi í samvinnu við eldisráðunaut geta tekið að sér hönnun bygginga og veitt leiðbeiningar um gerð og fyrirkomulag á eldisaðstöðu.
3. Í þriðja lagi þurfa menn margháttaðar leiðbeiningar í sambandi við matfiskeldið sjálft svo sem um fóðrun, aðbúnað, sjúkdómavarnir, val á eldisfiski (tegundum) og annað er varðar hina líffræðilegu hlið málsins.

Hér er því fyrst og fremst um það að ræða að til félagsins ráðist maður með góða þekkingu og reynslu á sviði eldismála. Auk þess sem slíkur ráðunautur ynni með tveimur framangreindum ráðunautum Búnaðarfélags Íslands mundi hann hafa nána samvinnu við sérfræðinga Veiðimálastofnunar, bæði þá sem vinna að rannsóknum á þessu sviði og þá starfsmenn hennar er vinna að veiðimálum og fiskrækt í landshlutunum og sinna eldismálum eftir því sem þeir hafa tök á.

Í þriðja lagi gæti ráðunauturinn miðlað þeirri þekkingu og reynslu til bænda sem fengin er og fást mun í vaxandi mæli hjá hinum stóru fiskeldisfyrirtækjum sem ýmist eru þegar starfandi eða munu bráðlega taka til starfa.

Sþ. 255. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um framtíðarskipan kennaramenntunar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða inntak og skipan kennaramenntunar fyrir grunnskóla- og framhaldsskólastig.

Í þessu skyni verði sett á fót nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins með fulltrúum frá samtökum kennara og stofnunum sem annast kennaramenntun. Nefndin fjalli m.a. um

1. hvernig best verði hagað innbyrðis tengslum menntastofnana fyrir kennara og framtíðaruppbyggingu þeirra, bæði til skemmri og lengri tíma,
2. hvernig tryggð verði nauðsynleg endurnýjun og endurskoðun einstakra greina í kennaranámi,
3. hvernig tengja megi nám í uppeldis- og kennslufræðum námi í væntanlegum kennslugreinum kennaraefna,
4. hvaða leiðir séu vænlegastar til að tryggja endurmenntun og starfstengda framhaldsmenntun kennara og skólastjóra, svo og menntun annarra starfsmanna í skólakerfinu, og hvernig best verði séð fyrir þörfum landsbyggðarinnar í þessu tilliti,
5. hvert eigi að vera hlutverk kennaramenntunarstofnana í skólaþróun og nýbreytni í starfi skólanna,
6. hvernig bæta megi úr skorti á fræðilegum upplýsingum um þróun skólakerfisins og tengsl þess við samfélagið og hvernig tryggja megi nauðsynlegar rannsóknir á þessum efnum,
7. hvaða breytingar er æskilegt að gera á gildandi lögum og reglugerðum til að ná þeim markmiðum sem nefndin gerir tillögur um.

Liður í störfum nefndarinnar verði að afla vitneskju um hvernig háttað er kennaramenntun erlendis, einkum í löndum OECD.

Nefndinni verði séð fyrir starfsliði og starfsaðstöðu og við það miðað að hún skili áliti haustið 1988.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

1. Núverandi skipan kennaramenntunar: Stutt lýsing.

Eins og sakir standa er engin heildarlöggjöf til um kennaramenntun á Íslandi. Hver menntastofnun kennara starfar eftir sérstökum lögum. Þannig er allmörgum stofnunum ætlað að sinna menntun kennara fyrir grunn- og framhaldsskólastig.

Grunnmenntun.

Samkvæmt lögum nr. 38/1971 annast *Kennaraháskóli Íslands* menntun flestra þeirra sem hyggja á grunnskólakennslu. Grunnmenntun til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) er þriggja ára nám (90 einingar); þriðjungi er varið til náms í uppeldis- og kennslufræðum, þriðjungi til náms í kjarnagreinum og þriðjungi til náms í valgrein/valgreinum. Hvað list- og verkgreinar áhrærir er Kennaraháskólanum samkvæmt gildandi lögum aðeins falin menntun kennara í handavinnu og smíðum. Síðan 1978–79 hefur kennaranemum í skólanum þó verið heimilt að velja tónmennt og hússtjórn sem valgrein (30 einingar). Að öðru leyti fer menntun kennara í list- og verkgreinum fram í sérstökum skólastofnunum (sérskólum), tónmenntakennara í *Tónlistarskólanum í Reykjavík,* kennaradeild (sbr. reglur nr. 181/1959), myndmenntakennara í *Myndlista- og handíðaskóla Íslands* (sbr. lög nr. 38/1965) og íþróttakennara í *Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni* (sbr. lög nr. 65/1972). Einnig mætti telja *Fósturskóla Íslands* og *Þroskaþjálfaskóla Íslands* til kennaramenntunarstofnana í víðum skilningi orðsins.

Háskóli Íslands annast menntun flestra þeirra sem stefna að kennslu á framhaldsskólastigi. Samkvæmt lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara, sem og skv. lögum nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara, er taka gildi um næstu áramót, eru tilskildar 60 einingar í sérgrein og 30 einingar í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda í framhaldsskólum. Til þess að fullnægja þessum ákvæðum bæta þeir stúdentar, sem lokið hafa B.A.- eða B.S.-prófi, við sig sem svarar eins árs námi í uppeldis- og kennslufræðum; þetta nám fer fram í félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Aftur á móti hefur sú skipan verið við lýði frá árunum 1976–78, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins, að Kennaraháskólinn veitir kennaraefnum í verklegum greinum framhaldsskóla þá menntun í uppeldis- og kennslufræðum sem tilskilin er samkvæmt ofangreindum lögum.

Endurmenntun.

Kennaraháskóli Íslands annast í samvinnu við menntamálaráðuneytið endurmenntun kennara á grunnskólastigi.

Háskóli Íslands sinnir ekki endurmenntun kennara á framhaldsskólastigi að öðru leyti en því að hann greiðir að hluta laun endurmenntunarstjóra og leggur til skrifstofu- og kennsluaðstöðu. Annars ber Háskólinn ekki kostnað af endurmenntunarnámskeiðum fyrir framhaldsskólakennara sem haldin hafa verið síðan 1984.

Framhaldsmenntun.

Kennurum með full kennsluréttindi gefst ekki kostur á að stunda hér á landi skipulegt framhaldsnám er leiði til magisters-gráðu (M.Ed.-gráðu) á sviði uppeldis- og kennslufræða. Vísi að skipulegu framhaldsnámi má kalla það tveggja ára nám í sérkennslu sem fram fer (síðan 1985) við Kennaraháskólann samkvæmt heimild í lögum og með sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins. Þetta nám veitir aftur á móti ekki formlega prófgráðu umfram kennarapróf (B.Ed.-próf).

Nám til B.A.-prófs í uppeldisfræði.

Samkvæmt reglugerð um Háskóla Íslands frá 22. jan. 1976 var uppeldisfræði formlega bætt í tölu B.A.-prófsgreina við skólann. Síðan hefur kennsla í uppeldisfræði til B.A.-prófs verið starfrækt í félagsvísindadeild en Kennaraháskólinn á enga aðild að þessu námi.

Fyrri tilraunir til endurskoðunar laga.

Samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var kveðið svo á að efna skyldi til endurskoðunar á þeim að tveimur árum liðnum. Árið 1974 setti þáverandi menntamálaráðherra á fót nefnd til að sinna þessu verkefni. Frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskólann var lagt fyrir 98. löggjafarþingið 1976–77; í framhaldi af því var leitað umsagnar margra aðila. Frumvarpið var síðan lagt aftur fyrir Alþingi 1977–78 (188. mál) en náði ekki að verða að lögum.

Á 107. löggjafarþinginu 1984–85 lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til laga um Myndlistarháskóla Íslands. Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga. Í janúar 1986 skipaði núverandi menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum.

2. Nokkur álitamál.

Eins og lýsingin hér að framan ber með sér, er ekki um að ræða heildstæða skipan kennaramenntunar í landinu. A.m.k. fimm stofnanir, sem lítil tengsl hafa sín á milli, sjá um menntun kennara á ólíkum stigum og sviðum. Þó má vera ljóst að á mikilvægum námssviðum hljóta kennarar ófullnægjandi undirbúning fyrir starf sitt, jafnvel þótt lög kunni að mæla fyrir um annað.

Að undanförnu hefur gagnrýni á skipan og afköst skólakerfisins og hlut kennara vaxið til muna. Ýmist draga menn í efa að kennarar geti sinnt hinu nýja uppeldishlutverki sem samfélagsbreytingar leggja þeim á herðar í sívaxandi mæli eða þeir gagnrýna ónóga þekkingu kennara í kennslugreinum og telja að nám þeirra í uppeldis- og kennslufræðum og færni til starfs svari ekki kröfum um faglegan undirbúning kennara nú á tímum.

Það má vera augljóst að kennaramenntunin getur ekki, svo sem eðlilegt og nauðsynlegt væri, bæði þjónað sameiginlegu hlutverki ólíkra námsstiga og námssviða og sinnt sérstökum markmiðum þeirra í samræmdu skólakerfi nema nokkurt samræmi sé í þeirri menntun sem kennaramenntunarstofnanir láta í té. Til þess að tryggja sameiginlega skipan kennaranáms þarf að skilgreina námsmarkmið, inntak og námskröfur fyrir kennara á grunn- og framhaldsskólastigi bæði í almennu vísindalegu námi og námi sem bundið er einstökum kennslugreinum. Það þarf að meta vægi og tengsl almennra og sérstæðra þátta í náminu með hliðsjón af kennslu á einstökum starfssviðum og þrepum skólans; jafnframt þarf að skipuleggja nám á sérsviðum með heildarskipan skólakerfisins og sameiginlegt hlutverk kennara að leiðarljósi.

3. Ábendingar um verkefni nefndarinnar.

Mörg viðfangsefni þeirrar nefndar, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru álitamál. Nefndinni verður því að sjálfsögðu ekki markaður þröngur rammi til starfa heldur verður hér fyrst og fremst minnst á fáein meginatriði — og snerta þau raunar öll þá gagnrýni sem íslenskt skólakerfi hefur, með réttu eða röngu, sætt á síðustu missirum. Til þess að unnt sé að marka stefnu um framtíðarskipan kennaramenntunar er nauðsynlegt að fyrst sé tekist á við þessi álitamál.

A. Hlutverk kennarans.

Í hinum öru samfélagsbreytingum síðustu áratuga hefur uppeldishlutverki heimilanna verið velt í síauknum mæli yfir á kennara og skóla (sbr. skýrslu menntamálaráðuneytisins um endurmat á störfum kennara 1985). Í þessu sambandi má benda á einstaka uppeldisþætti

eins og einbeitingu, almennan aga og máluppeldi. Ljóst er einnig að skólar þurfa í vaxandi mæli að einbeita sér að því að miðla menningararfi þjóðarinnar og vernda hann, en uppalendur á heimilunum önnuðust slíkt langt fram á þessa öld. Svo verður ekki nema tryggð sé víðtæk almenn menntun allra kennara, auk sérmenntunar þeirra til starfs. Nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk kennara og starfsundirbúning í ljósi þessara þátta.

B. Umfang og uppbygging náms í kennslugreinum.

Hlutverk, umfang og skipan náms í aðalgrein og aukagrein, kjarna- og valgreinum kennaraefna, orkar tvímælis. Jafnvel framhaldsskólakennari kennir sjaldan eina námsgrein en undirbúningi hans í öðrum greinum en aðalgrein er oft mjög ábótavant. Skipan og inntak náms og kennslu í greinunum hlýtur að taka mið af skipan náms og kennslu í skólunum jafnframt því sem leitað er þeirrar dýptar sem þekkingarmarkmið greinanna sjálfra mæla fyrir um. Inntak og lengd kennaranáms verða því ekki skilgreind án þess að höfð sé hliðsjón af þessu tvíþætta markmiði.

C. Tengsl kennslufræða og einstakra kennslugreina.

Eitt helsta ágreiningsmál í umræðum um kennaramenntun er hvernig haga skuli tengslum kennslufræða við einstakar námsgreinar og aðrar menntagreinar kennaraefna. Engri heildarskipan verður komið á inntak kennaranámsins án þess að leitað sé fullnægjandi lausnar á þessu flókna og umdeilda vandamáli, en slík lausn skiptir sköpum bæði fyrir fræðilegt ágæti og hagnýtt gildi kennaramenntunarinnar.

D. Tengsl fræðilegs og hagnýts náms.

Gagnrýni kennara og kennaranema hefur ekki síst beinst að tengslum fræðilegs og hagnýts náms. Hafa sumir talið „hagnýta" námið (t.d. kennsluæfingar) standa í of lausum tengslum við annað, aðrir talið „fræðilegan" hluta kennaranámsins of stóran. Nauðsynlegt er að brjóta til mergjar hvort tveggja, hugmyndina og framkvæmdina. Í þessu sambandi er ástæða til að huga að því hvort ekki sé tímabært að koma á reynsluári fyrir nýbakaða kennara undir stjórn reyndra handleiðslukennara.

E. Kennaramenntun og nýbreytni í skólastarfi.

Gagnstætt fyrri tíð kalla æ örari þjóðfélagsbreytingar á sífellda þróun skólakerfisins til að bregðast við þeim. Ef vel á að vera þarf kennarastéttin að taka virkan þátt í þróun skólakerfisins og þróunarstarfi skólanna. Eðlilegt er því að spurt sé hvernig kennaramenntunarstofnanir geti menntað sérhæft starfsfólk til þátttöku í þróunarverkefnum og stuðlað að færni kennara almennt til þeirrar þátttöku, svo og hvernig stofnanirnar geti sjálfar tekið þátt í nýbreytni og þróunarstarfi.

F. Æfinga- og tilraunaskólar.

Ljóst er að vegur Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands þarf að vaxa ef nýbreytnistarf í skólum á að vera markviss liður í skólaþróun. En einnig er ljóst að hvorki hefur ein stofnun bolmagn til að standa að þróunarstarfi fyrir skólakerfið í heild né væri það æskilegt að fá slíkt hlutverk í hendur einni stofnun. Æfinga- og tilraunaskólar verða því að rísa í öllum fræðsluumdæmum til að sjá um markvisst þróunarstarf undir yfirstjórn Kennaraháskólans, sem og um hagnýta þjálfun kennaraefna.

G. Tengsl Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Framangreind atriði vekja til umhugsunar um stofnunargrundvöll kennaramenntunar. Ef kennaramenntun á — eins og eðlilegt er um æðri menntun fagmanna — að vera

vísindaleg menntun verður ekki hjá því komist að huga að tengslum kennaranáms við Háskóla Íslands. Athuga þarf hvernig kennaranámsskólarnir gætu unnið saman, tengst skipulagsböndum, menntað til rannsókna og staðið að rannsóknum sameiginlega, skipst á kennurum og nemendum, menntað nemendur sameiginlega og veitt þeim réttindi sameiginlega. Þótt ekki yrði horfið að því í bráð að sameina skólana formlega þarf að fara fram athugun á því á hvern hátt verði komið á samvinnu eða sameiginlegri skipan sem gæti leitt til sameiningar stofnananna þegar fram líða stundir.

H. Rannsóknir — skólarannsóknir.

Nauðsynlegt er að tryggja, öflugar rannsóknir og upplýsingaöflun um skólakerfið og skólastarf, svo og að niðurstöður þeirra berist hratt og örugglega til þeirra stofnana sem annast undirbúning undir starf í skólunum. Það hefur háð kennaramenntun mjög hversu lítið er vitað um ýmsa eiginleika menntakerfisins og þeirrar starfsemi sem fer fram innan þess, svo og um viðhorf þeirra sem aðild eiga að því. Jafnframt er til álita hvort kennarar þurfi ekki að taka mun virkari þátt í könnunum og rannsóknarstarfi en hingað til — og haga menntun þeirra í samræmi við það. Einnig þarf að taka hlutverk Rannsóknarstofnunar uppeldismála til athugunar í þessu sambandi.

I. Grunnmenntun — framhaldsmenntun — endurmenntun — símenntun.

Aldrei hefur verið jafnljós og nú nauðsyn endur- og símenntunar til hvers konar starfa. Nútímaþjóðfélag gerir síauknar kröfur til að menn geti brugðist við nýjum og áður óþekktum aðstæðum. Nauðsyn ber til að kennaramenntunarstofnunum sé gert kleift að sinna þörfum kennarastéttarinnar í þessu efni án þess að dragi úr skyldum þessara stofnana til að sinna grunn- og framhaldsmenntun í hefðbundnum skilningi.

J. Vísindaleg menntun — fagmennska — stofnanir.

Flest af því sem nefnt er að framan vekur spurningar um með hvaða hætti unnt sé að reisa fagmenntun kennara á vísindalegum grunni. Allar aðstæður í samtíð og náinni framtíð benda til þess að kennarastéttin geti ekki valdið svo vel sé samfélagslegu hlutverki sínu nema hún eflist að faglegri vitund, ábyrgð og hæfni. Þegar leita skal leiða að því marki verður ekki komist hjá því að taka stofnanalegt skipulag kennaramenntunar í landinu til heildstæðrar endurskoðunar. Meðal annars virðist óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort stefna skuli að því að sameina alla kennaramenntun í einni háskólastofnun eða undir yfirstjórn slíkrar stofnunar.

4. Starfsaðstaða og starfshættir nefndarinnar.

Tillagan gerir ráð fyrir að nefndinni verði séð fyrir nauðsynlegu starfsliði og annarri aðstöðu til að geta rækt vel verkefni sitt og að kostnaður vegna starfa hennar greiðist úr ríkissjóði. Hér er í senn um vandasamt og allumfangsmikið verk að ræða og skiptir afar miklu að þar takist vel til. Æskilegt er að hafa nefndina sjálfa ekki fjölmenna, og væru fimm til sjö manns eðlileg mörk í því efni. Þeim mun nauðsynlegra er að nefndin geti haft gott samstarf og samráð við þá er mál þetta einkum varðar, stofnanir, samtök og einstaklinga. Slíkt verður ekki rækt nema nefndinni verði búin góð skilyrði til starfa af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Samkvæmt tillögunni er nefndinni ætlað um ár til starfa, þ.e. miðað er við að hún verði komin af stað með verkefni sitt seinni hluta sumars 1987.

Sþ. 256. Fyrirspurn [239. mál]

til menntamálaráðherra og fjármálaráðherra um húsnæðismál Þjóðskjalasafnsins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig var staðið að samningum um húsnæði fyrir Þjóðskjalasafnið og hversu stórt húsnæði var keypt fyrir það af Mjólkursamsölunni?
2. Hvenær fær Þjóðskjalasafnið þetta húsnæði til umráða og hvernig er afnotaréttur safnsins af húsnæðinu tryggður?
3. Hver hafa verið afskipti Fasteigna ríkissjóðs af þessu máli og hvers vegna var þeim falið að fjalla um það?
4. Hver er afstaða stjórnar Þjóðskjalasafnsins til þessara húsakaupa og mat hennar á húsnæðisþörf safnsins og því hvernig þetta nýja húsnæði muni henta?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 257. Fyrirspurn [240. mál]

til landbúnaðarráðherra um nýjungar í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

Hvernig hafa stjórnvöld stuðlað að nýjungum í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða og hagræðingu til að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði?

Sþ. 258. Fyrirspurn [241. mál]

til samgönguráðherra um nýjar samgönguleiðir um Hvalfjörð.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

Hyggst samgönguráðherra láta meta hagkvæmni nýrra samgönguleiða um Hvalfjörð, svo sem:

1. jarðganga,
2. brúar,
3. ferju,

m.a. í ljósi tækniframfara í byggingu samgöngumannvirkja?

Sþ. 259. Fyrirspurn [242. mál]

til landbúnaðarráðherra um greiðslur fyrir mjólkur- og sauðfjárafurðir 1985.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

1. Er lokið uppgjöri á mjólk og kindakjöti síðasta verðlagsárs samkvæmt samningum Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnar frá 28. ágúst 1985
   a. við bændur,
   b. við afurðastöðvar?
2. Hversu mikið fé greiðir ríkissjóður vegna verðábyrgðarinnar umfram útflutningsbætur, skv. 36. gr. laga nr. 46 1985?
3. Hversu mikið fé greiðir Framleiðnisjóður í viðbótarverðábyrgð? Nær sú ábyrgð bæði til grundvallarverðs til bænda, sem og til vinnslu- og heildsölukostnaðar
   a. vegna mjólkur,
   b. vegna kindakjöts?
4. Hversu miklir vextir verða greiddir af ríki og Framleiðnisjóði vegna dráttar á uppgjöri
   a. vegna mjólkur,
   b. vegna kindakjöts?
5. Hafa komið fram miklir annmarkar við uppgjör þetta sem hafa tafið það óeðlilega, og hverjir eru þeir?
6. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að minnka búvörubirgðir
   a. af framleiðslu s.l. verðlagsárs,
   b. af birgðum sem til voru 1. sept. 1985,
   og hvaða árangur hafa þær ráðstafanir borið?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 260. Fyrirspurn [243. mál]

til fjármálaráðherra um framlög til framkvæmda í þágu fatlaðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Salome Þorkelsdóttur, Haraldi Ólafssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve mikil skerðing hefur að raungildi orðið á lögboðnum framlögum til:
   a. Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1983,
   b. Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá 1. jan. 1984 til 31. des. 1986?
   Skerðing samkvæmt ákvæðum lánsfjárlaga hvert ár um sig óskast tilgreind, svo og heildarskerðing öll árin miðað við verðlag 1. nóv. 1986.
2. Hverjar hafa verið tekjur af erfðafjárskatti að raungildi frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986? Hve mikið af þeirri fjárhæð hefur runnið til framkvæmda í þágu fatlaðra?
3. Hver hafa verið heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986?

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar [244. mál]

um mannréttindamál á ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín S. Kvaran, Salome Þorkelsdóttir, Gunnar G. Schram, Eggert Haukdal, Björn Dagbjartsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Valdimar Indriðason, Ólafur G. Einarsson, Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Tryggvi Gunnarsson, Friðjón Þórðarson, Árni Johnsen, Ellert B. Schram, Pálmi Jónsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fordæma brot á mannréttindaákvæðum Helsinki-sáttmálans og telur ríkisstjórninni að vinna að því að mannréttindamál fái aukið vægi á þriðja framhaldsfundi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem nú stendur yfir í Vín, og einnig á sérfræðingafundum eða öðrum framhaldsfundum ráðstefnunnar sem ákveðnir verða í Vín.

Greinargerð.

I.

Með undirritun Helsinki-sáttmálans fyrir ellefu árum hétu þátttökuríkin 35 að sameinast um ýmsar aðgerðir til að auka traust og draga úr spennu milli austurs og vesturs. Þar var viðurkennt að virðing fyrir mannréttindum væri nauðsynleg forsenda varanlegs friðar. Þrátt fyrir fögur fyrirheit hafa sum ríkjanna haldið áfram að brjóta grundvallarmannréttindi, m.a. gagnvart þeim sem hafa leitast við að fylgjast með því hvort ákvæði sáttmálans séu haldin í heimalöndum þeirra.

II.

Eins og kunnugt er var Helsinki-sáttmálinn undirritaður við hátíðlega athöfn hinn 1. ágúst 1975. Ráðstefnan hófst 3. júlí 1973 þegar utanríkisráðherrar landanna 35 komu saman til fundar í höfuðborg Finnlands. Undirbúningur hafði þá staðið frá því síðla árs 1972. Í kjölfar fundar utanríkisráðherranna fóru fram samningafundir í Genf frá því í september 1973 fram í júlí 1975 og lauk þeim með gerð sérstakrar lokasamþykktar sem síðan var undirrituð í Helsinki, eins og fyrr segir, en utanríkisráðuneytið gaf lokasamþykktina út árið 1976.

Í lokasamþykktinni er sérstakur kafli um samvinnu í mannúðarmálum og á öðrum sviðum (sjá fskj. I). Þessi kafli skiptist í fjóra undirkafla. Fjallar sá fyrsti um mannleg tengsl, annar um miðlun upplýsinga, þriðji um samvinnu og samskipti á sviði menningarmála og sá fjórði er um samvinnu og samskipti á sviði menntamála.

Í kaflanum um mannleg tengsl setja þátttökuríkin sér það markmið m.a. „að auðvelda frjálsari ferðir og tengsl einstaklinga og hópa, í einkaerindum eða opinberum erindum, milli manna, stofnana og félaga í þátttökuríkjunum, og stuðla að lausn mannúðarvandamála sem rísa í því sambandi“. Meðal þeirra atriða, sem ríkin lofuðu að hefjast handa um í þessa átt, voru endursameining fjölskyldna og aukið ferðafrelsi. Í kaflanum um miðlun upplýsinga lögðu þátttökuríkin áherslu á „mikilvægt og áhrifamikið hlutverk blaða, hljóðvarps, sjónvarps, kvikmynda og fréttastofnana og blaðamannanna sem starfa á þessum sviðum“ og settu ríkin sér það markmið „að auðvelda frjálsari og víðtækari dreifingu hvers konar upplýsinga, að hvetja til samvinnu á sviði upplýsinga og upplýsingaskipta við önnur lönd og

að bæta aðstæður þær sem blaðamenn frá einu þátttökuríki njóta til að stunda störf sín í friði". Í kaflanum um samvinnu á sviði menningarmála var m.a. rætt um að auðvelda aðgang einstaklinga að listaverkum á öllum sviðum menningar og svipuð ákvæði var að finna í kaflanum um samskipti á sviði menntamála. Þá var samþykkt að tryggja réttindi og stöðu minnihlutahópa og svæðisbundinnar menningar.

Í Helsinki-sáttmálanum er og að finna sérstakan kafla um aðgerðir í framhaldi af ráðstefnunni. Þar bar hæst ákvörðunina um að halda sérstaka framhaldsfundi til að fjalla um framkvæmd ákvæða lokasamþykktarinnar. Fyrsti framhaldsfundur ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (hér eftir skammstafað RÖSE) var haldinn í Belgrad 1977–78 og lauk honum án þess að samþykkt væri lokaskjal. Annar framhaldsfundur RÖSE var síðan haldinn í Madrid á árunum 1980–83 og lauk honum með samþykkt sérstaks lokaskjals þar sem m.a. var ákveðið að halda nokkra fundi um mannréttindamál og loks þriðja framhaldsfund RÖSE í Vín, m.a. til að meta árangur þeirra funda.

Í lokaskjali Madrid-fundar var einnig sérstakur kafli um mannúðarmál þar sem ríkin kváðust ásátt um tilteknar aðgerðir á því sviði sem forsendu fyrir slökun spennu. Utanríkisráðuneytið gaf lokaskjal Madrid-fundar út á síðasta ári (sjá fskj. II).

Þriðji framhaldsfundur RÖSE hófst síðan í Vín hinn 4. nóv. 1986 og stendur hann nú yfir. Verkefni þessa fundar er að fylgjast með og treysta framkvæmd lokasamþykktarinnar frá Helsinki 1975 og lokaskjals Madrid-fundar 1983, svo og þeirra RÖSE-funda sem ákveðnir voru í Madrid. Þeir fundir voru sem hér segir: a. um friðsamlega lausn deilumála, í Aþenu 1984; b. um Miðjarðarhafsmálefni, í Feneyjum 1984; c. um mannréttindamál, í Ottawa 1985; d. um menningarmál, í Búdapest 1985; e. um mannleg tengsl, í Bern 1986. Einnig var haldinn sérstakur hátíðarfundur vegna 10 ára afmælis RÖSE í Helsinki 1985 og loks stóð Stokkhólmsráðstefnan um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi frá því í janúar 1984 og lauk henni skömmu áður en Vínarfundurinn hófst nú í haust.

Auk þess sem Vínarfundurinn mun meta niðurstöður þessara funda verður ákveðið um framhald RÖSE, þar á meðal að ganga frá lokaskjali, ákveða stað og tíma næsta framhaldsfundar og ákveða um frekari RÖSE-fundi sérfræðinga fram að þeim framhaldsfundi.

III.

Í ræðu sinni við setningu Vínarfundar RÖSE hinn 6. nóv. 1986 sagði Matthías Á. Mathiesen utanríkisráðherra m.a.:

„Með Helsinki-samkomulaginu var viðurkennt að forsendur friðar og afvopnunar væru fleiri en afvopnun ein og sér. Vitaskuld hefur afvopnun lykilhlutverki að gegna í öllum ráðstöfunum til að draga úr spennu og auka öryggi, en það verður ekki síður að taka tillit til pólitískra viðhorfa. Það verður að uppræta tortryggnina sem er jarðvegur vígbúnaðarins. Skilyrði þess eru m.a. aukin mannréttindi og samvinna á sviði viðskipta, vísinda og tækni ... Snemma kom í ljós að ríkin leggja mismunandi áherslu á einstök atriði samþykktarinnar. Slíkt er þó ekki í samræmi við upphafleg áform þar sem jafnvægi átti að vera milli einstakra þátta. Sum ríki virðast leggja meira upp úr öryggismálum en láta mannúðarmál sitja á hakanum."

Síðar í ræðunni sagði ráðherrann:

„Við skulum líta ögn nánar á stöðu mannréttindamála í sumum ríkjanna. Andófsmenn þurfa að þola harðræði í þrælkunarbúðum eða á geðsjúkrahúsum sem notuð eru í þágu pólitískra markmiða. Í hvert skipti sem slíkum aðgerðum er mótmælt er skírskotað til „fullréttis". Þá eru það talin innanríkismál þegar einstaklingar vilja flytja úr landi en fá það

ekki. Í augum Íslendinga eru þetta dæmi um mannréttindabrot og mannréttindi eiga sér engin landamæri. Orð fá aldrei brúað þetta hyldýpi, þar megna verkin ein að skapa aukið traust.“

Þá sagði utanríkisráðherra á Vínarfundinum:

„Þetta er ófögur mynd og ekki bætir úr skák að allir RÖSE-fundir um mannréttindamál hafa runnið út í sandinn. Á síðasta ári lauk sérfræðingafundi í Ottawa án niðurstöðu, menningarþingi í Búdapest lyktaði án samkomulags og sömu sögu er að segja frá fundinum í Bern sem haldinn var í vor um mannleg tengsl og sameiningu fjölskyldna. Í þessum efnum kristallast munurinn á opnum samfélögum Vesturlanda og lokuðum samfélögum Austur-Evrópu.“

Undir lok ræðu sinnar sagði utanríkisráðherra:

„Innan ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu þarf að fara fram mikið starf er tekur mið af jafnvægi milli einstakra þátta Helsinki-samkomulagsins. Það þarf að auka mannréttindi ...“

IV.

Eins og kom fram í ræðu Matthíasar Á. Mathiesen utanríkisráðherra við setningu RÖSE-fundarins í Vín hafa sum aðildarríkin lagt minni áherslu á mannréttindi heldur en t.d. öryggismálaþáttinn. Á hinn bóginn er borin von að dragi úr spennu milli austurs og vesturs fyrr en einhver árangur verður í mannréttindamálum í ríkjum Austur-Evrópu. Það er afar erfitt t.d. að treysta ríkjum, sem ekki sýna nokkurn lit í þá veru að standa við mannréttindaskuldbindingar eftir Helsinki-sáttmálanum, fyrir því að framfylgja fyrirheitum um afvopnun. Fjölmörg dæmi eru um slík brot; nægir í því sambandi að minna á hernað Sovétmanna gegn Afgönum, en mörg hundruð þúsundir Afgana hafa týnt lífi í þeim hildarleik og talið er að um fjórðungur afgönsku þjóðarinnar — fjórar milljónir manna — hafi flúið heimaland sitt. Annað dæmi er brot sovéskra yfirvalda gegn minnihlutahópum á borð við gyðinga — en hundruðum þúsunda gyðinga er gert ókleift að flytjast frá Sovétríkjunum. Þá eru ótalin einstök brot gegn minnihlutahópum og andófsmönnum sem sendir eru í útlegð til Síberíu eða á geðveikrahæli sem notuð eru í pólitískum tilgangi.

Á meðan Helsinki-sáttmálinn er þannig þverbrotinn daglega er afar erfitt að taka trúanlegan þann friðaráróður sem sovéskir ráðamenn beita nú óspart í fjölmiðlum á Vesturlöndum. Orð sovéskra ráðamanna um frið verða þá fyrst trúverðug að gegndarlausum mannréttindabrotum linni innan Sovétríkjanna.

V.

Í ljósi framangreinds er með flutningi þessarar tillögu lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að gæta þess sérstaklega að mannréttindamál fái aukið vægi á Vínarfundi RÖSE og að unnið verði að framkvæmd þeirra fyrirheita sem Austur-Evrópuþjóðir gáfu í Helsinki 1975 og Madrid 1983. Þess verði þannig t.d. gætt að sérstök áhersla verði lögð á mannréttindamál á þeim framhaldsfundum sem ákveðið verður að halda innan RÖSE á næstu missirum og árum.

Fylgiskjal I.

Samvinna að mannúðarmálum og á öðrum sviðum

(Úr lokasamþykkt Helsinki-fundarins.)

Þátttökuríkin,

Vilja stuðla að eflingu friðar og skilnings milli þjóða og að andlegri auðgun persónuleika mannsins án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungumáls eða trúar,

Gera sér grein fyrir því, að aukin samskipti á sviði menningar og mennta, víðtækari dreifing upplýsinga, samskipti milli fólks og lausn mannúðlegra vandamála, muni stuðla að því, að þessum markmiðum verði náð,

Eru þess vegna staðráðin í því að vinna saman innbyrðis, án tillits til stjórnmálalegs, efnahagslegs- eða félagslegs kerfis þeirra, að því að skapa betri skilyrði fyrir því á ofangreindum sviðum, að þróa og styrkja núverandi samstarfsform, og móta nýjar leiðir og aðferðir, sem eiga við þessi markmið,

Eru sannfærð um, að þessa samvinnu eigi að framkvæma með fullri virðingu fyrir meginreglunum í samskiptum þátttökuríkjanna, sem fram koma í viðeigandi skjali,

Hafa samþykkt eftirfarandi:

1. Mannleg tengsl

Þátttökuríkin,

Telja, að þróun tengsla sé mikilvægur þáttur í eflingu vinsamlegra samskipta og trausts milli þjóða,

Ítreka, hve mikilvæg þau telja mannúðleg sjónarmið í samhengi við núverandi viðleitni þeirra til að bæta aðstæður á þessu sviði,

Vilja í þessum anda þróa, um leið og spennan heldur áfram að minnka, frekari aðgerðir til að ná meiri framförum á þessu sviði,

Og gera sér grein fyrir, að mál þessu tengd verður að leysa af viðkomandi ríkjum við aðstæður, sem allir fallast á,

Setja sér það markmið að auðvelda frjálsari ferðir og tengsl einstaklinga og hópa, í einkaerindum eða opinberum, milli manna, stofnana og félaga í þátttökuríkjunum, og stuðla að lausn mannúðarvandamála, sem rísa í því sambandi,

Lýsa því yfir, að þau eru reiðubúin í þessu skyni að grípa til aðgerða, sem þau telja viðeigandi og koma á samningum eða samkomulagi sín á milli eins og þörf krefst, og

Lýsa yfir þeim ásetningi að hefjast nú handa við að framkvæma eftirfarandi:

(a) Tengsl og reglulegir fundir á grundvelli fjölskyldubanda

Í því skyni að stuðla að frekari þróun tengsla á grundvelli fjölskyldubanda munu þátttökuríkin taka til vinsamlegrar athugunar ferðaumsóknir í þeim tilgangi að leyfa mönnum að koma til eða yfirgefa landsvæði þeirra um stundarsakir, og reglulega, ef óskað er, í því skyni að heimsækja fjölskyldumeðlimi sína.

Umsóknir um stundar-heimsóknir í því skyni að heimsækja meðlimi fjölskyldu sinnar munu verða teknar til afgreiðslu án tillits til frá hvaða landi komið er eða hvert halda skal: Núverandi reglum um ferðaskilríki og vegabréfsáritanir mun verða breytt í þessum anda. Gerð og útgáfa

slíkra skilríkja og áritana mun verða unnin innan sanngjarnra tímamarka; í tilvikum er brýn nauðsyn ber til um — eins og við alvarleg veikindi eða dauðsföll — mun verða veitt forgangsafgreiðsla. Þau munu gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera, til að tryggja, að gjöld fyrir opinber ferðaskilríki og vegabréfsáritanir séu viðunandi.

Þau staðfesta, að framlagning umsóknar um tengsl á grundvelli fjölskyldubanda muni ekki breyta réttindum og skyldum umsækjanda eða fjölskyldu hans.

(b) Endursameining fjölskyldna

Þátttökuríkin munu á jákvæðan og mannúðlegan hátt fjalla um umsóknir þeirra, sem vilja sameinast að nýju skyldmennum sínum og sérstakt tillit verður tekið til umsókna, sem krefjast skjótrar úrlausnar — t. d. umsókna sjúkra og aldraðra.

Þau munu fjalla um slíkar umsóknir eins skjótt og kostur er.

Þau munu lækka, þar sem það er nauðsynlegt, þau gjöld, sem lögð eru á í tengslum við slíkar umsóknir, til þess að tryggja að þau séu hófleg.

Umsóknir í þeim tilgangi að endursameina fjölskyldur, sem ekki fást afgreiddar, má endurnýja á viðeigandi stigi, og þær munu verða teknar til nýrrar skoðunar með hæfilega stuttu millibili af yfirvöldum búsetulands umsækjanda, eða þess lands, sem fara skal til, hvort heldur sem á við; í slíkum tilvikum skal aðeins krefjast gjalds, þegar leyfi er veitt.

Þeir, sem fá heimild til að endursameina fjölskyldu sína, mega flytja með sér eða senda innbú sitt og persónulegar eigur; í þessu skyni munu þátttökuríkin nota alla möguleika, sem heimild er fyrir í núgildandi reglum.

Þar til einstaklingar í sömu fjölskyldu hafa sameinast að nýju, mega þeir koma saman og hafa þau tengsl, sem eru í samræmi við reglur um tengsl á grundvelli fjölskyldubanda.

Þátttökuríkin munu styðja starf Rauða krossins og Rauða hálfmánans að málefnum, sem snerta endursameiningu fjölskylduna.

Þau staðfesta, að framlagning umsóknar um endursameiningu fjölskyldu mun ekki breyta réttindum og skyldum umsækjandans eða þeirra, sem hann er tengdur fjölskylduböndum.

Þátttökuríkið, sem flust er til, mun hafa eðlilega umsjón með atvinnu fyrir þá frá öðrum þátttökuríkjum, sem taka sér fasta búsetu í því ríki, vegna endursameiningar við fjölskyldu, sem er búsett þar, og sjá til þess, að þeir njóti sömu tækifæra og eigin íbúar til menntunar, læknisþjónustu og félagslegs öryggis.

(c) Hjúskapur milli ríkisborgara ólíkra landa

Þátttökuríkin munu taka til vinsamlegrar athugunar og á grundvelli mannúðarsjónarmiða umsóknir um leyfi til brottflutnings eða innflutnings frá þeim, sem hafa ákveðið að ganga í hjúskap með ríkisborgara frá öðru þátttökuríki.

Meðferð og útgáfa nauðsynlegra skjala í ofangreindum tilgangi og til hjúskapar mun verða í samræmi við ákvæðin, sem samþykkt hafa verið um endursameiningu fjölskyldna.

Við afgreiðslu umsókna frá hjónum frá ólíkum þátttökuríkjum um að þeim og ósjálfráða, skilgetnum börnum þeirra, sé leyft að flytja fasta búsetu til ríkis, þar sem annaðhvort er venjulega búsett, munu þátttökuríkin einnig beita ákvæðunum, sem samþykkt hafa verið um endursameiningu fjölskyldna.

(d) Ferðalög af persónulegum ástæðum eða vegna starfs

Þátttökuríkin hafa í hyggju að auðvelda viðtækari ferðalög þegna sinna af persónulegum ástæðum eða vegna starfs þeirra og í þessu skyni hafa þau einkum eftirfarandi í hyggju:

— Að einfalda smátt og smátt og framkvæma sveigjanlega þær reglur, sem gilda um brottför og komu;

— Að rýmka reglurnar um ferðir þegna frá öðrum þátttökuríkjum á landsvæðum þeirra, með eðlilegu tilliti til öryggiskrafna.

Þau munu leitast við að lækka smám saman, þar sem það er nauðsynlegt, gjöld fyrir vegabréfsáritun og opinber ferðaskilríki.

Þau ætla að kanna, eins og þörf krefst, leiðir — þ. á m. að svo miklu leyti, sem það á við, að ganga frá marghliða eða tvíhliða ræðismannasamningum eða öðrum viðeigandi samningum eða samkomulagi — til að bæta aðstöðu til að veita ræðismannsþjónustu, þ. á m. lögfræðilega aðstoð ræðismanna.

Þau staðfesta, að trúfélög, stofnanir og félög, sem starfa innan stjórnskipunar þátttökuríkjanna, og fulltrúar þeirra, geti, á starfssviði sínu, haft tengsl og efnt til funda innbyrðis og skipst á upplýsingum.

(e) Bætt skilyrði til ferðalaga einstaklinga eða hópa

Þátttökuríkin telja, að ferðalög stuðli að betri þekkingu á lífi, menningu og sögu annarra landa, að vaxandi skilningi milli þjóða, að bættum tengslum og fjölbreyttari nýtingu tómstunda. Þau hafa í hyggju að stuðla að þróun ferðalaga einstaklinga eða hópa, og þau hafa einkum eftirfarandi í hyggju:

— Að stuðla að ferðum til landa sinna með því að hvetja til, að aðstæður séu viðunandi, og með því að einfalda og gera fljótvirkari þær formreglur, sem snerta slíkar ferðir;

— Að auka, á grundvelli viðeigandi samninga og samkomulags, þar sem það er nauðsynlegt, samvinnu til að þróa ferðalög, sérstaklega með því að athuga á tvíhliða grundvelli hugsanlegar leiðir til þess að auka upplýsingar um ferðalög til annarra landa og um móttöku og þjónustu við ferðamenn og önnur skyld mál, sem gagnkvæmur áhugi er á.

(f) Fundir ungs fólks

Þátttökuríkin hafa í hyggju að þróa frekar tengsl og samskipti ungs fólks, með því að hvetja til:

— Aukinna skipta og tengsla til skamms eða langs tíma milli ungs fólks, sem stundar vinnu, starfsþjálfun eða nám, með tvíhliða eða marghliða samkomulagi, eða með reglulegum áætlunum í öllum þeim tilvikum, þar sem þess er kostur;

— Að æskulýðssamtök þeirra kanni málefni, er snerta hugsanlega samninga varðandi ramma fjölþjóðlegrar æskulýðssamvinnu;

— Samninga um reglulegar áætlanir varðandi skipulag stúdentaskipta, alþjóðlegra æskumóta, námskeiða til starfsþjálfunar eða tungumálanáms;

— Frekari þróunar ferðalaga ungs fólks og að nauðsynleg aðstaða sé fyrir hendi í því skyni;

— Að aukin séu, þar sem það er unnt, skipti, tengsl og samvinna á tvíhliða og marghliða grundvelli milli félaga þeirra, sem koma fram fyrir hönd víðtæks hóps ungs fólks, sem stundar vinnu, starfsþjálfun eða nám;

— Vitneskju ungs fólks um mikilvægi þess, að gagnkvæmur skilningur og öflug vinsamleg samskipti og traust milli þjóða þróist.

(g) Íþróttir

Í því skyni að auka núverandi sambönd og samvinnu á sviði íþrótta munu þátttökuríkin hvetja til slíkra tengsla og skipta, þ. á m. íþróttamóta, funda og hvers konar keppni á grundvelli mótaðra alþjóðareglna, reglugerða og venja.

(h) Víkkun tengsla

Með því að þróa frekar tengsl milli ríkisstofnana og félaga og samtaka, sem ríkisstjórnir eiga ekki aðild að, þ. á m. kvenfélaga, munu þátttökuríkin auðvelda, að efnt sé til funda sem og ferðalaga sendinefnda, hópa og einstaklinga.

2. Upplýsingar

Þátttökuríkin,

Gera sér grein fyrir þörfinni á æ víðtækari þekkingu og skilningi á ýmsum þáttum lífs í öðrum þátttökuríkjum,

Viðurkenna, hve miklu hlutverki þetta gegnir til að auka traust milli þjóða,

Vilja stuðla að frekari aðgerðum til framfara á þessu sviði með því að þróa gagnkvæman skilning milli þátttökuríkjanna og bæta frekar samskipti þeirra,

Viðurkenna mikilvægi þess, að upplýsingum sé dreift frá öðrum þátttökuríkjum og að slíkum upplýsingum sé betri gaumur gefinn,

Leggja þess vegna áherslu á mikilvægt og áhrifamikið hlutverk blaða, hljóðvarps, sjónvarps, kvikmynda og fréttastofnana og blaðamannanna, sem starfa á þessum sviðum,

Setja sér það markmið að auðvelda frjálsari og víðtækari dreifingu hvers konar upplýsinga, að hvetja til samvinnu á sviði upplýsinga og upplýsingaskipta við önnur lönd, og að bæta aðstæður þær, sem blaðamenn frá einu þátttökuríki njóta til að stunda störf sín í öðru þátttökuríki, og

Láta sérstaklega í ljós eftirfarandi ásetning sinn:

(a) Endurbætur á dreifingu, aðgangi að og skiptum á upplýsingum

(i) Upplýsingar í mæltu máli

— Að auðvelda dreifingu upplýsinga í mæltu máli með því að hvetja til fyrirlestra og fyrirlestraferða þekktra manna og sérfræðinga frá öðrum þátttökuríkjum, sem og skoðanaskipti á hringborðsráðstefnum, námskeiðum, umræðufundum, sumarskólum, ráðstefnum og annars konar tvíhliða og fjölþjóðlegum fundum.

(ii) Prentaðar upplýsingar

— Að auðvelda umbætur á dreifingu, á landsvæðum sínum, á dagblöðum og prentuðum ritum, hvort sem þau koma út reglulega eða ekki, frá öðrum þátttökuríkjum. Í þessum tilgangi:

Munu þau hvetja hlutaðeigandi firmu sín og stofnanir til að gera samninga og komast að samkomulagi, sem ætlað er smátt og smátt að auka magn og fjölda blaðatitla og rita, sem flutt eru inn frá öðrum þátttökuríkjum. Þessir samningar skulu sérstaklega tilgreina greiðfærustu afgreiðsluleiðir og notkun eðlilegra leiða, sem fyrir hendi eru í hverju landi, til dreifingar á eigin útgáfum og dagblöðum, sem og form og leiðir til greiðslu, sem aðilar verða sammála um og gera þeim kleift að ná þeim markmiðum, sem stefnt er að með þessum samningum og samkomulagi;

Þar sem það er nauðsynlegt, munu þau grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að ná framangreindum markmiðum og framkvæma ákvæðin í samningum og samkomulagi.

— Að stuðla að umbótum varðandi aðgang almennings að prentuðu máli, hvort sem útgáfa þess er regluleg eða ekki, sem flutt er inn á ofangreindum grundvelli. Sérstaklega:

Munu þau hvetja til þess, að sölustöðum þessara rita sé fjölgað;

Munu þau auðvelda, að slík tímarit séu fyrir hendi á ráðstefnum, fundum, við opinberar heimsóknir og önnur alþjóðleg tækifæri og fyrir ferðamenn á ferðamannatíma;

Munu þau bæta möguleika á því að öðlast áskrift í samræmi við þær reglur, sem gilda sérstaklega í hverju landi;

Munu þau auka möguleikana á því, að fá þessi rit til lestrar og láns í stórum almenningsbókasöfnum og lestrarsölum þeirra svo og í háskólabókasöfnum.

Þau hafa í hyggju að bæta möguleika til að kynnast opinberum fréttabréfum, sem gefin eru út af skrifstofum stjórnarerindreka og dreift af þeim á grundvelli samkomulags áhugasamra aðila.

(iii) Upplýsingar með kvikmyndum og útvarpi

— Að stuðla að umbótum við dreifingu á upplýsingum með kvikmyndum og útvarpi. Í þessu skyni:

Munu þau hvetja til víðtækari sýninga og útvarps á fjölbreyttari upplýsingum, sem teknar hafa verið upp og kvikmyndaðar, frá öðrum þátttökuríkjum, þar sem lýst er ýmsum hliðum lífs í löndum þeirra, og tekið hefur verið á móti á grundvelli slíkra samninga og samkomulags, sem kunna að vera nauðsynleg milli þeirra stofnana og firma, sem hafa beinlínis með þetta að gera;

Munu þau auðvelda innflutning þar til bærra stofnana og firma á hljóðrænu og myndrænu efni frá öðrum þátttökuríkjum.

Þátttökuríkin staðfesta aukna útbreiðslu upplýsinga með hljóðvarpi og láta í ljós von um, að þessi þróun haldi áfram, svo að komið sé til móts við áhuga á gagnkvæmum skilningi milli þjóða og þau markmið, sem þessi ráðstefna setur fram.

(b) Samvinna á sviði upplýsinga

— Að efla samvinnu á sviði upplýsinga á grundvelli skammtíma- eða langtímasamninga eða samkomulags. Sérstaklega:

Munu þau hlúa að aukinni samvinnu milli stofnana á sviði fjölmiðlunar, þ. á m. fréttastofnana, sem og milli útgáfufyrirtækja og stofnana;

Munu þau hlúa að samvinnu milli opinberra eða einka og þjóðbundinna eða alþjóðlegra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva, sérstaklega með skiptum á bæði beint útsendu og uppteknu hljóðvarps- og sjónvarpsefni, og með sameiginlegri framleiðslu og útsendingu og dreifingu á slíku efni;

Munu þau hvetja til funda og tengsla bæði milli blaðamannafélaga og milli blaðamanna frá þátttökuríkjunum;

Munu þau líta vinsamlega möguleika á samkomulagi milli tímarita sem og milli dagblaða frá þátttökuríkjunum í því skyni að skiptast á greinum og gefa þær út;

Munu þau hvetja til skipta á tæknilegum upplýsingum, sem og að skipulagðar verði sameiginlegar rannsóknir og efnt til funda, sem ætlað er að gefa sérfræðingum á sviði blaða, hljóðvarps og sjónvarps tækifæri til að skiptast á reynslu og skoðunum.

(c) Umbætur á starfsaðstöðu blaðamanna

Þátttökuríkin vilja bæta aðstæður þær, sem blaðamenn frá einu þátttökuríki njóta til að stunda störf sín í öðru þátttökuríki, og hafa sérstaklega í hyggju:

— Að kanna í vinsamlegum anda og innan hæfilegs og eðlilegs tíma, umsóknir frá blaðamönnum um vegabréfsáritanir;

— Að veita blaðamönnum, sem eru skráðir með fast aðsetur í þátttökuríkjunum, á grundvelli samkomulags, komu- og brottfarar vegabréfsáritun fyrir ótakmarkaðan ferðafjölda á tilteknum tímabilum;

— Að auðvelda útgáfu á dvalarleyfum til skráðra blaðamanna þátttökuríkja til dvalar í því landi, þar sem þeir hafa tímabundið aðsetur, og ef og þegar það er nauðsynlegt, á öðrum opinberum skilríkjum, sem eðlilegt er, að þeir hafi;

— Að rýmka, á gagnkvæmum grundvelli, reglur, sem heimila blaðamönnum frá þátttökuríkjunum ferðalög í landinu, þar sem þeir stunda störf sín, og veita síaukin tækifæri til slíkra ferða, sem séu háðar þeim reglum, sem gilda um lokun svæða af öryggisástæðum;

— Að tryggja að umsóknum slíkra blaðamanna um slíkar ferðir sé svarað fljótt,

eftir því sem kostur er, með tilliti til tímamarka umsóknarinnar;

— Að auka möguleika blaðamanna frá þátttökuríkjunum til þess að hafa persónulegt samband við heimildarmenn sína, þ. á m. stofnanir og opinbera aðila;

— Að veita blaðamönnum þátttökuríkjanna rétt til þess að flytja inn, með því einu skilyrði, að hann verði fluttur út aftur, tækjakost (ljósmyndatæki, kvikmyndatæki, segulbönd, hljóvarp og sjónvarp) sem nauðsynlegur er fyrir framkvæmd starfa þeirra;*)

— Að gera blaðamönnum frá öðrum þátttökuríkjum, hvort sem þeir eru skráðir til fastrar búsetu eða eru til stuttrar dvalar, kleift að senda að fullu, eðlilega og á skjótan hátt, eftir þeim leiðum, sem viðurkenndar eru af þátttökuríkjunum, til þeirra upplýsingaaðila, sem þeir eru fulltrúar fyrir, árangur af starfi sínu, þ. á m. segulbandsspólur með upptökum og óframkallaðar filmur, í því skyni, að út sé gefið eða útvarpað um hljóðvarp eða sjónvarp.

Þátttökuríkin ítreka, að lögmæt framkvæmd á starfi blaðamanna muni hvorki leiða til brottvísunar þeirra né annarrar refsingar. Sé skráður blaðamaður rekinn úr landi, verður honum tilkynnt um ástæðurnar fyrir því, og hann getur lagt fram umsókn um endurskoðun á máli sínu.

3. Samvinna og skipti á sviði menningarmála

Þátttökuríkin,

Telja, að menningarsamskipti og samvinna stuðli að betri skilningi milli manna og þjóða, og efli þannig varanlegan skilning milli ríkja,

Ítreka niðurstöður, sem þegar hafa náðst á þessu sviði á fjölþjóðlegum vettvangi, sérstaklega á ríkisstjórnaráðstefnunni um menningarstefnumið í Evrópu, sem skipulögð var af UNESCO í Helsingfors í júní 1972, þar sem áhugi kom fram á virkri þátttöku sem flestra þjóðfélagshópa í sífjölbreyttara menningarlífi,

Vilja stuðla að frekari viðleitni til framfara á þessu sviði, um leið og gagnkvæmt traust og betri samskipti milli þátttökuríkjanna þróast,

Eru reiðubúin að auka menningarsamskipti sín verulega í þessum anda, bæði með tilliti til einstaklinga og menningarverðmæta, og þróa með sér virka samvinnu, bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli, á öllum menningarsviðum,

Eru sannfærð um að slík þróun gagnkvæmra samskipta þeirra muni stuðla að því að menningarlíf viðkomandi landa auðgist, um leið og sérkenni hvers einstaks eru virt, og jafnframt efla meðal þeirra vitundina um sameiginleg verðmæti, um leið og haldið er áfram að þróa menningarsamvinnu við önnur lönd veraldar,

Lýsa því yfir, að þau setja sér sameiginlega eftirfarandi markmið:

---

*) Um leið og viðurkennt er, að viðeigandi heimafólk er ráðið til starfa hjá erlendum blaðamönnum í mörgum tilvikum, staðfesta þátttökuríkin, að ofangreind ákvæði eiga við — enda sé farið eftir viðeigandi reglum — menn úr öðrum þátttökuríkjum, sem hafa reglulega atvinnu af að starfa sem tæknimenn, ljósmyndarar eða kvikmyndatökumenn fyrir blöð, hljóðvarp, sjónvarp eða kvikmyndir.

a) Að þróa gagnkvæm upplýsingaskipti í því skyni að auka þekkingu á menningarafrekum hvers um sig,

b) Að bæta aðstöðuna fyrir skipti á og dreifingu menningarverðmæta,

c) Að stuðla að því, að allir hafi aðgang að menningarlegum afrekum,

d) Að þróa tengsl og samvinnu milli þeirra, sem starfa á sviði menningar,

e) Að leita að nýjum sviðum og formum fyrir menningarsamvinnu,

Á þennan hátt *láta þau í ljós* sameiginlegan vilja til þess að grípa til framsækinna, samræmdra og langvinnra aðgerða í því skyni að ná þeim markmiðum, sem lýst er í þessari yfirlýsingu; og

Lýsa yfir þeim ásetningi sínum að hefja nú framkvæmd eftirfarandi:

Víkkun samskipta

Að víkka og bæta á hinum ýmsu stigum samvinnu og tengsl á sviði menningar, sérstaklega með því:

— Að ljúka, þar sem það á við, samningagerð á tvíhliða og marghliða grundvelli, sem gerir ráð fyrir víkkun samskipta milli viðeigandi ríkisstofnana og stofnana, sem ríkisstjórnir eiga ekki aðild að, á sviði menningar, sem og meðal þeirra, sem þátt taka í menningarstarfi, þar sem bæði er tekið tillit til þarfanna fyrir sveigjanleika og sem fyllsta nýtingu núverandi samninga, og haft er í huga, að samningar og einnig annars konar samkomulag eru mikilvægir þættir til eflingar menningarsamvinnu og samskipta;

— Að stuðla að frekara beinu sambandi og samvinnu milli viðeigandi ríkisstofnana og annarra stofnana, sem ríkisstjórnir eiga ekki aðild að, þ. á m., þar sem það er nauðsynlegt, sambandi og samvinnu, sem fram fer á grundvelli sérstakra samninga og samkomulags;

— Að hvetja til beinna samskipta og sambands milli einstaklinga, er starfa að menningarmálum, þ. á m. þar sem það er nauðsynlegt, slíkra samskipta og sambands, sem byggist á grundvelli sérstakra samninga og samkomulags.

Gagnkvæm þekking

Að grípa til, eftir því sem valdsvið þeirra leyfir, viðeigandi aðgerða á tvíhliða og marghliða grundvelli, sem geta veitt þjóðum þeirra yfirgripsmeiri og fyllri gagnkvæma þekkingu á afrekum þeirra á hinum ýmsu menningarsviðum og meðal annars:

— Að athuga sameiginlega, og ef nauðsyn krefur, með aðstoð viðeigandi alþjóðastofnana, skipulag og möguleika á því að stofna í Evrópu menningarbanka, sem safni upplýsingum frá þátttökuríkjum og veiti þeim til allra, sem eftir upplýsingum leita, og efna í þessu skyni til fundar sérfræðinga frá áhugasömum ríkjum;

— Að íhuga, ef það reynist nauðsynlegt, í samvinnu við viðeigandi alþjóðastofnanir, leiðir til að semja í Evrópu skrá yfir menningarlegar eða vísindalegar fræðslukvikmyndir frá þátttökuríkjunum;

— Að hvetja til tíðari bókasýninga og kanna möguleika á því að skipuleggja reglulega í Evrópu stóra sýningu bóka frá þátttökuríkjunum;

— Að stuðla að skipulegum skiptum milli viðkomandi stofnana og útgáfufyrirtækja á skrám yfir fyrirliggjandi bækur, sem og yfir væntanlegar bækur, þar sem leitast yrði við, eftir því sem föng eru á, að geta allra væntanlegra útgáfuverka; og stuðla einnig að skiptum milli fyrirtækja, sem gefa út alfræðibækur, á efni þeirra, í því skyni að bæta kynningu hvers lands;
— Að athuga sameiginlega atriði varðandi víkkun og umbætur á upplýsingaskiptum á hinum ýmsu sviðum menningarmála, s. s. leikhúss, tónlistar, bókasafna, sem og varðandi varðveislu og endurbætur á menningarverðmætum.

Skipti og dreifing

Að stuðla að umbótum á aðstöðu fyrir skipti og dreifingu menningarverðmæta,

eftir viðeigandi leiðum, sérstaklega með því:

— Að kanna möguleika þess að samræma og draga úr gjöldum, sem tengd eru alþjóðlegum viðskiptum á bókum og öðru menningarefni, og einnig athuga nýjar leiðir til að tryggja listaverk á sýningum erlendis og draga úr hættu á tjóni, sem þessi verk geta orðið fyrir í flutningi;

— Að rýmka, tímanlega fyrir upphaf listaviðburða, formreglur um tollafgreiðslu listaverka, efnis og hjálparhluta, sem fram koma á skrám, sem skipuleggjendur slíkra viðburða hafa komið sér saman um;

— Að hvetja til funda fulltrúa þar til bærra stofnana og firma til að kanna aðgerðir á starfssviði þeirra — s. s. einföldun pantana, tímamörk til að senda varning og greiðslureglur — sem kynnu að auðvelda alþjóðleg verslunarviðskipti með bækur;

— Að stuðla að láni og skiptum á kvikmyndum milli kvikmyndastofnana og kvikmyndasafna þeirra;

— Að hvetja til upplýsingaskipta milli áhugasamra aðila um menningarviðburði, sem ráðgerðir eru í þátttökuríkjunum, á þeim sviðum, þar sem það á best við, s. s. tónlist, leikhús og myndlist, til að stuðla að því, að samin verði og gefin út skrá yfir slíka viðburði, með aðstoð, þar sem það er nauðsynlegt, viðeigandi alþjóðastofnana;

— Að hvetja til athugunar á áhrifum þeim, sem fyrirsjáanleg þróun, og hugsanleg samræming milli áhugasamra aðila, á tæknilegum aðferðum, sem beitt er til að dreifa menningu, kann að hafa á þróun menningarsamvinnu og samskipta, um leið og höfð er í huga varðveisla, fjölbreytni og frumleiki menningar þeirra;

— Að hvetja til, á þann veg, sem þau telja við eiga, innan menningarstefnu sinnar, að stuðlað sé að því, að frekari áhugi þróist á menningararfleið annarra þátttökuríkja, með tilliti til ágætis og gildis menningar hvers og eins;

— Að leggja sig fram um að tryggja fulla og raunhæfa framkvæmd alþjóðasamninga og samþykkja um höfundarrétt og dreifingu menningarverðmæta, sem þau eru aðilar að eða þau kunna að gerast aðilar að í framtíðinni.

Aðgangur

Að stuðla að sem fyllstum gagnkvæmum aðgangi allra að afrekum — verkum, reynslu og listtúlkun — á hinum ýmsu sviðum menningar í löndum þeirra, og leggja sig í því skyni sem mest fram, í samræmi við hæfni sína, sérstaklega með því:

— Að stuðla að víðtækari dreifingu bóka og listaverka, sérstaklega með því að:

Auðvelda alþjóðleg tengsl og samband milli rithöfunda og útgefenda sem og annarra menningarstofnana, í því skyni að auka gagnkvæman aðgang að menningarafrekum, um leið og þau taka fullt tillit til alþjóðlegra höfundarréttarsamþykkta, sem þau eru aðilar að;

Mæla með því, að útgáfufyrirtæki taki, við ákvörðun um stærð upplags, einnig tillit til eftirspurnar frá öðrum þátttökuríkjum, og að söluréttur í öðrum þátttökuríkjum sé veittur, þar sem það er unnt, nokkrum sölufyrirtækjum innflutningslandanna, með samkomulagi milli viðkomandi aðila;

Hvetja þar til bærar stofnanir og firmu til að ná samkomulagi og samningum og stuðla þannig að vaxandi fjölda og fjölbreytni verka höfunda frá öðrum þátttökuríkjum, sem boðin eru í frumútgáfum og þýðingum í bókasöfnum þeirra og bókaverslunum;

Stuðla að, þar sem það er talið eiga við, auknum fjölda þeirra sölustaða, þar sem bækur höfunda frá öðrum þátttökuríkjum, sem fluttar eru inn á frummálinu á grundvelli samninga eða samkomulags, og í þýðingu, eru til sölu;

Stuðla á víðtækari hátt að þýðingu bókmenntaverka og verka á öðrum sviðum menningarstarfsemi, sem samin eru á máli annarra þátttökuríkja, sérstaklega þegar um er að ræða tungumál, sem litla útbreiðslu hafa, og útgáfu og dreifingu þýddra verka með aðgerðum eins og t. d. þessum:

Hvetja til reglulegri samskipta milli áhugasamra útgáfufyrirtækja;

Stuðla að því, að þau leggi sig fram um frum- og framhaldsþjálfun þýðenda;

Hvetja, eftir þeim leiðum, sem við eiga, útgáfufyrirtæki landa sinna til að gefa út verk í þýðingum;

Auðvelda skipti milli útgefanda og áhugasamra stofnana á skrám yfir bækur, sem mætti þýða;

Stuðla að faglegri samvinnu þýðenda í löndum sínum;

Vinna að sameiginlegum athugunum á leiðum til þess að stuðla frekar að þýðingum og dreifingu þeirra;

Bæta og auka bókaskipti, skipti á bókaskrám og skrásetningarkortum milli bókasafna;

— Að gera ráð fyrir viðeigandi aðgerðum, sem auðveldi, með gagnkvæmu samkomulagi áhugasamra aðila, þyki það nauðsynlegt, aðgang að menningarverðmætum þeirra, sérstaklega í bókmenntum;

— Að stuðla að því með viðeigandi aðferðum, að fjölmiðlum sé beitt í auknum mæli til þess að bæta gagnkvæma kynningu á menningarlífi hvers um sig;

— Að leitast við að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir farandverkamenn og fjölskyldur þeirra til þess að varðveita tengslin við þjóðmenningu þeirra og einnig til að laga sig að nýju menningarumhverfi;

— Að hvetja viðeigandi aðila og fyrirtæki til að láta í té meira úrval og stuðla að víðtækari dreifingu á heimildarkvikmyndum í fullri lengd frá öðrum þátttökuríkjum, og hvetja til tíðari sýninga, sem ekki eru í ágóðaskyni, s. s. frumsýninga, kvikmyndavikna og hátíða, þar sem eðlilegt tillit sé tekið til kvikmynda frá þeim ríkjum, þaðan sem kvikmyndir eru ekki eins vel kunnar;

— Að stuðla að, eftir viðeigandi leiðum, betri aðgangi sérfræðinga frá öðrum þátttökuríkjum til þess að vinna úr menningarlegu efni í kvikmyndasöfnum og söfnum á hljóðrænu og myndrænu efni, innan ramma núverandi reglna um vinnslu úr slíkum safnverðmætum;

— Að hvetja til sameiginlegrar athugunar áhugasamra aðila, þar sem það á við með aðstoð hlutaðeigandi alþjóðastofnana, á því hvernig flýtt verði og á hvern hátt auðveldast sé að semja heildarskrá yfir menningarlegt sjónvarpsefni, sem tekið hefur verið upp, sem og á hvern hátt unnt sé að skoða þetta efni á skjótan hátt til þess að auðvelda val þess og hugsanlegt eignarhald.

Tengsl og samvinna

Að stuðla með viðeigandi aðgerðum að þróun tengsla og samvinnu á hinum ýmsu menningarsviðum, sérstaklega meðal skapandi listamanna og þeirra, sem sinna menningarstarfi, einkum með því að leggja sig fram um að:

— Stuðla að ferðum og fundum þeirra, sem virkir eru í menningarstarfi, þ. á m., þar sem það er nauðsynlegt, á grundvelli samninga, samkomulags eða annarra sérstakra ráðstafana, sem eiga við um menningarstarf þeirra;

— Hvetja á þennan hátt til sambands milli skapandi og túlkandi listamanna og listhópa í því skyni að þeir starfi saman, kynni verk sín í öðrum þátttökuríkjum eða skiptist á skoðunum um efni, sem eru tengd sameiginlegu starfi þeirra;

— Hvetja til, með viðeigandi samkomulagi þar sem nauðsynlegt er, skipta á nemum og sérfræðingum, og að veittir séu námsstyrkir til frum- og framhaldsmenntunar á ýmsum sviðum menningar, s. s. list og húsagerðarlist, söfn og bókasöfn, bókmenntarannsóknir og þýðingar, og leggja sitt af mörkum til þess að aðstæður verði viðunandi til móttöku í stofnunum þeirra;

— Hvetja til þess, að þeir sem skipuleggja menningarstarf, sem og kennarar og sérfræðingar á sviðum eins og leikhúsi, óperu, listdansi, tónlist og fögrum listum, hafi kost á að miðla reynslu sín á milli;

— Halda áfram að hvetja til þess, að efnt verði til alþjóðlegra funda meðal skapandi listamanna, einkum ungra skapandi listamanna, þar sem fjallað verði um þau vandamál listrænnar og bókmenntalegrar sköpunar á hverjum tíma, sem vekja áhuga til sameiginlegrar athugunar;

— Kanna aðra möguleika til þess að þróa skipti og samvinnu milli þeirra, sem virkir eru á menningarsviðinu, í því skyni að bæta gagnkvæma þekkingu á menningarlífi þátttökuríkjanna.

Svið og form samvinnu

Að hvetja til leitar að nýjum sviðum og formum menningarsamvinnu, og stuðla í því skyni að því, að áhugasamir aðilar komist að samkomulagi, sé það nauðsynlegt, um viðeigandi samkomulag og aðgerðir, og stuðli í því sambandi að:

— Sameiginlegum athugunum á menningarstefnumiðum, sérstaklega félagslegum hliðum þeirra og tengslum við skipulag, borgarskipulag, menntastefnu og stefnu í umhverfismálum og menningarlegar hliðar ferðamála;

— Skiptum á þekkingu á menningarlegri fjölbreytni í því skyni að stuðla þannig að betri skilningi áhugasamra aðila á slíkri fjölbreytni, þar sem hún er fyrir hendi;

— Upplýsingaskiptum, og sé það við hæfi, fundum sérfræðinga, undirbúningi og framkvæmd rannsóknaráætlana og verkefna, sem og sameiginlegu mati þeirra og dreifingu niðurstaðna í þeim málum, sem nefnd eru að ofan;

— Því formi menningarsamvinnu og þróun slíkra verkefna, sem hér eru nefnd:

Alþjóðleg mót fyrir myndlist, kvikmyndir, leikhús, listdans, tónlist, þjóðlega list o. s. frv.; bóksölu-sýningar og bókasýningar, sameiginlegar sýningar óperu og leikhúsverka, sem og framkoma einleikara, hljóðfæraleikara, hljómsveita, kóra og annarra listhópa, þ. á m. þeirra sem myndaðir eru af áhugamönnum, enda sé eðlilegt tillit tekið til skipulagningar alþjóðamenningarviðburða fyrir ungt fólk og skipta á ungum listamönnum;

Að setja verk rithöfunda og tónskálda frá öðrum þátttökuríkjum á verkefnaskrá einleikara og listhópa;

Undirbúningur, þýðing og útgáfa greina, athugana og ritgerða, sem og ódýrra bóka og heildarverka í listum og bókmenntum, sem ætlað er að kynna menningarafrek, í þessu skyni skal efnt til funda meðal sérfræðinga og fulltrúa útgáfufyrirtækja;

Sameiginleg framleiðsla og skipti á kvikmyndum og hljóðvarps- og sjónvarpsefni, með því að stuðla sérstaklega að fundum milli framleiðenda, tæknimanna og fulltrúa opinberra stofnana í því skyni að móta viðunandi aðstæður til þess að framkvæma sérgreind, sameiginleg verkefni og með því að hvetja til að stofnaðir verði alþjóðlegir kvikmyndastarfshópar til samframleiðslu;

Að efna til samkeppni arkitekta og borgarskipuleggjenda, þar sem höfð er í huga hugsanleg framkvæmd á bestu verkefnum, og stofna alþjóðlega starfshópa, þar sem það er unnt;

Framkvæmd sameiginlegra verkefna til þess að vernda, endurbyggja og sýna listaverk, sögulegar minjar og fornminjar, og staði tengda menningarsköpun, með aðstoð alþjóðlegra stofnana, þar sem það á við, hvort sem þær eru samstarfsvettvangur ríkisstjórna eða ekki, sem og einkastofnana — sem eru hæfar og virkar á þessum sviðum — og benda í þessu sambandi á eftirfarandi:

Reglulega fundi sérfræðinga og áhugasamra aðila, til þess að undirbúa nauðsynlegar tillögur, um leið og tillit er tekið til nauðsynjar þess að kanna þessi mál í víðara félagslegu og efnahagslegu samhengi;

Að í viðeigandi tímaritum séu birtar greinar, sem ætlað er að kynna mikilsverðustu afrek og nýjungar, og bera saman milli þátttökuríkjanna;

Sameiginlega athugun í því skyni að bæta og e. t. v. samræma ólík kerfi,

sem notuð eru til þess að meta og skrásetja menningarverðmæti og staði tengda menningu í löndum þeirra;

Athugun á möguleikum þess að skipuleggja alþjóðanámskeið til þess að þjálfa sérfræðinga í ýmsum þáttum varðandi endurreisn.

Þjóðarbrot og svæðisbundin menning. Þátttökuríkin viðurkenna framlag þjóðarbrota og svæðisbundinna menningarhópa til samvinnu milli þeirra á ýmsum sviðum menningarmála, og ætla sér, ef slíkir minnihlutahópar eða menningargreinar eru til innan landsvæða þeirra, að auðvelda þetta framlag, þar sem tekið er tillit til lögmætra hagsmuna einstaklinga í hópunum.

4. Samvinna og samskipti á sviði mennta

Þátttökuríkin,

Gera sér grein fyrir, að þróun samskipta með alþjóðlegu sniði á sviði mennta og vísinda stuðlar að betri gagnkvæmum skilningi og er til hagsbóta fyrir allar þjóðir og kemur einnig komandi kynslóðum að notum,

Eru reiðubúin að auðvelda milli félaga, stofnana og þeirra, sem starfa að kennslu og vísindum, frekari skipti á þekkingu og reynslu, sem og tengsl á grundvelli sérstakra samninga, þar sem það er nauðsynlegt,

Vilja efla tengslin milli kennslu- og vísindaaðila, og einnig hvetja til samvinnu þeirra á sameiginlegum áhugasviðum, einkum þar sem þekking og kostnaður krefjast þess, að aðgerðir séu samræmdar alþjóðlega, og

Eru sannfærð um, að framfarir á þessu sviði þurfi að haldast í hendur við og njóta stuðnings af víðtækri kunnáttu á erlendum tungumálum,

Í þessu skyni *munu þau einkum stefna* að eftirfarandi:

(a) Víkkun samskipta

Að víkka og bæta á ýmsum stigum samvinnu og tengsl á sviði mennta og vísinda, sérstaklega með því:

— Að gera, þar sem það á við, tvíhliða og marghliða samninga, sem kveða á um samvinnu og skipti milli ríkisstofnana, félagssamtaka eða annarra aðila og þeirra, sem vinna að kennslu og vísindum, enda sé bæði höfð í huga þörfin fyrir sveigjanleika og fyllri nýtingu núverandi samninga;

— Að stuðla að því, að komist verði að beinu samkomulagi milli háskóla og annarra æðri menntastofnana og rannsóknarstofnana innan ramma samninga milli ríkisstjórna þar sem það á við;

— Að hvetja til þess, að þeir, sem vinna að kennslu og vísindum, taki upp bein tengsl og samband sín á milli, sem byggist m. a. á sérstökum samningum og samkomulagi, þar sem það á við.

(b) Aðgangur og skipti

Að bæta aðgang, á grundvelli gagnkvæmt viðunandi skilyrða, stúdenta, kennara og vísindamanna þátttökuríkjanna að kennslu-, menningar- og vísindastofnunum hvers annars, og auka skiptin milli þessara stofnana á öllum sameiginlegum áhugasviðum, sérstaklega með því að:

— Auka upplýsingaskipti um námsaðstöðu og námskeið, sem erlendir þátttak-

endur eiga aðgang að, svo og um þau skilyrði, sem gilda um aðgang og viðtöku;

— Auðvelda ferðir vísindamanna, kennara og nemenda milli þátttökuríkjanna í því skyni að læra, kenna og rannsaka, sem og bæta þekkingu á mennta- og menningar- og vísindaárangri hvers annars;

— Hvetja til þess að vísindamönnum, kennurum og nemendum úr öðrum þátttökuríkjum verði veittir styrkir til náms, kennslu og rannsókna í löndum þeirra;

— Stofna til, efla eða hvetja til verkefna, sem leyfa víðtækari skipti á vísindamönnum, kennurum og nemendum, þ. á m. skipuleggja umræðufundi, námskeið og samvinnuverkefni og skipti á upplýsingum um mennta- og vísindamál, s. s. á útgáfuverkum háskóla og efni frá bókasöfnun;

— Stuðla að raunhæfri framkvæmd samkomulags og áætlana, er veita vísindamönnum, kennurum og nemendum tímanlega, ítarlegri upplýsingar um stöðu þeirra innan háskóla og stofnana og þau verkefni, sem þeim eru ætluð; með því að veita þeim aðgang að viðeigandi rannsókna- og vísindagögnum auk aðgangs að opinberum skjölum; og með því að auðvelda þeim ferðir innan móttökuríkisins í þeim tilgangi að kanna eða rannsaka, sem og til ferðalaga í frium á grundvelli venjulegra reglna;

— Stuðla að nákvæmara mati á vandamálum við að bera saman og leggja að jöfnu menntagráður og prófskírteini, með því að hlúa að upplýsingaskiptum um skipulag náms, lengd þess og námsefni, samanburði á aðferðum við að meta þekkingarstig og menntakröfur, og, þar sem það á við, að ná gagnkvæmri viðurkenningu á menntagráðum og prófskírteinum, annað hvort með samningum milli ríkisstjórna, þar sem það er nauðsynlegt, eða beinu samkomulagi milli háskóla og annarra æðri mennta- og rannsóknastofnana;

— Mæla auk þess með því við viðeigandi alþjóðastofnanir, að þær auki starf sitt í því skyni að finna almennt viðunandi lausn á vandanum við að bera saman og leggja að jöfnu menntagráður og prófskírteini.

(c) Vísindi

Að víkka og bæta eftir því sem þau eru bær til samvinnu og skipti á sviði vísinda, og sérstaklega:

Að auka á tvíhliða eða marghliða grundvelli skipti og dreifingu á vísindalegum upplýsingum og gögnum, t. d. þannig:

— Að þessar upplýsingar séu tiltækari vísindamönnum og rannsóknaraðilum þátttökuríkjanna, t. d. með þátttöku í alþjóðlegum upplýsingaskiptiverkefnum eða með annars konar viðeigandi samkomulagi;

— Að víkka og auðvelda skipti á sýnum og öðrum vísindalegum gögnum, sem einkum eru notuð við grundvallarrannsóknir á sviði náttúruvísinda og læknisfræði;

— Að hvetja vísindastofnanir og háskóla til að veita á gagnkvæman hátt ítarlegri og reglulegri upplýsingar um þau rannsóknarverkefni, sem þessir aðilar vinna að eða ætla að vinna að á sameiginlegum áhugasviðum;

Að auðvelda víkkun sambands og beinna tengsla milli háskóla, vísindastofnana og félagssamtaka, sem og milli vísindamanna og rannsóknaraðila, þ. á m. þeirra sem byggjast á sérstökum samningum eða samkomulagi, t. d. með aðferðum eins og:

— Að þróa frekar skipti á vísindamönnum og rannsóknaraðilum og hvetja til þess, að efnt sé til undirbúningsfunda eða stofnaðir starfshópar um rannsóknarefni, er vekja sameiginlegan áhuga;

— Að hvetja til þess, að komið sé á fót sameiginlegum vísindamannahópum til þess að vinna að rannsóknaverkefnum í samræmi við samkomulag, sem vísindastofnanir ýmissa landa gera;

— Að aðstoða við að skipuleggja og halda á árangursríkan hátt alþjóðlegar ráðstefnur og námskeið, og stuðla að þátttöku vísindamanna og rannsóknaraðila í þeim;

— Að leggja auk þess, í náinni framtíð, grundvöll að sérstakri vísindaráðstefnu, þar sem saman koma forystumenn í vísindum frá þátttökuríkjunum, til þess að ræða nátengd vandamál, sem vekja sam-

eiginlegan áhuga og varða núverandi og framtíðarþróun vísinda og stuðla að víkkun tengsla, sambanda og upplýsingaskipta milli vísindastofnana og meðal vísindamanna;

— Að hafa í hyggju að efna til, innan skamms tíma, fundar sérfræðinga frá þátttökuríkjunum og vísindastofnunum þeirra, í því skyni að undirbúa slíka sérstaka vísindaráðstefnu í samráði við viðeigandi alþjóðastofnanir, t. d. UNESCO og Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu;

— Að athuga, þegar það á við, hvaða frekari skref unnt er að taka með tilliti til hinnar sérstöku vísindaráðstefnu.

Að þróa á sviði vísindarannsókna, á tvíhliða eða marghliða grundvelli, samræmingu verkefna, sem unnið er að í þátttökuríkjunum, og skipulagningu sameiginlegra verkefna, einkum á þeim sviðum, sem nefnd eru hér að neðan og kunna að hafa í för með sér sameiginlegt átak vísindamanna og í einstökum tilvikum notkun dýrra og sérstæðra tækja. Verkefnalistinn á þessu sviði er til viðmiðunar; og ákvarða verður einstök verkefni síðar af hugsanlegum samstarfsaðilum meðal þátttökuríkjanna, þar sem tekið er tillit til þess, hvað viðeigandi alþjóðastofnanir og vísindastofnanir geta lagt af mörkum:

— *raun og náttúruvísindi,* sérstaklega grundvallarrannsóknir á sviðum eins og stærðfræði, eðlisfræði, fræðilegri eðlisfræði, jarðeðlisfræði, efnafræði, líffræði, vistfræði og stjörnufræði;

— *læknisfræði,* einkum grundvallarrannsóknir á krabbameini og hjarta- og æðasjúkdómum, rannsóknir á landlægum sjúkdómum í þróunarlöndunum, sem og læknis-félagsfræðilegar rannsóknir, með sérstakri áherslu á atvinnusjúkdóma, endurhæfingu öryrkja og mæðrahjálp, barnagæslu og aðhlynningu aldraðra;

—*hugvísindi og félagsvísindi,* eins og t. d. saga, landafræði, heimspeki, sálarfræði, uppeldisfræðilegar rannsóknir, málvísindi, félagsfræði, lögfræði, stjórnvísindi og hagfræði: samanburðarrannsóknir á félagsfræðilegum, efnahagslegum og menningarlegum fyrirbrigðum, sem vekja sameiginlegan áhuga í þátttökuríkjunum, einkum á vandamálum varðandi umhverfi mannsins og skipulag þéttbýlis; og vísindalegar athuganir á aðferðum til þess að varðveita og endurreisa minnismerki og listaverk.

(d) Erlend tungumál og menning

Að hvetja til náms á erlendum tungumálum og menningu sem mikilvægs þáttar í því að auka samband milli þjóða, til að bæta skilning þeirra á menningu sérhvers lands, sem og til að efla alþjóðasamvinnu; að stuðla að því í þessu skyni, eins og þau hafa getu til, að efla frekar og bæta kennslu erlendra tungumála og fjölbreytni í vali á tungumálum, sem kennd eru á mismunandi stigum, þar sem eðlilegt tillit er tekið til þeirra tungumála, sem ekki eru mjög útbreidd eða rannsökuð, og einkum:

— Að auka samvinnu, sem miðar að því að bæta kennslu erlendra tungumála með upplýsingaskiptum og dreifingu á reynslu við að þróa og nota áhrifamiklar, nútíma kennsluaðferðir og hjálpartæki, sem eru við hæfi mismunandi hópa stúdenta, þ. á m. aðferðir til að auka kennsluhraða; og að kanna möguleika á því að efna til á tvíhliða og marghliða grundvelli athugana á nýjum aðferðum við kennslu erlendra tungumála;

— Að hvetja til samvinnu milli viðeigandi stofnana á tvíhliða eða marghliða grundvelli, sem miðar að því að nýta betur nútímakennslutækni við tungumálakennslu, t. d. með samanburðarathugunum sérfræðinga og, þar sem samkomulag næst um það, með skiptum eða tilflutningi á hljóðrænu og myndrænu efni, og á því efni, sem notað er við gerð kennslubóka, sem og á upplýsingum um nýjar gerðir hjálpartækja við tungumálakennslu;

— Að stuðla að upplýsingaskiptum um þá reynslu, sem fengist hefur við þjálfun tungumálakennara og auka skipti á tvíhliða grundvelli á tungumálakennurum og námsmönnum, sem og auðvelda þátttöku þeirra í sumarnámskeiðum um tungumál og menningu, hvar sem til þeirra er efnt;

— Að hvetja til samvinnu milli sérfræðinga á sviði orðabókargerðar í því skyni að skilgreina nauðsynlegan hugtakasamanburð, sérstaklega á sviði vísinda og tækni, til þess að auðvelda samskipti milli vísindastofnana og sérfræðinga;

— Að stuðla að víðari dreifingu náms í erlendum tungumálum milli ólíkra framhaldsskóla og auka fjölbreytni í vali milli aukins fjölda evrópskra tungumála; og í þessu sambandi athuga, þar sem það á við, möguleikana á því að þróa ráðningu og þjálfun kennara sem og skipulagningu þeirra námshópa, sem nauðsynlegir eru;

— Að veita liðsinni á æðri menntastigum við að auka úrval þeirra tungumála, sem málanemendur geta stundað og auka möguleika nemenda til þess að nema ýmis erlend tungumál; einnig að auðvelda, þar sem það er æskilegt, skipulagningu á tungumálanámskeiðum og námskeiðum í menningu, á grundvelli sérstaks samkomulags þar sem það er nauðsynlegt, með þátttöku erlendra fyrirlesara, einkum frá Evrópulöndum, sem tala lítt útbreidd eða rannsökuð tungumál;

— Að stuðla að, innan ramma fullorðinsfræðslu, frekari mótun sérgreindra verkefna, sem miðuð eru við mismunandi þarfir og áhugasvið, sem miðist bæði við kennslu erlendra tungumála fyrir eigin íbúa og tungumáls gistilandsins fyrir áhugasamt fullorðið fólk frá öðrum löndum; að hvetja til þess í þessu sambandi, að viðeigandi stofnanir vinni saman, t. d. við gerð efnis fyrir kennslu í hljóðvarpi og sjónvarpi og með aðferðum, sem veita aukinn kennsluhraða, og einnig, þar sem það er æskilegt, að skilgreina námsmarkmið slíkra verkefna í því skyni að ná sambærilegum árangri í tungumálagetu;

— Að hvetja til samræmingar, þar sem það á við, á kennslu erlendra tungumála og fræðslu um viðkomandi menningu og einnig leggja sérstaklega að sér við að efla áhuga á námi erlendra tungumála, þ. á m. viðeigandi viðfangsefni utan skóla.

(e) Kennsluaðferð

Að stuðla að skiptum á reynslu, á tvíhliða eða marghliða grundvelli, við mótun kennsluaðferða á öllum menntastigum, þ. á m. aðferðum, sem notaðar eru í skyldunámi og við fullorðinsfræðslu, sem og skiptum á kennslugögnum, sérstaklega með því að;

— Þróa frekar ýmis form sambands og samvinnu á ólíkum sviðum uppeldisfræði, t. d. með samanburðar- og samvinnuathugunum á vegum áhugasamra stofnana eða með upplýsingaskiptum um árangur kennslutilrauna;

— Auka upplýsingaskipti um kennsluaðferðir í ýmsum menntakerfum og rannsóknaniðurstöður varðandi þær aðferðir, sem nemendur beita til að afla sér þekkingar, enda sé tekið tillit til þeirrar reynslu, sem fengist hefur af ólíkum tegundum sérhæfðrar kennslu;

— Auðvelda reynsluskipti varðandi skipulag og starfrækslu fullorðinsfræðslu eða endurmenntunar, varðandi tengslin milli þessara og annarra kennsluaðferða og menntunarstiga, sem og varðandi leiðir til þess að laga menntun, þ. á m. verkmenntun og tækniþjálfun, að þörfum efnahags- og félagslegrar þróunar í löndum þeirra;

— Hvetja til reynsluskipta varðandi fræðslu fyrir unga og aldna á alþjóðlegum skilningi, með sérstöku tilliti til þeirra meiriháttar vandamála mannkynsins, sem krefjast sameiginlegrar afstöðu og víðtækari alþjóðlegrar samvinnu;

— Hvetja til skipta á kennslugögnum — þ. á m. kennslubókum, þar sem hafðir eru í huga möguleikar á að stuðla að gagnkvæmri þekkingu og auðvelda kynningu hvers lands í slíkum bókum — sem og upplýsingaskipta um tækninýjungar á sviði kennslumála.

* * *

Minnihlutahópar og svæðisbundin menning. Þátttökuríkin, sem viðurkenna það, er minnihlutahópar og svæðisbundnir menningarhópar geta lagt til samvinnu milli þeirra á ýmsum sviðum menntamála, hafa í hyggju, ef slíkir hópar eða menningargreinar eru innan landamæra þeirra, að auðvelda þetta framlag, þar sem tekið er tillit til lögmætra hagsmuna viðkomandi einstaklinga.

Fylgiskjal II.

Samvinna að mannúðarmálum og á öðrum sviðum

(Úr lokaskjali Madrid-fundarins.)

Þátttökuríkin

— Minna á inngangsþátt kafla Lokasamþykktar um samvinnu að mannúðarmálum og á öðrum sviðum, hér með talin efling gagnkvæms skilnings sín á milli, slökun spennu og bætt samskipti á sviði menningar og mennta, aukin útbreiðsla upplýsinga, mannleg tengsl og lausn mannnúðarvandamála,

— Eru staðráðin í því að rækja og efla samvinnu á téðum sviðum og efna til víðtækari gagnsemdar þeirra kosta sem Lokasamþykkt býður fram,

— Eru nú ásátt um að framfylgja eftirtöldum efnisatriðum:

Mannleg tengsl.

Þátttökuríkin verða hliðholl umsóknum er varða tengsl og reglubundinn samgang vandamanna, endurfundi fjölskyldna, og hjúskap þegna annars ríkis, enda munu þau úrskurða slíkar umsóknir í þeim anda.

Þau munu úrskurða um téðar umsóknir svo skjótt sem kostur er þegar fjölskyldum er bráður vandi á höndum um samgang og endurfundi, — og um hjúskap þegna sitt hvors ríkis innan sex mánaða við venjulegar aðstæður, og um annan fjölskyldusamgang innan frests sem smám saman verður skemmri.

Þau staðfesta það að þegar umsókn er lögð fram eða endurnýjuð við téðar aðstæður, muni það ekki breyta rétti né skyldum umsækjenda, né heldur skyldurliðs þeirra, að því er varðar m. a. atvinnu, húsnæði, dvalarheimild, fjölskylduframfæri, hlunnindi á sviði félags-, efnahags-, og menntamála, — né heldur neins konar réttindum og skyldum öðrum sem rakin verða til laga og fyrirmæla viðkomandi þátttökuríkis.

Þátttökuríkin munu láta í té nauðsynlegar upplýsingar um háttsemi sem umsækjendum ber að rækja við téðar aðstæður, varðandi fyrirmæli sem skylt er að virða, og jafnframt láta í té viðeigandi eyðublöð að beiðni umsækjanda.

Þegar þörf gerist munu þau smám saman færa niður tilskilið gjald vegna téðra umsókna, hér með talið gjald af vegabréfi og áritun á það, þannig að gjaldið verði við hæfi miðað við meðaltal mánaðartekna í viðkomandi þátttökuríki.

Umsækjanda verður birtur uppkveðinn úrskurður svo skjótt sem kostur er. Ef umsókn er hafnað verður umsækjanda og skýrt frá rétti hans að endurnýja umsókn að liðnum hæfilega stuttum fresti.

Þátttökuríkin árétta á ný heit sín um að framfylgja í hvívetna ákvæðum er varða diplómatískar og aðrar opinberar sendinefndir og ræðisskrifstofur hinna þátttökuríkjanna, svo sem kveðið er á um í viðkomandi marghliða eða tvíhliða samningum, svo og að greiða fyrir eðlilegum störfum slíkra sendinefnda. Gestum verði tryggður aðgangur að slíkum sendinefndum enda verði við hæfi gætt öryggisviðhorfa slíkra sendinefnda.

Jafnframt skal enn áréttað að þau eru fús að hefjast handa, innan marka valdsviðs síns, um aðgerðir við hæfi, — hér með taldar brýnar öryggisráðstafanir, — í því skyni að tryggja viðunandi skilyrði á umráðasvæði sínu vegna starfsemi þegna annarra þátttökuríkja, svo sem t. d. á sviði íþrótta og menningarmála, — og innan marka gagnkvæmrar samvinnu.

Þátttökuríki munu kappkosta, þegar það á við, að bæta skilyrði vegna laga-, ræðis- og

lækningaaðstoðar við þegna annarra þátttökuríkja er dveljast á umráðasvæðum þeirra um stundarsakir vegna persónulegra ástæðna eða atvinnu, enda verði höfð hliðsjón við hæfi af tví- eða marghliða sáttmálum eða samþykktum sem við eiga.

Þau munu leggja áherslu á að framfylgja ákvæðum Lokasamþykktar sem við eiga, þannig að trúfélögum, stofnunum og samtökum og fulltrúum þeirra megi auðnast að efla tengsl og samfundi sín á meðal á þeim vettvangi, og skiptast á upplýsingum.

Þátttökuríkin munu hvetja til tengsla og gagnkvæmra skipta æskufólks, og stuðla að aukinni samvinnu æskulýðssamtaka þeirra. Þau munu stuðla að framgangi menningar- og menntamála, ásamt annarri áþekkri starfsemi að tilhlutun æskufólks og æskulýðssamtaka. Jafnframt munu þau stuðla að könnun vandamála ungs fólks. Þátttökuríkin munu veita ferðalögum æskulýðs brautargengi, einstaklinga og hópa, á vegum ferðaþjónustu ef þörf gerist, m. a. á þann hátt að hvetja samgönguyfirvöld og samtök ferðamála til þess að veita fyrirgreiðslu við hæfi, eða áþekka þeirri sem járnbrautaryfirvöld er eiga aðild að samtökum „Inter—Rails" hafa á boðstólum.

Upplýsingar.

Þátttökuríkin munu leggja áherslu á frjálsari og aukna dreifingu prentaðs máls, — hvort heldur út er gefið að staðaldri eður eigi, — sem aðflutt er frá öðrum þátttökuríkjum, — svo og á fjölgun staða þar sem téð rit eru á almennum markaði, enda liggi þau einnig frammi á lestrarsal meiri háttar almenningsbókasafna og áþekkra stofnana.

Til þess að greiða fyrir bættri dreifingu prentaðs fróðleiks munu þátttökuríkin einkum örva tengsl og viðskipti viðurkenndra firma og stofnana sinna, í því skyni að stofna til langtíma samþykkta og samninga er miði að því að auka magn og tölu dagblaðatitla og annarra rita aðfluttra frá öðrum þátttökuríkjum. Þau telja æskilegt að smásöluverð erlendra rita fari ekki verulega fram úr verðlagi á heimamarkaði.

Samkvæmt viðkomandi ákvæðum Lokasamþykktar staðfesta þau áform sitt að rýmka kosti almennings til áskriftar.

Þau munu hvetja til nánari samvinnu fjölmiðla og fulltrúa þeirra, einkum starfsmanna ritstjórna, fréttastofa, blaða, samtaka útvarps og sjónvarps, svo og kvikmyndafélaga. Þau munu örva reglubundnari skipti á fréttum, blaða- og tímaritsgreinum, sérútgáfum og útvarps/sjónvarpsefni, svo og að skipst verði á starfsliði ritstjórna, til aukins fróðleiks um starfshætti hvers annars. Þau munu starfa að gagnkvæmum endurbótum efnis- og tæknibúnaðar sem ætlaður er föstum eða lausráðnum fréttamönnum útvarps og sjónvarps. Jafnframt munu þau greiða fyrir beinum samskiptum starfsliðs fjölmiðla, ásamt tengslum á vegum stéttasamtaka.

Þau munu afgreiða án tafa að óþörfu umsóknir blaðamanna um vegabréfsáritun, og endurskoða með sanngjörnum fyrirvara umsókn sem hafnað hefur verið. Jafnframt ber blaðamönnum sem ferðast vilja í eigin erindum en ekki vegna fréttaþjónustu, sams konar aðstaða sem aðrir gestir frá ættlandi þeirra búa við.

Þau munu veita fastráðnum fréttariturum og venslafólki á vegum þeirra vegabréfsáritun út og utan að vild, eitt ár í senn.

Þátttökuríkin munu, þegar þörf gerist vegna tvíhliða sáttmála, kanna kosti þess að veita viðurkenningu og áþekka fyrirgreiðslu blaðamönnum annars þátttökuríkis sem dveljast til frambúðar í þriðja landi.

Þau munu greiða fyrir ferðum blaðamanna annars þátttökuríkis á umráðasvæði sínu, m. a. með raunhæfum aðgerðum, þegar þörf gerist í því skyni að veita þeim rýmra ferðafrelsi að undanþegnum svæðum sem lokuð eru af öryggisástæðum. Þau munu ávallt tilkynna blaðamönnum fyrir fram, sé þess kostur, ef nýjum svæðum er lokað af öryggisástæðum.

Þau munu jafnframt rýmka, og þegar þörf

gerist, endurbæta aðstöðu blaðamanna frá öðrum þátttökuríkjum til þess að stofna til og varðveita persónutengsl og samneyti við heimildarmenn sína.

Þau munu að jafnaði heimila fréttamönnum útvarps og sjónvarps föruneyti eigin hljóð- og kvikmyndatækna ásamt notkun eigin búnaðar.

Jafnframt er blaðamönnum leyft að hafa meðferðis heimildarskjöl sín, hér með talin minnisblöð og önnur gögn er einskorðist við atvinnu þeirra (*).

Þegar þörf gerist munu þátttökuríkin greiða fyrir stofnun og starfrækslu blaðamiðstöðva í höfuðborgum sínum, eða stofnana er annist þess háttar starfsemi, sem frétta- og blaðamenn, innlendir og erlendir, eigi frjálsan aðgang að, enda verði síðarnefndum búnar starfsaðstæður við hæfi.

Þau munu jafnframt kanna önnur úrræði til aðstoðar við frétta- og blaðamenn frá öðrum þátttökuríkjum, og gera þeim þannig kleift að leysa starfsvanda er verða kann á vegi þeirra.

Samvinna og skipti á sviði menningarmála.

Með tiltækum úrræðum munu þau kappkosta að einstökum aðilum, stofnunum og óopinberum samtökum er hagsmuna eiga að gæta séu veitt viðeigandi upplýsingar um kosti tvíhliða menningarsamþykkta og -verkefna, enda verði þannig greitt fyrir notadrjúgri beitingu þeirra.

Þátttökuríkin munu herða á frekari dreifingu og aðgöngu að bókum, kvikmyndum og öðrum menningaráhrifum og -tækjum frá öðrum þátttökuríkjum, enda munu þau í því skyni endurbæta svo sem best gegnir og á tví- og marghliða grunni, skilyrði alþjóðaskipta á verslunarsviði og utan þess á menningarmunum, m. a. þannig að lækkuð verði smám saman aðflutningsgjöld af téðum munum.

Þátttökuríkin munu kappkosta að örva þýðingu, útgáfu og dreifingu hugverka á sviði bókmennta og annarrar menningariðju frá öðrum þátttökuríkjum, einkum ef samin eru á fámennu málsvæði, — þannig að greitt verði fyrir samvinnu útgáfufyrirtækja, einkum að skipst verði á skrám bóka er til greina kæmi að þýða, — svo og öðrum áþekkum fróðleik.

Þau munu leggja rækt við tengsl, samvinnu og félagsverkefni á vegum þátttökuríkjanna að því er varðar vernd, geymd og skráningu sögulegra erfða og minja, ásamt tengslum mannlífs við umhverfi og téðar erfðir; þau lýsa yfir áhuga sínum í þá veru að boðað verði til ráðstefnu á vegum ríkisstjórna um þessi efni, og innan vébanda UNESCO.

Þátttökuríkin munu hvetja útvarps- og sjónvarpssamtök sín til þess að efla enn dagskrárefni menningar og lista annarra þátttökuríkja, með tví- og marghliða samningum milli þessara stofnana, enda verði m. a. tryggð skipti á kunnustu um efnisgerð, á flutningi skemmtisýninga og dagskrárliða frá öðrum þátttökuríkjum svo og stofnað til sameiginlegra þátta. Jafnframt verði séð fyrir heimboði gististjórnenda hljómsveita og leiksýninga, svo og gagnkvæmri aðstoð við sveitir er annast gerð fræðslukvikmynda.

Að boði ríkisstjórnar Ungverjalands verður stofnað til Menningarþings sem hefst í Búdapest 15. október 1985. Þátttakendur verða forkólfar menningarmála í þátttökuríkjunum. Á þessu þingi verða rædd viðfangsefni er lúta að sköpun, útbreiðslu og samvinnu, hér með talin efling og útfærsla tengsla og samskipta á víðernum menningar. Fulltrúa UNESCO verður boðið að lýsa viðhorfum stofnunarinnar á þinginu. Fundur sérfræðinga undirbýr þingið. Ríkisstjórn Ungverjalands boðar til fundarins sem haldinn verður í Búdapest og hefst 21. nóvember 1984; fundartími fari eigi fram úr tveimur vikum.

Samvinna og samskipti á sviði mennta.

Þátttökuríkin munu stuðla að skipan og samþykktum um menntir og vísindi, á vegum

(*) Hér á það við að aðflutningur prentaðs máls kann að vera háður staðbundnum ákvæðum, — sem beita ber með hliðsjón af þörf blaðamanns fyrir efni til úrvinnslu.

ríkisstjórna og utan þeirra, enda verði þeim fylgt eftir með þátttöku menntasetra og annarra viðurkenndra stofnana.

Þáttökuríkin munu stuðla að auknum úrbótum vegna námsmanna-, kennara- og fræðimannaskipta, og bættri aðstöðu þeirra til að sækja mennta-, menningar- og vísindastofnanir hvers annars, svo og í því skyni að kanna opinber heimildargögn, samkvæmt gildandi lögum og fyrirmælum hvers lands. Vegna þessa munu þau greiða fyrir ferðalögum fræðimanna, kennara og námsmanna í gistilandi, og stuðla að kynnum þeirra við starfsfélaga sína; jafnframt munu þau hvetja bókasöfn, æðri menntastofnanir og áþekk fræðasetur á umráðasvæði sínu til þess að gera bóka- og heimildaskrár um efni opinna skjalasafna tiltækar fræðimönnum, kennurum og námsmönnum frá öðrum þátttökuríkjum.

Þau munu hvetja til reglulegri skipta á upplýsingum um tilhögun vísindalegrar þjálfunar, hlynna að námsflokkum og námskeiðum ungra vísindamanna og greiða fyrir almennari þátttöku ungra vísindamanna frá öðrum þátttökuríkjum í þess háttar starfsemi. Þau munu skora á viðeigandi stofnanir og samtök, heima og á alþjóðavettvangi, að stuðla eftir föngum að framgangi téðrar þjálfunar.

Fulltrúar þátttökuríkjanna eru minnugir farsælla starfa sem unnin voru á vegum Vísindaþingsins í Hamborg í Sambandslýðveldinu Þýskalandi dagana 18. febrúar — 3. mars 1980. Með hliðsjón af niðurstöðum Vísindaþingsins mæltust þátttökuríkin til þess að alþjóðasamtök ásamt vísindasamtökum og vísindamönnum þátttökuríkjanna tækju tillit við hæfi til ályktana hennar og tillagna.

Þátttökuríkin eru hlynnt því að aukin rækt verði lögð við kennslu og nám evrópskra tungumála sem eru lítt útbreidd og fáir nema. Í því skyni munu þau svo sem kostur er styrkja sumarháskóla og aðsókn að þeim og öðrum námskeiðum, veita þýðendum námsstyrki og efla máladeildir háskóla, og ef þörf gerist, leggja til nýjar deildir vegna náms í þessum tungumálum.

Þátttökuríkin tjá sig reiðubúin að stuðla, sín á milli og meðal viðurkenndra alþjóðastofnana, að auknum skiptum á kennslugögnum, námsbóka, landabréfum, bókaskrám og öðrum fræðslugögnum, í því skyni að bæta úr gagnkvæmri þekkingu og greiðslu fyrir aukinni kynningu á þjóðum sem eiga hlut að málum.

Sþ. 262. Beiðni um skýrslu [245. mál]

frá fjármálaráðherra um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Geir Gunnarssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Skúla Alexanderssyni, Garðari Sigurðssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Helga Seljan, Ragnari Arnalds og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að fjármálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um kaup og sölu fasteigna sem fram hafa farið á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983 til þessa dags.

Í skýrslunni verði getið kaup- og söluverðs hverrar fasteignar, fasteigna- og brunabótamats og greiðsluskilmála. Gerð verði grein fyrir stærð húsnæðis, afhendingartíma og kostnaði við breytingar. Einnig komi fram í skýrslunni hvort heimild var fyrir viðskiptunum í fjárlögum þegar viðskiptin fóru fram.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Alþingi, 8. des. 1986.

Guðrún Helgadóttir.	Geir Gunnarsson.	Hjörleifur Guttormsson.
Skúli Alexandersson.	Garðar Sigurðsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Helgi Seljan.	Ragnar Arnalds.	Svavar Gestsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 263. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ferskfiskdeild skal fylgjast með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess er vinnsla hefst.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Rísi ágreiningur milli fiskkaupenda og seljenda um gæðaflokkun fisks má leita úrskurðar Ríkismats sjávarafurða um þann ágreining.

Yfirfiskmatsmenn úrskurða um slíkan ágreining og greiðist kostnaður af slíku mati af fiskkaupendum og seljendum samkvæmt gjaldskrá Ríkismatsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skyldumat á ferskum fiski á vegum Ríkismats sjávarafurða verði afnumið. Þess í stað er gert ráð fyrir að gæðamat á ferskum fiski verði í höndum viðskiptaaðilanna sjálfra, þ.e. kaupenda og seljenda. Er álitið að gæði landaðs afla muni aukast með því að tengja mat hans með beinni hætti en verið hefur fjárhagslegum skiptum þeirra sem þessi viðskipti stunda. Í frumvarpinu er einungis kveðið á um afnám

núverandi skyldumats opinberra aðila á ferskum fiski en ekki ákveðið með hvaða hætti framkvæmd þessara mála skuli háttað hjá viðskiptaaðilum. Liggur í hlutarins eðli að um það verða þeir að koma sér saman án afskipta hins opinbera. Þrátt fyrir afnám skyldumats Ríkismatsins á ferskum fiski er gert ráð fyrir að stofnunin fylgist áfram með ástandi þessara mála og að viðskiptaaðilar geti skotið ágreiningsmálum sínum til Ríkismatsins ef þeir óska þess. Með frumvarpinu er lagt til að á þessu stigi verði einungis gerðar lágmarksbreytingar á lögunum um Ríkismat sjávarafurða. Yfir stendur endurskipulagning á stofnuninni í heild sem mun að sjálfsögðu taka mið af afnámi skyldumatsins og reynslu af nýju gæðamatskerfi á ferskum fiski ef tillögur frumvarps þessa ná fram að ganga. Í framhaldi af því starfi má vænta þess að fram verði lagt síðar nýtt heildarfrumvarp um Ríkismat sjávarafurða.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er við það miðað að ferskfiskmat í núverandi mynd verði lagt niður. Er þar gert ráð fyrir að stöðuheimildum stofnunarinnar fækki um 43,6 við það að niður verða lagðar stöður ferskfiskmatsmanna. Þá er gert ráð fyrir verulegri lækkun rekstrargjalda stofnunarinnar af sömu ástæðu. Í heild er í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir að fjárveitingar til stofnunarinnar lækki um 25 m.kr. á árinu 1987 frá því sem verið hefði við óbreytta starfsemi. Á komandi árum mun þessi breyting hafa í för með sér enn meiri árlegan sparnað vegna þess að endurskipulagning stofnunarinnar í framhaldi af þessum breytingum mun leiða til frekari lækkunar rekstrarkostnaðar og fækkunar starfsfólks og eins kemur sparnaðurinn ekki fram að fullu á fyrsta ári, m.a. vegna launa á uppsagnarfresti.

Ferskfiskeftirliti var komið á fót hér á landi árið 1961 með lögum nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit. Var það að frumkvæði hagsmunaaðila í sjávarútvegi og lágu þær ástæður helstar að baki að gæðum fiskafla sem landað var til vinnslu hafði hrakað. Einkum var um kennt stóraukinni netaveiði á kostnað línuveiða ásamt óhóflegri netanotkun. Þá var lítill verðmunur gerður á fiski eftir gæðum og enginn verðmunur á tveggja nátta netafiski og besta línufiski. Ásamt því að taka upp ferskfiskmat var tekin upp gæðaflokkun þar sem verðmunur milli flokka var það mikill að skipshafnir töldu sér hag í því að koma mestum hluta aflans í fyrsta flokk. Ríkismat sjávarafurða var stofnað með lögum nr. 53/1984 og var þá lögð niður starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Megintilgangur laganna var að skilja að ferskfiskmat og afurðamat. Var ábyrgð framleiðenda á afurðum aukin til muna. Sölusamtökum í sjávarútvegi var gert að koma sér upp eftirliti með framleiðslu afurða sinna, ellegar kaupa þá þjónustu af Ríkismatinu eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum. Afurðamat með þessu nýja sniði hefur gengið ágætlega. Með lögunum var gert ráð fyrir að ferskfiskmat yrði áfram í höndum opinbers aðila og að skyldumat yrði á öllum afla. Ferskfiskmatið hefur í hugum margra fyrst og fremst verið grundvöllur verðlagningar þó að hlutverk þess sé einkum að stuðla að bættri meðferð og auknum gæðum afla.

Þó ferskfiskmatið hafi á síðari árum verið gagnrýnt er það samdóma álit manna að ferskfiskeftirlit hafi á sínum tíma leitt til bættrar meðferðar afla er á land barst. Hins vegar er það í dag almenn skoðun meðal hagsmunaaðila að þær forsendur sem lágu að baki stofnun ferskfiskeftirlitsins séu ekki lengur fyrir hendi. Hafa t.d. nýir möguleikar í sölu á fiski, þar á meðal aukin sala á ferskum fiski erlendis, hvatt menn til betri meðferðar. Sjávarútvegsráðuneytið gekkst fyrir fundi með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi um framtíð Ríkismats sjávarafurða þann 2. október s.l. Var það samróma álit fundarmanna að skyldumat Ríkismatsins á ferskum fiski skyldi lagt niður. Þess í stað yrði tekið upp gæðamat er væri í höndum þeirra sem að þessum viðskiptum standa, þ.e. fiskkaupenda og seljenda. Á fundinum komu ekki fram samhljóða tillögur um nánari útfærslu á þessu ferskfikskmati en menn voru sammála um að gæði aflans yrðu best tryggð með því að fela viðskiptaaðilum matið og tengja það þannig með mun beinni hætti við fjárhagsleg skipti þeirra en verið hefur.

Á 15. þingi Sjómannasambands Íslands sem haldið var 23.–25. október s.l. var fjallað um framtíð Ríkismats sjávarafurða og eftirfarandi ályktun samþykkt:

„15. þing Sjómannasambands Íslands hafnar þeirri hugmynd að leggja Ríkismat sjávarafurða niður meðan ekki hefur komið fram nein haldbær tillaga um hvað leysa skuli Ríkismatið af hólmi.

Þingið vísar því til sambandsstjórnar SSÍ að hún eigi frumkvæði og aðild að því að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi komi sér saman um framtíð fiskmatsins eða hvað koma skuli í stað þess.“

Á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna í Vestmannaeyjum 5.–7. nóvember s.l. var sömuleiðis fjallað um málið og svohljóðandi samþykkt gerð:

„Fundurinn samþykkir, að Ríkismat sjávarafurða verði lagt niður og verkefni þess framkvæmd á eftirfarandi hátt:

a. Í hverri verstöð verði skipuð nefnd útgerðarmanna, sjómanna og fiskkaupenda sem sjái um framkvæmd ferskfiskmats, þ.m.t. um lausn á hugsanlegum ágreiningi.
b. Eftirlit með búnaði fiskiskipa verði í höndum Siglingamálastofnunar en eftirlit með búnaði fiskvinnslustöðva verði hjá Vinnueftirliti ríkisins.
c. Afurðamat verði alfarið í höndum útflutnings- og söluaðila.“

Af þessum samþykktum sést að nokkur ágreiningur ríkir meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi um það hvernig skuli standa að endurskoðun á hlutverki Ríkismatsins. Landssamband íslenskra útvegsmanna vill ganga mun lengra en frumvarp þetta gerir ráð fyrir meðan Sjómannasamband Íslands telur að haldbær tillaga þurfi að liggja fyrir um hvað leysa skuli Ríkismatið af hólmi áður en ákvörðun er tekin um breytingu á hlutverki þess. Hvað afstöðu Sjómannasambandsins varðar er það ljóst að verði skyldumat Ríkismatsins lagt niður verða viðskiptaaðilar með ferskan fisk að koma sér saman um nýtt gæðaeftirlitskerfi og áhrif þess á verðflokkun. Við því er hins vegar varla að búast að viðræður um það hefjist af alvöru nema fyrir liggi að ætlunin sé að fella niður skyldumat á ferskum fiski af opinberri hálfu. Fram til gildistöku frumvarps þessa ætti að gefast nægt svigrúm fyrir hagsmunaaðila til að koma sér saman um nýja skipan þessara mála og væri eðlilegt að þeir hæfu undirbúning nú þegar. Í frumvarpinu er við það miðað að Ríkismat sjávarafurða starfi áfram og því gengið mun skemmra en LÍÚ leggur til. Sjávarútvegsráðuneytinu ber að hafa eftirlit með og stjórna nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Því þarf að vera til stofnun sem hefur yfirsýn yfir alla þætti gæðamála í sjávarútveginum. Enda þótt hið opinbera hætti beinni framkvæmd mats ber ráðuneytinu að sjá til þess að sjávarútvegurinn búi yfir virku gæðastjórnunarkerfi sem tryggi það að afurðir uppfylli þær kröfur um gæði sem markaðirnir gera þannig að íslenskar afurðir verði taldar gæðavara. Af þessum ástæðum hefur Ríkismatið mikilvægu hlutverki að gegna þrátt fyrir afnám skyldumats á ferskum fiski. Meðal annarra verkefna þess í framtíðinni má nefna að gerð er tillaga um það í frumvarpinu að úrskurðar þess megi leita í ágreiningi um ferskfiskmat með svipuðum hætti og nú gildir um yfirmat á afurðum. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og slíkur möguleiki á yfirmati er til þess fallinn að eyða tortryggni vegna kerfisbreytingarinnar. Þá mun Ríkismatið áfram sinna eftirliti með hreinlæti og búnaði og útgáfu útflutningsvottorða þegar opinberra vottorða er krafist af erlendum kaupanda og yfirmati á afurðum. Tillögur LÍÚ um að leggja stofnunina niður með öllu og fela öðrum stofnunum þau verkefni sem eftir standa eru óraunhæfar. Er hætt við að mun minna tillits gætti til sérstakra aðstæðna sjávarútvegsins ef þessi verkefni færðust af starfssviði Sjávarútvegsráðuneytisins og stofnana þess. Er miklu frekar ástæða til að endurmeta afskipti hinna ótalmörgu almennu eftirlitsstofnana ríkisins af málefnum sjávarútvegsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að afnumið sé skyldumat Ríkismats sjávarafurða á öllum fiski sem veiddur er úr sjó. Gert er ráð fyrir að stofnunin starfi áfram að þeim megin-

markmiðum að bæta hráefnis- og vörugæði í íslenskum sjávarútvegi. Þessu hlutverki gegnir stofnunin með því að hafa almennt eftirlit með og yfirsýn yfir meðferð á afla frá því hann kemur um borð í veiðiskip uns fullunnin vara er flutt út. Þannig er gert ráð fyrir að stofnunin sinni t.d. áfram eftirliti með hreinlæti og búnaði, útgáfu útflutningsvottorða þegar opinberra vottorða er krafist af erlendum kaupenda og yfirmati á afurðum.

Um 2. gr.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að allar stöður ferskfiskmatsmanna verði lagðar niður en yfirmatsmenn meti ferskan fisk sé leitað sérstaklega eftir úrskurði. Því þykir nauðsynlegt að fella niður þetta ákvæði.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að 1. mgr. 11. gr. laga nr. 53/1984 sé löguð að megintilgangi frumvarpsins, sem fram kemur í almennum athugasemdum, að skyldumat á öllum ferskum fiski er afnumið. Ferskfiskdeild er ekki lögð niður og mun eftir sem áður fylgjast með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, gámum og öðrum flutningatækjum fyrir afla. Deildin mun áfram gefa út hæfnisvottorð til fiskiskipa.

Um 4. gr.

Með 4. gr. er gert ráð fyrir að úrskurðar Ríkismats megi leita í ágreiningi um ferskfiskmat með svipuðum hætti og nú gildir um yfirmat á afurðum.

Gert er ráð fyrir að fiskkaupendur og seljendur komi sér saman um með hvaða hætti ferskur fiskur skuli metinn í framtíðinni og áhrif þess á fiskverð. Rísi hins vegar ágreiningur milli þessara aðila er með þessu ákvæði opnuð leið til að leita til Ríkismatsins um úrskurð. Er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig geti leitað úrskurðar og er þá sérstaklega greitt fyrir slíkt mat.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 264. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Helga Seljan, Ragnari Arnalds og Skúla Alexanderssyni.

18. gr. falli brott.

Ed. 265. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Egill Jónsson og Stefán Benediktsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1986.

Jón Kristjánsson, varaform., frsm.	Þórður Skúlason.	Valdimar Indriðason.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.		Ólafur B. Óskarsson.

Nd. 266. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Friðjón Þórðarson, Jóhanna Sigurðardóttir og Pálmi Jónsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 267. Breytingartillaga [92. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Ákvæði 1. gr. gilda um afgreiðslu björgunarmála eftir 15. september 1986.

Sþ. 268. Fyrirspurn [247. mál]

til fjármálaráðherra um áætluð gjöld samkvæmt framlagðri skattskrá.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Á hve mörg fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri þurfti að áætla gjöld á árunum 1983–86 vegna þess að framtöl þeirra bárust ekki skattstjórum fyrir lok framtalsfrests, sundurliðað á ár og skattumdæmi?
2. Hvert var hlutfall þeirra af framteljendum í atvinnurekstri á hverju ári og eftir umdæmum?
3. Hve margir af 10 hæstu gjaldendum hvers árs samkvæmt framlagðri skattskrá voru með áætluð gjöld?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 269. Fyrirspurn [248. mál]

til forsætisráðherra um yfirlýsingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamninga.

Frá Pálma Jónssyni og Davíð Aðalsteinssyni.

1. Var landbúnaðarráðherra kunnugt fyrir fram um þau fyrirheit sem forsætisráðherra gaf aðilum vinnumarkaðarins í bréfi 6. des. s.l. um að ekki yrði tekin upp framleiðslustýring í alifuglaframleiðslu og að jöfnunargjald af innfluttum kartöflum yrði fellt niður?
2. Var haft samráð um þetta efni við samtök framleiðenda í þessum greinum eða við Stéttarsamband bænda sem fer með fyrirsvar framleiðenda í þessum efnum samkvæmt lögum nr. 46/1985?
3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa við það loforð sem landbúnaðarráðherra mun hafa gefið alifuglaframleiðendum að morgni s.l. föstudags um að farið yrði að óskum þeirra um útgáfu reglugerðar sem opnaði leiðir til framleiðslustjórnar í þeim greinum?
4. Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja hagsmuni kartöfluframleiðenda gegn innflutningi þegar jöfnunargjald af innfluttum kartöflum hefur verið fellt niður?
5. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bæta sauðfjárbændum þau 12,74% sem vantar á afurðaverð frá liðnu hausti ef verðið má ekki hækka umfram almenna verðlagsþróun?

Nd. 270. Frumvarp til laga [249. mál]

um listmunauppboð o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur og frímerki.

Uppboðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda opið eða lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppboðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafnaðarlega og teljast hæfur til uppboðshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

3. gr.

Leyfishafar skulu á uppboði vekja athygli á því í skriflegum uppboðsskilmálum eða á annan óyggjandi hátt hversu hár söluskattur eða eftir atvikum önnur gjöld leggist ofan á söluverðið.

Söluskatt skal þó ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það í starfslaunasjóð myndlistarmanna. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins.

4. gr.

Leyfishafar eða uppboðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppboði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

5. gr.

Um sölu á uppboðunum gildir m.a. sú regla laga um lausafjárkaup að kaupandi getur ekki borið fyrir sig neinn galla á sölumun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna eða seljandi hafi haft svik í frammi.

6. gr.

Þeir sem halda án leyfis uppboð, opin almenningi eða í þrengri hópi, ellegar brjóta lög þessi með öðrum hætti skulu sæta sektum eða þyngri viðurlögum samkvæmt öðrum lögum. Með brot skal farið að hætti opinberra mála. Sektirnar renni í ríkissjóð.

7. gr.

Í reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. 7. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
b. lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
c. 2. mgr. laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginmarkmiðið með frumvarpi þessu, sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu, er að gera reglur um listmunauppboð frjálslegri en verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir takmörkuðum fjölda leyfishafa sem aðeins geti haldið uppboð í ákveðnum kaupstað hver fyrir sig.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er veiting leyfa bundin við aðeins fimm menn í Reykjavík og tvo menn í hverjum hinna kaupstaðanna. Í Reykjavík hafa löngum þrír af fimm leyfishöfum fengist við frímerkjauppboð en talið hefur verið að leyfi þyrfti til slíkra uppboða. Hafa þá einungis tveir leyfishafar haft hug á uppboðum á málverkum, myndum, listmunum og bókum og jafnvel aðeins annar þeirra verið virkur þannig að orðið hefur að synja umsækjendum um leyfi án tillits til hæfni. Þá getur valdið erfiðleikum, a.m.k. í Reykjavík og nágrenni, að mega ekki velja heppilega sali undir uppboð í nágrannakaupstöðum leyfishafa.

Ástæða þykir til að taka fram að leyfi þurfi til frímerkjauppboðs þótt slíkt sé ekki gert í gildandi lögum og er hér tekið mið af framkvæmdinni og gömlum réttarreglum á þessu sviði.

Þá þykir rétt að gefa ekki aðeins einstaklingum kost á uppboðsleyfum heldur og félögum eða öðrum lögaðilum á svipaðan hátt og gert er varðandi verslunarleyfi.

Ekki þykir ástæða til að hafa leyfin tímabundin fremur en sum önnur leyfi sem stjórnvöld veita.

Um 2. gr.

Reynslan hefur sýnt að æskilegt sé að lögfesta skýra heimild til að veita viðurkenndum líknarfélögum o.fl. leyfi til að halda í fjáröflunarskyni einstaka uppboð, annaðhvort opið almenningi eða á lokuðum samkomum, enda gæti þau ákvæða laganna um listmunauppboð o.fl. og annarra laga, t.d. laga um söluskatt.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að sömu gjöld séu tekin af uppboðsmunum hjá öllum leyfishöfum, bæði þeim sem hafa ótímabundin leyfi skv. 1. gr. og hinum sem hafa skv. 2. gr. leyfi bundin við ákveðinn tíma.

Söluskattur yrði áfram af andvirði seldra bóka og frímerkja en nýmæli er að í stað 25% söluskatts af málverkum, myndum og listmunum kæmi 10% gjald er rynni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Gildistími höfundaréttar er 50 ár frá láti höfundar samkvæmt nánari reglum þeirra laga. Með lækkun gjalda af málverkum, myndum og listmunum á uppboðum er stefnt að því að greiða fyrir söluformi þessu er nýtur vinsælda hér á landi sem erlendis. Jafnframt er hlúð að listamönnunum og lögfest sú regla um sölu á ofangreindum verkum á listmunauppboðum er kallast fylgiréttur (droit de suite) í erlendri löggjöf. Í fylgiréttinum felst að við endursölu á listaverkum renni ákveðinn hundraðshluti af söluverði til myndlistarmannanna sjálfra eða erfingja þeirra. Í frönskum lögum er nú miðað við 3% en í vestur-þýskum lögum við 5%. Meiri hluti dönsku höfundaréttarnefndarinnar hefur gert tillögu um fylgirétt í danskri löggjöf. Í Noregi er farin skyld leið en þar rennur 3% gjald af sölu myndverka í sérstakan sjóð til styrktar myndlistarmönnum. Svipað yrði farið að hér og í Noregi ef höfundaréttur væri fallinn niður eða fénu yrði ekki ráðstafað. Þá rynni það í starfslaunasjóð myndlistarmanna. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra geti sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins, bæði að því er varðar fylgiréttinn og starfslaunasjóðinn.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sniðið eftir 2. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, og er sett til að gæta sem best hagsmuna seljenda og bjóðenda á uppboðum.

Um 5. gr.

Til skýringar skal tekið fram að í 1. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, segir að ákvæðum laganna skuli þá aðeins beita er ekkert annað sé um samið berum orðum eða verði álitið fólgið í samningi eða leiði af verslunartísku eða annarri venju.

Um 6. gr.

Refsiákvæðin eru ákveðin með hliðsjón af lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu.

Um 7.–8. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 271. Fyrirspurn [250. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðlag og sölu á kindakjöti.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvert var heildsöluverð á kindakjöti, smjöri og mjólk að meðaltali hvert ár frá 1976–86, einnig reiknað á föstu verði samkvæmt verðlagi í árslok 1986?

2. Hverju námu niðurgreiðslur á verði þessara vörutegunda sama tímabil, reiknað með sama hætti?
3. Hvert er sölumagn á þessum vörum sama tímabil?
4. Hvert var heildsöluverð þessara vara í hlutfalli við framfærsluvísitölu þetta tímabil?
5. Hvert var smásöluverð þessara vara sama tímabil — áætlað meðalverð samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofnunar eftir að álagning var gefin frjáls?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 272. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 var því slegið föstu að með því næðust fram þau meginmarkmið „að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila verða ekki meiri en nemur afborgunum eldri gengisbundinna lána. Í öðru lagi er með þessu frumvarpi séð til þess að sem næst jöfnuður verði á rekstri ríkisins, en það er veigamikil forsenda jafnvægisbúskapar á efnahagssviðinu almennt".

Fjárlög fyrir árið 1986 voru síðan afgreidd með 163 millj. kr. rekstrarafgangi. Nú í árslok er á hinn bóginn ljóst að halli á rekstri ríkissjóðs verður nálega 2000 millj. kr. og brestur þar „veigamikil forsenda jafnvægisbúskapar á efnahagssviðinu almennt".

Á sama hátt hefur tekist til um annað yfirlýst meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Nýjar erlendar langtímalántökur opinberra aðila nema á árinu 1986 5158 millj. kr. en afborganir slíkra lána á hinn bóginn 2700 millj. kr. Hrein erlend skuldaaukning opinberra aðila nemur því nær 2½ milljarði króna á þessu ári.

Þannig hefur niðurstaðan orðið um stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum, og með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er enn haldið áfram á sömu braut hallareksturs og skuldasöfnunar. Nú er horfið frá öllum jákvæðum markmiðum og beinlínis stefnt að stórfelldum hallarekstri ríkissjóðs þriðja árið í röð, samtals um 6000 millj. kr. á þremur árum á verðlagi 1986. Þrátt fyrir mjög verulega auknar þjóðartekjur öll þessi ár, sem gera má ráð fyrir að færi ríkissjóði sérstaklega um 4000 millj. kr. í bruttótekjur, þá jafngildir hallarekstur og skuldasöfnun ríkissjóðs á þessu tímabili um 12 Hafskipsgjaldþrotum.

Á s.l. vori átti verkalýðshreyfingin frumkvæði að því við gerð kjarasamninga að átak yrði gert til þess að kveða niður verðbólgu í landinu, og náði fram samningum við ríkisvaldið um framgang þeirrar stefnu. Fyrir þætti ríkisins í samningunum hefur ríkisstjórnin ekki séð með öðrum hætti en auknum hallarekstri og skuldasöfnun innan lands og utan, og stefnir með því í hættu þeim árangri sem verkalýðsfélögin kepptu að í verðlagsmálum. Ríkisstjórnin velti vandanum á undan sér eftir febrúarsamningana með athafnaleysi í tekjuöflun og óráðsíu í útgjöldum. Niðurstaðan er 2000 millj. kr. rekstrarhalli ríkissjóðs í góðærinu.

Fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár staðfestir síðan að enn á að hafa sama háttinn á. Þar er sérstaklega boðaður viðbótarhallarekstur og skuldasöfnun.

Enn hafa ekki verið lagðar fyrir fjárveitinganefnd neinar upplýsingar um áhrif nýgerðra kjarasamninga á hag ríkissjóðs eða hvernig ríkisvaldið hyggst gegna sínu hlutverki í verðlagsmálum. En ljóst er að árangur samninganna getur staðið eða fallið með efnahagsákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Þar er afgreiðsla fjárlaga og lánsfjáráætlunar eitt lykilatriðið.

Augljóst er að snúa verður af braut hallareksturs og skuldasöfnunar. Hvort tveggja hefur brugðist, tekjuöflunarstefnan og aðhald í útgjöldum. Frá árinu 1984 til tekjuáætlunar 1987 hafa tekjur ríkissjóðs á föstu verðlagi hækkað um 0,6% á uppgripaárum en útgjöld um 16,3%. Fyrirtæki og eignaaðilar hafa notið aukinna skattaívilnana og meira en helmingur fyrirtækja greiðir engan tekjuskatt. Á Íslandi nemur tekjuskattur félaga 2,4% af heildartekjum ríkissjóðs en t.d. í Bandaríkjunum 7,1%.

Tekjuöflunin er vanrækt gagnvart gróðafyrirtækjum en útgjaldaþættirnir vaxa. Þar eru fjárveitingar til aðalskrifstofu ráðuneytanna dæmigerðar um það aðhald sem beitt er. Framlag til þeirra hækkar að jafnaði um rúmlega 25% frá fjárlögum 1986 til fjárlagafrumvarps 1987, sem er á desemberverðlagi 1986, en á sama tímabili hafa laun hækkað um nálega 14% og rekstargjöld um tæp 3%.

Á sama tíma hafa framkvæmdaframlög verið stórlega skorin niður, einkum á þessu ári. Þau framlög hækka nokkuð í fjárlagafrumvarpinu og í meðförum fjárveitinganefndar en fela þó í sér verulegan niðurskurð t.d. frá árinu 1983. Miðað við breytingartillögur fjárveitinganefndar nú við 2. umr. þyrfti framlag til dagvistarstofnana, mennta- og fjölbrautaskóla, grunnskóla, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, hafnarframkvæmda og flugvalla að hækka um ríflega 30% til þess að jafngilda framlögum samkvæmt ríkisreikningi 1983.

Vegna niðurskurðar á framkvæmdafé eru ógreiddar til sveitarfélaga mjög verulegar fjárhæðir vegna sameiginlegra framkvæmda sem sveitarfélög hafa staðið að með ríkinu. Það hefur svo enn hert að sveitarfélögunum að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur að meðtöldu árinu 1987 verið skorinn niður um ríflega 700 millj. kr. á núgildandi verðlagi.

Lengst ganga þó stjórnarflokkarnir í niðurskurði á framlögum til samfélagslegrar þjónustu þegar þeir elta uppi þá sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, öryrkja, og skera niður framkvæmdasjóð þeirra um 50 millj. kr. samkvæmt þrengstu skilgreiningu og gera auk þess upptækar ríflega 30 millj. kr. frá þessu ári. Þannig bitna einu tilburðirnir til aðhalds á því sem síst skyldi, samfélagslegum framkvæmdum og þjónustu og málefnum þeirra sem minnst mega sín.

Ljóst er að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 vantar verulegar fjárhæðir til þess að tryggja þann lágmarksrétt þeirra sem hafa nánast eingöngu bætur almannatrygginga sér til framfærslu, að upphæð bótagreiðslna dragist ekki aftur úr launagreiðslum í landinu. Á það hefur vantað verulega á þessu ári þar sem elli- og örorkubætur og tekjutrygging hefur samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins aðeins hækkað um tæplega 17% frá upphafi til loka árs á sama tíma og almennar tekjur hafa hækkað um 35%.

Nú, þegar gerðir hafa verið kjarasamningar um verulega hækkun lágmarkslauna, hljóta þessi kjaramál skjólstæðinga almannatrygginga að koma til sérstakrar endurskoðunar. Síst er ástæða til þess að þeir landsmenn, sem hafa lífsframfæri sitt nánast eingöngu af tryggingabótum, dragist aftur úr öðrum þegar allar ytri aðstæður í þjóðarbúinu eru einhverjar þær hagstæðustu sem þekkst hafa.

Til þess að tryggja kaupmátt jafnt launa sem tryggingabóta þarf stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt að þjóna þeim tilgangi að viðhalda efnahagslegu jafnvægi, draga úr þenslu á uppgangstímum en veita viðbótarfjármagn inn í efnahagskerfið á stöðnunar- og samdráttartímum. Þar dugir ekki sú stefna, sem stjórnarflokkarnir hafa ástundað, að hlaða aðeins stíflugarða og greiða hlut ríkisins í aðgerðum í verðlagsmálum með skuldasöfnun einni saman, með þeim afleiðingum sem slík milljarða króna skuldasöfnun árum saman hefur á efnahagskerfið þegar þensla er þar fyrir.

Ef ríkisstjórnin ætlar að afgreiða fjárlög eins og að er stefnt með framlagningu fjárlagafrumvarpsins og halda óbreyttri stefnu í ríkisfjármálum eitt árið enn þá bresta stíflurnar fyrr eða síðar með óhjákvæmilegum afleiðingum: verðlagssprengingu.

Ýmislegt kann að steðja að sem stefnir í hættu árangri nýgerðra kjarasamninga en ljóst er að ein alvarlegasta hættan er stefna stjórnarflokkanna í málefnum ríkissjóðs.

Alþingi, 10. des. 1986.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.

Nd. 273. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt á fund sinn Indriða Þorlákssson og Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti, Kristján Thorlacius frá BSRB, Elínu Ólafsdóttur frá BK og Birgi Björn Sigurjónsson frá BHMR. Frumvarp þetta er samkomulagsmál fjármálaráðuneytis og BSRB, BK og BHMR. Málsaðilar óskuðu eftir því að meðfylgjandi minnismiði yrði prentaður í nál. til frekari túlkunar á 14. og 17. gr. frumvarpsins.

Minnismiði
um verkfallsákvæði í 14. og 17. grein frumvarps til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í framhaldi af framlagningu frumvarpsins hafa fjármálaráðuneytið og fulltrúar BSRB, BHMR og BK, sem að undirbúningi þess unnu, rætt um ákvæði 14. og 17. gr. með tilliti til samúðarverkfalla.

Í 14. gr. frumvarpsins er heimild til verkfalls miðuð við að verkfalli sé beitt til að stuðla að framgangi krafna félags í kjaradeilu. Í 17. gr. eru tilgreindar takmarkanir á beitingu verkfalls með sama hætti og í lögum nr. 80/1938.

Greinar þessar eru að mestu efnislega samhljóða 14. og 17. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þeim lögum eru engin sérstök ákvæði um samúðarverkföll en þau hafa engu að síður og þrátt fyrir orðalag 14. gr. þeirra laga verið talin heimil.

Við samningu frumvarpsins var rætt um það efni en svo virðist að ekki hafi legið fyrir ótvíræður sameiginlegur skilningur aðila á heimild til slíkra verkfalla.

Aðilar hafa orðið sammála um að rétt sé að í þessu efni gildi sömu réttarreglur og hjá öðrum stéttarfélögum, sbr. þó sérreglur frumvarpsins um boðun og framkvæmd verkfalls hjá opinberum starfsmönnum. Með hliðsjón af því leggja þeir einnig til að 14. og 17. gr. frumvarpsins verði óbreyttar frá því sem nú er og þar með efnislega hliðstæðar samsvarandi greinum í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nefndin flytur að beiðni sömu aðila breytingartillögu við 19. gr. á sérstöku þingskjali. Einnig flytur nefndin breytingartillögu við 1. gr. á sérstöku þingskjali og leggur til að frumvarpið verði samþykkt svo breytt.

Alþingi, 10. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Svavar Gestsson.
Ólafur G. Einarsson.	Halldór Blöndal.	Friðrik Sophusson.
	Guðmundur Bjarnason.	

Nd. 274. Breytingartillaga [211. mál]

við frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 19. gr. Síðari mgr. orðist svo:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

Nd. 275. Breytingartillaga [211. mál]

við frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við upptalningu í 1. tölul. 1. gr. bætist í stafrófsröð: rektor Tækniskóla Íslands og ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi.

Nd. 276. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir meiri hl. með samþykkt þess með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðsins „verkföll“ komi: verkfall.

Alþingi, 10. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Halldór Blöndal.	Friðrik Sophusson.	Guðmundur Bjarnason.

Nd. 277. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Ólafur G. Einarsson.	Halldór Blöndal.	Friðrik Sophusson.
	Guðmundur Bjarnason.	

Nd. 278. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um Kjaradóm.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum eða flytja þær.

Alþingi, 10. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Ólafur G. Einarsson.	Halldór Blöndal.	Friðrik Sophusson.
	Guðmundur Bjarnason.	

Nd. 279. Breytingartillaga [228. mál]

við frv. til l. um Kjaradóm.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við upptalningu í 2. gr. bætist í stafrófsröð: rektor Tækniskóla Íslands og ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi.

Nd. 280. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður er ósamþykkur því að lögreglumenn og tollverðir verði sviptir verkfallsrétti. Ljóst er hins vegar að lögreglumenn og tollverðir hafa fallist á þetta fyrirkomulag og að

málið er hluti af heild sem nú liggur fyrir þinginu í fjórum frumvörpum. Minni hl. mun því ekki greiða atkvæði um mál þetta.

Alþingi, 10. des. 1986.

Svavar Gestsson.

Sþ. 281. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Helga Seljan, Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	
Fyrir „100 000“ kemur	180 000

Sþ. 282. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „18 670“ kemur	19 670
b. Við 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar.	
Fyrir „350“ kemur	795
2. Við 4. gr. 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. 6.40 Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni.	
Fyrir „1 000“ kemur	1 400
3. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans. 1.20 Eðlisfræðistofa.	
Fyrir „11 287“ kemur	11 887
4. Við 4. gr. 02-207 Íslensk málstöð.	
Fyrir „4 191“ kemur	4 491
5. Við 4. gr. 02-301 Menntaskólinn í Reykjavík. Nýr liður:	
5.01 Endurbætur á sal	500
6. Við 4. gr. 02-302 Menntaskólinn á Akureyri.	
a. 6.01 Endurbætur.	
Fyrir „1 500“ kemur	3 500
b. Nýr liður:	
6.10 Heimavist, hönnun	300
7. Við 4. gr. 02-308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut. 6.01 Endurbætur.	
Fyrir „500“ kemur	2 300
8. Við 4. gr. 02-321 Kennaraháskóli Íslands.	
Fyrir „98 822“ kemur	101 022

	Þús. kr.
9. Við 4. gr. 02-322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands. Nýr liður:	
6.01 Lóð og tækjakaup	1 175
10. Við 4. gr. 02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands. Nýr liður:	
5.01 Viðhald	800
11. Við 4. gr. 02-351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík. Nýr liður:	
6.11 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús	4 000
12. Við 4. gr. 02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Nýr liður:	
6.10 Viðbygging	3 000
13. Við 4. gr. 02-354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi 6.01 Heimavist.	
Fyrir „4 800“ kemur	6 000
14. Við 4. gr. 02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Nýr liður:	
6.10 Verknámshús	3 500
15. Við 4. gr. 02-356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Nýr liður:	
6.10 Loftræstibúnaður	800
16. Við 4. gr. 02-422 Námsgagnastofnun.	
a. Við 1.20 Framleiðsludeild.	
Fyrir „66 843“ kemur	68 043
b. Við 1.30 Fræðslumyndasafn.	
Fyrir „6 873“ kemur	7 573
17. Við 4. gr. 02-501 Tækniskóli Íslands. 6.01 Tækjabúnaður o.fl.	
Fyrir „2 500“ kemur	6 400
18. Við 4. gr. 02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Nýr liður:	
6.10 Lóðaframkvæmdir	2 400
19. Við 4. gr. 02-514 Iðnskólinn í Reykjavík. 5.01 Fasteignir.	
Fyrir „2 000“ kemur	3 000
20. Við 4. gr. 02-515 Iðnskólar utan Reykjavíkur.	
Fyrir „27 117“ kemur	31 617
21. Við 4. gr. 02-516 Iðnskólar, almennt.	
Fyrir „6 800“ kemur	7 900
22. Við 4. gr. 02-553 Hússtjórnarskólar. 5.90 Viðhaldsfé, óskipt.	
Fyrir „3 000“ kemur	3 800
23. Við 4. gr. 02-610 Héraðsskólar. 6.90 Stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Héraðsskólar (02-610 6.90).	Þús. kr.
1. Reykholt	8 000
2. Núpur	1 200
3. Reykjanes	650
4. Reykir	1 100
5. Laugar	900
6. Eiðar	1 100
7. Skógar	800
8. Laugarvatn	650
	14 400

Þús. kr.

24. Við 4. gr. 02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
a. Stofnkostnaður.
Fyrir „185 500“ kemur 209 195
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02-730 6.90).

a. Bygging grunnskóla o.fl.:

	Þús. kr.
1. Reykjavík:	
Hlíðaskóli, 4. áf. og íþróttahús	1 282
Hólabrekkuskóli, 2.–3. áf.	3 652
Hvassaleitisskóli, 3. áf. íþróttahúss	533
Seljaskóli, 1., 2. og 3. áf.	3 000
Foldaskóli, 1. áf.	14 000
Vesturbæjarskóli, 1. áf.	3 384
Ölduselsskóli, 2. áf.	1 710
Ártúnsskóli	500
Selásskóli, 1. áf.	500
Grandaskóli	500
2. Kópavogur:	
Hjallaskóli, 1. áf.	6 818
Snælandsskóli, 1. og 2. áf. m/íþróttasal	5 182
3. Hafnarfjörður:	
Sundlaug	500
Víðistaðaskóli, 4. áf., 5. áf. a og b	3 200
Öldutúnsskóli, 4. áf.	2 500
4. Seltjarnarnes:	
Sundlaug	500
5. Garðabær:	
Sundlaugarhús	100
6. Keflavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	400
Sundlaug	600
7. Grindavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	2 300
Skóli, viðbygging	1 300
8. Njarðvík:	
Íþróttahús, 2. og 3. áf. og viðb. skóla	1 300
9. Bessastaðahreppur:	
Skóli og íþróttamannvirki	3 500
10. Mosfellshreppur:	
Íþróttahús, 1. áf.	1 791
Varmárskóli, 2. áf.	2 000
11. Sandgerði:	
Stækkun skóla, 2. áf.	1 500
Sundlaug og íþróttahús	500

	Þús. kr.
12. Gerðahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	100
Stækkun skóla	500
13. Vatnsleysustrandarhreppur:	
Sundlaug og baðklefar	100
14. Kjalarnes:	
Stækkun skóla	2 000
15. Akranes:	
Grundaskóli, 1. og 2. áf.	4 000
Brekkubæjarskóli, viðbygging	6 270
16. Ólafsvík:	
Stækkun skóla	800
17. Andakílshreppur:	
Grunnskóli Hvanneyri	500
18. Reykholtsdalshreppur:	
Sundlaug	800
19. Stafholtstungnahreppur, Varmalandsskóli:	
Íþróttahús	50
Viðbygging, 1. áf.	1 850
20. Borgarneshreppur:	
Grunnskóli, stækkun, breyting	1 000
21. Eyjahreppur, Laugagerðisskóli:	
Íþróttahús og stækkun skóla	1 500
22. Neshreppur utan Ennis, Hellissandur:	
Stækkun skóla, 1. og 2. áf.	300
23. Eyrarsveit, Grundarfjörður:	
Íþróttahús	1 500
24. Stykkishólmshreppur:	
Skóli og íþróttahús	2 800
25. Laxárdalshreppur, Búðardalur:	
Skóli, 2. áf.	1 302
26. Hvammshreppur, Laugaskóli:	
Íþróttahús	1 500
Skuldaskil	2 500
27. Ísafjörður:	
Skóli	2 637
Skuldaskil	3 000
28. Bolungarvík:	
Íþróttahús, 1. áf.	250
Stækkun skóla og viðbygging, 1. áf.	3 000
29. Geiradalshreppur:	
Íbúð, 1. áf., viðbygging v. félagsheimili	600
30. Barðastrandarhreppur:	
Skóli og jarðborun	100
31. Patrekshreppur:	
Viðbygging skóla	2 500
32. Tálknafjarðarhreppur:	
Íþróttahús og félagsheimili	750

	Þús. kr.
33. Flateyrarhreppur:	
Sundlaug og íþróttahús	1 500
34. Suðureyrarhreppur:	
Íþróttaaðstaða í félagsheimili	600
35. Súðavíkurhreppur:	
Skóli, nýbygging	600
36. Árneshreppur, Finnbogastaðir:	
Skólastjóraíbúð, stækkun	700
37. Kaldrananeshreppur:	
Endurbætur skóla á Drangsnesi og Klúku	800
38. Hólmavíkurhreppur:	
Skóli, 2. áf.	1 000
39. Fells- og Óspakseyrarhreppur:	
Skóli Broddanesi	250
40. Siglufjörður:	
Íþróttahús	2 200
41. Sauðárkrókur:	
Íþróttahús, 1. áf.	2 000
Barnaskóli, endurbætur	1 000
42. Laugabakkaskóli:	
Íþróttahús	50
43. Hvammstangahreppur:	
Skóli, nýbygging	2 500
44. Þverárhreppur:	
Íbúð	600
45. Torfalækjarhreppur, Húnavallaskóli:	
Endurbætur o.fl.	500
Íbúð	1 000
46. Skagaströnd:	
Sundlaug	500
47. Blönduóshreppur:	
Íþróttahús	2 500
48. Seyluhreppur, Varmahlíð:	
Íþróttamannvirki	2 400
Uppgjör vegna skóla	100
49. Lýtingsstaðahreppur:	
Íþróttahús og sundlaug	72
Skólastjórabústaður	200
50. Akrahreppur:	
Skóli, viðbygging	50
51. Hólahreppur:	
Skóli, íbúðir og skólastjóraíbúð	50
52. Hofsóshreppur:	
Viðbygging skóla, 4. áf. bókasafns	50
53. Haganeshreppur:	
Skóli, nýbygging	1 600

	Þús. kr.
54. Akureyri:	
Glerárskóli	1 000
Lundarskóli, 2. áf.	2 000
Oddeyrarskóli, stækkun	439
Íþróttahús	2 000
Síðuskóli, 1. áf.	2 600
55. Húsavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	5 200
56. Ólafsfjörður:	
Barnaskóli, endurbætur og lóð	2 300
Íþróttahús	200
57. Dalvík:	
Mötuneyti í heimavist	100
Skóli, stækkun	700
58. Grímseyjarhreppur:	
Skólastjóraíbúð	300
Sundlaug	1 500
59. Svarfaðardalshreppur:	
Sundskáli, endurbætur	400
Kennaraíbúð	100
60. Hríseyjarhreppur:	
Íþróttahús og skóli	1 400
61. Glæsibæjarhreppur, Þelamerkurskóli:	
Uppgjör	100
62. Hrafnagilshreppur:	
Sundlaug og íþróttahús, 3. áf.	2 100
63. Öngulsstaðahreppur, Laugaland:	
Endurbætur	500
64. Svalbarðsstrandarhreppur:	
Íþróttahús o.fl.	300
65. Grýtubakkahreppur, Grenivík:	
Skóli og íþróttaaðstaða	1 200
66. Bárðdælahreppur:	
Mötuneyti skóla	200
67. Skútustaðahreppur:	
Sundlaug	50
Skóli	950
68. Reykdælahreppur:	
Íbúð	400
69. Aðaldælahreppur, Hafralækjarskóli:	
Íbúðir	200
70. Öxarfjarðarhreppur, Lundarskóli:	
Skóli, 1. áf. og mötuneyti	1 000
71. Presthólahreppur, Kópasker:	
Skóli, nýbygging	200
72. Raufarhafnarhreppur:	
Sundlaug	400

	Þús. kr.
73. Svalbarðshreppur:	
Skóli og íbúð	800
74. Seyðisfjörður:	
Nýbygging skóla	2 000
75. Neskaupstaður:	
Íþróttahús	200
76. Eskifjörður:	
Skóli og íþróttahús, endurbætur	2 500
77. Skeggjastaðahreppur:	
Skóli, nýbygging	1 500
78. Vopnafjarðarhreppur:	
Íþróttahús	1 800
79. Jökuldalshreppur:	
Stækkun skóla, endurbætur og íþróttahús	600
80. Hlíðarhreppur:	
Lóðaframkvæmdir	200
81. Egilsstaðahreppur:	
Íþróttahús, 1. og 2. áf.	800
Sel í Fellahreppi	1 500
82. Eiðahreppur:	
Viðbygging skóla	500
83. Mjóafjarðarhreppur:	
Skóli og endurbætur	200
84. Reyðarfjörður:	
Stækkun skóla	200
85. Búðahreppur, Fáskrúðsfjörður:	
Endurbygging sundlaugar og íbúðar	1 000
Íþróttahús	200
86. Stöðvarhreppur:	
Skóli og sundlaug	2 000
87. Breiðdalshreppur:	
Skóli	2 000
88. Búlandshreppur, Djúpivogur:	
Heimavist	1 800
89. Geithellnahreppur:	
Skóli, nýbygging	42
90. Nesjahreppur:	
Skóli, uppgjör, íþróttaaðstaða o.fl.	2 000
91. Hafnarhreppur:	
Heppuskóli, lóð og viðgerð	800
92. Mýrahreppur:	
Íbúð	600
93. Borgarhafnarhreppur:	
Hrollaugsstaðaskóli, viðbót og endurbætur	1 200
94. Hofshreppur:	
Nýbygging skóla í Öræfum	800
95. Fræðsluskrifstofan Austurlandi	10

		Þús. kr.	Þús. kr.
96.	Vestmannaeyjar:		
	Hamarsskóli, 1. áf.	5 300	
97.	Selfoss:		
	Gagnfræðaskóli og íþróttahús	300	
	Barnaskóli, viðgerð og endurbætur	200	
98.	Kirkjubæjarhreppur:		
	Stækkun skóla	900	
99.	Vík:		
	Skólamannvirki	300	
100.	Austur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	300	
101.	Vestur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	300	
102.	Austur-Landeyjahreppur:		
	Íbúð	500	
103.	Vestur-Landeyjahreppur:		
	Stækkun skóla og íbúð	100	
104.	Hvolhreppur:		
	Skóli, 2. áf.	700	
	Sundlaug og búningsklefar	1 000	
105.	Rangárvallahreppur:		
	Sundlaug, íþróttaaðstaða og lóð	1 000	
	Stækkun grunnskóla	700	
106.	Holtahreppur, Laugaland:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	2 500	
107.	Gaulverjabæjarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500	
108.	Stokkseyrarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða og sundlaug	500	
109.	Eyrarbakkahreppur:		
	Stækkun skóla	400	
110.	Hraungerðishreppur:		
	Skóli, 2. áf.	1 000	
111.	Skeiðahreppur:		
	Viðbót við skóla	1 000	
112.	Gnúpverjahreppur:		
	Skóli, nýbygging	2 100	
113.	Biskupstungnahreppur:		
	Skóli	400	
114.	Hveragerðishreppur:		
	Skóli, viðbygging	2 263	
115.	Ölfushreppur, Þorlákshöfn:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	2 000	
	Sundlaug	263	
			205 700

b. Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:	Þús. kr.
1. Reykjavík, sundlaug við Ölduselsskóla	5
2. Reykjavík, Suðurselásskóli	5
3. Seltjarnarnes, skóli	5
4. Kópavogur, kennslusundlaug	5
5. Garðabær, Hofstaðaskóli	5
6. Hafnarfjörður, skóli	5
7. Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5
8. Keflavík, skóli	5
9. Mosfellshr., gagnfræðask., Brúarland, stækkun	5
10. Gerðahreppur, skóli, viðbygging	5
11. Akranes, sundlaug	5
12. Heiðarskóli, endurbygging, hitaveita	5
13. Varmaland, hitaveita	5
14. Ólafsvík, íþróttasalur	5
15. Grundarfjörður, endurbætur á skólastj.íb.	5
16. Stykkishólmur, sundlaug	5
17. Búðardalur, íþróttahús	5
18. Ólafsvík, endurbætur á skólastjóraíbúð	5
19. Reykhólar, íbúð	5
20. Bíldudalur, íþróttahús	5
21. Þingeyri, sundlaug	5
22. Súgandafjörður, sundlaug	5
23. Bæjarhreppur, íbúð	5
24. Siglufjörður, skóli, breytingar	5
25. Hvammstangi, íþróttahús	5
26. Blönduós, stækkun skóla	5
27. Skagaströnd, skólastjóraíbúð	5
28. Hólahreppur, sundlaug	5
29. Húnavellir, sundlaug	5
30. Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	5
31. Akureyri, sundlaug	5
32. Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	5
33. Húsavík, barnaskóli, stækkun	5
34. Húsavík, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5
35. Ólafsfjörður, endurbætur sundlaugar	5
36. Þelamörk, íþróttahús	5
37. Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5
38. Árskógsskóli, viðbygging	5
39. Eskifjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5
40. Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð og heimavist	5
41. Hallormsstaður, íþróttahús, sundl., íbúð	5
42. Norðfjarðarhreppur, skóli	5
43. Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5
44. Vestmannaeyjar, breyting grunnskóla	5
45. Vík í Mýrdal, íbúð	5

	Þús. kr.	Þús. kr.
46. Vík í Mýrdal, sundlaug	5	
47. Ketilsstaðaskóli, stækkun	5	
48. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5	
49. Djúpárhr., sundlaug og íþr.hús, Þykkvabæ	5	
50. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5	
51. Stokkseyrarhreppur, laus kennslustofa	5	
52. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
53. Mýrdalshreppur (Vík), endurbætur	5	
54. Ölfushreppur, Þorlákshöfn, íþróttahús	5	
		270
c. Orkusparandi aðgerðir		950
d. Stofnbúnaður eldri skóla		1 475
e. Hagræðing		800
		209 195

25. Við 4. gr. 02-803 Dagvistarheimili.
a. Stofnkostnaður.
Fyrir „20 000“ kemur 43 195
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Dagvistarheimili, stofnkostnaður (02-803 6.90).

a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa:	Þús kr.	
1. Hellissandur, leikskóli	1 200	
2. Suðureyri	285	
3. Akureyri, Flúðir	2 300	
4. Reyðarfjörður	700	
5. Njarðvík	410	
6. Hafnarfjörður, Smárabraut 1. og 2. áf.	1 000	
7. Garðabær, Hofstaðabraut	1 200	
8. Kópavogur, Grænatún	1 250	
9. Kópavogur, Marbakki	2 000	
10. Mosfellssveit	1 400	
11. Reykjavíkurborg:		
a. Hraunberg, dagheimili, leikskóli	415	
b. Hraunberg, skóladagheimili	400	
c. Hálsasel (Tungusel), skólad.-leikskóli	500	
d. Eiðsgrandi	2 100	
e. Rofabær	2 100	
		17 260
b. Dagvistarheimili sem enn eru í byggingu:		
1. Þingeyri, leikskóli	1 700	
2. Hólmavík, leikskóli	500	
3. Akureyri (Fíladelfíusöfnuður), leikskóli	1 200	
4. Hella, Rangárvallasýslu	1 100	
5. Reykjavíkurborg:		
a. Stangarholt	1 900	
b. Rofabær	1 900	
		8 300

	Þús kr.	Þús. kr.
c. Dagheimili, nýbyggingar á undirbúningsstigi, teknar í fjárlög 1986 eða fyrr:		
1. Andakílshreppur, Borgarfirði	10	
2. Hvammstangi	10	
3. Breiðdalsvík	400	
4. Stokkseyri	400	
5. Keflavík, Heiðarbyggð	1 320	
6. Vatnsleysuströnd	10	
7. Hafnarfjörður, Staðarhraun	780	
		2 930
d. Dagvistarheimili, viðbyggingar við hús sem tekin eru til starfa:		
1. Borgarnes, 2. áf.	500	
2. Blönduós, 2. áf.	10	
3. Skagaströnd, 2. áf.	250	
4. Dalvík, 2. áf.	1 000	
5. Egilsstaðir, 2. áf.	1 600	
6. Höfn í Hornafirði, 2. áf.	500	
7. Seltjarnarnes, 2. áf.	1 100	
		4 960
e. Gömul hús, breytingar og búnaður, tekin til starfa:		
1. Stykkishólmur	300	
2. Búðardalur	300	
3. Hofsós	215	
4. Hrísey	300	
5. Raufarhöfn	300	
6. Eskifjörður	300	
7. Fáskrúðsfjörður	700	
8. Stöðvarfjörður	600	
9. Keflavík, Tjarnarsel	600	
10. Kópavogur, skuld vegna Ástúns	300	
11. Kjalarnes	160	
		4 075
f. Dagheimili, nýbyggingar teknar í fjárlög 1986:		
1. Akranes, Víðigerði	300	
2. Flateyri, leikskóli	300	
3. Siglufjörður, dagheimili, leikskóli	300	
4. Akureyri, Hamarskot	300	
5. Vopnafjörður, leikskóli	300	
6. Fellahreppur, leikskóli	300	
7. Grindavík, leikskóli	300	
8. Kópavogur, dagheimili í austurbæ	300	
9. Reykjavíkurborg:		
a. Seljavegur	10	
b. Ártúnsholt, dagheimili, leikskóli	300	
c. Rekagrandi, dagheimili, leikskóli	300	
d. Jöklasel, dagheimili, leikskóli	300	
		3 310

	Þús kr.	Þús. kr.
g. Dagheimili, nýbyggingar ekki teknar í fjárlög áður:		
1. Ólafsvík	5	
2. Ísafjörður, v/Hlíðarveg, lóð	200	
3. Foreldrafélag Seyluhrepps, Varmahlíð	50	
4. Foreldrafélag Hólahrepps, Hjaltadal	50	
5. Foreldrafélagið, Löngumýri 16, Akureyri	100	
6. Djúpivogur	100	
7. Foreldrafélag Kirkjubæjarhrepps	5	
8. Hvolsvöllur	250	
9. Selfoss	5	
10. Hveragerði, viðbygging	5	
11. Gullvík, Grindavík	20	
12. Hafnarfjörður, dagheimili	5	
13. Bessastaðahreppur	500	
14. Kópavogur, dagheimili, leikskóli	5	
15. Kársnesbraut 121, Kópavogi	50	
16. Foreldrafélagið Ós, Reykjavík	500	
17. Reykjavíkurborg:		
a. Vegna breytinga á Fornhaga 8	5	
b. Vegna breytinga á Njálsgötu 9	5	
		1 860
h. Hönnun nýrra dagvistarheimila		500
		43 195
26. Við 4. gr. 02-881 5.22 Stúdentagarðar. Fyrir „4 000“ kemur		7 000
27. Við 4. gr. 02-884 Jöfnun á námskostnaði. Fyrir „20 000“ kemur		25 000
28. Við 4. gr. 02-885 Fullorðinsfræðsla. Nýr liður: 1.40 Félagsmálanámskeið		150
29. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Fyrir „18 097“ kemur		18 697
30. Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands. Fyrir „11 097“ kemur		12 597
31. Við 4. gr. 02-907 Listasafn Íslands. Fyrir „12 685“ kemur		13 285
32. Við 4. gr. 02-909 Blindrabókasafn Íslands. Fyrir „8 658“ kemur		9 258
33. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð. 1.31 Rannsóknastörf við Mývatn. Fyrir „3 833“ kemur		4 333
34. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.		
a. Við 1.20 Leikfélag Reykjavíkur. Fyrir „5 602“ kemur		6 500
b. Við 1.21 Leikfélag Akureyrar. Fyrir „4 901“ kemur		6 000

	Þús. kr.
c. Nýir liðir:	
1.22 Leiklistarstarfsemi	6 000
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	780
d. Við 1.24 Önnur leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „9 435“ kemur	2 000
e. Nýir liðir:	
1.25 Leiklistarráð	150
1.26 Alþýðuleikhúsið	2 050
f. Við 1.28 Kynning á íslenskri list erlendis.	
Fyrir „1 634“ kemur	3 234
g. Við 1.30 Íslenska óperan.	
Fyrir „4 085“ kemur	4 700
h. Við 1.31 Íslenski dansflokkurinn.	
Fyrir „794“ kemur	930
i. Við 1.37 Tónlistarstarfsemi, styrkir.	
Fyrir „2 334“ kemur	2 800
j. Við 1.42 Myndlistaskólinn í Reykjavík.	
Fyrir „1 342“ kemur	1 600
k. Við 1.43 Myndlistaskólinn á Akureyri.	
Fyrir „2 124“ kemur	2 500
l. Við 1.44 Samband íslenskra myndlistarmanna.	
Fyrir „665“ kemur	720
m. Við 1.45 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.	
Fyrir „531“ kemur	1 200
n. Við 1.75 Lista- og menningarmál, ýmis.	
Fyrir „3 151“ kemur	4 000
o. Nýir liðir:	
1.81 Leikfélög, skuldagreiðslur	3 500
1.82 Ferðaleikhúsið	175
35. Við 4. gr. 02-983 1.10 Vísinda- og fræðistörf.	
Fyrir „675“ kemur	825
36. Við 4. gr. 02-984 Norræn samvinna.	
a. Við 1.11 Norræna félagið.	
Fyrir „134“ kemur	224
b. Nýr liður:	
1.15 Norræni sumarháskólinn	400
37. Við 4. gr. 02-986 6.20 Bygging íþróttamannvirkja.	
a. Stofnkostnaður.	
Fyrir „28 200“ kemur	37 589

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging íþróttamannvirkja (02-986 6.20).

a. Ný íþróttamannvirki:	Þús. kr.
1. Íþróttafélagið Leiknir, Rvk, vallarhús	10
2. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvk, snjótroðari	10
3. Reykjavíkurborg, skíðalyftur fyrir börn	10
4. Siglingasamband Íslands, bátur	10
5. Hafnarfjörður, sundlaug	10
6. Mosfellshreppur, íþróttaleikvangur	10

	Þús kr.	Þús. kr.
7. Ums. Dalamanna, skíðalyfta	10	
8. Íþróttafél. Höfrungur, Þingeyri, skíðal.	10	
9. Umf. Leiftur Ólafsfirði, snjótroðari	10	
10. Húsavík, endurbætur á sundlaug	10	
11. Þórshöfn, íþróttahús	10	
12. Neskaupstaður, endurbætur á sundlaug	10	
13. Neskaupstaður, stækkun íþróttahúss	10	
14. Júdófélagið Kjarni Fellabæ, æfingadýna	10	
15. TBR, íþróttahús	10	
16. Þór Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	10	
17. Týr, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	10	
18. Ölfushreppur, íþróttavöllur	10	
		180
b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1986 eða fyrr:		
1. Glímufélagið Ármann, íþróttahús	100	
2. Glímufélagið Ármann, íþróttasvæði	75	
3. Glímufélagið Ármann, skíðaskáli	5	
4. Knattspyrnufélagið Fram, grasvöllur	350	
5. Knattsp.félagið Fylkir, íþr.völlur, 1. áf.	400	
6. ÍR, íþróttasvæði	200	
7. ÍR, skíðalyfta IV	100	
8. ÍR, troðari	204	
9. Íþróttafélag Rvíkur, skáli fyrir troðara	54	
10. Íþróttafélag fatlaðra, íþróttahús	100	
11. Íþróttabandalag Rvíkur, íþróttabúðir	200	
12. KR, þjónustumiðstöð	300	
13. KR, skíðalyfta	300	
14. KR, íþróttahús lyftingamanna	30	
15. Skotfélag Reykjavíkur, skotsvæði	75	
16. TBR, tennisvellir	200	
17. Knattsp.félagið Valur, íþróttahús	800	
18. Knattsp.félagið Valur, grasvöllur	250	
19. Knattsp.félagið Víkingur, íþróttasvæði	300	
20. Knattsp.félagið Víkingur, skíðalyfta	200	
21. Sundlaug Laugardal, laugarhús	5 000	
22. Laugardalsvöllur, 3. áf.	120	
23. Þjónustumiðstöð í Bláfjöllum, 2. áf.	500	
24. Troðari og skemma í Bláfjöllum	111	
25. Gervigras á Laugardalsvöll	3 000	
26. Skíðalyfta í Bláfjöllum	900	
27. Kópavogur, íþróttahús	400	
28. Íþróttafélagið Gerpla, Kópav., íþróttahús	1 691	
29. Hafnarfjörður, viðbygging við sundlaug	350	
30. Hafnarfjörður, æfingasvæði Kaplakrika	300	
31. FH, Hafnarfirði, áhorfendasv., búningsk.	800	
32. Hafnarfjörður, íþr.völlur Hvaleyrarholti	150	
33. Golfklúbburinn Keilir, stækkun golfvallar	150	
34. Seltjarnarnes, íþróttavöllur	250	

	Þús kr.
35. Seltjarnarnes, sundlaug	200
36. Garðabær, íþróttavöllur	1 100
37. Keflavík, æfingasvæði	50
38. Keflavík, endurbætur á sundlaug	200
39. Keflavík, íþr.leikvangur	250
40. Keflavík, sundlaug	45
41. Keflavík, Heiðarbólsvöllur	250
42. Njarðvík, búningsklefar við völl	250
43. Golfklúbbur Suðurnesja, Keflav., golfskáli	600
44. Grindavík, vallarhús	150
45. Grindavík, íþróttasvæði	100
46. Grindavík, golfklúbbur, golfvöllur	100
47. Grindavík, íþróttahús	150
48. Gerðahr., Gull., íþr.hús og sundlaug	100
49. Gerðahr., Gull., grasv. og vallarhús	90
50. Miðneshreppur, Sandgerði, íþróttahús	44
51. Miðneshreppur, Sandgerði, sundlaug	4
52. Miðneshreppur, Sandgerði, grasvöllur	80
53. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit	400
54. Akranes, grasvöllur, 2. áf.	64
55. Akranes, íþróttahús ÍA	1 250
56. Akranes, sundlaug (opin)	300
57. Golfklúbbur Borgarness, golfv. og skáli	100
58. Andakílshreppur, Borg., sundlaug	50
59. Ólafsvík, íþróttavöllur	150
60. Golfklúbbur Ólafsvíkur, golfvöllur	50
61. Ólafsvík, troðari, skíðalyfta	50
62. Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	2
63. Stykkishólmur, Snæf., íþróttavöllur	100
64. Búðardalur, íþróttavöllur	10
65. Patrekshreppur, V-Barð., malarvöllur	200
66. Tálknafj.hreppur, V-Barð., íþróttahús	40
67. Bíldudalur, V-Barð., íþróttavöllur	100
68. Bolungarvík, skíðalyfta	100
69. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	100
70. Ísafjörður, sundlaug	150
71. Ísafjörður, troðari	72
72. Ísafjörður, vallarhús	33
73. Íþróttabandalag Ísafjarðar, skíðamannv.	50
74. Íþróttafél. Vestri, Ísaf., tímatökutæki	25
75. Súðavíkurhr., N-Ís., malarv., skíðamannv.	100
76. Kaldrananeshr., Strand., laugarhús	100
77. Hvammstangahr., V-Hún., malarvöllur	50
78. Hvammstangahr., V-Hún., sundlaug	16
79. Blönduóshr., A-Hún., íþr.völlur	35
80. Blönduóshr., A-Hún., skíðatogbraut	54
81. Blönduóshr., íþróttahús	75
82. Golfklúbbur Blönduóss, golfvöllur	25

	Þús kr.
83. Höfðahreppur, Skagastr., A-Hún., sundlaug	50
84. Höfðahreppur, Skagastr., A-Hún., skíðask.	150
85. Lýtingsstaðahr., Skag., íþróttavöllur	25
86. Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	50
87. Engihlíðarhr., A-Hún., íþróttavöllur	60
88. Sauðárkrókur, íþróttahús	120
89. Golfklúbbur Sauðárkróks, golfvöllur	175
90. Akrahreppur, Skag., íþróttavöllur	50
91. Siglufjörður, grasvöllur	400
92. Íþr.bandalag Siglufj., skíðamiðst. Hóli	150
93. Siglufjörður, endurbætur á sundlaug	100
94. Siglufjörður, íþróttahús 4%	75
95. Ólafsfjörður, malarvöllur	150
96. Ólafsfjörður, sundlaug	100
97. Umf. Vorboðinn, Reistará, Eyjaf., íþrv.	50
98. Dalvík, grasvöllur, 1. áf.	320
99. Dalvík, toglyfta	600
100. Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	49
101. Akureyri, skokkbraut	75
102. Akureyri, markhús í Hlíðarfjalli	71
103. Akureyri, íþróttahús	450
104. KA, Akureyri, vallarhús	1 150
105. KA, Akureyri, grasvöllur	250
106. Íþr.félagið Þór, Ak., handb.- og tennisv.	60
107. Íþr.félagið Þór, Ak., grasvöllur	400
108. Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	200
109. Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	80
110. Skautafélag Akureyrar, skautasvæði	250
111. Grímsey, sundlaug	200
112. Umf. Reynir, Árskógsstr., íþróttavöllur	50
113. Umf. Bjarmi, Hálsahr., S-Þing., íþróttav.	1
114. Umf. Geisli, Aðaldal, S-Þing., íþróttav.	100
115. HSÞ, Laugum, S-Þing., stækkun íþróttav.	100
116. Reykjahreppur, sundlaug	80
117. Skútustaðahr., S-Þing., malarvöllur	100
118. Skútustaðahr., S-Þing., sundl., vallarhús	75
119. Húsavík, 2. áf. grasvallar	169
120. Húsavík, skíðalyfta	49
121. Húsavík, íþróttahús	900
122. Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	60
123. Presthólahreppur, Kópasker, íþróttavöllur	60
124. Umf. Austri, Raufarhöfn, íþróttavöllur	200
125. Umf. Borgarfjarðar, N-Múl., íþróttavöllur	14
126. UÍA, Eiðum, S-Múl., vallarhús	120
127. Egilsstaðahreppur, S-Múl., íþróttavöllur	68
128. Egilsstaðahreppur, S-Múl., skíðalyfta	80
129. Fellahreppur, N-Múl., íþróttavöllur	25
130. Íþróttafél. Huginn Seyðisf., skíðamannv.	200

	Þús kr.	Þús. kr.
131. Vopnafjörður, íþróttavöllur	50	
132. Golfklúbbur Vopnafjarðar, golfvöllur	40	
133. Umf. Jökuldæla, íþróttavöllur	40	
134. Golfkl. Fljótsdalshéraðs, golfvöllur	35	
135. Seyðisfjörður, endurbætur á sundlaug	80	
136. Seyðisfjörður, íþróttavöllur	34	
137. Neskaupstaður, íþróttasvæði	150	
138. Reyðarfjörður, íþróttavöllur	3	
139. Reyðarfjörður, toglyfta	57	
140. Neskaupstaður, Eskifj. og Reyðarfj., skíðamiðstöð í Oddsskarði	300	
141. Stöðvarhreppur, S-Múl., íþróttavöllur	34	
142. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfv. og skáli	110	
143. Eskifjörður, íþróttavöllur	10	
144. Siglingaf. Sörvi, Egilsst., siglingaaðst.	25	
145. Eskifjörður, baðlaugar	62	
146. Djúpivogur, S-Múl., íþróttavöllur	80	
147. Hafnarhr., A-Skaft., íþróttavöllur	8	
148. Hafnarhreppur, sundlaug	80	
149. Golfklúbbur Hornafjarðar, völlur og skáli	60	
150. Kirkjubæjarhr., V-Skaft., íþróttavöllur	80	
151. Umf. Dyrhólaey, V-Skaft., íþróttavöllur	60	
152. Golfklúbbur Hvolsvallar, golfvöllur	100	
153. Umf. Biskupstungna, íþróttavöllur	80	
154. V-Eyjafjallahreppur, Rang., íþróttavöllur	5	
155. Fljótshlíðarhreppur, baðstofa	80	
156. Umf. Hrunamanna, Árn., íþróttasvæði	11	
157. Sólheimar í Grímsnesi, íþróttahús	600	
158. Djúpárhreppur, Rang., íþróttavöllur	5	
159. Skeiðahreppur, baðstofa	80	
160. Vestmannaeyjar, grasvöllur	70	
161. ÍBV, Vestmannaeyjum, tímatökutæki	40	
162. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	50	
163. Selfoss, búningsklefar við sundhöll	100	
164. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur	300	
165. Stokkseyrarhreppur, Árn., íþróttasvæði	100	
166. Hveragerðishreppur, Árn., sundlaug	53	
167. Hveragerðishreppur, Árn., íþróttahús	97	
		37 059
c. Sérfræðileg aðstoð, eftirlit og leiðbeiningar		350
		37 589
38. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.		
a. Við 1.10 Æskulýðsráð ríkisins.		
Fyrir „817“ kemur		1 000
b. Við 1.12 Ungmennafélag Íslands.		
Fyrir „5 485“ kemur		7 000
c. Við 1.13 Bandalag íslenskra skáta.		
Fyrir „1 984“ kemur		3 100

	Þús. kr.
39. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.	
a. 1.11 Ólympíunefnd Íslands.	
Fyrir „1 575“ kemur	5 500
b. Við 1.13 Íþróttamál fatlaðra.	
Fyrir „1 575“ kemur	2 000
c. Við 1.15 Íþróttastarfsemi, almenn.	
Fyrir „292“ kemur	500
d. Við 1.21 Skáksamband Íslands.	
Fyrir „263“ kemur	450
40. Við 4. gr. 02-991 Húsfriðun.	
a. Við 6.10 Húsfriðunarsjóður.	
Fyrir „1 650“ kemur	2 000
b. Við 6.20 Nesstofa.	
Fyrir „500“ kemur	550
c. Við 6.40 Byggða- og minjasöfn.	
Fyrir „5 900“ kemur	7 400
d. Við 6.60 Sjóminjasafn Íslands.	
Fyrir „1 800“ kemur	2 300
41. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.	
a. Við 1.29 Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu.	
Fyrir „163“ kemur	250
b. Nýir liðir:	
1.30 Dimmuborgir í Mývatnssveit	900
1.31 Geysir í Haukadal	750
1.35 Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum	300
c. Við 1.50 Landssamband hjálparsveita skáta.	
Fyrir „957“ kemur	1 035
d. Nýr liður:	
1.51 Landssamb. hjálparsveita skáta, björgunarnámskeið	400
e. Við 1.70 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur.	
Fyrir „1 587“ kemur	1 875
f. Við 1.71 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur.	
Fyrir „1 961“ kemur	2 500
g. Nýr liður:	
1.90 Söfn, styrkir	1 050
h. Við 1.92 Ýmis framlög.	
Fyrir „4 085“ kemur	3 700
i. Nýir liðir:	
1.95 Fóstrufélag Íslands, samnorrænt námskeið	500
1.98 Félög, styrkir	300
5.71 Hlíðardalsskóli, viðhald	300
42. Við 4. gr. 04-171 Jarðeignir ríkisins.	
Fyrir „7 786“ kemur	10 786
43. Við 4. gr. 04-172 Jarðasjóður.	
Fyrir „2 000“ kemur	4 000

Þús. kr.

44. Við 4. gr. 04-201 Búnaðarfélag Íslands.
    a. Við 1.01 Yfirstjórn.
    Fyrir „9 869“ kemur 10 869
    b. Við 1.20 Ráðunautar.
    Fyrir „19 084“ kemur 19 634
    c. Við 1.30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn.
    Fyrir „13 276“ kemur 14 376
    d. Við 1.50 Landþurrkun. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Landþurrkun (04-201 1.50).	Þús. kr.	
1. Araós	20	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	15	
3. Leiðvallahreppur	45	
4. Dyrhólaós	250	
5. Holtsós	60	
6. Austur-Landeyjahreppur	45	
7. Vestur-Landeyjahreppur	45	
8. Rangárvallahreppur	15	
9. Djúpárhreppur	45	
		540

    e. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „3 375“ kemur 2 075
45. Við 4. gr. 04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
    a. Við 1.10 Rannsóknasvið.
    Fyrir „47 663“ kemur 47 813
    b. Við 5.86 Tilraunastöðin Skriðuklaustri.
    Fyrir „200“ kemur 800
46. Við 4. gr. 04-231 Skógrækt ríkisins.
    a. Nýir liðir:
    1.80 Tilraunir með rótarskóga 150
    1.82 Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt 2 300
    b. Við 1.90 Skógrækt einstaklinga, styrkir.
    Fyrir „315“ kemur 400
47. Við 4. gr. 04-243 Sauðfjárveikivarnir. 5.01 Varnargirðingar.
    Fyrir „1 650“ kemur 3 150
48. Við 4. gr. 04-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.
    a. Við 6.20 Landgræðsluáætlun, RALA.
    Fyrir „3 813“ kemur 4 065
    b. Við 6.30 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.
    Fyrir „6 173“ kemur 7 291
    c. Við 6.40 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.
    Fyrir „29 800“ kemur 31 932
    d. Við 6.50 Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi.
    Fyrir „1 405“ kemur 1 865
49. Við 4. gr. 04-270 6.90 Fyrirhleðslur.
    a. Fyrir „8 600“ kemur 12 500

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:
Fyrirhleðslur (04-270 6.90).

a. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:	Þús kr.	Þús. kr.
1. Skaftá	300	
2. Kúðafljót	400	
3. Markarfljót	500	
4. Norðurá	150	
5. Héraðsvötn	400	
6. Hörgá	300	
7. Eyjafjarðará	200	
8. Hornafjarðarfljót	1 000	
9. Jökulsá á Dal	400	
10. Þjórsá	500	
11. Hoffellsá	1 250	
		5 400
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Vestur-Skaftafellssýsla	600	
2. Rangárvallasýsla	200	
3. Árnessýsla	600	
4. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
5. Snæfellsnessýsla	100	
6. Dalasýsla	100	
7. Múlasýsla	1 000	
8. Austur-Skaftafellssýsla	500	
		3 200
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Suðurlandskjördæmi	250	
2. Reykjaneskjördæmi	100	
3. Vesturlandskjördæmi	150	
4. Vestfjarðakjördæmi	100	
5. Norðurlandskjördæmi vestra	300	
6. Norðurlandskjördæmi eystra	350	
7. Austurlandskjördæmi	150	
		1 400
d. Til fyrirhleðslna.		
1. Hoffellsá, greiðsla á skuld		2 500
		12 500

50. Við 4. gr. 04-270 6.91 Sjóvarnargarðar.
a. Fyrir „1 927“ kemur 2 468
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið (sjá enn fremur 10-333 6.40):

Sjóvarnargarðar (04-270 6.91 og 10-333 6.40).	Þús. kr.
1. Akranes	1 000
2. Ólafsvík	1 000
3. Búðardalur	200

	Þús kr.	Þús. kr.
4. Flateyri	500	
5. Bolungarvík	500	
6. Blönduós	800	
7. Sauðárkrókur	1 000	
8. Siglufjörður	1 000	
9. Dalvík	800	
10. Hjalteyri	700	
11. Húsavík	1 000	
12. Stokkseyri	1 500	
13. Eyrarbakki	3 000	
14. Grindavík	1 500	
15. Miðneshreppur	1 000	
16. Gerðahreppur	1 000	
17. Hafnahreppur	1 000	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	500	
19. Bessastaðahreppur	1 000	
20. Hafnarfjörður	500	
21. Seltjarnarnes	1 000	
		20 500
51. Við 4. gr. 04-288 Jarðræktarlög, framlög 1.10 Ráðunautar. Fyrir „20 719“ kemur		22 169
52. Við 4. gr. 04-289 Jöfnunargjald. Fyrir „4 550“ kemur		18 200
53. Við 4. gr. 04-299 1.18 Skógræktarfélag Íslands. Fyrir „175“ kemur		830
54. Við 4. gr. 04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. 6.31 Rannsóknahús. Fyrir „4 550“ kemur		5 650
55. Við 4. gr. 04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins. 5.01 Fasteignir, gróðurhús. Fyrir „2 000“ kemur		2 600
56. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun.		
a. Nýir liðir:		
1.41 Lúðueldi á Reykjanesi		1 500
1.50 Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands		2 700
b. Við 5.90 Viðhald, óskipt. Fyrir „1 000“ kemur		5 800
57. Við 4. gr. 05-280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla.		
a. Fyrir „700 000“ kemur		675 000
b. Nýr liður:		
1.10 Hlutur Útflutningsráðs Íslands		25 000
58. Við 4. gr. 05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. 6.01 Tækjabúnaður. Fyrir „400“ kemur		600
59. Við 4. gr. 06-202 Ríkissaksóknari. Fyrir „17 116“ kemur		17 516
60. Við 4. gr. 06-204 Borgarfógetinn í Reykjavík. Fyrir „36 628“ kemur		37 278

	Þús. kr.
61. Við 4. gr. 06-216 Sýslumaður Patreksfirði. Nýr liður:	
5.01 Endurbætur	3 000
62. Við 4. gr. 06-222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki. Nýr liður:	
6.01 Nýbygging	3 000
63. Við 4. gr. 06-231 Sýslumaður Vík í Mýrdal. Nýr liður:	
6.02 Innréttingar	2 000
64. Við 4. gr. 06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði.	
1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „35 928“ kemur	36 343
65. Við 4. gr. 06-242 Vinnuhælið á Litla-Hrauni. 5.01 Fasteign.	
Fyrir „1 000“ kemur	2 000
66. Við 4. gr. 06-251 Landhelgisgæsla Íslands.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „22 292“ kemur	22 472
b. Við 6.90 Tækjabúnaður stofnunar.	
Fyrir „6 000“ kemur	7 800
67. Við 4. gr. 06-304 Ýmis kirkjuleg málefni.	
a. Við 1.90 Ýmislegt.	
Fyrir „6 076“ kemur	6 676
b. Við 6.50 Skálholtsstaður.	
Fyrir „600“ kemur	800
c. Við 6.53. Liðurinn orðist svo:	
Hóladómkirkja	5 000
68. Við 4. gr. 07-399 Vatnsveitur.	
Fyrir „10 000“ kemur	18 000
69. Við 4. gr. 07-700 1.04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra.	
Fyrir „37 811“ kemur	41 811
70. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Nýr liður:	
1.22 Sambýli, leiguhúsnæði	1 600
71. Við 4. gr. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi.	
a. Nýr liður:	
1.23 Sambýli fyrir börn	3 180
b. Við 1.80 Atvinnuleit.	
Fyrir „817“ kemur	1 317
72. Við 4. gr. 07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Nýr liður:	
1.70 Sumarbúðir	710
73. Við 4. gr. 07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum 1.01 Svæðisstjórn.	
Fyrir „2 119“ kemur	2 564
74. Við 4. gr. 07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Nýr liður:	
1.21 Sambýli Sauðárkróki	820
75. Við 4. gr. 07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.	
a. Við 1.01 Svæðisstjórn.	
Fyrir „4 366“ kemur	4 686
b. Nýr liður:	
1.23 Sambýli Húsavík	1 050

	Þús. kr.
c. Við 1.70 Vistheimilið Sólborg.	
Fyrir „61 233“ kemur	61 648
d. Við 1.71 Sumarbúðir í Botni.	
Fyrir „1 632“ kemur	1 872
e. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „9 105“ kemur	8 055
76. Við 4. gr. 07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi. 1.01 Svæðisstjórn.	
Fyrir „2 973“ kemur	3 383
77. Við 4. gr. 07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi.	
a. Við 1.40 Leikfangasafn, Vestmannaeyjum.	
Fyrir „586“ kemur	901
b. Við 1.70 Lambhagi.	
Fyrir „5 090“ kemur	5 287
c. Nýr liður:	
1.72 Skaftholt	2 160
78. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál 1.90 Ýmislegt.	
Fyrir „14 416“ kemur	17 866
79. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 1.27 Slysavarnafélag Íslands.	
Fyrir „4 806“ kemur	5 400
b. Við 1.30 Sjómannastofur.	
Fyrir „460“ kemur	500
c. Við 1.31 Félagasamtök, styrkir.	
Fyrir „4 887“ kemur	5 500
d. Við 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „2 500“ kemur	3 500
e. Við 1.90 Ýmis framlög.	
Fyrir „1 300“ kemur	1 500
f. Nýir liðir:	
6.81 Varnargarður við Höfðabrekkujökul	600
6.82 Markarfljót, varnargarðar	2 500
80. Við 4. gr. 08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.	
a. Við 1.01 Almennur rekstur.	
Fyrir „33 633“ kemur	34 133
b. Við 6.01 Útibú á Akureyri.	
Fyrir „200“ kemur	500
81. Við 4. gr. 08-326 Sjónstöð Íslands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „1 652“ kemur	652
82. Við 4. gr. 08-350 Málefni fatlaðra. Liðurinn 1.60 orðist svo:	
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	2 334
83. Við 4. gr. 08-381 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
a. Stofnkostnaður.	
Fyrir „120 000“ kemur	177 280

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

	Þús kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík, Hraunberg H2	16 000	
2. Reykjavík, Grensás	2 500	
3. Akranes, H2	9 000	
4. Borgarnes, H2	300	
5. Ólafsvík, H2	1 000	
6. Grundarfjörður, H1	1 000	
7. Stykkishólmur, H2	3 900	
8. Patreksfjörður, sjúkrahús	4 200	
9. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	22 500	
10. Hvammstangi, sjúkrahús og H2	1 700	
11. Blönduós, sjúkrahús og H2	11 000	
12. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	6 000	
13. Siglufjörður, sjúkrahús	4 400	
14. Ólafsfjörður, H2	400	
15. Dalvík, H2	400	
16. Akureyri, H2	3 400	
17. Húsavík, sjúkrahús og H2	5 500	
18. Raufarhöfn, H1	1 000	
19. Þórshöfn, H1	5 000	
20. Bakkafjörður, H, tækjakaup	300	
21. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H1	10 400	
22. Egilsstaðir, sjúkrahús og H2	3 600	
23. Neskaupstaður, sjúkrahús og H2	1 000	
24. Eskifjörður, H2	1 000	
25. Djúpivogur, H1	4 800	
26. Kirkjubæjarklaustur, H1	500	
27. Vík, H1, tækjakaup og lóð	900	
28. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	2 000	
29. Laugarás, H2, hönnun	200	
30. Eyrarbakki, H	1 300	
31. Þorlákshöfn, H1	4 000	
32. Selfoss, sjúkrahús	3 500	
33. Keflavík, H2	1 000	
34. Sandgerði, H	1 500	
35. Grindavík, H1, hönnun	200	
36. Vogar, H	2 000	
37. Hafnarfjörður, H2	6 000	
38. Seltjarnarnes, H2	1 500	
		144 900

	Þús kr.	Þús. kr.
b. Húsaleiga:		
1. Reykjavík	1 000	
2. Akureyri	4 750	
3. Reyðarfjörður	250	
4. Þorlákshöfn	550	
5. Hafnarfjörður	680	
6. Mosfellssveit	350	
		7 580
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	1 000	
2. Siglufjörður	1 100	
3. Hvolsvöllur	1 000	
		3 100
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Reykjavík, B-álma	9 000	
2. Egilsstaðir	4 000	
3. Höfn	1 000	
4. Hella	1 700	
5. Keflavík, D-álma	3 000	
6. Hafnarfjörður	3 000	
		21 700
		177 280

84. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Nýr liður:
6.91 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi 8 500

85. Við 4. gr. 08-386 St. Jósefsspítali, Landakoti. 1.01 Almennur rekstur.
Fyrir „597 158“ kemur 604 158

86. Við 4. gr. 08-387 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. 1.01 Almennur rekstur.
Fyrir „492 436“ kemur 493 636

87. Við 4. gr. 08-391 Heilsugæslustöðvar.
a. Við 1.01 Almennur rekstur.
Fyrir „222 315“ kemur 230 315
b. Við 5.01 Viðhaldsfé, óskipt.
Fyrir „6 000“ kemur 9 000

88. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.
a. Nýr liður:
1.30 Brjóstakrabbamein 5 000
b. Við 1.31 Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir „15 778“ kemur 18 000
c. Nýr liður:
1.35 Hjartavernd, Monica-rannsóknir 1 000
d. Við 1.37 Hjartavernd.
Fyrir „4 528“ kemur 4 900
e. Nýr liður:
1.41 Atvinnusjúkdómar 150

		Þús. kr.
f.	Við 1.42 Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi.	
	Fyrir „2 469“ kemur	8 000
g.	Nýr liður:	
	1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5 000
89.	Við 4. gr. 08-471 Gæsluvistarsjóður. Nýr liður:	
	1.20 Vernd, félagasamtök	1 000
90.	Við 4. gr. 08-481 Bindindisstarfsemi.	
a.	Við 1.20 Stórstúka Íslands.	
	Fyrir „467“ kemur	500
b.	Nýr liður:	
	1.30 Norrænt bindindisþing	300
91.	Við 4. gr. 08-502 Þroskaþjálfaskóli Íslands.	
	Fyrir „7 891“ kemur	8 191
92.	Við 4. gr. 09-201 Ríkisskattstjóri.	
	Fyrir „53 461“ kemur	56 231
93.	Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins. 1.01 Yfirstjórn.	
	Fyrir „120 000“ kemur	119 500
94.	Við 4. gr. 10-332 6.30 Vitabyggingar.	
	Fyrir „12 600“ kemur	14 000
95.	Við 4. gr. 10-333 6.20 Ferjubryggjur.	
	Fyrir „3 293“ kemur	5 300
96.	Við 4. gr. 10-333 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	
a.	Stofnkostnaður.	
	Fyrir „160 000“ kemur	218 500
b.	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 6.30).	Þús. kr.
1. Akranes	7 000
2. Borgarnes	1 400
3. Arnarstapi	600
4. Ólafsvík	9 000
5. Grundarfjörður	400
6. Stykkishólmur	5 600
7. Karlsey	300
8. Brjánslækur	5 000
9. Patreksfjörður	2 000
10. Tálknafjörður	7 300
11. Bíldudalur	100
12. Þingeyri	300
13. Flateyri	2 300
14. Suðureyri	800
15. Bolungarvík	5 300
16. Ísafjörður	10 900
17. Súðavík	400
18. Norðurfjörður	5 100
19. Drangsnes	1 400
20. Hólmavík	2 500
21. Hvammstangi	1 200

	Þús kr.	Þús. kr.
22. Blönduós	4 000	
23. Skagaströnd	2 200	
24. Sauðárkrókur	5 000	
25. Hofsós	1 000	
26. Haganesvík	2 600	
27. Siglufjörður	7 300	
28. Ólafsfjörður	11 500	
29. Dalvík	2 900	
30. Hrísey	400	
31. Árskógssandur	15 800	
32. Hauganes	300	
33. Hjalteyri	100	
34. Akureyri	5 300	
35. Svalbarðseyri	100	
36. Grenivík	100	
37. Grímsey	3 100	
38. Húsavík	2 100	
39. Raufarhöfn	8 600	
40. Þórshöfn	5 400	
41. Bakkafjörður	7 500	
42. Vopnafjörður	13 500	
43. Borgarfjörður eystri	500	
44. Seyðisfjörður	2 200	
45. Neskaupstaður	2 700	
46. Eskifjörður	1 600	
47. Reyðarfjörður	300	
48. Fáskrúðsfjörður	2 600	
49. Stöðvarfjörður	2 500	
50. Breiðdalsvík	500	
51. Djúpivogur	1 400	
52. Höfn, Hornafirði	6 400	
53. Dyrhólaey	400	
54. Vestmannaeyjar	9 500	
55. Stokkseyri	200	
56. Grindavík	1 800	
57. Sandgerði	5 300	
58. Hafnarfjörður	9 700	
59. Garðabær	3 200	
		218 500

97. Við 4. gr. 10-333 6.40 Sjóvarnargarðar.
    a. Stofnkostnaður.
    Fyrir „8 900“ kemur 18 073
    b. Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti við 04-270 6.91.
98. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
    6.51 Landshöfn Rifi 4 000
99. Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins.
    a. Við 1.01 Almennur rekstur.
    Fyrir „38 764“ kemur 41 815

		Þús. kr.
b.	Við 6.01 Ýmis tæki.	
	Fyrir „1 200“ kemur	1 510
c.	Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „9 472“ kemur	7 922
100.	Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn.	
a.	Við 1.20 Loftferðaeftirlit.	
	Fyrir „7 535“ kemur	7 860
b.	Við 1.40 Flugvalladeild.	
	Fyrir „71 405“ kemur	72 250
101.	Við 4. gr. 10-471 6.80 Framkvæmdir á flugvöllum.	
a.	Stofnkostnaður.	
	Fyrir „60 000“ kemur	69 400
b.	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Framkvæmdir á flugvöllum (10-471 6.80).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Reykjavík:		
a. Girðing, öryggissvæði	9 050	
b. Vörubifreið o.fl.	1 500	
c. Raflögn	1 000	
d. Malbik	5 500	
		17 050
2. Stykkishólmur:		
Öryggissvæði		900
3. Búðardalur:		
Öryggissvæði, girðing		1 700
4. Reykhólar:		
Flugbraut		3 700
5. Bíldudalur:		
Öryggissvæði		3 500
6. Flateyri:		
Farþegaskýli		1 800
7. Reykjanes:		
Flugbraut		1 000
8. Blönduós:		
Flugbrautarljós		1 700
9. Akureyri:		
a. Fjarskiptatæki		
b. Ljósabúnaður		
c. Snjóhreinsibúnaður		4 150
10. Húsavík:		
Öryggissvæði		4 000
11. Egilsstaðir:		
Flugstöð, breyting		3 400
12. Vopnafjörður:		
Flugstöð		4 000
13. Borgarfjörður eystri:		
Snjóhreinsibúnaður		650
14. Norðfjörður:		
a. Flugskýli	1 000	
b. Snjóhreinsibúnaður	3 000	
		4 000

		Þús. kr.
15. Hornafjörður:		
Flugbraut		1 700
16. Vestmannaeyjar: .		
Vindmælir		650
17. Sjúkraflugvellir:		
1. Mývatnssveit	2 600	
2. Fáskrúðsfjörður	700	
3. Kirkjubæjarklaustur	200	
4. Selfoss	500	
5. Haukadalur	350	
6. Umfram á s.l. ári	850	
7. Óráðstafað	1 300	
		6 500
18. Flugleiðsögubúnaður og annað:		
a. Radíóvitar, endurnýjun	1 600	
b. Viðhaldsaðstaða v. ratsjárkaupa	500	
c. A.T.S. þjálfunarbúnaður	2 000	
d. Forathugun vegna Færeyjaradars	300	
e. Tækjabúnaður vegna veðurþjónustu	1 500	
f. Tölvubúnaður v. NOTAM/kortadeild	1 000	
g. Flugstjórnarmiðstöð, tækjabúnaður	600	
h. Flugstjórnarmiðstöð, segulbönd	1 500	
		9 000
		69 400
102. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög.		
a. Nýr liður:		
1.03 Björgunarbúnaður Sigmunds		125
b. Við 1.10 Flugbjörgunarsveitir.		
Fyrir „794“ kemur		900
c. Við 1.20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa.		
Fyrir „4 201“ kemur		5 000
d. Nýir liðir:		
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna		600
1.23 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip		2 500
1.24 Ferðamálasamtök		600
1.25 Samnorrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi		500
1.26 Ýmis framlög		1 100
103. Við 4. gr. 10-656 Landmælingar Íslands.		
a. Við 1.01 Almennur rekstur.		
Fyrir „46 236“ kemur		46 836
b. Við 4 Sértekjur.		
Fyrir „33 478“ kemur		32 278
104. Við 4. gr. 11-201 Iðntæknistofnun Íslands.		
a. Við 1.01 Yfirstjórn.		
Fyrir „16 968“ kemur		18 338
b. Við 6.90 Tækjabúnaður.		
Fyrir „8 400“ kemur		9 000
105. Við 4. gr. Við 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa		
1.01 Yfirstjórn.		
Fyrir „27 502“ kemur		27 618
1.40 Neytendasamtökin		116

Ed. 283. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1987 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1987.
3. Af fyrstu 528 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 528 000 kr., greiðast 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þess gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1987 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr., sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er sem fyrr gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald verði innheimt á næsta ári með sama hætti og verið hefur. Því er þetta frumvarp lagt fram. Efnislega er frumvarp þetta samhljóða lögum nr. 106/1985 að öðru leyti en því að skattleysismörk laganna eru hækkuð um 31% (úr 403 000 kr. í 528 000 kr.) í samræmi við áætlaða tekjubreytingu á milli áranna 1985 og 1986. Gert er ráð fyrir að innheimta gjaldsins á næsta ári ásamt eftirstöðvum nemi 305 m.kr.

Ed. 284. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. l. nr. 19 5. apríl 1968, l. nr. 42 16. apríl 1971, l. nr. 50 25. apríl 1973, l. nr. 68 21. maí 1974, l. nr. 44 16. maí 1977, l. nr. 59 31. maí 1979, l. nr. 44 11. maí 1982, l. nr. 55 30. maí 1984 og l. nr. 52 7. maí 1986, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1986.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Stefán Benediktsson.	Björn Dagbjartsson.

Egill Jónsson.

Ed. 285. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1986.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Stefán Benediktsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Helgi Seljan.
	Egill Jónsson.	

Nd. 286. Frumvarp til laga [252. mál]

um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við 12. gr. bætast nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Í tengslum við gerð sérkjarasamnings við Landssamband lögreglumanna síðast liðið sumar var gerð bókun þar sem segir m.a. að aðilar séu sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afnuminn og að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því á Alþingi að í lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins.

Í framhaldi af gerð sérkjarasamnings við Landssamband lögreglumanna var gert samkomulag við Tollvarðafélag Íslands og með því samkomulagi var gerð bókun efnislega samhljóða þeirri sem gerð var við lögreglumenn.

Í samræmi við framangreindar bókanir hefur nú verið lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingu á 4. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, þar sem lagt er til að lögreglumönnum ríkisins verði bannað að gera verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun. Samkvæmt áðurnefndri 4. gr. teljast tollverðir og skipshafnir varðskipa til lögreglumanna ríkisins.

Við gerð áðurnefnds frumvarps lagði Fangavarðafélag Íslands áherslu á að þeir yrðu skilgreindir sem lögreglumenn og féllu þá jafnframt undir bann við verkfalli auk þess sem þeir með þeim hætti mundu einnig njóta bótaákvæðis 2. mgr. 5. gr. þeirra laga.

Fangaverðir eru í Starfsmannafélagi ríkisstofnana sem er eitt af aðildarfélögum BSRB. Í núgildandi lögum um samningsrétt BSRB er heimild til verkfalla takmörkuð m.a. með því að þrátt fyrir verkfall skuli haldið uppi nauðsynlegri öryggisvörslu. Á grundvelli þess ákvæðis var fangavörðum gert skylt að sinna öllum sínum störfum í þeim tveimur verkföllum sem BSRB hefur boðað til. Þessar ákvarðanir voru teknar af kjaradeilunefnd án ágreinings í nefndinni. Í framangreindum verkföllum BSRB hefur ekki verið ágreiningur við fangaverði vegna takmörkunar á verkfallsrétti þeirra.

Í 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. frumvarps til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er nú hefur verið lagt fyrir Alþingi er ákvæði um að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu verði ekki heimilað að gera verkfall.

Ráðuneytið telur ekki rétt að fangaverðir verði skilgreindir sem lögreglumenn í 4. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, heldur verði öll ákvæði um réttarstöðu þeirra í lögum um fangelsi og vinnuhæli. Með hliðsjón af þeirri leið sem valin hefur verið til að undanþiggja lögreglumenn verkfallsrétti er talið rétt að undanþiggja fangaverði verkfallsrétti með sama hætti.

Um fangaverði er fjallað í 12. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er því lagt til að við 12. gr. bætist ákvæði um að fangavörðum verði óheimilt að gera verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fangaverðir eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Þetta ákvæði er samhljóða 2. mgr. 5. gr. laga um lögreglumenn. Hefur slíkt bótaákvæði gilt um þá í marga áratugi.

Með hliðsjón af eðli starfa fangavarða er lagt til að um þá gildi sams konar bótaákvæði vegna meiðsla eða tjóns sem þeir verða fyrir í starfi sínu.

Ed. 287. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 11. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, *form.* Jón Kristjánsson, frsm. Valdimar Indriðason. Egill Jónsson.

Ed. 288. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Ingimar Sigurðsson lögfræðing og Hilmar Björgvinsson deildarstjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga verður flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. des. 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Salome Þorkelsdóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.	Árni Johnsen.

Ed. 289. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr. orðist þannig:

Við 15. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega, sbr. 52. gr., þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun, sbr. 51. gr., eða þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.

Sþ. 290. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

	Þús. kr.
I. Frá *Steingrími J. Sigfússyni og Hjörleifi Guttormssyni.*	
1. Við 4. gr. 00-201 1.30 Þingmannasamtök NATO. Liðurinn falli brott.	
2. Við 4. gr. 03-102 Varnarmálaskrifstofa. Fyrir „17 384“ kemur	5 000
3. Við 4. gr. 03-311 Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO. Fyrir „15 279“ kemur	11 000
4. Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Fyrir „24 000“ kemur	80 000
5. Við 4. gr. 03-401 1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO. Fyrir „12 497“ kemur	1
6. Við 5. gr. 23-118 Ratsjárstöðvar, rekstur. Liðurinn falli brott.	
II. Frá *Hjörleifi Guttormssyni, Helga Seljan og Steingrími J. Sigfússyni.*	
1. Við 4. gr. 02-610 Héraðsskólar.	
a. 6.90 Stofnkostnaður. Fyrir „14 400“ kemur	15 800
b. Í sérstaka sundurliðun komi: Alþýðuskólinn á Eiðum	2 500

	Þús. kr.
2. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð. 6.31 Framkvæmdir í þjóðgörðum.	
Fyrir „2 650“ kemur	5 000
3. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
1.19 Búrekstrarkönnun	5 000
4. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. Nýr liður:	
6.11 Til umhverfisverndar á ferðamannastöðum	10 000
III. Frá *Steingrími J. Sigfússyni.*	
Við 4. gr. 02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Fyrir „75 745“ kemur	74 495
b. Við bætist nýr liður:	
1.02 Til að undirbúa og hefja háskólakennslu á Akureyri	5 000
IV. Frá *Helga Seljan og Hjörleifi Guttormssyni.*	
Við 4. gr. 06-304 Ýmis kirkjuleg málefni. Nýr liður:	
6.54 Kirkjumiðstöð Austurlands	300
V. Frá *Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni.*	
Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. 6.70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð.	
Fyrir „73 300“ kemur	113 000
VI. Frá *Steingrími J. Sigfússyni, Ragnari Arnalds, Guðrúnu Helgadóttur og Hjörleifi Guttormssyni.*	
Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „865 000“ kemur	1 107 000

Sþ. 291. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan og Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 411 Eignarskattar.	
a. Fyrir „1 112 000“ kemur	1 457 000
b. Við 4116–7 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.	
Fyrir „145 000“ kemur	190 000
c. Við bætist nýr liður:	
Sérstakur stóreignaskattur	300 000
2. Við 3. gr. 412 Tekjuskattar, nettó.	
a. Fyrir „4 735 000“ kemur	5 135 000
b. Við 4123 Tekjuskattur, félög.	
Fyrir „1 040 000“ kemur	1 440 000
3. Við 3. gr. 431 Aðrir óbeinir skattar.	
a. Fyrir „1 859 300“ kemur	2 059 300
b. Við bætist nýr liður:	
Skattur á ferðamannagjaldeyri	200 000

		Þús. kr.
4.	Við 4. gr. 02-730 Bygging grunnskóla. Fyrir „185 500“ kemur	235 000
5.	Við 4. gr. 02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Fyrir „20 000“ kemur	95 000
6.	Við 4. gr. 02-884 Jöfnun á námskostnaði. Fyrir „20 000“ kemur	80 000
7.	Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús. 6.50 Stofnkostnaður. Fyrir „7 500“ kemur	13 000
8.	Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög. Fyrir „74 446“ kemur	100 368
9.	Við 4. gr. 10-471 6.80 Framkvæmdir á flugvöllum. Fyrir „60 000“ kemur	110 000
10.	Við 4. gr. 11-399 1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun. Fyrir „145 000“ kemur	220 000
11.	Við 5. gr. 29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. 18 Fjárfestingar. Fyrir „95 000“ kemur	50 000
12.	Við 6. gr. 3.9. Liðurinn falli brott.	

Sþ. 292. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Fyrir „20 000“ kemur	173 440
2.	Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög. Fyrir „74 446“ kemur	148 892

Ed. 293. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum og fengið til viðtals Svavar Ármannsson, aðstoðarframkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum á 7. gr. sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. des. 1986.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Björn Dagbjartsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Karl Steinar Guðnason.

Ed. 294. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Sé innstæða í Stofnfjársjóði á reikningi skips þegar greiðslur skv. 4. gr., 5. gr. og 1. málsl. 6. gr. hafa verið inntar af hendi skal Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti sem hverju sinni eru ákveðnir með hliðsjón af fjármagnskostnaði skulda er á skipum hvíla hjá Fiskveiðasjóði.

Sþ. 295. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 08-501 1.10 Sjúkraliðaskóli Íslands.	
Fyrir „5 852“ kemur	7 000

Sþ. 296. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 5.50 Fasteignir.	
Fyrir „15 000“ kemur	25 000
b. Við 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „75 000“ kemur	130 000

Sþ. 297. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur og Eiði Guðnasyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 06-281 1.82 Aðgerðir gegn fíkniefnum.	
Fyrir „1 095“ kemur	10 000
2. Við 4. gr. 09-201 Ríkisskattstjóri. Nýr liður:	
1.02 Til aðgerða gegn skattsvikum skv. ályktun Alþingis 3. maí 1984	20 000

Sþ. 298. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „50 000“ kemur	75 000

Sþ. 299. Svar [109. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

1. Greiðslur Ísals fyrir raforku frá Landsvirkjun 1985.

Meðalverðið til Ísals á árinu 1985 var 12,5 US mill/kWh eða 51,80 aurar/kWh (bandaríkjadalur = 41,6 kr.). Á yfirstandandi ári var orkuverðið sem hér segir:

Á fyrsta ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.
Á öðrum ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.
Á þriðja ársfjórðungi: 12,724 mill/kWh.
Á fjórða ársfjórðungi: 12,586 mill/kWh (bráðabirgðaverð).

2. Raforkunotkun Ísals 1985–86.

Orkusala til Ísals og tekjur af henni á framangreindum tímabilum er sem hér segir:

	Orkusala GWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985	1 232,2	15,3	638,3 [1])
1986 (áætl.)	1 310,0	16,5	675,7 [2])

1) Á meðalgengi ársins 1985 (bandaríkjadalur = 41,6 kr.).
2) Á áætluðu meðalgengi ársins 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

3. Horfur um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1987.

Á árinu 1987 er gert ráð fyrir því að meðalorkuverð til Ísals verði 13,5 US mill/kWh (54,7 aur/kWh miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.). Tekjur af áætlaðri orkusölu til Ísals 1987 (1385 GWh) eru áætlaðar 18,7 millj. bandaríkjadala (757,2 millj. kr. miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.).

4. Spá um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1985-87 skv. forsendum við afgreiðslu samninga við Alusuisse á Alþingi í nóv. 1984.

Samkvæmt þeim forsendum sem eðlilegt var talið að reikna með þegar samningar voru gerðir við Alusuisse í nóvember 1984 var áætlað að orkuverðið til Ísals, orkusala og tekjur af henni, yrðu sem hér segir 1985-87:

	Orkusala GWh	Verð í US mill á kWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985	1377	13,8	19,0	779,0
1986	1367	14,7	20,1	824,1
1987	1373	16,1	22,1	906,1

Hér er miðað við meðalgengi 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

5. Lækkun á raungildi raforkuverðs 1985-86 vegna lækkunar bandaríkjadals og alþjóðlegrar verðbólgu.

Varðandi lækkun á raungildi raforkuverðs á árinu 1985 og 1986 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu leitaði ráðuneytið til Seðlabanka Íslands. Svar bankans er birt í sérstakri töflu með þessu svari.

Sé miðað við tímabilið janúar til desember 1985 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vegnu meðalgengi	13,1%
Gagnvart SDR	10,5%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu	3,8%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1985 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við vegið meðalgengi	17,4%
Miðað við SDR	14,7%

Sé miðað við tímabilið desember 1985 — október 1986 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vegnu meðalgengi	13,1%
Gagnvart SDR	10,1%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu	1,3%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1986 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við vegið meðalgengi	14,6%
Miðað við SDR	11,5%

Seðlabanki Íslands
Greiðslujafnaðardeild
7. nóvember 1986

	(MERM. - I.M.F.) Vegið meðalgengi bandaríkjadals[1])		Gengi bandaríkjadals gagnvart SDR[1])		Framfærslukostnaður í OECD-löndum[1])	
	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986
Janúar	104.6	89.7	102.8	91.3	100.7	104.9
Febrúar	108.2	86.2	104.2	88.8	101.1	104.9
Mars	109.1	84.3	104.0	87.3	101.7	104.6
Apríl	104.6	84.0	101.2	87.2	102.3	104.8
Maí	105.0	82.3	101.3	85.8	102.8	105.1
Júní	103.8	83.0	100.6	86.1	103.1	105.5
Júlí	100.1	80.9	98.3	84.3	103.2	105.5
Ágúst	97.9	79.4	97.0	82.9	103.3	105.6[2])
September	98.9	79.1	97.5	82.8	103.7	105.8[2])
Október	93.5	79.0[2])	94.1	82.7	104.3	105.9[2])
Nóvember	92.0		92.8		104.6	
Desember	90.9		92.0		104.5	

1) Nóvember 1984 = 100.00
2) Áætlað

Sþ. 300. Svar [187. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Jónsdóttur um stöðugildi hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og lækna á heilbrigðisstofnunum.

1. Stöðugildi á heilbrigðistofnunum.

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru	1410,95
Stöðugildi sjúkraliða eru	1072,20
Stöðugildi lækna eru	578,55

2. Breytingar á stöðugildum vegna afnáms starfsskyldna hjúkrunarnema.

Þegar þær breytingar urðu á námi hjúkrunarnema í Hjúkrunarskóla Íslands að hætt var við að greiða þeim laun á meðan þeir voru í verknámi í sjúkrastofnunum var ákveðið að fyrir hverja *eina námsstöðu nema kæmi 65% staða hjúkrunarfræðings.* Síðustu árin, sem nemarnir voru á launum, hafði tími þeirra á deildum sjúkrastofnana styst verulega vegna þess að bóknám var fellt inn í verknámstíma þeirra. Þeir voru þá í bóknámi ákveðna daga í viku þann tíma er þeir voru í verknámi. Þetta voru bæði nemendur og stjórnendur sjúkrahúsa óánægðir með og því var horfið að því ráði að hætta við að greiða nemendum laun á verknámstíma og hafa í verknámi þeirra markvissari kennslu.

3. Stöður lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í sjúkrastofnunum og heilsugæslustöðvum 30. nóvember 1986.

Sjúkrastofnanir.	Læknar		hjúkrunarfræðingar		sjúkraliðar	
	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður
Landspítalinn, Reykjav.	124,7	142,0	340,0	308,0	157,0	170,0
Rannsóknastofur Hásk.Ísl	25,9	30,3				
Kleppspítalinn, Reykjav.	38,2	34,7	118,0	79,7	87,0	35,2
Kópavogshælið "	2,8	3,3	3,0	2,0	13,0	7,2
Blóðbankinn "	2,0	2,6	4,5	5,6		
Borgarspítalinn "	85,6	85,6	204,2	179,3	168,0	134,6
Fæðingarheim. R.víkurb.	2,9	2,9	8,4	6,7	7,6	4,1
Landakotsspítali, R.vík	47,0	47,0	110,0	108,0	99,0	87,0
Grund, Reykjav.	1,0	1,0	13,0	9,65	10,0	2,0
Hrafnista D.A.S. Reykjav.	1,1	1,1	20,0	12,1	32,2	7,6
Droplaugarstaðir	0,35	0,35	9,0	7,5	16,0	9,5
Sjálfsbjörg	0,5	0,5	8,0	3,5	11,0	4,5
Múlabær, dagvistun aldr.	0,2	0,2	1,0	0,8	1,0	1,5

Sjúkrastofnanir.	Læknar		hjúkrunarfræðingar		sjúkraliðar	
	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður
Hlíðabær, dagvistun	0,2	0,2	1,0	1,0	3,0	3,0
Sjúkrahús Akraness	13,0	13,0	27,1	24,1	38,0	35,5
St.Franciskusspítalinn, Stykkishólmi	2,0	2,0	8,0	4,0	10,0	2,5
Sjúkrah. Patreksfjarðar	1,0	1,0	7,0	3,4	7,0	2,3
Sjúkrahús Þingeyrar			0,5	0,5		
Fjórðungssj. á Ísafirði	4,0	4,0	16,0	10,8	7,2	3,8
Sjúkrahús Bolungarvíkur	0,2	0,2	1,5	1,5	3,0	0,5
Sjúkrahús Hólmavíkur	0,3	0,3	1,0	1,0	3,0	2,0
Sjúkrahús Hvammstanga	2,0	2,0	3,5	3,0	7,0	5,0
Héraðshæli Húnv.Blönduósi	2,0	2,0	12,0	6,5	12,0	6,5
Sjúkrahús Sauðárkróks	3,0	2,5	14,0	10,9	22,0	10,7
Sjúkrahús Siglufjarðar	2,0	2,0	7,1	6,1	15,0	2,0
Hornbrekka, Ólafsfirði	0,5	0,5	1,5	1,0	4,0	3,0
Dalbær, dvalarheimili aldraðra, Dalvík	0,5	0,5	2,0	1,0	5,0	3,7
Dvalarheimili aldraðra, Hlíð, Akureyri	0,4	0,4	6,2	3,6	13,0	5,0
Fjórðungssj. á Akureyri	31,6	31,4	79,4	76,13	87,7	95,4
Sjúkrahúsið, Kristnesi	2,0	2,1	10,0	7,8	12,0	9,8
Sjúkrahús Húsavíkur	4,0	4,0	13,0	13,0	9,0	8,0
Sjúkrahús Egilsstaða	1,2	1,2	9,0	5,5	8,0	5,5
Sjúkrahús Seyðisfjarðar	1,0	1,0	4,8	4,8	6,0	1,0
Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað	3,0	3,0	13,0	8,0	15,0	9,0
Sundabúð, Vopnafirði	0,5	0,5	1,0	1,0	2,0	0,5
Dvalarheimili aldraðra, Höfn, Hornafirði	1,6	1,6	5,0	3,0	6,0	3,5
Sjúkrahús Selfoss	3,5	2,5	22,0	12,3	21,0	16,0
Sjúkrahús Vestmannaeyja	3,5	3,5	14,0	13,8	18,0	15,6
Kumbaravogur, dvalarheim. aldraðra	0,2	0,2	3,0	3,0	4,0	4,0
N.L.F.Í. Hveragerði	3,0	3,0	6,0	6,2	8,0	6,0
Sjúkrahús Keflavíkur	3,8	3,8	12,5	12,5	18,4	18,4

Sjúkrastofnanir.	Læknar		hjúkrunarfræðingar		sjúkraliðar	
	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður
Garðvangur, dvalarheimili aldraðra, Garði	0,35	0,35	5,6	3,7	12,o	1,8
St. Jósepssp., Hafnarf.	9,o	9,o	23,5	23,5	21,5	21,5
Sólvangur, Hafnarfirði	2,5	2,5	18,o	14,o	12,o	2,o
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra, Hafnarf.	1,o	1,o	12,4	8,o	24,o	16,85
Sunnuhlíð, hjúkrunarheim. Kópavogi	1,o	1,o	8,2	8,2	11,5	7,2
Reykjalundur, Mosfellssv.	8,3	8,9	24,o	18,o	12,o	12,o
Víðines, heim. áfengissj.	0,75	0,75	1,o	1,o	2,o	1,6
Vogur, sjúkrastöð S.Á.Á.	3,o	3,o	5,o	4,6	7,o	7,o
Alls:	448,15	466,45	1237,9	1050,18	1058,o	811,35

Heilsugæslustöðvar.	Læknar		hjúkrunarfræðingar		sjúkraliðar	
	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður
Heilsuverndarst.Reykjav.	11,4	11,4	38,8	38,1	11,4	11,4
Árbær, Reykavík	2,o	2,o	3,5	3,5		
Asparfell 12, Reykjav.	4,o	4,o	4,35	4,35		
Fossvogur, Reykjav.	3,o	3,o	3,5	3,5		
Miðbær, Reykjav.	1,o	1,o	2,5	2,o		
Hlíðasvæði, Reykjav.	2,o	2,o	2,0	1,8		
Akranes	3,o	3,o	2,8	2,8		
Borgarnes	3,o	3,o	2,8	2,8		
Kleppjárnsreykir			1,o	1,o		
Ólafsvík	2,o	2,o	1,6	1,o	0,5	0,5
Stykkishólmur	2,o	2,o	1,0	1,0		
Grundarfjörður	1,o	1,o	1,0	1,0		
Búðardalur	2,o	2,o	1,0	1,0		
Reykhólar			1,0	1,0		
Patreksfjörður	2,o	2,o	1,5	0,5		
Bíldudalur			1,0	1,0		
Ísafjörður	4,o	4,o	2,6	2,6		
Suðureyri			1,0	1,0		
Reykjanes			1,0	1,0		
Þingeyri	1,o	1,o	1,0	1,0		
Flateyri	1,o	1,o	1,0	1,0		
Bolungarvík	1,o	1,o	1,0	1,0		
Hólmavík	1,o	1,o	1,0	1,0		
Hvammstangi	2,o	2,o	1,0	1,0		
Blönduós	3,o	3,o	1,5	1,5		
Skagaströnd			1,0	1,0		
Sauðárkrókur	3,o	3,o	2,8	1,8		
Hofsós			1,o	1,0		
Siglufjörður	2,o	2,o	1,o	1,o		
Dalvík	2,o	2,o	1,75	1,75		
Hrísey			1,o	1,o		
Ólafsfjörður	1,o	1,o	1,1	1,1		
Akureyri	12,o	11,o	14,o	14,o		
Grenivík			1,o	1,o		

Heilsugæslustöðvar.	Læknar		hjúkrunarfræðingar		sjúkraliðar	
	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður
Húsavík	4,o	4,o	1,o	1,o		
Reykjahlíð			1,o	1,o		
Kópasker	1,o	1,o	1,o	1.o		
Raufarhöfn	1,o	1,o	1,o	1,o		
Þórshöfn	1,o	1,o	1,o	0,5		
Egilsstaðir	3,o	3,o	2,o	2,o		
Borgarfjörður			1,o	1,o		
Seyðisfjörður	1,o	1,o	0,o	0,5		
Vopnafjörður	1,o	1,o	2,o	2,o		
Eskifjörður	2,o	2,o	1,o	1,o		
Reyðarfjörður			1,o	1,o		
Fáskrúðsfjörður	1,o	1,o	1,o	1,o		
Stöðvarfjörður			0,75	0,75		
Höfn	2,o	2,o	2,o	2,o		
Djúpivogur	1,o	1,o	1,o	0,5		
Breiðdalsvík			1,o	1,o		
Vík í Mýrdal	1,o	1,o	1,o	1,o		
Kirkjubæjarklaustur	1,o	1,o	1,o	1,o		
Hvolsvöllur	1,o	1,o	0,o	0,o		
Hella	1,o	1,o	1,o	1,o		
Laugarás	2,o	2,o	1,5	1,5		
Selfoss	3,5	3,5	3,o	3,o		
Eyrarbakki			0,5	0,5		
Stokkseyri			0,5	0,5		
Hveragerði	1,o	1,o	1,25	1,25		
Þorlákshöfn	1,o	1,o	1,25	1,25		
Vestmannaeyjar	3,5	3,5	2,5	2,5		
Keflavík	5,o	5,o	6,o	6,o	1,o	1,o
Sandgerði			0,5	0,5		
Gerðar			0,5	0,5		
Grindavík	1,o	1,o	1,o	1,0		
Hafnarfjörður	7,o	7,o	10,o	10,0	2,o	2,o
Garðabær	2,o	2,o	1,7	1,7	0,3	0,3

Heilsugæslustöðvar.	Læknar		hjúkrunarfræðingar		sjúkraliðar	
	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður	stöðu-gildi	setnar stöður
Kópavogur	4,o	4,o	9,75	9,75		
Reykjalundur	3,o	3,o	3,25	3,25		
Seltjarnarnes	4,o	4,o	4,o	4,o		
Alls:	130,4	129,4	173,o5	168,55	14,2	14,2
Sjúkrastofnanir og heilsugæslustöðvar Samtals:	578,55	595,85	1410,95	1218,73	1072,2	825,55

Sjúkrastofnanir og heilsugæslustöðvar:

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru	1410,95
Setnar stöður hjúkrunarfræðinga eru	1218,73
Stöðugildi sjúkraliða eru	1072,20
Setnar stöður sjúkraliða eru	825,55
Stöðugildi lækna eru	578,55
Setnar stöður lækna eru*	595,85

* Ríkisspítalar hafa ráðið lækna allt árið um kring til afleysinga. Tala þeirra lækna hækkar þá tölu sem gefin er upp sem setnar stöður. Setnar stöður lækna eru því fleiri en stöðugildin.

Sþ. 301. Svar [203. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn frá Eiði Guðnasyni um fæðisdagpeningaeign sjómanna í áhafnadeild Aflatryggingasjóðs.

Inneign sjómanna í áhafnadeild Aflatryggingasjóðs.

Þó að langt sé um liðið frá því Aflatryggingasjóður var lagður niður hafa fæðisskýrslur verið að berast áhafnadeild sjóðsins til þessa dags. Sá háttur hefur verið hafður á í haust að safna saman síðbúnum skýrslum og tölvukeyra þær og afgreiða saman. Þann 23. október s.l. voru afgreiddar allar þær fæðisskýslur sem þá lágu fyrir. Næsti afgreiðsludagur var 8. desember s.l. og voru þá afgreiddar þær skýrslur sem borist höfðu frá seinasta greiðsludegi og fullnægðu skilyrðum til greiðslu, samtals 4,1 millj. kr. Inneign sjómanna hjá áhafnadeild

Aflatryggingasjóðs er því engin í dag. Hins vegar liggja fyrir fæðisskýrslur, sem nýlega hafa borist, frá fimm bátum, að upphæð u.þ.b. 440 þús. kr. Þær skýrslur eru ekki enn hæfar til afgreiðslu vegna þess að frekari upplýsingar vantar.

Ástæða er til að ætla að enn eigi eftir að berast nokkrar skýrslur. Það hefur gert sjóðnum erfitt fyrir hve margir hafa tekið seint við sér og trassað að senda inn skýrslur. Svo virðist sem sumir hafi ekki gert sér grein fyrir að þeir ættu þennan endurkröfurétt á sjóðinn.

Greiðslur á þessu ári úr áhafnadeild til sjómanna.

Frá síðustu áramótum hafa alls verið greiddar 328,2 millj. kr. úr áhafnadeild til sjómanna. Þar af eru 115,8 millj. kr. vegna áranna 1985 og 1984.

Sþ. 302. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Við lokafrágang síðustu fjárlaga núverandi ríkisstjórnar stendur Alþingi enn einu sinni frammi fyrir því að afgreiða fjárlög sem fá ekki staðist.

Þrátt fyrir langtum meira góðæri á þessu ári en nokkur þorði að spá og þrátt fyrir horfur á áframhaldandi bata í efnahagslífinu er enn stefnt að aukinni skuldasöfnun og vandanum vísað til eftirkomenda.

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs síðustu tveggja ára, þ.e. 1985 og 1986, nemur samtals 4,5–4,6 milljörðum kr., og áætlaður halli á næsta ári er nú skv. frv. 1,5 milljarðar kr. Líklegt er að hann verði hærri í raun. Er enn ótryggilega gengið frá mörgum liðum og augljóst að margt getur farið úr böndunum, eins og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, þrátt fyrir margyfirlýsta stefnu fjármálaráðherra um raunhæf fjárlög og afnám aukafjárveitinga.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var allt kapp lagt á að sýna tekjuafgang og margir endar látnir óhnýttir til þess að ná því marki. Má nefna sem dæmi að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna var augljóslega vanáætlað um a.m.k. 250 millj. kr., gert var ráð fyrir 150 millj. kr. óraunhæfum sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og 250 millj. kr. sparnaði í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana, auk þess sem launaliður ríkisspítalanna var misreiknaður um 50 millj. kr. Þannig var útgjaldahliðin augljóslega vanáætluð um a.m.k. 700 millj. kr. að því er virtist beinlínis með þeim ásetningi að sýna snyrtilegri niðurstöðutölur fjárlagadæmisins því að engar alvarlegar tilraunir voru gerðar til þess að láta þær standast.

Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er enn gert ráð fyrir 150 millj. kr. sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, sem varla getur þýtt annað en að ætlunin sé að seilast í vasa sjúkra, og mun Kvennalistinn að sjálfsögðu vinna gegn því af alefli. Hins vegar sýna umtalsverðar hækkanir á yfirstjórn ráðuneyta og ríkisstofnana að ríkisstjórnin hefur gefist upp við að halda rekstrarútgjöldum ríkisins í skefjum. Tilraunir til endurskoðunar á umfangi og tilverurétti ýmissa stofnana og verkefna á vegum ríkisins virðast máttlausar og árangurslitlar og þarf að taka miklu fastari tökum.

Minni hl. fjárveitinganefndar varaði eindregið við samþykkt fjárlaganna í desember 1985. Að mati okkar var slíkt fullkomið ábyrgðarleysi, og við lýstum okkur fús til samstarfs um algjöra endurskoðun þess dæmis. Meiri hl. skellti skollaeyrum við þeim málflutningi, en nú er öllum ljóst að hann átti við rök að styðjast.

Þrátt fyrir hallarekstur undanfarinna ára og áætlun næsta árs sér ríkisstjórnin það ráð eitt til þess að auka tekjur ríkissjóðs að leggja gjald á innfluttar olíuvörur. Kvennalistinn

varar alvarlega við slíkri skattlagningu þar sem með því er höggvið að einni af forsendunum fyrir því góðæri sem þjóðin nú nýtur, að vísu í misjöfnum mæli. Ásamt góðum sjávarafla og lækkun vaxta er verðlækkun olíu meginástæðan fyrir verulega bættum hag margra fyrirtækja í sjávarútvegi. Nú vilja stjórnarliðar stefna þeim árangri í voða en mega hins vegar ekki heyra minnst á skattlagningu stóreigna, arðs af hlutabréfum né að íþyngja megi bönkum og verslunarfyrirtækjum sem mest og best hafa notið góðærisins nú og stefnu stjórnarinnar frá upphafi. Kvennalistinn hefur margsinnis bent á nauðsyn þess að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs með það fyrir augum að ná fram réttlátari dreifingu byrðanna.

Rangar áherslur ríkisstjórnarinnar við sparnað í ríkisbúskapnum hafa haft slæmar afleiðingar í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Samdráttur í fjárveitingum til framkvæmdaliða hefur bitnað harkalega á sveitarfélögunum, auk þess sem stjórnarliðar hafa bitið höfuðið af skömminni með árlegum niðurskurði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Óhjákvæmileg þörf hefur knúið sveitarfélögin til áframhaldandi framkvæmda, og nú er svo komið að ríkið skuldar sveitarfélögunum lögboðin framlög til byggingar dagvistarheimila, skóla, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og til hafnarframkvæmda svo að skiptir mörg hundruð milljónum króna, og segir lítið þótt framkvæmdaliðirnir séu hækkaðir nokkuð núna í tilefni kosningaárs.

Enginn framkvæmdaliður er þó svo skammarlega vanræktur sem dagvistarheimilin. Sá liður hefur sífellt minnkað að raungildi í tíð núverandi ríkisstjórnar, og í fjárlagafrumvarpinu er framlagið skorið niður um helming frá þessu ári. Núverandi ríkisstjórn lagði til 20 milljóna kr. fjárveitingu til þessa framkvæmdaliðar, þótt fyrir liggi að til þess að greiða lögboðnar gjaldfallnar skuldir ríkissjóðs vegna afstaðinna framkvæmda þyrfti rétt um 160 millj. kr., og er þá alveg eftir að mæta þörf fyrir nýjar framkvæmdir. Meiri hl. fjárveitinganefndar hefur nú tosað þessa upphæð upp í rúmar 43 millj. kr. og getur því státað af meira en 100% hækkun á þessum lið frá frumvarpinu! Sýnir það glöggt hvílíkar smánartölur um er að ræða. Kvennalistinn tekur ekki þátt í þeim óvinafagnaði og flytur sérstaka breytingartillögu við þennan lið.

Áfram ætla menn að grafa undan fjárhagsgrundvelli Lánasjóðs íslenskra námsmanna með því að ætla sjóðnum of lágt beint framlag og neyða hann til alltof mikillar lántöku. Afleiðingarnar eru síaukinn fjármagnskostnaður, og þar með er sjóðnum gert æ erfiðara að ná því marki að standa undir sér að mestu leyti sjálfur.

Framkvæmdasjóður fatlaðra er enn einu sinni skorinn niður þrátt fyrir gífurlega þörf í þeim málaflokki. Á sama tíma er ausið fé í byggingu útsölustaða fyrir Áfengisverslun ríkisins og verður vart lengra komist í rangri forgangsröð að mati Kvennalistans.

Lögbundið framlag til Ferðamálaráðs er skorið niður um a.m.k. 30 millj. kr. á sama tíma og gróskan í ferðamálum skilar sívaxandi tekjum í ríkissjóð. Hins vegar stendur ekki á ríkissjóði að greiða reikninga svo skiptir tugum milljóna vegna ferðalaga og fundahalda stóriðjunefndar sem aldrei geta leitt til annars en vitlausrar fjárfestingar í úreltri atvinnugrein. Og dæmigert fyrirhyggjuleysi ríkisstjórnarinnar birtist ekki síst í því að framlag til Rannsóknasjóðs er sama krónutalan þriðja árið í röð, þrátt fyrir yfirlýsingu um nauðsyn þess að efla rannsóknir og vísindastarfsemi í landinu.

Svona mætti áfram telja, en meginniðurstaðan er þessi:

Rangar áherslur ríkisstjórnarinnar birtast í sparnaði og aðhaldi í félagslegum framkvæmdum og rekstri, en rekstrargjöld ráðuneyta og sumra ríkisstofnana fá að þenjast út án mikillar fyrirstöðu.

Sóað er í óarðbærar framkvæmdir en látið undir höfuð leggjast að styðja arðvænlega uppbyggingu í atvinnulífinu.

Vilja og samstöðu skortir til þess að endurskoða rekstur og tekjuöflun ríkisins með það að markmiði að stöðva hallarekstur ríkissjóðs.

Þetta er sú mynd sem við blasir í einstöku góðæri, og þetta eru meginástæður þess að Kvennalistinn getur ekki staðið að samþykkt þessa frumvarps.

Alþingi, 12. des. 1986.

Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 303. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 5.50 Fasteignir, viðhald.	
Fyrir „15 000“ kemur	40 000
b. Við 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „75 000“ kemur	150 000
2. Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „50 000“ kemur	150 000
Varatillaga:	
Fyrir „50 000“ kemur	100 000

Sþ. 304. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga þegar eftir að fjárlagafrumvarpið hafði verið lagt fram eftir setningu Alþingis. Fyrir þingbyrjun höfðu nefndarmenn létt nokkuð á undirbúningsvinnunni með viðtölum við fulltrúa frá 55 sveitarfélögum landsins. Reynsla hefur sýnt að starf nefndarinnar er svo tímafrekt og viðamikið að dagarnir frá þingbyrjun til jólaleyfis eru í raun of fáir.

Nefndin hefur að þessu sinni tekið á móti nokkuð á sjötta hundrað skráðum erindum og á formlega fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar frá um 240 aðilum, sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum, en auk þessa hefur fjöldi aðila haft samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta.

Fyrir 2. umr. hefur nefndin lokið afgreiðslu á skiptingu allra fjárfestingarliða og a mestum hluta þeirra mála sem varða útgjöld samkvæmt A-hluta frumvarpsins og þar með á hinum margvíslegustu erindum sem taka til ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila sérálitum. Allar breytingartillögur nefndarinnar við 2. umr. eru þó fluttar af nefndinni í heild og birtast þær á þskj. 282. Samkvæmt venju hefur minni hl. nefndarinnar

fyrirvara varðandi einstakar breytingartillögur og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á forsendum frumvarpsins. Breytingar á verðlags- og launaforsendum í kjölfar nýrra kjarasamninga verða teknar til athugunar og afgreiðslu við 3. umr. Til 3. umr. bíður einnig tekjuhlið frumvarpsins, svo og B-hluta stofnanir, ríkisspítalar, Tryggingastofnun ríkisins, heimildir skv. 6. gr., auk nokkurra smærri atriða.

Þær breytingartillögur, sem fjárveitinganefnd flytur við þessa umræðu, fela í sér hækkun útgjalda sem nemur rúmlega 1% af útgjöldum fjárlagafrumvarpsins, eða samtals um 448 millj. kr. Er það svipað hlutfall og oft hefur verið áður á síðari árum.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið frumvarpsins eru þessar:

01 Forsætisráðuneyti.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur gjöld hækka um 1000 þús. kr. á viðfangsefnalið 1.01 Yfirstjórn, til að ljúka framtíðarkönnun, og verða 10 457 þús. kr. Tilfærslur á viðfangsefninu 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar hækka um 445 þús. kr. og verða 795 þús. kr. Er það í samræmi við ályktun Alþingis frá 1974 um að framlagið skuli eigi nema lægri upphæð en sem svarar árslaunum prófessors við Háskóla Íslands.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd: Önnur gjöld hækka um 400 þús. kr. og verða 1400 þús. kr. á viðfangsefni 6.40 Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni.

02 Menntamálaráðuneyti.

203 Raunvísindastofnun háskólans: Laun hækka um 600 þús. kr. á viðfangsefni 1.20 Eðlisfræðistofa og verða 8625 þús. kr. Er þá tekin inn staða sérfræðings í þéttefnisfræðum.

207 Íslensk málstöð: Laun hækka um 300 þús. kr. vegna sérgreinds verkefnis og verða 2848 þús. kr.

301 Menntaskólinn í Reykjavík: Tekið er upp nýtt viðhaldsviðfangsefni, 500 þús. kr. vegna endurbóta á hátíðasal skólans.

302 Menntaskólinn á Akureyri: Önnur gjöld hækka um 2000 þús. kr. vegna endurbóta og 300 þús. kr. vegna nýs viðfangsefnis, Hönnun heimavistar sem jafnframt er ætlast til að verði fyrir Verkmenntaskólann.

308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut: Önnur gjöld hækka um 1800 þús. kr. vegna fjárfestinga við grunnskóla í Kópavogi.

321 Kennaraháskóli Íslands: Laun hækka um 1650 þús. kr. og verða 85 473 þús. kr. Hækkunin skýrist af nýrri stöðu lektors í hagnýtri kennslufræði 600 þús. kr., nýrri stöðu fulltrúa vegna endurmenntunarnámskeiða 600 þús. kr. og 450 þús. kr. vegna sérkennslunáms á Austurlandi. Önnur gjöld hækka um 550 þús. kr. vegna sérkennslunámsins.

322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, 6.01 Lóð og tækjakaup 1175 þús. kr. Eru 875 þús. kr. vegna lóðaframkvæmda og 300 þús. kr. til tækjakaupa.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Tekinn er upp nýr liður, 5.01 Viðhald og tækjabúnaður 800 þús. kr.

351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Önnur gjöld hækka um 4000 þús. kr. vegna byggingar nýs íþróttahúss við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Viðbygging 3000 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur.

354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Önnur gjöld hækka um 1200 þús. kr. og verða 6000 þús. kr. vegna byggingar heimavistar.
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Verknámshús 3500 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur.
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Loftræstibúnaður 800 þús. kr.
422 Námsgagnastofnun: Önnur gjöld hækka um 1200 þús. kr. vegna framleiðsludeildar og 700 þús. kr. vegna Fræðslumyndasafns.
501 Tækniskóli Íslands: Eignakaup eru hækkuð um 3900 þús. kr. vegna tækjabúnaðar tveggja nýrra deilda, röntgendeildar og iðnrekstrardeildar.
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Tekinn er upp nýr liður, 6.10 Lóðaframkvæmdir 2400 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur.
514 Iðnskólinn í Reykjavík: Önnur gjöld eru hækkuð um 1000 þús. kr. til viðhalds á fasteignum skólans. Alls eru því 3000 þús. kr. til ráðstöfunar í viðhald.
515 Iðnskólar utan Reykjavíkur: Liðurinn hækkar um 4500 þús. kr. Eru 2000 þús. kr. vegna fræðsluátaks í verksmiðjuiðnaði skv. kjarasamningum fyrr á árinu um endurmenntun iðnverkafólks og 2500 þús. kr. vegna tannsmíðanáms (Laun 1900 þús. kr. og Önnur gjöld 600 þús. kr.).
516 Iðnskólar, almennt: Önnur gjöld lækka um 1000 þús. kr. vegna viðhalds Vörðuskóla og 900 þús. kr. vegna gluggaviðgerða í Iðnskólanum í Reykjavík. Er þetta leiðrétting. Eignakaup hækka um 3000 þús. kr. vegna tækjakaupa Iðnskólans í Reykjavík og hefur skólinn þá 4000 þús. kr. til ráðstöfunar úr ríkissjóði til þeirra. Gert er ráð fyrir jafnháu framlagi borgarsjóðs.
553 Hússtjórnarskólar: Önnur gjöld hækka um 800 þús. kr. á liðnum 5.90 Viðhaldsfé, óskipt og verða 3800 þús. kr.
730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Önnur gjöld hækka um 23 695 þús. kr. og verða 209 195 þús. kr. Vísað er í sérstakt yfirlit í breytingartillögum um sundurliðun á einstök verkefni.
803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Tilfærslur hækka um 23 195 þús. kr. og verða 43 195 þús. kr. Vísað er til sérstaks yfirlits í breytingartillögum um sundurliðun eftir verkefnum.
881 Náms- og fræðimenn, framlög: Önnur gjöld á lið 5.22 Stúdentagarðar eru hækkuð um 3000 þús. kr. og verða 7000 þús. kr. til viðhalds stúdentagarða.
884 Jöfnun á námskostnaði: Tilfærslur eru hækkaðar um 5000 þús. kr. og verða 25 000 þús. kr.
885 Fullorðinsfræðsla: Tekinn er upp nýr liður, 1.40 Félagsmálanámskeið 150 þús. kr.
902 Þjóðminjasafn Íslands: Laun eru hækkuð um 600 þús. kr. til að stofna rannsóknastöðu er tengist nafni Kristjáns Eldjárns fyrrum forseta Íslands og þjóðminjavarðar.
903 Þjóðskjalasafn Íslands: Önnur gjöld eru hækkuð um 1500 þús. kr. og verða 4698 þús. kr. á rekstrarviðfangsefni 1.01, en 6198 þús. kr. alls.
907 Listasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 600 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði.
909 Blindrabókasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 600 þús. kr. og verða 3233 þús. kr.
931 Náttúruverndarráð: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. á viðfangsefni 1.31 Rannsóknastörf við Mývatn.
982 Listir, framlög: Tilfærslur hækka alls um 12 241 þús. kr. og verða 86 707 þús. kr. Aðallega er um að ræða verðuppfærslu, en einnig eru teknir upp 6 nýir liðir. Þeir eru: 1.22 Leiklistarstarfsemi, 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga, 1.25 Leiklistarráð, 1.26 Alþýðuleikhúsið, 1.81 Skuldagreiðslur og 1.82 Ferðaleikhúsið. Vísað er til breytingartillögu um frekari skiptingu.

983 Vísindaleg starfsemi, styrkir: Tilfærslur á lið 1.10 Vísinda- og fræðistörf hækka um 150 þús. kr. vegna byggingarstyrks til Surtseyjarfélagsins.

984 Norræn samvinna: Tilfærslur hækka um 490 þús. kr. og verða 9526 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 90 þús. kr. koma á lið 1.11 Norræna félagið og 400 þús. kr. á nýjan lið, 1.15 Norræni sumarháskólinn.

986 Íþróttasjóður: Tilfærslur hækka um 9389 þús. kr. og verða 37 589 þús. kr. Vísað er í sundurliðun í breytingartillögum á sérstöku yfirliti.

988 Æskulýðsmál: Tilfærslur hækka um 2814 þús. kr. og verða 14 298 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 1.10 Æskulýðsráð ríkisins 183 þús. kr., 1.12 Ungmennafélag Íslands 1515 þús. kr. og 1.13 Bandalag íslenskra skáta 1116 þús. kr.

989 Ýmis íþróttamál: Tilfærslur hækka um 4745 þús. kr. og verða 37 798 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 1.11 Ólympíunefnd Íslands 3925 þús. kr. (þar af 2500 þús. kr. vegna HSÍ), 1.13 Íþróttamál fatlaðra 425 þús. kr., 1.15 Íþróttastarfsemi, almenn 208 þús. kr. og 1.21 Skáksamband Íslands 187 þús. kr.

991 Húsfriðun: Tilfærslur hækka um 2400 þús. kr. og verða 12 454 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 6.10 Húsfriðunarsjóður 350 þús. kr., 6.20 Nesstofa 50 þús. kr., 6.40 Byggða- og minjasöfn 1500 þús. kr. og 6.40 Sjóminjasafn Íslands 500 þús. kr.

999 Ýmislegt: Tilfærslur hækka um 5107 þús. kr. og verða 21 163 þús. kr. Átta ný viðfangsefni eru tekin undir þennan lið og eru þau: 1.30 Dimmuborgir í Mývatnssveit, 1.31 Geysir í Haukadal, 1.35 Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum, 1.51 Landssamband hjálparsveita skáta, björgunarnámskeið, 1.90 Söfn, styrkir, 1.95 Fóstrufélag Íslands vegna samnorræns námskeiðs, 1.98 Félög, styrkir og 5.71 Hlíðardalsskóli, viðhald. Vísað er til nánari sundurliðunar í breytingartillögunum.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

171 Jarðeignir ríkisins: Framlög hækka um 3083 þús. kr. og verða 10 786 þús. kr.

172 Jarðasjóður: Framlag hækkar um 2000 þús. kr. og verður 4000 þús. kr.

201 Búnaðarfélag Íslands:

a. Yfirstjórn, liðurinn hækkar um 2000 þús. kr. og verður 11 869 þús. kr. vegna verkefnaráðinna starfsmanna.

b. Ráðunautar, liðurinn hækkar um 550 þús. kr. og verður 19 634 þús. kr. sem eru laun ráðunautar í ferðaþjónustu.

c. Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn, við liðinn bætist 1100 þús. kr. og verður 14 376 þús. kr. sem er vegna yfirvinnu, aðallega á ferðalögum.

d. Landþurrkun, liðurinn hækkar um 73 þús. kr. og verður 540 þús. kr. Sjá sundurliðun á sérstöku yfirliti.

e. Sértekjur, liðurinn lækkar um 1300 þús. kr. og verður 2075 þús. kr.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins:

a. Rannsóknarsvið, hækkar um 150 þús. kr. og verður 19 634 þús. kr., ½ stöðugildi í svínarækt verður ¾ stöðugildi.

b. Tilraunastöðin Skriðuklaustri, hækkar um 600 þús. kr. og verður 800 þús. kr., Viðhald á húsi Gunnars Gunnarssonar.

231 Skógrækt ríkisins:

a. Tilraunir með rótarskóga, nýr liður 150 þús. kr.

b. Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt, nýr liður 2300 þús. kr. Er það framlag ríkisins á móti jafnháu framlagi úr Framleiðnisjóði.

c. Skógrækt einstaklinga, styrkir hækka um 85 þús. kr. og verða 400 þús. kr.

243 Sauðfjárveikivarnir: Liðurinn Viðhaldsverkefni, á varnargirðingum hækkar um 1500 þús. kr. og verður 3150 þús. kr.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Stofnkostnaður hækkar um samtals 9203 þús. kr. og verður 60 121 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði.
288 Jarðræktarlög, framlög: Ráðunautar, liðurinn hækkar um 1450 þús. kr. og verður 22 169 þús. kr. Er hér um leiðréttingu að ræða á því að fallið hafa niður 2½ stöðugildi.
289 Jöfnunargjald: Almennur rekstur hækkar um 13 650 þús. kr. sem er uppsafnaður söluskattur í loðdýrarækt.
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Hækkun til Skógræktarfélags Íslands um 655 þús. kr., verður 830 þús. kr.
501 Bændaskólinn á Hvanneyri, rannsóknarhús: Liðurinn hækkar um 1100 þús. kr. og verður 5650 þús. kr. sem er Gróðurskáli við rannsóknarhús.
503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðhald á gróðurhúsum hækkar um 600 þús. kr. og verður 2600 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

202 Hafrannsóknastofnun:
a. Lúðueldi á Reykjanesi, nýr liður 1500 þús. kr. Um er að ræða rannsóknir á að ala upp lúðu í eldiskerjum.
b. Alþjóðlegt samstarfsverkefni í hafrannsóknum í hafinu milli Íslands og Austur-Grænlands, nýr liður 2700 þús. kr.
c. Viðhald, óskipt, hækkar um 4800 þús. kr. og verður 5800 þús. kr. sem er viðhald rannsóknarskipa.
280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla:
a. Söluskattur í sjávarútvegi lækkar um 25 000 þús. kr. og verður 675 000 þús. kr. Er hér um skiptingu á þessum lið að ræða til Útflutningsráðs Íslands.
b. Hlutur Útflutningsráðs Íslands, nýr liður, verður 25 000 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

202 Ríkissaksóknari: Lagt er til að laun hækki um 400 þús. kr. Um er að ræða laun fyrir tímabundin verkefni við að tölvutaka sakaskrá og málaskrá og aðkeypta sérfræðiþjónustu vegna efnahagsbrota.
204 Borgarfógetinn í Reykjavík: Lagt er til að launaliður hækki um 415 þús. kr. en það er eitt stöðugildi; ákveðið af ráðninganefnd.
216 Sýslumaðurinn á Patreksfirði: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. vegna endurbóta á skrifstofuhúsnæði.
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. en þar er um að ræða kostnað við byggingu skrifstofuhúsnæðis.
231 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 2 millj. kr. vegna innréttingar leiguhúsnæðis og skrifstofubúnaðar.
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði: Lagt er til að liðurinn yfirstjórn hækki um 415 þús. kr. sem nemur einu stöðugildi samþykktu af ráðninganefnd.
242 Fangamál, ýmis kostnaður: Lagt er til að stofnkostnaður vegna ríkisfangelsa hækki um 1 millj. kr. vegna breytinga á húsnæði á Litla-Hrauni.
251 Landhelgisgæsla Íslands: Lagt er til að launakostnaður hækki um 180 þús. kr. vegna starfs við símavörslu. Enn fremur verði kostnaður við tækjabúnað aukinn um 1800 þús. kr.
304 Ýmis kirkjuleg málefni: Lagt er til að sá kostnaður hækki um 600 þús. kr. en auk þess hækki kostnaður vegna Skálholtsstaðar um 200 þús. kr. Þá er ákveðið að verja 5 millj. kr. til viðgerðar á Hóladómkirkju en sú viðgerð þolir enga bið.

07 Félagsmálaráðuneyti.

399 Vatnsveitur: Stofnkostnaður hækkar um 8000 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr.

700 Málefni fatlaðra: Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra hækkar um 4000 þús. kr. og verður 41 811 þús. kr.

701 Málefni fatlaðra Reykjavík: Nýr liður, Sambýli í leiguhúsnæði 1600 þús. kr.

702 Málefni fatlaðra Reykjanesi: Nýr liður, Sambýli fyrir börn 3180 þús. kr., frá 1. júlí, 6½ stöðugildi. Atvinnuleit, hækkun um 500 þús. kr. og verður 1317 þús. kr.

703 Málefni fatlaðra Vesturlandi: Nýr liður, Sumarbúðir 710 þús. kr.

704 Málefni fatlaðra Vestfjörðum: Liðurinn Svæðisstjórn hækkar um 445 þús. kr. og verður 2564 þús. kr.

705 Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra: Nýr liður, Sambýli Sauðárkróki, verður 820 þús. kr. Ein staða.

706 Málefni fatlaðra Norðurlandi eystra:
- a. Svæðisstjórn, hækkar um 320 þús. kr. og verður 4686 þús. kr. Um er að ræða lausráðinn starfsmann.
- b. Sambýli Húsavík. Nýtt, ráða má í fimm stöðugildi frá 1. september.
- c. Vistheimilið Sólborg, hækkun um 415 þús. kr. og verður 61 648 þús. kr., leiðrétting vegna sérkjarasamninga.
- d. Sumarbúðir Botni, liðurinn hækkar um 240 þús. kr. og verður 1872 þús. kr.
- e. Sértekjur. Vistheimilið Sólborg, liðurinn lækkar um 1050 þús. kr. og verður 8055 þús. kr.

707 Málefni fatlaðra Austurlandi: Svæðisstjórn, hækkar um 410 þús. kr. og verður 3383 þús. kr. Ráðinn bílstjóri.

708 Málefni fatlaðra Suðurlandi:
- a. Skaftholt í Gnúpverjahreppi, nýtt vistheimili, fjárveiting 2160 þús. kr.
- b. Leikfangasafn í Vestmannaeyjum, tekin er upp hálf staða, hækkun á launalið 315 þús. kr. og verður 901 þús. kr.
- c. Lambhagi Selfossi, meðferðarheimili. Akstur hækkar um 197 þús. kr. og verður 5287 þús. kr.

981 Vinnumál, ýmislegt: Liðurinn hækkar um 3450 þús. kr. og verður 17 866 þús. kr.

999 Ýmis starfsemi:
- a. Slysavarnafélag Íslands, hækkar um 594 þús. kr. og verður 5400 þús. kr.
- b. Sjómannastofur, hækka um 40 þús. kr. og verða 500 þús. kr.
- c. Félagasamtök, styrkir, hækka um 613 þús. kr. og verða 5 500 þús. kr.
- d. Kvennaathvarf í Reykjavík, hækkun um 1000 þús. kr. og verður 3500 þús. kr.
- e. Ýmis framlög, liðurinn hækkar um 200 þús. kr. og verður 1500 þús. kr.
- f. Stofnkostnaður, Varnargarðar við Höfðabrekkujökul, nýr liður 600 þús. kr. gegn jafnhárri upphæð annars staðar frá. Markarfljót, varnargarðar, nýr liður 2500 þús. kr. gegn jafnhárri upphæð annars staðar frá.

08 Heilbrigðisráðuneyti.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Eignakaup eru hækkuð um 500 þús. kr. vegna FM-heyrnartækja í skólum og 300 þús. kr. vegna innréttinga í heyrnarklefa við útibúið á Akureyri.

326 Sjónstöð Íslands: Sértekjur lækka um 1000 þús. kr. vegna breytinga á gjaldtöku fyrir hjálpartæki.

350 Málefni fatlaðra: Breyting verður á texta, þ.e. viðfangsefnið 1.60 sem áður hét Gigtarfélag Íslands heitir nú Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands. Fjárhæðin 2334 þús. kr. stendur óbreytt.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Tilfærslur á viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækka um 57 280 þús. kr. og verða 177 280 þús. kr. Tekið er upp nýtt viðfangsefni 6.91 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi 8500 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á sérstöku yfirliti með breytingartillögum um skiptingu á einstök verkefni.

386 St. Jósefsspítali, Landakoti: Laun eru hækkuð um 3000 þús. kr. Eru þá teknar inn 4 nýjar stöður. Önnur gjöld eru leiðrétt til hækkunar um 4000 þús. kr.

387 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Laun hækka um 1200 þús. kr. vegna nýrrar stöðu aðstoðarlæknis.

391 Heilsugæslustöðvar: Önnur gjöld hækka um 8000 þús. kr. og eru 3000 þús. kr. af því vegna viðhaldsverkefna. Annað er m.a. vegna breytinga á kjarasamningum. Laun hækka um 3000 þús. kr. vegna breytinga á túlkun kjarasamninga.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Teknir eru upp 4 nýir liðir: 1.30 Brjóstakrabbamein 5000 þús. kr., 1.35 Hjartavernd vegna Monica-rannsókna 1000 þús. kr., 1.41 Atvinnusjúkdómar (rannsókn á heymæði) 150 þús. kr. og 1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi 5000 þús. kr. Hækkun alls nemur 19 275 þús. kr. og verður heildarfjárveiting á þessum lið því 65 934 þús. kr.

471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Tekið er upp nýtt viðfangsefni 1.20 Vernd, félagasamtök 1000 þús. kr. Framlagið er vegna kaupa á húseign að Laugateigi.

481 Bindindisstarfsemi: Tilfærslur hækka um 33 þús. kr. á viðfangsefninu 1.20 Stórstúka Íslands og verða 500 þús. kr. Einnig er tekið upp nýtt viðfangsefni, 1.30 Norrænt bindindisþing 300 þús. kr. Tilfærslur hækka því alls um 333 þús. kr.

502 Þroskaþjálfaskóli Íslands: Laun hækka um 300 þús. kr. og verða 4914 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti.

201 Ríkisskattstjóri: Liðurinn hækkar um 2770 þús. kr. og verður 56 231 þús. kr. Fjórar nýjar stöður sem ráðninganefnd hefur lagt til að taka upp.

10 Samgönguráðuneyti.

211 Vegagerð ríkisins: Tilfærslur eru lækkaðar um 500 þús. kr. (gisting og byggð) vegna tilflutnings á fjárlaganúmer 10-485 1.26 Ýmislegt.

332 Vitastofnun Íslands: Önnur gjöld eru hækkuð um 1400 þús. kr. á viðfangsefni 6.30 Vitabyggingar og verða 14 000 þús. kr. Hækkunin er vegna endurbóta á Miðfjarðarskersvita.

333 Hafnamál: Tilfærslur hækka um 73 639 þús. kr. og verða 266 966 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 6.20 Ferjubryggjur 2007 þús. kr., 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur 58 500 þús. kr., 6.40 Sjóvarnargarðar 9132 þús. kr. og á nýtt viðfangsefni, 6.51 Landshöfn Rifi, koma 4000 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í yfirliti með breytingartillögum.

341 Siglingamálastofnun ríkisins: Laun hækka um 1170 þús. kr. vegna þriggja nýrra starfa, skipaskoðunarmanns á Vestfjörðum, skrifstofumanns og rafmagnsskoðunarmanns. Önnur gjöld hækka um 1881 þús. kr. vegna húsaleigu (225 þús. kr.), umdæmisskrifstofa og skyndiskoðana. Eignakaup hækka um 310 þús. kr. vegna tækjakaupa fyrir hávaðamælingar um borð í fiskiskipum. Sértekjur lækka um 1550 þús. kr. vegna skipaskoðunargjalds sem flyst á viðeigandi lið í 3. grein frumvarpsins.

471 Flugmálastjórn: Laun hækka um 1170 þús. kr. og verða 200 975 þús. kr. Hækkunin er vegna 33% stöðu flugvallareftirlitsmanns á Þórshöfn (195 þús. kr.) einnar stöðu flugvallareftirlitsmanns á Akureyri (650 þús. kr.) og hálfrar stöðu við loftferðaeftirlit (325 þús. kr.). Önnur gjöld á viðfangsefni 6.80 Flugvellir, framkvæmdir hækka um

9400 þús. kr. og verða 69 400 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti með breytingartillögum.

485 Ýmis framlög: Tilfærslur hækka um 6330 þús. kr. og verða 12 075 þús. kr. Hækkunin skýrist m.a. af nýjum viðfangsefnum: 1.03 Björgunarbúnaður Sigmunds 125 þús. kr., 1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna (myndbanki) 600 þús. kr., 1.23 Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip 2500 þús. kr., 1.24 Ferðamálasamtök 600 þús. kr., 1.25 Samnorrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi 500 þús. kr. og 1.26 Ýmislegt (m.a. vegna útivistarsvæðis við Geysi í Haukadal og gistingar og byggðar) 1100 þús. kr. Að öðru leyti er vísað í breytingartillöguna.

656 Landmælingar Íslands: Laun eru hækkuð um 600 þús. kr. vegna fjarkönnunarstofu sem ætlað er það hlutverk að safna saman ýmsum fjarkönnunargögnum (gervitunglamyndum o.fl.). Sértekjur eru lækkaðar um 1200 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneyti.

201 Iðntæknistofnun Íslands:

a. Yfirstjórn, liðurinn hækkar um 1370 þús. kr. og verður 18 338 þús. kr.

b. Tækjabúnaður, hækkun um 600 þús. kr. og verður 9000 þús. kr.

12 Viðskiptaráðuneyti.

101 Yfirstjórn, hækkun til Neytendasamtakanna 116 þús. kr., og verður liðurinn þá 27 618 þús. kr.

Alþingi, 11. des. 1986.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason.	Árni Johnsen.
Þórarinn Sigurjónsson.	Egill Jónsson.	Friðjón Þórðarson.

Sþ. 305. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 3. minni hl. fjárveitinganefndar.

Á s.l. hausti greip Sjálfstæðistæðisflokkurinn til þess ráðs að skipta um fjármálaráðherra. Oddvita sjálfstæðismanna í Reykjavík, Albert Guðmundssyni, var vísað á dyr úr fjármálaráðuneytinu. Í stól hans settist formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson. Albert Guðmundsson var ekki talinn valda verkefni sínu. Honum var gefið að sök að fyrirsjáanlegur væri mikill halli á ríkisbúskapnum í heild; að hvergi örlaði á viðleitni til að losa ríkisbúskapinn úr viðjum sjálfvirkrar útgjaldaþenslu; að ekki örlaði á ráðdeild og aðhaldi í ríkisbúskapnum; að hann hefði engar tillögur fram að færa um stöðvun skuldasöfnunar, stöðvun útgjaldaþenslu, afnám sjálfvirkni, hvað þá heldur að hann hefði fram að færa tillögur um róttækar kerfisbreytingar í ríkisrekstri sem löngu væru tímabærar.

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur nú fengið tvö tækifæri til að standa við stóru orðin og sýna árangur sinn í verki. Árangurinn lætur á sér standa. Albert er farinn og Þorsteinn kominn — og rétt ófarinn. Það hefur verið skipt um menn — en hvorki um stefnu né vinnubrögð. Allt situr við það sama. Núverandi fjárlagafrumvarp er í hefðbundnum stíl. Það gæti alveg eins verið eftir Albert Guðmundsson eða þá Ragnar Arnalds og Tómas Árnason.

Það er sama hvort litið er á tekjuöflunar- eða gjaldahlið fjárlaga: Viðleitni manna til að hafa stjórn á ríkisbúskapnum er komin í þrot. Það er vonlítið til árangurs að krukka í kerfið með smávægilegum breytingartillögum. Reyndar er óframkvæmanlegt að flytja breytingartillögur af neinu tagi við 2. umræðu þar sem ekki liggur fyrir endurmat á tekjuhlið í kjölfar kjarasamninga. Tímabærar breytingartillögur, sem máli skipta, kalla hins vegar á sérstaka löggjöf og verða auk þess að framkvæmast á lengri tíma en einu fjárlagaári, samkvæmt fyrir fram ákveðinni forgangsröð verkefna.

1. Tekjuöflunarkerfi ríkisins er í rústum.

SIÐLAUST SKATTAKERFI. Hinir efnameiri í þjóðfélaginu hafa árum saman komist upp með að velta sínum hlut af skattbyrðinni yfir á aðra. Sjálfstæðir atvinnurekendur hafa að verulegu leyti sjálfdæmi um tekjuskattsframtöl og skammta sér „vinnukonuskatta". Frádráttafrumskógur skattalaganna nýtist einkum hinum efnameiri. Meint tekjujöfnunaráhrif tekjuskattsins eru því meiri í orði en á borði. Vegna margvíslegra skattfríðinda bera jafnvel gamalgróin og skuldlítil stórfyrirtæki litla eða enga tekjuskatta. Niðurstaðan er sú að allt of fáir framteljendur um miðbik tekjuskalans bera meginþunga skattbyrðinnar.

SÖLUSKATTSKERFIÐ: Á einum aldarfjórðungi hefur söluskattsálagningin hækkað úr 3% í 25%. Söluskatturinn er fyrir löngu orðin uppistaða tekjuöflunar ríkissjóðs. Úrelt og handahófskennt tollakerfi og allt of há söluskattsálagning vega þungt í neysluútgjöldum heimilanna og hafa augljós verðbólguáhrif. Í „skattsvikaskýrslunni" viðurkenndu opinberir aðilar í fyrsta sinn að vanskil á söluskatti og skattundandráttur næmi á annan milljarð á ári hverju. Með skilvirku söluskattskerfi mætti þurrka út hallarekstur ríkissjóðs. Samt hefur hver fjármálaráðherrann á fætur öðrum látið þetta ónothæfa skattatæki dankast. Í greinargerð fjármálaráðherra með frumvarpi til laga um virðisaukaskatt er viðurkennt að gagnrýnin á söluskattskerfið er síst orðum aukin. Þar segir m.a.: „Fjölgun undanþága og aukin sérhæfing í atvinnulífinu samhliða hækkun skatthlutfalls hefur leitt til þess að söluskattur getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu í tekjuöflun ríkisins." Viðurkennt er að skattyfirvöld eigi í sívaxandi erfiðleikum með innheimtu skattsins og að gjaldendur séu í sífelldri óvissu um skattskyldu. Augljósir erfiðleikar við að skipta sölu í undanþegna sölu og skattskylda í verslunum eru staðfestir. Játað er fullum fetum að ótvíræð skilgreining á því, hvað sé skattskylt og hvað ekki, sé ekki til. Þá er viðurkennt að vegna uppsöfnunar söluskatts í framleiðslu- og viðskiptakeðjunni standi hann í mörgum tilvikum í vegi fyrir eðlilegri þróun í framleiðslu og aukinni verkaskiptingu og sérhæfingu. Handahófskenndar undanþágureglur hafi sömu áhrif. Engu að síður leggur fjármálaráðherra fram enn eitt fjárlagafrumvarp þar sem þessu ónothæfa skattatæki er ætlað að vera uppistaðan í tekjuöflun ríkissjóðs. Þetta er viðurkenning fjármálaráðherra á uppgjöf við að leysa vandamál sem honum ber skylda til að leysa.

VIRÐISAUKASKATTUR: Í stað þess að mæta vandanum strax með því að gera löngu tímabærar og óumflýjanlegar breytingar á söluskattskerfinu, sem kæmu til framkvæmda strax á næsta ári, er lagt fram illa undirbúið og misheppnað frumvarp um virðisaukaskatt sem ekki á að taka gildi fyrr en á árinu 1988. Við seinustu fjárlagaafgreiðslu lögðu þingmenn Alþýðuflokksins til að undanþágum frá söluskatti yrði fækkað og prósentuálagningin lækkuð. Verðhækkunaráhrifum yrði mætt með umtalsverðri lækkun tekjuskatts og beinni útgreiðslu ríflegra fjölskyldubóta og hækkun á bótagreiðslum almannatrygginga. Þar með væri stigið stórt skref í átt til upprætingar skattundandráttar. Þessar tillögur voru felldar af stjórnarliðum. Þess vegna sjá þingmenn Alþýðuflokksins ekki ástæðu til að flytja þessar tillögur á ný. Úr því sem komið er verður heildarendurskoðun skattakerfisins að bíða nýs þingmeirihluta og nýrrar ríkisstjórnar.

TEKJUSKATTAR: Tekjuskattur einstaklinga er nú orðið óréttlátur skattur sem launþegar bera nánast einir fyrir fjölmenna forréttindahópa sjálfstæðra atvinnurekenda af ýmsu tagi. Vegna fjölmargra lagaákvæða um skattfríðindi fyrirtækja bera jafnvel vel stæð fyrirtæki litla eða enga tekjuskatta. Það þykir ekki góð latína í skattamálum að sami tekjustofninn beri tvo skatta eins og tíðkast hér á landi með tekjuskatt til ríkisins og útsvör til sveitarfélaga. Fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa vanefnt loforð flokksins og samþykkt Alþingis um að afnema beri tekjuskatt á launatekjur í þremur áföngum. Ástæða er til að ætla að víðtæk samstaða gæti náðst á Alþingi um nýtt og einfalt tekjuskattskerfi. Helstu hugmyndirnar hafa snúist um stórhækkuð skattfrelsismörk, afnám frádráttarliða og staðgreiðslukerfi tekjuskatts á háar tekjur. Engu að síður hafa fjármálaráðherrar vanrækt undirbúning slíkrar löggjafar svo að framkvæmd hennar bíður einnig nýs þingmeirihluta og nýrrar ríkisstjórnar.

TÍMABUNDINN STIGBREYTILEGUR EIGNARSKATTSAUKI: Þingmenn Alþýðuflokksins hafa áður flutt tillögur um stigbreytilegan eignarskattsauka til tveggja ára á skuldlausar stóreignir félaga og stóreignamanna. Hins vegar gerðu þessar tillögur ráð fyrir hækkun á skattfrelsismörkum til eignarskatts fyrir mikinn meiri hluta framteljenda. Tillagan styðst við þau rök að á undanförnum verðbólguárum hefur veruleg eignamyndun átt sér stað í skjóli neikvæðra vaxta. Þessi eignamyndun hefur því orðið til fyrir tilstuðlan lána sem ekki hefur þurft að greiða til baka nema að hluta. Hér er því um að ræða eins konar verðbólgugróðaskatt. Lagt hefur verið til að tekjuauka ríkisins vegna þessa skatts yrði varið til að koma fjármögnun húsnæðislánakerfisins á traustan grundvöll og til að bæta fórnarlömbum misgengis lána og launa upp óbærilega greiðslubyrði húsnæðislána og jafnvel eignamissi. Þessar tillögur hafa allar verið felldar af stjórnarliðum.

HANDAHÓFSKENNT TOLLAKERFI: Lengi hefur staðið til að grisja tollafrumskóginn. Handahófskenndar og flóknar reglur um tollflokkun innfluttra neysluvara þarfnast samræmingar og einföldunar. Niðurfelling tolla og „tímabundins vörugjalds“ á matvælum og öðrum algengustu neysluvörum heimilanna ætti að vera liður í nýju söluskatts- eða virðisaukaskattskerfi og orka til lækkunar vöruverðs. Sama máli gegnir um reglur um tollkrít sem skv. hugmyndum ríkisstjórnarinnar virðast einungis eiga að ná til fárra stórfyrirtækja. Endurskoðun og einföldun tollflokkakerfisins er liður í heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins og virðist einnig verða að bíða nýrrar ríkisstjórnar.

NIÐURFELLING „SMÁSKATTA“: Það er til marks um hversu úrelt tekjuöflunarkerfi ríkisins er að enn er af gömlum vana haldið dauðahaldi í tugi smáskatta sem kosta ómælda fyrirhöfn við álagningu og innheimtu en svara varla innheimtukostnaði lengur. Við seinustu fjárlagaafgreiðslu lögðu þingmenn Alþýðuflokksins til að fjöldi slíkra skatta yrði felldur niður en án árangurs. Sem dæmi um þetta úrelta smáskattakraðak má nefna:

miðagjald
flugvallarskatt
prófgjöld
skoðunargjald ökutækja
sérleyfisgjald
gjald á eyðublöðum heillaskeyta
lestargjald
vitagjald
skipaskoðunargjald
gúmmígjald
sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu
einkaleyfisgjald frá Happdrætti Háskóla Íslands.

ÁBYRGÐAR- OG FYRIRHYGGJULAUS SKULDASÖFNUN: Sjálfvirkni í ríkisbúskapnum og ómarkviss síþensla útgjalda hefur valdið því að stöðugt erfiðara verður að ná saman endum í ríkisbúskapnum. Þar sem tekjuöflunarkerfið er þegar hrunið eru ekki pólitískar forsendur fyrir því að afla ríkissjóði tekna sem nægja fyrir útgjöldum þar sem aukin skattbyrði hvílir með vaxandi þunga á launþegum einum saman. Ríkisstjórnir hafa látið reka á reiðanum. Þær hafa hvorki markað stefnu um kerfisbundinn samdrátt ríkisútgjalda né heldur þorað að afla nægilegra tekna fyrir vaxandi útgjöldum. Þrautalendingin hefur verið sú að auka erlendar lántökur. Nú þegar fer meira en fimmta hver króna sem Íslendingar afla af erlendum gjaldeyri til þess eins að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af löngum erlendum lánum. Erlendar skuldir eru nú um 20% hærri en árlegar útflutningstekjur þjóðarinnar. Vaxtastefnan fyrr á árum leiddi til þess að sparifé landsmanna brann upp í verðbólgunni og innlendur lánsfjármarkaður hrundi. Erlend lán hafa ekki aðeins verið tekin á tímum aflabrests og erfiðleika í utanríkisviðskiptum. Í yfirstandandi góðæri hefur enn verið bætt við skuldasúpuna, tekin ný erlend lán umfram afborganir eldri lána. Þrátt fyrir stórbætt ytri skilyrði, landburð af afla og batnandi viðskiptakjör er enn ekki byrjað að grynnka á skuldasúpunni að ráði. Langstærsti skuldakóngur í íslenskum þjóðarbúskap er ríkið sjálft. Það er ekki nóg með að A-hluti ríkissjóðs sé rekinn með bullandi halla. Samkvæmt reynslu er óhætt að áætla, miðað við vanmat útgjalda og risavaxin fjárlagagöt, að við árslok 1987 verði hallinn á ríkissjóði um 3 milljarðar. Þegar litið er á ríkisbúskapinn í heild, afkomu ríkissjóðs í A-hluta, ríkisfyrirtækja og stofnana í B-hluta og fjárfestingarlánasjóða og sameignarfyrirtækja ríkis og sveitarfélaga í C-hluta nemur þensluhalli ríkisbúskaparins uggvænlegum upphæðum.

Þessi hóflausa skuldasöfnun er helsta undirrót þess misvægis sem myndast hefur seinni árin milli ofvaxtar þjónustugreina á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og útflutnings- og samkeppnisgreina hins vegar. Innstreymi erlends lánsfjár hefur skapað „falskar tekjur" í ýmsum greinum verslunar og þjónustu. Í krafti þessa hafa fyrirtæki í þessum greinum getað ástundað yfirborganir og launaskrið sem leitt hefur til stórfellds fólksflótta úr útflutningsgreinunum á landsbyggðinni og valdið sjávarútveginum þungum búsifjum. Þarna hefur myndast enn eitt sprengirými misvægis, þenslu og verðbólgutilhneiginga.

Þegar ríkisbúskapurinn er orðinn svo stjórnlaus sem raun ber vitni er ljóst að smáskammtalækningar koma að engu haldi. Breytingartillögur við einstaka liði duga ekki til. Vandi sem leystur er á einum stað breytist í vöntun á öðrum. Hér dugar ekkert minna en endurskipulagning ríkisbúskaparins frá rótum. Það verður að stokka spilin upp á nýtt. Það verður að byrja á byrjuninni, sem er í því fólgin að skilgreina hlutverk ríkisvaldsins í efnhagsstarfseminni upp á nýtt. Það er forsenda þess að hægt sé að stöðva síþenslu ríkisútgjalda, uppræta sjálfvirka verðbólguframreikninga. Minni ríkisumsvif eru forsenda fyrir því að lækka skattbyrði og bæta lífskjör hinna verst settu, án verðbólgu. Breytingartillögur Alþýðuflokksins við fjárlög yfirstandandi árs voru skref í þessa átt.

2. Gjaldahlið.

HLUTVERK RÍKISINS: Síþensla ríkisútgjaldanna styðst ekki við neina markvissa heildaráætlun heldur er hún afleiðing undanlátssemi ríkisstjórna við sérhagsmuni og handahófskenndra skottulækninga sem gripið er til út frá skammtímasjónarmiðum án þess að skeyta um afleiðingarnar til lengri tíma litið. Fyrsta verkefnið er því að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt. Sérstaða Alþýðuflokksins meðal íslenskra stjórnmálaflokka er sú að hann er ekki þjónn neinna sérhagsmuna. Flokkurinn hefur lýst sig andstæðing ríkisforsjár og miðstýringar. Samkvæmt hugmyndum jafnaðarmanna er hlutverk ríkisvaldsins takmarkað en þýðingarmikið. Í efnahags- og fjármálum eiga afskipti ríkisvaldsins af efnahagslífi að lúta að *almennum skilyrðum til atvinnurekstrar, að því að bæta umhverfi fyrirtækja, en ekki að*

hafa áhrif á sjálfan rekstur þeirra. Ríkisvaldið á að forðast beina íhlutun í atvinnulífinu, nema í algjörum undantekningartilvikum. Það á að draga úr pólitískri stýringu fjármagns gegnum banka- og sjóðakerfi. Dýrkeypt reynsla af fjárfestingarmistökum liðinna ára hefur fært okkur heim sanninn um þetta. Í stað þess að eyða kröftum sínum í ótal afskipti, sem hafa skammvinn áhrif og oft beinlínis skaðleg, á ríkisvaldið að einbeita sér að fáum afmörkuðum sviðum sem það á hins vegar að sinna vel. T.d. á ríkisvaldið að tryggja gott skólakerfi og góða heilbrigðisþjónustu. Það á að beita fjárlögum ríkisins sem hagstjórnartæki til að draga úr sveiflum og treysta jafnvægi. Það á að beita þeim hagstjórnartækjum öðrum, sem ríkisvaldið hefur yfir að ráða, til þess að hafa áhrif á eigna- og tekjuskiptingu í jafnaðarátt. Þetta á að gera í gegnum einfalt og skilvirkt skattakerfi, almannatryggingar, lífeyristryggingar og húsnæðislánakerfi. Í staðinn á ríkisvaldið að láta af handahófskenndum og einatt skaðlegum afskiptum af fyrirtækjarekstri, millifærslum og möndli í þágu sérhagsmuna. Í ljósi þessarar stefnu mun ríkisstjórn, sem Alþýðuflokkurinn á aðild að, beita sér fyrir heildarendurskoðun á ríkisbúskapnum. Í fjármálaráðuneyti í höndum Alþýðuflokksins yrði unnið að þessu verkefni skv. fjögurra ára áætlun. Sem dæmi um slík viðfangsefni má nefna:

1. *Skattakerfið og skipulag þess. Mótun heildarstefnu í skattamálum.*
2. *Húsnæðiskerfið og fjármögnun þess.*
3. *Landbúnaðarstefnan frá sjónarmiði heildarhagsmuna og ríkisfjármála.*
4. *Atvinnufyrirtæki með þátttöku ríkisins.*
5. *Þjónustufyrirtæki ríkisins fyrir atvinnuvegina.*
6. *Heilbrigðisþjónusta, skipulag hennar og fjármögnun.*
7. *Almannatryggingakerfið og fjármögnun þess.*
8. *Lífeyriskerfið og fjármögnun þess.*

Nauðsynlegt er að taka tvo eða fleiri slíka fjármálaþætti fyrir frá langtímasjónarmiði ár hvert, þannig að tillögur um árlegar fjárveitingar úr skattheimtu megi skoða í því ljósi. Heildarendurskoðun skattakerfisins, landbúnaðarstefnan og „velferðarkerfi fyrirtækjanna" verða forgangsverkefni, fái Alþýðuflokkurinn nokkru um ráðið.

BREYTT VINNUBRÖGÐ: Fyrir utan að skilgreina hlutverk ríkisvaldsins upp á nýtt og móta nýja heildarstefnu í ríkisfjármálum verður að fylgja hvoru tveggja eftir með því að taka upp ný vinnubrögð við sjálfa fjárlagagerðina. Reynslan kennir okkur að því fer víðs fjarri að niðurstöðutölur fjárlaga standist frá ári til árs. Munurinn hleypur ekki á tugum milljóna eða hundruðum, heldur milljörðum. Fjárlög af slíku tagi eru gagnslaus sem hagstjórnartæki. Sama máli gegnir um lánsfjárlög. Ríkisbúskapurinn hefur árum saman aukið skuldasöfnun sína langt umfram lánsfjárlagaheimildir. Einstakar stórar ríkisstofnanir virðast leika lausum hala og taka lítið sem ekkert tillit til máttlausra sparnaðar- og aðhaldsfyrirmæla. Engin markviss stefna virðist ráða um mannaflanýtingu né launakjör í opinbera geiranum. Ein afleiðingin er sú að síþensla rekstrarútgjalda étur upp ríkistekjurnar, þannig að fjármögnun verklegra framkvæmda á fjárlögum verður sífellt minni afgangsstærð. Pennastriksaðgerðir reynast haldlausar. Fyrirmæli um aðhald eins og t.d. 5% niðurskurður rekstrarútgjalda eða yfirvinnubann virðast einkum vera til að sýnast. Tilgangurinn er sá að láta niðurstöðutölur A-hluta ríkissjóðs líta betur út á pappírnum. En þegar ríkisreikningurinn birtist kemur á daginn að ráðuneyti og ríkisstofnanir taka ekkert mark á slíkum fyrirmælum. Hér þarf því að taka upp gerbreytt vinnubrögð. Fella verður niður hefðbundin framlög sem styðjast eingöngu við vana og tregðulögmál. Í annan stað verður að færa starfsemi frá ríkinu til einkaaðila ef rökstudd ástæða er til að ætla að þeir leysi verkefnin með minni tilkostnaði.

VERKASKIPTING RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA: Í þriðja lagi verður að koma kostnaðarhugtaki inn í rekstur ríkisstofnana, t.d. með því móti að ríkisstofnanir, sem þjón-

usta atvinnuvegi og fyrirtæki, selji þjónustu sína og sérþekkingu á kostnaðarverði. Þá verður að endurskoða frá rótum fyrirtækjarekstur á vegum ríkisins sem betur væri kominn í höndum annarra aðila. Það getur gerst ýmist með því að selja fyrirtæki í rekstri eða selja hlutabréf í fyrirtækjum sem ríkið er eignaraðili að. Loks verður að endurskoða frá grunni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, samhliða endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Sum verkefni, sem ríkið sinnir nú að hluta, en sveitarfélög að hluta, eiga að færast algjörlega yfir á sveitarfélögin eða nýjar fylkisstjórnir á landsbyggðinni. Þar á móti þurfa sveitarfélögin að fá aukið sjálfræði um tekjustofna sína. Þessi heildarendurskoðun á að fara fram í ljósi þeirrar grundvallarreglu að saman fari framkvæmdafrumkvæði og rekstrarleg ábyrgð. Þessi stefna styðst enn fremur við þau stjórnmálalegu og félagsfræðilegu rök að færa eigi pólitískt ákvörðunarvald sem næst þolendum þess, hvar sem því verður við komið. Í ljósi þessara grundvallarsjónarmiða þarf að efna til heildarendurskoðunar á stjórnkerfi heilbrigðis- og skólamála.

Taka verður upp þá sjálfsögðu verklagsreglu að ríkisstjórnir á hverjum tíma taki fyrst pólitíska ákvörðun um æskilega hlutdeild ríkisins í ráðstöfun þjóðarteknanna. Fyrst á að ákveða tekjuöflunina sem hlutfall þjóðarframleiðslu. Því næst að útgjöld verði ákveðin innan ramma fyrirhugaðrar tekjuöflunar. Það er forkastanlegt að ákveða fyrst útgjaldastigið, en skrapa síðan saman tekjum með meira eða minna handahófskenndum hætti eftir að útgjöldin hafa verið ákveðin. Slík vinnubrögð leiða óhjákvæmilega til þess að útgjaldaþörf langt umfram tekjur verður fjármögnuð með lántökum og fjárlagagerðin þannig eyðilögð sem hagstjórnartæki. Þessu þarf að fylgja eftir með því að nýta kosti svonefndra „rammafjárlaga“, þar sem fyrst er settur heildarrammi um útgjöld ríkisins og síðan um útgjöld hvers ráðuneytis fyrir sig. Ráðherrar beri ábyrgð á að ekki sé farið út fyrir þær skorður sem þeim eru settar. Innan rammans á hvert ráðuneyti hins vegar að hafa svigrúm til þess að ákvarða forgangsröðun útgjalda. Þetta er ein leið til að auka ábyrgðartilfinningu við ráðstöfun fjárins innan einstakra ráðuneyta og ríkisstofnana. Þannig ættu ráðuneytin að hafa frjálsar hendur um tilfærslur innan síns ráðuneytis, innan marka heildarrammans. Ráðherrar gætu þá lagt niður stöður og skapað nýjar eftir þörfum, eða bætt launakjör þeirra starfsmanna sem fram úr skara.

Aðgerðir af þessu tagi eru forsenda þess að unnt sé að stöðva síþenslu ríkisútgjalda og sjálfvirkni í ríkisbúskapnum. Eftir þessum leiðum er unnt að knýja fram raunverulega ráðdeild og aðhald í ríkisrekstri, þar sem almenn sparnaðarfyrirmæli reynast gagnslaus. Það þarf hvorki meira né minna en róttæka kerfisbreytingu í ríkisrekstri til þess að binda endi á sjálfvirka skuldasöfnun og tryggja að unnt sé að beita fjárlögunum sem öflugu hagstjórnartæki til að stuðla að eðlilegu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Stefna Alþýðuflokksins í ríkisfjármálum byggir á þessum grundvallarforsendum. Markmiðin eru m.a. að tryggja betri nýtingu þess fjármagns sem ríkið tekur í sinn hlut og forðast fjárfestingarmistök sem grafa undan trú manna á opinberri þjónustu og hvetja óbeinlínis til skattundandráttar og skattsvika. Róttækar breytingar á stefnu og vinnubrögðum í ríkisfjármálum af þessu tagi eru jafnframt forsenda þess að unnt sé að draga úr skattheimtu og tryggja þannig aukinn kaupmátt, án verðbólgu. Ríkisvaldið verður að hafa svigrúm til slíkra aðgerða til þess að geta tryggt frið á vinnumarkaðnum og félagslega samstöðu um skiptingu þjóðarteknanna til langs tíma. Geta ríkisstjórna til þess að reka samræmda launastefnu hvílir því einnig á sömu forsendum.

3. Stefnubreyting í ríkisfjármálum.

FJÁRLAGATILLÖGUR ALÞÝÐUFLOKKSINS: Við seinustu fjárlagaafgreiðslu lögðu þingmenn Alþýðuflokksins fram um 100 breytingartillögur við fjárlög og lánsfjárlög

sem í heild sinni gáfu til kynna þá stefnubreytingu í ríkisfjármálum sem Alþýðuflokkurinn vill að nái fram að ganga. Í heild sinni fólu þessar breytingartillögur í sér:

1. *Rekstrarafgang ríkissjóðs og lækkun erlendra skulda.*
2. *Breytingar á skattakerfi: Einföldun tollakerfis, lækkun tolla og vörugjalds, nýjan stigbreytilegan eignarskatt á verðbólgugróða, lækkun söluskatts og fækkun undanþága, — skattalagahreinsun.*
3. *Breytta forgangsröðun ríkisútgjalda.*
4. *Kerfisbreytingar í ríkisrekstri.*
5. *Aukin framlög til félagslegra umbóta og verklegra framkvæmda.*

Tillögur Alþýðuflokksins fólu í sér aukið olnbogarými til athafna, bæði á sviði félagsmála og verklegra framkvæmda, m.a. með auknum framlögum til:

- *húsnæðismála*
- *tryggingamála*
- *málefna fatlaðra*
- *markaðssóknar erlendis*
- *baráttu gegn fíkniefnum*
- *átaks gegn skattsvikum*
- *hafnarframkvæmda*
- *Þjóðarbókhlöðu.*

Þessar tillögur voru allar felldar af meiri hluta stjórnarliða. Fæstar þeirra hlutu stuðning annarra stjórnarandstöðuflokka. Þessar undirtektir benda til þess að enn sem komið er sé takmarkaður skilningur meðal meiri hluta þingmanna á nauðsyn róttækrar kerfisbreytingar í ríkisrekstri. Þessar undirtektir benda til þess að róttækar umbætur á grundvallarþáttum ríkisbúskaparins verði úr þessu að bíða nýs þingmeirihluta og nýrrar ríkisstjórnar. Þingmenn Alþýðuflokksins eru reiðubúnir að kynna hugmyndir sínar og tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda og aukna ráðdeild í ríkisrekstri, þótt þeir sjái ekki ástæðu til að flytja breytingartillögur á þessu stigi. Sem dæmi um þá kerfisbreytingu, sem að er stefnt, má nefna:

1. *„Velferðarkerfi atvinnuvega" sem flytjist til samtaka viðkomandi atvinnuvega.*
   - Fiskifélag Íslands
   - forfalla- og afleysingaþjónusta
   - mat á landbúnaðarvörum
   - framlög til búfjárræktar
   - tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands
   - Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga
   - jarðræktarframlög
   - Búnaðarfélag Íslands
   - Ríkismat sjávarafurða
   - Ferðamálaráð (verði hluti af Útflutningsráði).

2. *Ríkisstofnanir sem leggja á niður:*
   - Húsameistari ríkisins
   - Bifreiðaeftirlitið
   - ráðunautar skv. jarðræktarlögum
   - einangrunarstöð í Hrísey
   - tilraunabúið Hesti
   - tilraunastöðin Reykhólum
   - fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti
   - Stórólfsvallabúið

- fóðuriðjan Ólafsdal
- grænfóðurverksmiðjan Flatey
- laxeldisstöðin Kollafirði
- embætti veiðimálastjóra.

3. *Ríkisstofnanir sem eiga að afla sértekna með sölu þjónustu og sérfræðiþekkingar á kostnaðarverði:*
- tilraunastöð Háskólans Keldum
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins
- Hafrannsóknastofnun
- Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
- Fasteignamat ríkisins
- Flugmálastjórn
- Iðntæknistofnun
- Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
- Orkustofnun
- Rafmagnseftirlit.

4. *Fyrirtæki sem ríkið á að selja:*
- Fríhöfnin Keflavík
- Áburðarverksmiðja ríkisins
- Lyfjaverslun ríkisins
- Umferðarmiðstöðin
- Ferðaskrifstofa ríkisins
- Sementsverksmiðja ríkisins
- Rafmagnsveitur ríkisins (til sveitarfélaga)
- hluti af ríkisbankakerfinu.

5. *Millifærslur í þágu sérstakra atvinnugreina og millilíða sem á að stöðva:*
- niðurgreiðslur
- útflutningsbætur
- millifærslur til sjávarútvegsins.

Niðurgreiðslur vöruverðs hafa núorðið sáralítil áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar. Niðurgreiðslur á hefðbundnar landbúnaðarafurðir eru öðru fremur framleiðslustyrkir, þrátt fyrir að meginvandi landbúnaðarins er offramleiðsla. Veigamesti þáttur niðurgreiðslna er „vaxta- og geymslugjald“ sem er greitt vinnslustöðvum og milliliðum og koma því bændum aðeins að óbeinum notum. Þá er það einnig þversagnakennt að leggja há aðflutningsgjöld á efni og búnað til orkudreifingar sem leiðir til of hás orkuverðs og síðan er greitt niður.

Þessar tillögur eru fram settar í anda þeirrar stefnu að ríkisafskipti eigi að vera takmörkuð við að setja atvinnulífinu almennar leikreglur og móta því heppilegt starfsumhverfi. Hins vegar eigi ríkið að forðast sértæka íhlutun og mismunun milli atvinnugreina, í þágu sérhagsmuna. Ríkið eigi þar á móti að reyna að vanda til verks á þeim sviðum sem það vill einbeita sér að svo sem á sviði skólamála, heilbrigðisþjónustu og almannatrygginga. Þetta er sú leið sem fara á til að koma böndum á ríkisbúskapinn, stöðva síþenslu hans og sjálfvirkan útgjaldaauka ár frá ári. Reynslan kennir að pennastriksaðferðir, svo sem eins og sparnaðarfyrirmæli til ráðuneyta og ríkisstofnana, duga ekki í reynd. Með því að draga saman seglin á þeim sviðum, þar sem ríkisvaldið fer illa með fé, opnast nýjar leiðir til aukinna framlaga á öðrum sviðum sem setja þarf í forgangsröð. Sem dæmi um það má nefna

aðbúnað fatlaðra og þroskaheftra og verklegar framkvæmdir á sviði samgöngumála, skóla- og heilbrigðismála. Pólitík er að vilja. Mismunandi áherslur á forgangsröð verkefna innan ríkisbúskaparins endurspegla ólíka pólitíska afstöðu. Versta aðferðin í stjórnmálabaráttu er sú að þykjast vera öllum allt, en reynast svo öllum jafnilla í reynd.

Þegar litið er yfir langan tíma virðist hið opinbera ekki hafa náð því lagi á sínum búskap að hann hafi stuðlað að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Rík tilhneiging hefur verið til uppsöfnunar á sjálfvirkum og hálfsjálfvirkum útgjaldakerfum. Göt hafa dottið á skattakerfið með undanþágum fyrir margvíslega sérhagsmuni. Margs konar ríkisrekstur heldur áfram samkvæmt tregðulögmálinu þótt þarfirnar hafi breyst. Hin árlega fjárlagagerð hefur ekki dugað til að takast á við þessi vandamál. Nauðsynlegt er að taka fyrir tiltekna mikilvæga þætti í ríkisfjármálum með yfirsýn yfir liðin ár og líta nokkur ár fram í tímann. Markmiðið er að bæta ríkisreksturinn, gera hann hagkvæmari og þjónustuna við almenning betri.

Alþingi, 11. des. 1986.

Karvel Pálmason.

Ed. 306. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á lögum nr. 108/1985, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 108/1985 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæminu í Garðabæ skal frestur þessi standa til ársloka 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarið 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sérstaklega með skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Var stofnað til þess nefndarstarfs í samræmi við niðurstöður fundar sem haldinn var með forsvarsmönnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin skilaði tillögum sínum sumarið 1985 og hafa þær verið til umfjöllunar í ráðuneytinu frá þeim tíma.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki vinnist tími til að leggja fram endanlegt frumvarp fyrr en eftir áramót hefur orðið að ráði að leggja til eins árs framlengingu á fresti þeim sem lögin áskilja vegna kerfis heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæminu í Garðabæ. Forsvarsmenn heilsugæsluumdæmanna í Hafnarfirði og Kópavogi hafa hins vegar ákveðið að taka upp kerfi heilsugæslu þannig að ekki er ástæða til að framlengja frestinn gagnvart þeim umdæmum eins og gert hefur verið áður.

Þess er að vænta að frumvarp til breytinga á lögum nr. 59/1983 verði lagt fram fljótlega eftir áramót, þannig að þá gefst tími til þess að fjalla um endanlega skipan heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Ed. 307. Frumvarp til laga [254. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 10. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1985:

1. Í stað „735 kr.“ í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 1500 kr.
2. Í stað „122 058 kr.“ í 3. málsl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 217 460 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. málsl. 1. tölul. 10. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, sbr. lög nr. 114/1984 og 116/1985, skulu fjárhæðir í 1. tölul. 10. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1987 verði tilgreind skattvísitala er nauðsynlegt að breyta umræddum fjárhæðum í 1. tölul. 10. gr. laganna með sérstökum lögum.

Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að tekjubreytingin milli áranna 1985 og 1986 verði um 31%. Tekjubreytingin milli tekjuára er eins og kunnugt er sú viðmiðun sem skattvísitala grundvallast jafnan á sé hún á annað borð ákveðin.

Vegna breytinga á skattvísitölu á milli áranna 1985 og 1986 hækkaði gjald á hvern gjaldanda samkvæmt lögum úr 735 kr. í um 1000 kr.

Ef miða ætti við sömu forsendur á komandi ári yrði gjaldið um 1300 kr. Allt frá því að Framkvæmdasjóður aldraðra tók til starfa 1981 til þess að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða hafa umsóknir um styrki numið miklu hærri upphæðum en það fé sem til ráðstöfunar hefur verið og hefur þetta farið stighækkandi á undanförnum árum.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að markaðar tekjur sjóðsins nemi 115 millj. kr. og er þá miðað við, vegna fenginnar reynslu, að það sé sú upphæð sem innheimtist sem lætur nærri að sé um 90%. Með hliðsjón af þeirri miklu þörf sem er fyrir fé úr sjóðnum er nauðsynlegt að hækka gjald á hvern gjaldanda úr 1000 kr. í 1500 kr.

Af þessu leiðir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er hækkað úr 1000 kr. í 1500 kr. á næsta ári, auk þess sem þeir sem eru með lægri tekjuskattsstofn en 217 460 kr. verða undanþegnir gjaldinu, og er sú upphæð miðuð við hækkun um 31% milli áranna 1985 og 1986 og sömu hækkun á komandi ári.

Sþ. 308. Svar [67. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um viðskiptastöðu ríkissjóðs við sveitarfélög vegna þátttöku í framkvæmdum.

Viðskiptastaða ríkissjóðs við sveitarfélögin vegna grunnskólaframkvæmda.

Þegar spurt er um viðskiptastöðu ríkissjóðs við sveitarfélögin vegna framkvæmda við grunnskóla í landinu þarf að taka tillit til ýmissa þátta sem m.a. eru eftirfarandi:

1. Þátttaka ríkissjóðs í byggingarkostnaði grunnskóla er háð ákvæðum laga nr. 49/1967, um skólakostnað, með síðari breytingum (þ.e. lög nr. 30/1973, um breyting á lögum nr. 49/1967, svo og lög nr. 63/1974, um grunnskóla — aðallega varðandi rekstur skóla). Samkvæmt lögum nr. 30/1973 skal heildarframlag ríkissjóðs til hverrar framkvæmdar vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt (undirbúningsfjárveitingar ekki meðtaldar).

Fjármagn til þess að uppfylla þessi ákvæði laganna hefur ekki verið veitt mörg hin síðari ár og er því kominn allmikill uppsafnaður vandi hjá mörgum sveitarfélögum sem hafa framkvæmt hraðar en framlög ríkissjóðs gáfu tilefni til. Hjá mörgum sveitarfélögum eru þessi vandkvæði vegna íþróttamannvirkja (35–40% tilvika) en hjá stærri hlutanum er vandinn tilkominn vegna þess að þurft hefur að reisa nýja grunnskóla vegna aukinnar þéttbýlismyndunar eða þá að endurbyggja hefur þurft gamla skóla sem ekki svöruðu lengur kröfum tímans.

2. Mjög erfitt og mikið verk er að meta nákvæmlega framkvæmdarstig ýmissa verka sem eru 100–200 að tölu og dreifast á flest öll sveitarfélög landsins. Eina ráðið er því að áætla stöðuna lauslega eftir heimildum sem þó eru misjafnlega öruggar en ættu þó að sýna í megindráttum hvar vandinn er mestur.

3. Óljóst er hvort hægt er í öllum tilfellum að tala um skuld ríkissjóðs við sveitarfélögin og kemur þar ýmislegt til.

Af þeim sökum verður því leitast við að meta (lauslega) hve mikið fjármagn þyrfti að renna úr ríkissjóði á þessu ári umfram það sem þegar hefur verið greitt (þ.e. fjárveiting 1986) til þess að ríkið hefði greitt sinn hluta miðað við normkostnað og miðað við framkvæmdarstig í þeim framkvæmdum sem nú eru samþykkt í fjárlögum. Samkvæmt meðfylgjandi yfirliti eru þetta rúmar 200 millj. kr.

Taka ber þessar tölur með varúð varðandi einstakar framkvæmdir en heildartalan (rúmar 200 millj. kr.) getur vel staðist. Það styður m.a. áætluð fjármagnsþörf næsta árs sem hefur verið kynnt fjárveitinganefnd og er að upphæð 385 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 4159 stig. Þá tölu má hugsa sér að sé að hálfu leyti til þess að leysa uppsafnaðan vanda og að hálfu leyti til þess að standa undir hluta ríkissjóðs vegna framkvæmda á næsta ári (1987).

I. Reykjavík.	Þús. kr.
1. Hlíðaskóli, 4. áfangi og íþróttahús	1 334
2. Hólabrekkuskóli, 2. og 3 áfangi	6 068
3. Hvassaleitisskóli, 3. áfangi, íþróttahús	683
4. Ölduselsskóli, 2. áfangi	15 176
Reykjavík samtals	23 261

		Þús. kr.
II.	**Reykjanes.**	
1.	Hafnarfjörður:	
	a. Víðistaðaskóli	1 892
	b. Öldutúnsskóli	10 000
	c. Sundlaug	1 800
	Hafnarfjörður samtals	23 692
2.	Seltjarnarnes, sundlaug	674
3.	Keflavík:	
	a. Íþróttahús, 1. áfangi	425
	b. Sundlaug	500
	Keflavík samtals	925
4.	Njarðvík, íþróttahús	493
5.	Mosfellshreppur:	
	a. Íþróttahús, 1. áfangi	12 400
	b. Varmárskóli	5 493
	Mosfellshreppur samtals	17 893
6.	Gerðahreppur, stækkun skóla	1 777
	Reykjanes samtals	45 454
III.	**Vesturland.**	
1.	Andakílshreppur, grunnskóli Hvanneyri	1 788
2.	Reykholtshreppur, sundlaug og baðklefar	4 800
3.	Varmalandsskóli, stækkun skóla	2 200
4.	Borgarneshreppur, stækkun skóla	1 000
5.	Laugagerðisskóli, íþróttahús	1 500
6.	Stykkishólmur, grunnskóli	11 410
7.	Búðardalur, skóli	2 000
8.	Hvammshreppur, skóli, uppgjör	5 942
	Vesturland samtals	30 640
IV.	**Vestfirðir.**	
1.	Ísafjörður, grunnskólaframkvæmdir	3 000
2.	Hólmavík, stækkun skóla	4 000
	Vestfirðir samtals	7 000
V.	**Norðurland vestra.**	
1.	Sauðárkrókur, íþróttahús	1 500
2.	Hvammstangi, skóli, viðbygging	1 500
3.	Torfalækjarhreppur, íbúð	1 868
4.	Lýtingsstaðahreppur, íþróttahús og sundlaug	680
5.	Haganeshreppur, skóli	3 345
	Norðurland vestra samtals	8 893

	Þús. kr.
VI. Norðurland eystra.	
1. Akureyri:	
a. Lundarskóli	12 800
b. Oddeyrarskóli	390
c. Íþróttahús	2 753
d. Síðuskóli, 1. áfangi *)	4 100
Akureyri samtals	20 043
2. Húsavík, íþróttahús	2 300
3. Ólafsjörður, endurb. á skóla og sundlaug	2 000
4. Dalvík, skóli	720
5. Grímsey, skólastjóraíbúð og sundlaug	654
6. Hrísey, skóli	3 600
7. Öngulsstaðahreppur, endurbygging Laugalandi	1 200
8. Grýtubakkahreppur, skóli	5 000
9. Aðaldælahreppur, Hafralækjarskóli	1 001
10. Lundaskóli, Öxarfirði	3 000
11. Svalbarðshreppur	1 000
Norðurland eystra samtals	40 517
VII. Austurland.	
1. Seyðisfjörður, skóli	1 200
2. Eskifjörður, skóli	5 209
3. Skeggjastaðahreppur, skóli	660
4. Jökuldalshreppur, viðbygging skóla	721
5. Egilsstaðahreppur, íþróttahús	2 049
6. Stöðvarhreppur, skóli og sundlaug	2 000
7. Mýrahreppur, íbúð	772
8. Borgarhafnarhreppur, skóli	2 000
9. Hofshreppur, skóli	1 156
Austurland samtals	15 767
VIII. Suðurland.	
1. Vestmannaeyjar:	
a. Hamarsskóli	10 000
b. Barnaskóli, uppgjör	1 400
Vestmannaeyjar samtals	11 400
2. Kirkjubæjarhreppur, stækkun skóla	2 000
3. Austur-Landeyjar, skólastjórabústaður	1 952
4. Vestur-Landeyjar, skóli og íbúð	439
5. Hvolsvöllur, skóli (uppgjör)	3 176
6. Hella, sundlaug	1 021
7. Holtahreppur, skóli Laugalandi í Holtum	5 300
8. Eyrarbakkahreppur, skóli (uppgjör)	978

*) Ath. 2. áfangi Síðuskóla er langt til fullbyggður en hefur ekki til þessa verið tekinn inn á fjárlög. Skuld vegna hans er því ekki tekin hér með en gæti numið 15–20 milljónum.

	Þús. kr.
9. Hraungerðishreppur, skóli, 2. áfangi	910
10. Skeiðahreppur, skóli	2 900
11. Gnúpverjahreppur, skóli	2 700
12. Ölfushreppur, Þorlákshöfn:	
a. Skóli, stækkun	1 400
b. Sundlaug	2 600
Ölfushreppur samtals	4 000
Suðurland samtals	36 776

Samantekt:

I.	Reykjavík samtals	23 261
II.	Reykjanes samtals	45 454
III.	Vesturland samtals	30 640
IV.	Vestfirðir samtals	7 000
V.	Norðurland vestra samtals	8 893
VI.	Norðurland eystra samtals	40 517
VII.	Austurland samtals	15 767
VIII.	Suðurland samtals	36 776
	Allt landið samtals	208 308

Dagvistarheimili.

Skuld ríkissjóðs í þús. kr. samkvæmt lögum nr. 112/1976. Hús sem eru í byggingu eða tekin til starfa.

	31. des. 1985	Áætlað 31. des. 1986
Seltjarnarnes	1 400	2 340
Garðabær	5 320	4 320
Mosfellssveit	6 860	5 160
Kópavogur	11 370	16 166
Njarðvík	900	410
Akranes	76	0
Borgarnes	650	1 040
Hellissandur	2 800	2 240
Þingeyri	2 650	5 540
Suðureyri	445	285
Ísafjörður	1 940	0
Súðavík	130	0
Hólmavík	1 700	1 530
Dalvík, 2. áfangi	1 000	1 940
Akureyrarkaupstaður	4 240	7 622
Akureyri, Fíladelfía	4 200	3 740
Borgarfjörður eystri	153	0
Egilsstaðir	1 800	3 200
Reyðarfjörður	1 640	1 100
Stöðvarfjörður	0	680
Hella	2 100	2 450
Reykjavík	16 170	38 610
Samtals	72 374	100 923

Dagvistarheimili, gömul hús, breytingar og búnaður.

Skuld í árslok 1986*)	Þús. kr.
Kjalarnes	320
Keflavík	1 900
Stykkishólmur	660
Búðardalur	630
Hofsós	212
Hrísey	530
Raufarhöfn	430
Fellahreppur	590
Eskifjörður	600
Fáskrúðsfjörður	1 500
Samtals	7 372

Íþróttasjóður.

Íþrótta- og æskulýðsmáladeild menntamálaráðuneytisins svarar spurningunni þannig:

Skuld íþróttasjóðs 31. des. 1985 var 81 624 þús. kr. og um næstu áramót (1986/87) má reikna með að hún verði orðin um 115 m.kr.

Byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	31. des. 1985 Þús. kr.
1. Borgarspítali, sundlaug við Grensásveg	865
2. Heilsugæslustöð Akranesi	432
3. Heilsugæslustöð Stykkishólmi	517
4. Heilsugæslustöð Ólafsvík	418
5. Sjúkrahús Patreksfirði	−76
6. Sjúkrahús Ísafirði	2 389
7. Heilsugæslustöð Hólmavík	396
8. Heilsugæslustöð Hvammstanga	60
9. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Blönduósi	−86
10. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Sauðárkróki	538
11. Læknisbústaðir Siglufirði	486
12. Heilsugæslustöð Dalvík	274
13. Heilsugæslustöð Þórshöfn	100
14. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Seyðisfirði	−545
15. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Neskaupstað	−42
16. Heilsugæsla og dvalarheimili Egilsstöðum	947
17. Heilsugæslustöð Djúpavogi	86
18. Heilsugæslustöð Höfn í Hornafirði	53
19. Heislugæslustöð Kirkjubæjarklaustri	−5
20. Heilsugæslustöð Vík í Mýrdal	−13
21. Heilsugæslustöð Hvolsvelli	99
22. Sjúkrahús Selfossi	845
23. Sjúkrahús og heilsugæslustöð Hafnarfirði	1 989
24. Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi	364
Samtals	10 091

\+ Inneign ríkissjóðs.
− Inneign sveitarfélags.

Til 15. september sl. hafði skuldin hækkað um 6 779 þús. kr.

*) Dagvistarheimili, sem eru í fjárlögum en byggingarframkvæmdir ekki hafnar 1. des. 1986, eru ekki tekin hér með.

Hafnarmannvirki og lendingarbætur.

Yfirlit yfir viðskiptastöðu ríkissjóðs (skuld eða inneign) við einstök sveitarfélög (hafnarsjóði) hinn 31.12.1985 vegna sameiginlegra framkvæmda við hafnarmannvirki og lendingarbætur.

(Allar fjárhæðir eru í þús. kr.)

Sveitarfélag	Skuld −Inneign
1. Akranes	4 586,5
2. Borgarnes	201,5
3. Arnarstapi	2 384,4
4. Hellnar	1,9
5. Ólafsvík	1 281,7
6. Grundarfjörður	−234,8
7. Stykkishólmur	127,0
8. Karlsey	1 039,0
9. Örlygshöfn	−17,6
10. Patreksfjörður	97,1
11. Tálknafjörður	1 044,5
12. Bíldudalur	60,2
13. Þingeyri	421,8
14. Flateyri	−2 547,2
15. Suðureyri	−223,5
16. Bolungarvík	3 107,8
17. Ísafjörður	1 337,5
18. Súðavík	105,8
19. Norðurfjörður	6 786,3
20. Gjögur	6,8
21. Drangsnes	−9,8
22. Hólmavík	141,6
23. Hvammstangi	−946,4
24. Blönduós	235,2
25. Skagaströnd	1 235,1
26. Sauðárkrókur	60,7
27. Hofsós	−267,0
28. Siglufjörður	1 044,6
29. Ólafsfjörður	654,4
30. Dalvík	4 123,8
31. Hrísey	−466,9
32. Árskógssandur	741,3
33. Hauganes	367,8
34. Hjalteyri	81,9
35. Akureyri	10 543,2
36. Svalbarðseyri	77,7
37. Grenivík	224,7
38. Grímsey	420,3
39. Flatey á Skjálfanda	−80,9
40. Húsavík	1 707,0
41. Tjörnes	19,6
42. Kópasker	−41,1

43. Raufarhöfn	−1,8
44. Þórshöfn	2 906,8
45. Bakkafjörður	9 996,4
46. Vopnafjörður	175,8
47. Borgarfjörður eystri	1 771,5
48. Seyðisfjörður	1 262,7
49. Neskaupstaður	289,0
50. Eskifjörður	−42,0
51. Reyðarfjörður	22,9
52. Fáskrúðsfjörður	842,5
53. Stöðvarfjörður	2 991,8
54. Breiðdalsvík	44,8
55. Djúpivogur	112,3
56. Hornafjörður	5 196,5
57. Dyrhólaey	59,5
58. Vestmannaeyjar	1 115,4
59. Stokkseyri	439,0
60. Eyrarbakki	−2 150,0
61. Grindavík	1 928,0
62. Hafnir	153,1
63. Sandgerði	400,3
64. Garður	5,1
65. Vogar	−431,0
66. Hafnarfjörður	5 981,2
67. Garðabær	5 907,1
Samtals	78 810,4

Áætla má að skuld ríkissjóðs vegna ofangreindra framkvæmda aukist í heild á árinu 1986 um 32 millj. kr. miðað við skuld ríkissjóðs 31. des. 1985.

Sþ. 309. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 282 [Fjárlög 1987].

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 44,a (04-201 Búnaðarfélag Íslands. 1.01 Yfirstjórn).	
Fyrir „10 869“ kemur	11 869
2. Við 44,d. Upphaf liðarins orðist svo:	
Við 1.50 Landþurrkun.	
Fyrir „467“ kemur	540
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið o.s.frv.	
3. Við 96 (10-333 6.40 Sjóvarnargarðar).	
Fyrir „18 073“ kemur	18 032

Sþ. 310. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við 5. gr. 30-101 Póst- og símamálastofnunin.

	Þús. kr.
a. Nýr liður:	
4910 Tekjur vegna þjónustu við ICAO, Alþjóðaflugmálastofnunina	110 000
b. Við 32 Annað, greitt í ríkissjóð. Liðurinn falli brott.	

Ed. 311. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Eiði Guðnasyni.

27. gr. falli brott.

Sþ. 312. Tillaga til þingsályktunar [255. mál]

um fjarkennslu á vegum Háskóla Íslands.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela Háskóla Íslands að stofna og starfrækja fjarkennsludeild, opinn hákóla, sem geri nemendum sínum kleift að stunda háskólanám í heimahúsum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Nám þetta geti allir stundað sem vilja án tillits til búsetu eða fyrri menntunar.

Greinargerð.

Óþarfi er að minna á hve gífurlegar breytingar verða í vísindum og tækni með hverju ári. Hitt vill frekar gleymast, hve mikilvægt er að menntakerfið haldi í við tækniþróun samtímans, miðli nýjustu þekkingu til fjöldans en ekki aðeins fárra útvaldra og nýti sér nýja kennslutækni til fulls.

Hér er gerð tillaga um nýjan skóla sem starfræk[illegible] verði á vegum Háskóla Íslands. Í skólanum verði boðið upp á fjölbreytt háskólanám er menn geti stundað um allt land heima hjá sér eða í smáhópum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Þannig verði æðri menntun gerð aðgengileg fyrir alla, óháð [illegible] búsetu eða fyrri menntun.

Tilgangur þessarar starfsemi væri:

- að veita áhugasömu fólki fjarri menntastöðvum [illegible] tækifæri til æðri menntunar.
- að byggja upp áfangakerfi fyrir nemendur sem ekki [illegible] uppfylla formleg menntunarskilyrði háskóla.
- að byggja upp samfellt menntakerfi til að þjálfa og endurmennta starfsfólk í atvinnulífi í nánu samstarfi við atvinnuvegina.
- að hafa forustu hér á landi um notkun fjölmiðla í fræðsluskyni og þróa kennsluaðferðir á þessu sviði með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og fenginni reynslu hjá öðrum þjóðum.

Einhver kann að spyrja, hvort ekki sé einfaldast að bjóða fram fræðsluefni á myndbandaleigum og sjá hver eftirspurnin verður. Eða er kannske mikið beðið um fræðsluefni á þessum markaði? — kann annar að bæta við.

Vissulega ekki. Flóðbylgja fjölmiðlabyltingar hefur ekki aukið fræðslu og menntun. Þvert á móti þekkja það allir að megnið af útleigðu efni á myndbandaleigum er yfirborðslegt afþreyingarefni og sumt beinlínis afmenntandi enda aðallega byggt á reyfurum, kynórum og hryllingi hvers konar.

Hins vegar er það skoðun flutningsmanns að menntandi fræðsluefni á myndböndum eigi eftir að keppa við æsiefnið á frjálsum markaði, ef framboð þess er tengt samræmdu námi sem stefnir að ákveðnu markmiði og virkjar þannig metnað fólks og löngun til að auka þekkingu sína og réttindi í atvinnulífi.

Hér hefur myndbandatæknin verið sérstaklega nefnd, enda hafa tugir þúsunda tækja verið seld hér á landi seinustu árin. Útbreiðsla þessara tækja er reyndar meiri en í flestum öðrum löndum og var áætlað að þau væru á 38% íslenskra heimila samkvæmt könnun sem gerð var í mars 1985. Þessi mikla útbreiðsla myndbandatækja hlýtur að skapa nýja og áður óþekkta möguleika til að flytja fólki fræðsluefni og auðvelda því endurmenntun. En ekki er heldur vafi á því að tölvutæknin verður einnig orðin almenningseign að fáum árum liðnum og á eftir að auðvelda fólki mjög að stunda heimanám og njóta kennslu, þótt langt sé milli nemenda og kennara.

Vitað er að mikill áhugi er á því í Háskóla Íslands, m.a. hjá rektor, dr. Sigmundi Guðbjarnasyni, að opinn háskóli verði settur hér á stofn en til þess þarf að sjálfsögðu fjárveitingu og ákvörðun Alþingis. Hefur háskólarektor veitt flutningsmanni þessarar tillögu ýmsar upplýsingar um *Opna háskólann í Bretlandi* sem starfræktur hefur verið í einn og hálfan áratug með mjög góðum árangri.

Að sjálfsögðu fylgir því nokkur kostnaður að setja þessa starfsemi á stofn og stjórna henni. Kostnaðurinn í upphafi ræðst þó fyrst og fremst af því hversu hratt er af stað farið. En ljóst er að unnt er að kaupa mikið magn kennsluefnis erlendis frá fyrir fjárhæðir sem ekki teljast stórar í fjárlagadæminu og þýða það á íslensku. Ekki þarf heldur að efast um að sá kostnaður mun skila sér margfaldlega með aukinni menntun landsmanna.

Miklar umræður hafa átt sér stað seinasta áratuginn um fullorðinsfræðslu, sbr. stjórnarfrumvarp um það efni á seinasta áratug og umræður um *Útvarpsskólann* sem aldrei sá dagsins ljós en var einmitt ætlað að færa sér nýja fjölmiðlatækni í nyt. Hins vegar hefur orðið veruleg breyting til batnaðar varðandi fullorðinfræðslu í framhaldsskólum með stóraukinni starfsemi öldungadeilda við mennta- og fjölbrautaskóla.

Að lokum er rétt að benda á vegna umræðna um háskólakennslu á Akureyri að tillaga þessi um opinn háskóla beinist á engan hátt gegn þeim áformum, heldur þarf þvert á móti að athuga vandlega hvernig helst má samræma þessa hugmyndir og koma þeim báðum í framkvæmd.

Tillaga þessi um *opinn háskóla* var flutt á þingi í fyrra en varð ekki útrædd. Félagsmálanefnd sameinaðs þings sendi tillöguna til umsagnar nokkurra aðila og voru þau svör sem bárust mjög jákvæð. Tvær umsagnir eru birtar hér sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Umsögn útvarpsráðs um tillöguna.

7. febrúar 1986.

Útvarpsráð hefur fjallað um bréf yðar dags. 19. desember 1985 varðandi tillögu til þingsályktunar um opinn háskóla (122. mál). Útvarpsráð telur tillöguna athyglisverða og mælir með því að kannaðir verði til hlítar möguleikar á framkvæmd hennar.

Mikilvægt er að nýta útvarpstæknina sem best til þess að efla menntun og menningu með þjóðinni. Í 16. gr. útvarpslaganna er ákvæði um að Ríkisútvarpið skuli „starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum".

Hugmyndin um opinn háskóla gæti tengst þessu ákvæði en krefst mikils undirbúnings og fjármagns. Útvarpsráð telur miklu varða að tryggilega sé gengið frá fjárhagslegum forsendum slíkrar stofnunar áður en til framkvæmda kemur. Nauðsynlegt er einnig að kynna sér rækilega reynslu annarra þjóða í þessu efni, svo og hvaða námsefni er á boðstólum og hvernig Íslendingar geti nýtt sér það.

Brýnt er að ganga frá samningum við rétthafa útvarpsefnis til þess að unnt sé að fullnægja ákvæðum 17 gr. útvarpslaganna um útlán og sölu dagskrárefnis sem flutt hefur verið. Þess háttar samningar eru einnig nauðsynlegur liður í undirbúningi þess máls sem hér um ræðir.

Opinn háskóli mundi opna mörgum nýjar leiðir til náms og ekki þarf að orðlengja um tækifærin til endurmenntunar og fullorðinsfræðslu sem þar mundu bjóðast. En þörf er á að skipuleggja námið þannig að það geti veitt prófgráður og réttindi þar sem við á og er rétt að leggja áherslu á það meir en gert er í þingsályktunartillögunni og greinargerð hennar.

F.h. útvarpsráðs,

Inga Jóna Þórðardóttir,
formaður.

Fylgiskjal II.

Umsögn Bandalags kennarafélaga um tillöguna.

10. janúar 1986.

Stjórnir Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags hafa vísað erindi félagsmálanefndar, þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. 135, um opinn háskóla, til Bandalags kennarafélaga til umfjöllunar. Framkvæmdanefnd skólamálaráðs BK og stjórn bandalagsins hafa fjallað um tillöguna og á fundi stjórnar 8. þ.m. var eftirfarandi bréf samþykkt:

Stjórnin fagnar tillögunni sem og öðrum þeim sem lúta að aukinni almennri menntun í landinu og hvetur eindregið til þess að nútímatækni verði fullur gaumur gefinn í því sambandi.

Hins vegar vill stjórnin minna á að mjög skortir á að kennarar landsins eigi þess kost að afla sér nauðsynlegrar menntunar í meðferð sjónvarps-, útvarps- og tölvutækni til kennslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú tækni verði notuð til fullnustu. Eigi svo að geta orðið verður kennsluefni, unnið af kennurum og öðru sérfróðu fólki, að vera fyrir hendi. Forsenda þess er að kennarar eigi kost á námskeiðum og leiðsögn, því án þátttöku menntaðra kennara verður námsefnisgerð í skötulíki.

Stjórn BK minnir einnig á að innan Námsgagnastofnunar starfar Fræðslumyndadeild og er ætlað það hlutverk að sjá skólum landsins fyrir námsefni á filmum og myndböndum. Því miður hefur uppbygging hennar og þróun liðið fyrir mikinn fjárskort. Væri fræðslumyndadeild Námsgagnastofnunar efld gæti hún betur sinnt hlutverki sínu og einnig komið til móts við einstaklinga við heimanám.

Enn fremur má á það minna að fræðslu- og menningarefni sem framleitt hefur verið og sýnt í íslenska sjónvarpinu nýtist ekki skólum og almenningi sem skyldi þar sem ekki hefur verið leyft að dreifa því efni.

Fyrir hönd stjórnar Bandalags kennarafélaga,
virðingarfyllst,

Heimir Pálsson,
formaður.

Ed. 313. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu ættu fjárhæðir í lögum nr. 9/1984 að breytast í samræmi við skattvísitölu. Þar sem skattvísitala verður ekki ákveðin fyrir árið 1987 er nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum að breyta þeim fjárhæðum með sérstökum lögum. Breyting þessi er hliðstæð því sem tillögur hafa verið gerðar um af sama tilefni á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, tekjustofna sveitarfélaga og málefni aldraða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hámarksfjárhæð þess frádráttar frá tekjum, sem heimiluð er vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, hækki í samræmi við tekjubreytinguna á milli áranna 1985 og 1986. Er frumvarpið var lagt fram var talið að hækkun þessi næmi 31%. Nýjar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um þetta atriði benda hins vegar til þess að tekjubreytingin á milli þessara ára nemi um 35%. Með hliðsjón af þessum upplýsingum leggja nefndarmenn í meiri hl. til að þessar fjárhæðir hækki um 35%. Flytja þeir um það breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Ragnar Arnalds eru ekki mótfallin frumvarpi þessu né breytingartillögunni þar sem hún er fyrst og fremst tilkomin af tæknilegum ástæðum. Hins vegar eru þau efnislega á móti frádráttarheimild af þessu tagi og taka af þeim sökum ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.
Ragnar Arnalds.	Egill Jónsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 314. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með hliðsjón af fjárskorti ríkissjóðs miðað við þau verkefni sem hann ætlar sér leggur minni hl. nefndarinnar til að frádráttarheimildir verði skertar eins og fram mun koma í brtt.

við fjárlagafrv. við 3. umræðu. Það er og í samræmi við fyrirætlanir um fækkun frádráttarliða til að einfalda skattakerfið.

Alþingi, 12. des. 1986.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Nd. 315. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [256. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Guðmundur Einarsson.

1. gr.

39. gr. orðist svo:

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Fastanefndir Alþingis hafa eftirlit með framkvæmd laga.

Nefndir Alþingis hafa rétt til að krefjast hvers konar skýrslna bæði af embættismönnum og einstaklingum. Fundi nefnda Alþingis skal halda í heyranda hljóði.

2. gr.

2. mgr. 48. gr. orðist svo:

Alþingismenn setja lög og hafa eftirlit með framkvæmd laga en er óheimilt að vinna umboðsstörf í þágu framkvæmdarvalds og stofnana þess.

3. gr.

51. gr. orðist svo:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmaður telur að mörg helstu vandræði þjóðarinnar megi rekja til skerðingar á löggjafarhlutverki Alþingis og óeðlilegra tengsla hinna ólíku valdþátta þjóðfélagsins. Tillaga sú til breytinga á stjórnarskipunarlögum, sem hér er flutt, tekur til starfshátta og tilhögunar á Alþingi. Þessar breytingar mundu að mati flutningsmanns styrkja löggjafarstarfsemi þingsins, gera það virkt í eftirliti með framkvæmd laga og auka sjálfstæði þess með því að banna þingmönnum umboðsstörf í þágu framkvæmdarvaldsins.

Alþingi hefur, að mati flutningsmanns, orðið að eins konar afgreiðslustofnun ríkisstjórna og af þeim sökum sett ofan, ekki einungis í augum þjóðarinnar, heldur og í raun. Framangreindar breytingar mundu auka traust fólksins í landinu á Alþingi og þeim störfum sem þar eru unnin.

Til þess að þingmenn geti rækt þau störf, sem þeir eru kosnir til af þjóðinni, er þeim nauðsynlegt að geta leitað upplýsinga hjá þeim aðilum sem gerst þekkja til mála sem fjallað

er um hverju sinni. Slík ráðgjöf á að **stuðla að frumkvæði þingsins sjálfs til löggjafarstarfa**. Í því sérfræðingaþjóðfélagi, sem við nú lifum í, er stór hluti lagasmíðar hins vegar kominn úr höndum þingmanna og til sérfræðinga. Þannig setja embættismenn og ráðgjafar í mörgum tilfellum sjálfum sér lög.

Nauðsynlegt er að snúa þessum hlutverkum við og skapa þingmönnum og þingnefndum aðstöðu til sjálfstæðra vinnubragða.

Til að löggjafarstarfið haldist í hendur við breytingar í þjóðfélaginu er Alþingi nauðsynlegt að vera í lifandi tengslum við umhverfi sitt. Alþingi verður að vita hvenær þörf er laganýmæla og lagabreytinga. Alþingi verður einnig að vita hvort lögum þess og vilja er í raun framfylgt. Misbrestur getur verið á slíku vegna aðgerðarleysis framkvæmdarvalds eða dómstóla.

Þetta samband þings og þjóðlífs fæst að hluta með eðlilegum samskiptum þingmanna og almennings í landinu. Ýmis verkefni geta hins vegar verið erfið viðfangs. Svo dæmi séu tekin: Er tryggingakerfið misnotað? Hvernig er háttað útlánastarfsemi ríkisbankanna? Hvernig er framkvæmd tollgæslu? Hvernig nýtist fjárstuðningur ríkisins við flóabáta og flugfélög? Í tilfellum sem þessum ættu fastanefndir þingsins eða þingnefndir sérskipaðar til tiltekinna verkefna að inna eftirlitið af hendi.

Eftirlitið með lagaframkvæmdinni er svo mikilvægt að mati flutningsmanns, að lagt er til að kveðið sé á um eftirlitsskyldu þingnefnda og þingmanna í stjórnarskrá, sbr. 1. og 2. gr. frumvarps þessa. Einnig er ítrekaður rétturinn til að krefjast skýrslna af embættismönnum og einstaklingum enda er hann forsenda þess að virkt eftirlit geti átt sér stað.

Í fyrstu grein er einnig kveðið á um að nefndafundi skuli halda í heyranda hljóði.

Þau mál, sem Alþingi fjallar um, eru mál þjóðarinnar allrar. Því eru það sjálfsögð réttindi fólksins í landinu að fá að fylgjast með nefndafundum á sama hátt og fundum þingdeilda.

Nú verður vikið að þátttöku þingmanna í störfum framkvæmdarvaldsins.

Hlutverk Alþingis á að vera að setja almennar leikreglur fyrir þjóðina, en framkvæmdarvaldsins að framkvæma og taka sértækar ákvarðanir. Samband þessara tveggja ólíku þátta ríkisvaldsins, eins og því er nú háttað, hefur leitt þjóðina út í alvarleg efnahagsvandræði sem ekki munu leysast fyrr en um þessi nánu tengsl verður losað. Nægir í því efni að nefna vanda þann er blasir við þjóðinni í orku-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

Til að forðast óeðlilegt samkrull hinna ólíku þátta ríkisvaldsins verður það að vera ein af grundvallarreglum stjórnskipulagsins að sami maðurinn **megi ekki** gegna áhrifastöðum í tveim eða þrem ólíkum valdþáttum á sama tíma. Mannlegt eðli leyfir ekki að menn skipti um ham kl. 14.00 þegar þingfundir hefjast. Maður sem tekur sértækar ákvarðanir á morgnana er ekki hæfur til að setja almennar leikreglur eftir hádegi. Til að koma í veg fyrir þetta er lagt til að bundið verði í stjórnarskrá að alþingismenn megi ekki gegna umboðsstörfum í þágu framkvæmdarvaldsins. Er með því átt við að allir þeir sem hafa á einhvern hátt vald eða heimild til að taka ákvarðanir í umboði framkvæmdarvalds, ráða menn til vinnu eða hafa áhrif á stjórn banka eða ríkisstofnana eða fyrirtækja o.s.frv. verði að láta af slíkum störfum hljóti þeir kosningu til Alþingis eða öfugt. Æðstu menn framkvæmdarvaldsins eru ráðherrar. Stöðu sinnar vegna hljóta þeir að eiga sæti á Alþingi og vera tengiliður löggjafans og framkvæmdarvaldsins. Hins vegar hlýtur það að teljast óeðlilegt að þeir geti haft áhrif á störf löggjafans með atkvæði sínu. Ráðherravöldin ættu að nægja.

Í 2. og 3. gr. þessa frumvarps eru ákvæði um þessi atriði.

Nd. 316. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [257. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

24. gr. falli niður.

2. gr.

28. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er á ferðinni sá hluti tillagna Alþýðuflokksins sem fjallar um að auka stöðugleika í þingstörfum og treysta löggjafarþátt Alþingis.

Í fyrstu grein er lagt til að felldur verði niður þingrofsréttur forseta. Í annarri grein er lagt til að afnuminn verði réttur til útgáfu bráðabirgðalaga.

Breytingarnar eiga það sameiginlegt að koma í veg fyrir óeðlilega íhlutun ríkisstjórnar í störf þingsins. Sú fyrri afnemur rétt ráðherranna til að senda þjóðkjörið Alþingi heim og hin seinni útilokar að ríkisstjórnin setji lög að löggjafarsamkomunni fornspurðri.

Þingrofsréttur forseta er arfur frá þeim tíma er almenningur þurfti að sækja rétt sinn í hendur erfðakónga og einræðisherra. Ef í odda skarst milli þings annars vegar og þjóðhöfðingja eða ríkisstjórna hins vegar gátu þeir síðarnefndu rofið þing og þar með ógilt umboð þingmanna sem þó voru kosnir af þjóðinni.

Ákvæði um þingrof hafa aldrei verið í norsku stjórnarskránni og eru alls ekki óhjákvæmilegur þáttur í framkvæmd lýðræðis. Það er raunar augljóst að þetta vald samræmist ekki seinni tíma hugmyndum um samskipti þings og stjórnar.

Ágreiningsmál, sem kunna að koma upp á milli þessara aðila, verður að leysa með samningum án þess að handhafar framkvæmdarvaldsins hóti þingmönnum með svipu þingrofsins.

Efnahagskerfi þjóðarinnar er flókið og viðkvæmt. Þar er lífsnauðsyn að hægt sé að gera góðar framtíðaráætlanir og spár. Slíkar áætlanir eru komnar undir því trausti sem menn telja sig geta haft á frambúðargildi stjórnvaldsathafna. Sú óvissa um aðgerðir stjórnvalda, sem þingrofsmöguleikanum fylgja, er eitur á gróandann í efnahagslífinu.

Þau tilefni, sem gjarnan eru notuð til að réttlæta þingrof, eru engin þess eðlis að ekki megi bregðast við þeim á annan og nútímalegri hátt. Ef stjórnvöldum þykir ástæða til að leita álits kjósenda á mikilvægum málum, sem koma upp á kjörtímabili þings, er unnt að skjóta þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að til þingrofs þurfi að koma.

Þess má geta að handhafar forsetavalds geta rofið þing. Í því sambandi er athyglisvert fræðanna vegna að minnast þess ástands sem ríkti á Íslandi sumarið 1983. Þá synjaði ríkisstjórn nýkjörnu þingi um að koma saman og tveir handhafar forsetavaldsins af þremur sátu í ríkisstjórn.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar, sem gefin var út í janúar 1983, er lögð til sú meginbreyting að ekki verði unnt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs.

Með hliðsjón af framangreindu um áhrif óstöðugleika í stjórnarathöfnum, kúgunaráhrif þingrofssvipunnar og að auki það ægivald sem ríkisstjórnir hafa yfir þingflokkum sínum telja flutningsmenn þessa frumvarps að tillögur stjórnarskrárnefndar gangi of skammt.

Frumkvæði Alþingis í lagasetningu hefur að talsverðu leyti glatast. Orsakir þess eru vafalaust margar en nefna má þessar:

a. Yfirburðaaðstaða ráðherra til gagnasöfnunar og tæknilegrar úrvinnslu leiðir til þess að sífellt stærri hluti löggjafarvaldsins er framseldur til ráðuneyta. Þetta gerist bæði með samþykkt þingsályktunartillagna og ákvæðum í lögum um reglugerðasmíð embættismanna.
b. Ríkisstjórnir hafa misnotað meira en aldargamalt ákvæði í stjórnarskrá um setningu bráðabirgðalaga.

Þetta frumvarp miðar að því að ná hluta frumkvæðisins til lagasetninga aftur til þingsins með því að afnema rétt framkvæmdarvaldsins til setningar bráðabirgðalaga.

Rétturinn til að setja bráðabirgðalög á rætur sínar að rekja til þess tíma er þing starfaði aðeins tvo mánuði á ári og þá einungis annað hvert ár. Þá var augljóst að stjórnkerfið vann ekki án þessa réttar enda hafa ákvæði um þetta staðið í stjórnarskrá síðan hún var sett 1874. Auk þessa voru samgöngur erfiðar á landinu og sambandsleysi milli manna og landshluta. Þótt ástæður hafi þannig verið ærnar fyrir heimildarákvæði sem þessu voru engu síður gerðar þær kröfur í stjórnarskránni að **brýna nauðsyn** þyrfti að bera til setningar bráðabirgðalaga. Þær fórnir, sem alþýða álfunnar færði til að sækja lýðréttindi sín í hendur valdastéttanna, voru lagasmiðunum í fersku minni. Því var þá, fyrir rúmum hundrað árum, áskilið að einungis í undantekningartilfellum, þ.e. þegar **brýna nauðsyn** bæri til, væri þjóðhöfðingjum og ríkisstjórnum leyfilegt að setja lög.

Ekki leikur hinn minnsti vafi á því að ríkisstjórnir hafa á síðari árum misnotað þennan rétt stórkostlega. Þær hafa böðlast áfram í bráðabirgðalagasetningum og alls ekki virt hina gömlu varúðarreglu um nauðsynina. Raunar er svo komið að ríkisstjórnum virðist kærast að setja stórvirk lög um efnahagsmál í þinghléum eða milli þinga. Þannig eru þingmönnum meinuð eðlileg skoðanaskipti um kosti og lesti laganna fyrr en eftir gildistöku þeirra þegar menn standa frammi fyrir þeim sem gerðum hlut. Á þennan hátt eru fundir þingflokka ríkisstjórna fyrir luktum dyrum í bakherbergjum þingsins látnir koma í stað þinglegrar meðferðar.

Augljós dæmi um misnotkun þessarar heimildar eru frá sumrinu 1983 þegar bráðabirgðalög voru sett um stóra hluti og smáa, allt frá afnámi lýðréttinda til tollmeðferðar á gráfíkjum.

Ef svo stór tilefni gefast að ástæða þykir til að bregðast við með lagasetningu er augljóst að tilefnið er einnig nægilega stórt til að þjóðkjörið Alþingi sé kallað saman. Slíkt er nú hægt að gera með örstuttum fyrirvara án nokkurs kostnaðarauka. Neyðarréttur stjórnvalda er ávallt í gildi ef bráða atburði ber að, t.d. styrjöld. Það er því ljóst að bráðabirgðalög eru hvorki siðferðilega réttlætanleg né nauðsynleg stjórnkerfisins vegna.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá janúar 1983 er lögð til breyting á 28. gr. stjórnarskrárinnar um bráðabirgðalög. Raunverulega er vald stjórnar til slíkrar lagasetningar ekki þrengt samkvæmt tillögu nefndarinnar heldur eru lagðar til breytingar á meðferð mála. T.d. er þar kveðið á um að efni bráðabirgðalaga skuli kynnt fyrir þingnefnd áður en lögin eru sett og að lögin skuli lögð fyrir þing í þingbyrjun.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem talin hafa verið upp hér að framan, telja flutningsmenn þessa frumvarps tillögu stjórnarskrárnefndar algerlega ófullnægjandi.

Því er hér lagt til að þetta gamla og úrelta ákvæði verði fellt úr stjórnarskrá lýðveldisins.

Ed. 317. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 var lagt fram í októbermánuði s.l. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og henni borist margháttuð gögn og erindi.

Í frumvarpinu er heildarfjáröflun til opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja áætluð 15 744 m.kr. Þar af er ráðgert að afla 7464 m.kr. innanlands og 8280 m.kr. erlendis. Þá er í frumvarpinu talið að sem næst jöfnuður verði á viðskiptum við útlönd á árinu 1987.

Í meðförum nefndarinnar eru á þessu stigi boðaðar örfáar breytingar. Ljóst er að nýgerðir kjarasamningar koma til með að hafa nokkur áhrif á frumvarp þetta sem og frumvarp til fjárlaga. Hins vegar hafa þau áhrif ekki verið metin nægilega á þessari stundu, en munu liggja fyrir fljótlega.

Í frumvarpinu var lántökuheimildum sveitarfélaga að fjárhæð 350 m.kr. ekki skipt á einstakar hitaveitur vegna ónógra upplýsinga frá fyrirtækjunum. Nýverið var skipaður vinnuhópur af fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra til að fjalla um fjárhag þeirra veitna sem eiga við hvað mesta fjárhagsörðugleika að etja. Þar er einkum um að ræða Hitaveitu Akureyrar, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Fjarhitun Vestmannaeyja. Þess er vænst að hópurinn kynni niðurstöður sínar á næstu dögum og komi með tillögur um lausn á fjárhagsvanda þessara veitna.

Meiri hl. gerir tillögur um veitingu ríkisábyrgða fyrir lántökum eftirtalinna hitaveitna á árinu 1987:

1. Hitaveita Hveragerðis, 45 m.kr.
2. Hitaveita Siglufjarðar, 12 m.kr.
3. Hitaveita Eyra, 3 m.kr.
4. Hitaveita Egilsstaða og Fella, 9 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir að veita Hitaveitu Rangæinga ríkisábyrgð fyrir langtímaláni að fjárhæð allt að 100 m.kr. hjá Lánsjóði sveitarfélaga til að skuldbreyta lánum hjá sjóðnum.

Meiri hl. leggur til að inn komi ný grein sem heimilar Útflutningslánasjóði 40 m.kr. lántöku á árinu 1987 og er þar í raun um að ræða lántökuheimild frá þessu ári sem sjóðurinn hefur ekki þurft að nýta en telur sig þurfa á næsta ári.

Í lánsfjárlögum undanfarin ár hefur fjármálaráðherra verið veitt heimild til að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð vegna sölu svonefndra raðsmíðaskipa. Skipasmíðin hefur farið fram á árunum 1982–1986 og er ekki lokið. Viðskiptabankarnir hafa fjármagnað smíðina með erlendum skammtímalántökum. Lokið er smíði skips á Seyðisfirði og var það selt til Grindavíkur. Ríkisábyrgðasjóður yfirtók fjármagnskostnað að fjárhæð 15 m.kr. í tengslum við sölu skipsins. Tvö skip eru í smíðum hjá Slippstöðinni á Akureyri, eitt í Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts og eitt hjá Stálvík í Garðabæ. Sala umræddra skipa er nú ákveðin og við það miðað að ríkissjóður ábyrgist allt að 80% af kaupverði skipanna með sama hætti og gert er hjá Fiskveiðasjóði Íslands. Þá er miðað við að Byggðastofnun láni allt að 5% og að 15% komi frá kaupendum. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að veitt verði allt að 600 m.kr. ríkisábyrgð vegna sölu skipanna.

Á þessu ári yfirtók Ríkisábyrgðasjóður togarann Merkúr (áður Bjarni Benediktsson) og seldi síðan til Ólafsfjarðar. Nú er verið að breyta skipinu í frystitogara í Noregi. Skipið var selt þannig að veitt er ríkisábyrgð fyrir um 80% af söluverði og er leitað eftir allt að 160 m.kr. ríkisábyrgð í því skyni. Kaupendur fjármagna sjálfir 20% kaupverðs.

Stálvík í Garðabæ hefur óskað eftir ríkisábyrgð á láni að fjárhæð allt að 20 m.kr. til endurskipulagningar á starfsemi fyrirtækisins en hún er talin kosta alls um 35 m.kr. Ráðgert er að veita fyrirtækinu allt að 20 m.kr. ríkisábyrgð til að afla nauðsynlegs lánsfjár í þessu skyni.

Þá eru, að ósk Seðlabanka, teknar inn tvær tillögur sem hafa í raun ekki efnislegar breytingar í för með sér fyrir afgreiðslu frumvarpsins heldur eru þær taldar mikilvægar fyrir þá aðila sem standa að tæknilegri framkvæmd skuldbreytinga erlendis.

Í fyrsta lagi er ný málsgrein í 29. gr. sem varðar heimildir til þess að nýta þann sveigjanleika sem veltilána- og skammtímalánasamningar (Euro Commercial Paper) bjóða upp á, þ.e. að haga notkuninni í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og þarfir tengdar lánsfjáráætlun og framkvæmd annarra lánssamninga.

Í öðru lagi er ný grein sem felur í sér heimild til að nýta þá möguleika sem erlendir fjármagnsmarkaðir bjóða upp á og byggjast á samningum um skuldir og vaxtakjör. Viðskipti af þessu tagi hafa mjög færst í vöxt á allra síðustu árum enda getur það í mörgum tilfellum reynst heppilegt fyrir skuldara að breyta samsetningu skulda sinna bæði hvað snertir gjaldmiðla og vaxtakjör.

Nefndin hyggst athuga frumvarpið frekar milli 2. og 3. umr. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Ed. 318. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, VI, EgJ).

1. 5. gr. orðist svo:

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Hveragerðis, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 12 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 9 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 3 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 281 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Við 13. gr. sem verður 14. gr. Í stað „3.–12. gr.“ komi: 3.–13. gr.
4. Við 29. gr., sem verður 30. gr., bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., er orðist svo:
   Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
5. Á eftir 29. gr., sem verður 30. gr., komi ný grein sem verður 31. gr., og orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.
   Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.
6. Á eftir 30. gr., sem verður 32. gr., komi fjórar nýjar greinar sem verða 33.–36. gr. og orðist svo:
   a. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna sölu fjögurra fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið í smíðum innanlands á árunum 1982–1986. Skip þessi mega vera allt að 42,4 metra löng og með vélarafl allt að 1000 hestöflum.
      Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra.
      Ráðherra ákveður nánar um framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.
   b. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 160 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem tekin verða vegna togarans Merkúrs.
   c. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán Stálvíkur hf. með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   d. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sþ. 319. Svar [101. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um stuðnings- og sérkennslu.

Sem svar við fyrirspurninni verður hér birt skýrsla Magnúsar Magnússonar sérkennslufulltrúa, dags. 4. des. s.l., til menntamálaráðherra um stuðnings- og sérkennslu í almennum grunnskólum og sérskólum og skiptingu nemenda sérskóla og sérdeilda ríkisins eftir fræðsluumdæmum.

„Sá háttur er hér á hafður að setja upplýsingar í töfluform í trausti þess að þá sé léttara að komast að raun um ástand í sérkennslu. Nokkuð víða þurfti að leita fanga.

Ráðuneytið sendi út eftirfarandi fyrirmæli í bréfi til fræðslustjóranna 31. okt. 1986 til þess að samræma svör:

„Ráðuneytið reiknar með að sérkennsla sé sú kennsla sem fer fram í sérdeildum fræðsluumdæma og þjálfunardeildum þar sem þær eru, en stuðningskennsla sé sú kennsla sem kemur nemendum til stuðnings þar fyrir utan svo sem í lestri og reikningi."

Einnig var óskað eftir upplýsingum um fjölda nemenda úr hverju fræðsluumdæmi o.fl. við skólastjóra sérskóla- og sérdeilda ríkisins.

Töflur I–VIII eiga að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða stuðnings- og sérkennsla hefur verið samþykkt og hvaða slík kennsla hefur farið fram á landinu öllu og í einstökum fræðsluumdæmum frá og með árinu 1980 að telja til yfirstandandi árs?
2. Hver hefur verið metin þörf fyrir stuðnings- og sérkennslu á landinu öllu og í einstökum fræðsluumdæmum á sama tímabili?

Neðanmáls við töflurnar fylgja skýringar fræðslustjóra þar sem það þótti gefa frekari upplýsingar.

TAFLA I.

	REYKJAVÍKURUMDÆMI					
Kennsla:	1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla ..	1388.2	1313.2	1236.6	1287.5	1430.0	1523.5
Sérkennsla	614.4	684.8	735.8	787.0	716.6	681.5
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla ..	1685	1318	1318	2600	1670	1672
Sérkennsla	950	944	889	934	857	875
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	1642	1318	1318	1318	1318	1428
Sérkennsla	547.3	824	857	856	855	860

TAFLA II.

	REYKJANESUMDÆMI					
Kennsla:	1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla ..	703.5	862.4	896.1	910.9	911.7	1254.7
Sérkennsla	243	281.6	233.5	324.4	286.5	368.8
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla a.	870.3	851.6	857	870.1	870.1	895.5
b.	386	383.5	391.6	390.6	196.5	137.5
Sérkennsla					371.1	586.9
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	870.3	851.6	857	870.1	870.1	895.5
Sérkennsla					150	367

Aths. 1: Flæði er á milli sérkennslu og stuðningskennslu þar sem mikið af stuðningskennslu einstaklinga er í raun sérkennsla.

Aths. 2: Stuðningskennsla hefur verið fjármögnuð með tvennum hætti:
a. 6% álag á viðmiðunarstundir umdæmisins.
b. Ónotaður kvóti til almennrar kennslu.

Aths. 3: Sérkennsla er áætluð sem stuðningskennsla til ársins 1985.

TAFLA III.

	VESTURLANDSUMDÆMI					
Kennsla:	1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla ..	273	275	273	315	375	393
Sérkennsla	54	55	203	244	232	290
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla ..	283	277	273	285	267	290
Sérkennsla	54	55	358	490	503	808
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	283	277	273	274	274	285
Sérkennsla	54	55	204	361	352	352

TAFLA IV.

Kennsla:	VESTFJARÐAUMDÆMI 1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla ..	216.2	178	205	193.4	205.6	213.6
Sérkennsla					38.5	95.6
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla ..	216.2	178	205	193.4	205.6	213.6
Sérkennsla					* 90.8	193.9
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	216.2	178	205	** 202.3	202.3	213
Sérkennsla						67.5

* Greining send síðar en fjárlagatillögur, þörf breyttist með tilkomu Bræðratungu, vistheimilis fyrir þroskahefta. Bréf sent 23. júlí 1984. Sérkennsla næsta vetur síðan framkvæmd með munnlegu samþykki ráðuneytis, þrátt fyrir fjárlög (ónýttur kennslukv.).

** Auk þessa var heimilað að kenna 1560 st. sem stuðningskennslu vegna verkfalls BSRB þá um veturinn.

TAFLA V.

Kennsla:	NORÐURLANDSUMDÆMI VESTRA 1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla[1])	231	217	202	210	210	253
Sérkennsla				135	223	288
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla[2])	231	217	202	210	210	253
Sérkennsla				125	190	281
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	231	217	202	210	210	214
Sérkennsla				78	60	110

1) Fyrir skólaárið 1983—84 voru ekki gerð skörp skil á milli stuðningskennslu og sérkennslu. Var því stuðningskennslukvótinn (6% af heildarstundafjölda umdæmisins) notaður svo langt sem hann náði og bætt við eftir þörfum, efnum og ástæðum.

2) Í almennum grunnskóla.

TAFLA VI.

NORÐURLANDSUMDÆMI EYSTRA

Kennsla:	1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla ..	503	470	471	466	613	452
Sérkennsla			160	210	469	634
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla ..	503	470	471	466	613	452
Sérkennsla	200	200	165	215	519	800
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	503	470	471	466	613	452
Sérkennsla			165	215.5	215.5	245.5

TAFLA VII.

AUSTURLANDSUMDÆMI

Kennsla:	1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla * .	230	205	242	207	221	249
Sérkennsla	194	253	761	200	174	143
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla ..	230	205	242	207	221	249
Sérkennsla	194	253	161	200	174	143
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	230	205	242	207	221	249
Sérkennsla	194	253	161	200	174	143

* Kennsla hefur oftast haldist í hendur við heimildir fjárlaga. Nýting stunda hefur þó stundum strandað á kennaraskorti.
Sérdeild Vonarlands er ekki talin hér með. Þar er 2½ kennarastaða.

TAFLA VIII.

SUÐURLANDSUMDÆMI

Kennsla:	1980–81	1981–82	1982–83	1983–84	1984–85	1985–86
Stuðningskennsla ..	237	326	294	247	305	348
Sérkennsla	112	117	194	276	363	405
Metin kennsluþörf:						
Stuðningskennsla ..				375	404	420
Sérkennsla			67	304	696	546
Heimiluð kennsla skv. fjárlagafrv.:						
Stuðningskennsla ..	373	371	370	373	373	392
Sérkennsla	67	67	67	343	333	381

Töflur IX og X sýna stuðnings- og sérkennslu í grunnskólum fræðsluumdæmanna 1986, svo og mat fræðslustjóra á þörf og áætlun ráðuneytis 1987.

Tafla X svarar eftirfarandi spurningu:

3. Hver verður heimilaður stundafjöldi til stuðnings- og sérkennslu á næsta ári miðað við tölur í fjárlagafrumvarpi, samanborið við þá þörf sem greind hefur verið og óskir fræðsluskrifstofa, allt sundurliðað á sama hátt og að ofan?

TAFLA IX.

Stuðnings- og sérkennsla í grunnskólum

Fræðsluumdæmi	Fjárlög 1986		
	Stuðnk.	Sérk.	Samt.
Reykjanes	905	359	1264
Vesturland	311	355	666
Vestfirðir	213	60	273
Norðurland vestra	198	60	258
Norðurland eystra	431	245	676
Austurland	259	190	449
Suðurland	385	381	766
	2702	1650	4352
Reykjavík	935	1523	2458
	3637	3173	6810

TAFLA X.

Stuðnings- og sérkennsla í grunnskólum

Fræðsluumdæmi	Metin kennsluþörf			Áætlun ráðuneytis 1987		
	Stuðnk.	Sérk.	Samt.	Stuðnk.	Sérk.	Samt.
Reykjanes	896	897	1 793	893	436	1329
Vesturland	302	679	981	318	355	673
Vestfirðir	201	230	431	201	140	341
Norðurland vestra	221	450	671	221	110	331
Norðurland eystra	453	950	1 403	453	300	753
Austurland	257	244	501	257	233	490
Suðurland	389	590	979	389	398	787
	2 719	4 040	6 759	2 732	1 972	4 704
Reykjavík	1 544	1 543	3 087	956	1 533	2 489
	4 263	5 583	9 846	3 688	3 505	7 193

Tafla XI sýnir það prósentustig sem kæmi á hvern nemanda í grunnskóla ef stuðnings- og sérkennslu umdæmanna væri skipt niður á alla nemendur skólanna. Með þessari aðferð kemur fram hvaða umdæmi fá stærstan hluta og hvaða umdæmi fá minnstan. Hins vegar er ekki lagður dómur á þörfina.

TAFLA XI.

Stuðnings- og sérkennsla á hvern nemanda á grunnskólaaldri í fræðsluumdæmum 1985–1986

11. Kjalarnes	160	
		4 075
f. Dagheimili, nýbyggingar teknar í fjárlög 1986:		
1. Akranes, Víðigerði	300	
2. Flateyri, leikskóli	300	
3. Siglufjörður, dagheimili, leikskóli	300	
4. Akureyri, Hamarskot	300	
5. Vopnafjörður, leikskóli	300	
6. Fellahreppur, leikskóli	300	
7. Grindavík, leikskóli	300	
8. Kópavogur, dagheimili í austurbæ	300	
9. Reykjavíkurborg:		
a. Seljavegur	10	
b. Ártúnsholt, dagheimili, leikskóli	300	
c. Rekagrandi, dagheimili, leikskóli	300	
d. Jöklasel, dagheimili, leikskóli	300	
		3 310
g. Dagheimili, nýbyggingar ekki teknar í fjárlög áður:		
1. Ólafsvík	5	
2. Ísafjörður, v/Hlíðarveg, lóð	200	
3. Foreldrafélag Seyluhrepps, Varmahlíð	50	
4. Foreldrafélag Hólahrepps, Hjaltadal	50	
5. Foreldrafélagið, Löngumýri 16, Akureyri	100	
6. Djúpivogur	100	
7. Foreldrafélag Kirkjubæjarhrepps	5	
8. Hvolsvöllur	250	

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Selfoss	5	
10. Hverageröi, viðbygging	5	
11. Gullvík, Grindavík	20	
12. Hafnarfjörður, dagheimili	5	
13. Bessastaðahreppur	500	
14. Kópavogur, dagheimili, leikskóli	5	
15. Kársnesbraut 121, Kópavogi	50	
16. Foreldrafélagið Ós, Reykjavík	500	
17. Reykjavíkurborg:		
a. Vegna breytinga á Fornhaga 8	5	
b. Vegna breytinga á Njálsgötu 9	5	
		1 860
h. Hönnun nýrra dagvistarheimila		500
		43 195

4. Bygging íþróttamannvirkja (02-986 6.20).

a. Ný íþróttamannvirki:		
1. Íþróttafélagið Leiknir, Rvk, vallarhús	10	
2. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvk, snjótroðari	10	
3. Reykjavíkurborg, skíðalyftur fyrir börn	10	
4. Siglingasamband Íslands, bátur	10	
5. Hafnarfjörður, sundlaug	10	
6. Mosfellshreppur, íþróttaleikvangur	10	
7. Ums. Dalamanna, skíðalyfta	10	
8. Íþróttafél. Höfrungur, Þingeyri, skíðal.	10	
9. Umf. Leiftur Ólafsfirði, snjótroðari	10	
10. Húsavík, endurbætur á sundlaug	10	
11. Þórshöfn, íþróttahús	10	
12. Neskaupstaður, endurbætur á sundlaug	10	
13. Neskaupstaður, stækkun íþróttahúss	10	
14. Júdófélagið Kjarni Fellabæ, æfingadýna	10	
15. TBR, íþróttahús	10	
16. Þór Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	10	
17. Týr, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	10	
18. Ölfushreppur, íþróttavöllur	10	
		180
b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1986 eða fyrr:		
1. Glímufélagið Ármann, íþróttahús	100	
2. Glímufélagið Ármann, íþróttasvæði	75	
3. Glímufélagið Ármann, skíðaskáli	5	
4. Knattspyrnufélagið Fram, grasvöllur	350	
5. Knattsp.félagið Fylkir, íþr.völlur, 1. áf.	400	
6. ÍR, íþróttasvæði	200	
7. ÍR, skíðalyfta IV	100	
8. ÍR, troðari	204	
9. Íþróttafélag Rvíkur, skáli fyrir troðara	54	
10. Íþróttafélag fatlaðra, íþróttahús	100	

	Þús. kr.
11. Íþróttabandalag Rvíkur, íþróttabúðir	200
12. KR, þjónustumiðstöð	300
13. KR, skíðalyfta	300
14. KR, íþróttahús lyftingamanna	30
15. Skotfélag Reykjavíkur, skotsvæði	75
16. TBR, tennisvellir	200
17. Knattsp.félagið Valur, íþróttahús	800
18. Knattsp.félagið Valur, grasvöllur	250
19. Knattsp.félagið Víkingur, íþróttasvæði	300
20. Knattsp.félagið Víkingur, skíðalyfta	200
21. Sundlaug Laugardal, laugarhús	5 000
22. Laugardalsvöllur, 3. áf.	120
23. Þjónustumiðstöð í Bláfjöllum, 2. áf.	500
24. Troðari og skemma í Bláfjöllum	111
25. Gervigras á Laugardalsvöll	3 000
26. Skíðalyfta í Bláfjöllum	900
27. Kópavogur, íþróttahús	400
28. Íþróttafélagið Gerpla, Kópav., íþróttahús	1 691
29. Hafnarfjörður, viðbygging við sundlaug	350
30. Hafnarfjörður, æfingasvæði Kaplakrika	300
31. FH, Hafnarfirði, áhorfendasv., búningsk.	800
32. Hafnarfjörður, íþr.völlur Hvaleyrarholti	150
33. Golfklúbburinn Keilir, stækkun golfvallar	150
34. Seltjarnarnes, íþróttavöllur	250
35. Seltjarnarnes, sundlaug	200
36. Garðabær, íþróttavöllur	1 100
37. Keflavík, æfingasvæði	50
38. Keflavík, endurbætur á sundlaug	200
39. Keflavík, íþr.leikvangur	250
40. Keflavík, sundlaug	45
41. Keflavík, Heiðarbólsvöllur	250
42. Njarðvík, búningsklefar við völl	250
43. Golfklúbbur Suðurnesja, Keflav., golfskáli	600
44. Grindavík, vallarhús	150
45. Grindavík, íþróttasvæði	100
46. Grindavík, golfklúbbur, golfvöllur	100
47. Grindavík, íþróttahús	150
48. Gerðahr., Gull., íþr.hús og sundlaug	100
49. Gerðahr., Gull., grasv. og vallarhús	90
50. Miðneshreppur, Sandgerði, íþróttahús	44
51. Miðneshreppur, Sandgerði, sundlaug	4
52. Miðneshreppur, Sandgerði, grasvöllur	80
53. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit	400
54. Akranes, grasvöllur, 2. áf.	64
55. Akranes, íþróttahús ÍA	1 250
56. Akranes, sundlaug (opin)	300
57. Golfklúbbur Borgarness, golfv. og skáli	100
58. Andakílshreppur, Borg., sundlaug	50

		Þús. kr.
59.	Ólafsvík, íþróttavöllur	150
60.	Golfklúbbur Ólafsvíkur, golfvöllur	50
61.	Ólafsvík, troðari, skíðalyfta	50
62.	Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	2
63.	Stykkishólmur, Snæf., íþróttavöllur	100
64.	Búðardalur, íþróttavöllur	10
65.	Patrekshreppur, V-Barð., malarvöllur	200
66.	Tálknafj.hreppur, V-Barð., íþróttahús	40
67.	Bíldudalur, V-Barð., íþróttavöllur	100
68.	Bolungarvík, skíðalyfta	100
69.	Ísafjörður, gras- og malarvöllur	100
70.	Ísafjörður, sundlaug	150
71.	Ísafjörður, troðari	72
72.	Ísafjörður, vallarhús	33
73.	Íþróttabandalag Ísafjarðar, skíðamannv.	50
74.	Íþróttafél. Vestri, Ísaf., tímatökutæki	25
75.	Súðavíkurhr., N-Ís., malarv., skíðamannv.	100
76.	Kaldrananeshr., Strand., laugarhús	100
77.	Hvammstangahr., V-Hún., malarvöllur	50
78.	Hvammstangahr., V-Hún., sundlaug	16
79.	Blönduóshr., A-Hún., íþr.völlur	35
80.	Blönduóshr., A-Hún., skíðatogbraut	54
81.	Blönduóshr., íþróttahús	75
82.	Golfklúbbur Blönduóss, golfvöllur	25
83.	Höfðahreppur, Skagastr., A-Hún., sundlaug	50
84.	Höfðahreppur, Skagastr., A-Hún., skíðask.	150
85.	Lýtingsstaðahr., Skag., íþróttavöllur	25
86.	Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	50
87.	Engihlíðarhr., A-Hún., íþróttavöllur	60
88.	Sauðárkrókur, íþróttahús	120
89.	Golfklúbbur Sauðárkróks, golfvöllur	175
90.	Akrahreppur, Skag., íþróttavöllur	50
91.	Siglufjörður, grasvöllur	400
92.	Íþr.bandalag Siglufj., skíðamiðst. Hóli	150
93.	Siglufjörður, endurbætur á sundlaug	100
94.	Siglufjörður, íþróttahús 4%	75
95.	Ólafsfjörður, malarvöllur	150
96.	Ólafsfjörður, sundlaug	100
97.	Umf. Vorboðinn, Reistará, Eyjaf., íþrv.	50
98.	Dalvík, grasvöllur, 1. áf.	320
99.	Dalvík, toglyfta	600
100.	Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	49
101.	Akureyri, skokkbraut	75
102.	Akureyri, markhús í Hlíðarfjalli	71
103.	Akureyri, íþróttahús	450
104.	KA, Akureyri, vallarhús	1 150
105.	KA, Akureyri, grasvöllur	250
106.	Íþr.félagið Þór, Ak., handb.- og tennisv.	60

	Þús. kr.
107. Íþr.félagið Þór, Ak., grasvöllur	400
108. Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	200
109. Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	80
110. Skautafélag Akureyrar, skautasvæði	250
111. Grímsey, sundlaug	200
112. Umf. Reynir, Ársskógsstr., íþróttavöllur	50
113. Umf. Bjarmi, Hálsahr., S-Þing., íþróttav.	1
114. Umf. Geisli, Aðaldal, S-Þing., íþróttav.	100
115. HSÞ, Laugum, S-Þing., stækkun íþróttav.	100
116. Reykjahreppur, sundlaug	80
117. Skútustaðahr., S-Þing., malarvöllur	100
118. Skútustaðahr., S-Þing., sundl., vallarhús	75
119. Húsavík, 2. áf. grasvallar	169
120. Húsavík, skíðalyfta	49
121. Húsavík, íþróttahús	900
122. Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	60
123. Presthólahreppur, Kópasker, íþróttavöllur	60
124. Umf. Austri, Raufarhöfn, íþróttavöllur	200
125. Umf. Borgarfjarðar, N-Múl., íþróttavöllur	14
126. UÍA, Eiðum, S-Múl., vallarhús	120
127. Egilsstaðahreppur, S-Múl., íþróttavöllur	68
128. Egilsstaðahreppur, S-Múl., skíðalyfta	80
129. Fellahreppur, N-Múl., íþróttavöllur	25
130. Íþróttafél. Huginn Seyðisf., skíðamannv.	200
131. Vopnafjörður, íþróttavöllur	50
132. Golfklúbbur Vopnafjarðar, golfvöllur	40
133. Umf. Jökuldæla, íþróttavöllur	40
134. Golfkl. Fljótsdalshéraðs, golfvöllur	35
135. Seyðisfjörður, endurbætur á sundlaug	80
136. Seyðisfjörður, íþróttavöllur	34
137. Neskaupstaður, íþróttasvæði	150
138. Reyðarfjörður, íþróttavöllur	3
139. Reyðarfjörður, toglyfta	57
140. Neskaupstaður, Eskifj. og Reyðarfj., skíðamiðstöð í Oddsskarði	300
141. Stöðvarhreppur, S-Múl., íþróttavöllur	34
142. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfv. og skáli	110
143. Eskifjörður, íþróttavöllur	10
144. Siglingaf. Sörvi, Egilsst., siglingaaðst.	25
145. Eskifjörður, baðlaugar	62
146. Djúpivogur, S-Múl., íþróttavöllur	80
147. Hafnarhr., A-Skaft., íþróttavöllur	8
148. Hafnarhreppur, sundlaug	80
149. Golfklúbbur Hornafjarðar, völlur og skáli	60
150. Kirkjubæjarhr., V-Skaft., íþróttavöllur	80
151. Umf. Dyrhólaey, V-Skaft., íþróttavöllur	60
152. Golfklúbbur Hvolsvallar, golfvöllur	100
153. Umf. Biskupstungna, íþróttavöllur	80

	Þús. kr.	Þús. kr.
154. V-Eyjafjallahreppur, Rang., íþróttavöllur	5	
155. Fljótshlíðarhreppur, íþróttavöllur	80	
156. Umf. Hrunamanna, Árn., íþróttasvæði	11	
157. Sólheimar í Grímsnesi, íþróttahús	600	
158. Djúpárhreppur, Rang., íþróttavöllur	5	
159. Skeiðahreppur, baðstofa	80	
160. Vestmannaeyjar, grasvöllur	70	
161. ÍBV, Vestmannaeyjum, tímatökutæki	40	
162. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	50	
163. Selfoss, búningsklefar við sundhöll	100	
164. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur	300	
165. Stokkseyrarhreppur, Árn., íþróttasvæði	100	
166. Hveragerðishreppur, Árn., sundlaug	53	
167. Hveragerðishreppur, Árn., íþróttahús	97	
		37 059
c. Sérfræðileg aðstoð, eftirlit og leiðbeiningar		350
		37 589

5. Landþurrkun (04-201 1.50).

1. Araós	20	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	15	
3. Leiðvallahreppur	45	
4. Dyrhólaós	250	
5. Holtsós	60	
6. Austur-Landeyjahreppur	45	
7. Vestur-Landeyjahreppur	45	
8. Rangárvallahreppur	15	
9. Djúpárhreppur	45	
		540

6. Fyrirhleðslur (04-270 6.90).

a. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Skaftá	300	
2. Kúðafljót	400	
3. Markarfljót	500	
4. Norðurá	150	
5. Héraðsvötn	400	
6. Hörgá	300	
7. Eyjafjarðará	200	
8. Hornafjarðarfljót	1 000	
9. Jökulsá á Dal	400	
10. Þjórsá	500	
11. Hoffellsá	1 250	
		5 400

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Vestur-Skaftafellssýsla	600	
2. Rangárvallasýsla	200	
3. Árnessýsla	600	
4. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
5. Snæfellsnessýsla	100	
6. Dalasýsla	100	
7. Múlasýsla	1 000	
8. Austur-Skaftafellssýsla	500	
		3 200
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Suðurlandskjördæmi	250	
2. Reykjaneskjördæmi	100	
3. Vesturlandskjördæmi	150	
4. Vestfjarðakjördæmi	100	
5. Norðurlandskjördæmi vestra	300	
6. Norðurlandskjördæmi eystra	350	
7. Austurlandskjördæmi	150	
		1 400
d. Til fyrirhleðslna.		
Hoffellsá, greiðsla á skuld		2 500
		12 500

7. Sjóvarnargarðar (04-270 6.91 og 10-333 6.40).

1. Akranes	1 000	
2. Ólafsvík	1 000	
3. Búðardalur	200	
4. Flateyri	500	
5. Bolungarvík	500	
6. Blönduós	800	
7. Sauðárkrókur	1 000	
8. Siglufjörður	1 000	
9. Dalvík	800	
10. Hjalteyri	700	
11. Húsavík	1 000	
12. Stokkseyri	1 500	
13. Eyrarbakki	3 000	
14. Grindavík	1 500	
15. Miðneshreppur	1 000	
16. Gerðahreppur	1 000	
17. Hafnahreppur	1 000	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	500	
19. Bessastaðahreppur	1 000	
20. Hafnarfjörður	500	
21. Seltjarnarnes	1 000	
		20 500

8. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík, Hraunberg H2	16 000	
2. Reykjavík, Grensás	2 500	
3. Akranes, H2	9 000	
4. Borgarnes, H2	300	
5. Ólafsvík, H2	1 000	
6. Grundarfjörður, H1	1 000	
7. Stykkishólmur, H2	3 900	
8. Patreksfjörður, sjúkrahús	4 200	
9. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	22 500	
10. Hvammstangi, sjúkrahús og H2	1 700	
11. Blönduós, sjúkrahús og H2	11 000	
12. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	6 000	
13. Siglufjörður, sjúkrahús	4 400	
14. Ólafsfjörður, H2	400	
15. Dalvík, H2	400	
16. Akureyri, H2	3 400	
17. Húsavík, sjúkrahús og H2	5 500	
18. Raufarhöfn, H1	1 000	
19. Þórshöfn, H1	5 000	
20. Bakkafjörður, H, tækjakaup	300	
21. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H1	10 400	
22. Egilsstaðir, sjúkrahús og H2	3 600	
23. Neskaupstaður, sjúkrahús og H2	1 000	
24. Eskifjörður, H2	1 000	
25. Djúpivogur, H1	4 800	
26. Kirkjubæjarklaustur, H1	500	
27. Vík, H1, tækjakaup og lóð	900	
28. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	2 000	
29. Laugarás, H2, hönnun	200	
30. Eyrarbakki, H	1 300	
31. Þorlákshöfn, H1	4 000	
32. Selfoss, sjúkrahús	3 500	
33. Keflavík, H2	1 000	
34. Sandgerði, H	1 500	
35. Grindavík, H1, hönnun	200	
36. Vogar, H	2 000	
37. Hafnarfjörður, H2	6 000	
38. Seltjarnarnes, H2	1 500	
		144 900

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Húsaleiga:		
1. Reykjavík	1 000	
2. Akureyri	4 750	
3. Reyðarfjörður	250	
4. Þorlákshöfn	550	
5. Hafnarfjörður	680	
6. Mosfellssveit	350	
		7 580
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	1 000	
2. Siglufjörður	1 100	
3. Hvolsvöllur	1 000	
		3 100
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Reykjavík, B-álma	9 000	
2. Egilsstaðir	4 000	
3. Höfn	1 000	
4. Hella	1 700	
5. Keflavík, D-álma	3 000	
6. Hafnarfjörður	3 000	
		21 700
		177 280

9. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 6.30).

1. Akranes	7 000
2. Borgarnes	1 400
3. Arnarstapi	600
4. Ólafsvík	9 000
5. Grundarfjörður	400
6. Stykkishólmur	5 600
7. Karlsey	300
8. Brjánslækur	5 000
9. Patreksfjörður	2 000
10. Tálknafjörður	7 300
11. Bíldudalur	100
12. Þingeyri	300
13. Flateyri	2 300
14. Suðureyri	800
15. Bolungarvík	5 300
16. Ísafjörður	10 900
17. Súðavík	400
18. Norðurfjörður	5 100
19. Drangsnes	1 400
20. Hólmavík	2 500
21. Hvammstangi	1 200
22. Blönduós	4 000

	Þús. kr.	Þús. kr.
23. Skagaströnd	2 200	
24. Sauðárkrókur	5 000	
25. Hofsós	1 000	
26. Haganesvík	2 600	
27. Siglufjörður	7 300	
28. Ólafsfjörður	11 500	
29. Dalvík	2 900	
30. Hrísey	400	
31. Árskógssandur	15 800	
32. Hauganes	300	
33. Hjalteyri	100	
34. Akureyri	5 300	
35. Svalbarðseyri	100	
36. Grenivík	100	
37. Grímsey	3 100	
38. Húsavík	2 100	
39. Raufarhöfn	8 600	
40. Þórshöfn	5 400	
41. Bakkafjörður	7 500	
42. Vopnafjörður	13 500	
43. Borgarfjörður eystri	500	
44. Seyðisfjörður	2 200	
45. Neskaupstaður	2 700	
46. Eskifjörður	1 600	
47. Reyðarfjörður	300	
48. Fáskrúðsfjörður	2 600	
49. Stöðvarfjörður	2 500	
50. Breiðdalsvík	500	
51. Djúpivogur	1 400	
52. Höfn, Hornafirði	6 400	
53. Dyrhólaey	400	
54. Vestmannaeyjar	9 500	
55. Stokkseyri	200	
56. Grindavík	1 800	
57. Sandgerði	5 300	
58. Hafnarfjörður	9 700	
59. Garðabær	3 200	
		218 500

10. Framkvæmdir á flugvöllum (10-471 6.80).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Reykjavík:		
a. Girðing, öryggissvæði	9 050	
b. Vörubifreið o.fl.	1 500	
c. Raflögn	1 000	
d. Malbik	5 500	
		17 050
2. Stykkishólmur:		
Öryggissvæði		900
3. Búðardalur:		
Öryggissvæði, girðing		1 700
4. Reykhólar:		
Flugbraut		3 700
5. Bíldudalur:		
Öryggissvæði		3 500
6. Flateyri:		
Farþegaskýli		1 800
7. Reykjanes:		
Flugbraut		1 000
8. Blönduós:		
Flugbrautarljós		1 700
9. Akureyri:		
a. Fjarskiptatæki		
b. Ljósabúnaður		
c. Snjóhreinsibúnaður		4 150
10. Húsavík:		
Öryggissvæði		4 000
11. Egilsstaðir:		
Flugstöð, breyting		3 400
12. Vopnafjörður:		
Flugstöð		4 000
13. Borgarfjörður eystri:		
Snjóhreinsibúnaður		650
14. Norðfjörður:		
a. Flugskýli	1 000	
b. Snjóhreinsibúnaður	3 000	
		4 000

	Þús. kr.	Þús. kr.
15. Hornafjörður:		
Flugbraut		1 700
16. Vestmannaeyjar:		
Vindmælir		650
17. Sjúkraflugvellir:		
1. Mývatnssveit	2 600	
2. Fáskrúðsfjörður	700	
3. Kirkjubæjarklaustur	200	
4. Selfoss	500	
5. Haukadalur	350	
6. Umfram á s.l. ári	850	
7. Óráðstafað	1 300	
		6 500
18. Flugleiðsögubúnaður og annað:		
a. Radíóvitar, endurnýjun	1 600	
b. Viðhaldsaðstaða v. ratsjárkaupa	500	
c. A.T.S. þjálfunarbúnaður	2 000	
d. Forathugun vegna Færeyjaratsjár	300	
e. Tækjabúnaður vegna veðurþjónustu	1 500	
f. Tölvubúnaður fyrir NOTAM/kortadeild	1 000	
g. Flugstjórnarmiðstöð, tækjabúnaður	600	
h. Flugstjórnarmiðstöð, segulbönd	1 500	
		9 000
		69 400

Nd. 327. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Við gerð frumvarpsins á þskj. 168 var sem kunnugt er reiknað með að tekjubreytingin á milli áranna 1985 og 1986 yrði u.þ.b. 31%. Á sama hátt var reiknað að með hækkun tekna milli áranna 1986 og 1987 yrði 15%.

Síðan frv. kom til nefndarinnar hefur Þjóðhagsstofnun endurskoðað þessar áætlanir og hinn 12. des. gaf hún út eftirfarandi frétt:

Endurskoðun þjóðhagsspár 1986
og horfur 1987.

Áætlanir um helstu þjóðhagsstærðir á árinu 1986 og spár fyrir árið 1987 eru nú í endurskoðun, meðal annars í ljósi fyllri upplýsinga um framvinduna á þessu ári og í ljósi nýgerðra kjarasamninga. Hér á eftir eru raktar helstu niðurstöður eins og þær eru nú metnar.

Framvindan 1986.

Útflutningur, einkum á fiski, hefur verið afar mikill á þessu ári. Hér leggst allt á sömu sveif, landburður af afla, hátt afurðaverð og hagkvæm ráðstöfun aflans. Auk þess hefur mjög gengið á birgðir sérstaklega nú síðustu mánuði. Þótt almennur innflutningur hafi einnig farið vaxandi að undanförnu virðist líklegt að halli á viðskiptunum við útlönd verði mun minni en spáð var og gæti jafnvel horfið með öllu. Það yrði í fyrsta sinn síðan 1978 sem það gerðist.

Hagvöxtur — á mælikvarða landsframleiðslu — verður því meiri en áður var búist við eða um 6% í stað 5%. Jafnframt virðast horfur á að viðskiptakjör batni meira en áætlað var, ekki síst vegna mikillar hækkunar fiskverðs að undanförnu. Þjóðartekjur gætu því aukist um meira en 8% á árinu. Þetta er meiri hagvöxtur en í nokkru öðru vestrænu iðnríki á þessu ári.

Launabreytingar á árinu hafa orðið meiri en reiknað var með fyrr í haust. Þannig er nú búist við um 35% meðalhækkun atvinnutekna á mann milli 1985 og 1986, í stað 31% áður. Á sama tíma er áætlað að kauptaxtar hækki um 25%. Munurinn skýrist fyrst og fremst af óvenjumiklu launaskriði.

Verðbólga verður minni en um langt árabil. Þannig hækkar framfærsluvísitalan um rúmlega 21% að meðaltali milli áranna 1985 og 1986. Á hinn bóginn er hækkunin mun minni frá upphafi til loka þessa árs eða rétt um 12%. Þetta er rúmlega þremur prósentum meira en Þjóðhagsstofnun spáði í febrúarlok s.l., en það má fyrst og fremst rekja til meiri hækkunar innflutningsverðs en þá var reiknað með.

Kaupmáttur launa eykst samkvæmt þessu verulega á árinu. Á mælikvarða kauptaxta gæti kaupmáttur aukist um allt að 11% frá upphafi til loka árs og kaupmáttur atvinnutekna enn meira. Meðalhækkun milli áranna 1985 og 1986 er rúmlega 3% í kauptöxtum en yfir 11% á mælikvarða atvinnutekna á mann. Samkvæmt þessu hefur kaupmáttur tekna heimilanna aukist um 20% á síðustu tveimur árum.

Horfur 1987.

Kjarasamningarnir, sem gerðir voru nú í desemberbyrjun, breyta nokkuð horfum hér innanlands á næsta ári. Þótt ekki liggi fyrir endanlegt mat á áhrifum samninganna er rétt að benda á nokkur atriði sem varða efnahagshorfur framundan:

Ef aðrir kjarasamningar verða á svipuðum nótum má ætla að kauptaxtar geti að meðaltali hækkað um 16% milli áranna 1986 og 1987 og — að viðbættum áhrifum launaskriðs, fastlaunasamninga o.fl. — virðist mega reikna með að minnsta kosti 20% meðalhækkun atvinnutekna á mann á sama tímabili.

Verðbólga — á mælikvarða framfærsluvísitölu — gæti á þessum forsendum hækkað um 7–8% frá upphafi til loka næsta árs en meðalhækkun milli áranna 1986 og 1987 yrði meiri eða rúmlega 11%.

Kaupmáttur tekna heimilanna yrði því meiri á næsta ári en gert var ráð fyrir í Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar s.l. haust. Þannig má ætla að kaupmáttur kauptaxta geti aukist um 4% að meðaltali milli árana 1986 og 1987 en kaupmáttur atvinnutekna um 7–8% og hefði þá aukist um 30% frá árinu 1984.

Þjóðarútgjöld gætu samkvæmt þessu aukist um 4% á næsta ári, í stað 2% á forsendum Þjóðhagsáætlunar. Þetta kæmi einkum fram í auknum neysluútgjöldum heimilanna en einnig að nokkru í fjárfestingarútgjöldum.

Viðskiptajöfnuður við útlönd yrði þess vegna óhagstæðari á næsta ári en spáð er fyrir þetta ár. Aftur á móti virðist að svo stöddu ekki ástæða til að ætla að viðskiptahallinn verði meiri en gert var ráð fyrir í Þjóðhagsáætlun þar sem útkoman á þessu ári verður fyrirsjáanlega mun hagstæðari en þar var búist við. Ekki má þó mikið út af bregða til þess að þetta snúist til verri vegar.

Hagvöxtur á næsta ári gæti samkvæmt þessu orðið um 4%, í stað rúmlega 2% í Þjóðhagsáætlun. Jafnframt virðist áfram mega gera ráð fyrir nokkrum viðskiptakjarabata þannig að þjóðartekjur gætu aukist heldur meira eða um 5%.

Þótt hér hafi verið dregin upp björt mynd af ástandi og horfum í efnahagsmálum hér á landi er rétt að vekja athygli á því að töluverð óvissa ríkir um framvindu næstu mánuði. Fyrst og fremst má nefna mikla og vaxandi þenslu hér innanlands að undanförnu. Þetta kemur fram í mikilli fólkseklu, launaskriði og vaxandi innflutningseftirspurn. Þessar aðstæður gætu teflt verðlagshorfum á næsta ári í tvísýnu. Jafnframt er hætt við að meiri launahækkanir en nýgerðir kjarasamningar gera ráð fyrir leiði til aukinnar verðbólgu og vaxandi viðskiptahalla.

Það er brýnt að nýta hin einstaklega hagstæðu skilyrði í þjóðarbúskapnum um þessar mundir til þess að varðveita og styrkja enn frekar þann árangur sem náðst hefur á flestum sviðum efnahagsmála á þessu ári. Betra jafnvægi í opinberum fjármálum og peningamálum er forsenda þess að þetta takist.

Samkvæmt ofangreindum áætlunum Þjóðhagsstofnunar er nú gert ráð fyrir að tekjur einstaklinga hækki um 34–35% milli áranna 1985 og 1986 eða um 3–4% meira en miðað var við við gerð frumvarpsins. Þá er talið að nýgerðir kjarasamningar leiði til þess að launahækkun milli áranna 1986 og 1987 verði ekki undir 18–19% sem er einnig um 3–4% meira en áður var áætlað.

Hækkun skattstofnsins um 3% umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir mun samkvæmt því álagningarkerfi sem það felur í sér leiða til þess að tekjur ríkissjóðs verði 565 millj. kr. meiri en ráð var fyrir gert.

Sé stefnt að sömu greiðslubyrði og frumvarpið gerði ráð fyrir ætti tekjuskattur í ljósi hinna breyttu forsendna að hækka um 107 m.kr. frá því sem áður var reiknað með. Til þess

að ná þessu markmiði er af framangreindum ástæðum nauðsynlegt að gera tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Þar sem áætluð hækkun skattstofnsins milli álagningarára og hækkun milli greiðsluára er nær hin sama, þ.e. um 3%, má ná sem næst sömu áhrifum og gert var ráð fyrir í frumvarpinu með því að beita á það skattvísitölunni 103. Með þeirri aðferð er áætlað að skattar mundu hækka um 106 millj. kr. frá áætlun frumvarpsins og yrði skattbyrðin því óbreytt að teknu tilliti til tekjubreytinga frá því sem áætlað var.

Að auki leggur meiri hl. nefndarinnar til að heimild til tillags í varasjóð verði framlengd um eitt ár til viðbótar.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 8/1984, sem fjalla um frádrátt tillaga í fjárfestingarsjóði, er kveðið á um að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt varðandi tillög í varasjóð skuli við álagningu á árinu 1984 og 1985 halda gildi sínu. Heimild þessari var ætlað að skapa lögaðilum eins konar aðlögunartíma að hinni breyttu skipan. Samkvæmt þessu gátu framteljendur valið á árunum 1984 og 1985 hvort þeir nýttu sér að leggja 25% af hreinum skattskyldum tekjum í varasjóð eða leggja 40% af sömu fjárhæð í fjárfestingarsjóð. Heimild þessi var síðan framlengd um eitt ár með lögum nr. 118/1985. Þarfir fyrirtækja eru nokkuð mismunandi í þessu efni. Mörg hafa t.d. ekki þörf fyrir að ráðast í nýfjárfestingu heldur þurfa mun frekar að nýta núverandi fjárfestingu betur og treysta frekar rekstrarfjárstöðu sína. Við slíkar aðstæður verkar varasjóðsheimildin mun betur en fjárfestingarsjóðsheimildin. Af þessum sökum er því lagt til að framlengja heimild þessa um eitt ár til viðbótar.

Alþingi, 14. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Halldór Blöndal.

Guðmundur Bjarnason. Ólafur G. Einarsson.

Nd. 328. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBl, ÓE, GB).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1984 og 1. gr. laga nr. 121/1984:
   1. Í stað „800 000 kr.“ í 2. málsl. 9. tölul. A.-liðs 1. mgr. komi: 1 468 800 kr.
   2. Í stað „31 250 kr.“ og „62 500 kr.“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðs 1. mgr. komi: 57 375 kr. og 114 750 kr.
   3. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðs 1. mgr. komi: 45 900 kr. og 91 800 kr.
   4. Í stað „180 kr.“ í 1. málsl. 1. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 330 kr.
   5. Í stað „31 880 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 58 530 kr.
   6. Í stað „19 500 kr.“ í 2. málsl. 4. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 35 800 kr.
   7. Í stað „4210 kr.“ í 2. málsl. 3. tölul. D-liðs 1. mgr. komi: 7730 kr.
   8. Í stað „159 380 kr.“ og „318 760 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tölul. E-liðs 1. mgr. komi: 292 600 kr. og 585 200 kr.

9. Í stað „630 kr.“ í 1. mgr. 2. tölul. E-liðs 1. mgr. komi: 1160 kr.
10. Í stað „35 000 kr.“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 64 260 kr.
11. Í stað „5 000 000 kr.“ og „10 000 000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: 9 180 000 kr. og 18 360 000 kr.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „45 000 kr.“ í 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 121/1984, komi: 82 600 kr.
3. Við 3. gr. Í stað „400 000 kr.“ komi: 412 200 kr., í stað „200 000 kr.“ komi: 206 100 kr. og í stað „800 000 kr.“ komi: 824 400 kr.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „34 705 kr.“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985 og 4. gr. laga nr. 3/1986, komi: 58 370 kr.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. 1.–3. tölul. 5. gr. laga nr. 121/1984:
   1. Í stað „7500 kr.“ og „11 250 kr.“ í 2. málsl. komi: 12 625 kr. og 18 910 kr.
   2. Í stað „15 000 kr.“ í 3. málsl. komi: 25 250 kr.
   3. Í stað „7500 kr.“ í 4. málsl. komi: 12 625 kr.
6. Við 6. gr.
   Í stað „24 500 kr.“ komi: 25 250 kr.
   Í stað „490 000 kr.“ komi: 505 000 kr.
   Í stað „840 000 kr.“ komi: 865 714 kr.
   Í stað „334 050 kr.“ komi: 344 250 kr.
   Í stað „684 050 kr.“ komi: 704 964 kr.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „312 500 kr.“ og „625 000 kr.“ í 2. málsl. 78. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 8/1984 og 6. gr. laga nr. 121/1984, komi: 573 700 kr. og 1 147 400 kr.
8. Við frv. bætist svohljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986 skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tölul. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.

Ed. 329. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1986.

Egill Jónsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Valdimar Indriðason.

Árni Johnsen.

Ed. 330. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1986.

Egill Jónsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Valdimar Indriðason.

Árni Johnsen.

Nd. 331. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ljóst er að löngu er orðið tímabært að endurskoða tekjukerfi ríkisins frá grunni, þar á meðal ekki síst að einfalda tekjuskatta hins opinbera í heild sinni og grisja frádráttarfrumskóginn jafnframt því sem tekjuskattur ríkisins af venjulegum launatekjum yrði afnuminn. Þetta verður ekki gert hér og nú. Hins vegar verður að skoða þá mynd sem við blasir við, þ.e. fyrirhuguð áform um skattlagningu samkvæmt gildandi kerfi og freista þess að lagfæra hana.

Þegar ákveða á álagningu tekjuskatts á vegum ríkisins er nauðsynlegt að hafa í huga aðra skatta á vegum hins opinbera, ríkis- og sveitarfélaga, sem lagðir eru á gjaldendur á grundvelli tekna. Heildarmyndin er það sem máli skiptir. Auk tekjuskatts til ríkisins verður þannig að líta á sjúkratryggingargjald, sóknargjald og útsvar.

Jafnframt er nauðsynlegt að skoða heildarálagninguna sem hlutfall af greiddum launum. Í því felst að líta á álagningarstofn sem hlutfall af útborguðum launum og jaðarprósentur skatts miðað við þau laun sem framteljendur fá í hendur.

Flestir munu nýta svonefndan 10% frádrátt frá tekjum til ákvörðunar á tekjuskattsstofni og verður við það miðað hér. Á hinn bóginn eru lífeyrissjóðsiðgjöld, sem nema yfirleitt um 4% af tekjum, ekki útgreidd.

Af þessu leiðir að tekjuskattsstofn sem hlutfall af útborguðum launum er 93,75% (0,90/0,96). Af þessu leiðir jafnframt að álagningarstofn útsvars, sjúkratryggingargjalds og sóknargjalds er 104,2% (1,00/0,96) af útgreiddum launum (af því að lífeyrissjóðsiðgjöld eru ekki útgreidd í launum).


Ef heildarskattmyndin er skoðuð miðað við fyrirliggjandi tillögur meiri hl. nefndarinnar og önnur áform eins og þau blasa við, þ.e. 10,5% útsvarsálagningu, þar sem afsláttur vegna fjölskyldu er 4009 kr. og lægsta greidda útsvar er 1166 kr., sjúkratryggingargjald er 2% og sóknargjald er 0,35%. Þá fæst svofelld niðurstaða og er þá miðað við útgreidd laun:

1. Útsvarslausar tekjur eru 47 300 kr. á ári.
2. Persónuafsláttur nýtist til greiðslu útsvars að fullu allt að 224 260 kr. á ári.
3. Skattleysismörk tekjuskatts eru við árstekjurnar 345 900 kr.

4. Jaðarprósentur ofantaldra tekjutengdra skatta eru þessar:

Mánaðartekjur.	
Allt að 18 700 kr.	0.0%
18 700 til 28 800 kr.	0–11.3%
28 800 til 36 600 kr.	28.2%
36 600 til 42 200 kr.	30.3%
42 200 til 73 300 kr.	40.2%
73 300 kr. og meira	49.5%

Heildarmyndin verður þá þessi.



Í tekjutengda skatta fara þannig 40,20 kr. af hverjum 100 kr. sem menn vinna sér inn umfram 42 200 á mánuði, allt að 73 300 kr. mánaðartekjum, en 49,50 af hverjum 100 kr. sem menn fá í útgreidd laun umfram 73 300 kr. á mánuði.

Samkvæmt upplýsingum um útgreidd laun má af þessu ráða að venjulegt fullfrískt vinnandi fólk lendi að stórum hluta í þessum efstu skattþrepum og greiði þannig 40 eða 50% af jaðartekjum sínum í tekjutengda skatta. Þótt hér sé einungis tekið dæmi af einstaklingi er það hliðstætt fyrir hjón því að tekjur hjóna eru skattlagðar sitt í hvoru lagi.

Undirritaður telur að hér sé of langt gengið í skattlagningu á venjulegar launatekjur og leggur til að þessar jaðarprósentur verði lækkaðar um 4%. Flytur hann breytingartillögur í samræmi við það.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis mundi tekjuskattur einstaklinga þá lækka um 420 milljónir króna.

Á hinn bóginn er ljóst að tekjuskattar fyrirtækja eru óheyrilega lágir á Íslandi og einungis 2800 fyrirtæki af 10 600 sem telja fram greiddu tekjuskatta á líðandi ári. Þetta gerist í skjóli frádráttarfrumskógar. Undirritaður telur að grisja beri þann frumskóg og einfalda, draga úr heimildum til frádráttar vegna reiknaðra framlaga í varasjóði og fjárfestingarsjóði og lækka heimildir til fyrningarfrádráttar. Með því ætti að hækka álagðan skatt á fyrirtækin um 650 millj. kr. Yrði þá afgangur um 230 millj. kr. sem færi til þess að bæta stöðu ríkissjóðs.

Alþingi, 15. des. 1986.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Nd. 332. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

Við 3. gr.
a. Í stað „28,5%“ komi: 24,5%.
b. Í stað „38,5%“ komi: 34,5%.

Ed. 333. Frumvarp til laga [258. mál]

um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 5 350 000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 77 19. maí 1982, um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna, var ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 2 830 000 sérstök dráttarréttindi, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda. Á grundvelli laganna gerði Ísland ábyrgðasamning við bankann í júní 1982. Vegna aukinna umsvifa samþykkti ráðherranefnd Norðurlanda hinn 30. maí 1986, sbr. fylgiskjal, að gera breytingar á samþykktum bankans þannig að hækka mætti þá upphæð sem bankinn gæti veitt vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda úr 350 milljónum í 700 milljónir sérstakra dráttarréttinda fyrir Norðurlönd í heild.

Á grundvelli samþykkis Alþingis stefna stjórnvöld að því að gera nýjan ábyrgðasamning Íslands og bankans það tímanlega að hann geti gengið í gildi hinn 1. janúar 1987 og stefna önnur stjórnvöld á Norðurlöndum að sama gildistökudegi samninga þeirra við bankann, svo og breytinganna á samþykktum bankans. Nýi samningurinn leysir eldri samning milli Íslands og bankans af hólmi.

Fylgiskjal.

Breytingar á samþykktum fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

Ráðherranefnd Norðurlanda hefur ákveðið eftirfarandi breytingar á samþykktum Norræna fjárfestingarbankans:

a. 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Að auki getur bankinn veitt fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingarlánum til verkefna skv. 6. gr. A sem nema allt að jafnvirði 700 milljóna SDR.

b. 6. gr. A orðist svo:

Samkvæmt ákvörðun stjórnar má veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga utan Norðurlanda sem fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingarlánum til verkefna. Þátttökuríkin bera tjón bankans af slíkum lánum og ábyrgðum allt að eftirtöldum fjárhæðum: Danmörk 142,065 milljónum SDR, Finnland 111,510 milljónum SDR, Ísland 5,350 milljónum SDR, Noregur 123,480 milljónum SDR og Svíþjóð 247,595 milljónum SDR. Ábyrgð þátttökulandanna nemur þannig hæst 90% af lánsfjártapi vegna sérhvers fjárfestingarláns til verkefnis. Greiðsla fer fram þegar stjórnin svo óskar, í samræmi við samning sem gerður er milli bankans og sérhvers þátttökulands. Leggja skal til hliðar fjármuni í sérstakan lánsáhættusjóð vegna veittra fjárfestingarlána til verkefna og ábyrgða á fjárfestingarlánum til verkefna. Skal fyrst greitt úr sjóðnum þegar tjón verður vegna fjárfestingarlána til verkefna og vegna ábyrgða á fjárfestingarlánum til verkefna.

Breytingar á samþykktunum taka gildi hinn 1. janúar 1987 enda hafi löndin fyrir þann tíma veitt bankanum nauðsynlegar ábyrgðir.

Ed. 334. Lög [103. mál]

um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 105.

Nd. 335. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Nú fær skip eða loftfar Landhelgisgæslunnar laun fyrir björgun verðmæta og fer þá um ráðstöfun björgunarlauna eftir ákvæðum laga, þó svo að hlutur áhafnar skiptist að réttri tiltölu miðað við föst mánaðarlaun hvers og eins. Hlutur Landhelgisgæslunnar af björgunarlaunum rennur í Landhelgissjóð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda um afgreiðslu björgunarmála eftir 15. september 1986.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 336. Frumvarp til laga [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega, sbr. 52. gr., þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun, sbr. 51. gr., eða þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 337. Frumvarp til laga [117. mál]

um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

Samhljóða þskj. 120 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Sé innstæða í Stofnfjársjóði á reikningi skips þegar greiðslur skv. 4. gr., 5. gr. og 1. málsl. 6. gr. hafa verið inntar af hendi skal Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti sem hverju sinni eru ákveðnir með hliðsjón af fjármagnskostnaði skulda er á skipum hvíla hjá Fiskveiðasjóði.

Nd. 338. Frumvarp til laga [228. mál]

um Kjaradóm.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 244 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.

Nd. 339. Frumvarp til laga [211. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 226 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.
2. Starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.
3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Forstöðumanna stofnana, sbr. 5. og 6. tölul. 29. gr. laga nr. 38/1954, sem óska að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga og ákveður fjármálaráðherra þeim starfskjör án samninga.
6. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 4.–6. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samninga.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

19. gr. hljóðar svo:

Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. Þeirra sem skipa störf sem talin eru upp í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.
2. Þeirra sem heyra undir lög nr. 56/1972, um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum.
3. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
4. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
5. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
6. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 4. og 5. tölul.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

Nd. 340. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglumenn ríkisins, sbr. 1. mgr., mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 341. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 29 29. apríl 1967.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hafi Alþingi veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun skal upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, varið þannig að jafnhá fjárhæð komi í hlut hvers þess listamanna sem valinn er. Nefndin ákveður hæð launanna áður en tillögur eru gerðar um hverjir skuli hljóta laun.

Verði ekki samkomulag í nefndinni um það hverjir skuli hljóta listamannalaun skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra sem tillaga hefur komið fram um að hljóta skuli launin. Skulu nefndarmenn merkja leynilega við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðlinum og ákveðið var að hljóta skyldu laun. Er kjörseðillinn ógildur ef merkt er við fleiri nöfn eða færri. Skulu þeir listamenn hljóta launin sem flest atkvæði fá.

Hafi Alþingi ekki veitt tilteknum listamönnum laun getur nefndin í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun er séu hærri en laun þau sem hér er gert ráð fyrir og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri sem nefndin úthlutar samkvæmt reglum þessarar greinar.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 4. gr. svohljóðandi:

Laun samkvæmt lögum þessum skulu ekki skerða rétt elli- eða örorkulífeyrisþega til uppbótar á lífeyri skv. 19. gr. laga nr. 67 20. apríl 1971.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni frumvarps þessa er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að neðri flokkur listamannalauna verði felldur niður en það er í samræmi við ábendingu úthlutunarnefndar listamannalauna sem fram kom í bréfi sem formaður hennar, Bolli Gústavsson, skrifaði forseta sameinaðs Alþingis 30. okt. s.l. Í bréfinu segir m.a.:

„Nefndarmenn urðu sammála um að ekki væru forsendur fyrir úthlutun listamannalauna miðað við óbreytta fjárveitingu. Sú venja hefur haldist frá upphafi að þeir listamenn, sem valdir hafa verið í efra flokk, haldi þeim sessi. Þar sem fjárveitingar hafa verið naumar hefur nefndin tekið þann kost að fækka stöðugt í neðra flokki þannig að lengra verður ekki gengið ef fullnægja á lagaskyldu. Nefndarmenn telja að ekki standi efni til annars en láta efra flokk óbreyttan meðan nýskipan listamannalauna hefur ekki verið tekin upp, en neðri flokkur falli niður. Til þess þarf lagabreytingu."

Með þessu frumvarpi er sem sagt lagt til að neðri flokkurinn falli niður en úthlutunarnefnd starfi áfram eins og lög standa til.

Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að listamannalaun samkvæmt lögum þessum rýri ekki rétt aldraðra listamanna til tekjutryggingar almannatrygginga sem er réttlætismál.

Nd. 342. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 1. gr. 2.–3. tölul. falli brott.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
   31. gr. laganna breytist þannig:
   a. 3. tölul. orðist svo: Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1987, um allt að 3% á árinu 1988, um allt að 2% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir samkvæmt þessari málsgrein niður.
   b. 4. tölul. orðist svo: Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 8% 1987, 6% 1988, 4% 1989 og 2% 1990, en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð, sem fæst skv. fyrri málsl., má draga frá skattskyldum tekjum.
   c. 11. tölul. (um tillög í fjárfestingarsjóð) falli niður.
   d. Í stað 11. tölul. komi nýr tölul. er orðist svo: Heimilt er framleiðslufyrirtæki að draga frá hagnaði annað hvert ár allt að 5% vegna rannsóknar-, þróunar- og markaðsstarfs á vegum fyrirtækisins. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.
3. Við bætist ný gr. sem verði 3. gr. og orðist svo:
   Tölur í 38. gr. laganna breytast sem hér segir:
   a. 1. tölul. Í stað „10%" komi: 8%.
   b. 2. tölul. Í stað „10%" komi: 8%.
   c. 3. tölul. Í stað „15%" komi: 12%.
   d. 4. tölul. Í stað „20%" komi: 15%.
   e. 7. tölul. Í stað „20%" komi: 15%.

4. Við bætist ný gr. sem verði 5. gr. og orðist svo:
   Við 52. gr. laganna bætast nýir tölul. sem orðast svo:
   4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa árlega út reglur um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
   5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.
5. Við bætist ný gr. sem verði 6. gr. og orðist svo:
   54. gr. til og með 55. gr. B í lögunum falli brott.
6. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „34 705“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985 og 4. gr. laga nr. 3/1986, komi: 64 000.
7. Við bætist ný gr. sem verði 11. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna orðist svo:
   Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1987, 3% 1988, 2% 1989 og 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því til þeirra var stofnað.

Sþ. 343. Fyrirspurn [260. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstursreglur.

Frá Helga Seljan og Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er þess að vænta að snjómokstursreglur Vegagerðar ríkisins verði endurskoðaðar á næstunni?
2. Hverjar eru líkur á rýmkun reglna um ruðningsdaga um Oddsskarðsveg og Fjarðarheiði?

Nd. 344. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur nokkrar breytingartillögur við skattalögin á þingskjali 342. Meginefni breytingartillagnanna er sem hér segir:

1. Að draga verulega úr frádráttarheimildum fyrirtækja með því að
   – fella niður í áföngum heimildir fyrirtækja til þess að draga frá skatti 5% af matsverði vörubirgða,

- fella niður í áföngum heimild fyrirtækja til þess að afskrifa 10% útistandandi viðskiptaskulda í árslok. Haldið er inni heimild til þess að draga frá *sannanlega* tapaðar viðskiptaskuldir,
- fella niður heimild til að draga frá skatti framlög í fjárfestingarsjóð,
- draga úr fyrningarheimildum fyrirtækja. Eru fyrningarprósentur lækkaðar í samræmi við fyrri ákvæði skattalaga.

2. Gert er ráð fyrir því að framleiðslufyrirtæki fái heimild til að draga frá hagnaði fyrir skatt 5% annað hvert ár *vegna rannsóknar og þróunar- og markaðsstarfsemi.*
3. Sett eru inn ný og afgerandi ákvæði um að komið verði í veg fyrir að *persónuleg eyðsla* forráðamanna fyrirtækja verði flutt á reikning fyrirtækjanna og að settar verði reglur um risnu á kostnað fyrirtækjanna.
4. *Þriðjungslækkun skatta einstaklinga.* Samkvæmt tillögunum lækkar tekjuskattur einstaklinga um þriðjung þegar á næsta ári, en tekjuskattur fyrirtækja hækkar á móti.

Meginbreytingarnar á heildarsköttum einstaklinga eru sem hér segir:

Tekjuskattar einstaklinga lækka um 1189 milljónir króna og er skattabreytingin þessi:

1. Álagður tekjuskattur lækkar um 500 millj. kr.
2. Afsláttur frá skatti hækkar um 214 millj. kr.
3. Barnabætur hækka um 476 millj. kr.

Hér er um að ræða lækkun frá breytingartillögum ríkisstjórnarinnar sem meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur á sérstöku þingskjali.

Forsendur lækkunarinnar eru þessar:

1. Að barnabætur hækki frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar úr 12 625 í 15 500, og úr 18 910 í 23 200 og samsvarandi í barnabótaauka og hjá einstæðum foreldrum (till. á þskj. 324).
2. Að persónuafsláttur verði 64 000 í stað 58 370 (till. á þskj. 328).

Áhrifin á einstaka hópa skattgreiðenda yrðu sem hér segir:

Hjón.

1. Barnlaus hjón eru alls 20 540. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar greiða þau á næsta ári 1 462 millj. kr. í skatta, en skv. breytingartillögum minni hl. greiðir sami hópur 1 284 millj. kr., lækkun um 178 millj. kr. eða 12,2%.
2. Hjón með eitt barn greiða nú samtals 783 millj. kr., en skv. breytingartillögum undirritaðs greiða þau 610 millj. kr., lækka um 173 millj. kr. eða um 22,1%.
3. Hjón með tvö börn greiða alls 539 millj. kr. skv. tillögum ríkisstjórnarinnar, skv. tillögum undirritaðs hins vegar 268 millj. kr., lækkun um 270,7 millj. kr. eða um rúmlega helming.
4. Hjón með þrjú börn og fleiri greiða nú alls um 66,8 millj. kr. í skatta en fá greitt skv. tillögunum 178,6 millj. kr. (fjölskyldubætur, þ.e. barnabætur og persónuafsláttur). Breytingin þeim í vil er alls um 245,4 millj. kr.
5. Skattagreiðslur allra hjóna breytast þannig:

Tekjuskattur	2451.3	2286.9	-164.4
- Afsláttur	-308.2	-371.2	-63.0
- Barnabætur	-726.3	-923.6	-197.3
Sjúkratryggingagjald	199.7	199.7	0.0
Ríkið alls	1616.6	1191.9	-426.6

Einhleypingar og einstæðir foreldrar.

1. Einhleypir greiða skv. frumvarpi ríkisstjórnarinnar um 1110,9 millj. kr. í skatta á næsta ári. Skattalækkun þessa hóps skv. tillögunum er um 207,6 millj. kr. eða um 18,6%.

2. Einstæðir foreldrar með eitt barn á framfæri eru um 5000 talsins. Þeir greiða skv. tillögum ríkisstjórnarinnar um 115 millj. kr. í skatta. Frá dregst persónuafsláttur um 34 millj. kr. og barnabætur um 236 millj. kr., þannig að þessi hópur fær greitt alls um 149 millj. kr. í formi barnabóta og persónuafsláttar upp í útsvar. Samkvæmt meðfylgjandi tillögum greiða þessir einstæðu foreldrar í heild um 1100 millj. kr. í skatta, fá hins vegar um 41 millj. kr. í persónuafslátt en 297 millj. kr. í barnabætur. Greiðslur til þessa hóps nema því alls um 230 millj. kr. skv. meðfylgjandi tillögum eða um 80 millj. kr. hærri upphæð en í tillögum ríkisstjórnarinnar.
3. Einstæðir foreldrar með tvö börn og fleiri eru alls liðlega 1800 talsins. Þessi hópur fær greitt í formi persónuafsláttar og barnabóta um 143 millj. kr. eftir álagningu sjúkratryggingagjalds og tekjuskatts. Skv. meðfylgjandi tillögum fær þessi hópur skattgreiðenda hins vegar um 200 millj. kr., þ.e. um 5 millj. kr. minna í skatta, um 48 millj. kr. meira í barnabætur og um 3,3 millj. kr. meira í afslátt.

Einstæðir foreldrar alls:

Tekjuskattur	169.2	151.6	-17.6
- Afsláttur	-46.5	-56.5	-10.0
- Barnabætur	-414.0	-520.2	-106.2
Sjúkratryggingagjald	8.6	8.6	0.0
Alls	-282.7	-416.6	-133.9

Framteljendur alls.

Álagning	6053.3	5553.6	-499.7
- Afsláttur	-909.8	-1123.8	-214.0
- Barnabætur	-1784.4	-2260.3	-475.9
Sjúkratryggingagjald	376.3	376.3	0.0
Alls	3735.4	2545.8	-1189.6

Þriðjungslækkun skatta.

Framteljendur eru alls um 175 þúsund talsins.
Skattar þeirra lækka sem hér segir:
Um meira en 5%: 10 100 eða um 5,8% skattgreiðenda.
Um 2–5% 23 500 eða alls um 13,4% skattgreiðenda.
Um 1–2% 48 700 eða um 27,8% skattgreiðenda.

Tekjuskattur, að frádregnum persónuafslætti og barnabótum, lækkar samkvæmt tillögunum um 35%, þ.e. liðlega einn þriðja.

Barnabætur hækka alls úr 1784 millj. kr. í 2260,3 millj. kr. eða um 476 millj. kr., þ.e. um 26,7%.

Nánari skýring á einstökum liðum.

Fyrirtækin sleppa.

Ekki er vafi á því að skattgreiðslur fyrirtækja ykjust verulega með samþykkt tillagnanna. Heildarskattar fyrirtækja nú nema samkvæmt fjárlagafrumvarpinu um einum milljarði króna. Sýnt hefur verið fram á að fá fyrirtæki greiða skatta og mörg sleppa afar auðveldlega.

Í þessum tillögum er ekki gerð tillaga um að breyta álagningarhlutföllum fyrirtækja þrátt fyrir fækkun frádráttarliða. Ástæðan er meðal annars sú að ríkisstjórnin hafði áður

lækkað skatthlutfall fyrirtækja úr 65% í 50% og má ætla að tekjutap ríkisins af þessum ástæðum einum nemi 1987 a.m.k. 300 millj. kr.

1. Viðskiptaskuldir.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að fyrirtæki geti dregið frá tekjum um áramót 5% af útistandandi viðskiptaskuldum. Hér er gert ráð fyrir því að þessi heimild verði felld niður í áföngum og að þau geti að loknum aðlögunartíma aðeins dregið frá sannanlega tapaðar viðskiptaskuldir.

2. Matsverð vörubirgða.

Í gildandi lögum er ákvæði þess efnis að fyrirtæki geti dregið frá tekjum við skattauppgjör 10% af matsverði vörubirgða sinna. Hér er gert ráð fyrir því að heimild þessi verði felld niður í áföngum.

3. Fjárfestingarsjóður.

Hér er gert ráð fyrir því að heimild til þess að draga frá framlög í fjárfestingarsjóði falli niður.

4. Rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Hér er gert ráð fyrir því að fyrirtæki hafi heimild til þess að draga frá hagnaði allt að 5% vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi enda sé sannanlega um slík verkefni að ræða. Er gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri setji reglur í þessu efni að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.

5. Fyrningarhlutföll.

Hér er gert ráð fyrir því að breyta öllum fyrningarhlutföllum gildandi laga sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður breytist úr 10% í 8% á ári.
2. Loftför og fylgihlutir þeirra úr 10% í 8%.
3. Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar úr 15% í 12%.
4. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, skrifstofuáhöld og skrifstofutæki, svo og annað lausafé sem ekki fellur undir 1.–3. tölul. breytist úr 20% í 15%.
5. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir en um er rætt í 4. og 5. tölul. 32. gr. breytist úr 20% í 15%.

6. Persónuleg eyðsla.

Í 52. gr. skattalaganna eru ákvæði um það sem alls ekki má telja sem rekstrarkostnað. Hér þykir ástæða til þess að bæta við tveimur nýjum töluliðum.

Þar er í tölul. 4 gert ráð fyrir því að settar verði strangar reglur til að koma í veg fyrir að persónuleg eyðsla forráðamanna eða starfsmanna sé færð á kostnaðarliði fyrirtækjanna. Og í 5. tölul. er gert ráð fyrir því að á sama hátt verði settar reglur um risnu fyrirtækjanna. Í Finnlandi er heimild fyrirtækjanna í þessu efni að hámarki 2‰ og má hugsa sér svipaða reglu hér, en þó verður að hafa takmörkin önnur þegar um stórfyrirtæki er að ræða. Er hér gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri setji um þetta almennar reglur og má í því sambandi hafa hliðsjón af reglum sem gilda í grannlöndum okkar í þessum efnum.

7. Breytingar s.l. 3 ár.

Frá því að núverandi ríkisstjórn kom til valda hafa þessar breytingar átt sér stað:

1. Skattur á ferðamannagjaldeyri 75 millj. kr. 1983 — væri 213 á þessu ári eða samtals 852 millj. kr. á fjórum árum.

2. Skattprósenta af verslunar- og skrifstofuhúsnæði lækkuð úr 1,4 í 1,1%.
3. Eignarskattsprósenta fyrst lækkuð úr 1,2% í 0,95% en síðar var lagður á eignarskattsauki.
4. Tekjuskattur fyrirtækja lækkaður úr 65% í 51%, en hann var áður miðaður við hæsta jaðarskatt einstaklinga.
5. Heimilt að draga frá tekjum vegna fjárfestingar eða til að kaupa hlutabréf.
6. Dregið úr skattskyldu innlánsstofnana sem lækkaði skattgreiðslur banka til ríkissjóðs um ca. 500 millj. kr. á verðlagi ársins 1986 fyrir árin 1984–1986.
7. Tekjuskattslækkun 31. des. 1984 um 600 millj. kr. en á móti kom hækkun áfengis og tóbaks og ½ söluskattur sem gaf á móti 600 millj. kr.
8. Söluskattur sem hafði verið 23,5% frá árinu 1980 hækkaður í 24% í ársbyrjun 1985 og síðan aftur í 25% í tengslum við tekjuöflun til húsnæðismála en sú upphæð 700–800 millj. kr. fer nú öll í ríkissjóð.
9. Skattalækkun á bifreiðum s.l. vetur í tengslum við kjarasamningana.

Undirritaður leggur til að skattafrumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hér er fjallað um.

Alþingi, 14. des. 1986.

Svavar Gestsson.

Sþ. 345. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Helga Seljan.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 10-471 6.80 Framkvæmdir á flugvöllum.	
Fyrir „69 400“ kemur	119 400
Í sundurliðun í sérstöku yfirliti 10. 11 (Egilsstaðir) bætist:	
Ný flugbraut	50 000
Varatillaga:	
Fyrir „69 400“ kemur	74 400
Í sundurliðun í sérstöku yfirliti 10. 11 (Egilsstaðir) bætist:	
Flugvöllur, endurbætur	5 000

Sþ. 346. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni og Karvel Pálmasyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.	
a. Fyrir „209 195“ kemur	214 395
b. Í sundurliðun í sérstöku yfirliti 2. a. 27 (Ísafjörður) bætist:	
Íþróttahús	5 200

Nd. 347. Breytingartillaga [246. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

Frá Geir Gunnarssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur og Hjörleifi Guttormssyni.

Við 5. gr. Í stað „1987“ komi: 1988.

Ed. 348. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 131/1984, orðist svo:

Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 45 900 kr. á ári hjá hverjum manni eða 91 800 kr. hjá hjónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

Ed. 349. Frumvarp til lánsfjárlaga [24. mál]

fyrir árið 1987.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 1 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 3 150 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1987 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 400 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Hveragerðis, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 12 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 9 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 3 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 281 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 750 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 840 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 440 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju.

13. gr.

Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 35 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði Breiðafjarðarferju.

14. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–13. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 55 000 þús. kr. á árinu 1987.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 22 200 þús. kr. á árinu 1987 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1987.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4 700 þús. kr. á árinu 1987.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 100 000 þús. kr. á árinu 1987. Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1987.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1987.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1987.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1987 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 7 900 þús. kr. á árinu 1987.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 428 000 þús. kr. á árinu 1987.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986 og 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 722 500 þús. kr.

III. KAFLI

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina sem endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

32. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

33. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna sölu fjögurra fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið í smíðum innanlands á árunum 1982–86. Skip þessi mega vera allt að 42,4 metra löng og með vélarafl allt að 1000 hestöflum.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ráðherra ákveður nánar um framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

34. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 160 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem tekin verða vegna togarans Merkúrs.

35. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán Stálvíkur hf. með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

37. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1986.

Jafnframt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að semja við Seðlabanka Íslands fyrir árslok 1986 um skuldbreytingu á umsömdum lánum ríkissjóðs í bankanum.

38. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1987. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1988 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 350. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Helga Seljan, Ragnari Arnalds og Skúla Alexanderssyni.

19. gr. falli brott.

Ed. 351. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Eiði Guðnasyni.

28. gr. falli brott.

Nd. 352. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ferskfiskdeild skal hafa eftirlit með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hefst.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Rísi ágreiningur milli fiskkaupenda og seljenda um gæðaflokkun fisks má leita úrskurðar Ríkismats sjávarafurða um þann ágreining.

Yfirfiskmatsmenn úrskurða um slíkan ágreining og greiðist kostnaður af slíku mati af fiskkaupendum og seljendum samkvæmt gjaldskrá Ríkismatsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Nd. 353. Frumvarp til laga [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 129/1984:

1. Í stað „2250 kr.“ í 1. mgr. komi: 4131 kr.
2. Í stað „450 kr.“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. komi: 826 kr.
3. Í stað „650 kr.“ í 7. mgr. komi: 1193 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Ed. 354. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til. l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 15. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.
	Egill Jónsson.	

Nd. 355. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður vísar til nál. á þskj. 280 um frv. til l. um lögreglumenn og mun ekki greiða atkvæði um mál þetta.

Alþingi, 15. des. 1986.

Svavar Gestsson.

Nd. 356. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt. Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessari afgreiðslu.

Alþingi, 15. des. 1986.

Páll Pétursson, form.	Friðrik Sophusson, frsm.	Guðmundur Bjarnason.
Halldór Blöndal.	Ólafur G. Einarsson.	Kjartan Jóhannsson.

Ed. 357. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108/1985, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til viðræðna Ingimar Sigurðsson lögfræðing. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr., með fyrirvara.	Karl Steinar Guðnason.
Salome Þorkelsdóttir.	Björn Dagbjartsson.	Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 358. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Ingimar Sigurðsson lögfræðing.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga verður flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Salome Þorkelsdóttir.	Björn Dagbjartsson.	Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 359. Breytingartillaga [251. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Í stað „528 000 kr.“ í 3. tölul. 1. gr. komi: 544 100 kr.

Ed. 360. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til viðræðna Hrafn Pálsson deildarstjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillaga verður flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Salome Þorkelsdóttir.	Björn Dagbjartsson.	Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 361. Breytingartillaga [254. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1985.

1. Í stað „735 kr.“ í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 1500 kr.
2. Í stað „122 058 kr.“ í 3. málsl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 224 100 kr.

Ed. 362. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og kallað Gunnar Bergsteinsson forstjóra Landhelgisgæslunnar til viðræðu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1986.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Eiður Guðnason.	Valdimar Indriðason.	Salome Þorkelsdóttir.
	Helgi Seljan.	

Ed. 363. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Ragnar Arnalds og Stefán Benediktsson skrifa undir álit nefndarinnar með fyrirvara.

Alþingi, 16. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, frsm.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Egill Jónsson.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 364. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Ragnar Arnalds og Stefán Benediktsson skrifa undir álit nefndarinnar með fyrirvara.

Alþingi, 16. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, frsm.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Egill Jónsson.	Valdimar Indriðason.
	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	

Ed. 365. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um Kjaradóm.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir skilar séráliti.

Alþingi, 16. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, frsm.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.

Ed. 366. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Ragnar Arnalds.	Egill Jónsson.
	Valdimar Indriðason.	

Sþ. 367. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1987.

Greinargerð.

Á s.l. ári var gert samkomulag við Norðmenn um að þeim væru heimilaðar nokkrar loðnuveiðar innan íslenskrar efnahagslögsögu á árinu 1986. Tillaga sú, sem nú er flutt, er um sambærilegar veiðiheimildir á árinu 1987 og hníga sömu rök og á s.l. ári að því að veita slíkar heimildir öðru sinni.

Aðdragandinn nú er sá að í byrjun loðnuvertíðar 1986–87 var leyfilegt heildaraflamagn 800 000 lestir en að loknum frekari rannsóknum gerðu fiskifræðingar í s.l. mánuði tillögur um 300 000 lesta aukningu heildaraflamagnsins.

Norðmenn eiga skv. 2. mgr. 4. gr. samkomulags Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980 rétt á hlutdeild í viðbótarmagninu. Þykir hagkvæmt að jöfnunarmagnið verði veitt nú á vetrarvertíðinni fremur en að það leggist við veiðiheimildir Norðmanna á næstu sumarvertíð.

Miðar samkomulagið að því að heimila þetta.

Fylgiskjal I.

Orðsending sendiherra Noregs, Niels L. Dahl, til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 15. desember 1986.

Herr Utenriksminister.

Jeg har den ære å vise til drøftelser som har funnet sted de siste uker mellom representanter for våre to regjeringer om norsk interesse for å fiske lodde innenfor Islands fiskerigrense i januar/februar 1987. Drøftelsene har funnet sted på grunnlag av overenskomsten av 28. mai 1980 om fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål, især med henblikk på den endring av Norges loddekvote for sesongen 1986–1987 som, ifølge artikkel 4 i overenskomsten, skal gjøres som følge av økningen i den totalt tillatte fangst.

Jeg kan herved bekrefte at man under de nevnte drøftelser er blitt enig om følgende:

1. Norske fiskefartøyer gis tillatelse til å fiske intil 60 000 tonn lodde innenfor Islands 200 n. mils fiskerigrense i tiden 1. januar til 15. februar 1987.
2. Slik tillatelse gis til fartøyer som det islandske fiskeridepartement godkjenner.
3. Det islandske fiskeridepartement skal fastsette regler om de norske fiskefartøyers meldeplikt innenfor Islands sone, herunder om daglig melding om fartøyenes posisjon og fangster.

Dersom Deres regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellom våre to regjeringer, som trer midlertidig i kraft ved datoen for Deres svarbrev og trer endelig i kraft når de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfylt.

Motta, Herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Niels L. Dahl,
Ambassadør.

Fylgiskjal II.

Svarorðsending utanríkisráðherra.

Reykjavík, 16. desember 1986.

Herra sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. 15. þ.m., sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið undanfarnar vikur milli fulltrúa ríkisstjórna okkar, um áhuga Norðmanna á því að veiða loðnu innan fiskveiðimarka Íslands í janúar–febrúar 1987. Viðræðurnar fóru fram á grundvelli samkomulags frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem skv. 4. gr. samkomulagsins þarf að gera á hlutdeild Noregs í loðnuafla 1986–1987 vegna aukningar á leyfilegu aflamagni.

Ég get staðfest hér með eftirfarandi samkomulag sem náðist í viðræðunum:

1. Norskum veiðiskipum verður heimilað að veiða allt að 60 000 lestir loðnu innan 200 sjómílna fiskveiðimarka Íslands á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1987.

2. Heimild þessi er bundin við skip sem íslenska sjávarútvegsráðuneytið samþykkir.
3. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið mun setja reglur um tilkynningaskyldu norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu, þar á meðal um daglega staðsetningu skipa og afla þeirra.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar myndi samning milli ríkisstjórna landanna sem taki gildi til bráðabirgða þann dag er svarbréf yðar er dagsett og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína."

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á að orðsending yðar og svar þetta skoðist sem samningur milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 368. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um Kjaradóm.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur ýmsa galla vera á þessu frumvarpi.

Í fyrsta lagi má telja athugavert að framkvæmdarvaldið skipi tvo fulltrúa í Kjaradóm á meðan viðsemjendur þess, samtök opinberra starfsmanna, eiga þar engan fulltrúa. Réttara væri að annaðhvort ættu báðir aðilar þar fulltrúa eða þá að dóminn mynduðu eingöngu þeir þrír dómendur sem samkvæmt frv. eru skipaðir af Hæstarétti.

Í öðru lagi telur minni hl. nefndarinnar ekki eðlilegt að Kjaradómur ákveði kjör allra þeirra er tilteknir eru í 2. gr. frv., heldur sé eðlilegra að kjör allmargra, sem þar eru, ráðist í kjarasamningum þeirra stéttarfélaga sem við eiga. Ekki er heldur ljóst af frv. hvaða viðmiðunarreglur eru notaðar við að ákveða hverjir skuli skv. 2. gr. heyra undir Kjaradóm og hverjir ekki.

Þar sem frv. er hluti af víðtæku samkomulagi milli ríkisins og starfsmanna þess sem minni hl. telur mikilvægt mun hann hvorki flytja brtt. við frv. né leggja til að það verði fellt, heldur sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 16. des. 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Sþ. 369. Skýrsla [262. mál]

samgönguráðherra um hafnaframkvæmdir 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum 1985 urðu sem hér segir (í millj. kr.):

Almennar hafnir	193.9
Reykjavíkurhöfn	30.6
Landshafnir	4.8
Ferjuhafnir	1.5
Samtals:	230,8

Árið 1984 voru heildarframkvæmdir í höfnum 206,9 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru m.a. tölur um framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, svo og stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum.

FRAMKVÆMDIR 1985 Í ALMENNUM HÖFNUM

Akranes.

Unnið var við styrkingu grjótvarnar við aðalhafnargarð og bætt þar í um 900 m^3 af stóru grjóti. Gengið var endanlega frá niðursetningu á flotbryggjueiningum og er flotbryggjan alls 46 m löng. Verk þessi voru alfarið unnin af heimamönnum.

Gerðar voru umfangsmiklar líkanatilraunir í sambandi við brimvarnaraðgerðir á efsta hluta aðalhafnargarðs. Tilraunirnar voru unnar hjá Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 6320 þús. kr.

Borgarnes.

Verki, sem hafið var síðla árs 1984, var haldið áfram strax eftir áramót. Rekinn var niður 60 m stálþilskantur og steyptur á hann kantbiti með pollum. Hafnamálastofnun sá um framkvæmd verksins en því lauk 8. maí.

Framkvæmdakostnaður: 4520 þús. kr.

Arnarstapi.

Lyftir hf. frá Sauðárkróki, sem hóf verk að undangengnu útboði á árinu 1984, lauk við umsamið verk 11. júní um átta mánuðum síðar en í verksamningum hafði verið ætlað.

Alls var ekið 4600 m^3 í garðinn á þessu ári af alls 14 500 m^3 sem í verkið fór. Seinni hluta sumars var steypt þekja á efri hluta hafnargarðs alls 700 m^2. Heimamenn sáu um framkvæmdir við þekju.

Framkvæmdakostnaður: 3708 þús. kr.

Hellnar.

Í mars 1985 urðu nokkrar skemmdir á hafnarmannvirkjum vegna stórbrims. Samið var við Einar Matthíasson á Hellnum um viðgerð. Steyptur var um 52 m langur skjólveggur og 220 m^2 þekja. Verkið hófst 15. júní og því lauk 31. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 2000 þús. kr.

Ólafsvík.

Unnið var við dýpkun með dæluprammanum Hák. Dælt var á svæði umhverfis timburbryggju. Alls var dælt 9400 m^3. Verkið hófst 10. maí og því lauk 1. júní. Sett var út flotbryggja og unnið við raflagnir.

Framkvæmdakostnaður: 4438 þús. kr.

Grundarfjörður.

Tæknikostnaður: 106 þús. kr.

Stykkishólmur.

Frágangur á rafbúnaði o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 480 þús. kr.

Karlsey.

Unnið var við lokafrágang stálþilskants. Steyptur var 64 m langur kantbiti og 1300 m^2 þekja. Reist var ljósamastursbús og sett á það mastur og lýsing. Verkið hófst 10. júní og því lauk 1. sept.

Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 4341 þús. kr.

Patreksfjörður.

Lokið var við að endurnýja allar raflagnir við höfnina. Verkið var unnið af heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 855 þús. kr.

Tálknafjörður.

Steypt var þekja á nýja hafnarbakkann alls 720 m^2, reist var ljósamastur og sett upp lýsing. Einnig var settur upp löndunarkrani. Framkvæmdir annaðist Hafnamálastofnun og hófust þær 30. maí og lauk 17. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 2992 þús. kr.

Bíldudalur.

Tæknikostnaður: 24 þús. kr.

Þingeyri.

Unnið var við lokafrágang bílavogar og vogarhúss. Heimamenn önnuðust verkið.

Framkvæmdakostnaður: 825 þús. kr.

Flateyri.

Tæknikostnaður: 19 þús. kr.

Suðureyri.
Tæknikostnaður: 42 þús. kr.

Bolungarvík.
Fyrri hluta árs var boðin út smíði á fimm 7 metra löngum flotbryggjueiningum úr timbri og var samið við lægstbjóðanda. Heimamenn sáu um niðursetningu bryggjunnar og frágang á staðnum. Í október var unnið við að bæta við stóru grjóti utan á Brjótinn alls 800 m^3 og sá Hafnamálastofnun um það verk.
Framkvæmdakostnaður: 5687 þús. kr.

Ísafjörður.
Keypt var efni í harðviðarbryggju í smábátahöfn. Í lok ársins var hafist handa um endurnýjun raflagna á hafskipabakka. Einnig var unnið að botnrannsóknum vegna dráttarbrautar.
Framkvæmdakostnaður: 2176 þús. kr.

Súðavík.
Í október var unnið við lagfæringu á grjótvörn á Suðurgarði. Alls var ekið í garðinn 1900 m^3. Hafnamálastofnun annaðist verkið.
Framkvæmdakostnaður: 1389 þús. kr.

Norðurfjörður.
Verktaki hóf vinnu við grjótgarð 20. mars þar sem frá var horfið í desember 1984.
Verkinu lauk í endaðan október eða um ellefu mánuðum síðar en áætlað var. Alls var ekið í garðinn á árinu um 20 000 m^3 af grjóti. Keypt var efni í 40 m stálþilskant og var þilið rekið niður, steypt var ljósamastursbús, reist mastur og sett upp ljós. Vinna við stálþil hófst 19. júní og lauk 15. ágúst og lagðist þá fyrsta flutningaskipið að bryggju í Norðurfirði. Framkvæmdir við stálþil annaðist Hafnamálastofnun.
Framkvæmdakostnaður: 12 906 þús. kr.

Hólmavík.
Tæknikostnaður o.fl.: 92 þús. kr.

Hvammstangi.
Tæknikostnaður o.fl.: 116 þús. kr.

Blönduós.
Steypt var sjósetningarbraut og unnið var að rannsóknum.
Rannsókna- og framkvæmdakostnaður: 368 þús. kr.

Skagaströnd.
Lokið var við frágang á hafnarvog sem sett var upp á s.l. ári. Að mestu var lokið við byggingu dráttarbrautar og var hún tekin í notkun í apríl. Lokið var við uppsetningu spils, smíði dráttarbrautarvagns, spilhúss og steyptir voru hliðarfærslugarðar. Heimamenn önnuðust verkið og stóð það með hléum fram eftir ári.
Framkvæmdakostnaður: 3450 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Í nóvember var boðin út öflun grjóts til viðgerðar á sandfangara alls 4000 m^3 (2000 m^3 á árinu). Tekið var tilboði Króksverks hf. Vinna hófst í lok nóvember og var grjóti ekið um 40 km leið utan af Skaga. Hafnamálastofnun annaðist vinnu við röðun í garðinn. Fyrri hluta verksins lauk 14. des.

Framkvæmdakostnaður: 3284 þús. kr.

Hofsós.

Boðin voru út kaup á 40 t. bílavog og hefur vog verið pöntuð.

Tæknikostnaður o.fl.: 482 þús. kr.

Siglufjörður.

Lokið var við uppsetningu og frágang við bílavog snemma árs. Einnig var settur upp löndunarkrani. Byggð var 60 m bátabryggja úr harðviði og hófst verkið 20. júlí og lauk 21. sept.

Hafnamálastofnun og heimamenn önnuðust þessi verk.

Framkvæmdakostnaður: 4352 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Lokið var við uppsetningu bílavogar, byggt var vogarhús og vogin tekin í notkun. Heimamenn önnuðust þetta verk.

Framkvæmdakostnaður: 3793 þús. kr.

Dalvík.

Að undangengnu útboði var samið við Guðlaug Einarsson á Fáskrúðsfirði að steypa 92 m kantbita og 2520 m^2 þekju, þar af 1680 m^2 með hitalögnum í. Verkið hófst í byrjun júní og lauk því samkvæmt samningi 15. sept. Heimamenn sáu um eftirlit ásamt Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 9343 þús. kr.

Hrísey.

Rannsóknir og tæknikostnaður: 396 þús. kr.

Árskógssandur.

Unnið við ýmsar rannsóknir.

Rannsókna- og tæknikostnaður: 807 þús. kr.

Hauganes.

Endurnýjaðar voru vatnslagnir á bryggju og sáu heimamenn um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 424 þús. kr.

Hjalteyri.

Tæknikostnaður: 46 þús. kr.

Akureyri.

Unnið var við byggingu hliðarfærslugarða við stærri dráttarbrautina og sá Slippstöðin hf. um það verk.

Nokkuð var unnið við smábátahöfnina í Sandgerðisbót, keypt var 75 m löng flotgirðing sem ætluð er til notkunar ef olía fer í höfnina.

Gerður var samningur um kaup á nýjum hafnarbáti frá Hollandi.

Framkvæmdakostnaður: 15 369 þús. kr.

Svalbarðseyri.

Tæknikostnaður: 49 þús. kr.

Grenivík.

Unnið var við frágang raflagna í bryggju.

Framkvæmdakostnaður: 682 þús. kr.

Grímsey.

Rannsókna- og tæknikostnaður: 373 þús. kr.

Húsavík.

Fjármagns- og tæknikostnaður: 2631 þús. kr.

Hallbjarnarstaðakrókur.

Lagfærður grjótgarður.

Framkvæmdakostnaður: 168 þús. kr.

Kópasker.

Tæknikostnaður: 2 þús. kr.

Raufarhöfn.

Sett út innsiglingardufl.

Framkvæmdakostnaður: 136 þús. kr.

Þórshöfn.

Unnið var við endurbætur á grjótgarði. Alls var ekið 8800 m^3 af grjóti í garðinn og öll brimvörnin endurbyggð. Grjótið var unnið í námu austan við þorpið í um 3 km fjarlægð frá höfninni. Verkið hófst 15. júlí og því lauk 14. okt. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 8153 þús. kr.

Bakkafjörður.

Lokauppgjör á útboðsverki o.fl.: 15 784 þús. kr.

Vopnafjörður.

Tæknikostnaður: 141 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Unnið var við endurbyggingu og lagfæringu á grjótgörðum umhverfis bátahöfnina við Hafnarhólma. Garðarnir voru byggðir árið 1975 og hefur grjótið í þeim veðrast mjög illa, einkum það sem tekið var úr klettum ofan við höfnina. Alls var bætt í garðana 3800 m^3 og var grjótið tekið í námu við bæinn Ós. Þá var einnig dýpkað nokkuð innst í höfninni. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir sem hófust 9. sept. og lauk 6. okt.

Framkvæmdakostnaður: 2808 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Steyptur var síðasti hluti þekju á hafnarbakka við ferjuhöfn alls 160 m^2. Rannsóknir vegna dráttarbrautar o.fl.

Framkvæmdakostnaður o.fl.: 1454 þús. kr.

Neskaupstaður.

Frágangsvinna við smábátahöfn o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 322 þús. kr.

Eskifjörður.

Tæknikostnaður: 98 þús. kr.

Reyðarfjörður.

Tæknikostnaður: 34 þús. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Í maí var settur upp löndunarkrani fyrir smábáta á trébryggju við frystihús. Lokið var við endurnýjun á dekki og bitum á gömlu bæjarbryggjunni. Verk þetta stóð með hléum síðari hluta sumars og lauk í október. Heimamenn önnuðust framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 1466 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Í byrjun maí hófst vinna við stálþilsrekstur í nýja hafnargarðinn. Lengd stálþilsins er alls 211 m og viðlegukantar alls 180 m. Fylling í garðinn var um 18 000 m^3. Steyptur var kantbiti með pollum á innri viðlegukant garðsins og tvö ljósamastursshús reist með möstrum og lýsingu. Verkinu lauk 7. desember. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir ásamt heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 16 676 þús. kr.

Breiðdalsvík.

Tæknikostnaður: 84 þús. kr.

Djúpivogur.

Tæknikostnaður o.fl.: 94 þús. kr.

Hornafjörður.

Unnið var við dýpkun með sanddælupramma hafnarinnar „Soffíu“. Dælt var úr ytri hluta hafnarinnar, þ.e. innsiglingu og umhverfis loðnubryggju og inn að vöruflutningabryggju. Ekið var út fyrirstöðugarði vestur við Ósland og efni dælt á það svæði. Keyptur var

löndunarkrani. Framkvæmdir stóðu með hléum mikinn hluta sumarsins. Alls var dælt 28 450 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 9092 þús. kr.

Dyrhólaey.

Tæknikostnaður o.fl.: 164 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var við dýpkun í höfninni með dælupramma hafnarinnar, alls var dælt 24 250 m^3. Unnið var við færslubúnað og frágang við skipalyftuna og einnig var malbikuð þekja á Binnabryggju.

Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 10 791 þús. kr.

Stokkseyri.

Tæknikostnaður o.fl.: 50 þús. kr.

Eyrarbakki.

Dýpkað var meðfram bryggju með krana og sprengdar voru klettanibbur úr innsiglingu, grjótgarðar voru lagfærðir og sett voru upp innsiglingarmerki.

Framkvæmdakostnaður: 2485 þús. kr.

Grindavík.

Dælupramminn Hákur dýpkaði sunnan og vestan við Eyjabakka. Alls var dælt 10 000 m^3 og stóðu framkvæmdir yfir frá 11. júní til 8. júlí. Í september og október var unnið að dýpkun með gröfu suðaustanvert í höfninni, alls 4800 m^3. Unnið var að viðhaldi og viðgerð á Kvíabryggju.

Framkvæmdakostnaður: 6854 þús. kr.

Hafnir.

Tæknikostnaður o.fl.: 150 þús. kr.

Sandgerði.

Dýpkað var með dælurammanum Hák á tímabilinu 9. júlí til 1. ágúst og var dælt alls 8600 m^3 beggja vegna við nýja stálþilsgarðinn. Unnið var við frágang á og við nýja stálþilsgarðinn á tímabilinu janúar til apríl.

Framkvæmdakostnaður: 6351 þús. kr.

Vogar.

Tæknikostnaður: 2 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Í byrjun janúar var hafist handa við I. áfanga grjótvarnar utan á Norðurgarð. Að undangengnu útboði var samið við Ístak hf. lægstbjóðanda í verkið. Alls var ekið 8400 m^3. Í september var boðinn út III. áfangi Suðurbakka, alls 90 m stálþilskantur, og sá verkfræðistofan Hönnun um útboðið en í því felst öll vinna og efni í stálþilsbakkann fullfrágenginn ásamt dýpkun. Samið var við lægstbjóðendur sem voru Köfunarstöðin hf. og Miðfell hf. sem

buðu sameiginlega alls 38 456 000 kr. Vinna við verkið hófst í lok nóvember og er umsaminn verktími 24 mánuðir. Í október var boðinn út II. áfangi grjótvarnar utan á Norðurgarð og var samið við lægstbjóðanda sem var Hagvirki hf. og hófst vinna um miðjan nóvember. Áætlað efnismagn í þennan áfanga er 8100 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 7257 þús. kr.

Garðabær.

Keypt var efni í 40 m stálþilskant og var þilið rekið niður og gengið frá því án kants. Köfunarstöðin hf. og Stálvík hf. sáu um framkvæmdir sem stóðu frá miðjum júlí og fram í september.

Framkvæmdakostnaður: 6481 þús. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Í Vesturhöfninni var unnið við grjótvörn og landfyllingar; einnig var unnið að frágangi gangstétta og graseyja. Hafist var handa við gerð landauka yst á Kornbakka.

Í Kleppsvík lauk II. áfanga Holtabakka og var Köfunarstöðin hf. aðalverktaki og skiluðu þeir bakkanum undir yfirborðsfrágang. Ákveðið var að leggja steypta steina á þekju í stað malbiks og voru um 3500 m^2 á hafnarbakkanum steinlagðir.

Ýmsar breytingar og lagfæringar voru unnar á aðstöðu í og við Hafnarhúsið.

Yfirlit yfir fjárfestingu 1985 (í þús. kr.):

Landauki í Vesturhöfn	2 051
Landauki við Vatnagarða	2 799
Holtabakki II. áfangi	22 519
Ýmislegt	3 226
Samtals:	30 595

LANDSHAFNIR

Keflavík–Njarðvík.

Tæknikostnaður: 140 þús. kr.

Rif.

Unnið var við dýpkun með dæluprammanum Hák. Alls var dælt 11 000 m^3 og hófust framkvæmdir 15. apríl og lauk 8. maí. Gerður var fyrirstöðugarður fyrir efnið sem dælt var í landfyllingu.

Framkvæmdakostnaður: 3226 þús. kr.

Þorlákshöfn.

Unnið var við lokafrágang á verki sem hófst 1984 við grjótvörn á Norðurgarð. Verkinu lauk í janúar.

Framkvæmdakostnaður: 1479 þús. kr.

FERJUBRYGGJUR

Aðeins var unnið við ferjubryggjuna við Brjánslæk en hún var styrkt og gert var við skemmdir. Hafnamálastofnun sá um verkið en það var unnið frá 9. febr. til 25. mars.

Framkvæmdakostnaður: 1500 þús. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Víða var unnið við sjóvarnargarða og voru stærstu verkin á Akranesi, Flateyri, Blönduósi, í Vestmannaeyjum og á Vatnsleysuströnd.

Á Akranesi var aðallega unnið við brimvarnargarða á Breið og var verkið unnið af verktaka eftir útboð.

Á Flateyri var varinn um 400 m kafli fremst á eyrinni, þar af að hluta til endurbygging eldri garðs.

Á Blönduósi var grjótvarinn um 300 m langur kafli norðan við sláturhús og var ekið í það um 4000 m^3 af grjóti.

Í Vestmannaeyjum var hafist handa um varanlega brimvörn á Eiðinu. Byrjað var rétt austan við olíutanka og haldið í átt að Heimakletti. Að fullu var lokið við um 100 m kafla. Alls fóru í þetta um 6000 m^3 af stóru grjóti.

Á Vatnsleysuströnd var unnið að sjóvörn á um 400 m kafla við Neðri-Brunnastaði. Hafnamálastofnun annaðist að mestu allar sjóvarnarframkvæmdir í samvinnu við heimamenn.

Framkvæmdakostnaður: 18 915 þús. kr.

RANNSÓKNIR

Eins og undanfarin ár voru mælingar og rannsóknaboranir framkvæmdar eftir þörfum vegna hönnunar og rannsóknaverkefna.

Mælt var á Akranesi, Arnarstapa, Rifi, í Ólafsvík, í Grundarfirði, á Hvammstanga, Siglufirði, Ólafsfirði, í Hrísey, á Bakkafirði, Vopnafirði, Breiðdalsvík, Hornafirði, í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði og Hafnarfirði.

Borað var á Brjánslæk, Árskógssandi, Þórshöfn, Eyrarbakka og í Hafnarfirði.

Á árinu lauk öldumælingum í Bolungarvík og á Borgarfirði eystri. Mælingum með ölduduflum var fram haldið á Grímseyjarsundi, Ólafsfirði og Þórshöfn.

Öldumælingar hófust á árinu á Sauðárkróki, Siglufirði, Grímsey, Hrísey og Árskógssandi.

Í Líkanstöð Hafnamálastofnunar ríkisins að Funahöfða var lokið við líkantilraun af Bolungarvíkurhöfn. Gerðar voru líkantilraunir af brimvörn úr stórgrýti á efsta hluta aðalhafnargarðs á Akranesi, bæði hvað varðar stöðugleika stórgrýtis og ágjöf yfir garðinn.

Eins var unnið við lagfæringu á húsnæðinu.

Gefnar voru út skýrslur um líkantilraunir af Bolungarvíkurhöfn og rannsóknir og hönnun brimvarnargarðs á Norðurfirði.

Unnið var að forhönnun og hönnun brimvarnargarða á Brjánslæk, Sauðárkróki, Þórshöfn og í Hafnarfirði.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR

Hafnamálastofnun rekur dæluprammann Hák og var unnið á eftirtöldum stöðum frá apríl til ágúst 1985 (í m^3):

Landshöfnin Rifi	11 000
Ólafsvík	9 400
Grindavík	10 000
Sandgerði	8 600
Samtals:	39 000

Tafla 1. Hafnaframkvæmdir 1985.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Flotbryggja	75%	2 242		
	Ljós og lagnir Lambhúsas.	75%	312,7		
	Aðalhafnag. Grjót o. fl.	75%	1 413		
	Líkantilraun	100	2 267		
	Lambhúsasund o. fl. '84	75%	85	6 319,7	5 306,5
Borgarnes	Stálþilsbakki 60 m	75%	4 544		
	Stálþil '84	75%	(24)	4 520	3 390
Arnarstapi	Hafnarvog	40%	250		
	Grjótgarður	75%	2 458		
	Steypt þekja	75%	1 000	3 708	2 694
Hellnar	Viðgerð á tjóni		2 000		
	Tjónatekjur		(2 000)	0	0
Ólafsvík	Dýpkun	75%	3 000		
	Frágangur á rafl. o. fl.	75%	596		
	Flotbryggja	75%	842	4 438	3 329
Grundarfjörður	Tæknikostn. o. fl.	75%	63		
	Tæknikostn. o. fl. '84	75%	43	106	80
Stykkishólmur	Rafbúnaður	75%	282,9		
	Dráttarbraut	40%	197	479,9	291
Karlsey	Kantur, lagnir og þekja 1.100 m²	75%	4 221		
	Ljósamastur	75%	120	4 341	3 256
Patreksfjörður	Rafbúnaður	75%	842		
	Rafbúnaður '84	75%	13	855	641
Tálknafjörður	Lagnir og þekja	75%	2 642		
	Löndunarkrani	40%	350	2 992	2 122
Bíldudalur	Tæknikostnaður	75%		24	18
Þingeyri	Frágangur bílavogar	40%	500		
	Lýsing og innsiglingaljós	75%	600		
	Lýsing '84	75%	(275)	825	444
Flateyri	Tæknikostnaður	75%		19	14
Suðureyri	Tæknikostnaður	75%	42		
	Innsiglingamerki '84	75%	(60)	(18)	(14)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Bolungarvík	Grjót á Brjót o. fl.	75%	1 613,1		
	Flotbryggjur	75%	1 470		
	Líkantilraunir og rannsóknir	100%	2 058		
Flutningar og gámaleiga	1 360 372.91	56 153 472.98
Orkustofnun Reykjavík.		
Mælingaþjónusta	1 308 682.12	54 019 780.55
Hafskip hf. Reykjavík.		
Flutningar og gámaleiga	796 525.72	32 878 988.67
Mjólkursamsalan Reykjavík.		
Mjólkurafurðir	565 076.17	23 325 214.15
Rammagerðin Reykjavík.		
Íslenskar ullar- og gjafavörur	561 964.69	23 196 778.47
Sérleyfisbifreiðar Keflavíkur.		
Flutningar á fólki	539 589.22	22 273 163.82
Karl Arason Keflavík.		
Hreingerningaverktaki	444 127.99	18 332 715.17
P. Árnason sf. Reykjavík.		
Pökkunarþjónusta	382 085.63	15 771 730.64
Suðurleið.		
Flutningar á gámum frá Reykjavík	375 921.52	15 517 288.50
Pökkun og flutningar sf.		
Pökkunarþjónusta	364 040.08	15 026 846.42
Íslenska pökkunarfélagið.		
Pökkunarþjónusta	363 485.40	15 003 950.34
Hilmar Sölvason Keflavík.		
Hreingerningaverktaki	357 137.56	14 741 924.20
Flugleiðir hf. Reykjavík.		
Flutningaþjónusta	305 870.07	12 625 704.75
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja.		
Sorpeyðing	268 028.43	11 063 677.53
K.K. Karlsson Reykjavík.		
Áfengi	240 820.30	9 940 580.34
Samband ísl. samvinnufélaga Reykjavík.		
Flutningar, alhliða vörur	143 177.51	5 910 081.26

	Bandaríkjadalir	Íslenskar krónur
Hafsteinn Axelsson Njarðvík.		
Sorphreinsun	134 185.20	5 538 896.69
Gísli J. Johnsen hf. Reykjavík.		
Tölvubúnaður, skrifstofuhúsgögn	127 641.54	5 268 787.49
Heiðar Pétursson.		
Flutningar Höfn/Keflavík	126 769.35	5 232 785.23
Ragnarsbakarí Keflavík.		
Brauðvara	113 808.64	4 697 793.04
Dropinn Keflavík.		
Málningarvörur o.fl.	108 151.63	4 464 282.98
Hraðfrystihús B.N. Garði.		
Fiskafurðir	105 866.93	4 369 975.14
Kraninn hf. Keflavík.		
Kranaþjónusta v. losun á gámum	100 774.38	4 159 761.56
Suðurvirki sf. Keflavík.		
Sorpeyðing, verktaki	100 645.32	4 154 437.52
Álnabær Keflavík/Reykjavík.		
Vefnaðarvörur	81 541.02	3 365 850.22
Rolf Johansen Reykjavík.		
Áfengi	79 095.43	3 264 901.16
Austurbakki Reykjavík.		
Áfengi	74 889.01	3 091 268.55
Birgir Guðnason Keflavík.		
Efni til bílasprautunar o.fl.	65 885.16	2 719 607.63
Verksmiðjan Vífilfell Reykjavík.		
Gosdrykkir	65 186.42	2 690 765.04
Gleraugnaverslun Keflavíkur.		
Öryggisgleraugu o.fl.	64 623.06	2 667 510.67
Skrifstofuvélar hf. Reykjavík.		
Tölvubúnaður viðgerðir á IBM	63 186.10	2 608 195.84
Íslensk-ameríska hf. Reykjavík.		
Áfengi	62 660.95	2 586 518.69
H. Marteinsson Reykjavík.		
Áfengi	56 023.80	2 312 550.42
H. Hjartarson tölvuþjónusta Reykjavík.		
Sala á tölvum o.fl.	51 615.00	2 130 563.97
Barr sf. Reykjavík.		
Teppi	51 287.86	2 117 060.29
Aðalverk Keflavík.		
Verktaki/jarðvinnsla	51 110.49	2 109 738.81
Radíóbúðin Reykjavík.		
Tölvuþjónusta og búnaður	50 264.45	2 074 815.97
Gísli Hermannsson Höfn.		
Sorphreinsun	48 662.04	2 008 671.69
Burstagerðin Garðabær.		
Burstar á flugbrautarkústa	45 955.82	1 896 964.34
Guðmundur Jóhannesson Njarðvík.		
Flutningar á Reykjanesi	43 954.03	1 814 371.60

	Bandaríkjadalir	Íslenskar krónur
Sláturfélag Suðurlands.		
Kjötvara	37 956.53	1 566 769.65
Álafoss Mosfellssveit.		
Ullarvörur	35 905.90	1 482 123.74
Penninn Reykjavík.		
Skrifstofuáhöld, húsgögn	34 765.63	1 435 055.68
Garða-Héðinn Garðabæ.		
Útihúsaklæðningar o.fl.	29 672.12	1 224 805.77

3. Gjaldeyrisskil vegna varnarliðsviðskipta á árunum 1984, 1985 og 1986.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands eru gjaldeyrisskil vegna varnarliðsviðskipta á árunum 1984, 1985 og 1986 eftirfarandi, reiknuð í þús. bandaríkjadala miðað við meðalgengi á hverju ári.

Gjaldeyriskaup frá:	**1984**	**1985**	**Til sept. 1986**
Varnarliðinu	26 441	28 793	27 372
American Express	347	72	534
Verktökum	34 780	19 726	32 687
Olíufélögum	63	72	1 699
Bifreiðasölum	63	531	243
Orkusölum	4 360	7 227	4 586
Ýmsum öðrum	4 739	7 596	6 042

Sþ. 380. Svar [173. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um búsetu bandarískra hermanna og flugvallarstarfsmanna og dvöl þeirra utan flugvallarsvæðis.

1. *Hve margar íbúðir höfðu bandarískir hermenn og flugvallarstarfsmenn á leigu utan flugvallarsvæðis hinn 1. des. 1980, 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og í okt. 1986, tilgreint eftir sveitarfélögum?*

Sem svar við fyrirspurninni fylgir hér skrá yfir fjölda íbúða er erlendir starfsmenn á vegum varnarliðsins og hermenn höfðu á leigu utan varnarsvæða eða voru í eigu íslenskra maka þeirra. Miðað er við 1. desember ár hvert frá 1980 til 1986:

1980	Keflavík	26
	Njarðvík	6
	Reykjavík	3
	Hafnarfjörður	1
	Borgarfjörður	1
	Samtals	37
	Þar af hermenn	10

1981	Keflavík	20
	Njarðvík	1
	Reykjavík	3
	Kópavogur	1
	Vogar	1
	Garður	1
	Samtals	27
	Þar af hermenn	11
1982	Keflavík	25
	Njarðvík	6
	Reykjavík	5
	Kópavogur	1
	Hafnarfjörður	1
	Garður	1
	Samtals	39
	Þar af hermenn	12
1983	Keflavík	23
	Njarðvík	11
	Reykjavík	5
	Kópavogur	2
	Hafnarfjörður	2
	Garður	2
	Höfn	1
	Samtals	46
	Þar af hermenn	14
1984	Keflavík	30
	Njarðvík	13
	Reykjavík	6
	Kópavogur	1
	Hafnarfjörður	3
	Garðabær	4
	Höfn	1
	Samtals	58
	Þar af hermenn	15
1985	Keflavík	31
	Njarðvík	13
	Reykjavík	8
	Kópavogur	1
	Hafnarfjörður	2
	Garðabær	4
	Samtals	59
	Þar af hermenn	13
1986	Keflavík	34
	Njarðvík	15
	Reykjavík	7
	Hafnarfjörður	3
	Garðabær	4
	Samtals	63
	Þar af hermenn	14

Utan varnarsvæðis voru búsettir 1. desember s.l. 63 menn er starfa fyrir varnarliðið, þar af 14 hermenn. 38 þessara 63 manna eiga íslenska maka.

Af fyrrgreindum 49 borgaralegum starfsmönnum eru 17 við kennslu í gagnfræðaskóla og barnaskóla varnarliðsins. Aðrir erlendir starfsmenn vinna sérhæfð tæknistörf fyrir varnarliðið eða eru fulltrúar bandarískra fyrirtækja er annast viðhald og þjónustu á tækjabúnaði þess.

2. *Hvaða reglur gilda um dvöl bandarískra hermanna og flugvallarstarfsmanna utan flugvallarsvæðis?*

A. Varnarliðsmenn.

Almenna reglan um útivist varnarliðsmanna er þessi:

Allir skulu vera farnir af opinberum stöðum kl. 24:00 dag hvern og halda rakleiðis til varnarsvæðisins.

Undantekningar eru:

1. Yfirmenn varnarliðsins.
2. Ef varnarliðsmaður dvelst á Íslandi með eiginkonu eða börnum.
3. Þeir sem hafa skriflegt leyfi yfirmanna sinna um lengri útivist, t.d. til ferðalaga.

B. Flugvallarstarfsmenn.

Reglur þessar gilda ekki um borgaralega starfsmenn varnarliðsins sem flestir búa utan flugvallarsvæðisins.

Sþ. 381. Fyrirspurn [263. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðstoð við foreldra veikra barna.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað aðstoð við foreldra veikra barna af landsbyggðinni sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum vegna læknismeðferðar?
2. Fá foreldrarnir greiddan ferðakostnað og hvernig er þeim greiðslum háttað?
3. Hafa foreldrarnir í eitthvert hús að venda meðan á meðferð stendur?

Ed. 382. Breytingartillaga [211. mál]

við frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá Jóni Kristjánssyni.

2. tölul. fyrri mgr. 19. gr. orðist svo:

Þeirra, sem heyra undir lög nr. 56/1972, um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum.

Nd. 383. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Halldór Blöndal. Stefán Guðmundsson.

Friðjón Þórðarson. Eggert Haukdal.

Nd. 384. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Stefán Guðmundsson. Halldór Blöndal.

Friðjón Þórðarson. Eggert Haukdal.

Sþ. 385. Svar [221. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn frá Skúla Alexanderssyni og Svavari Gestssyni um vegagerð á Laxárdalsheiði:

Þann 14. apríl 1985 auglýsti Vegagerð ríkisins útboð á vegagerð á Laxárdalsheiði á sýslumörkum Dalasýslu og Strandasýslu.

Tilboð voru opnuð þann 29. sama mánaðar að viðstöddum bjóðendum en 15 aðilar buðu í verkið. Lægsta tilboð kom frá Hagvirki í Hafnarfirði og nam það 4 888 200 kr. Við opnun var kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar einnig lesin en hún var 10 790 000. Lægsta tilboð var því 45,3% af kostnaðaráætlun. Lægstu tilboð ásamt kostnaðaráætlun og hlutfall af kostnaðaráætlun eru tilgreind hér að neðan:

Bjóðandi	Tilboð þús. kr.	Hlutfall af áætlun
1. Hagvirki hf.	4888	45,3%
2. Hvítserkur	4992	46,3%
3. Strandaverk	5486	50,9%
4. Tak	5710	53,0%
5. Króksverk	5788	53,7%
6. Höttur	5959	55,2%

Á grundvelli þessa tilboðs og verkáætlunar, sem bjóðandi lagði fram, var skrifað undir samning á Ísafirði 31. maí 1985. Framkvæmdir hófust 13. júlí og framkvæmdum var hætt 22. nóvember sama ár.

Þegar framkvæmdum var hætt 22. nóvember 1985 átti verktaki eftir að vinna hluta af verkinu sem var einkum útkeyrsla á malarslitlagi. Þegar verki var hætt var verktaka greitt sem hér er tilgreint:

Samkvæmt samningi	4 446 010 kr.
Verðbætur	220 317 kr.
Dagsektir (frádregnar)	−191 569 kr.
Alls	4 474 758 kr.

Eins og kemur fram fyrr í þessari greinargerð var samningsupphæð 4 888 200 kr. en framkvæmt eftir samningi fyrir 4 446 010 kr. eða sem nemur 91% af samningi.

Verktaki tilkynnti Vegagerðinni um það leyti sem framkvæmdum var hætt að hann mundi gera kröfur um greiðslu umfram það sem greint er í samningi og 19. febrúar 1986 lagði hann fram kröfur í tvennu lagi. Aðalkrafa verktaka var að upphæð 24 006 088 kr. og er rökstudd á þann veg að verkið sé í aðalatriðum frábrugðið útboðsgögnum og allt verkið verði greitt í tímavinnu og auk þess að greitt verði tímagjald vegna ýmissa tafa. Til vara gerir verktaki kröfur vegna þess að verkkaupi hafi gefið villandi upplýsingar um verkið, vegna galla í útboðsgögnum og fleiri atriða. Þessi krafa er í 17 liðum og nemur 21 214 726 kr.

Vegagerðin, sem hafði sjálf haft eftirlit með framkvæmd verksins, ákvað þá að óska eftir því við þekkt ráðgjafarfyrirtæki að það skoðaði kröfur verktaka og reyndi að meta þær á hlutlausan hátt. Greinargerð ráðgjafarfyrirtækisins lá fyrir s.l. sumar en þar er lagt til að aðalkröfu verktaka sé hafnað en varakrafa var metin lið fyrir lið og lagt til að Vegagerðin greiddi verktaka sem nemur 1173 þús. kr. og þá einkum vegna magnaukningar og breytinga á malarnámum. Greinargerðin var send verktaka og er nú til athugunar hjá honum.

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna greinargerðar ráðgjafarfyrirtækisins var 556 321 kr. Annar málskostnaður hefur ekki fallið á verkið.

Óvíst er hver afgreiðsla málsins verður.

Sþ. 386. Fyrirspurn [264. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur og útgjöld ríkissjóðs eftir kjördæmum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig skiptust tekjur ríkissjóðs s.l. fimm ár eftir kjördæmum, sundurliðað í:
   a. söluskatt,
   b. tekjuskatt,
   c. sjúkratryggingagjald,
   d. eignarskatt,
   e. aðrar opinberar tekjur nema tolla- og vörugjöld,
   f. tolla og vörugjöld?

   Hvert er hlutfall tekna í hverjum flokki í einstökum kjördæmum af heildartekjum ríkissjóðs af viðkomandi flokki og borið saman við íbúafjölda viðkomandi kjördæmis sem hlutfall af fjölda landsmanna.
2. Hvernig skiptust útgjöld ríkisins s.l. fimm ár eftir kjördæmum, sundurliðuð í helstu útgjaldaflokka. Óskað er sérstaklega eftir sundurliðun á eftirfarandi hátt:
   a. Samneysla:
      i. laun,
      ii. annað,
   b. tekjutilfærslur,
   c. fjármagnstilfærslur,
   d. stofnkostnaður.

   Allt einnig tilgreint sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins til viðkomandi málaflokka og borið saman við íbúafölda kjördæmanna sem hlutfall af fjölda landsmanna.
3. Eiga sér stað umtalsverðar fjármunatilfærslur milli kjördæma gegnum ríkisfyrirtæki eða sjóði í B-hluta fjárlaga, og ef svo er þá hverjar?

Allar tölur óskast færðar til verðlags í desember 1986.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 387. Fyrirspurn [265. mál]

til viðskiptaráðherra um innlán og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver hefur verið staða og þróun innlána í innlánsstofnunum, flokkað eftir helstu tegundum sparnaðarforma og kjördæmum, árlega á tímabilinu 1976–1985?
2. Hver hefur verið staða og þróun útlána á sama tímabili hjá innlánsstofnunum, flokkað eftir kjördæmum og lántakendum (einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum)?
3. Hver hafa verið heildarútlán, flokkuð eftir kjördæmum, á sama tímabili frá innlánsstofnunum, lífeyrissjóðum og fjárfestingalánasjóðum?

Beðið er um að allar upplýsingar verði jafnframt færðar til verðlags í desember 1986.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 388. Fyrirspurn [266. mál]

til landbúnaðarráðherra um hækkun á landbúnaðarvörum 1. des. s.l.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver var hækkun á landbúnaðarvörum til neytenda 1. desember s.l.?
   a. á kindakjöti,
   b. á mjólkurvörum?
2. a. Hver var hækkunin til bænda á sauðfjárafurðum annars vegar og á mjólkurafurðum hins vegar?
   b. Hver var hækkunin til milliliða?
3. Hver voru áhrifin af fjárfestingarkostnaði Mjólkursamsölunnar á verð mjólkurvara?

Svörin óskast tilgreind í prósentum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 389. Fyrirspurn [267. mál]

til viðskiptaráðherra um endurskoðun laga um lausafjárkaup.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvenær lýkur endurskoðun laganna um lausafjárkaup?

Sþ. 390. Fyrirspurn [268. mál]

til menntamálaráðherra um skýrslu OECD um íslenska menntastefnu.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hver eru áform ráðherra um úrlausn þess vanda í íslenskum menntamálum sem lýst er í skýrslu menntamálanefndar OECD um könnun á íslenskri menntastefnu?
2. Hvað hefur ráðuneytið gert í þessum efnum síðan skýrslan barst?
3. Verður Alþingi gerð grein fyrir efni skýrslunnar?

Sþ. 391. Fyrirspurn [269. mál]

til forsætisráðherra um skiptingu aflaverðmætis, útflutningsverðmæti sjávarafurða, gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver hefur verið skipting aflaverðmætis eftir kjördæmum á hverju ári á tímabilinu 1981–1986?
2. Hver er skipting útflutningsverðmætis sjávarafurða áætluð á grundvelli aflaverðmætis í einstökum kjördæmum og sundurliðað eftir framleiðslustöðum og helstu fisktegundum?

3. Hvert hefur verið framlag hvers kjördæmis í gjaldeyrisöflun landsmanna á sama tímabili? Beðið er um heildargjaldeyristekjur af útflutningi og hreinar gjaldeyristekjur eftir því sem upplýsingar leyfa.
4. Hvert má áætla að hafi verið framlag hvers kjördæmis til landsframleiðslunnar í heild og á vinnandi mann á sama tímabili (1981–1986)?

Verðmætistölur óskast færðar til verðlags ársins 1986 og að fram komi hlutfallsleg skipting þar sem við á.

Greinargerð.

Fram hefur komið, m.a. á þskj. 616 á 108. löggjafarþingi, að vissir erfiðleikar séu á að flokka útflutningsframleiðsluna eftir framleiðslustöðum þar sem útflutningshöfn getur verið önnur. Í 2. tölul. í fyrirspurninni er bent á leið til að áætla framleiðsluverðmæti sjávarafurða út frá sundurliðuðu aflaverðmæti.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 392. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. l. nr. 19 5. apríl 1968, l. nr. 42 16. apríl 1971, l. nr. 50 25. apríl 1973, l. nr. 68 21. maí 1974, l. nr. 44 16. maí 1977, l. nr. 59 31. maí 1979, l. nr. 44 11. maí 1982, l. nr. 55 30. maí 1984 og l. nr. 52 7. maí 1986, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Gunnar G. Schram.
Friðrik Sophusson.	Hjörleifur Guttormsson.	Ingvar Gíslason.

Nd. 393. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Gunnar G. Schram.
Friðrik Sophusson.	Hjörleifur Guttormsson.	Ingvar Gíslason.

Nd. 394. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Svavari Gestssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Á eftir 8. gr. komi ný grein er orðist svo:

Á eftir fyrri mgr. 119. gr. laganna komi ný mgr. sem verður 2. mgr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um takmörkun á heimildum til að telja risnu til rekstrarkostnaðar við ákvörðun á tekjuskattsstofni, svo og verklagsreglur er tryggi að persónuleg eyðsla færist ekki á atvinnurekstur.

Ed. 395. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu neðri deildar.

Alþingi, 17. des. 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Helgi Seljan, með fyrirvara.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.	Björn Dagbjartsson.
	Valdimar Indriðason.	

Nd. 396. Frumvarp til lánsfjárlaga [24. mál]

fyrir árið 1987.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 1 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 4 450 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1987 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 400 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum

fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Hveragerðis, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 12 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 9 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 3 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 281 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs, og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 520 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 620 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 75 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 320 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju.

12. gr.

Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 35 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði Breiðafjarðarferju.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–12. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 55 000 þús. kr. á árinu 1987.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 22 200 þús. kr. á árinu 1987 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1987.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4 700 þús. kr. á árinu 1987.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 100 000 þús. kr. á árinu 1987. Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1987.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1987.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1987.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1987 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 7 900 þús. kr. á árinu 1987.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 428 000 þús. kr. á árinu 1987.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 722 500 þús. kr.

III. KAFLI

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina sem endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

31. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42 1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

32. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 600 000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna sölu fjögurra fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið í smíðum innanlands á árunum 1982–86. Skip þessi mega vera allt að 42,4 metra löng og með vélarafl allt að 1000 hestöflum.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ráðherra ákveður nánar um framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

33. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 160 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem tekin verða vegna togarans Merkúrs.

34. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán Stálvíkur hf. með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

35. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán Hitaveitu Rangæinga að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1 300 000 þús. kr. sem Hitaveita Akureyrar kann að taka á árinu 1987 til að skuldbreyta erlendum lánum.

37. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 3 500 000 þús. kr. af langtímaskuldum Rafmagnsveitna ríkisins vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku enda gefi Rafmagnsveitur ríkisins þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 600 000 þús. kr. og afhendi ríkissjóði tvö skuldabréf útgefin af Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð 990 000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 920 000 þús. kr. af langtímaskuldum Orkubús Vestfjarða vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku enda gefi Orkubú Vestfjarða þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 400 000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 30 000 þús. kr. af langtímaskuldum Rafveitu Siglufjarðar vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi á raforku enda gefi Rafveita Siglufjarðar þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 15 000 þús. kr.

38. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1986.

Jafnframt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að semja við Seðlabanka Íslands fyrir árslok 1986 um skuldbreytingu á umsömdum lánum ríkissjóðs í bankanum.

39. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1987. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1988 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 397. Lög [92. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 335.

Nd. 398. Frumvarp til laga [211. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 226 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.
2. Starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.

3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Forstöðumanna stofnana, sbr. 5. og 6. tölul. 29. gr. laga nr. 38/1954, sem óska að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga og ákveður fjármálaráðherra þeim starfskjör án samninga.
6. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 4.–6. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samninga.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

19. gr. hljóðar svo:
Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. Þeirra sem skipa störf sem talin eru upp í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.
2. Þeirra sem heyra undir lög nr. 56/1972, um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum.
3. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
4. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
5. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
6. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 4. og 5. tölul.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

Ed. 399. Lög [223. mál]

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 340.

Ed. 400. Lög [227. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 243.

Ed. 401. Lög [228. mál]

um Kjaradóm.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 338 (sbr. 244).

Ed. 402. Breytingartillaga [246. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

Frá Karli Steinari Guðnasyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Eiði Guðnasyni og Stefáni Benediktssyni.

Á eftir 5. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi kýs á fyrsta fundi sameinaðs þings eftir samþykkt þessara laga sjö manna nefnd til þess að endurskipuleggja starfsemi Ríkismats sjávarafurða með hliðsjón af breyttu hlutverki þess og með það að markmiði að rekstur verði sem hagkvæmastur og yfirstjórn sem einföldust og ódýrust.

Nefndin skal skila skýrslu um tillögur sínar og framkvæmd þeirra til sjávarútvegsnefnda Alþingis fyrir 1. mars 1987, svo og breytingartillögum við lög um Ríkismat sjávarafurða ef nefndin telur þeirra þörf.

Sþ. 403. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.	
Fyrir „86 687“ kemur	148 892

Sþ. 404. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, Salome Þorkelsdóttur, Ingvari Gíslasyni, Helga Seljan, Eiði Guðnasyni, Páli Péturssyni og Ólafi G. Einarssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 00-201 Alþingi. Nýr liður:	
6.91 Hönnunarkostnaður vegna nýbyggingar Alþingis	12 000

Sþ. 405. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 5.50 Fasteignir.	
Fyrir „15 000“ kemur	25 000
b. Við 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „75 000“ kemur	130 000

Sþ. 406. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. desember 1986 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 19. janúar 1987.

Nd. 407. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.
Guðrún Agnarsdóttir er samþykk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Friðrik Sophusson.
Halldór Blöndal.
Ólafur G. Einarsson.
Svavar Gestsson.
Guðmundur Bjarnason.

Nd. 408. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt í efri deild.

Alþingi, 18. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.
Friðrik Sophusson.
Ólafur G. Einarsson.
Halldór Blöndal.
Guðmundur Bjarnason.

Nd. 409. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður leggur til að frumvarpinu verði hafnað. Frádráttarliður þessi nemur alls 700 millj. kr. í ár. Ekki er skynsamlegt að auka fjárfestingu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og ríkissjóði veitir ekki af þeim tekjum sem niðurfelling heimildarinnar hefði í för með sér.

Alþingi, 18. des. 1986.

Svavar Gestsson.

Nd. 410. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. telur að nauðsyn beri til að grisja frádráttarfrumskóg skattalaganna og eitt fyrsta skrefið ætti að vera að draga úr frádráttarheimild þeirri sem hér um ræðir.

Alþingi, 17. des. 1986.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Nd. 411. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 18. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Ólafur G. Einarsson.

Halldór Blöndal. Guðmundur Bjarnason.

Sþ. 412. Nefndarálit [178. mál]

um till. til þál. um könnun á tannlæknaþjónustu.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og leggur til að hún verði samþykkt.
Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Árni Johnsen og Friðjón Þórðarson.

Alþingi, 18. des. 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr. | Guðrún Helgadóttir.

Jón Kristjánsson. | Stefán Valgeirsson.

Nd. 413. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir hafa borist frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs.
Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. hljóði svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Ólafur G. Einarsson og Friðrik Sophusson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform. | Guðrún Helgadóttir, fundaskr., frsm. | Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur H. Garðarsson. | Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 414. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 18. des. 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform. | Guðrún Helgadóttir, fundaskr., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

Ólafur Þ. Þórðarson. | Guðmundur H. Garðarsson. | Friðrik Sophusson.

Ólafur G. Einarsson.

Nd. 415. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 18. des. 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ólafur G. Einarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 416. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108/1985, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 417. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 18. des. 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ólafur G. Einarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 418. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.	
6.90 Annar stofnkostnaður.	
Fyrir „250“ kemur	1 250
2. Við 4. gr. 02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.	
1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „75 745“ kemur	76 445
3. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Nýir liðir:	
1.04 Rannsóknir í kvennafræðum	1 000
1.05 Fjarkennsla	1 000
1.06 Háskólakennsla á Akureyri	5 000
b. Við 5.50 Fasteignir.	
Fyrir „15 000“ kemur	25 000
4. Við 4. gr. 02-202 Tilraunastöð háskólans á Keldum.	
a. Við 1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma.	
Fyrir „3 638“ kemur	4 638
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „26 394“ kemur	26 829
5. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun háskólans. 6.02 Viðbygging.	
Fyrir „2 300“ kemur	6 300
6. Við 4. gr. 02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „16 209“ kemur	16 809
b. Nýr liður:	
6.01 Tækjabúnaður	2 000
7. Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „50 000“ kemur	60 000
8. Við 4. gr. 02-563 Tónlistarfræðsla.	
1.20 Aðrir tónlistarskólar.	
Fyrir „113 050“ kemur	113 650
9. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt. Nýr liður:	
1.80 Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	5 000
10. Við 4. gr. 02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.	
a. Við 6.90 Stofnkostnaður.	
Fyrir „209 195“ kemur	209 205
b. Við sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.b. (Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar) bætist:	
Garðabær, íþróttahús	5
Reykholtsdalshreppur, íþróttahús	5
11. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð.	
6.31 Framkvæmdir í þjóðgörðum.	
Fyrir „2 650“ kemur	3 650
12. Við 4. gr. 02-984 1.11 Norræna félagið.	
Fyrir „224“ kemur	324

	Þús. kr.
13. Við 4. gr. 02-999 1.96 Útflutnings- og markaðsskólinn.	
Fyrir „1 500“ kemur	2 500
14. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Nýir liðir:	
1.02 Staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda	3 719
1.32 Markaðsmál	2 000
15. Við 4. gr. 03-313 Sendiráð, almennt. 5.90 Viðhaldsfé, óskipt.	
Fyrir „5 000“ kemur	6 200
16. Við 4. gr. 04-201 Búnaðarfélag Íslands. 1.20 Ráðunautar.	
Fyrir „19 634“ kemur	20 434
17. Við 4. gr. 04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.	
a. Nýr liður:	
6.10 Hús bútæknideildar Hvanneyri, nýbygging	1 500
b. Við 6.82 Stóra-Ármót, fjósbygging.	
Fyrir „1 500“ kemur	2 500
c. Við 6.85 Tilraunastöðin Möðruvöllum, fjósbygging.	
Fyrir „500“ kemur	1 500
18. Við 4. gr. Nýr liður:	
04-221 Áburðarverksmiðja ríkisins	120 000
19. Við 4. gr. 04-235 Landgræðsla ríkisins.	
1.20 Almenn landgræðsla.	
Fyrir „5 536“ kemur	11 036
20. Við 4. gr. 04-246 Veiðimálastofnunin. Nýir liðir:	
1.40 Laxeldisstöðin í Kollafirði	1 800
6.40 Laxeldisstöðin í Kollafirði	1 500
21. Við 4. gr. 04-271 Landgræðslusjóður.	
Fyrir „600“ kemur	2 000
22. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 1.18 Skógræktarfélag Íslands.	
Fyrir „830“ kemur	1 030
b. Við 1.22 Ýmis verkefni.	
Fyrir „1 751“ kemur	4 870
23. Við 4. gr. 06-251 Landhelgisgæsla Íslands. Nýr liður:	
1.31 Þyrluvakt lækna	1 700
24. Við 4. gr. 06-253 Almannavarnir ríkisins. 1.01 Almennur rekstur.	
Fyrir „9 167“ kemur	9 417
25. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Nýr liður:	
1.74 Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	1 000
26. Við 4. gr. 07-750 Greiningarstöð ríkisins.	
Fyrir „18 014“ kemur	18 614
27. Við 4. gr. 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	
Fyrir „100 000“ kemur	130 000
28. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Nýr liður:	
1.28 Öryggisfræðsla sjómanna, námskeið	8 000
b. Við 1.90 Ýmis framlög.	
Fyrir „1 500“ kemur	1 800
29. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.	
a. Við 1.10 Legudeildir, sæfinga- og gjörgæsludeild.	
Fyrir „1 182 701“ kemur	1 240 801

b. Við 1.20 Geðdeild. Þús. kr.
Fyrir „429 558“ kemur 436 558
c. Við 1.30 Stofnanir öryrkja og þroskaheftra.
Fyrir „137 814“ kemur 144 814
d. Við 1.40 Stoðdeildir, rannsóknastofur.
Fyrir „342 306“ kemur 359 306
e. Við 1.50 Þjónustudeildir.
Fyrir „564 460“ kemur 608 560
f. Við 6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður.
Fyrir „57 000“ kemur 73 000

30. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Nýir liðir:
6.92 Skjól, byggingarstyrkur 4 500
6.93 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði, röntgentæki 1 500

31. Við 4. gr. 08-384 Borgarspítalinn í Reykjavík. 1.01 Almennur rekstur.
Fyrir „1 297 251“ kemur 1 319 251

32. Við 4. gr. 08-387 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.
6.01 Nýbygging og tækjabúnaður.
Fyrir „18 000“ kemur 28 000

33. Við 4. gr. 08-399 1.53 Reykingavarnir. Liðurinn orðist svo:
Tóbaksvarnir 4 000

34. Við 4. gr. 08-481 1.10 Áfengisvarnir.
Fyrir „3 457“ kemur 3 737

35. Við 4. gr. 08-501 1.10 Sjúkraliðaskóli Íslands.
Fyrir „5 852“ kemur 6 102

36. Við 4. gr. 09-381 Uppbætur á lífeyri.
Fyrir „578 588“ kemur 580 992

37. Við 4. gr.
a. Nýr liður:
10-102 Póst- og símamálastofnunin 110 000
b. Suðurliðun fjárfestinga Póst- og símamálastofnunar komi í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunarinnar (30-101 18).

I. Almenn fjárfesting.

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1 Stafrænar símstöðvar	46 000	
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1 Í bæjum og kauptúnum	102 000	
3. Langlínusambönd:		
3.1 Jarðsímaleiðir	40 000	
3.2 Fjölsímaleiðir	62 000	
3.3 Radíóleiðir	24 000	
4. Radíósendistöðvar	8 000	
5. Sjálfvirk farsímakerfi	49 000	
6. Bifreiðar og vélar	20 000	
7. Fasteignir	77 000	
8. Þráðlaus kallkerfi	1 000	
9. Stafræn utanlandssímstöð	33 000	
		462 000

II. Fjárfesting 1987, sundurliðun:

Almenn fjárfesting.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.	Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1	Stafrænar símstöðvar:		
	a. Reykjavík	10 000	
	b. Múli	10 000	
	c. Borgarnes	23 000	
	d. Hvanneyri	2 000	
	e. Hreðavatn	1 000	
			46 000
2.	Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1	Í bæjum og kauptúnum:		
	a. Reykjavíkursvæði	35 000	
	b. Umdæmi I	22 000	
	c. Umdæmi II	6 000	
	d. Umdæmi III	16 000	
	e. Umdæmi IV	6 000	
	f. Ljósleiðarakerfi í Reykjavík	17 000	
			102 000
3.	Langlínusambönd:		
3.1	Jarðsímaleiðir:		
	a. Fyrsti hluti norðurleiðar		40 000
3.2	Fjölsímaleiðir:		
	a. Stafræn fjölsímakerfi:		
	a.1 Fyrsti hluti norðurleiðar	11 000	
	a.2 Stafrænt samband við útlönd	5 000	
	b. Stafrænir fjölsímar:		
	b.1 30 rásir í 2 Mbit	17 000	
	b.2 Stafrænir notendafjölsímar	10 000	
	b.3 Stafrænn búnaður vegna einkasímstöðva	7 000	
	b.4 Ýmis búnaður	5 000	
	b.5 2 Mbit leið á FDM-örbylgju	5 000	
	c. Annað	2 000	
			62 000
3.3	Radíóleiðir:		
	a. Stafræn kerfi	11 000	
	b. Hliðræn kerfi:		
	b.1 1–4 rása leiðir	11 000	
	b.2 Lykilbúnaður fyrir 30 rásir	2 000	
			24 000
4.	Radíósendistöðvar:		
	a. Gufunesradíó og aðrar stöðvar	8 000	
			8 000
5.	Sjálfvirkt farsímakerfi:		
	a. Sjálfvirk símstöð	10 000	
	b. Radíómóðurstöðvar:		
	b.1 Móðurstöðvar	30 000	
	b.2 Möstur, loftnet	4 000	
	b.3 Hús, rafmagn	5 000	
			49 000
6.	Bifreiðar og vélar		20 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
7.	Fasteignir:		
	a. Jörfi, Reykjavík	11 500	
	b. R-5, Reykjavík	28 800	
	c. Keflavík/Njarðvík	15 000	
	d. Blönduós	4 700	
	e. Egilsstaðir (birgðahús)	2 300	
	f. Tækjahús	1 900	
	g. Kringlan, Reykjavík	12 800	
			77 000
8.	Þráðlaust kallkerfi		1 000
9.	Stafræn utanlandssímstöð		33 000
			462 000

38. Við 4. gr. 10-331 Vita- og hafnamálastofnun. Nýr liður:
6.10 Straumfræðistöð 3 000

39. Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun. Nýr liður:
1.10 Sérverkefni tengt fiskeldi 10 000

40. Við 4. gr. 11-399 1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun.
Fyrir „145 000“ kemur 230 000

41. Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 1.01 Yfirstjórn.
Fyrir „27 502“ kemur 27 118
b. Við 1.30 Samstarfsráðherra Norðurlanda.
Liðurinn falli brott.

42. Við 4. gr. 12-910 Útflutningsráð Íslands.
Fyrir „5 000“ kemur 10 000

43. Við bætist sundurliðun á fjárfestingum Rafmagnsveitna ríkisins í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31-321 18).

Stofnlínur:		
Vogaskeið–Grundarfjörður	15 100	
Laxá–Kópasker	28 600	
Athuganir, endurbætur o.fl.	2 000	
		45 700
Aðveitustöðvar:		
Grundarfjörður	15 730	
Vogaskeið	15 500	
Kópasker	8 720	
Þórshöfn (Brúsland)	11 050	
Fáskrúðsfjörður	9 900	
Raflínusími og fjargæsla	5 200	
Athuganir o.fl.	300	
		66 400
Geymsluhús o.fl.		9 900
Innanbæjarkerfi		35 000
Vélar og tæki		18 000
		175 000

Sþ. **419. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B-HLUTI

Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

Árið 1987 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	14 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	46 130	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	404 460	
5,8	Gjöld samtals	465 390	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	571 470	
48	Fjármunatekjur	6 420	
4,7	Tekjur samtals	577 890	
	Mismunur		112 500
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	22 500	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands	90 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	112 500	
22–202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	23 020	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	38 080	
571	Fjármagnskostnaður	50	
51–57	Viðhald	1 170	
593	Afskriftir	210	
5,8	Gjöld samtals	69 330	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	82 320	
48	Fjármunatekjur	840	
4,7	Tekjur samtals	83 160	
	Mismunur		13 830

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	8 960	
32	Annað	5 080	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	210	
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 830	
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	20 910	
52–57	Önnur rekstrargjöld	22 610	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	51 550	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51–57	Viðhald	2 930	
593	Afskriftir	5 040	
5,8	Gjöld samtals	104 040	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	102 200	
48	Fjármunatekjur	1 500	
49	Aðrar tekjur	120	
4,7	Tekjur samtals	103 820	
	Mismunur		−220
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	4 820	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 040	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−220	
Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Ríkismati sjávarafurða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, sjávarútvegsráðuneytinu, Félagi fiskmatsmanna og Félagi starfsmanna Ríkismats sjávarafurða. Fulltrúar Sjómannasambands Íslands gátu ekki mætt á fundi nefndarinnar vegna anna.

Eftir að hafa rætt frumvarpið og skipst á skoðunum við fyrrtalda aðila mælir meiri hl. með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 18. des. 1986.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Björn Dagbjartsson, fundaskr.	Árni Johnsen, með fyrirvara.
Kolbrún Jónsdóttir.	Karl Steinar Guðnason.	Jón Kristjánsson.

Ed. 432. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðna Björk Bjarkadóttur, formann fangavarðafélagsins, og Indriða H. Þorlákssson frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Egill Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Valdimar Indriðason.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 433. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 434. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið var lagt fram í neðri deild 10. þ.m. Það fékk frekar litla athugun í sjávarútvegsnefnd þeirrar deildar. Það gafst m.a. ekki tími til að ræða við fulltrúa frá sjómannasamtökunum. Á þriðja tímanum nýliðna nótt var svo málinu vísað til sjávarútvegsnefndar þessarar deildar eftir umræður í deildinni þar sem fram kom hjá flestum þeim er til máls tóku um frv. að þeir mundu geyma sér aðalumfjöllun um frv. til 2. umr.

Undirritaður bar upp þá ósk við sjávarútvegsráðherra að hann félli frá því að fá frv. samþykkt fyrir jólafrí þingmanna og tíminn þar til þing kemur saman aftur yrði notaður til að gera grein fyrir því hvað við ætti að taka í sambandi við gæðaeftirlit á ferskfiski og mat. Ráðherra gaf ekki kost á slíku.

Nefndarfundur var boðaður í sjávarútvegsnefnd kl. 10 í morgun. Á þeim fundi kom berlega í ljós hjá viðmælendum nefndarinnar sem flestir voru meðmæltir þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir að enginn af þeim hafði ákveðnar skoðanir um það hvaða áhrif niðurfelling ferskfiskmatsins á vegum Ríkismatsins mundi hafa. Spurningunni um hver áhrif slíks yrðu og hvernig þeim yrði mætt var aðeins svarað með því „að þetta yrði allt í lagi".

Undirritaður telur að meðferð þessa máls sé með eindæmum frá hendi sjávarútvegsráðherra. Ráðherra var þegar í upphafi þings búinn að ákveða að hafa þann hátt á er frv. gerir ráð fyrir og þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram á fyrsta degi þingsins var gert ráð fyrir breytingu á rekstrarkostnaði Ríkismats sjávarafurða þar að lútandi. Þrátt fyrir þessa staðreynd er frv. lagt fram á síðustu starfsdögum þingsins fyrir jól og til þess ætlast að það verði að lögum og taki gildi 1. janúar n.k. Hér er um svo mikilsvert mál að ræða að undirritaður telur fráleitt að ætla þinginu ekki lengri tíma til að fjalla um það. Minni hl. mótmælir því að ráðherra beiti slíkum vinnubrögðum gagnvart Alþingi.

Minni hl. er samþykkur því að ferskfiskmat Ríkismats sjávarafurða hefur verið misheppnað. Þar er breytinga þörf. Vel má vera að sú leið, sem lagt er til að farin verði skv. frv., að gæðamat á ferskum fiski verði í höndum kaupenda og seljenda, sé mikið framfaraspor til að fá betri fisk og verðmætari en verið hefur. Það hlýtur að vera markmiðið. Minni hl. gæti verið tilbúinn að samþykkja það. En skoðun hans er sú að til þess að slík breyting skili árangri sé nauðsynlegt að undirbúa þá breytingu og til þess þarf tíma.

Minni hl. mun því ekki samþykkja þetta frv. nema breytt verði gildistöku þess og lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júní 1987 í stað 1. janúar. Um það flytur minni hl. breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1986.

Skúli Alexandersson.

Ed. 435. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Við 1. gr. 2. tölul. orðist svo: 2. tölul. B-liðs 1. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „824 400“ í 4. og 5. málsl. komi: 734 400.
   b. Í stað „38,5%“ í 5. málsl. komi: 43,5%.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. 1.–3. tölul. 5. gr. laga nr. 121/1984:
   1. Í stað „7500 kr.“ og „11 250 kr.“ í 2. málsl. komi: 15 500 kr. og 23 200 kr.
   2. Í stað „15 000 kr.“ í 3. málsl. komi: 31 000 kr.
   3. Í stað „7500 kr.“ í 4. málsl. komi: 15 500 kr.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað „25 250“ í 2. mgr. nýrrar greinar komi: 31 000.
   b. Í stað „865 714“ og „704 964“ í 3. mgr. komi: 946 620 og 785 910.
   c. Í stað „2 589 084“ og „3 111 834“ í 4. mgr. komi: 2 818 250 og 3 341 000.

Sþ. 436. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

Við 4. gr. 08-501 1.10 Sjúkraliðaskóli Íslands.	Þús. kr.
Fyrir „5 852“ kemur	7 000

Ed. 437. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið. Meiri hl. er samþykkur áliti meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar og vísar til þess. Þar sem málið er margrætt þykir ástæðulaust að leggja fram ítarlegt nefndarálit. Meiri hl. leggur því til að málið verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 18. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Egill Jónsson. Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 438. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um listamannalaun, nr. 29 29. apríl 1967.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1986.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Árni Johnsen.
Eiður Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.

Ragnar Arnalds.

Ed. 439. Breytingartillaga [246. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Við 5. gr. Í stað „1. janúar 1987“ komi: 1. júní 1987.

Ed. 440. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Tekjuskattslög þarfnast breytinga í grundvallaratriðum. Tryggja þarf að rekstraraðilar greiði tekjuskatt með eðlilegum hætti og standi þannig undir sanngjörnum hluta af sameiginlegum útgjöldum landsmanna. Frádráttarliðum ber að fækka bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum og koma á staðgreiðslukerfi.

Í þessu sambandi vísar 2. minni hl. til ítarlegrar stefnumörkunar sem fram kom í þingsályktunartillögu um skattamál sem undirritaður flutti s.l. vetur fyrir hönd Alþýðubandalagsmanna.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því einu að lækka tekjuskatt um 300 millj. kr. eftir að stjórnarflokkarnir hafa áður gert hvort tveggja: að hækka tekjuskattinn um 600 millj. kr. í sumar og skerða lögbundnar tekjur sveitarfélaga um 300 millj. kr. nú við afgreiðslu fjárlaga. Hið seinna mun sennilega valda hækkun fasteignaskatta og útsvara hjá sveitarfélögum um svipaða upphæð og er þá útkoman orðin heldur dapurleg fyrir skattgreiðendur.

Annar minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2.–3. tölul. falli brott.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
   31. gr. laganna breytist þannig:
   a. 3. tölul. orðist svo: Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1987, um allt að 3% á árinu 1988, um allt að 2% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990 en þá falli heimildir samkvæmt þessari málsgrein niður.
   b. 4. tölul. orðist svo: Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 8% 1987, 6% 1988, 4% 1989 og 2% 1990 en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð, sem fæst skv. fyrri málsl., má draga frá skattskyldum tekjum.
   c. 11. tölul. (um tillög í fjárfestingarsjóð) falli niður.
   d. Í stað 11. tölul. komi nýr tölul. er orðist svo: Heimilt er framleiðslufyrirtæki að draga frá hagnaði annað hvert ár allt að 5% vegna rannsóknar-, þróunar- og markaðsstarfs á vegum fyrirtækisins. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.
3. Við bætist ný grein sem verði 3. gr. og orðist svo:
   Tölur í 38. gr. laganna breytast sem hér segir:
   a. 1. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
   b. 2. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
   c. 3. tölul. Í stað „15%“ komi: 12%.
   d. 4. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
   e. 7. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
4. Við bætist ný grein sem verði 5. gr. og orðist svo:
   Við 52. gr. laganna bætast nýir tölul. sem orðast svo:
   4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa árlega út reglur um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
   5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.
5. Við bætist ný grein sem verði 6. gr. og orðist svo:
   54. gr. til og með 55. gr. B í lögunum falli brott.
6. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „34 705“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985 og 4. gr. laga nr. 3/1986, komi: 64 000.
7. Við bætist ný grein sem verði 11. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna orðist svo:
   Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1987, 3% 1988, 2% 1989 og 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem til er stofnað vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því til þeirra var stofnað.

Alþingi, 18. des. 1986.

Ragnar Arnalds.

Nd. 441. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Svavari Gestssyni.

1. 18. gr. falli niður.
2. 26. gr. falli niður.

Nd. 442. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður leggur til að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði tvöfaldaður. Þá minnir undirritaður á að húsnæðisgjald rennur skv. frumvarpi þessu í ríkissjóð og er það andstætt samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu vorið 1984.

Alþingi, 18. des. 1986.

Svavar Gestsson.

Nd. 443. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til l. um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.

Frá Svavari Gestssyni.

Við 6. gr. Í stað „1,1%“ komi: 2,2%.

Sþ. 444. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 10-321 1.20 Flóabátar og vöruflutningar.	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Fyrir „73 300“ kemur		74 010
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar og vöruflutningar (10 321 1.20).		
a. Flutningar á landi:		
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	80	
2. Til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi	80	
3. Til vetrarflutninga Dalahéraði	160	
4. Snjóbifreið í A-Barðastrandarsýslu	45	

		Þús. kr.
5.	Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	172
6.	Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	80
7.	Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi	60
8.	Til vetrarflutninga í Suðurfjarðahreppi	60
9.	Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	75
10.	Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	126
11.	Snjóbifreið í Önundarfirði	115
12.	Snjóbifreið um Botnsheiði	98
	Stofnstyrkur	500
13.	Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	425
14.	Til vetrarflutninga í Álftafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu	75
15.	Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	45
16.	Til vetrarflutninga í Reykjafjarðarhreppi	45
17.	Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	45
18.	Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	45
19.	Til vöruflutninga í Árneshreppi	290
20.	Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	144
	Stofnstyrkur	500
21.	Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi	45
22.	Snjóbifreið á Hólmavík	50
23.	Fellshreppur	45
24.	Óspakseyrarhreppur	45
25.	Skefilsstaðahreppur	75
26.	Snjóbifreið í Skagafirði	95
27.	Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppi	75
28.	Til vetrarsamgangna, Siglufjörður–Sauðárkrókur	250
29.	Til vetrarflutninga í Ólafsfirði	75
	Stofnstyrkur	500
30.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	30
31.	Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	80
32.	Snjóbifreiðar á Akureyri	60
33.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	43
34.	Snjóbifreið í Hálshr., S-Þingeyjarsýslu	47
35.	Norðausturleið, Vopnafjörður–Húsavík	630
36.	Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	230
37.	Snjóbifreið Öxarfjörður–Kópasker	73
38.	Snjóbifreið á Þórshöfn	63
39.	Til vetrarflutninga á Bakkafirði	127
40.	Til vetrarflutninga á Vopnafirði	127
41.	Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra	144
42.	Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi	45
43.	Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	44
44.	Til vetrarsamgangna á Jökuldal	73
	Stofnstyrkur	150

	Þús. kr.	Þús. kr.
45. Til vetrarflutninga í Möðrudal	92	
Stofnstyrkur	104	
46. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	40	
47. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	506	
48. Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	600	
Stofnstyrkur	575	
49. Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaðaflugvöllur	83	
50. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	127	
51. Til vetrarfl. Djúpivogur–Hornafjörður	175	
Stofnstyrkur	150	
52. Svínafell í Nesjum	47	
53. Til vöruflutninga á Suðurlandi	450	
54. Óráðstafað	1 200	
		10 635
b. Flóabátar:		
1. Akraborg	11 500	
2. Baldur	10 235	
Stofnstyrkur	1 500	
3. Hnúknesbátur	60	
4. Mýrabátur	15	
5. Fagranes	10 100	
6. Dýrafjarðarbátur	100	
Stofnstyrkur	50	
7. Hríseyjarferja	1 880	
Stofnstyrkur	1 200	
8. Mjóafjarðarbátur	1 725	
9. Herjólfur	19 350	
10. Eyjafjörður, Grímsey	5 660	
		63 375
		74 010

Sþ. 445. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau, sem Alþingi hafa, borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum svo sem Faxaflóa, Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og til Vestmannaeyja, til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar.

Þó að reglurnar hafa verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum

samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri samgönguráðuneytisins, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ.e. flutninga á sjó og í lofti. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir aðilar, sem styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir. Þó er í nokkrum tilfellum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgönguráðuneytinu fyrir yfirstandandi ár.

Akraborg.

Rekstraraðili Akraborgar, Skallagrímur hf., sækir um 12,5 millj. kr. rekstrarstyrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 10 millj. kr. og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann. Á árinu 1985 var halli á rekstri fyrirtækisins fjórða árið í röð og nam hann 9,2 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins neikvætt um rúma 51 millj. kr. Á árinu batnaði veltufjárstaða fyrirtækisins um 6 millj. en tvö ár þar á undan versnaði veltufjárstaðan. Skammtímaskuldir fyrirtækisins námu 48,2 millj. kr. um síðustu áramót 1985–86 og höfðu þær minnkað á árinu um rúmar 3,8 millj. kr. sem er töluverður bati frá árinu áður þegar þær jukust um 20 millj. kr.

Í lok september á þessu ári var halli á rekstrinum 7,3 millj. kr. eftir að búið var að taka tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Skammtímaskuldir námu þá 53,4 millj. kr., þar af Ríkisábyrgðasjóður vegna vanskila 39,8 millj. kr. Langtímaskuldir voru í lok september 113,1 millj. kr. og skuldir alls því 166,5 millj. kr. Veltufjárstaða fyrirtækisins er um 800 þús. kr. verri í septemberlok en hún var um síðustu áramót eða neikvæð um 42,6 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisábyrgðasjóði eru skuldir fyrirtækisins við hann sem hér segir:

Áætluð heildarskuld um næstu áramót	76.0 millj. kr.
Vanskil nú	44.4 millj. kr.
Áætlaðar afborganir og vextir á næsta ári	20.5 millj. kr.

Nefndin fjallaði um þessa stöðu og kom fram að réttast væri að ríkið yfirtæki að verulegu leyti þær skuldir sem hvíla á Akraborg en fyrirtækið fengi ekki rekstrarstyrk eftir það. Ég hygg að sú leið væri skynsamlegust vegna þess að það er sýnilegt að rekstur Akraborgar getur aldrei greitt þessar skuldir niður hvort sem er.

Baldur.

Í greinargerð rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans fyrstu tíu mánuði þessa árs segir m.a. að áætlunarferðir Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey hafi orðið samtals 134. Báturinn flutti í þessum ferðum 5473 farþega og 1071 bifreið. Til samanburðar má geta þess að í 139 ferðum bátsins fyrstu tíu mánuði ársins 1985 flutti hann 6658 farþega og 100 bifreiðar. Auk viðkomu í Flatey var sem áður komið við í Skáleyjum, Hvallátrum og Svefneyjum. Í sumaráætlun bátsins fór hann allt að sex ferðir í viku yfir Breiðafjörð en á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl eru farnar að jafnaði tvær ferðir í viku.

Eins og á árinu 1985 voru engar fastar áætlunarferðir farnar milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna á þessu ári en hins vegar voru farnar leiguferðir, m.a. með áburð, og

aðrar ferðir sem arðbærar þóttu. Um áburðarflutninga bátsins segir m.a. í starfsreksturs-skýrslu fyrirtækisins:

„Á síðustu tveimur árum hefur verið aukning á áburðarflutningum en á þessu ári varð nokkur samdráttur eins og reiknað var með í áætlun frá í fyrra. Á næsta ári má búast við samdrætti af völdum minnkandi notkunar á áburði og vegna skipulagsbreytinga á flutn-ingum hjá framleiðanda. Aukning í saltflutningum varð til að bæta alveg upp samdráttinn í áburðarflutningum en talið er varhugavert að reikna með jafnmiklum saltflutningum á næsta ári."

Forsvarsmenn fyrirtækisins gefa sér þær forsendur að gjöld útgerðarinnar hækki að meðaltali um 15% frá útgjaldatölum ársins í ár og að tekjur hækki um 8%. Ef sömu verðlagsforsendur eru notaðar tekna- og gjaldamegin og notuð breytingin 10% minnkar þörfin fyrir ríkisframlag um 900 þús. kr. Hlutfall ríkisframlags verður þá um 75% eða svipað og það verður í ár.

Með bréfi til fjármálaráðuneytisins frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun dags. 17. sept. 1986 tilkynnir samgönguráðuneytið að ákveðið hafi verið að hefja á næsta ári smíði nýrrar Breiðafjarðarferju og yrðu til þeirra framkvæmda veittar nauðsynlegar heimildir á lánsfjárlögum 1987. Áætlað er að ljúka við hönnun ferjunnar á yfirstandandi ári og fullgera útboðsgögn. Reiknað er með að verkið verði boðið út í byrjun næsta árs.

Sótt var um rúmlega 12 millj. kr. styrk á þessu ári.

Fagranes.

Eins og á undanförnum árum fylgir umsókn rekstraraðila bátsins greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár.

Í bréfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins til samvinnunefndar samgöngumála dags. 13. nóv. s.l. er tekið fram að við gerð rekstraráætlunar fyrir yfirstandandi ár var tekið mið af þeim upplýsingum og spám sem fram komu á fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga sem gerði ráð fyrir allt að 20–35% hækkun rekstraraðila að meðaltali um 32% hækkun. Í reynd varð hækkun gjaldaliða um 25%. Til samanburðar er talið að hækkun byggingarvísi-tölu sé um 28% og launa um 33%.

Í tekjuáætlun bátsins fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir 35% aukningu tekna en hún var 23% þrátt fyrir óbreyttan taxta. Fyrstu tíu mánuði þessa árs urðu heildargjöld bátsins 9,7 millj. kr. en tekjur 2,8 millj. kr. eða um 29% af útgjöldum.

Áætlun fyrirtækisins er í hefðbundnum stíl. Framkvæmdastjóri bátsins gerir ráð fyrir 10% meðaltalshækkun gjaldaliða milli áranna 1986 og 1987 og gerir ráð fyrir 25% aukningu tekna þar af vegna taxtahækkana 11%.

Hríseyjarferja.

Með bréfi sveitarstjóra Hríseyjarhrepps til samvinnunefndar samgöngumála fylgir greinargott yfirlit um rekstur ferjunnar fyrstu tíu mánuði þessa árs. Þar kemur fram að tekjur ferjunnar námu 4,6 millj. kr. en rekstraraðili gerir ráð fyrir að þær verði í árslok um 300 þús. kr. lægri en ráð var fyrir gert. Ástæður þessa eru minni hækkanir á flutningstöxtum en áætlað var og fargjaldahækkanir sem ráðgerðar voru fyrr á árinu náðu ekki fram að ganga.

Gjöld fyrirtækisins voru 5,9 millj. kr. á þessu tímabili, þar af sameiginlegur kostnaður og stjórn 4 millj. kr. og rekstrarkostnaður skips og vélar 1,9 millj. kr.

Ýmis öryggistæki voru keypt á árinu eins og Markúsarnet og farsími sem ekki voru á áætlun.

Til rekstrar á næsta ári sækir Hríseyjarhreppur um 1,9 millj. kr. styrk. Hríseyjarhreppur sækir enn fremur um 1,2 millj. kr. í stofnstyrk til lengingar ferjunnar á næsta ári.

Mjóafjarðarbátur.

Sótt er um styrk vegna áætlunarferða milli Mjóafjarðar, Dalatanga og Neskaupstaðar. Fyrirkomulag ferðanna er með sama sniði og áður. Farnar eru tvær ferðir í viku frá Mjóafirði til Neskaupstaðar með viðdvöl þar og fara 10–12 klst. í hverja ferð. Þá er farið að Dalatanga jafnoft. Farið er á milli Dalatanga og Mjóafjarðar á landi á sumrin og þegar því verður við komið á veturna.

Vegna áætlunarferðanna til Dalatanga hefur reynst nauðsynlegt að hafa yfir að ráða snjósleða og Subaru-bifreið og einnig gúmmíbát því að þegar landleiðin er ófær er farið á bátnum næsta dag og tekið land í gúmmíbátnum. Eru þær ferðir tímafrekar og bindandi þar sem oft þarf að bíða færis vegna erfiðra lendingarskilyrða á Dalatanga og hefur það í för með sér allmikinn aukakostnað og tímatap. Þá eru farnar allmargar aukaferðir.

Þessi bátur er að sögn heimamanna eini möguleikinn til þess að hafa samband við Neskaupstað þar sem öll verslunarviðskipti fyrir þennan hrepp fara fram.

Herjólfur.

Heildarútgjöld ársins 1985 urðu 90 millj. kr. og rekstrartekjur 58,8 millj. kr. Halli varð því á starfsemi fyrirtækisins sem nam 31,2 millj. kr. en árið 1984 22,7 millj. kr. Upp í þennan halla fékk fyrirtækið ríkisstyrk að fjárhæð 12,5 millj. kr., þannig að tapið fyrir fjármagnsliði var 18,7 millj. kr. á móti 12,8 millj. kr. árið 1984.

Að teknu tilliti til breytinga fjármagnsliða eru 6,9 millj. kr. óráðstafað til næsta árs.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 1986 er gert ráð fyrir að útgjöld fyrirtækisins verði 84 millj. kr. og eru afskriftir ekki meðtaldar. Reiknað er með því að tekjur verði 71,4 millj. kr. og tap því án ríkisframlags og afskrifta 12,6 millj. kr.

Samkvæmt bréfi fyrirtækisins til nefndarinnar er áætlun þessi fyrir næsta ár sett fram í samræmi við forsendur fjárlaga. Gjöld hafa í heild hækkað um 15%, úr 84 millj. í 96,4 millj. kr. Gert er ráð fyrir að tekjur verði 7% hærri en á árinu 1986.

Miðað við þessar forsendur verður hallinn á rekstri Herjólfs 19,9 millj. kr. á næsta ári án afskrifta. Ef tekjur yrðu hækkaðar um 15% yrði halli fyrirtækisins án afskrifta 14 millj. kr.

Flutningar til Grímseyjar.

Um síðustu áramót hætti Drangur ferðum sínum um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Það ár varð mikill halli á skipinu þrátt fyrir verulegan styrk. Það var sýnilegt að ekki var hægt að halda slíkum rekstri áfram.

Á yfirstandandi ári verður kostnaður við þessa flutninga 4 455 000 kr. sem er ekki nema ¼ af því sem hefði þurft að vera ef Drangur hefði fengið þann styrk sem hann hefði þurft til þess að halda uppi þessum áætlunarferðum.

Samið var við Flugfélag Norðurlands um að flytja þungavöru til Grímseyjar og enn fremur hefur Skipaútgerð ríkisins flutt fisk frá eynni. Þrátt fyrir mjög slæm lendingarskilyrði hefur þetta gengið allvel en þó hafa strandferðaskipin komið nokkuð oft að eynni án þess að geta lagst þar að bryggju. Er því mjög brýnt að úr hafnaraðstæðum verði bætt. Með því að gera höfnina þannig úr garði að strandferðaskipin geti lagst þar að bryggju í flestum veðrum og miðað við að Flugfélag Norðurlands haldi uppi svipaðri þjónustu og s.l. ár má ætla að sæmilega vel verði séð fyrir samgöngum við Grímsey og það með ódýrari hætti en áður var.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að þessir flutningar muni kosta 5 660 000 kr.

Í liðnum nr. 53, óráðstafað, er 1 200 000 kr. Það er gert til þess að stöðvist landflutningar til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar eins og gerðist nú í vetur er búið að semja við Flugfélag Norðurlands um að taka að sér slíka flutninga og verður það greitt eftir reikningi sem um hefur verið rætt að skrifstofustjóri samgönguráðuneytisins, Halldór Kristjánsson, annist en slíkir reikningar yrðu líka bornir undir formenn samgöngunefnda beggja deilda Alþingis.

Enn fremur er áætlað að ef til kæmi að flytja þyrfti vörur á aðra staði á landinu með flugvélum í neyðartilvikum þá sé hægt að taka það af þessum lið.

Málefni annara báta verða ekki rakin hér enda er þar um smáar upphæðir að ræða. Þeir eru Dýrafjarðarbátur, Hnúknesbátur og Mýrabátur.

Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingu til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Samvinnunefnd samgöngumála leggur til að á fjárlögum 1987 verði veittar samtals 74 010 000 kr., sem lagt er til á sérstöku þskj., í staðinn fyrir 73 300 000 á þessu ári, eða einungis 710 þús. kr. meira en á yfirstandandi ári.

Rétt er að geta þess að stofnstyrkur til Drangs, sem er í ár 10 millj. kr., fellur niður.

Alþingi, 18. des. 1986.

Stefán Valgeirsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Egill Jónsson, form. Ed.-nefndar.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Kristjánsson.	Eggert Haukdal.
Skúli Alexandersson.	Friðjón Þórðarson.	Kolbrún Jónsdóttir.
Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.	Stefán Guðmundsson.
Halldór Blöndal.		Karvel Pálmason.

Nd. 446. Lög [211. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 398 (sbr. 226).

Nd. 447. Lög [87. mál]

um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 87.

Nd. 448. Lög [116. mál]

um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 119.

Nd. 449. Lög [207. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979, lög nr. 44 11. maí 1982, lög nr. 55 30. maí 1984 og lög nr. 52 7. maí 1986, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 222.

Nd. 450. Lög [153. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 163.

Nd. 451. Frumvarp til laga [14. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 18 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framangreindum launum með hverju barni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Nd. 452. Lög [258. mál]

um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 333.

Nd. **453. Lög** [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 336.

Nd. **454. Lög** [254. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 373.

Nd. **455. Lög** [253. mál]

um breyting á lögum nr. 108/1985, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 306.

Nd. **456. Lög** [251. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 372.

Ed. **457. Lög** [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 353.

Sþ. 458. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 4. gr. Í stað fjárlagaliðanna 08–350 Málefni fatlaðra, 08–384 Borgarspítalinn í Reykjavík, 08–386 St. Jósefsspítali, Landakoti, 08–387 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri og 08–388 Ýmis sjúkrahús komi 18 nýir liðir:

08–340 Málefni fatlaðra

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 386
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	5 718	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	3 618	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	5 382	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	875	
1 60	Gigtlækningarstöð Gigtarfélags Íslands	2 334	
1 70	MS-félag Íslands	292	
1 90	Önnur starfsemi	1 167	
	Gjöld samtals		19 386
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 386	
	Gjöld samtals		**19 386**

08–350 Sjúkrahúsið Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			200 876
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	200 876	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 01	Viðhald húsnæðis	3 000	
	Gjöld samtals		203 876

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 697	
52–58	Önnur gjöld	70 179	
5	Gjöld samtals	203 876	
4	Sértekjur	17 249	
	Mismunur		**186 627**

08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 655
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	33 655	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 01	Viðhald húsnæðis	3 000	
	Gjöld samtals		36 655
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 902	
52–58	Önnur gjöld	16 753	
5	Gjöld samtals	36 655	
4	Sértekjur	944	
	Mismunur		**35 711**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 359
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	67 359	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald húsnæðis	1 500	
	Gjöld samtals		68 859
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 620	
52–58	Önnur gjöld	22 239	
5	Gjöld samtals	68 859	
4	Sértekjur	6 110	
	Mismunur		**62 749**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		58 970
1 01 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	58 970	
Viðhaldsverkefni:		1 000
5 01 Viðhald húsnæðis	1 000	
Gjöld samtals		59 970
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	41 623	
52–58 Önnur gjöld	18 347	
5 Gjöld samtals	59 970	
4 Sértekjur	3 151	
Mismunur		**56 819**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		121 477
1 01 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	121 477	
Gjöld samtals		121 477
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	84 994	
52–58 Önnur gjöld	36 483	
5 Gjöld samtals	121 477	
4 Sértekjur	4 803	
Mismunur		**116 674**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		59 576
1 01 Sjúkrahúsið Siglufirði	59 576	
Gjöld samtals		59 576
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	40 267	
52–58 Önnur gjöld	19 309	
5 Gjöld samtals	59 576	
4 Sértekjur	2 596	
Mismunur		**56 980**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		492 436
1 01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	492 436	
Viðhaldsverkefni:		6 000
5 01 Viðhald húsnæðis	6 000	
Stofnkostnaður:		28 000
6 01 Ýmis eignakaup	8 000	
6 50 Nýbygging	20 000	
Gjöld samtals		526 436
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	326 912	
52–58 Önnur gjöld	199 524	
5 Gjöld samtals	526 436	
4 Sértekjur	39 170	
Mismunur		**487 266**

08–359 Sjúkrahúsið Húsavík		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		109 505
1 01 Sjúkrahúsið Húsavík	109 505	
Viðhaldsverkefni:		1 000
5 01 Viðhald húsnæðis	1 000	
Gjöld samtals		110 505
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	75 359	
52–58 Önnur gjöld	35 146	
5 Gjöld samtals	110 505	
4 Sértekjur	9 912	
Mismunur		**100 593**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		33 464
1 01 Sjúkrahúsið Seyðisfirði	33 464	
Gjöld samtals		33 464

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 693	
52–58	Önnur gjöld	12 771	
5	Gjöld samtals	33 464	
4	Sértekjur	1 212	
	Mismunur		**32 252**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 230
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	77 230	
	Gjöld samtals		77 230
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 022	
52–58	Önnur gjöld	27 208	
5	Gjöld samtals	77 230	
4	Sértekjur	2 628	
	Mismunur		**74 602**

08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 333
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	44 333	
	Gjöld samtals		44 333
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 994	
52–58	Önnur gjöld	13 339	
5	Gjöld samtals	44 333	
4	Sértekjur	767	
	Mismunur		**43 566**

08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 165
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	106 165	
	Gjöld samtals		106 165

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 537	
52–58	Önnur gjöld	33 628	
5	Gjöld samtals	106 165	
4	Sértekjur	9 757	
	Mismunur		**96 408**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 818
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	91 818	
	Gjöld samtals		91 818
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 823	
52–58	Önnur gjöld	32 995	
5	Gjöld samtals	91 818	
4	Sértekjur	8 927	
	Mismunur		**82 891**

08–367 Sjúkrahúsið Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 885
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	86 885	
	Gjöld samtals		86 885
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 870	
52–58	Önnur gjöld	29 015	
5	Gjöld samtals	86 885	
4	Sértekjur	14 756	
	Mismunur		**72 129**

08–368 Sólvangur, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 151
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	103 151	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Viðhald húsnæðis	2 000	
	Gjöld samtals		105 151

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 420	
52–58	Önnur gjöld	28 731	
5	Gjöld samtals	105 151	
4	Sértekjur	2 456	
	Mismunur		**102 695**

08–372 Borgarspítalinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 319 251
1 01	Borgarspítalinn í Reykjavík	1 319 251	
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 01	Viðhald, óskipt	15 000	
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Ýmis eignakaup	25 000	
	Gjöld samtals		1 337 251
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	850 224	
52–58	Önnur gjöld	509 027	
5	Gjöld samtals	1 359 251	
4	Sértekjur	205 497	
	Mismunur		**1 153 754**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			597 158
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	597 158	
Viðhaldsverkefni:			5 700
5 01	Viðhald húsnæðis o.fl.	5 700	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Ýmis eignakaup	10 000	
	Gjöld samtals		612 858
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	408 298	
52–58	Önnur gjöld	204 560	
5	Gjöld samtals	612 858	
4	Sértekjur	59 988	
	Mismunur		**552 870**

Sþ. 459. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 6. gr. 1.2. Í stað orðsins „Blindravinafélagsins“ komi: Blindrafélagsins.

2. Við 6. gr. 3.11. Fyrri málsliður breytist og orðist svo: Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til fóðuriðju, þar með talið af dráttarvélum.

3. Við 6. gr. 3.26. Liðurinn orðist svo:
   3.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla, snjóhreinsi- og ísvarnarbúnaði og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. Við 6. gr. 3.27. Í stað orðsins „aðaldælu“ komi: dælubúnaði.

5. Við 6. gr. Nýir liðir:
   3.34 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum til hafnargerðar við Siglunes. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   3.35 Að fella niður vexti og viðurlög vegna ógreiddra opinberra gjalda Arnarflugs hf. til þess tíma er gengið hefur verið frá samkomulagi um endurgreiðslu þessara gjalda skv. 2. gr. laga nr. 53/1986 (3. tölul.), um málefni Arnarflugs hf. Heimilt skal jafnframt að breyta í lán skattskuld félagsins frá gildistöku fyrrgreindra laga fram til þess tíma að ríkisábyrgð er afgreidd.
   3.36 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af hreinsibúnaði fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur og Vatnsveitu Seyðisfjarðar.
   3.37 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af ljósastjórnbúnaði fyrir Leikfélag Hveragerðis og Leikfélag Fáskrúðsfjarðar.
   3.38 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af næturgleraugum til björgunarsveita.
   3.39 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af slaghörpu fyrir Félagsheimili Stykkishólms.
   3.40 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af borholumælingabíl og búnaði hans sem Orkustofnun hyggst kaupa.
   3.41 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum öryggis-, leitar- og björgunarbúnaði sem Slysavarnafélag Íslands hefur fengið að gjöf:
      a. Köfunarsímakerfi, næturSjónauki og ljósabúnaður fyrir kafara.
      b. Neðansjávarmyndavél.
      c. Fjarrita ásamt búnaði til notkunar í björgunarstöð félagsins.
   3.42 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnum bifreiðum í eigu sveitarfélaga sem notaðar eru til flutnings á fötluðu fólki.
   3.43 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af uppskipunarkrana og gámalyftara sem Björn R. Alfreðsson, Kópavogi, og Samband ísl. samvinnufélaga hafa fest kaup á. Tæki þessi verða aðeins notuð á hafnarsvæðinu á Holtabakka í Reykjavík. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6. Við 6. gr. 5.22. Liðurinn orðist svo:
   5.22 Að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 í Reykjavík og jarðhús í Ártúnsbrekku við Suðurlandsbraut í Reykjavík, enda séu fasteignirnar nýttar áfram í þágu samtaka framleiðenda matjurta. Söluandvirðið skal lagt í sjóð er stofnaður var með 4. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1985.

7. Við 6. gr. Nýir liðir:
   5.24 Að selja hluta af jörðinni Sölvholti í Hraungerðishreppi.
   5.25 Að selja dýpkunarskipið Hák að undangengnu mati og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar og verja andvirðinu til kaupa á dýpkunartækjum fyrir Hafnamálastofnun.
   5.26 Að selja húseignina Laugarbrekku 22 á Húsavík og verja andvirði hennar til kaupa á nýju húsnæði fyrir sóknarprest á Húsavík.
   5.27 Að selja jarðirnar Rauðamýri í Nauteyrarhreppi og Streiti í Breiðdalshreppi.
   5.28 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.
   5.29 Að selja útihús (fjós og hlöðu með áföstum viðbyggingum) á Laugarvatni. Undanþegin sölunni skulu tilheyrandi lóðarleiguréttindi, 5500 m^2 skv. skipulagi.
   5.30 Að selja húseignina Norðurbrún 9 í Seyluhreppi.

8. Við 6. gr. Nýir liðir:
   6.17 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á Flateyri og Borgarfirði eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.18 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Grundarfirði og á Höfn í Hornafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.19 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.20 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest í Hvanneyrarprestakalli og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.21 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir lögreglustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.22 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði til nota fyrir kvennafangelsi og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.23 Að innrétta húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands við Höfðabakka í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.24 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Brussel og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.25 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Washington að höfðu samráði við fjárveitinganefnd og verja til þess andvirði íbúðarhúss og eldra skrifstofuhúsnæðis í eigu sendiráðsins.
   6.26 Að taka á leigu og innrétta húsnæði í Kópavogi til kennslu í matvælagreinum og fyrir Hótel- og veitingaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
   6.27 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.

9. Við 6. gr. 9.7. Liðurinn orðist svo:
   9.7 Að semja við fráfarandi þjóðgarðsvörð í Skaftafelli um húsnæðismál og önnur búseturéttindi þjóðgarðsvarðar.

10. Við 6. gr. Nýir liðir:
9.9 Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.
9.10 Að falla frá innheimtu á skuldabréfi, útgefnu af Sportbátafélaginu Snarfara, 24. maí 1985.
9.11 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán sem kann að verða tekið á árinu 1987 vegna byggingar sjúkrahússins á Ísafirði til búnaðar- og tækjakaupa í þeim tilgangi að flýta fyrir því að legudeild spítalans verði tekin í notkun og starfsemi hætt í gamla sjúkrahúsinu. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið á fjárlögum 1988–1990.
9.12 Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd og að höfðu samráði við samgönguráðuneyti allt að 3 millj. kr. til Ferðamálasjóðs vegna fjárhagsvanda Hótels Ólafsfjarðar enda fallist allir aðrir lánardrottnar á það skilyrði að gefa eftir tilsvarandi upphæð af kröfum sínum á hendur hótelinu.
9.13 Að semja við Skallagrím hf. um uppgjör á lánum og vanskilaskuldum fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði, svo og um niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta.
9.14 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Seyðisfjarðarkaupstaður kann að taka að upphæð allt að 16 millj. kr. til byggingar á dráttarbraut.
9.15 Að heimila Ríkisábyrgðasjóði að veita afslátt af vöxtum sem til falla á árunum 1986 og 1987 á erlend stofnlán sem tekin voru fyrir 1. janúar 1986 vegna skipakaupa. Afslátturinn verði miðaður við að lán til þessara skipakaupa verði með svipuðum kjörum og gilda um stofnlán úr Fiskveiðasjóði.
9.16 Að taka lán ef þörf krefur, í samráði við fjárveitinganefnd, til að ljúka þeim byggingaráfanga, sem nauðsynlegur er til að taka á móti línuhraðli í K-byggingu Landspítalans á umsömdum tíma.

Sþ. 460. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur og Eiði Guðnasyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 09-201 Ríkisskattstjóri. Nýr liður:	
1.02 Til aðgerða gegn skattsvikum skv. ályktun Alþingis 3. maí 1984	20 000

Sþ. 461. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Svavari Gestssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Ellert B. Schram.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 06-281 1.82 Aðgerðir gegn fíkniefnum.	
Fyrir „1 095“ kemur	5 000

Sþ. 462. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 5.50 Fasteignir, viðhald.	
Fyrir „15 000“ kemur	40 000
b. Við 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „75 000“ kemur	150 000
2. Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „50 000“ kemur	100 000
3. Við 4. gr. 02-422 Námsgagnastofnun.	
1.60 Námsefnisgerð.	
Fyrir „8 086“ kemur	17 000
4. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.	
1.30 Brjóstakrabbamein.	
Fyrir „5 000“ kemur	7 000

Sþ. 463. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „865 000“ kemur	1 065 000
2. Við 4. gr. 10-651 6.10 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985.	
Fyrir „15 000“ kemur	45 000
3. Við 5. gr. 22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
26 Tekin lán.	
Fyrir „750 000“ kemur	550 000

Sþ. 464. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „24 000“ kemur	92 700

Sþ. **465. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 4. gr. Launaliðir á almennum rekstri stofnana, annarra en fulltrúa varnarmálaskrifstofu í Brussel, sendiráða Íslands erlendis og Vegagerðar ríkisins, hækka um 2,09% vegna kauphækkana á árinu 1986 umfram forsendur fjárlagafrumvarps.
2. Við 4. gr. Önnur gjöld á almennum rekstri stofnana hækka um 7% vegna verðlagsbreytinga á árinu 1986 umfram forsendur fjárlagafrumvarps og áætlaðra verðlagsbreytinga á árinu 1987. Hækkunin tekur ekki til þessara stofnana eða viðfangsefna:

02-232	1.02	Erlend samskipti.
02-232	1.40	Skipulag á landi Keldna og Keldnaholts.
03-102	1.02	Fulltrúi í Brussel.
03-301–312		Sendiráð Íslands erlendis.
09-999	1.18	Til blaðanna, að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar.
09-999	1.90	Óviss útgjöld.
10-211		Vegagerð ríkisins.
10-652	1.65	Alþjóðasamvinna.
15-991		Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.

3. Sértekjur á almennum rekstri stofnana hækka um 7% vegna verðlagsbreytinga á árinu 1986 umfram forsendur fjárlagafrumvarps og áætlaðra verðlagsbreytinga á árinu 1987. Hækkunin tekur ekki til þessara stofnana eða viðfangsefna:

01-102	Þjóðhagsstofnun.
02-201	Háskóli Íslands.
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
06-206	Lögreglustjórinn í Reykjavík.
06-208	Rannsóknarlögregla ríkisins.
06-242	Vinnuhælið Litla-Hrauni.
06-252	Bifreiðaeftirlit ríkisins.
06-281	Dómsmál, ýmis starfsemi.
06-282	Ýmis löggæslukostnaður.
07-951	Brunamálastofnun ríkisins.
07-954	Vinnueftirlit ríkisins.
08-101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
08-323	Tryggingaeftirlitið.
08-395	Lyfjamál.
09-251	Gjaldheimtan í Reykjavík.
09-901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.

4. Tilfærslur á almennum rekstri eftirtalinna stofnana eða viðfangsefna hækka um 7% vegna verðlagsbreytinga á árinu 1986 umfram forsendur fjárlagafrumvarps og áætlaðra verðlagsbreytinga á árinu 1987:

01-101	1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar.
02-319		Framhaldsskólar, almennt.
02-701–708		Grunnskólar.
02-720	1.13	Skíðakennsla í skólum.
02-720	1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi.
02-720	1.90	Grunnskólar, óskipt.
02-750		Skólar fyrir þroskaheft börn.
02-802		Vernd barna og ungmenna.
02-986	1.10	Rekstrarstyrkir o.fl.
03-399	1.60	Háskóli Sameinuðu þjóðanna.
04-205		Veiðistjóri.
04-243		Sauðfjárveikivarnir.
04-272		Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey.
05-272	1.01	Bygging rannsóknastofnana atvinnuveganna.
05-299	1.32	Námskeið fyrir fiskvinnslufólk.
07-700		Málefni fatlaðra.
07-701		Málefni fatlaðra, Reykjavík.
07-702		Málefni fatlaðra, Reykjanesi.
07-706		Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.
07-708		Málefni fatlaðra, Suðurlandi.
07-999	1.10	Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga.
07-999	1.11	Meðlög skv. lögum nr. 9/1981.
08-324		Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.
08-350	1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.
08-350	1.20	Sjálfsbjörg Akureyri.
08-350	1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal.
08-350	1.50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands.
08-350	1.60	Gigtlækningarstöð Gigtarfélags Íslands.
08-381	1.20	Heilsuverndarstöðvar, styrkur.
11-299	1.27	Iðnráðgjafar.

5. Eftirtaldir fjárlagaliðir, sem fylgja ekki almennum reglum skv. 1.–4. tölul., breytast sem hér segir:

		Þús. kr.
01-101	1.31 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs.	
	Fyrir „17 456“ kemur	17 772
01-102	Þjóðhagsstofnun. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „11 842“ kemur	12 219
02-201	Háskóli Íslands. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „127 425“ kemur	129 636
02-232	Rannsóknaráð ríkisins. 1.02 Erlend samskipti.	
	Fyrir „1100“ kemur	1 096
02-871	Unglingaheimili ríkisins.	
	Fyrir „6490“ kemur	7 070
02-872	Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
	Fyrir „865 000“ kemur	928 000
02-973	Þjóðleikhús.	
	Fyrir „82 970“ kemur	110 400

		Þús. kr.
02-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands.	
	Fyrir „33 160“ kemur	36 870
02-984	1.12 Samstarf á sviði menningarmála samkvæmt samnorrænni fjárhagsáætlun.	
	Fyrir „7204“ kemur	7 334
02-984	1.21 Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni.	
	Fyrir „502“ kemur	505
03-102	1.02 Fulltrúi í Brussel.	
	Fyrir „3030“ kemur	3 068
03-301	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu.	
	Fyrir „11 285“ kemur	11 472
03-302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn.	
	Fyrir „12 975“ kemur	13 206
03-303	Sendiráð Íslands í London.	
	Fyrir „13 963“ kemur	13 505
03-305	Sendiráð Íslands í Ósló.	
	Fyrir „11 018“ kemur	10 674
03-306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO.	
	Fyrir „15 373“ kemur	15 593
03-307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi.	
	Fyrir „10 052“ kemur	10 015
03-308	Sendiráð Íslands í Washington.	
	Fyrir „16 717“ kemur	16 826
03-309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður í New York.	
	Fyrir „21 701“ kemur	21 842
03-310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu.	
	Fyrir „7891“ kemur	7 987
03-311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu.	
	Fyrir „15 279“ kemur	15 463
03-312	Sendiráð Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf.	
	Fyrir „16 753“ kemur	16 439
03-399	1.30 Lögberg-Heimskringla.	
	Fyrir „232“ kemur	234
03-399	1.40 Samskipti við Vestur-Íslendinga.	
	Fyrir „162“ kemur	163
03-401	Alþjóðastofnanir.	
	Liðurinn orðist svo:	

03 401 Alþjóðastofnanir.

Viðfangsefni:	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		70 407
1 10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	9 019	
1 11 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	3 024	
1 12 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	1 549	
1 13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	2 091	
1 14 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	2 625	
1 15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	1 640	

			Þús. kr.	Þús. kr.
1	16	GATT	1 809	
1	17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	958	
1	18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	315	
1	19	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	6 000	
1	20	Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn, UNICEF	800	
1	21	Aðstoð við palestínska flóttamenn, UNRWA	390	
1	22	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	1 291	
1	23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	451	
1	24	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	566	
1	25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	31	
1	26	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	430	
1	27	Alþjóðagerðardómurinn í Haag	8	
1	28	Tollasamvinnuráðið, CCC	584	
1	29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	244	
1	30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	702	
1	31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	2 770	
1	32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	54	
1	33	Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	13	
1	34	Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	15	
1	35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	544	
1	36	Bernarsambandið	303	
1	37	Alþjóðaráð Rauða krossins	1 199	
1	38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	724	
1	39	Evrópuráðið	3 085	
1	40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	4 318	
1	41	Atlantshafsbandalagið, NATO	12 648	
1	42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	4 945	
1	44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	167	
1	45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	464	
1	46	Alþjóðasamband um byggingaskipulag	27	
1	47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	243	
1	48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	41	
1	49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	2 604	
1	50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	141	
1	51	Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	243	
1	53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	226	
1	54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	107	
1	55	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	238	
1	56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	82	
1	57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	679	
		Gjöld samtals	———	70 407

Tegundasundurliðun:

59		Tilfærslur:		
		5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	70 407	
5		Gjöld samtals		**70 407**

		Þús. kr.
04-290	1.01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
	Fyrir „480 000“ kemur	533 000
04-290	1.10 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.	
	Fyrir „240 000“ kemur	267 000
06-206	Lögreglustjórinn í Reykjavík. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „30 857“ kemur	32 865
06-242	Vinnuhælið Litla-Hrauni. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „9424“ kemur	10 063
06-281	Dómsmál, ýmis starfsemi. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „5432“ kemur	5 741
07-951	Brunamálastofnun. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „12 583“ kemur	13 138
07-954	Vinnueftirlit ríkisins. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „50 511“ kemur	52 637
08-101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „1295“ kemur	1 380
08-271	1.10 Lífeyristryggingar.	
	Fyrir „5 676 000“ kemur	6 360 185
08-271	1.20 Sjúkratryggingar.	
	Fyrir „3 861 990“ kemur	4 234 989
08-271	1.30 Slysatryggingar.	
	Fyrir „168 000“ kemur	185 291
08-273	Atvinnuleysistryggingasjóður.	
	Fyrir „427 788“ kemur	465 000
08-323	Tryggingaeftirlitið. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „8604“ kemur	8 987
08-385	Framkvæmdasjóður aldraðra.	
	Fyrir „115 000“ kemur	140 000
08-395	Lyfjamál. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „8135“ kemur	8 470
09-251	Gjaldheimtan í Reykjavík. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „31 617“ kemur	33 046
09-901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „23 506“ kemur	24 434
Nýr liður:		
09-989	1.01 Launa- og verðlagsmál	1 100 000
10-211	Vegagerð ríkisins. 1.01 Yfirstjórn.	
	Fyrir „119 500“ kemur	135 000
10-321	1.10 Skipaútgerð ríkisins.	
	Fyrir „138 306“ kemur	143 000
10-652	Veðurstofa Íslands. 1.65 Alþjóðasamvinna.	
	Fyrir „1069“ kemur	1 034
11-289	Jöfnunargjald.	
	Fyrir „193 000“ kemur	210 000
15-991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.	
	Fyrir „3 440 000“ kemur	3 620 000

Ed. 466. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ljóst er að löngu er orðið tímabært að endurskoða tekjukerfi ríkisins frá grunni, þar á meðal ekki síst að einfalda tekjuskatta hins opinbera í heild sinni og grisja frádráttarfrumskóginn jafnframt því sem tekjuskattur ríkisins af venjulegum launatekjum yrði afnuminn. Þetta verður ekki gert hér og nú. Hins vegar verður að skoða þá mynd sem blasir við, þ.e. fyrirhuguð áform um skattlagningu samkvæmt gildandi kerfi og freista þess að lagfæra hana.

Þegar ákveða á álagningu tekjuskatts á vegum ríkisins er nauðsynlegt að hafa í huga aðra skatta á vegum hins opinbera, ríkis- og sveitarfélaga, sem lagðir eru á gjaldendur á grundvelli tekna. Heildarmyndin er það sem máli skiptir. Auk tekjuskatts til ríkisins verður þannig að líta á sjúkratryggingagjald, sóknargjald og útsvar.

Jafnframt er nauðsynlegt að skoða heildarálagninguna sem hlutfall af greiddum launum. Í því felst að líta á álagningarstofn sem hlutfall af útborguðum launum og jaðarprósentur skatts miðað við þau laun sem framteljendur fá í hendur.

Flestir munu nýta svonefndan 10% frádrátt frá tekjum til ákvörðunar á tekjuskattsstofni og verður við það miðað hér. Á hinn bóginn eru lífeyrissjóðsiðgjöld, sem nema yfirleitt um 4% af tekjum, ekki útgreidd.


Af þessu leiðir að tekjuskattsstofn sem hlutfall af útborguðum launum er 93,75% (0,90/0,96). Af þessu leiðir jafnframt að álagningarstofn útsvars, sjúkratryggingagjalds og sóknargjalds er 104,2% (1,00/0,96) af útgreiddum launum (af því að lífeyrissjóðsiðgjöld eru ekki útgreidd í launum).

Ef heildarskattmyndin er skoðuð miðað við fyrirliggjandi tillögur meiri hl. nefndarinnar og önnur áform eins og þau blasa við, þ.e. 10,5% útsvarsálagningu, þar sem afsláttur vegna fjölskyldu er 4009 kr. og lægsta greidda útsvar er 1166 kr., sjúkratryggingagjald er 2% og sóknargjald er 0,35%. Þá fæst svofelld niðurstaða og er þá miðað við útgreidd laun:

1. Útsvarslausar tekjur eru 47 300 kr á ári.
2. Persónuafsláttur nýtist til greiðslu útsvars að fullu allt að 224 260 kr á ári.
3. Skattleysismörk tekjuskatts eru við árstekjurnar 345 900 kr.
4. Jaðarprósentur ofantaldra tekjutengdra skatta eru þessar:

Mánaðartekjur.	
Allt að 18 700 kr.	0.0%
18 700 til 28 800 kr.	0–11.3%
28 800 til 36 600 kr.	28.2%
36 600 til 42 200 kr.	30.3%
42 200 til 73 300 kr.	40.2%
73 300 kr. og meira	49.5%

Heildarmyndin verður þá þessi.



Í tekjutengda skatta fara þannig 40,20 kr. af hverjum 100 kr., sem menn vinna sér inn umfram 42 200 kr. á mánuði allt að 73 300 kr. mánaðartekjum, en 49,50 kr. af hverjum 100 kr. sem menn fá í útgreidd laun umfram 73 300 kr. á mánuði.

Samkvæmt upplýsingum um útgreidd laun má af þessu ráða að venjulegt fullfrískt vinnandi fólk lendi að stórum hluta í þessum efstu skattþrepum og greiði þannig 40 eða 50% af jaðartekjum sínum í tekjutengda skatta. Þótt hér sé einungis tekið dæmi af einstaklingi er það hliðstætt fyrir hjón því að tekjur hjóna eru skattlagðar sitt í hvoru lagi.

Undirritaður telur að hér sé of langt gengið í skattlagningu á venjulegar launatekjur og leggur til að þessar jaðarprósentur verði lækkaðar um 4%. Flytur hann breytingartillögur í samræmi við það.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis mundi tekjuskattur einstaklinga þá lækka um 420 milljónir króna.

Á hinn bóginn er ljóst að tekjuskattar fyrirtækja eru óheyrilega lágir á Íslandi og einungis 2800 fyrirtæki af 10 600 sem telja fram greiddu tekjuskatta á líðandi ári. Þetta gerist í skjóli frádráttarfrumskógar. Undirritaður telur að grisja beri þann frumskóg og einfalda, draga úr heimildum til frádráttar vegna reiknaðra framlaga í varasjóði og fjárfestingarsjóði og lækka heimildir til fyrningarfrádráttar. Með því ætti að hækka álagðan skatt á fyrirtækin um 650 millj. kr. Yrði þá afgangur um 230 millj. kr. sem færi til þess að bæta stöðu ríkissjóðs.

Alþingi, 19. des. 1986.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Nd. 467. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Á fund nefndarinnar komu eftirtaldir aðilar til viðræðna: Magnús Pétursson og Gunnar Hall frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Bolli Þór Bollason og Maríanna Jónasdóttir frá Þjóðhagsstofnun, Bjarni Bragi Jónsson og Jakob Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Hrafn Magnússon og Pétur Blöndal, fulltrúar lífeyrissjóðanna, Hilmar Þórisson og Katrín Atladóttir frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Bragi Hannesson og Gísli Benediktsson frá Iðnlánasjóði, Svavar Ármannsson og Hinrik Greipsson frá Fiskveiðasjóði, Guðmundur Malmquist frá Byggðastofnun, Birgir Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Ólafur Davíðsson og Gunnlaugur Sigmundsson frá Þróunarfélaginu, Pétur Sigurðsson frá Atvinnuleysistryggingasjóði, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi sveitarfélaga, Ásmundur Stefánsson og Björn Björnsson frá ASÍ og Vilhjálmur Egilsson frá VSÍ.

Gestir nefndarinnar svöruðu spurningum nefndarmanna og greindu frá skoðunum sínum.

Nefndin vill árétta að framlagið skv. 22. gr. eigi að renna til Ferðamálaráðs. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. en mun flytja við 3. umr. lánsfjárlaga breytingartillögur í samræmi við afgreiðslu fjárlaga.

Alþingi, 19. des. 1986.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur Bjarnason. Friðrik Sophusson.

Ólafur G. Einarsson. Halldór Blöndal.

Sþ. 468. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Einarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Karvel Pálmasyni, Kjartani Jóhannssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

I. Við 1. gr. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs.

	Þús. kr.
1. Innlend útgáfa verðbréfa.	
Fyrir „3 600 000“ kemur	3 150 000
2. Erlend lántaka ríkissjóðs.	
Fyrir „1 700 000“ kemur	500 000

	Þús. kr.
II. Við 3. gr. (tekjur ríkissjóðs).	
1. Nýr liður:	
41112 Stigbreytilegur eignarskattsauki, félög	400 000
2. Við 4123 Tekjuskattur, félög.	
Fyrir „1 040 000“ kemur	1 900 000
3. Við 4271 Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR.	
Fyrir „2 550 000“ kemur	2 900 000
4. Við 4301 Launaskattur.	
Fyrir „1 500 000“ kemur	2 000 000
III. Við 4. gr. (útgjöld ríkissjóðs).	
Við 04–290 1.01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
Fyrir „720 000“ kemur	600 000
IV. Við 4. gr. Nýr liður:	
Sparnaður vegna kerfisbreytinga	300 000

A. Eftirtaldir fjárlagaliðir falli niður um mitt fjárhagsár og verkefni skv. þeim flutt til atvinnuveganna:
1. 04–201 Búnaðarfélag Íslands.
2. 04–242 Mat á landbúnaðarafurðum.
3. 04–288 Jarðræktarlög, framlög.
4. 04–291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973.
5. 05–201 Fiskifélag Íslands.
6. 05–216 Ríkismat sjávarafurða

B. Eftirtaldir fjárlagaliðir falli niður á miðju fjárhagsári:
1. 01–901 Húsameistari ríkisins.
2. 04–246 Veiðimálastofnunin.
3. 04–272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey.
4. 06–252 Bifreiðaeftirlit ríkisins.

C. Sértekjur eftirtalinna stofnana hækka umfram almenna verðlagsuppfærslu sem hér segir:
1. 02–202 Tilraunastöð háskólans á Keldum, 5000 þús. kr.
2. 04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 20 000 þús. kr.
3. 05–202 Hafrannsóknastofnun, 30 000 þús. kr.
4. 05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, 5000 þús. kr.
5. 09–402 Fasteignamat ríkisins, 10 000 þús. kr.
6. 11–201 Iðntæknistofnun Íslands, 20 000 þús. kr.
7. 11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, 10 000 þús. kr.
8. 11–301 Orkustofnun, 20 000 þús. kr.

Sþ. 469. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 3. minni hl. fjárveitinganefndar.

Tilgangurinn með breytingartillögum Alþýðuflokksins er að draga úr háskalegum verðbólguáhrifum af hallarekstri í ríkisbúskapnum og tryggja þannig, eftir því sem tök eru á, að ríkisvaldið standi við sinn hlut vegna nýgerðra kjarasamninga.

Þetta er gert með því að

1. afla meiri tekna,
2. takmarka skattívilnanir fyrirtækja í góðærinu,
3. dreifa skattbyrðinni með réttlátari hætti eftir greiðslugetu,
4. draga úr millifærslum til atvinnuvega,
5. byrja á kerfisbreytingu í ríkisrekstri með því að leggja niður óþarfar ríkisstofnanir og ætla öðrum meiri sértekjur, frá miðju næsta ári,
6. draga úr erlendum lántökum ríkissjóðs.

Yfirlit yfir tillögur fer hér á eftir:

Yfirlit um fjármál ríkissjóðs samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.

	Þús. kr.
1. Tekjur skv. tillögum meiri hl.	43 029
+ Stigbreytilegur eignarskattsauki, félög	400
+ Tekjuskattur, félög	700
+ Viðbótarhagnaður ÁTVR	250
+ Hækkun launaskatts (0,5%)	300
Heildartekjur skv. tillögum Alþýðuflokksins	**44 679**
2. Gjöld skv. tillögum meiri hl.	45 831
÷ Lækkun útflutningsbóta	÷ 200
÷ Kerfisbreytingar, sparnaður	÷ 300
Heildargjöld skv. tillögum Alþýðuflokksins	**45 331**
3. **Rekstrarhalli (1÷2)**	**÷ 652**
Lánahreyfingar:	
Afborganir	3 410
÷ Innheimtar afborganir	÷ 1 980
Veitt lán	1 420
Hlutafjárframlög	80
Viðskiptareikningar, nettóútstreymi	300
Lánsfjárþörf, brúttó	**3 882**
Lántökur:	
Spariskírteini	1 500
Innlend lán frá bönkum	1 650
Erlend lán	800
Greiðsluafgangur	**68**

Tillögurnar skýra sig að mestu leyti sjálfar. Þó skal eftirfarandi tekið fram:

1. **Aukin skattlagning á félög í tekjuskatti og eignarskatti** styðst við augljós rök í einstöku góðæri sem færir fyrirtækjum stórbætta afkomu. Þetta á að gera með því að skerða skattívilnanir fyrirtækja um ca. 70%. Þetta á við um margvíslega frádráttarliði, fyrningar, afskriftir og skattfrjáls framlög í fjárfestingarsjóði. Með því að hækka neikvæðar viðmiðunartekjur einstaklinga í sjálfstæðum atvinnurekstri (nú innan við 20 þús. á mán.) og skerða ökutækjastyrki (sem nema um milljarði) gefst ráðrúm til að framkvæma tillögur Alþýðuflokksins um lækkun á skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga og lækka þannig tekjuskatt þeirra um ca. 420 m.kr.

2. **Með kerfisbreytingu í ríkisrekstri er átt við**
   að færa útgjöld vegna ríkisrekinna þjónustustofnana atvinnuvega til atvinnuveganna sjálfra og samtaka þeirra,
   að ríkisstofnanir afli aukinna verkefna með sölu á sérfræðiþekkingu og þjónustu,
   að óþarfar ríkisstofnanir verði lagðar niður og nokkur ríkisfyrirtæki seld.

3. **Heildaráhrif þessara tillagna eru:**
   a. Með aukinni tekjuöflun og niðurskurði útgjalda er hallarekstur ríkisins minnkaður um ca. 2 milljarða — verður 652 m.kr.
   b. Lánsfjárþörf ríkisins verður 800 m.kr. í stað 1700 m.kr. í erlendum lánum — hún lækkar um 900 m.kr.

Með því að samþykkja þessar tillögur mundi meiri hl. Alþingis sýna vilja sinn í verki til þess að standa við gefin fyrirheit í framhaldi kjarasamninga um að hamla gegn verðbólgu og þenslutilhneigingu í þjóðarbúskapnum.

Alþingi, 19. des. 1986.

Karvel Pálmason.

Sþ. 470. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 og brtt. á þskj. 420.

Frá Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan og Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
1. Við brtt. 420. — Við 3. gr. 411 Eignarskattar.	
a. Fyrir „1 271 000“ kemur	1 616 000
b. Við 4116–7 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Fyrir „165 000“ kemur	210 000
c. Við bætist nýr liður: Sérstakur stóreignaskattur	300 000
2. Við brtt. 420. — Við 3. gr. 412 Tekjuskattar, nettó.	
a. Fyrir „5 215 000“ kemur	5 375 000
b. Við 4123 Tekjuskattur, félög. Fyrir „1 200 000“ kemur	1 600 000

	Þús. kr.
3. Við brtt. 420. — Við 3. gr. 431 Aðrir óbeinir skattar.	
a. Fyrir „1 955 300“ kemur	2 155 300
b. Við bætist nýr liður:	
Skattur á ferðamannagjaldeyri	200 000
4. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús 6.50 Stofnkostnaður.	
Fyrir „7 500“ kemur	13 000
5. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.	
Fyrir „86 687“ kemur	112 609
6. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun.	
a. Fyrir „192 627“ kemur	202 627
b. Við 110 Rannsóknasvið.	
Fyrir „46 485“ kemur	56 485

7. Við 6. gr. 3.9.
Liðurinn falli brott.
8. Við 6. gr. Við bætist nýr liður:
Fjármálaráðherra er heimilt að lækka fjárveitingu til yfirstjórnar ríkis og ríkisstofnana um allt að 5% í sparnaðarskyni.

Sþ. 471. Þingsályktun [261. mál]

um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.)

Samhljóða þskj. 367.

Nd. 472. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

72,5% fram úr áætlun.

Lánsfjárlög fyrir árið 1986 voru afgreidd samhliða fjárlögum á síðasta þingi. Í lögunum var gert ráð fyrir erlendum og innlendum lántökum sem hér segir:

	Áætlun	Horfur
Erlend lántaka	3240	5590
Innlend lántaka	3575	3575

Það eru því allar líkur til þess samkvæmt nýjustu tölum embættismanna fjármálaráðherra að erlendar lántökur fari á árinu 72,5% fram úr lánsfjárlögum þessa árs.

Nú er enn gert ráð fyrir því skv. 1. gr. þessa frumvarps að fjármálaráðherra fái heimild til þess að taka erlend lán allt að 1700 millj. kr. Með því móti aukast erlendar lántökur alls um nærri 2000 millj. kr. umfram afborganir. Auðvelt ætti hins vegar að vera að draga úr erlendum lántökum og hér er bent á leiðir til þess að fella algjörlega niður erlendar lántökur ríkisins á næsta ári:

Erlend lán til flugstöðvarbyggingarinnar nema alls 500 millj. kr., erlend lán til Þróunarfélagsins nema um 100 millj. kr., til Landsvirkjunar um 400 millj. kr., auk þess sem taka á erlent lán til rekstrar ríkissjóðs. Þetta eru stærstu liðirnir. Hluta af þessari lánsfjárþörf má leysa með því að knýja bankana til aukinna lána til verkefna á vegum ríkisins. Hluta má leysa með því að spara í útgjöldum til yfirstjórnar ríkisins, hluta má spara með því að hækka beina skatta á fyrirtæki og stóreignamenn. Hefur Alþýðubandalagið sýnt fram á leiðir til þess að auka þannig svigrúm ríkissjóðs um milljarða króna við umræður um skattalög síðustu dagana á Alþingi.

Ljóst er hins vegar að ríkisstjórnarliðið hafnar öllum breytingartillögum og því er tilgangslaust að flytja breytingartillögur við þetta frumvarp umfram það sem þegar hefur verið gert. Mun undirritaður greiða atkvæði gegn skerðingarákvæðum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóði og Framkvæmdasjóði fatlaðra en ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um frumvarp þetta að öðru leyti. Margt bendir líka til þess að frumvarpið í heild sé markleysa, sbr. það sem áður kemur fram um hækkun erlendra lána á þessu ári um 72,5%.

42 milljónir í skerðingu á Atvinnuleysistryggingasjóði.

Samkvæmt lánsfjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að skerða Atvinnuleysistryggingasjóð um 42 milljónir króna. Það hefur aldrei áður verið gert og hefur undirritaður mótmælt þessari skerðingu harðlega. Á fund nefndarinnar kom Pétur Sigurðsson fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs og forseti Alþýðusambandsins gerði þetta mál sérstaklega að umtalsefni. Mótmætlu þeir báðir skerðingu á framlögum til sjóðsins. Í greinargerð, sem nefndinni barst frá sjóðnum, segir meðal annars:

„Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs, auk vaxta, eru þessar:

1. Iðgjöld atvinnurekenda.
2. Framlag frá sveitarfélögum.
3. Framlag úr ríkissjóði.

Iðgjald atvinnurekenda er ákveðið 1% af vikukaupi fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu samkvæmt kjarasamningi, lægsta starfsaldursþrepi. Sveitarsjóðir greiða fjárhæð sem er jöfn heildariðgjöldum atvinnurekenda en ríkissjóður tvöfaldar þá fjárhæð.

Í áætlun fyrir árið 1987, sem Atvinnuleysistryggingasjóður skilaði ráðuneytinu hinn 26. maí s.l., eru iðgjöld atvinnurekenda árið 1987 áætluð 156 686 þús. kr., framlag sveitarfélaga hið sama og framlag ríkissjóðs því 313 372 þús. kr. Innheimtumenn skila iðgjaldi atvinnurekenda til ríkissjóðs sem færir þau sér til tekna og skilar sjóðnum þeim ásamt sínu framlagi undir heitinu „framlag ríkissjóðs". Samkvæmt framansögðu var þessi liður fyrir árið 1987 í áætlun sjóðsins 156 686 þús. kr., auk 313 372 þús. kr., eða samtals 470 058 þús. kr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er framlag ríkissjóðs, þ.e. iðgjald atvinnurekenda og eiginlegt framlag ríkissjóðs, áætlað 427 788 þús. kr. eða 42 270 þús. kr. lægra en í fjárlagaáætlun sjóðsins. Til samræmis við þessa lækkun er áætlað framlag sveitarfélaga lækkað úr 156 686 þús. kr. í 142 600 þús. kr. eða um 14 086 þús. kr.

Vikuiðgjald atvinnurekenda til sjóðsins árið 1987 mun hækka nokkuð frá því sem áætlað var í maí s.l. Vinna hefur verið með mesta móti árið 1986 og er því ekki ástæða til þess að ætla að iðgjöld atvinnurekenda verði lægri en áætlað var í maí s.l. Áætlunartala í fjárlögum hefur ekki áhrif á þá niðurstöðu að óbreyttum lögum og framlag sveitarfélaga verður sjálfkrafa hið sama og iðgjöld atvinnurekenda.

Framlag ríkissjóðs mundi samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða mismunur 427 788 þús. króna og heildariðgjalda atvinnurekenda eins og þau verða samkvæmt álagningu á árinu 1987 og því ekki fyrirséð hvað það verður. Miðað við áðurnefnda fjárlagaáætlun sjóðsins mundi framlag ríkissjóðs lækka um 42 270 þús. kr. og raska þar með hlutfalli milli þeirra aðila sem leggja fram fé til sjóðsins frá því sem lög um sjóðinn hafa ákveðið frá stofnun hans.

Í þessu sambandi er bent á að um árabil hefur sjóðnum verið gert að leggja fram fé til eftirlauna aldraðra sem er áætlað árið 1987 að verði um 200 millj. kr., svo og að greiða rekstrarkostnað kjararannsóknarnefndar sem gera má ráð fyrir að verði ekki minna en 7–8 millj. kr. næsta ár.

Er þess því vænst að tillaga í fjárlagafrumvarpi um lækkun á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði endurskoðuð og breytt til samræmis við það sem lög um atvinnuleysistryggingar ákveða.“

Ferðamálasjóður.

Skerðingin á Ferðamálasjóði er einnig tilfinnanleg auk þess sem frumvarpsgreinin um hann er óljós. Um þetta segir í álitsgerð Ferðamálaráðs Íslands:

„1. Með setningu laga um ferðamál árið 1976 var ákveðið að fjármagna starfsemi Ferðamálaráðs með því að Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli skyldi greiða ráðinu 10% af söluverðmæti. Til þess að hagnaður ríkissjóðs yrði ekki minni en ella vegna þessa lagaákvæðis var útsöluverð á áfengi og tóbaki um leið hækkað um sama hundraðshluta.
2. Við þetta lagaákvæði hefur aldrei verið staðið. Svonefnd lánsfjárlög hafa verið notuð til að skerða þennan lögbundna tekjustofn Ferðamálaráðs þó að þau feli nánast eingöngu í sér ákvæði um skerðingu á framlagi ríkissjóðs til ýmissa sjóða. Svo virðist því sem frá upphafi hafi verið blandað saman þeim tilgangi að skerða árlegt og óafturkræft framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og nauðsynlegum rekstrartekjum Ferðamálaráðs af sölu Fríhafnarinnar.
3. Á yfirstandandi ári fékk Ferðamálráð 15 millj. kr. í sinn hlut af fé því sem hér um ræðir. Nú er áætlað að söluverðmæti Fríhafnarinnar verði 500 millj. kr. á þessu ári. Það þýðir að tekjur Ferðamálaráðs verða skertar um 70%.
4. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að Ferðmálaráð fái sömu upphæð og í ár, þ.e. 15 millj. kr. Söluverðmæti Fríhafnarinnar er áætlað 462 millj. kr. sem vitaskuld er óraunhæft miðað við áætlaðar tekjur í ár. Því má ætla að skerðing tekna Ferðamálaráðs sé áætluð enn meiri á árinu 1987 en í ár. Stór hluti kostnaðar við starfsemi ráðsins er í erlendum gjaldeyri og gefur því auga leið hvert stefnir.
5. Til þess að Ferðamálaráð geti staðið við skuldbindingar sínar á árinu 1987 og sinnt nauðsynlegustu verkefnum þarf það að hafa til ráðstöfunar fjármagn til eftirtalinna verkefna (í þús. kr.):

Rekstur aðalskrifstofu í Reykjavík	6200
Rekstur skrifstofu í New York	4500
Rekstur skrifstofu í Frankfurt (56%)	4000
Þátttaka í samnorrænu söluátaki í Þýskalandi	1000
Prentun á nýjum landkynningarbæklingi	5000
Auglýsingar á ferðum Íslendinga um eigið land	1000
Þátttaka í útgáfu sölubæklinga um Íslandsferðir	1000
Heimsóknir erlendra söluaðila og fréttamanna	500
Þátttaka í ferðakaupstefnum erlendis	800
Þátttaka í rekstri Upplýsingamiðstöðvar (REK)	3500
Útgáfa „Practical Information '87“	500
Þátttaka í NT og ETC	500
Til uppbyggingar og endurbóta á fjölförnum ferðamannastöðum innanlands	10 000
Annað og ófyrirséð	500
Samtals	39 000

Þó að ofangreind fjárhæð væri til ráðstöfunar má áætla að tekjuskerðing Ferðamálaráðs yrði yfir 20 millj. kr. 1987.“

Engin lán vegna aðbúnaðar á vinnustöðum.

Samkvæmt lögunum um vinnuvernd er gert ráð fyrir lánveitingum til að bæta aðbúnað á vinnustöðum. Í forsendum frv. er ekki gert ráð fyrir neinum lánveitingum í þessu skyni. Um þetta segir í greinargerð Vinnueftirlits ríkisins:

„Á fundi stjórnar Vinnueftirlits ríkisins þann 26. júní s.l. var fjallað um lánveitingar skv. 4. tölul. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980. Slík lán hafa nú verið veitt í fimm ár eins og lögin gera ráð fyrir, en upphæð sú sem til ráðstöfunar hefur verið á ári hverju er mun lægri en lögin kveða á um.

Samkvæmt lögunum hefðu á tímabilinu átt að vera til ráðstöfunar í þessu skyni 380 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 1. apríl s.l., en í lögunum er sérstaklega kveðið á um að upphæð ráðstöfunarfjárins skuli fylgja henni. Til ráðstöfunar hafa hins vegar verið um 117 millj. kr. á sama verðlagi og vantar því 263 millj. kr. upp á það heildarfjármagn sem lögin kváðu á um.

Það er mat stjórnarinnar að þörf sé enn um sinn á sérstöku lánsfé í því skyni til að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nýverið hafa verið settar reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum þar sem gerðar eru kröfur um kostnaðarsamar úrbætur og vaxandi kröfur eru nú gerðar um sérstaka loftræstingu og fleiri kostnaðarsamar aðgerðir vegna notkunar varhugaverðra efna á vinnustöðum.

Meðfylgjandi er minnisblað með upplýsingum um lánveitingarnar. Takmörkuð kynning hefur farið fram á lánveitingunum fram til þessa og hefur það dregið úr aðsókn. Um er að ræða erlend lán með almennum vaxtakjörum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins fer þess á leit við félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að ofangreindum lánveitingum verði haldið áfram næstu fimm árin þannig að til ráðstöfunar verði um 50 millj. kr. á ári miðað við byggingarvísitölu 1. apríl s.l.

Lánveitingar til fyrirtækja.

Samkvæmt 4. tölul. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980 skal árlega í fimm ár frá gildistöku laganna lána fyrirtækjum, sem þá voru starfandi, fé til þess að bæta starfsumhverfi 500 millj. kr. (gamlar krónur) miðað við verðlag 1. janúar 1979. Færð til verðlags í október 1985 miðað við byggingarvísitölu svarar þessi upphæð til 66 millj. kr.

Í lögunum er gert ráð fyrir að Seðlabankinn annist útvegun fjármagns í þessu skyni, en samkomulag varð um að Framkvæmdastofnun ríkisins tæki að sér það hlutverk og hefur Byggðasjóður annast lánveitinguna. Mat á lánshæfni umsækjenda og eftirlit með því að lánin séu notuð eins og til er ætlast er hins vegar á höndum Vinnueftirlitsins, en endanlegar tillögur um lánveitingar til einstakra fyrirtækja eru gerðar af sérstakri nefnd sem félagsmálaráðherra skipar og í eiga sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins auk stjórnarformanns og forstjóra Vinnueftirlitsins. Við ákvörðun um tillögur nefndarinnar er notuð einkunnagjöf sem á að sýna mikilvægi framkvæmdar frá vinnuverndarsjónarmiði.

Lánveitingar hófust á árinu 1982 og voru 10 millj. kr. til ráðstöfunar hvort ár sem er verulega lægri upphæð en lögin gerðu ráð fyrir. Lánin eru til fimm ára, gengistryggð í þýskum mörkum.

Lánveitingar til fyrirtækja eftir landshlutum.
(Lánsupphæðir í þús. kr.)

		1982	1983	1984	1985
Höfuðborgarsvæði	umsóknir	11	7	2	4
	veitt lán	7	7	2	4
	lánsupphæð	2 980	3 200	1 200	4 400
Vesturland	umsóknir	1	4	3	3
	veitt lán	1	4	3	3
	lánsupphæð	1 300	1 600	2 050	3 500
Vestfirðir	umsóknir	2	1	1	1
	veitt lán	0	1	1	1
	lánsupphæð	0	700	1 200	500
Norðurland vestra	umsóknir	4	0	6	0
	veitt lán	3	0	5	0
	lánsupphæð	480	0	5 400	0
Norðurland eystra	umsóknir	10	4	6	2
	veitt lán	4	3	4	1
	lánsupphæð	2 815	1 550	1 320	250
Austurland	umsóknir	6	3	1	3
	veitt lán	2	3	0	3
	lánsupphæð	275	1 200	0	1 850
Suðurland	umsóknir	10	6	4	1
	veitt lán	5	5	4	0
	lánsupphæð	728	940	2 250	0
Suðurnes	umsóknir	6	2	3	1
	veitt lán	3	2	2	1
	lánsupphæð	1 430	1 000	1 075	3 500
Samtals	umsóknir	50	27	26	15
	veitt lán	25	28	21	130
	lánsupphæð	**10 008**	**10 190**	**14 495**	**14 000**

Lánveitingar til fyrirtækja eftir eðli framkvæmda.
(Ath.: Sama fyrirtæki getur verið með fleiri en eina framkvæmd.)

Framkvæmdir:	1982	1983	1984	1985
Endurbætur á vinnuaðstöðu eða aðbúnaði með nýbyggingu	1	7	5	2
Endurbætur á starfsmannarými í eldra húsnæði	18	19	12	6
Endurbætur á vinnuaðstöðu í eldra húsnæði	5	8	2	3
Endurbætur á tækjabúnaði með hliðsjón af vinnuvernd	4	1	5	0
Endurbætur á loftræstingu	15	11	10	7
Aðgerðir til að draga úr hávaða	4	2	1	0

Saumað að sveitarfélögunum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem nemur alls um 340 millj. kr. Er þar um að ræða sömu skerðingu og á þessu ári svo að nemur um 200 millj. kr., en auk þess er sjóðurinn skorinn niður um 140 millj. kr. Rökin eru þau að sveitarfélögin eigi að taka á sig aukinn skólakostnað!

Um Jöfnunarsjóðinn segir svo í greinargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem undirrituð er af Magnúsi E. Guðjónssyni:

„Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskattstekjum ríkisins áætluð 722,5 millj. kr. og hlutdeild sjóðsins í aðflutningsgjaldatekjum (tolltekjum) áætluð 140 millj. kr. eða alls 862,5 millj. kr.

Í fjárlögum þessa árs er hlutdeild sjóðsins í söluskattstekjum áætluð 805 millj. kr., en var lækkuð skv. 23. gr. laga nr. 3 frá 1. mars 1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl., um 35 millj. kr. eða í 770 millj. kr. og bundin við að greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs 1986 skyldu ekki nema hærri fjárhæð. Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í tolltekjum á þessu ári var áætluð 172 millj. kr., en óvíst er hvort þetta framlag nær áætlaðri fjárhæð. Alls nemur áætlað framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs á þessu ári því 942 millj. kr.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er því áætlað að framlög ríkisins á næsta ári lækki um 80 millj. kr. frá þessu ári (eða 115 millj. kr. ef miðað er við fjárlagaupphæðina). Er það í fyrsta skipti í sögunni sem ríkisframlög til Jöfnunarsjóðs lækka í krónutölu frá fyrra ári þrátt fyrir (17%) verðbólgu.

Heildartekjur ríkisins af söluskatti 1987 eru áætlaðar í fjárlagafrumvarpi 16 250 millj. kr. Ætti því hlutdeild Jöfnunarsjóðs í þessum tekjum að nema 1040 millj. kr., þ.e. 8% af 20 söluskattsstigum (en söluskatturinn er nú 25%) samkvæmt gildandi ákvæðum tekjustofnalaga og söluskattslaga. Skerðingin á söluskattshlutanum er því alls 317,5 millj. kr. og til viðbótar bætist lækkun á tolltekjuhlutanum.

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti og aðflutningsgjöldum 1981–1986 skv. fjárlögum og ríkisreikningi.
(Allar tölur í millj. kr.)

	Hlutdeild í söluskatti:		Hlutdeild í aðflutninsgjöldum		Samtals				Niðurstöðutölur				
					Fjárlög		Ríkisreikn.		Fjárlög	Ríkisreikn.		Jöfnunarsj., framlög af ríkis-tekjum	Skerðing söluskatts-hluta (m.kr. á verðlagi hvers árs)
Ár	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	m.kr.	hækkun frá fyrra ári	m.kr.	hækkun frá fyrra ári	m.kr.	m.kr.	hækkun frá fyrra ári		
1981	140	164	33	41	173	60%	205	–	5 514	6 304	59%	3,2%	
1982	205	264	50	63	255	46%	327	61%	7 967	10 328	63%	3,1%	
1983	335	435	79	93	414	62%	528	60%	13 007	17 716	73%	3,0%	
1984	495[1])	495[1])	100	100	595	40%	595	13%	18 283	22 087	34%	2,7%	96,4
1985	635[1])	635[1])	160	160[2])	795	33%	–	–	26 078	–	–	2,8%	97,3
1986	805[5])		172[4])	–	977	23%	–	–	37 691[4])	–	–	2,6[4])	107,0
1987	722[3])		140[3])	–	862	–13%	–	–	41 584[3])	–	–	2,07	318,0

1) Hlutdeild í söluskatti bundin við fjárlagatölu skv. lánsfjárlögum.
2) Fjárlagatala.
3) Skv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.
4) Skv. fjárlögum 1986.

Áætluð framlög ríkis til Jöfnunarsjóðs 1987 nema liðlega 2% af ríkistekjunum. Árið 1960 námu hliðstæð framlög 4,6% og allt til ársins 1983 var þessi hlutdeild rúmlega 3% af ríkistekjum.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi segir m.a.:

„Nú hefur verið ákveðið að lækka hlut Jöfnunarsjóðs sérstaklega í heildarsöluskattstekjum um 130 millj. kr. á næsta ári."

Í þessu sambandi er rétt að vitna í framsöguræðu fjármálaráðherra fyrir fjárlagafrumvarpinu á Alþingi 30. október s.l. en þá sagði hann m.a.

„Í fjárlagafrumvarpinu er að vanda gert ráð fyrir skerðingu á framlögum til ýmissa þátta og er leitað heimilda til slíkra skerðinga í frv. til lánsfjárlaga þar sem þess gerist þörf. Stærsta atriðið í þessu sambandi er skerðing á hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af söluskatti, en gert er ráð fyrir að þær tekjur, sem ríkissjóður fær með þessum hætti umfram skerðingu síðasta árs, renni til að kosta akstur skólabarna. Um þennan lið er það að segja að þessi háttur mun aðeins hafður á þar til komin er skýr niðurstaða varðandi framtíðarskipan á þessum kostnaði sem langeðlilegast er að sveitarfélögin sjálf standi undir eftir megni."

Í framangreindum ummælum fjármálaráðherra kemur skýlaust fram að tekjur Jöfnunarsjóðs hafi verið skertar á þessu ári og svo verði gert á því næsta og til viðbótar komi 130 millj. kr. skerðing vegna kostnaðar ríkissjóðs við akstur skólabarna sem ríkissjóði ber að óbreyttum lögum og reglugerðum að greiða.

Enginn dregur í efa að Alþingi fer bæði með löggjafarvaldið og fjárveitingavaldið, en hitt kemur mörgum spánskt fyrir sjónir að fjárveitingavaldið skuli brjóta gildandi lög (grunnskólalög) með því að taka fé af framlagi til Jöfnunarsjóðs til að greiða skólaakstur sem ríkinu ber að greiða samkvæmt gildandi lögum.

Mótmæli sambandsstjórnar.

Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga 24. f.m. var gerð svofelld samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega þeirri skerðingu á lögbundnum framlögum ríkisins til sveitarfélaga sem gerð er tillaga um í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987.

Í frumvarpinu er gerð enn ein atlagan að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar sem um er að ræða 300–400 millj. kr. skerðingu á því fé sem renna á til sjóðsins samkvæmt lögum. Þar á meðal er nú gert ráð fyrir að 130 millj. kr. af hlut ríkisins í skólaakstri o.fl. greiðist með samsvarandi frádrætti frá tekjum Jöfnunarsjóðs.

Stjórnin skorar á ríkisstjórn og Alþingi að taka framangreindar tillögur til endurskoðunar og minnir á það að stefna fjárlagafrumvarpsins gengur þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar og einstakra stjórnmálaflokka um afstöðu ríkisvaldsins til sveitarfélaganna."

Þessi samþykkt var send fjárveitinganefnd, Alþingi og ríkisstjórn jafnframt því sem hún var send fjölmiðlum, þótt fæstir þeirra hafi séð ástæðu til að geta hennar. Jafnframt sendi sambandið ályktun þessa ásamt greinargerð til allra sveitarstjórna og landshlutasamtaka með ósk um að þau tækju undir mótmæli sambandsins og beittu sér fyrir því að leiðrétting fengist. Verður að vænta þess að fjárveitinganefnd og Alþingi sjái sóma sinn í því að leggja Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til það fé sem lög mæla fyrir um og stuðli þar með að því að sveitarfélögin í landinu geti gegnt sínum mikilvægu verkefnum."

Við umræður í nefndinni kom fram að aðilar vinnumarkaðarins væru sammála um að allar verðlagsforsendur kjarasamninganna séu í hættu vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í peningamálum. Þar kom einnig fram að starfsmenn Þjóðhagsstofnunar telja að hækka ætti skatta við þær aðstæður sem fram undan eru, en undirritaður hefur flutt fjölda tillagna um hækkun skatta á fyrirtæki á Alþingi á síðustu dögum.

Gagnrýna ber sérstaklega loðnar og óskýrar heimildir í frumvarpi þessu eins og varðandi hitaveiturnar og vanda þeirra.

Fram kom á fundum nefndarinnar að veruleg vaxtahækkun er yfirvofandi á næsta ári vegna halla ríkissjóðs.

Fulltrúar Seðlabankans töldu að áætlanir Þjóðhagsstofnunar um verðlagsþróun á næsta ári væru of lágar, aðalhagfræðingur Seðlabankans nefndi tölur um verðbólgu á næsta ári sem eru langt umfram tölur Þjóðhagsstofnunar. Verulegar áhyggjur komu fram varðandi fjármögnunarfyrirtækin.

Í nefndinni kom fram að byggingarsjóðina vantar mörg hundruð millj. kr. á næsta ári til þess að ná saman endum.

Ekki króna í erlend lán.

Að lokum skal hér bent á leiðir til þess að koma í veg fyrir að erlendar lántökur aukist um krónu á næsta ári:

1. Sjálfsagt er að auka hlut bankakerfisins í verðbréfakaupum til að afla fjár samkvæmt lánsfjáráætlun. Þar má ná aukalega 300–400 millj. kr.
2. Sjálfsagt er — og efnahagslega skynsamlegt að mati Þjóðhagsstofnunar — að auka skatta á fyrirtæki. Alþýðubandalagið hefur flutt tillögur um þetta efni sem geta skilað að minnsta kosti 2000 millj. kr.
3. Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fela fjármálaráðherra að stuðla að sparnaði í yfirstjórn ríkisins og ríkisstofnana. Er ekki ofverkið hans að ná þar saman 300 millj. kr. sem er langt innan við 1% af öllum ríkisútgjöldunum.
4. Sjálfsagt er að draga úr heimildum einkaaðila til erlendrar lántöku við ríkjandi aðstæður en þær nema alls á næsta ári samkvæmt áætlunum um 4,1 milljarði króna.

Með þessu móti er auðvelt að koma erlendum lántökum niður í 6300 millj. kr. þannig að afborganir og lán standist á og erlend lán aukist ekki um eina krónu á næsta ári.

Alþingi, 18. des. 1986.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:
Heildarlántökur opinberra aðila á árinu 1986.
(Svar við fyrirspurn Svavars Gestssonar.)

	Lánsfjár-áætlun 1986	Horfur 1986
Opinberir aðilar:		
Erlend lántaka	3 240	5 590*)
Innlend lántaka	3 575	3 575
Samtals	6 815	9 165

*) Þar af runnu 916 m.kr. til að greiða Seðlabanka skammtímalán frá árinu 1985 sem tekið var á því ári til að mæta halla ríkissjóðs.

Fylgiskjal II.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun
28. október 1986.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Yfirlit um framlög til ýmissa sjóða á árinu 1987 skv. fjárlagafrumvarpi og hver þau ættu að vera ef ákvæðum laga væri fylgt.
(Svör við ýmsum fyrirspurnum um fjárlagafrumvarp 1987.)

	Framlög skv. lögum	Fjárlaga-frumvarp 1987
Félagsheimilasjóður	34 835	12 000
Fiskveiðasjóður	350	—
Jarðasjóður	120	2 000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	127 000	—
* Lífeyrissjóður bænda	—	22 200
Iðnlánasjóður	43 000	25 000
Bjargráðasjóður	31 600	—
* harðærislán	—	4 700
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	250	—
Hafnabótasjóður	24 000	15 000
Byggingarsjóður ríkisins	—	1 000 000
Byggingarsjóður verkamanna	—	300 000
Framkvæmdasjóður fatlaðra	102 000	52 000
* Erfðafjársjóður	48 000	48 000
Framkvæmdasjóður aldraðra	115 000	115 000
Kvikmyndasjóður	60 600	55 000
Menningarsjóður	6 500	7 900
Húsfriðunarsjóður	2 268	1 650
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	46 218	15 000
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur	1 040 000	722 500
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, aðflutningsgjöld	140 000	140 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	427 800	427 788

Sþ. 473. Þingsályktun [178. mál]

um könnun á tannlæknaþjónustu.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.)

Samhljóða þskj. 188.

Sþ. 474. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

	Þús. kr.
I. *Frá Svavari Geistssyni.*	
Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Nýr liður:	
1.40 Neytendasamtökin	2 000
II. *Frá Svavari Geistssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.*	
Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög. Nýr liður:	
1.40 Mælingar á stöðugleika fiskiskipa skv. ákvörðun siglingamálastjóra	6 000

Sþ. 475. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Eiði Guðnasyni.

	Þús. kr.
Við 5. gr. 30-101 Póst- og símamálastofnunin.	
a. Nýr liður:	
4910 Tekjur vegna þjónustu við ICAO, Alþjóðaflugmálastofnunina	110 000
b. Við 32 Annað, greitt í ríkissjóð.	
Liðurinn falli brott.	

Nd. 476. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Tillögur ríkisstjórnarflokkanna um fjárlög og lánsfjárlög gera ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með nær 3 milljarða kr. halla og þjóðarbúið í heild taki ný erlend löng lán upp á 8,2 milljarða kr., sem þýðir að ný lán fara nær 2 milljarða kr. fram úr afborgunum af eldri lánum. Þetta er geigvænleg þróun í einhverju mesta góðæri sem yfir landið hefur gengið.

Í upphaflegu frumvarpi til lánsfjárlaga var gert ráð fyrir að nettólántökur erlendis yrðu samtals um 1,5 milljarðar kr. Við gerð síðustu kjarasamninga settu aðilar vinnumarkaðarins

fram þá ósk við ríkisstjórnina að þessum halla á þjóðarbúskapnum yrði nánast eytt og þannig ekki aukið á erlendar skuldir þjóðarbúsins á næsta ári en bent á innlendan lánsfjármarkað (lífeyrissjóði) til þess að mæta þessari lánaþörf að mestu leyti. Ríkisstjórnin tók þessu vel. Efndirnar eru hins vegar þær að ætla lífeyrissjóðunum um tvöfalt þyngri viðbótarbyrðar við fjármögnun hallarekstrar ríkissjóðs og sjóðakerfis heldur en aðilar vinnumarkaðarins höfðu ætlast til og bæta þar ofan á erlendar lántökur þjóðarbúsins. Með þessum áformum er niðurstöðum kjarasamninga og markmiðum um lága verðbólgu á næsta ári stefnt í mikla hættu.

Alþýðuflokkurinn telur mikilvægt að treysta undirstöður kjarasamninganna og fyrirætlanir um hjaðnandi verðbólgu. Hann er sammála aðilum vinnumarkaðarins um að hlaða ekki frekar á þjóðina erlendum skuldum og hamla verði gegn þenslu með því að reka þjóðarbúið hallalaust. Þess vegna flytur Alþýðuflokkurinn breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga sem miða að því að draga úr rekstrarhalla ríkissjóðs um u.þ.b. 2 milljarða kr. Jafnframt flytur undirritaður tillögur fyrir hönd Alþýðuflokksins um breytingar á frumvarpi til lánsfjárlaga sem tryggja jöfnuð í rekstri þjóðarbúsins.

Tillögurnar fela í sér eftirfarandi:

1. Erlend lántaka ríkissjóðs er lækkuð um 900 millj. kr., þ.e. úr 1700 millj. kr. í 800 millj. kr.
2. Lífeyrissjóðunum er ekki gert að fjármagna neinn halla hjá ríkissjóði en í tillögum meiri hl. er þeim ætlað að leggja 1300 millj. kr. til þess.
3. Lántökur ríkissjóðs innanlands lækka í 3150 millj. kr. eða um 1300 millj. kr.
4. Erlendar lántökur lánastofnana og sjóða eru einungis 650 millj. kr. en ekki nær 1600 millj. kr. eins og ríkisstjórnin áformar.
5. Áform lánastofnana og sjóðakerfis í heildarlántökum eru lækkuð um nálægt 400 millj. kr. en að öðru leyti er svigrúm það, sem fæst á innlendum lánamarkaði þegar ríkissjóður hirðir það ekki í halla sinn, nýtt til þess að mæta þörfum sjóðanna.
6. Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru 800 millj. kr. lægri en skv. tillögum stjórnarliðsins.

Í samræmi við þetta þarf engin erlend lán til Byggðastofnunar, Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs og falla því brott 6., 8. og 9. gr. í frv. til lánsfjárlaga.

Heildarniðurstaðan er þá sú í erlendum lántökum að

a. opinberir aðilar taka 1325 millj. kr. **minna** í erlend lán en nemur afborgunum af eldri lánum,
b. erlendar lántökur þjóðarbúsins í heild eins og þær birtast í lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun verða **6400 millj. kr.**, en afborganir eru **6300 millj. kr.** þannig að nánast er um **jöfnuð** að ræða þar eð nettólántaka er einungis 100 millj. króna.

Breytingartillögur í samræmi við það sem að ofan er rakið birtast á sérstöku þingskjali. Nánara yfirlit yfir lántökur samkvæmt tillögum þessum eru í fylgiskjali.

Ýmsir kunna að halda því fram að hér sé hart fram gengið. Sannleikurinn er hins vegar sá að tillögur stjórnarliða eru aðhaldslausar og bera bragð af kosningaplaggi þar sem menn treysta sér ekki til þess að neita því sem neita þarf, en láta þjóðarhag lönd og leið, skrifa víxil á framtíðina og láta sig undirstöðu kjarasamninga og verðbólguframvindu á næsta ári litlu varða.

Alþýðuflokkurinn telur þetta bæði rangt og hættulegt. Tillögur hans miða að því að ná jafnvægi og treysta undirstöður kjarasamninga og hjaðnandi verðbólgu. Það er meginmarkmiðið.

Alþingi, 19. des. 1986.

Kjartan Jóhannsson,

fundaskr.

Fylgiskjal.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987 skv. tillögum Alþýðuflokksins.
(Í milljónum króna.)

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankakerfis	Verðbréfa-kaup lífsjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**1 500**	**1 650**	**—**	**—**	**3 150**	**1 650**	**4 800**
Ríkissjóður, A-hluti	1 500	1 650	—	—	3 150	800	3 950
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	—	500	500
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	350	350
II Húsbyggingasjóðir	**—**	**—**	**3 765**	**50**	**3 815**	**—**	**3 815**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	3 275	50	3 325	—	3 325
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	490	—	490	—	490
III Lánastofnanir	**—**	**420**	**1 240**	**320**	**1 980**	**650**	**2 630**
Framkvæmdasjóður	—	420	—	—	420	—	420
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	—	—	145	130	275	400	675
Fiskveiðasjóður, útlán	—	—	120	80	200	220	420
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	40	—	40	—	40
Iðnlánasjóður	—	—	340	110	450	—	450
Iðnþróunarsjóður	—	—	80	—	80	—	80
Byggðastofnun, alm. lánveitingar	—	—	}	—	}	—	}
Byggðastofnun, skipaiðnaður	—	—	505	—	505	—	505
Byggðastofnun, fiskvinnslustöðvar	—	—	}	—	}	—	}
Útflutningslánasjóður	—	—	10	—	10	30	40
IV Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**4 100**	**4 100**
Baldur hf., Stykkishólmi	—	—	—	—	—	35	35
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	25	25
Raðsmíðaskip (fjögur)	—	—	—	—	—	600	600
Togarinn Merkúr	—	—	—	—	—	160	160
Stálvík hf.	—	—	—	—	—	25	25
Annað	—	—	—	—	—	3 255	3 255
Heildarlántökur (I—IV)	**1 500**	**2 070**	**5 005**	**370**	**8 945**	**6 400**	**15 345**

Löng erlend lán og afborganir 1987.

	Opinberir aðilar	Lána-stofnanir	Atvinnu-vegir	Samtals
Lánsfjárfrumvarp 1987:				
Ný lán	2 550	2 230	3 500	8 280
Afborganir	−2 930	−720	−3 100	−6 750
Tekin löng erlend lán, nettó	**−380**	**1 510**	**400**	**1 530**
Ný áætlun:				
Ný lán skv. horfum 1987	1 650	650	4 100	6 400
Afborganir, skv. nýrri áætlun Seðlabankans	−2 975	−455	−2 870	−6 300
Tekin löng erlend lán, nettó	**−1 325**	**195**	**1 230**	**100**

Sþ. 477. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá Halldóri Blöndal, Haraldi Ólafssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Árna Johnsen, Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu S. Kvaran, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Þórarni Sigurjónssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Eiði Guðnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Ragnari Arnalds og Salome Þorkelsdóttur.

Við 4. gr. 02-982 1.70 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis.		Þús. kr.
a. Fyrir „4 429“ kemur		5 280
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02-982 1.70):		
1. Árni Kristjánsson	330	
2. Finnur Jónsson	330	
3. Guðmundur Daníelsson	330	
4. Halldór Laxness	330	
5. Hannes Pétursson	330	
6. Indriði G. Þorsteinsson	330	
7. Jóhann Briem	330	
8. Jón Nordal	330	
9. Jón úr Vör	330	
10. María Markan	330	
11. Matthías Johannessen	330	
12. Ólafur Jóhann Sigurðsson	330	
13. Snorri Hjartarson	330	
14. Stefán Íslandi	330	
15. Svavar Guðnason	330	
16. Valur Gíslason	330	
		5 280

Sþ. 478. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórnar Danmerkur ásamt landsstjórnum Færeyja og Grænlands og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) sem undirritaður var á Höfn 19. ágúst 1986.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd sem undirritaður var á Höfn 19. ágúst 1986. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningurinn er árangur af starfi norrænnar embættismannanefndar um samstarf Færeyja, Grænlands og Íslands. Hér verður gerð grein fyrir samstarfi Norðurlanda um byggðamál, tilurð sjóðsins og meginatriðum samningsins.

Samstarfsnefnd Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga.

Að frumkvæði Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, NERP, var á árinu 1980 stofnað til sérstaks „svæðissamstarfs" Færeyinga og Íslendinga. Svæðinu var gefið norræna nafnið Vestnorden, hin vestlægu Norðurlönd. Slíkt norrænt svæðissamstarf á sér margar fyrirmyndir og hliðstæður. Aðalmarkmið starfsemi NERP er að stuðla að jákvæðri byggðaþróun á Norðurlöndum með samnorrænum aðgerðum sem komi til viðbótar aðgerðum ríkisstjórnanna. M.a. er unnið að því að draga úr neikvæðum áhrifum landamæra á hagræna og félagslega þróun á Norðurlöndum og koma á samstarfi á samliggjandi svæðum þvert yfir landamæri. Þekktast slíkra svæða er Nordkalotten, nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Að því er Færeyinga og Íslendinga varðar var að sjálfsögðu ekki um landamæri að ræða en verulega nálægð og einnig skyldleika og sameiginleg vandamál og þróunarmöguleika. Samstarf á milli þjóðanna var lítið og formlegt samstarf nánast ekki neitt. Hliðstæður annars staðar á Norðurlöndum, þar sem samstarfssvæði nær yfir hafsvæði, er samstarf Borgundarhólms og Suðaustur-Skáns og Mittnorden-samstarfið sem tekur til héraða um miðbik Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

Á árinu 1980 var skipuð sérstök „Vestnorden-nefnd" með tveimur fulltrúum frá hvoru landi. Þáverandi forsætisráðherra fól stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að skipa menn í nefndina þar eð Framkvæmdastofnunin fjallaði um byggðamál og var fyrir hönd forsætisráðuneytisins aðili að NERP. Stjórn Framkvæmdastofnunar taldi að þetta samstarf gæti haft sérstaka þýðingu fyrir Austurland, þann landshluta sem langnæst liggur Færeyjum og öðrum Evrópulöndum. Þess vegna skipaði stjórnin einn starfsmanna stofnunarinnar í þessa nefnd en gaf Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi kost á að tilnefna hinn manninn. Ráðinn var framkvæmdastjóri fyrir nefndina 1981. Er hann Færeyingur og er skrifstofa nefndarinnar í Þórshöfn. Allur kostnaður við störf nefndarinnar og af skrifstofu hennar er greiddur af skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin hefur aðgang að fé sem NERP úthlutar til ýmiss konar styrkveitinga.

Frá upphafi var gert ráð fyrir aðild Grænlendinga að samstarfsnefndinni. Ekki gat orðið af því strax vegna þess að verið var að móta heimastjórn þeirra þessi ár. Þeir gerðust aðilar að nefndinni 1983 og grænlenska heimastjórnin tilnefndi þá tvo menn í hana. Síðan hefur starf nefndarinnar í vaxandi mæli snúið að grænlenskum vandamálum.

Starfsemi nefndarinnar hefur verið mjög víðtæk. Eins og getið var um hér að framan hefur nefndin haft, fyrst óbeinan en nú beinan, aðgang að fé til ýmiss konar styrkveitinga. Til skamms tíma úthlutaði NERP styrkjum eftir umsóknum frá samstarfsnefndinni. En nú hefur sá háttur verið tekinn upp að NERP skiptir því fé, sem til ráðstöfunar er, á milli samstarfssvæðanna og því fær samstarfsnefndin nú ákveðna upphæð til ráðstöfunar á ári hverju. Það fé, sem hún hefur til ráðstöfunar á árinu 1986, er 3,1 millj. danskra króna. Styrkveitingar nefndarinnar beinast mjög að því að flytja þekkingu og reynslu á milli aðildarlandanna, að styrkja ákveðna tilraunastarfsemi eða undirbúning aðgerða í einu landanna, sem byggist á þekkingu í öðru eða á hinum Norðurlöndunum, svo og að sameiginlegum aðgerðum. Sem dæmi má nefna hagnýtingu færeyskrar reynslu við laxeldistilraunir í köldum sjó á Norðfirði, nýtingu færeyskrar og íslenskrar reynslu við leit að hörpudiski í Nuukflóa á Grænlandi og nýtingu íslenskrar reynslu við tilraun til kartöfluræktar syðst á Grænlandi og við að koma af stað smíði lítilla vatnsaflstöðva fyrir sveitabæi á Grænlandi. Dæmi um sameiginlegt verkefni er ráðning sérstaks sameiginlegs ferðamálafulltrúa sem unnið hefur að auknu samstarfi þjóðanna á sviði ferðamála og m.a. undirbjó og stjórnaði sameiginlegri ferðakaupstefnu landanna í Reykjavík í haust. En auk styrkveiting-

anna hefur nefndin með óbeinum hætti stuðlað á margan hátt að auknu samstarfi. Nefndin hefur mikið fjallað um samgöngur á milli landanna og hefur hún haft sín áhrif á framvindu þeirra mála. Skrifstofa nefndarinnar í Þórshöfn veitti Útflutningsmiðstöð iðnaðarins mjög mikilvæga aðstoð við að skipuleggja átak í sölu íslenskra iðnaðarvara í Færeyjum. Einnig má nefna kennslubók í íslensku fyrir Færeyinga sem nú er að koma út í Færeyjum.

Vísir að samnorrænni byggðastefnu.

Formlega hafa Norðurlöndin ekki sameiginlega byggðastefnu. Þó ber starfsemi NERP þess merki að slík sameiginleg stefnumótun sé að þróast og reyndar hafa þau merki sést víðar í norrænu samstarfi. Svæðasamstarfið, sem byggt hefur verið upp víðs vegar um Norðurlönd að frumkvæði NERP, er vísir að slíkri stefnumótun. Byggðaþróunarlán Norræna fjárfestingarbankans, sem NERP átti frumkvæði að, benda í sömu átt. Síðar, þegar farið var að vinna að áætluninni um hagþróun og fulla atvinnu á Norðurlöndum og Norðurlöndin sem heimamarkað, komu enn fram hugmyndir af sama tagi. Í skjali, sem sænski samstarfsráðherrann setti fram 1983, þar sem fjallað var um framangreinda áætlun, var einnig sett fram sú hugmynd að hið öfluga, iðnvædda miðsvæði Norðurlandanna yrði að styðja framþróun á jaðarsvæðum landanna í heild og sem dæmi voru nefnd jaðarsvæðin Nordkalotten og Vestnorden. Í því sambandi var sett fram hugmynd um sérstakan þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland. Reyndar höfðu svipaðar hugmyndir verið ræddar í „Vestnorden-nefndinni" en mun sterkara var að fá þær úr þessari átt.

Eðlilegt er að samnorræn byggðastefna þróist og verði til við framkvæmd og framþróun áætlunarinnar um hagvöxt og fulla atvinnu og um heimamarkað. Vinnumarkaður Norðurlandanna er nú orðinn allt að því eins og vinnumarkaður eins lands og fólksflutningar eiga sér stað á milli Norðurlandanna eins og innan landa. Því er útilokað að vinna af afli að þróun, sem fyrst og fremst styrkir iðnvædda miðsvæðið, án þess að líta til með þróun á jaðarsvæðum sem geta tapað vinnuafli og atgervi til miðjunnar, jafnvel í stórum stíl, verði ekki að gert. Þegar unnið er að framþróun Norðurlandanna í heild sem eitt land væri er því nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir þróun alls staðar á Norðurlöndum sem eitt land væri. Embættismannanefndin um byggðastefnu hefur reynt að skapa ákveðnar forsendur fyrir slíkri yfirsýn með því að gefa árlega út skýrslur um byggðaþróun á Norðurlöndunum öllum. Umræður í ýmsum norrænum nefndum beinast í þessa átt. Stofnun þróunarsjóðs Færeyja, Grænlands og Íslands er raunhæf aðgerð á efnahagssviðinu þótt sjóðurinn verði, fyrst um sinn a.m.k., vanmáttugur.

Tilurð þróunarsjóðsins.

Eftir að hugmyndin um sjóðinn hafði verið sett fram varð framvinda málsins nokkuð hröð. Málið kom til umræðu í NERP sem lagði það fyrir nefnd þeirra norrænu ráðherra, sem fara með byggðamál, í desember 1983. Þar var samþykkt að skipaður yrði starfshópur sem kanna skyldi þörf fyrir slíkan sjóð og hvers konar hlutverki hann gæti gegnt. Gengið var frá skipun starfshópsins á fundi NERP í mars 1984. Starfshópurinn kom saman til fyrsta fundar í apríl 1984. Formaður hans var kjörinn fulltrúi Íslands, Sigurður Guðmundsson, þá aðstoðarframkvæmdastjóri byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Starfshópurinn gaf NERP áfangaskýrslu í október sama ár og endanleg skýrsla er dagsett 20. nóvember 1984. Skýrslan var lögð fram á fundi nefndar ráðherra byggðamála í desember 1984 og síðan var fjallað um hana á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1985. Eftir jákvæða umfjöllun þar var hafin vinna við að semja samþykktir fyrir sjóðinn og drög að samningi Norðurlandanna um stofnun hans. Fjallað var um þessi mál í Vestnorden-nefndinni, í NERP og annars staðar á norrænum vettvangi og samþykktir og samningur svo lögð fyrir fund byggðamálaráðherranna í desember 1985. Samningurinn var svo undirritaður af samstarfsráðherrum Norðurlanda á fundi þeirra í Höfn hinn 19. ágúst 1986.

Meginatriði samningsins og samþykktanna.

Í 15. gr. samningsins og 11. gr. samþykktanna segir að heimili sjóðsins og aðalskrifstofa skuli vera í Reykjavík en hann skuli hafa fulltrúa í Nuuk og í Þórshöfn. Einnig segir í 11. gr. samþykktanna að vista skuli sjóðinn í Byggðastofnun. Ríkisstjórnin samþykkti þessa vistun sjóðsins í maí 1985 og einnig er stjórn Byggðastofnunar samþykk henni. Hafa viðræður farið fram milli skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og forstjóra Byggðastofnunar um framkvæmdaatriði þessa máls.

Samkvæmt 1. gr. samningsins er markmið sjóðsins að örva þróun samkeppnishæfrar atvinnustarfsemi á vestursvæðinu með lánum, styrkjum og með því að veita ábyrgðir. Sérstök áhersla er lögð á að sjóðurinn efli samstarf þjóðanna á vestursvæðinu á sviðum iðnaðar, viðskipta og tækni og einnig samstarf þeirra og annarra Norðurlanda. Í samningnum er svo vísað í samþykktir sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins greiða ríkisstjórnir og landsstjórnir. Í 2. gr. samþykktanna kemur fram hvernig upphæðirnar skiptast og hvernig þær greiðast. Svara þær til greiðslna ríkisstjórna Norðurlandanna til Iðnþróunarsjóðs á sínum tíma og til endurgreiðslna Iðnþróunarsjóðs á því fé. Þetta eru samtals 13,5 milljónir dollara sem greiðast á árunum 1987 til 1995. Auk þessarar upphæðar greiði ríkisstjórn Íslands 0,4 milljónir dollara á sama tímabili og landsstjórnir Færeyja og Grænlands 0,1 milljón dollara hvor. Samtals er því stofnfé sjóðsins 14,1 milljón dollara. Fé þetta er sjóðnum til ráðstöfunar án vaxta. Þegar stofnféð er greitt inn í bandaríkjadollurum skal umreikna það í danskar krónur á opinberu gengi dollarans í Kaupmannahöfn greiðsludaginn og reikninga sjóðsins á að færa í dönskum krónum.

Fjármálastefna sjóðsins kemur fram í 3. gr. samþykktanna. Þar segir að sjóðnum skuli stjórna þannig að stofnfé sjóðsins skuli miðað við danskar krónur vera óbreytt til að byrja með til 31. desember 1999. Þetta ákvæði gefur sjóðnum ákveðið svigrúm til styrkveitinga og til að taka áhættu en það svigrúm er jafnframt takmarkað. Til að auka útlánagetu sína er sjóðnum svo heimilt, með ákveðnum takmörkunum, að taka lán (5. gr. samþykktanna). Í 4. gr. er svo gerð grein fyrir höfuðatriðum í útlánastefnu sjóðsins að öðru leyti. Rétt er að vekja athygli á einu ákvæði þeirrar greinar þar sem segir að verkefni, sem nái til fleiri landa vestursvæðisins en eins eða feli í sér samstarf við önnur ríki á Norðurlöndum, skuli hafa forgang.

Yfirstjórn sjóðsins (sbr. 9. og 10. gr. samþykktanna) skal vera í höndum sjö manna stjórnar og tilnefna ríkisstjórnir Norðurlandanna og landsstjórnir Færeyja og Grænlands einn mann hver. Stjórnin kýs sér sjálf formann og varaformann á tveggja ára fresti en formaður skal vera, til skiptis, fulltrúi Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga í sjóðsstjórninni. Gert er ráð fyrir framkvæmdastjórn, sem í verði fulltrúar Færeyja, Grænlands og Íslands (10. gr. samþykktanna), og einnig er ákvæði um ráðningu forstjóra (8., 10. og 11. gr. samþykktanna).

Í 6. gr. samningsins er ákvæði um að sjóðurinn skuli undanþeginn sköttum, gjöldum svo og hugsanlegum takmarkandi ákvæðum um gjaldeyrismál eða útlán sem hindrað gætu starfsemi sjóðsins. Vegna þess er, samtímis þessari þingsályktunartillögu, lagt fram frumvarp til laga í samræmi við það ákvæði.

Samningurinn skal taka gildi (8. gr. samningsins) 30 dögum eftir að allir aðilar að honum hafa tilkynnt utanríkisráðuneyti Danmerkur að hann hafi verið staðfestur. Vonast er til að sjóðurinn geti hafið störf 1. mars 1987.

Hver aðila samningsins sem er getur eftir 1. janúar 2000 sagt honum upp (9. gr. samningsins). Uppsögnin gildir einungis fyrir uppsagnaraðilann. Þó getur Norræna ráðherranefndin eftir slíka uppsögn ákveðið að leggja sjóðinn niður.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd.

Ríkisstjórn Danmerkur, ásamt landstjórnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar

óska, í viðleitni sinni til að efla svæðisbundna norræna samvinnu, að auka hagþróun á hinum vestlægu Norðurlöndum (Færeyjum, Grænlandi og Íslandi) og efla samvinnu milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd,

gera með sér svofellidan samning:

1. gr.

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd, hér eftir nefndur Sjóðurinn, er stofnaður í þeim tilgangi að efla fjölhæft og samkeppnishæft atvinnulíf á hinum vestlægu Norðurlöndum (Færeyjum, Grænlandi og Íslandi) með lánveitingum og styrkjum, enn fremur með því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum ábyrgð til að ráðast í verkefni sem eru tengd þeim eða eru til hagsbóta fyrir þau. Sjóðnum er jafnframt ætlað að stuðla að aukinni samvinnu Norðurlandanna á sviði iðnaðar, viðskipta og tækni, bæði milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd.

2. gr.

Sjóðurinn skal hafa stöðu sem sérstakur lögaðili.

3. gr.

Sjóðurinn skal starfræktur í samræmi við þær samþykktir sem fylgja samningi þessum. Norrænu ráðherranefndinni er heimilt að breyta samþykktunum, en þó ekki á þann veg að trygging lánardrottna, sem í gildi er, skerðist.

4. gr.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar ásamt landsstjórnum Færeyja og Grænlands skulu leggja Sjóðnum til stofnfé. Þær eru ábyrgar fyrir skuldbindingum Sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins, uns öllum skuldbindingum Sjóðsins gagnvart lánardrottnum hefur verið fullnægt.

Í 2. gr. samþykktanna er kveðið á um upphæð stofnfjárins, skiptingu þess, greiðslu og hækkun á stofnfjárframlagi.

5. gr.

Aðalaðsetur Sjóðsins skal vera í Reykjavík. Fulltrúar hans skulu vera í Þórshöfn og Nuuk.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn greiðslu- og gjaldeyrishömlum og stefnumarkandi lánaráðstöfunum, sem gætu komið í veg fyrir eða torveldað starfsemi Sjóðsins eða girt fyrir að Sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt aðrar skyldur sínar.

Eignir og tekjur Sjóðsins skulu vera undanþegnar sköttum.

Lánssamningar, sem Sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera. Hafi slík gjöld verið lögð á skulu þau endurgreidd samkvæmt beiðni.

7. gr.

Nú gerast atvik, sem breyta verulega forsendum fyrir stofnun Sjóðsins, og skulu þá samningsaðilar ráðgast um framtíðarstarfsemi Sjóðsins.

Norræna ráðherranefndin skal eigi síðar en 1. 3. 1996 taka afstöðu til frekari starfsemi Sjóðsins eftir árið 1999.

Ef Norræna ráðherranefndin ákveður að leysa Sjóðinn upp, skal það gert í samræmi við aðferðina sem greind er í 14. gr. samþykktanna.

8. gr.

Samningurinn og samþykktir þær, sem greinir í 3. gr. hans, öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt samninginn.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar um móttöku ofangreindra tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. gr.

Eftir hinn 1. 1. 2000 getur sérhver samningsaðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til danska utanríkisráðuneytisins, sem skýrir öðrum samningsaðilum, Norrænu ráðherranefndinni og stjórn Sjóðsins frá móttöku tilkynningarinnar og innihaldi hennar.

Uppsögnin gildir aðeins gagnvart þeim samningsaðila. Uppsögnin tekur í fyrsta lagi gildi við lok þess reikningsárs sem kemur næst á eftir því ári sem uppsögnin var sett fram í.

Ef Norræna ráðherranefndin ákveður ekki að slíta Sjóðnum, eftir að henni berst tilkynning um uppsögn, skal hún ganga frá reglum varðandi skuldaskil Sjóðsins og þess aðila sem óskar að hætta þátttöku, áður en uppsögnin tekur gildi. Við skuldaskilin skal tryggja að sá aðili, sem hættir þátttöku, beri jafna ábyrgð á skuldbindingum Sjóðsins og þeir sem halda áfram þátttöku.

10. gr.

Frumriti samningsins skal hið fyrsta komið til vörslu hjá danska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit hans til hinna samningsaðilanna og til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört á Höfn hinn 19. ágúst 1986 í einu eintaki á dönsku, færeysku, grænlensku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

SAMÞYKKTIR
fyrir Norræna þróunarsjóðinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd.

Ríkisstjórn Danmerkur, ásamt landsstjórnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með samningi hinn 19. ágúst 1986 ákveðið að stofna norrænan þróunarsjóð fyrir hin vestlægu Norðurlönd (Færeyjar, Grænland og Ísland).

Um sjóðinn gilda eftirfarandi samþykktir:

Markmið

1. gr.

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd, hér eftir nefndur Sjóðurinn, hefur það markmið að efla fjölhæft og samkeppnishæft atvinnulíf á hinum vestlægu Norðurlöndum (Færeyjum, Grænlandi og Íslandi) með lánveitingum og styrkjum og með því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum ábyrgð til að ráðast í verkefni sem eru tengd þeim eða eru til hagsbóta fyrir þau. Sjóðnum er jafnframt ætlað að stuðla að aukinni samvinnu Norðurlandanna á sviði iðnaðar og tækni, bæði milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd.

Stofnfé Sjóðsins

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera jafngildi 14,1 milljóna bandaríkjadala (USD) í dönskum krónum, og skiptist framlagið sem hér segir:

Ríkisstjórn Danmerkur	2,7 m. USD
Landsstjórn Grænlands	0,1 m. USD
Landsstjórn Færeyja	0,1 m. USD
Ríkisstjórn Finnlands	2,7 m. USD
Ríkisstjórn Íslands	0,4 m. USD
Ríkisstjórn Noregs	2,7 m. USD
Ríkisstjórn Svíþjóðar	5,4 m. USD

Sjóðurinn fær stofnféð til ráðstöfunar án vaxta. Stofnféð greiðist Sjóðnum samkvæmt eftirfarandi greiðsluáætlun (í 1000 USD):

Dagsetning	S	DK	SF	N	IS	FR	GR	Alls	Stofnfé samtals
1.3.1987	1 004	502	502	502	76	19	19	2 624	2 624
1.3.1988	276	138	138	138	20	5	5	720	3 344
1.3.1989	328	164	164	164	24	6	6	856	4 200
1.3.1990	388	194	194	194	28	7	7	1 012	5 212
1.3.1991	464	232	232	232	36	9	9	1 214	6 426
1.3.1992	552	276	276	276	40	10	10	1 440	7 866
1.3.1993	660	330	330	330	48	12	12	1 722	9 588
1.3.1994	788	394	394	394	60	15	15	2 066	11 648
1.3.1995	940	470	470	470	68	17	17	2 452	14 100
Samtals	5 400	2 700	2 700	2 700	400	100	100	14 100	

Ef stjórn Sjóðsins óskar þess, skulu fjárframlögin greidd, að hluta eða öllu leyti, fyrr en ofangreind greiðsluáætlun segir til um, í samræmi við skiptingarhlutfallið, nema um annað verði samið. Nú eru greiðslur inntar af hendi fyrr en áætlað var, og er þá heimilt að reikna markaðsákveðna vexti af fyrirframgreiðslunum til framlagsaðila.

Stofnfjárframlögin má greiða til Sjóðsins í bandaríkjadölum eða jafngildi þeirra í dönskum krónum miðað við opinbert sölugengi bandaríkjadala í Kaupmannahöfn á innborgunardegi.

Í reikningsskilum Sjóðsins skulu stofnframlög reiknuð í dönskum krónum. Framlög í bandaríkjadölum skulu umreiknuð í danskar krónur miðað við opinbert sölugengi í Kaupmannahöfn á innborgunardegi.

Fram til 1. 3. 1995 skal reikna ógreidd stofnfjárframlög í dönskum krónum, miðað við opinbert sölugengi bandaríkjadala í Kaupmannahöfn hverju sinni.

Hugsanleg hækkun stofnfjárins er því aðeins heimil, að Norræna ráðherranefndin taki um það ákvörðun.

3. gr.

Fjármunastjórnun Sjóðsins skal haga þannig að stofnfé hans, reiknað í dönskum krónum, sbr. 2. gr., verði óskert, fyrst í stað fram til 31. 12. 1999.

Starfsemi

4. gr.

Sjóðurinn veitir lán og ábyrgðir með sömu skilmálum og bankar.

Þegar aðstæður mæla með því má veita lán og ábyrgðir með hagstæðari kjörum en bankakjörum.

Í sérstökum tilvikum getur Sjóðurinn veitt styrk eða skilyrt lán, þ.e.a.s. lán sem því aðeins er ætlast til að beri vexti eða verði endurgreitt að í framvindu hlutaðeigandi verkefnis sé grundvöllur fyrir slíku.

Styrki og skilyrt lán má einungis veita af heildarhagnaði Sjóðsins.

Leggja skal til hliðar fjármagn til að standa undir tapi á útlánum og ábyrgðum Sjóðsins. Féð, sem lagt er til hliðar, skal vera í hæfilegu hlutfalli við áhættuna við hin venjulegu lán og ábyrgðir.

Í starfsemi Sjóðsins skal jafnan stefnt að sanngjarnri skiptingu lánsfyrirgreiðslu milli Færeyja, Grænlands og Íslands.

Verkefni, sem snerta fleiri en eitt hinna vestlægu Norðurlanda eða fela í sér samvinnu við önnur Norðurlönd, skulu ganga fyrir öðrum verkefnum.

Sjóðurinn skal kappkosta að eiga náið samstarf við samtök atvinnulífsins, aðrar lána- og fjármögnunarstofnanir svo og opinbera aðila og einkaaðila sem tengjast starfssviði Sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn má veita lán af stofnfé og úr varasjóði sínum. Sjóðnum er einnig heimilt að taka lán til að fjármagna starfsemi sína.

Heildarútlán og ábyrgðir mega í hæsta lagi nema tvöföldu stofnfé Sjóðsins.

6. gr.

Ráðstöfunarfé Sjóðsins ber að ávaxta á hagstæðasta hátt og í samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi. Sjóðnum ber í lengstu lög að forðast áhættu vegna gengisbreytinga.

7. gr.

Bókhald Sjóðsins skal fært í dönskum krónum. Reikningsárið fylgir almanaksárinu.

Ársskýrslu og ársreikninga Sjóðsins skal senda Norrænu ráðherranefndinni.

Stjórnun

8. gr.

Yfir Sjóðnum er stjórn, framkvæmdastjóri og auk þess nauðsynlegt starfslið.

9. gr.

Stjórnin skal skipuð 7 mönnum. Ríkisstjórnir aðildarríkjanna og landsstjórnir Færeyja og Grænlands tilnefna hver einn aðalmann til allt að fjögurra ára í senn. Velja skal einn varamann á sama grundvelli.

Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann til tveggja ára í senn. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands og fulltrúar landsstjórnar Færeyja og Grænlands skulu skiptast á formennsku.

Stjórnin er ályktunarfær þegar formaður eða varaformaður og helmingur annarra stjórnarmanna hið minnsta eru mættir, eða varamanna þeirra í forföllum aðalmanna. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf atkvæði meiri hluta þeirra sem mættir eru. Lán, ábyrgð eða styrk er ekki unnt að veita ef land eða svæði þess, sem veita á því viðtöku, er mótfallið því.

Ákvarðanir má enn fremur taka með skriflegum hætti.

Stjórnin kemur saman þegar formaður ákveður eða að minnsta kosti tveir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórinn óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Bjóða má öðrum en stjórnarmönnum að sitja stjórnarfundi, ef nauðsyn þykir bera til.

10. gr.

Stjórnin tekur allar ákvarðanir varðandi málefni Sjóðsins.

Stjórnin getur framselt ákvörðunarvald sitt til framkvæmdastjórans eða til framkvæmdanefndar, sem skipuð er formanni og hinum tveimur stjórnarmönnum hinna vestlægu Norðurlanda.

11. gr.

Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur Sjóðsins, er ábyrgur fyrir undirbúningi vegna lána-, ábyrgðar- og styrkjamála og skal fylgja stefnumörkun og fyrirmælum stjórnarinnar.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til starfa, mest til fimm ára í senn. Hann má hvorki vera aðal- né varamaður í stjórninni, en skal sitja stjórnarfundi án atkvæðisréttar.

Undirritun fyrir Sjóðinn annast stjórnarformaður, framkvæmdastjóri eða sá sem stjórnin veitir slíkt umboð.

12. gr.

Aðalskrifstofa Sjóðsins skal vera í Reykjavík.

Fulltrúar hans skulu vera í Þórshöfn og Nuuk.

Byggðastofnun skal veita sjóðnum alla nauðsynlega aðstöðu varðandi stjórnun og afgreiðslu, svo sem húsnæði, bókhald, afgreiðslu, daglega endurskoðun, lögfræðiaðstoð, innheimtu, vörslu verðbréfa o.fl. til ráðstöfunar fyrir Sjóðinn.

Ýmis ákvæði

13. gr.

Norræna ráðherranefndin útnefnir tvo endurskoðendur til að fara yfir starfsemi Sjóðsins og reikningsskil hans. Endurskoðendurnir skulu árlega láta Norrænu ráðherranefndinni í té skýrslu um endurskoðunina.

14. gr.

Norræna ráðherranefndin getur tekið ákvörðun um breytingar á samþykktum Sjóðsins eða viðbót við þær, þó því aðeins að ábyrgðir skuldunautanna skerðist ekki við það. Ráðherranefndin skal í síðasta lagi 1. 3. 1996 taka afstöðu til starfsemi Sjóðsins eftir árið 1999.

En Norræna ráðherranefndin ákveður að leysa Sjóðinn upp skal hún tilnefna þær persónur sem eiga að annast það verk.

Uppgjör Sjóðsins með endurgreiðslum á stofnfé hans eða annarri ráðstöfun á því framlagi getur ekki gengið hraðar fyrir sig en unnt er að ganga frá og gera upp lán Sjóðsins ásamt öðrum skuldbindingum hans þann dag sem ákvörðunin um að leggja Sjóðinn niður var tekin.

Ed. 479. Frumvarp til laga [273. mál]

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Leyfi til reksturs skal bundið við ákveðin landsvæði, m.a. með hliðsjón af samgöngum, fjarlægðum milli verstöðva og fjölda fiskvinnslufyrirtækja.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skal veitt til eins árs í senn og er leyfishafa jafnframt skylt að reka markað allt leyfistímabilið.

2. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og hafa haft fasta búsetu á Íslandi s.l. tvö ár.
b. Eru fjárráða.
c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs enda sé allt hlutaféð í eign íslenskra ríkisborgara, sbr. 11. gr. l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Lög nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, og reglur settar með stoð í þeim lögum gilda um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Áður en rekstur uppboðsmarkaðar hefst skal leyfishafi leita samþykkis ráðherra á reglum um starfsemi markaðarins. Aðeins er heimilt að breyta reglum um starfsemi uppboðsmarkaðar með samþykki ráðherra.

5. gr.

Þeim aðilum, sem leyfi hafa til reksturs uppboðsmarkaðar, er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags, kaupendur þess og verð. Skulu þeir daglega senda Fiskifélagi Íslands afrit af þessu yfirliti.

Þá er skylt að senda opinberum aðilum, sem þess óska, skýrslu um seljendur afla, aflamagn, kaupendur og verð.

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum skv. ákvæðum II. kafla l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutryggingar af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

7. gr.

Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs og skal hann hafa löggildingu til starfans.

Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og gilda til 31. desember 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjávarútvegsráðherra skipaði 9. apríl 1986 sjö manna nefnd, er skyldi kanna möguleika á stofnun fiskmarkaðar. Yrði niðurstaða könnunarinnar jákvæð, skyldi nefndin jafnframt athuga, hvort einhverjir aðilar væru tilbúnir til að leggja fram fé til stofnunar og reksturs tilraunamarkaðar með fisk. Í nefnd þessa voru skipaðir: Gunnlaugur M. Sigmundsson, formaður, Ágúst Einarsson, Gísli Jón Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Árnason, Óskar Vigfússon og Ríkharð Jónsson.

Nefndin hélt fjölmarga fundi og skilaði hún greinargerð í september s. l. Í greinargerð nefndarinnar er lagt til að „komið verði upp tilraunafiskmarkaði þar sem verðmyndun verði frjáls og ráðist m. ö. o. af ferskleika og gæðum ásamt framboði og eftirspurn hverju sinni.“ Fylgir greinargerð nefndarinnar hér sem fylgiskjal I.

Í framhaldi af athugun nefndarinnar og þeim umræðum, sem fylgt hafa í kjölfar hennar, hefur í ráðuneytinu verið samið frumvarp til laga um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Verði ráðist í tilraun með frjálsan markað er óhjákvæmilegt í ljósi hins víðtæka áhuga er virðist vera fyrir stofnun fiskmarkaða, að hafa stjórn á því hversu margir markaðir verði settir á fót og hvernig þeir starfi. Vegna gildandi ákvæða um lágmarksverð og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins verður ekki hjá því komist að setja sérákvæði um þá þætti, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, var sú breyting gerð, að Verðlagsráði var heimilað að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa, ef sérstaklega stæði á að mati ráðsins, enda væri um það einróma samkomulag í ráðinu. Seljendur hafa nokkrum sinnum lagt fram óskir um frjálst fiskverð í Verðlagsráði, einkum vegna verðlagningar á humri, síld og loðnu, en ekki hefur náðst um það samkomulag fyrr en á síðastliðnu sumri er verð á loðnu var gefið frjálst. Verður að telja að frjáls verðlagning hafi þar tekist allvel. Vegna ólíkra aðstæðna virðist þó frjáls verðlagning á ýmsum öðrum tegundum sjávarafla varla vera framkvæmanleg nema afli sé fluttur á uppboðsmarkað. Hér má og benda á, að breyting sú, sem gerð var á sjóðakerfi sjávarútvegsins á síðasta vori, hefur einfaldað framkvæmd frjálsrar verðlagningar.

Sérstök athygli er vakin á, að hér er um tilraun að ræða. Gildistími laganna verður aðeins tvö ár ef frumvarp þetta nær fram að ganga. Á þessum tíma gefst svigrúm til að kanna áhrif þessarar breytingar þ. á m. hvað varðar flutning afla milli verstöðva og framhald þessarar tilraunar í ljósi fenginnar reynslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein þarf sérstakt leyfi ráðherra til að koma á fót og reka uppboðsmarkað og bindur ráðherra leyfið við ákveðin svæði. Ákvæði þetta er sett til þess að mögulegt sé fyrst um sinn að hafa áhrif á fjölda markaða og staðsetningu þeirra. Við ákvörðun um staðsetningu markaðar tæki ráðherra m. a. tillit til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. Enda þótt 1. mgr. kveði á um, að ráðherra bindi rekstur við ákveðin landsvæði felst ekki í því, að skip af öðrum landsvæðum geti ekki landað á tilteknum markaði, heldur er þessu ákvæði fyrst og fremst ætlað að tryggja að á meðan þessi tilraun fer fram verði fiskmarkaðir ekki settir á stofn of víða.

Í 2. mgr. segir, að leyfi skuli aðeins veitt til árs í senn og ákvæði þetta sett í því skyni, að starfsemi hvers markaðar fái endurskoðun árlega.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru sett þau skilyrði sem einstaklingar og hlutafélög þurfa að fullnægja til þess að fá leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar. Skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt einstaklings og um að allt hlutafé hlutafélags sé í eign íslenskra ríkisborgara, eru hin sömu og gilda um rekstur fiskvinnslu á Íslandi skv. lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Jafnframt eru hér ákvæði um fasta búsetu einstaklinga á Íslandi s. l. tvö ár, fjárræði hans og forræði á búi, sem verður að telja eðlileg skilyrði til slíks reksturs.

Um 3. gr.

Á uppboðsmarkaði fer fram geymsla og meðhöndlum á fiski og þykir því eðlilegt, að sömu reglur gildi þar um húsnæði, hreinlæti og meðferð afla og gilda í fiskvinnsluhúsum, eftir því sem við á.

Um 4. gr.

Um starfsemi hvers einstaks markaðar verður að setja sérstakar reglur, t. d. hvenær skip þurfi að tilkynna afla á markað, hvenær landað skuli og reglur um framkvæmd uppboðs sjálfs. Slíkar reglur geta verið mismunandi eftir mörkuðum og er því hér gert ráð fyrir að leyfishafi geri ráðherra grein fyrir þessum og fleiri atriðum, sem að starfseminni lúta og leiti samþykkis hans. Jafnframt þyrfti ráðherra að samþykkja breytingu á reglum, sem hann hefði áður staðfest.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lögð almenn upplýsingaskylda á rekstraraðila uppboðsmarkaðar. Nauðsynlegt er bæði fyrir kaupendur og seljendur að geta aflað sér allra upplýsinga sem fyrir liggja um verð og aflamagn. Skylda til skýrsluskila til Fiskifélags Íslands og opinberra aðila er sett m. a. til að tryggja eftirlit með aflakvótum og eins vegna skila til greiðslumiðlunarkerfisins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er sú leið farin að láta rekstraraðila markaðar standa skil á uppboðsandvirði til seljanda og á greiðslum samkvæmt ákvæðum laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, í stað kaupanda eins og er hin almenna regla. Að vísu mætti skipa þessu með sama hætti í báðum tilvikum en þetta ákvæði er í samræmi við tillögur fiskmarkaðsnefndarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að greiðslur vegna greiðslumiðlunar innan sjávarútvegsins skuli miðast við uppboðsandvirði að frádregnum kostnaði af uppboðinu. Þetta er undantekning frá ákvæðum laga nr. 24/1986, en samkvæmt þeim er hin almenna regla sú, að greiðslur skuli miðast við hráefnisverð ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, en við sölur erlendis við brúttó verðmæti afla.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að á uppboðsmarkaði gildi ekki lágmarksverð þau sem ákveðin eru af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Gæði fersks fisks, framboð og eftirspurn eiga hér að ráða verði og því getur það farið niður fyrir það verð sem Verðlagsráð ákveður, sé fiskur lélegur eða aðstæður slíkar, að framboð sé meira en eftirspurn.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ákveðnir aðilar stjórni uppboðum og að þeir þurfi til þess sérstaka löggildingu ráðherra. Þykir þessi háttur heppilegur m.a. til þess að koma uppboðum í ákveðna fasta skipan, eins og tíðkast á uppboðsmörkuðum erlendis.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa umfram það sem áður er sagt í almennum athugasemdum.

Fylgiskjal I.

Fiskmarkaður.

1. Inngangur.

Hinn 9. apríl s. l. skipaði sjávarútvegsráðherra Halldór Ásgrímsson nefnd sjö manna er hafa skyldi það hlutverk að kanna möguleika á stofnun fiskmarkaðar og ef niðurstaða nefndarinnar yrði jákvæð, að leita þá eftir því hvort til væru aðilar, er tilbúnir væru til þess að leggja fé í stofnun og rekstur tilraunamarkaðar með fisk. Í nefndina voru skipaðir: Gunnlaugur M. Sigmundsson formaður, Ágúst Einarsson, Gísli Jón Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Árnason, Óskar Vigfússon og Ríkarð Jónsson. Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi og rætt hinar ýmsu hliðar málsins, bæði þann hag sem telja má að allir málsaðilar muni hafa af tilkomu fiskmarkaðar, sem og ýmis þau vandamál sem fyrirsjáanlega koma upp við stofnun og rekstur fiskmarkaðar. Að vel athuguðu máli hefur nefndin komist að eftirfarandi niðurstöðu.

2. Niðurstaða.

Nefndin leggur til, að komið verði upp tilraunamarkaði með fisk, þar sem verðmyndun verði frjáls eða ráðist m. ö. o. af ferskleika og gæðum ásamt framboði og eftirspurn hverju sinni. Nefndin boðar því til stofnunar hlutafélags um rekstur fiskmarkaðar og leggur fram eftirfarandi greinargerð í því sambandi.

3. Staðsetning fyrsta fiskmarkaðarins.

Þau atriði sem einkum skipta máli við val staðsetningar á fyrsta fiskmarkaðinum sem komið er á fót eru:

Fjöldi hugsanlegra fiskkaupenda og fiskseljenda sé í nálægð markaðarins.

Góðar samgöngur að og frá markaði.

Hafnaraðstaða og gott húsnæði á hafnarbakka sé til staðar.

Nokkur landsvæði uppfylla öll þessi skilyrði t. d. Faxaflóasvæðið, Vestmannaeyjar og Eyjafjarðarsvæðið. Forsvarsmenn þriggja sveitarfélaga höfðu samband við nefndina og lýstu áhuga sínum á því að fá markaðinn staðsettan í viðkomandi sveitarfélög. Þessir aðilar voru hafnarstjórn Reykjavíkurhafnar, bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og bæjarstjórn Dalvíkur. Eftir að hafa skoðað ýmsa kosti er það samdóma álit nefndarinnar að sá markaður sem hún boðar til stofnunar félags um, verði staðsettur á Faxaflóasvæðinu þ. e. markaðssvæði sem miðist við svæðið frá Þorlákshöfn og vestur um til Akraness.

Sá afli sem skipað er upp á þessu svæði, annar en síld og loðna, skiptist þannig á verstöðvar árið 1985:

	Tonn
Þorlákshöfn	23.079
Grindavík	21.545
Hafnir	751
Sandgerði	19.449
Garður	10.669
Keflavík	20.285
Njarðvík	3.861
Vogar	2.771
Hafnarfjörður	17.592
Kópavogur	1.946
Reykjavík	44.408
Akranes	18.393
Samtals	184.749

Af þessu aflamagni var togarafiskur um 87.000 tonn, þar af 37.200 í Reykjavík, 10.000 tonn í Hafnarfirði og um 14.000 tonn á Akranesi.

4. Fyrirkomulag.

Gert er ráð fyrir að fiskmarkaðurinn flokki fiskinn eftir tegundum og stærðum í 90 lítra fiskkassa, er verði eign fyrirtækisins. Það er ein forsenda þess, að fiskmarkaður hafi gildi fyrir alla kaupendur, að fiskur verði seldur í afmörkuðum stærðarflokkum. Einnig er það hagkvæmnisatriði að flokka fiskinn eftir ástandi hans þannig að sambærilegur fiskur sé í hverri kassastæðu.

Móttaka, flokkun og uppröðun.

Gert er ráð fyrir að 1 til 2 lyftarar taki við fiskinum og stafli kössunum við færiband er flytur þá að flokkunarbandinu. Þar standa 2 menn við enda hvers bands og hella úr kössum á sérstakt band er afísun fer fram á. Kassarnir renna til baka á færibandi og er strax skilað. Úr afísun fer fiskurinn á flokkunarbandið. Þessar línur geta verið mismargar. Þyrftu þær sennilega að vera tvær strax í byrjun og þrjár á næsta stigi. Er það til að koma mismunandi tegundum í gegn samtímis. Lengd bandanna fer eftir því magni er þau skulu afkasta. Tómir kassar renna eftir færibandi meðfram flokkunarbandinu og er rennt í þá gegnum rennu, sem fiskinum er hent í. Fylltir kassar fara yfir vog þar sem starfsmenn standa og jafna í kössum og endurísa. Þaðan færir lyftari kassana í 2 × kassa stæðum til uppboðsstaðarins. Þegar fiskurinn hefur verið seldur er hann strax afhentur kaupanda.

Einnig er hugsanlegt að markaðurinn þróist að hluta til þannig að áhöfn skips stærðarflokki sjálf fiskinn, dagmerki og bjóði til sölu án frekari flokkunar.

Gert er ráð fyrir, að markaðurinn starfi fimm daga vikunnar. Móttaka eða löndun gæti hafist snemma að morgni, en uppboðið sjálft fari fram síðari hluta dags. Afhending fisks fari fram strax að loknu uppboði, eða samhliða uppboðinu ef aðstæður leyfa. Mikilvægt er að finna þann tíma fyrir uppboðið sem er hagkvæmastur bæði fyrir veiðar og vinnslu með tilliti til skipulags verka og ástands hráefnis.

Ljóst er, að mikið er í húfi, að sú starfsemi sem fram fer á markaðinum lengi ekki þann tíma sem líður frá því að fiskur kemur að landi uns hann er kominn í vinnslustöð. Hluti þeirrar starfsemi sem tengist markaðinum þarf því að fara fram utan hinna hefðbundnu dagvinnutímamarka. Þetta á einkum og sér í lagi við flutning á fiski frá markaði í vinnslustöð, móttöku á fiski í vinnslustöð og e. t. v. að nokkru leyti einnig um uppskipun á fiski. Vegna þeirra takmarkana sem sum verkalýðsfélög leggja á heimild til vinnu utan dagvinnutíma, er þetta atriði hlutur sem forsvarsmenn fiskmarkaðar, ef stofnaður verður, þurfa að leysa í góðri samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög.

Gert er ráð fyrir því að seljendur sem hafi fisk umfram ákveðið lágmarksmagn, þurfi að tilkynna sig inn á markaðinn með nokkurra daga fyrirvara. Hversu langur tími verður talinn nauðsynlegur eða hvaða aflamagn verður miðað við, sem skilyrði fyrir skráningu, liggur að sjálfsögðu ekki ljóst fyrir fyrr en markaðurinn tekur til starfa og fyrir liggur hvaða rými og aðstæður verða fyrir hendi. Hinsvegar má með nokkurri vissu segja, að togarar muni þurfa að tilkynna væntanlegt aflamagn og líklega samsetningu afla sem fara eigi á markaðinn með allt að fimm daga fyrirvara.

Væntanlegir kaupendur á markaðinum munu þannig geta séð hvert verður lágmarksframboð á fiski nokkra daga fram í tímann. Hvorki seljendur né kaupendur vita hinsvegar endanlegt magn sem boðið verður upp fyrr en stuttu fyrir uppboð. Uppboðið sjálft fer fram með þeim hætti, að ákveðið magn af hverri tegund er tekið fyrir í einu, t. d. 100 kassar og er óskað eftir boði í kíló af þeim fiski sem er í umræddum kössum. Hæstbjóðandi velur síðan hve mikið magn hann tekur á þessu verði, þ. e. lágmarkseiningu, (einn eða tveir kassar) alla 100 kassana eða eitthvað þar á milli. Taki hæstbjóðandi ekki alla þá kassa sem upp eru boðnir í einu, er byrjað aftur og boðið upp kílóverð á þeim fiski sem eftir er í viðkomandi stæðu.

Ef fiskurinn ekki selst á uppboði eða er dæmdur óhæfur til neyslu áður en að uppboði kemur, eru nefndarmenn sammála um að sami háttur verði á hafður og erlendis, þ. e. að litarefni verði sprautað yfir fiskinn og hann seldur í „gúanó". Seljendur sem sjá fram á að fiskur seljist ekki geta látið bjóða fyrir sig í fiskinn og keypt hann þannig aftur gegn greiðslu uppboðslauna, en ekki er gert ráð fyrir að sami fiskur fari nema einu sinni á uppboð. Þó er seljanda heimilt að tilkynna fyrirfram að hann leysi til sín fiskinn ef boð fer ekki yfir ákveðið verð. M. ö. o. þá yrðu seljendur að losa sig við þann fisk sem þeim sjálfum væri sleginn með öðrum hætti en selja hann aftur á markað.

Gísli J. Hermannsson hefur í nefndarstarfinu sett fram það sjónarmið, að lágmarksverð þurfi að vera á fiski sem fer á markað og ennfremur að seljist fiskur ekki á slíku lágmarksverði skuli fiskurinn sendur í bræðslu. Þá telur Gísli að ef sýnt sé að tilraunin með fiskmarkað takist, verði næsta skref að vera að lögbjóða að allur fiskur fari á uppboðsmarkað.

Fiskmarkaðurinn gerir upp við seljendur, innheimtir uppboðsandvirði hjá kaupendum og sér jafnframt um skil á lögboðnum gjöldum. Af þessum sökum má ljóst vera, að verulegt fjármagn mun fara um markaðinn. Markaðurinn þarf að tryggja sig fyrir því, að greiðsludráttur verði ekki hjá kaupendum. Krafist verður því trygginga af þeim sem óska heimildar til að bjóða fisk á markaðinum. Stjórn markaðarins mun setja skilyrði þau er krafist verður vegna trygginga sem og önnur skilyrði er sett kunna að verða fyrir því að menn megi bjóða í fisk t. d. íslenskur ríkisborgararéttur svo eitthvað sé nefnt.

5. Rýmisþörf.

Reynt hefur verið að meta það húsrými og almennt athafnarými sem fiskmarkaður þurfi að hafa. Þá hefur og hafnarstjórn Reykjavíkur látið kanna hvað umferðarþungi kringum hafnarsvæðið í Vesturhöfninni í Reykjavík ykist væri uppboðsmarkaður staðsettur þar. Niðurstöður hafnarstjórnar verða ekki raktar hér, en í stuttu máli má segja að þær sýni að auk húsnæðis þurfi fiskmarkaður rúmt athafnasvæði utanhúss vegna þeirra flutningatækja sem flytja fiskinn frá uppboði í vinnslustöð og eru í flestum tilvikum að athafna sig á sama tíma. Hið mikla magn sem líklegt er að fari að og frá markaðinum á tiltölulega skömmum tíma getur og skapað visst umferðarvandamál ef ekki er tekið mið af þeirri staðreynd þegar staðsetning markaðarins er ákveðin. Stærð húsrýmis fyrir markaðinn ræðst einkum af tvennu. Því magni sem fer um markaðinn á degi hverjum og þó einkum og sér í lagi þeim kröfum sem gerðar verða til þess hve mikið af fiski verði sýnt án fyrirhafnar hverju sinni, þ. e. hvort látið verður nægja að kaupendur sjái sýnishorn þess sem bjóða á upp eða hvort dreifa þurfi úr öllum þeim fiskkössum sem upp verða boðnir. Næsta ljóst virðist, að í byrjun verði síðari kostinum ekki við komið sakir þess hve sá kostur kallar á mikið húsrými.

Reynt hefur verið að meta rýmisþörf einstakra þátta. Í meginatriðum er um að ræða rýmisþörf fyrir eftirfarandi þætti:

Aðstöðu fyrir móttöku og flokkun.
Aðstöðu fyrir kassageymslu.
Aðstöðu fyrir uppboðið, þ. e. uppröðun á fiskkössum.
Aðstöðu fyrir tæki, svo sem lyftara.
Aðstöðu fyrir skrifstofu.

Móttaka og flokkun.

Gert er ráð fyrir að fiskkössum sé raðað á einfalt færiband er færi þá að handflokkunarbandi. Þegar markaðurinn er kominn í fullan rekstur, verður að gera ráð fyrir a. m. k. 3 flokkunarlínum, misstórum eftir fiskmagni. Kostur handflokkunar er, að samtímis er auðvelt að gæðaflokka fiskinn. Má ætla að 200 m^2 verði fullnægjandi í endanlegu fyrirkomulagi miðað við að 240 tonn fari í gegn á dag.

Kassageymsla.

Heppilegt er að hún verði við hliðina á móttökunni. Miðað er við að 5000 kassar verði fyrir hendi, til að rúma 240 tonn. Hver kassi tekur 55 kg, af ísuðum fiski og reiknað er með að 12 kassar verði í stæðu. Telja má 240 m^2 fullnægjandi við fullt umfang. Fermetraþörf minnkar við minni rekstur, en þó ekki hlutfallslega, vegna athafnarýmis.

Sölurými.

Gert er ráð fyrir að 6 kassar verði í hverri stæðu. Miðað er við að heppileg plássnýting verði 40% við 100 tonna aflamagn. Þannig þarf 750 m^2 ef 100 tonn eru boðin upp á dag, en 1.200 m^2 ef 240 tonn fara um markaðinn á dag.

Tæki o. þ. h.

Reiknað er með að tæki svo sem lyftarar séu geymd í sölurými þegar þau eru ekki í notkun.

Skrifstofuaðstaða.

Frá 50 m^2 í byrjun, upp í 150 m^2 að meðtalinni hreinlætisaðstöðu.

6. Fyrsti áfangi. Tilraunamarkaður og fiskmiðlun eða stærri markaður?

Nefndin hefur gert ráð fyrir því, að ef farið væri af stað með fiskmarkað, þá yrði um tilraunamarkað að ræða í byrjun þar sem samhliða hefðbundnu uppboði mætti koma á skipulegri fiskmiðlun, bæði til að auðvelda hin óformlegu skipti á fiski, sem er við lýði í dag, sem og til að starfsmenn fái þjálfun í samskiptum við fiskseljendur og fiskkaupendur áður en veruleg umsvif yrðu á markaðinum.

Nefndarmenn hafa reynt að meta hve umfangsmikill slíkur tilraunamarkaður þyrfti að vera til þess að ná hvoru tveggja þ. e. nægjanlega stórri rekstrareiningu til þess að tilraunin geti borið sig fjárhagslega og jafnframt að halda tilkostnaði og rýmisþörf í lágmarki.

Eftirfarandi kostir hafa verið skoðaðir í þessu sambandi:

A. 60 tonna markaður.

Hér er miðað við 60 tonna hámarksafkastagetu á dag. Ekki er miðað við að markaðurinn sæi um löndun afla, heldur myndu seljendur skila fiskinum við móttökudyr. Líklegt er að ef þessi leið yrði valin, þá yrðu það mest smábátaeigendur sem settu fisk á markaðinn, en einnig yrði „skiptimarkaður" vinnslustöðvanna verulegur hluti af veltu markaðarins. Markaðurinn mundi þegar í upphafi starfa á sama grundvelli og stærri markaður sem hefði í för með sér umtalsverðan stofnkostnað, svo sem yfirstjórn og tækjabúnað sem ekki nýttust að fullu borið saman við stærri einingu, þó svo að spara mætti í húsrýmisþörf.

Þegar í upphafi þyrfti að ráða 4 fasta starfsmenn þ. e. framkvæmdastjóra, uppboðshaldara, sem einnig væri verkstjóri við flokkun og uppröðun, starfsmann við síma og talstöð er annast móttöku og e. t. v. miðlun og skrifstofumann er annast reikningshald.

Til þess að reka slíkan markað þarf að lágmarki um 330 m² gólfpláss fyrir móttöku, kassageymslu og uppröðun til uppboðs (150 m² móttaka og kassageymsla og 180 m² fyrir uppboðið).

B. Markaður sem afkastaði frá 100 til 240 tonnum á dag.

Þótt margt mæli með því að einungis sé ráðist í stofnun 60 tonna markaðar í byrjun, er þó margt sem bendir til að það dæmi gangi illa upp fjárhagslega og að lágmarksstærð þurfi að vera á bilinu 100 til 200 tonn ef markaðurinn eigi að geta borið sig. Sé miðað við að 100 tonn fari um markaðinn á degi hverjum og þegar í upphafi sé komið á framtíðarskipulagi, þarf um 1.100 m² af gólfplássi, en um 1.650 m² ef 240 tonn fara um markaðinn á dag. Geta má þess, að það er skoðun margra þeirra er nálægt máli þessu hafa komið, að ef tilraunin eigi að takast þurfi þegar í upphafi að miða við að umtalsvert magn, eða ca. 200 tonn fari um markaðinn á degi hverjum. Miðað við 250 rekstrardaga, væri slíkt magn um 27% af heildaraflamagni Faxaflóasvæðisins eins og það er skilgreint hér að framan (þ. e. 185.000 tonn).

7. Stofnkostnaður.

Reynt hefur verið að nálgast hve mikill stofnkostnaður þeirra þriggja kosta sem nefndir eru hér að framan yrði. Verða þær niðurstöður raktar hér á eftir sem og reynt að gera lauslega grein fyrir þeim stofnbúnaði sem útvega yrði áður en starfræksla hæfist. Í sumum tilvikum má e. t. v. lækka stofnkostnað í upphafi með því að leigja einstök tæki, í stað afskrifta og vaxta kæmu þá útgjöld vegna leigu. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að húsnæði fáist frá viðkomandi hafnar- eða sveitarstjórnum svo ekki þurfi að ráðast í húsbyggingu í upphafi. Tekið skal fram að um mjög grófa nálgun er að ræða.

A. 60 tonna markaður.

Flokkunarfæribönd	2 stk
Rafmagnslyftarar	2 stk
90 lítra kassar	2100 stk
Vogir	
Skrifstofubúnaður þ. m. t.	
sími, talstöð o. fl.	
Undirbúningskostnaður	
Nauðsynleg breyting húsnæðis	
Samtals	**6.500.000**

B. b.1. Afkastageta 100 tonn.

3 flokkunarfæribönd	
3 lyftarar	
4000 90 lítra kassar	
Vogir	
Skrifstofubúnaður, sími,	
talstöð o. fl.	
Undirbúningskostnaður	
Nauðsynleg breyting húsnæðis	
Samtals	**11.000.000**

b.2. Afkastageta 240 tonn.

3 flokkunarfæribönd	
4 lyftarar	
5000 90 lítra kassar	
Vogir	
Skrifstofubúnaður, sími,	
talstöð o. fl.	
Undirbúningskostnaður	
Nauðsynleg breyting húsnæðis	
Samtals	**12.500.000**

8. Tekjuöflun — Rekstrarkostnaður.

Við útreikning á væntanlegum tekjum fiskmarkaðar hafa nefndarmenn byggt á sama fyrirkomulagi og gildir um uppboð á fiski í nálægum löndum. Uppskipun og meðhöndlun á afla frá skipshlið að móttökudyrum markaðar greiðist samkvæmt reikningi eða með svipuðu sniði og nú er. Sá hluti rekstrarkostnaðar á þannig að vera gerður upp á núlli og er því ekki tekinn með inn í rekstrardæmið eins og það er sett upp hér á eftir.

Á þeim fiskmörkuðum sem Íslendingar þekkja best, er til viðbótar við uppskipunar- og meðhöndlunarkostnað greidd 4% uppboðslaun til að mæta kostnaði við uppboðið sjálft. Hefur verið miðað við þá tölu hér, en jafnframt er á það bent að á þeim markaði sem hér er rætt um, fer fram mun viðameiri starfsemi en á mörkuðum erlendis, þ. e. fiskurinn er flokkaður mun meira og sparast því sú vinna hjá vinnslustöðvum. Líklegt er því að vinnslustöðvar telji sig geta greitt hærra verð fyrir flokkaðan fisk. Hitt getur þó verið, að aukakostnaður markaðarins af þessum sökum verði það mikill að 4% uppboðslauna séu of lág. Til að nálgast „líklegt“ rekstrardæmi má hafa eftirfarandi tölur til hliðsjónar.

Miðað er við móttöku á 60 tonnum á 8 klst. Gera má ráð fyrir að kostnaður hækki síðan að mestu í hlutfalli við magn það sem um markaðinn fer.

Mannaflanotkun:

Lyftari: 2 menn í 12 klst. =	24 klst.
Flokkun: 2 menn í 8 klst. =	16 klst.
Helling: 2 menn í 8 klst. =	16 klst.
Vigtun, jöfnun og merking: 2 menn í 8 klst. =	16 klst.
Aðstoð við uppboðshald og frágang: 2 menn í 6 klst. =	12 klst.
Samtals	84 klst.

Lyftarar:
2 lyftarar, sem fyrst eru notaðir hvor við sinn enda móttöku og við afhendingu fisks að loknu uppboði.

Rekstraráætlun miðað við eitt ár, 250 rekstrardagar.

Beinn rekstrarkostnaður:

	Kr.	Kr.
Laun verkamanna: 21 þús. klst. á kr. 300		6.300.000
Lyftarar útl. kostn.: 6000 klst. á kr. 300		1.800.000
Annar kostn. (rafmagn, vatn, hreinl. o. fl.)		800.000
Afskriftir:		
Kassar 20%	250.000	
Lyftarar og annar bún. 15%	300.000	
Skrifstofubúnaður 20%	100.000	650.000
Beinn rekstrarkostn. samtals		9.550.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:		
Launakostnaður	4.200.000	
Sími og talstöð	400.000	
Annað	600.000	5.200.000
Kostnaður samtals		14.750.000

Með sama hætti áætlast rekstrarkostnaður stærri markaðar þannig:

100 tonna markaður:	Kr. 19.000 000
240 tonna markaður:	Kr. 29.600.000

Út frá þessum rekstrarkostnaði má áætla hvert meðalverð á markaðinum þurfi að vera, til að fáist inn fyrir þeim kostnaði sem að framan er rakinn, þ. e. áður en kemur að greiðslu húsaleigu, vaxta, hagnaðar eða annars kostnaðar tengdum stofnun fiskmarkaðarins.

Samband afkastagetu, meðalnýtingar og meðalverðs á kíló af fiski.

250 rekstrardagar á ári.

Afkastageta á dag	Meðal nýting afkastagetu	Kostn. við hvert kg sem fer um markaðinn	Meðalverð á kg sem þarf að fá miðað við 4% uppboðslaun
60 tonn	100% (60 tonn)	0,98	24,50
	90% (54 tonn)	1,09	27,25
	80% (48 tonn)	1,23	30,75
	70% (42 tonn)	1,40	35,00
	60% (36 tonn)	1,64	41,00
100 tonn	100% (100 tonn)	0,76	19,00
	90% (90 tonn)	0,84	21,00
	80% (80 tonn)	0,95	23,75
	79% (70 tonn)	1,09	27,25
	60% (60 tonn)	1,27	31,75
240 tonn	100% (240 tonn)	0,49	12,25
	90% (216 tonn)	0,55	13,75
	80% (192 tonn)	0,62	15,50
	70% (168 tonn)	0,70	17,50
	60% (144 tonn)	0,82	20,50

9. Rekstrarform.

Rætt hefur verið ítarlega um hvaða rekstrarform henti best til rekstrar á tilraunamarkaði með fisk. Þau atriði sem einkum koma til athugunar í þessu sambandi eru:

— Hvernig tryggja megi nauðsynleg fjárframlög til að standa undir stofnkostnaði.
— Hvernig best sé tryggt að aðhalds sé gætt í öllum rekstri.
— Hvernig tryggja megi að fyllstu óhlutdrægni sé gætt í öllu starfi markaðarins.

Niðurstaða nefndarmanna eru sú, að leggja til að markaðurinn verði stofnaður og rekinn sem hlutafélag sem verði í eigu bæði kaupenda og seljenda ásamt hagsmunasamtökum þeirra og opinberra aðila. Við stofnun félagsins þarf og að gæta þess að fulltrúar framangreindra aðila eigi aðild að stjórn þess. Nefndin telur rétt að stefna að því að tilraunamarkaðurinn hafi a. m. k. 200—240 tonna afkastagetu á dag.

10. Hlutafjárútboð.

Nefndin hefur látið útbúa stofnsamþykktir fyrir hlutafélag um rekstur fiskmarkaðar á Faxaflóasvæðinu. Reiknað er með að almenn þátttaka um stofnun slíks félags náist meðal þeirra aðila sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu á þessu svæði, sem og frá hagsmunasamtökum þessara aðila. Að auki er reiknað með því, að hið opinbera leggi fram nokkurt hlutafé og það sveitarfélag þar sem markaðurinn verður staðsettur leggi og fram hlutafé, auk þess að leggja til húsnæði og aðra aðstöðu fyrir tilraunamarkaðinn í upphafi.

Eftirfarandi skipting hlutafjár er vísbending um hvernig nefndarmenn hafa hugsað sér að samsetning hlutafjár gæti orðið:

40 málsaðilar hver með kr. 200.000	8.000.000
30 einstaklingar hver með kr. 25.000	750.000
Opinberir aðilar	1.000.000
Sveitarfélag	1.000.000
Hagsmunasamtök	2.000.000
Samtals hlutafjársöfnun	12.750.000

11. Lagaleg vandamál.

Ekki er fyrirséð er þetta plagg er tekið saman að lagabókstafir komi í veg fyrir að fiskmarkaður verði rekinn með því sniði sem hér hefur verið lýst. Sjávarútvegsráðuneytið vinnur nú að hönnun á þeim lögum sem hugsanlega þyrfti að breyta til þess að reka megi fiskmarkað.

Þeirri vinnu er ekki lokið, en fyrir liggur ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að hann muni beita sér fyrir breytingu á þeim lögum sem hugsanlega kynnu að standa í vegi fyrir rekstri á uppboðsmarkaði með fisk, ef aðrir málsaðilar eru tilbúnir til að standa að stofnun slíks markaðar.

Reykjavík, september 1986.

Óskar Vigfússon. Halldór Árnason.
Guðjón A. Kristjánsson. Ágúst Einarsson.
Ríkharð Jónsson. Gísli Jón Hermannsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Nd. 480. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „1 700 000“ komi: 800 000.
   b. Í stað „4 450 000“ komi: 3 150 000.
2. 6. gr. falli brott.
3. 8. gr. falli brott.
4. 9. gr. falli brott.

Sþ. 481. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „24 000“ kemur	30 000

Sþ. 482. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 459 [Fjárlög árið 1987].

Frá Ólafi G. Einarssyni, Halldóri Blöndal og Valdimar Indriðasyni.

Við 7. Liður 5.25 orðist svo:

Að selja dýpkunarskipið Hák og verja andvirðinu til kaupa á tækjum fyrir Hafnamálastofnun.

Sþ. 483. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 4. gr. 10-471 6.80 Framkvæmdir á flugvöllum. Sundurliðun á sérstöku yfirliti orðist svo:

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Reykjavík:		
Girðing, öryggissvæði	9 050	
Vörubifreið o.fl.	1 500	
Raflögn	1 000	
Malbik	8 500	
		20 050
2. Stykkishólmur:		
Öryggissvæði		500
3. Kambsnes við Búðardal:		
Öryggissvæði, girðing		1 000
4. Reykhólar:		
Flugbraut		3 700
5. Bíldudalur:		
Öryggissvæði		3 500
6. Flateyri:		
Farþegaskýli		1 300
7. Reykjanes:		
Flugbraut		1 600
8. Blönduós:		
Flugbrautarljós		1 700
9. Akureyri:		
Fjarskiptatæki	1 100	
Ljósabúnaður	600	
Snjóhreinsibúnaður	800	
		2 500
10. Húsavík:		
Öryggissvæði		4 000
11. Egilsstaðir:		
Flugstöð, breyting		2 800
12. Vopnafjörður:		
Flugstöð		4 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
13.	Borgarfjörður eystri:		
	Snjóhreinsibúnaður		650
14.	Norðfjörður:		
	Flugstöð	1 000	
	Snjóhreinsibúnaður	3 000	
			4 000
15.	Breiðdalsvík:		
	Öryggissvæði		750
16.	Hornafjörður:		
	Flugbraut		1 200
17.	Vestmannaeyjar:		
	Vindmælir o.fl.		650
18.	Sjúkraflugvellir:		
	Mývatnssveit	2 600	
	Fáskrúðsfjörður	700	
	Kirkjubæjarklaustur	200	
	Selfoss	500	
	Haukadalur	350	
	Umfram á s.l. ári	850	
	Óráðstafað	1 300	
			6 500
19.	Flugleiðsögubúnaður og annað:		
	Radíóvitar, endurnýjun	1 600	
	Viðhaldsaðstaða vegna ratsjárkaupa	500	
	ATS- þjálfunarbúnaður	2 000	
	Forathugun vegna Færeyjaratsjár	300	
	Tækjabúnaður vegna veðurþjónustu	1 500	
	Tölvubúnaður fyrir NOTAM/kortadeild	1 000	
	Flugstjórnarmiðstöð, tækjabúnaður	600	
	Flugstjórnarmiðstöð, segulbönd	1 500	
			9 000
	Alls		69 400

Ed. 484. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (StB).

Við 3. gr.

a. Í stað „28,5%“ komi: 24,5%.
b. Í stað „38,5%“ komi: 34,5%.

Nd. 485. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÓE, HBl, GB).

1. Við 18. gr. Í stað „100 000“ komi: 130 000.
2. Við 26. gr. Í stað „428 000“ komi: 465 000.
3. Við 28. gr. Í stað „722 500“ komi: 820 000.

Ed. 486. Frumvarp til lánsfjárlaga [24. mál]

fyrir árið 1987.

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. des.)

Samhljóða þskj. 396 með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 130 000 þús. kr. á árinu 1987. Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.

26. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 465 000 þús. kr. á árinu 1987.

28. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 820 000 þús. kr.

Nd. 487. Lög [117. mál]

um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 337 (sbr. 120).

Nd. 488. Lög [88. mál]

um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 88.

Ed. 489. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu neðri deildar.

Alþingi, 20. des. 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Árni Johnsen.	Karl Steinar Guðnason.	Kolbrún Jónsdóttir.
	Björn Dagbjartsson.	

Sþ. 490. Skýrsla [274. mál]

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja árið 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana, hlutafélaga með ríkisaðild og sjóða, er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins.
Um árið 1985.

HITAVEITA SUÐURNESJA

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974. Á þeim hafa síðan verið gerðar breytingar og viðbætur með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, nr. 91 frá 29. maí 1984 og nr. 101 frá 31. desember 1985. Helstu breytingar í lögum nr. 101 frá 1985 frá eldri lögum eru þessar:

1. Eignarhluti breytist þannig, að hluti ríkissjóðs Íslands lækkar úr 40% í 20% en hin 80% skiptast milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda þann 1. desember 1984.

2. Stjórn fyrirtækisins verður skipuð 9 mönnum í stað 5 áður. Hvert sveitarfélag tilnefnir einn fulltrúa og iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa hvor. Kjörtímabil stjórnarmanna verður 4 ár og hefst 1. ágúst næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, nema fulltrúa ríkisins sem skipaðir verða til eins árs í senn og taka sæti á aðalfundi. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu miðað við eignarhlutfall, enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt.

3. Hitaveita Suðurnesja verður undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóða á starfssvæði sínu.

Þegar hitaveitan og rafveiturnar höfðu verið sameinaðar var gefin út reglugerð til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að eldri reglugerðir rafveitnanna á svæðinu gildi til bráðabirgða. Unnið er að gerð nýrrar reglugerðar fyrir hitaveituna í ljósi þeirra stórfelldu breytinga sem orðið hafa á rekstri hennar á árinu.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1985

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifikerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ.e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn er selt var í lok ársins nam 28.062 lítrum á mínútu, og keypti Keflavíkurflugvöllur u.þ.b. 53,3%. Búist er við um 2% söluaukningu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu. Þá voru seld um mæla 154.022 tonn auk 97.872 tonna til laxeldis.

Helstu framkvæmdir:

Kaldavatnsöflun, loftræstikerfi o.fl. í orkuveri	3,0 m.kr.
Undirbúningur og hönnun 15 MW virkjunar í Eldvörpum	2,1 "
Dreifikerfi o.fl. fyrir hitaveitu	8,7 "
Rafveitukerfi, gatnalýsing	11,6 "
Húsakaup v/skrifstofu, verkstæðis og birgðageymslu og tilheyrandi	14,8 "
Tölvumiðstöð með tilheyrandi	5,0 "
	45,2 m.kr.
Ýmislegar birgðavörur, áhöld o.fl. frá rafveitum sveitarfélaganna	17,8 "
	63,0 m.kr.

Þau merku tímamót áttu sér stað á árinu, að í fyrsta sinn frá stofnun fyrirtækisins varð hagnaður af rekstri þess. Hagnaðurinn varð 85,7 millj. kr. og rann til jöfnunar á tapi fyrri ára sem samtals nemur, á verðlagi ársins 1985, 837,4 millj. kr. Meginástæða þessarar breyttu þróunar er sú, að þróun verðlags var á árinu mjög hagstæð þannig að skuldir, sem bundnar eru gengi erlendra mynta, hækkuðu til muna minna en innlent verðlag.

Á árinu var gjaldfærður gengisjöfnunarreikningur að upphæð 376,5 millj. kr. og afskriftir voru samtals 129 millj. kr. og hafa þá verið afskrifaðar samtals 769,5 millj. kr. eða 25,57% bókfærðs heildarverðs í árslok.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1985 (í þús.kr.)	1984 (í þús.kr.)	1983 (í þús.kr.)
Rekstrartekjur	539.073	279.289	205.708
Rekstrargjöld	(308.919)	(142.481)	(110.156)
Fjármagnsgjöld (nettó)	(144.458)	(211.260)	(192.991)
Hagnaður (tap)	85.696	(74.452)	(97.439)
Eignir	2.467.691	1.907.257	1.472.093
Skuldir	(2.063.497)	(1.834.669)	(1.349.630)
Eigið fé	404.194	72.588	122.463

Starfslið hitaveitunnar í árslok 1985 var 61 maður og hafði fjölgað um 24 á árinu, aðallega vegna sameiningar rafveitnanna og hitaveitunnar.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1986:

Gert er ráð fyrir nokkrum rekstrarhagnaði á árinu en vegna stóraukinna afborgana af lánum (úr 46 m.kr. í 152 m.kr.)

getur greiðslustaðan orðið erfið, því ekki verður um neinar lántökur að ræða á árinu. Á árunum 1987-1992 verða afborganir af lánum síðan u.þ.b. 250 m.kr. á ári og verða sérstaklega árin 1987-9 erfið.

Framkvæmdir á árinu 1986 verða u.þ.b. 150 m.kr., þar af u.þ.b. 70 m.kr. í raforkukerfum og u.þ.b. 20 m.kr. í öðrum framkvæmdum tengdum sameiningunni.

Með sameiningunni næst umtalsverð aukin hagkvæmni í rekstri eins orkufyrirtækis á Suðurnesjum frá því sem var í rekstri 7 fyrirtækja áður.

Má þar helst nefna eftirfarandi:

1. Sameiginleg raforkukaup með einum samtímamældum afltoppi.
2. Minni vörulager og samræmd innkaup.
3. Betri nýting vinnuafls með stærri framkvæmdaáföngum.
4. Ein yfirstjórn getur milliliðalaust framkvæmt samræmdar sparnaðaraðgerðir í orkumálum á Suðurnesjum.
5. Hitaveitan getur sjálf framleitt rafmagn að vissu marki inn á dreifikerfi rafveitunnar.
6. Tölvuvæðing hitaveitu nýtist rafveitunni að fullu og sparar þar með aukafjárfestingu.
7. Húsnæði og bílar hitaveitu nýtast jafnframt rafveitunni.
8. Sömu aðilar annast innheimtu rafmagns- og hitaveituvatnsgjalds, enda eru í mörgum tilvikum sömu skuldunautarnir.

Stjórn

Ný stjórn Hitaveitu Suðurnesja tók við störfum á aðalfundi 29. mars 1985 og var hún þannig skipuð:

Formaður:	Steinþór Júlíusson, fulltrúi Keflavíkurbæjar.
Varaformaður:	Ólafur G. Einarsson, fulltrúi Fjármálaráðuneytisins.
Ritari:	Finnbogi Björnsson, fulltrúi Gerðahrepps.
Meðstjórnendur:	Albert Karl Sanders, fulltrúi Njarðvíkurbæjar, og Jóhann Einvarðsson, fulltrúi Iðnaðarráðuneytisins.

Eftir sameiningu rafveitnanna og hitaveitunnar fengu síðan fulltrúar þeirra sveitarfélaga, sem ekki áttu mann í stjórn, rétt til fundarsetu með tillögurétti og málfrelsi, þeir voru:

Frá Grindavík:	Jón Gunnar Stefánsson, bæjarstjóri
Frá Miðneshrepp:	Jón K. Ólafsson, sveitarstjóri

Frá Vatnsleysustr.hr.: Kristján Einarsson, sveitarstjóri
Frá Hafnahrepp: Þórarinn St. Sigurðsson, sveitarstjóri

Í samræmi við lögin nr. 101 frá 31. desember 1985 var síðan formlega fjölgað í stjórninni úr 5 í 9 og sátu áfram þeir sömu og að ofan greinir nema að frá Miðneshrepp kom Elsa Kristjánsdóttir oddviti. Þessi stjórn sat síðan til 1. ágúst 1986.

Eftirtaldir menn veita nú fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri: Ingólfur Aðalsteinsson
Framkvæmdastj. fjármálasviðs: Júlíus Jónsson
Framkvæmdastj. tæknisviðs: Albert Albertsson.

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um breytingu á þeim lögum. Íslenska ríkið hefur frá öndverðu átt 55% hlutafjárins, en aðrir eigendur eru Elkem a/s í Osló með 30% eignarhlut og Sumitomo Corporation í Tokyo með 15%. Félagið var stofnsett hinn 28. apríl 1975 "til framleiðslu á kísiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur" eins og segir í lögunum.

Framleiðslan er blendi af kísil (silisium, silicon) og járni, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Framleiðslan frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Þetta efni er íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu, en einnig er það notað við járnsteypu og lítillega til efnaiðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir fjóra stjórnarmenn og úr þeirra hópi stjórnarformann, en Elkem tilnefnir tvo og Sumitomo Corp. einn.

Reksturinn 1985

Á árinu hallaði undan fæti í rekstrinum samanborið við góða afkomu ársins 1984. Framleiðslumagn varð að vísu svipað og áður eða 60.328 tonn, en salan dróst stórlega saman, í 54.504 tonn, - 14% frá fyrra ári.

Í stað 132,2 m.kr. hagnaðar 1984 varð 8,2 m.kr. tap eftir að reiknaðar höfðu verið 242,2 m.kr. í afskriftir og 29,1 m.kr. nettó í fjármagnsgjöld að frádregnum tekjum vegna verðlagsbreytinga.

Sölutekjur félagsins voru 1.219,1 m.kr., svo að hallinn á rekstrinum varð 0,67% af veltu.

Starfsmannafjöldi var að meðaltali 197 manns, 11 fleiri en 1983.

Helstu tölur úr ársreikningum félagsins eru þessar í millj. króna:

	1985 m.kr.	1984 m.kr.	1983 m.kr.
Rekstrartekjur	1.137,8	1.119,9	588,2
Rekstrargjöld	(1.116,9)	(873,0)	(588,9)
Nettó fjármagns-tekjur (gjöld)	(29,1)	(114,7)	(112,8)
Hagnaður (Tap)	(8,2)	132,2	(113,5)
Eignir	3.065,2	2.345,7	1.842,8
Skuldir	(1.706,1)	(1.525,8)	(2.158,2)
Eigið fé	1.359,1	819,9	(315,4)

Enn er yfirframboð á heimsmarkaði fyrir kísiljárn, sem þegar á árinu 1985 lækkaði verð stórlega. Stálframleiðsla, sem kísiljárnmarkaður byggist á að verulegu leyti, fer nú einnig minnkandi og því má búast við þröngum hag framleiðenda í þessari grein um hríð. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu í lok árs 1984 er samkeppnishæfni verksmiðjunnar hins vegar slík, að afkoma hennar er síst lakari en sams konar verksmiðja í nágrannalöndunum.

Stjórn

Stjórnarmenn tilnefndir af iðnaðarráðherra á aðalfundi í apríl 1985 eru Barði Friðriksson, hrl., formaður, Páll Bergþórsson, veðurfræðingur, varaformaður, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri, og Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur. Elkem a/s tilnefndi tvo stjórnarmenn, Frank Myhre og Per Kistian Björgum, og Sumitomo Corporation einn, Kiyotomo Sakruma. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Sigurðsson.

JARÐBORANIR RÍKISINS

Jarðboranir ríkisins voru stofnaðar 1945 og var fyrirtækið framan af rekið sem deild innan embættis raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt.

Árið 1958 var Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi þessara aðila um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð sérstök borstjórn. Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins.

Í orkulögum nr. 58/1967 er kveðið á um, að Jarðboranir ríkisins skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, og er iðnaðarráðherra heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur betur henta, að annast reksturinn. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra, sem er ábyrgur fyrir rekstri beggja fyrirtækjanna undir yfirstjórn stjórnar gufuborsins og orkumálastjóra.

Borgarstjórinn í Reykjavík og iðnaðarráðherra undirrituðu 8. maí 1985 samning milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu Gufubors ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins í hlutafélagi. Samningur þessi var staðfestur með lögum nr. 107/1985. Hlutafélagið "Jarðboranir hf." var stofnað 7. febrúar 1986.

Rekstur 1985

Á árinu 1985 voru starfræktir fimm snúningsborar, þrír höggborar og fimm kjarnaborar auk ýmissa tækja tengdra borunum. Mikið var unnið að þjálfun starfsmanna og útvegun tækja vegna þróunar nýrrar bortækni við loftboranir.

Boranir á árinu skiptust þannig:

a) heitt vatn fyrir hitaveitur	6	holur
b) gufa á háhitasvæðum	7	"
c) heitt vatn til fiskeldis	4	"
d) ferskt vatn og sjór til fiskeldis	6	"
e) heitt vatn fyrir bændur	6	"
f) kalt vatn fyrir sveitarfélög	12	"
g) hreinsun á háhitaholum	18	"
h) rannsóknarborun vegna jarðhita	4	"
i) rannsóknarborun vegna mannvirkjagerðar	19	"

Helstu viðskiptavinir Jarðborana voru hitaveitur, sveitarfélög, fiskeldifélög, bændur og aðrir einstaklingar, verksmiðjur og raforkuver. Miðað við árið 1984 varð 16% aukning á umfangi verkefna á árinu 1985 og gætir þar mest borana á Nesjavöllum. Hagnaður af rekstrinum var 11% af tekjum og er það svipað hlutfall og árið 1984.

Fastráðnir starfsmenn við stjórnun voru 9 á árinu, 6 menn unnu að staðaldri í áhaldahúsunum við birgða- og tækjavörslu og viðhald bora og tækja. Í áhöfn boranna voru 66 menn, þegar flestir voru. Heildarvinnustundafjöldi á árinu var 190.400 klst., hjá fastráðnum mánaðarkaupsmönnum samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna 25.700 klst., og hjá öðrum starfsmönnum 164.700 klst. Seldar vinnustundir í borverkum voru 116.200 klst. Heildarlaunagreiðslur voru 46,9 m.kr.

Samkvæmt lögum nr. 107/1985 voru Jaðboranir ríkisins lagðar niður í árslok 1985 og lýkur þar 40 ára viðburðaríkum starfsferli fyrirtækisins. Jarðboranir hf., til helminga eign ríkissjóðs og Reykjavíkur, taka við öllum rekstri, sem Jarðboranir ríkisins áður höfðu.

Í stórum dráttum er samningur ríkisins og Reykjavíkur um stofnun Jarðborana hf. fólginn í því, að eignaraðild aðilanna er jöfn. Hvor um sig leggur til sinn helming í Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar og ríkið leggur til allar eignir Jarðborana ríkisins að undanskilinni húseign í Kópavogi.

Jarðboranir greiða til ríkisins 85,7 m.kr., þar af 44,5 m.kr. í peningum árið 1986 og 41,2. m.kr. með tíu ára skuldabréfi. Reykjavíkurborg greiðir til Jarðborana hf. 60,2 m.kr., þar af 22,8 m.kr. í peningum 1986 og 22,8 m.kr. í peningum 1987 og 14,6 m.kr. með skuldabréfi til tíu ára.

Niðurstöður rekstrar Jarðborana ríkisins (JBR) og Gufubors ríkisins og Reykjavíkurborgar (GRR) eru:

	JBR þús.kr.		GRR þús.kr.	
	1985	1984	1985	1984
Rekstrartekjur	155.250	71.604	25.889	36.691
Rekstrargjöld	(87.658)	(47.241)	(22.510)	(23.626)
Afskriftir	(35.575)	(16.986)	(15.347)	(7.629)
Hagnaður (tap)	32.017	7.377	(11.968)	5.436

* Verðbreytingarfærsla hefur ekki verið reiknuð.
* Hagnaður (tap) án fjármagnsliða.

Framkvæmdastjóri Jarðborana ríkisins var Karl Ragnars verkfr. og hefur hann tekið við framkvæmdastjórn Jarðborana hf.

JARÐBORANIR RÍKISINS - EFTIRMÆLI

Um síðustu áramót setti Alþingi Íslendinga lög um að Jarðboranir ríkisins hættu starfsemi, en við tæki hlutafélag, sem ríkið og Reykjavíkurborg stofnuðu og kallaðist

Jarðboranir hf. Venjulega er við það miðað, að Jarðboranir ríkisins hafi verið stofnaðar 18. apríl 1945, þegar Áki Jakobsson, þáverandi atvinnumálaráðherra, gaf út erindisbréf þar sem Rafmagnseftirliti ríkisins var falið að taka við rekstri þriggja jarðbora, sem Rannsóknaráð ríkisins hafði áður haft með höndum. Fljótlega eftir þessa ráðstöfun fékk fyrirtækið nafnið Jarðboranir ríkisins og segja menn sem unnu við boranir á þessum tíma að fram eftir sumri 1945 hafi verið talað um að unnið væri hjá "eftirlitinu" en þegar kom fram á haust sögðust menn vinna hjá Jarðborunum. Rafmagnseftirlitið er forveri Raforkumálaskrifstofunnar og Orkustofnunar en þessar stofnanir hafa allan tímann haft yfirumsjón með rekstri Jarðborana.

Á þessum tíma átti ríkið þrjá bora, einn haglabor frá Alfred Wirth í Þýskalandi og tvo kjarnabora frá Sullivan í Bandaríkjunum. Strax á fyrsta starfsári Jarðborana ríkisins bættust í hópinn nýr Sullivanbor, kallaður Sullivan II, og tveir höggborar, nefndir Höggbor I og II. Ári síðar var Sullivan III tekinn í notkun, en næsta tæki þar á eftir er stór bor af Cardwellgerð. Þann bor átti að vera hægt að nota bæði sem höggbor og snúningsbor en hann var í raun aldrei notaður til neinna borana. Árið 1953 er keyptur nýr höggbor, Höggbor III, og er hann enn í notkun. Það hafði lengi verið markmið að bora 1000 metra djúpa holu og segja má að þáttaskil hafi orðið í borunum árið 1958 þegar Gufuborinn var keyptur til landsins. Fljótlega eftir að hann kom var bæði 1000 metra og 2000 metra metið slegið. Næsti bor var af Franksgerð fenginn 1960 og því næst Mayhew 1000 árið 1961. Báðir þessir borar komu frá Sölunefnd varnarliðseigna. Árið 1962 er keyptur stór snúningsbor frá Svíþjóð af gerðinni Craelius B-4. Þessi bor var nefndur Norðurlandsborinn en 1966 er honum breytt og nýr bor búinn til úr Cardwellbornum frá 1947 og Craelius B-4 bornum. Var sá bor nefndur Norðurbor. Í lok sjöunda áratugarsins voru keyptir tveir nýir Craelius kjarnaborar frá Svíþjóð og fjórir notaðir borar frá Englandi, tveir Sullivanar og tveir Boyles Brothers. Snemma á áttunda áratugnum bættust höggborar V og VI í hópinn og Wabco, sem kallaður er Glaumur, var keyptur 1971. Jötunn kom árið 1975 og Narfi ári síðar.

Alls hafa Jarðboranir ríkisins eignast um 30 bora af ýmsum stærðum frá handbor til Jötuns, sem hægt er að bora með niður í 3600 metra dýpi. Jötunn boraði dýpstu holu landsins, 3085 m djúpa, á gamla Framvellinum við Skipholt í Reykjavík.

Alls hafa verið boraðir um 380 þúsund metrar á vegum Jarðborana ríkisins og að auki hafa verið boraðir um 191 þúsund metrar með Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem Jarðboranir ríkisins hafa séð um rekstur á frá því boranir hófust með Gufubornum árið 1958.

Ekki fer hjá því að í 40 ára sögu jarðborana á Íslandi hafi ýmislegt drifið á dagana. Skiptast þar á skin og skúrir, eins og í mannlífinu. Menn þeir sem að þessu hafa starfað hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum með árangur, en líka lifað sínar stóru stundir, þegar árangur fór fram úr björtustu vonum. Fjöldi starfsmanna vann hjá fyrirtækinu á þeim mannsaldri, sem það lifði, og eru nokkrir enn í starfi, sem hafa unnið hjá því frá upphafi, með hléum þó. Helst er þar að nefna Rögnvald Finnbogason og Guðmund Sigurðsson og má með sanni segja að þeir hafi gert borlistina að sínu ævistarfi. Fleiri, sem enn eru í starfi, réðust til fyrirtækisins í kjölfar þeirra tvímenninganna og er alveg óhætt að fullyrða að allt hefur þetta fólk getið sér góðan orðstír.

JARÐVARMAVEITUR RÍKISINS

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 80/1966, en þar segir m.a. að ríkisstjórninni sé heimilt "að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m.a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns".

Með bréfi, dags 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar.

Í lögum um Þörungavinnsluna h.f. á Reykhólum nr. 107 frá 27. desember 1973 er að finna hliðstætt ákvæði um að ríkið taki að sér að sjá þeirri verksmiðju fyrir heitu vatni frá jarðhitasvæði í eigu ríkisins á Reykhólum. Þetta hlutverk fól ráðuneytið Orkustofnun einnig að annast.

Sú starfsemi, sem Iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun að annast í Bjarnarflagi og á Reykhólum, gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins, sem eru B-hluta fyrirtæki á fjárlögum. Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins, sem hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og öðrum aðilum.

Starfsemin á Reykhólum var frá upphafi lítil að umfangi, borið saman við þá í Bjarnarflagi, og mun einfaldari á allan hátt (lághitavatn á Reykhólum; háhitagufa í Bjarnarflagi). Jarðvarmaveiturnar hafa því fyrir nokkrum árum gert samkomulag við Þörungavinnsluna um að annast rekstur hitavatnsveitunnar til verksmiðjunnar á eigin kostnað, og fær verksmiðjan heita vatnið fyrir verð sem samsvarar þeim kostnaði.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er því framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarmaveitur ríksins hafa einnig selt gufu til gufuaflstöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þess annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga, í samræmi við samning ríkisins við landeigendur jarðanna Reykjahlíðar og Voga.

Rekstur

Jarðvarmaveiturnar seldu Kísiliðjunni 302 þús. tonn af gufu á árinu og er það mesta sala á einu ári. 230 þús. tonn voru seld á meðaleiningarverðinu 32,31 kr/tonn en afgangurinn með 25% afslætti skv. ákvæðum í sölusamningi, þannig að meðal-

verðið miðað við heilúsölu var 31,08 kr/tonn.

Heildartekjur af gufusölu til Kísiliðjunnar námu 9,4 Mkr. og nýtanlegur varmi 168 GWh, þannig að meðalverð varmans var 5,60 aurar á kWh á árinu 1985.

Engin gufusala var til Landsvirkjunar á árinu 1985 en fyrri samningur við Laxárvirkjun rann út um mitt ár 1984. Samningaviðræður Jarðvarmaveitna ríkisins og Landsvirkjunar um áframhaldandi gufusölu til Gufustöðvarinnar í Bjarnarflagi (3 MW) snemma á árinu 1985 báru ekki árangur. Með lögum nr. 102 frá 31. desember 1985 var hins vegar samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu. Í þeim lögum er ríkisstjórninni ennfremur heimilað "að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði ...".

Á árinu 1985 sáu Jarðvarmaveitur ríkisins um framkvæmdir á vegum Iðnaðarráðuneytisins við endurbyggingu Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga við Mývatn. Lokið var við lagnir og byggingar, þ.e. hús fyrir varmaskiptistöð ásamt utanhúss frágangi. Á árinu 1986 verður framkvæmd að fullu lokið.

Rekstur gufuveitunnar í Bjarnarflagi hefur gengið mjög vel á undanförnum árum. Hallann á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins má einfaldlega rekja til skemmda á mannvirkjum þeirra í Bjarnarflagi af völdum eldsumbrota. Í umbrotum eyðilögðust allar borholur gufuveitunnar og varð að bora tvær nýjar holur. Til þeirra framkvæmda voru tekin lán sem fyrirtækinu hefur verið ókleift að standa skil á þar sem engar tjónabætur hafa komið til.

Fyrirtækið hefur að fullu staðið við lánaskuldbindingar vegna allra annarra framkvæmda frá upphafi og lýkur öllum greiðslum af þeim lánum á árinu 1986.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Rekstrartekjur	11.124	11.763	10.982
Rekstrargjöld	(3.172)	(3.194)	(4.677)
Fjármagnsgjöld	(9.854)	(11.374)	(10.504)
Hagnaður (tap)	(1.902)	(2.805)	(4.199)
Eignir	78.157	69.199	63.379
Skuldir	(159.253)	(134.237)	(111.047)
Eigið fé (neikvætt)	(81.096)	(65.038)	(47.668)

KÍSILIÐJAN H.F. VIÐ MÝVATN

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966 ásamt síðari breytingum.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni er nú þannig:

Ríkissjóður	59,8%
Manville International	39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands)	0,4%

Á árinu 1982 var sameignarsamningurinn við Manville International framlengdur frá 13. ágúst 1986 til 13. ágúst 1996.

Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ.e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville International tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Á fundi sameinaðs Alþingis 14. mars 1983 voru kjörnir þrír fulltrúar ríkisins og jafnmargir varamenn í stjórn Kísiliðjunnar h.f. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1983 til jafnlengdar 1987. Stjórnarmenn ríkisins eru nú Sigurður R. Ragnarsson, vélavörður, formaður, Jón Illugason, bóndi, og Björn Jósep Arnviðarson, lögfræðingur.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík. Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þessa félags.

Framleiðsla og sala

Framleiðslan gekk mjög vel á árinu 1985. Framleidd voru 29.388 tonn af fullunnum kísilgúr, sem er framleiðslumet. Áður hafði mest verið framleitt á árinu 1984, 27.265 tonn.

Markaðsaðstæður fyrir kísilgúr í Evrópu voru góðar á árinu 1985. Útflutningur var á árinu meiri en nokkru sinni eða 27.693 tonn. Innanlands voru seld 28 tonn.

Rekstur

Rekstrarafkoma Kísiliðjunnar h.f. var góð á árinu 1985. Rekstrartekjur að frádregnum útflutningskostnaði námu 218,8 millj. kr. Hagnaður ársins nam 23,5 millj. kr. Rekstrarniðurstaðan felur í sér 17,9 millj. kr. afskriftir og 5,8 millj. kr. nettó fjármagnskostnað. Þar af eru 3,6 millj. kr. reiknuð gjaldfærsla vegna verðbreytinga.

Ástæður betri afkomu félagsins eru fyrst og fremst góðar markaðsaðstæður. Þannig var mögulegt að stefna að hámarksframleiðslu með þeirri hagkvæmni, sem því fylgir.

Gengisþróun á síðari hluta ársins var félaginu einnig hagstæð. Kísiliðjan h.f. selur mestan hluta framleiðslunnar í Evrópumyntum, en þær styrktust mjög á umræddu tímabili.

Fjárfestingar voru nokkrar á árinu. Þar er helst að nefna kaup á vesturþýskum pökkunarvélum. Margt vinnst með vélum. Mannshöndin snertir nú einungis á kísilgúrpokanum við fyllingu. Framleiðslueiningin lítur mun betur út en áður og minna fer fyrir henni. Þannig fæst aukin hagkvæmni í flutningi. Starfsfólki við pökkun fækkar úr 15 í 10. Nokkuð var um endurnýjun á eldri tækjum verksmiðjunnar og umfangsmikil lagfæring fór fram á verksmiðjuhúsi.

Rekstrarfjárstaða Kísiliðjunnar h.f. batnaði enn á árinu 1985. Engin ný lán voru tekin á árinu. Í árslok námu langtímaskuldir félagsins 4,7 millj. kr.

	1985 kr.	1984 kr.	1983 kr.
Rekstrartekjur	359.888.402	247.128.458	183.384.000
Rekstrargjöld	(330.547.360)	(231.842.276)	(176.724.000)
Fjármagnsgjöld	(5.798.129)	(4.733.950)	(6.405.000)
Hagnaður	23.542.913	10.552.232	255.000
Eignir	281.580.449	209.950.126	170.695.000
Skuldir	(30.340.606)	(33.136.555)	(39.581.000)
Eigið fé	251.239.843	176.813.571	131.114.000

Stjórn og starfslið

Í júní urðu framkvæmdastjóraskipti hjá Kísiliðjunni h.f. Hákon Björnsson, sem verið hafði framkvæmdarstjóri í rúm sex ár, lét þá af störfum. Við starfi framkvæmdastjóra tók Róbert B. Agnarsson, viðskiptafræðingur, fyrrum skrifstofustjóri Kísiliðjunnar h.f. Við starfi skrifstofustjóra tók Steinar Sigurðsson, viðskiptafræðingur.

Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á árinu.

Störfum fækkaði um sjö á árinu. Vegna breytinga á fyrirkomulagi flutninga kísilgúrs frá verksmiðjunni í Mývatnssveit til Húsavíkur fækkaði starfsmönnum um tvo. Lagt var niður starf skemmustjóra á Húsavík. Vegna tilkomu pökkunarvéla fækkaði starfsmönnum við pökkun kísilgúrs um fimm. Í ársbyrjun hófst starfsemi mötuneytis í verksmiðjunni og þar skipta tveir starfsmenn með sér einu starfi.

Fjöldi fastráðinna starfsmanna eftir þessar breytingar er 63 yfir vetrarmánuðina og 70 á þeim tíma sem dæling hráefnis úr Mývatni stendur yfir. Tryggingarskyldar vinnuvikur starfsmanna félagsins svara til þess að meðalfjöldi starfsmanna væri 73.

Heildarfjárhæð launa til starfsmanna og stjórnar á árinu var 43,6 millj. kr.

Önnur mál

Þann 30. janúar 1985 gaf iðnaðarráðherra út leyfi til handa Kísiliðjunni h.f. til að stunda námuvinnslu á Mývatni í 15 ár frá 13. ágúst 1986 að telja. Leyfisveiting til 15 ára styrkir mjög stöðu Kísiliðjunnar h.f. þrátt fyrir takmarkanir leyfisins.

Í námuleyfinu er kveðið á um skipan fjögurra manna nefndar, Verkefnisstjórnar Mývatnsrannsókna, til að hafa umsjón með rannsóknum á áhrifum námurekstrarins á lífríki Mývatnssvæðisins. Vegna lagalegra deilna tilnefndi Náttúruverndarráð ekki í fyrstu fulltrúa sinn í Verkefnisstjórnina. Með útgáfu tveggja viðauka við námuleyfið, þann 16. ágúst 1985 og 23. maí 1986, var komið mjög til móts við kröfur Náttúruverndarráðs og deilur jafnaðar. Til fjármögnunar rannsókna var gjald Kísiliðjunnar h.f. vegna kísilgúrtöku tvöfaldað frá 1. júní 1985 að telja. Rannsóknir á vegum Verkefnisstjórnar Mývatnsrannsókna hófust strax í september 1985 undir stjórn formanns nefndarinnar, Péturs M. Jónassonar, vatnalíffræðings.

Skiptar skoðanir hafa verið um áhrif námuvinnslu Kísiliðjunnar h.f. á Mývatni. Eftir 20 ára starfsemi verksmiðjunnar hefur ekkert komið fram, sem rennir stoðum undir fullyrðingar um skaðsemi vinnslunnar fyrir lífríki Mývatns. Kísiliðjan h.f. mun af heilum hug styðja við bakið á rannsóknum, sem færa okkur nær svarinu um tilverurétt verksmiðjunnar.

Í janúar var samið við Jón Gunnarsson á Húsavík um flutning á þriðjungi framleiðslu Kísiliðjunnar h.f. frá Mývatnssveit til Húsavíkur. Samningurinn er samhljóða samningi, sem áður var gerður um 2/3 hluta framleiðslunnar við Sniðil h.f. í Mývatnssveit. Þetta fyrirkomulag flutninga hefur reynst mjög vel og verið Kísiliðjunni h.f. til hagsbóta.

Mörg undanfarin ár annaðist Hafskip h.f. sjóflutninga á kísilgúr frá Íslandi til Evrópu. Síðla árs 1985 varð Hafskip h.f. gjaldþrota. Samið var við Eimskipafélag Íslands h.f. um að taka yfir flutningana. Samningurinn við Eimskip tryggir, að allur kísilgúr er nú fluttur út í vörugámum. Áður var gert ráð fyrir að 100% gámavæðing næðist um áramótin 1986-87.

Reksturinn á árinu 1986

Markaðsaðstæður hafa versnað og kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi sterkari samkeppnisaðstaða bandarískra

kísilgúrframleiðenda á Evrópumarkaði vegna falls bandaríkjadals og lágra flutningsgjalda. Í öðru lagi hefur komið til aukin kísilgúrframleiðsla í heiminum, án þess að notkun hafi aukist að sama skapi. Búist er við að framleiðsla og sala verði 15-20% minni en á árinu 1985.

Afkoman fyrstu átta mánuði ársins 1986 hefur þrátt fyrir söluerfiðleika verið viðunandi. Verksmiðjan skilar að öllum líkindum hagnaði á árinu. Kemur þar margt til. Meðalsöluverð hefur verið viðunandi, en fer þó lækkandi. Lækkun hefur orðið á olíu- og rafmagnsverði, auk breytinga sem leitt hafa til aukinnar hagkvæmni í rekstrinum.

KÍSILMÁLMVINNSLAN H.F.

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981 til að annast hagkvæmniathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25-30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í mars 1982. Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til, að aflað yrði lagaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 70, er heimila ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn félagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera, samkvæmt 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986-88 og miða allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu, þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýska fyrirtækið Mannesmann Demag, sem tryggir verksmiðjunni allan helsta véla- og rafbúnað á hagstæðu verði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykkt Alþingis á niðurstöðum skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aukningu hlutafjár félagsins. Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í mars 1984. Stærð og gerð allra helstu bygginga verksmiðjunnar hefur verið ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar hefur einnig verið ákveðið. Á grundvelli forhönnunar miðað við aðstæður á verksmiðjusvæðinu hefur stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar verið endurskoðuð. Heildarkostnaður verksmiðjunnar var á verðlagi í janúar 1985 áætlaður 2.366.000.000 kr. (58 millj. $), þar af er undirbúnings- og gangsetningarkostnaður áætlaður 142.000.000 kr. (3,5 millj. $), en byggingarkostnaður 2.224.000.000 kr. (54,5 millj. $). Heildarframkvæmdatími frá upphafi verks til gangsetningar fyrri ofns er áætlaður 28 mánuðir, en síðari ofn yrði gangsettur 6 mánuðum síðar.

Í maí 1983 ákvað iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum Stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni h.f. á Reyðarfirði. Var þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason,

fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar, og Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóra, að þeir störfuðu með undirnefnd Stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísleifi Gunnarssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli. Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki, er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá hafa komið hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísleif Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr Stóriðjunefnd, og Geir H. Haarde og Axel Gíslason, samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f., í viðræðunefnd sem hafi með höndum samningaumleitanir við aðila, er áhuga hafa á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar var Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar h.f. Einnig störfuðu með nefndinni Magnús Magnússon, verkfræðingur Kísilmálmvinnslunnar h.f., Baldur Guðlaugsson, lögfræðingur, Garðar Ingvarsson, deildarstjóri hjá Seðlabanka Íslands, og Hermann Sveinbjörnsson, deildarstjóri í Iðnaðarráðuneytinu.

Á árinu 1985 var könnunarviðræðum haldið áfram við nokkur fyrirtæki, er sýnt höfðu málinu áhuga. Í desember s.l. tók breska fyrirtækið RTZ Metals þá ákvörðun að hefja formlegar samningaviðræður við íslensku ríkisstjórnina um þátttöku í byggingu og rekstri verksmiðjunnar.

Í janúar 1986 skipaði Albert Guðmundsson, iðnaðarráðherra, Axel Gíslason, Birgi Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Guðmund G. Þórarinsson og Halldór J. Kristjánsson í nefnd til þess að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri, og Baldur Guðlaugsson, lögfræðingur.

Nefndin hefur á undanförnum mánuðum átt fjölda funda með fulltrúum RTZ Metals, þar sem fjallað hefur verið um einstaka þætti samninganna. Jafnframt er nú unnið að endanlegu mati aðila á arðsemi verksmiðjunnar. Í því sambandi hefur verið leitað tilboða í byggingu verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður samningaviðræðnanna liggi fyrir nú á næstu mánuðum.

Ríkissjóður greiddi 8,2 m.kr. í hlutafjárframlag á árinu 1982, 20 m.kr. 1983, 12,5 m.kr. 1984 og 10 m.kr. 1985.

Stjórn

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi sameinaðs Alþingis í maí 1985:

Geir H. Haarde, hagfræðingur, Sveinn Jónsson, verkfræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal, tæknifræðingur, Helgi Hálfdánarson, fulltrúi, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, og Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri er Geir A. Gunnlaugsson.

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965, samkvæmt lögum nr. 59 frá 11. maí 1965, og áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg sinn helminginn hvor. Í lögunum var ákvæði, sem heimilaði eigendum Laxárvirkjunar að ákveða að Laxárvirkjun sameinaðist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita eftir heimild eigenda sinna til að athuga möguleikana á sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eigenda beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, sem undirritaður var 27. febrúar 1981. Tók samningurinn gildi 1. júlí 1983 og á ríkissjóður frá þeim tíma áfram 50% í Landsvirkjun, en Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun nr. 42 frá 23. mars 1983.

Iðnaðarráðherra staðfesti nýja reglugerð fyrir Landsvirkjun þann 16. nóvember 1983. Er hún nr. 760/1983 og tók gildi 30. nóvember. Í henni er að finna nánari útfærslu og skýringar á lögunum um Landsvirkjun.

Yfirlit 1985

Hinn 1. júlí 1985 voru 20 ár liðin frá stofnun Landsvirkjunar. Í tilefni af því fór fram á árinu víðtæk kynning á starfsemi fyrirtækisins. Voru aflstöðvar Landsvirkjunar opnar almenningi til sýnis í því skyni og gerð kvikmynd um virkjun vatnsaflsins hér á landi, sem sýnd var í sjónvarpi. Alls sóttu um 19.000 manns stöðvar Landsvirkjunar heim og hlutu fræðslu um uppbyggingu og rekstur raforkukerfis fyrirtækisins.

Á fyrstu árunum í starfsemi Landsvirkjunar hefur uppsett afl aukist úr 108 MW í 752 MW og árleg orkuframleiðsla úr 487 GWst 1966 í 3.508 GWst 1984 eða um það bil sjöfaldast.

Árið 1985 var fremur lélegt vatnsár, en þrátt fyrir það reyndist vatnsbúskapurinn Landsvirkjun hagstæður vegna góðrar stöðu miðlana í upphafi ársins.

Rafmagnssala Landsvirkjunar nam alls 3.466 GWst, þar af 1.549 GWst til almenningsrafveitna (44,7%) og 1.917 GWst til stóriðju (55,3%). Rafmagnssala Landsvirkjunar í heild minnkaði um 44 GWst frá árinu áður eða um 1,3%, sem er niðurstaðan af aukinni rafmagnssölu til almenningsrafveitna um 98 GWst (6,7%) og minnkaðrar rafmagnssölu til stóriðju um 142 GWst (6,9%).

Gjaldskrá Landsvirkjunar gagnvart almenningsrafveitunum hækkaði hinn 1. janúar um 14% og var það eina hækkunin á árinu. Hefur gjaldskrárverðið lækkað að raungildi um þriðjung frá því í ágúst 1983, er það var hæst, og til ársloka 1985. Eru horfur á að gjaldskrárverðið haldi áfram að lækka að raungildi á næstu árum.

Meðalverð ársins til almenningsrafveitna hækkaði um 13,6% frá meðalverði árið 1984. Meðalverð til ÍSAL hækkaði um 64,4%, til Áburðarverksmiðjunnar um 60,8% og til Íslenska járnblendifélagsins h.f. um 22,8%. Er hér miðað við verðið í íslenskum krónum að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Framkvæmdum við jarðgöng og neðanjarðar stöðvarhús Blönduvirkjunar miðaði samkvæmt áætlun á árinu og sama máli gegndi um vinnu við botnrás Blöndustíflu. Að undangengnu útboði á fyrra ári á meginhluta véla, rafbúnaðar og mannvirkja úr stáli fyrir virkjunina var hagstæðustu tilboðunum tekið og hlutaðeigandi verksamningar gerðir, þar á meðal við Sumitomo Corporation, Japan, um stærsta verkhlutann, hverfla og rafala.

Í árslok 1984 var hafin endurskoðun á tímasetningum virkjanaframkvæmda Landsvirkjunar, bæði með tilliti til nýrrar orkuspár, þar sem reiknað er með hægari aukningu í almennri orkunotkun en áður, og vegna óvissu um aukningu orkufreks iðnaðar á næstu árum. Lyktaði þessari endurskoðun með því að stjórn Landsvirkjunar ákvað þegar um haustið 1985 að fresta gangsetningu Blönduvirkjunar um eitt ár eða til ársins 1989. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1986 var síðan gert ráð fyrir því að gangsetning fyrstu vélar virkjunarinnar færi ekki fram fyrr en 1990, en stjórnin frestaði ákvörðun um endanlega tímasetningu virkjunarinnar þar til í ársbyrjun 1986, er horfur um þróun orkufreks iðnaðar lægju ljósar fyrir. Af framangreindum ástæðum var jafnframt ákveðið að fresta framkvæmdum við síðasta áfanga Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar um óákveðinn tíma, en lokið var við fjórða áfanga veitunnar samkvæmt áætlun. Ennfremur varð verulegur samdráttur í virkjunarannsóknum Landsvirkjunar.

Á árinu lauk að mestu leyti athugun þeirri sem hófst 1984 á hinum ýmsu þáttum í starfsemi Landsvirkjunar, í þeim tilgangi að auka sparnað og hagræðingu í starfseminni með tilliti til aukinna umsvifa í kjölfar sameiningar Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og kaupa Landsvirkjunar á byggðalínukerfinu. Fór athugun þessi fram með aðstoð þriggja rekstrarráðgjafa og leiddi til ýmissa úrbóta svo og nokkurra skipulagsbreytinga.

Hinn 26. júlí 1985 var undirritaður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup fyrirtækisins á Kröfluvirkjun. Var samningur þessi staðfestur með lögum nr. 102 frá 31. desember 1985 og tekur hann gildi 1. janúar 1986. Var talið eðlilegt að Landsvirkjun, sem meginvirkjunarfyrirtæki landsmanna, yfirtæki Kröfluvirkjun til eignar og reksturs, þannig að unnt væri að reka hana á sem hagkvæmastan hátt í samrekstri við aðrar virkjanir Landsvirkjunar. Mikilvægur liður í samningsgerðinni var að tryggja að kaupin á Kröfluvirkjun yrðu ekki til að draga úr þeirri raunverðslækkun sem fyrirsjáanleg er á rafmagnsverði Landsvirkjunar til almenningsrafveitna á næstu árum.

Afkoma Landsvirkjunar 1985

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu alls um 2.806 milljónum króna og rekstrargjöld alls um 2.552 milljónum króna að meðtöldum orkukaupum frá Kröfluvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð alls um 190 milljónir króna. Vextir og afskriftir voru stærstu gjaldaliðirnir. Samtals námu þessir liðir um 1.910 milljónum króna eða um 75% gjaldanna í heild, sem nemur um 81% þeirra án orkukaupa.

Rekstrarafkoman 1985 var hagstæð um 253 milljónir króna, en var hagstæð um tæpar 22 milljónir króna 1984, hvort tveggja á meðalverðlagi 1985.

Með hliðsjón af hinni hagstæðu afkomu var eigendum Landsvirkjunar greiddur arður, sem nam 6% af framreiknuðum eiginfjárframlögum þeirra til Landsvirkjunar eða alls um 45 milljónum króna.

Eigið fé Landsvirkjunar hækkaði á árinu um 2.245 milljónir króna vegna endurmats eigna og tekjuafgangs að frádregnum arðgreiðslum og nam um 10.980 milljónum króna í árslok, að jafnvirði um 261 milljónar Bandaríkjadollara. Er eigið fé um 35% af heildareign Landsvirkjunar, sem nam um 31,5 milljarði króna í árslok 1985, að jafnvirði um 748 milljóna Bandaríkjadollara.

Hér á eftir fara töflur, er sýna rafmagnsöflun og rafmagnssölu Landsvirkjunar árin 1984 og 1985 ásamt verðlagningu árið 1985 og yfirliti yfir starfsmannahald fyrirtækisins.

RAFMAGNSÖFLUN

	1985		1984	
	GWst	MW	GWst	MW
Rafmagnsvinnsla	3.452,6	526,0	3.508,2	528,0
Vatnsorka	3.452,6	526,0	3.501,2	525,0
Varmaorka	0,0	0,0	7,0	3,0
Rafmagnskaup	164,4	35,3	158,3	37,0
Frá Hitaveitu Suðurnesja	31,1	7,5	30,4	6,9
Frá Kröfluvirkjun	133,3	27,8	127,9	30,1
Heildarrafmagnsöflun	3.617,0	561,3	3.666,5	565,0

RAFMAGNSSALA

	1985					1984				
	Forg. GWst	Afg. GWst	Alls GWst	Þar af ótr.orka GWst	MW	Forg. GWst	Afg. GWst	Alls GWst	Þar af ótr.orka GWst	MW
Til almenningsrafveitna	1.548,7	–	1.548,7	86,5		1.451,2	–	1.451,2	70,0	
Rafmagnsveitu Reykjavíkur	501,3	–	501,3	–	93,9	488,1	–	488,1	–	90,4
Rafmagnsveitna ríkisins	784,9	–	784,9	34,7	138,0	720,9	–	720,9	28,8	142,2
Rafveitu Hafnarfjarðar	46,1	–	46,1	–	8,4	46,3	–	46,3	–	8,3
Orkubús Vestfjarða	110,8	–	110,8	41,3	24,6	97,2	–	97,2	30,5	19,9
Rafveitu Akureyrar	105,6	–	105,6	10,5	20,2	98,7	–	98,7	10,7	19,7
Til stóriðju	1.624,8	292,4	1.917,2	–		1.690,7	367,9	2.058,6	–	
Áburðarverksmiðju ríkisins	135,9	–	135,9	–	22,2	131,9	–	131,9	–	21,8
ISAL	1.232,2	–	1.232,2	–	155,0	1.301,4	57,2	1.358,6	–	176,0
Íslenska járnblendifélagsins	256,7	292,4	549,1	–	79,2	257,4	310,7	568,1	–	79,5
Heildarrafmagnssala	3.173,5	292,4	3.465,9	86,5		3.141,9	367,9	3.509,8	70,0	
Töp og eigin notkun			151,1					156,7		

Gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna 1985

01.01.-31.12.

Forgangsrafmagn:

Aflgjald — 3.241,91 krónur á árskW.

\+ Orkugjald:

Fyrir fyrstu notkun allt að 2500 klst. nýtingartíma á ári — 103,3 aurar á kWst.

Fyrir notkun milli 2500 og 4000 klst. nýtingartíma á ári — 60,2 aurar á kWst.

Fyrir notkun umfram 4000 klst. nýtingartíma á ári — 28,3 aurar á kWst.

Ótryggt rafmagn:

Orkugjald (eingöngu) — 21,3 aurar á kWst.

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum

	1985	1984
Yfirstjórn og tæknideildir	68	65
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	37	35
Aflstöðvar	84	89
	189	189

Lausráðnir starfsmenn

	1985	1984
Ársverk	87	108
	276	297

Yfirstjórn

Kjörtímabil stjórnar Landsvirkjunar er 4 ár. Núverandi stjórn tók til starfa 1. júlí 1983 og er hún skipuð sem hér segir:

Formaður:	Jóhannes Nordal
Kosnir af Alþingi	Árni Grétar Finnsson Baldvin Jónsson Böðvar Bragason Ólafur Ragnar Grímsson
Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur:	Birgir Ísleifur Gunnarsson Davíð Oddsson Kristján Benediktsson
Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar:	Valur Arnþórsson

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu nú forstöðu:

Forstjóri:	Halldór Jónatansson
Aðstoðarforstjóri:	Jóhann Már Maríusson

Forstöðumenn deilda:

Forstöðumaður verkfræðideildar:	Agnar Olsen
Forstöðumaður tækniþróunardeildar:	Elías B. Elíasson
Rekstrarstjóri:	Guðmundur Helgason
Svæðisstjóri Norður- og Austurlands:	Knútur Otterstedt
Forstöðumaður byggingardeildar:	Páll Ólafsson
Skrifstofustjóri:	Örn Marinósson

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hlutur ríkissjóðs er 40%, en hlutur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hlutur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu, en alls eru 29 sveitarfélög á Vestfjörðum af 32 eigendur að Orkubúi Vestfjarða.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka kyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps, Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps.

Orkubúið hefur reist kyndistöðvar á Ísafirði, Bolungarvík, Patreksfirði og Flateyri og selur þar varmaorku til húshitunar.

2. janúar 1983 hóf Orkubú Vestfjarða viðskipti við Landsvirkjun um Vesturlínu.

Rekstur 1985

Rekstrarafkoma Orkubús Vestfjarða 1985 var neikvæð um 1,4 m.kr. Árið áður varð hagnaður á rekstrinum, tæpar 7 m.kr. Heildarrekstrargjöld árið 1985 voru um 377 m.kr., þar af voru afskriftir 78 m.kr. og fjármagnsgjöld 85 m.kr.

Orkubú Vestfjarða fékk 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku í sinn hlut. Árið 1985 nam þessi hlutur 75,1 m.kr. eða um 20% af heildartekjum fyrirtækisins. Verðjöfnunargjald var lækkað úr 19% í 16% þann 1. janúar 1985 og varð Orkubúið af 14 m.kr. tekjum af þeim sökum.

Eigið fé Orkubús Vestfjarða nam um seinustu áramót 769 m.kr. og langtímaskuldir voru um 858 m.kr.

Í árslok 1985 voru 57 starfsmenn í föstum störfum hjá Orkubúi Vestfjarða miðað við fullt starf.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða varð alls 184,0 GWh og hafði aukist um 4,8% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana	34,7%
Raforkuvinnsla dísilstöðva	0,6%
Orkuvinnsla í svartolíukötlum vegna hitaveitna	3,7%
Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK	61,0%
Samtals	100,0%

Orkuvinnsla dísilstöðva og orkuvinnsla í svartolíukötlum minnkaði frá fyrra ári.

Samtals varð orkusala Orkubúsins 1985 um 152,5 GWh.

Af raforku voru seldar um 110,6 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 5,0%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 224,9 m.kr. og meðalverð á seldri kílówattstund 203,3 aurar, sem er 14,1% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Af heitu vatni voru seldar 41,9 GWh og er það 1,2% aukning frá fyrra ári. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru um 70,7 m.kr. og meðalverð á seldri kílówattstund 168,7 aurar.

Orkusala	GWh	%
Til búrekstrar	8,7	5,7
Til stórra véla	25,4	16,7
Til hitunar	101,1*	66,3
Til annarra nota	17,3	11,3
Samtals	152,5	100,0

* Af raforku voru seldar 59,2 GWh og af heitu vatni 41,9 GWh. Reiknað er með að 70% af allri raforkusölu til búrekstrar séu til húshitunar. Orkubú Vestfjarða hefur því selt 107,2 GWh til húshitunar eða 70,3% af heildarorkusölu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1985:

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Rekstrartekjur	376.050	328.016	242.160
Rekstrargjöld	(292.695)	(233.054)	(180.062)
Fjármagnsgjöld	(84.716)	(88.122)	(62.555)
Hagnaður (Tap)	(1.361)	6.840	(457)
Eignir	1.764.930	1.388.710	1.047.392
Skuldir	(996.123)	(851.204)	(626.369)
Eigið fé	768.807	537.506	421.023

Framkvæmdir

Á árinu 1984 var unnið að framkvæmdum fyrir 77,6 m.kr. og skiptust þær þannig:

	M.kr.
Vatnsaflsvirkjanir	0,3
Dísilstöðvar	4,4
Stofnlínur	6,3
Aðveitustöðvar	9,6
Innanbæjarkerfi	18,9
Fasteignir, bílar og áhöld	19,5
Sveitaveitur	1,2
Hitaveitur	17,4
Samtals	77,6

Framkvæmdir voru fjármagnaðar með lánsfé að upphæð 52 m.kr. Úr rekstri komu 25,7 m.kr., þar af 2,7 m.kr. stofnfjárframlag úr Orkusjóði vegna sveitarafvæðingar.

Rekstrarhorfur 1986

Um s.l. áramót voru gjaldskrár hækkaðar, hitataxtar um 17% og almennir taxtar um 14%, en frá og með 1. mars lækkuðu gjaldskrár fyrirtækisins, hitataxtar um 7% og almennir taxtar um 20,2%. Þessi lækkun var gerð í kjölfar ráðstafana ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en með þeim ráðstöfunum var m.a. verðjöfnunargjald af raforku fellt niður.

Fjórir þættir rekstrargjalda skipta höfuðmáli:
Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendrar myntar, vextir lána og laun. Verði ekki umtalsverðar breytingar á nefndum liðum á árinu 1986 verður mögulegt að hafa gjaldskrár óbreyttar út árið.

Rekstraráætlun 1986

		M.kr.
Tekjur		413,1
Orkusala	325,5	
Verðjöfnunargjald o.fl.	87,6	
Gjöld		(425,1)
Rekstrargjöld	(332,5)	
Fjármagnsgjöld	(92,6)	
Tap		(12,0)

Af tekjuliðnum "verðjöfnunargjald o.fl." eru tekjur af verðjöfnunargjaldi á árinu 1986 áætlaðar 80,6 m.kr. Ljóst er því, að verðjöfnunargjaldið er verulegur þáttur í tekjuöflun Orkubúsins. Nú þegar verðjöfnunargjaldið hefur verið fellt niður með öllu er ljóst að tryggja verður Orkubúinu aðrar tekjur til að standa undir rekstrar- og fjármagnsgjöldum, eða létta af því lánabyrði.

Framkvæmdir á árinu 1986 eru áætlaðar 50,5 m.kr.

Stjórn Orkubúsins

Stjórn Orkubúsins til aðalfundar 1986 var þannig skipuð:

Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, Björgvin Sigurbjörnsson, verkamaður, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, Kristinn Jón Jónsson, verkstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, Engilbert Ingvarsson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra.

Orkubússtjóri er Kristján Haraldsson.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfsþættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup og rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun en einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakílsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur byggðalína að verulegu leyti samkvæmt sérstökum samningi við Landsvirkjun sem er nú eigandi byggðalína.

Frá ársbyrjun 1979 til ársloka 1985 önnuðust Rafmagnsveiturnar rekstur Kröfluvirkjunar í umboði ríkissjóðs. Á síðasta ári var Kröfluvirkjun seld Landsvirkjun, sem yfirtók hana til eignar og rekstrar frá og með 1. janúar 1986.

Starfsemi- Orkuveitusvæði

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um allt land (að undanskildum Vestfjörðum og Reykjanesi) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar flestum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli en um 92% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun

Rafmagnsveitur ríkisins kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Orkuöflunin var sem hér segir:

Keypt orka:

Frá Landsvirkjun	784.934	MWh	
Frá Andakílsárvirkjun	262	"	
Frá Skeiðsfossvirkjun	4.153	"	
Frá Sleitustaðavirkjun	6	"	
Alls	789.355	MWh	= 789 GWh

Framleidd orka:

Í vatnsorkustöðvum	101.008	MWh	
Í varmaorkustöðvum	1.434	"	
Í kyndistöðvum	314	"	
Alls	102.756	MWh	= 103 GWh
Orkuöflun alls			892 GWh

Framleiðsla Krófluvirkjunar var 140 GWh að frádreginni eigin notkun virkjunarinnar sem var 6 GWh. Telst framleiðslan með aðkeyptri orku.

Orkuöflunin árið 1985 hefur aukist um 50 GWh eða 5,9% frá árinu áður.

Raforkusala

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar, þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1985 var 769 GWh og jókst um 41 GWh eða 5,7% frá árinu áður. Í heildsölu voru seldar 288 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1985:

	GWh	%
Almenn notkun	54	11
Markmæling landbúnaður	154	32
Vélanotkun	96	20
Húshitun	163	34
Annað	14	3
Samtals	481	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 29 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði séu vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa því selt samtals 271 GWh til húshitunar (108 GWh til landbúnaðar og 163 GWh til annarrar húshitunar) eða nálægt 56% af raforku í smásölu.

Nýframkvæmdir

Á árinu 1985 var unnið að framkvæmdum fyrir 257,5 Mkr. samanborið við 237,9 Mkr. árið 1984.

Framkvæmdir ársins 1985 skiptast þannig:

		Mkr.
Vatnsaflsstöðvar		0,2
Varmaaflsstöðvar		5,1
Stofnlínur		82,9
Aðveitustöðvar		20,5
Innanbæjarkerfi		56,0
Sveitaveitur		39,7
Fasteignir, bifreiðar og áhöld	68,5	
- sala	15,4	53,1
		257,5

Framkvæmdir við sveitaveitur eru að mestu fjármagnaðar með framlagi úr Orkusjóði en aðrar framkvæmdir með lánsfé og úr rekstri.

Fjárhagsafkoma 1985

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús. kr.) í árslok 1985:

	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)	1983 (þús.kr.)
Tekjur:			
Orkusala	1.471.353	1.220.656	926.708
Verðjöfnunargjald o.fl.	350.609	334.358	260.788
Tekjur samtals	1.821.962	1.555.014	1.187.496
Gjöld:			
Rekstrargjöld	(1.595.148)	(1.219.618)	(972.835)
Fjármagnsgjöld	(101.441)	(266.189)	(210.900)
Gjöld samtals	(1.696.589)	(1.485.807)	(1.183.735)
Rekstrarafgangur	125.373	69.207	3.761
Eignir	5.175.988	7.108.953	5.691.986
Skuldir	(3.675.741)	(6.257.511)	(4.782.590)
Eigið fé	1.500.247	851.442	909.396

Á árinu 1985 varð hagnaður af rekstri Rafmagnsveitnanna að upphæð 125,4 Mkr. Sú breyting hefur verið gerð á reiknings-

skilum frá fyrri árum að færð er verðbreytingarfærsla sem sýnir þá raunvirðisbreytingu sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með gengismun, vöxtum og verðbótum en þar á færslan sér aðallega mótvægi. Þá er og sú breyting gerð að safnaðar afskriftir liðinna ára eru dregnar frá eignum í stað þess að telja þær til skulda. Hefði hinni eldri reikningsskilaaðferð verið haldið, hefði rekstrarhalli orðið sem næst 95 Mkr. Meginástæður þessa mikla munar eru litlar hækkanir á verði gjaldeyris á meðan almennt verðlag hækkaði um 30-35% frá ársbyrjun til ársloka 1985.

Horfur í rekstri 1986

Rekstraráætlun fyrir árið 1986 ber með sér að nokkur rekstrarafgangur er fyrirsjáanlegur. Fjórir þættir skipta mestu varðandi rekstrargjöld: Gjaldskrár Landsvirkjunar, gengi erlendra mynta, vextir lána og laun.

Rekstraráætlun 1986 í þús. kr.

Tekjur

Smásala	1.110.000
Heildsala	287.300
Verðjöfnunargjald	65.000
Aðrar tekjur	57.000
Verðjöfnunargjaldsígildi	290.000
Samtals	1.809.300

Gjöld

Laun	180.600
Önnur rekstrargjöld	217.800
Hráefni og vörur til endursölu	896.000
Afskriftir	282.700
Vextir	210.000
Samtals	1.787.100
Hagnaður	22.200

Verðjöfnunargjald var 16% í byrjun ársins 1986 en var afnumið 1. mars í kjölfar kjarasamninga. Ríkissjóður greiðir þó ígildi verðjöfnunargjaldsins til ársloka 1986. Áætluð er svokölluð verðbreytingarfærsla í vaxtagjöldum.

Gjaldskrá Rafmagnsveitnanna var hækkuð nokkuð 1. janúar 1986 en lækkuð á ný 1. mars, einnig í tengslum við kjarasamninga. Engar aðrar breytingar á gjaldskrám eru fyrirhugaðar á árinu.

Ráðgert er að fresta greiðslum afborgana af tilteknum skuldabréfum að fjárhæð 50 Mkr. til að létta á greiðslustöðu fyrirtækisins. Rafmagnsveiturnar hafa lagt til, að ríkissjóður yfirtaki skuldir Rafmagnsveitnanna sem aðgerð til að mæta niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins. Þar á móti er einnig sú tillaga gerð að arðbærar fjárfestingar verði greiddar úr rekstri en óarðbærar fjárfestingar verði greiddar af ríkissjóði.

Starfsfólk

Fjöldi starfsmanna Rafmagnsveitnanna hefur á undanförnum árum verið sem hér segir:

1982	1983	1984	1985
546	368	332	322

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs er Sveinbjörn Óskarsson og tæknisviðs Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson, Austurlandi, og Örlygur Jónsson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjum, Skeiðahreppi, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Reyðarfirði.

RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

Prentsmiðjan hefur verið eign ríkisins frá árinu 1930. Meginverkefni fyrirtækisins hafa verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir.

Árið 1985 var um marga hluti sérstakt fyrir rekstur fyrirtækisins, einkum vegna þess að síðast á árinu 1984 hafði verið verkfall hjá bókagerðarmönnum sem og BSRB, sem reyndist þessu fyrirtæki sem og öðrum í þessari atvinnugrein þungt í skauti, en með samstilltu átaki og hagkvæmni í rekstri tókst að snúa við blaðinu á þann veg, að afkoma varð jákvæð í árslok 1985.

Breytingar á starfsmannahaldi voru ekki miklar á árinu og var fjöldi starfsmanna mjög svipaður allt árið, um 75.

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað í rekstri, en þar ber hæst textaflutning frá Alþingi og kaup á fjöllita prentvél til prentunar á eyðublöðum fyrir tölvur. Þar sem prentsmiðjan átti ekkert sérstakt merki til þess að merkja með pappíra sína sem og húsnæði, bifreið o.fl. var ráðist í það að hanna slíkt merki fyrir prentsmiðjuna. Loks var hafin tölvuvinnsla fyrir verkbókhald, lager o.fl.

Húsnæði prentsmiðjunnar var lagfært að utan, bæði málað og múrhúðað, og ráðgerð er smíði viðbyggingar á næsta ári.

Rekstur 1985

Staða á rekstrar- og efnahagsreikningi var sem hér segir í árslok 1985:

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Rekstrartekjur	79.538	50.582	44.888
Rekstrargjöld	(77.257)	(49.490)	(37.095)
Nettó fjármagns-tekjur (gjöld)	(1.534)	(2.505)	(6.881)
Hagnaður (tap)	747	(1.413)	912
Eignir	75.873	52.288	43.514
Skuldir	(24.949)	(13.686)	(8.594)
Eigið fé	50.924	38.602	34.920

Stjórn

Í stjórn prentsmiðjunnar sitja eftirtaldir menn:
Eggert G. Þorsteinsson, formaður, Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður, Hjörtur Hjartarson, ritari. Forstjóri er Guðmundur Kristjánsson.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggist á lögum nr. 35/1948, sbr. lög nr. 71/1961. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1985

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 100.400 tonn, samanborið við 100.100 tonn árið 1984. Rekstrardagar ofnsins voru 321 og framleiðslan því 312,8 tonn á dag að meðaltali, eða heldur meiri en árið áður. Framleiðsla sements varð 117.200 tonn, en sala 114.111 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1984 (1983) í tonnum

	1985		1986	
	Framl.	Selt	Framl.	Selt
Portlandsement	103.300	102.281	99.500	101.957
Hraðsement	11.600	10.059	14.400	16.381
Pozzolansement	2.300	1.745	0	0
Hvítt sement, innfl.		26		55
Alls tonn	117.200	114.111	113.900	118.393

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement	74.240	28.041
Hraðsement	7.207	2.852
Pozzolansement	1.745	
Samtals	83.192	30.893
Skipting	72,9%	27,1%

Skiptingin var mjög svipuð árið 1984.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði tvisvar á árinu, alls um 29,7%, og flutningsjöfnunargjald hækkaði einu sinni um 25,6%. Hækkun á sementi frá ársbyrjun til ársloka var um 29%.

Rekstur verksmiðjunnar gekk erfiðlega á árinu og varð verulegur rekstrarhalli eins og fram kemur hér á eftir eða um 46,5 M. kr. Afskriftir námu um 80 M. kr.

Fastráðnir starfsmenn á árslok 1985 voru 159 og hafði fækkað um 13 frá fyrra ári.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1985 (1984):

	1985 Þús. kr.	1984 Þús. kr.	1983 Þús. kr.
Rekstrartekjur	408.500	383.800	290.300
Rekstrargjöld	(396.200)	(350.500)	(282.900)
Nt. fjárm.tekjur (gjöld)	(58.800)	(30.000)	(9.900)
Hagnaður (Tap)	(46.500)	3.300	(2.500)
Eignir	600.300	509.600	437.600
Skuldir	(360.300)	(280.300)	(260.900)
Eigið fé	240.000	229.300	176.700

Rekstrarhorfur 1986

Áætlað er að sementssala verði nokkru minni en árið 1985, eða um 110.000 tonn.

Sementsverð hækkaði um 15-16% í byrjun árs og verða engar frekari verðbreytingar á árinu.

Fyrirsjáanlegt er að þetta ár verður eitt það besta í sögu verksmiðjunnar hvað reksturinn snertir, bæði að því er snýr að framleiðslunni og fjárhagslegu hliðinni.

Helstu framkvæmdir á þessu ári eru í sambandi við endurbætur á húsakynnum verksmiðjunnar og fegrun útlits þeirra.

Stjórn

Á fundi sameinaðs Alþingis í desember 1984 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið frá 6. febrúar 1985 til 6. febrúar 1989: Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, formaður, Daníel Ágústínusson, fyrrv. aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður, Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari, og Skúli Alexandersson, alþingismaður.

SJÓEFNAVINNSLAN H.F., REYKJANESI

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu, en iðnaðarráðherra skipar formann. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á um 84% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Starfsemi árið 1985

Starfsemi félagsins á árinu 1985 mótaðist af þeim umhugsunarfresti sem tekinn var til þess að meta stöðu og framtíðarmöguleika félagsins. Engar teljandi verklegar framkvæmdir voru á árinu og skiptist áfallinn kostnaður í gæslukostnað og kostnað vegna möguleikakannana. Gæslan var fólgin í vöktun svæðisins, viðhaldi og rekstri tækja og búnaðar ásamt framleiðslu á 1.743 tonnum af salti. Möguleika- og hagkvæmniskannanir bentu til að hagkvæmt væri að hefja framleiðslu á kolsýru og þurrís ásamt kísl með saltframleiðslunni sem skyldi þá aukin í 8.000 tonn.

Í lok ársins var ákveðið að hefjast handa við undirbúning að framleiðslu áðurnefndra vörutegunda. Félagið flutti skrifstofu sína á athafnasvæðið á Reykjanesi í kjölfar þessa og lokaði skrifstofu sinni í Keflavík.

Möguleika- og hagkvæmniskannanirnar sem gerðar voru fyrir stjórn félagsins miðuðust við það að stöðva árlegt reksturstap og jafnframt að skila viðunandi arðsemi af nýfjárfestingunni.

Áætlaður stofnkostnaður á verðlagi 1. janúar 1986 var kr. 54.971.000,00 vegna saltvinnslunnar og kr. 22.264.000,00 vegna kolsýruvinnslunnar eða samtals kr. 77.235.000,00.

Auk þess voru gjöld umfram tekjur við rekstur SEV fyrir árið 1986 áætluð kr. 20.100.000,00. Heildarfjárþörf var því áætluð kr. 97.335.000,00. Á miðju ári 1985 var Magnús

Magnússon verkfræðingur ráðinn framkvæmdastjóri til bráðabirgða. Verkefni hans var að koma með tillögur að breytingum á rekstri SEV og áætlanir um nýja framleiðslu.

Efnahagur og fjárhagsstaða

Efnahagur í árslok 1985:

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.
Eignir	484.000	326.000
Skuldir	(366.000)	(239.000)
Eigið fé	118.000	87.000

Staða félagsins í dag og verkefni framundan

Hagkvæmnisáætlanir byggðust að hluta á eldri áætlunum um afköst eima og saltpanna ásamt áætlunum um orku- og hráefnisnotkun. Í árslok 1985 var unnið að markaðs- og hönnunarforsendum fyrir verksmiðjuna og í ársbyrjun 1986 var hafist handa við að koma eimun og kísilsetþró í rekstur til þess að kanna raunafköst búnaðarins.

Í ljós kom hönnunargalli á eimunum sem olli mikilli tæringu í hringrás eimanna. Auk þess settist kíslin örar á yfirborð þeirra en áætlað var sem þýðir örari þvott og minni rekstursstíma.

Lagfæringar á eimunum voru allkostnaðarsamar og stöðvuðu saltframleiðsluna sem var með hléum um 4 mánaða skeið.

Við gangsetningu eimanna féll til nægjanlegur jarðsjór til að afkastamæla saltpönnurnar. Í ljós kom að afköst pannanna voru minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og einungis með mikilli aðgætni er hægt að framleiða fisksalt með þeim grófleika sem markaðurinn gerir kröfur til.

Í ljósi breyttra forsendna var haft samband við framleiðendur á búnaði til saltframleiðslu og málið kynnt ítarlega. Erlendu ráðgjafarnir treystu sér ekki til að eiga við pönnur SEV enda úrelt tæki og óhentugar við að framleiða gróft salt.

Í ágúst sl. barst SEV tilboð frá Standard Messo, Struthers og Sultzer Esser Wiss í saltframleiðslubúnað þar sem ábyrgst var 12.000 t framleiðsla af salti með þeim grófleika sem innlendir saltfiskverkendur æskja. Búnaður þessi hefði leyst af hólmi saltpönnur SEV og gert það mögulegt að nýta 2000 ferm. saltpönnuhús til annars.

Arðsemisáætlanir um þá valkosti sem buðust sýndu svipaða

útkomu, 17-20% arðsemi á föstu verðlagi, en þeir voru: 1) að halda fyrri áætlun, 2) að fjárfesta aukalega kr. 57.000.000,00 í 12.000 t búnaði, 3) að nota pönnurnar til framleiðslu á saltsalla og fjárfesta í búnaði sem pressaði og síðan malaði saltið í æskilega kornastærð en viðbótarkostnaður var áætlaður kr. 24.000.000,00.

Stjórnin ákvað nýverið að fylgja fyrri áætlun enda útilokar hún ekki breytingar seinna meir ef hagkvæmar þykja.

Áætlað er að pönnur SEV verði allar komnar í gagnið fyrri hluta janúar á næsta ári. Óvarlegt er að áætla ársafköst pannanna meiri en 6000 tonn af fisk- eða síldarsalti. Áhersla verður lögð á það að auka þjónustu við viðskiptavini og stilla kalsíum-klóríð-innihald saltsins nákvæmar en áður hefur verið gert. Samvinna hefur tekist við fiskverkun Baldvins Njálssonar í Garðinum um að geyma og afgreiða salt SEV til viðskiptavina hennar í Sandgerði, Garði, Keflavík og Njarðvíkum.

Á árinu hefur verið unnið að markaðssetningu kolsýru og þurríss enda styttist í framleiðslu þeirra hjá SEV. Gosdrykkjaframleiðendum og garðyrkjubændum, sem verða stærstu notendur kolsýrunnar fyrst um sinn, hafa verið kynnt, framleiðsluáform SEV og hafa þeir síðarnefndu kynnt sér vel hagkvæmni þess að nýta kolsýru við ræktun. Félagið mun sjá um dreifingu á fljótandi kolsýru úr eigin tengivagni til stærstu viðskiptavinanna sem hafa kolsýrutanka en Ísaga h/f mun dreifa kolsýrunni í hylkjum.

Í júlí og ágúst á síðasta ári hóf SEV tilraunir með kísl sem féll til á svæðinu. Kíslin var notuð sem áburður fyrir þá sem þjást af psoriasis, og unglingabólum, og einnig sem hreinsikrem fyrir húð. Í byrjun var tilraunin í smáum stíl en viðunandi árangur kom skjótt í ljós. Lækningaáhrif Bláa lónsins hjálpuðu mikið til en áhugi á efni SEV var verulegur bæði innanlands og erlendis.

SEV tekur beinan þátt í markaðsfærslu kíslarinnar og skiptir markaðnum milli tveggja félaga, Odin Derma a/s í Noregi sem SEV á 25% eignarhlut í og sameignarfélags Medis og SEV að jöfnu en Medis er sameignarfélag Pharmaco h/f og Delta h/f og eru þau stærstu lyfjaframleiðendur og dreifendur hér á landi.

Rannsóknir og tilraunir hafa verið stundaðar um alllangt skeið á hegðun og eiginleikum kíslarinnar og er SEV nú í stakk búin til að meðhöndla og stjórna eiginleikum hennar. Þekkingin hefur leitt til verulegrar lækkunar á áætluðum kostnaði við að fella út kísl og þykkja í framleiðslurásinni.

Nú er verið að framleiða hjá SEV 200 t af sjóþykkni sem dælt er frá ströndinni. Farmurinn hefur verið seldur erlendis og verður þykknið flutt út til nota óbreytt í matvæli en einnig sem þurreimað heilsusalt. Þetta er tilraun og liður í því að framleiða á svæðinu verðmætar vörur sem henta til útflutnings.

Áætluð fjárþörf SEV 1986 vegna nýfjárfestingarinnar og reksturs út árið var áætluð kr. 97.335.000,00 á verðlagi 1. janúar 1986. Félagið hefur fjármagnað þessar framkvæmdir með óráðstöfuðu eigin fé frá áramótum, láni úr ríkissjóði og hlutafjáraukningu samtals á árinu kr. 104.450.000,00.

Gróf staða 1. september 1986 er eftirfarandi:

Rekstur tilraunaverksm. til 1.9. 86	kr.	16.600.000,00
Nýfjárfesting til 1.9. 86	-	25.150.000,00
Áætl. óráðstafaður stofnk. á árinu	-	44.700.000,00
Áætl. óráðstafaður rekstursk. á árinu	-	8.000.000,00
Samtals	kr.	94.450.000,00

Eru því áætlaðar kr. 10.000.000,00 afgangs til að mæta áætluðu reksturstapi á árinu 1987 því ekki er reiknað með fullri nýtingu kolsýruvéla fyrstu árin.

SEV fékk rannsóknastyrk frá Iðnaðarráðuneytinu til að kanna hagnýtingu jarðvarma til iðnaðarnota og hafa verkefnin verið unnin í samvinnu við Stóriðjunefnd, Nýiðnaðardeild Iðntæknistofnunar Íslands og fleiri aðila.

Ákvarðanir um framleiðslu á kolsýru, þurrís og kísl eru m.a. byggðar á niðurstöðum kannana sem greiddar voru með styrk ráðuneytisins.

Stjórn Sjóefnavinnslunnar h/f til aðalfundar 1986 var skipuð eftirtöldum stjórnarmönnum:

Guðmundur Malmquist, formaður, skipaður af fjármála- og iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af iðnaðarráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af fjármálaráðherra, Gunnar Sveinsson, varaformaður, og Björgvin Gunnarsson, kosnir á aðalfundi.

Framkvæmdastjórar: Magnús Magnússon og Finnbogi Björnsson, en Finnbogi lét af störfum 1986.

STEINULLARVERKSMIÐJAN H.F.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar, hinn 25. maí 1982, var samþykkt svofelld tillaga: „Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagsins hf. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað."

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna hf. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenska ríkisins með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið hf. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagsins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband ísl. samvinnufélaga og Oy Partek AB, Finnlandi, að gerast hluthafar í félaginu.

Hlutafé félagsins skiptist þannig í reikningum ársins 1985:

	Hlutafé kr. (nafnverð)	%
Ríkissjóður	27.320.000	40,00
Samband ísl. samvinnufélaga	11.227.500	16,44
Kaupfélag Skagfirðinga	3.742.500	5,48
Oy Partek AB	7.810.000	11,44
Steinullarfélagið hf.	18.200.000	26,64
Samtals	68.300.000	100,00

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu hf. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

Á aðalfundi félagsins 1985 samþykktu eigendur að hlutafé yrði aukið, þannig að það næði 30% af stofnkostnaði, eins og ákvæði stofnsamnings segja til um. Þessi aukning nemur 22 millj. kr. á verðlagi í september 1985 og er til innborgunar á árinu 1986.

Stofnkostnaður og fjármögnun

Lokið var byggingu verksmiðjunnar á árinu 1985 og tók hún formlega til starfa 15. september, en tilraunaframleiðsla hófst í ágúst.

Stofnkostnaður er skv. ársreikningi sem hér segir:

Byggingar	131.974.530
Vélar	227.623.558
Langtímakostnaður (vextir á byggingatímanum)	62.784.415
Annar kostnaður	7.641.476
Samtals	430.023.979
Afskrifað á árinu	10.339.548
Fastafjármunir pr. 31/12	419.684.431

Veruleg breyting varð á gengisþróun helstu gjaldmiðla á árinu 1985 og því eru eignfærðir vextir á byggingartíma að mestu leyti gengismunur á árinu.

Norræni fjárfestingarbankinn	94.270.000,00
Elkem AS	29.676.453,35
Bank of Helsinki Ltd.	12.032.333,60
Iðnþróunarsjóður	41.689.825,05
Iðnlánasjóður	17.270.257,40
Búnaðarbanki Íslands	8.124.881,40
Samtals	203.063.750,80

Alls voru tekin ný langtímalán að upphæð 248.503.083,75 á árinu 1985 og þar af lán frá Norræna fjárfestingarbankanum með ríkisábyrgð kr. 94.276.050,00. Auk þess hafa verið tekin skammtímalán til að brúa fram til lánveitingar sjóðanna (USD 500 þús.kr.) en sótt hefur verið um lán til lengri tíma hjá Iðnþróunar- og Iðnlánasjóði samtals að upphæð 28 millj. kr. Einnig hefur verið tekið skammtímalán vegna væntanlegra skaðabóta frá Elkem vegna galla í bræðsluofni.

Rekstur og rekstrarskilyrði

Á árinu 1985 lauk að mestu byggingu verksmiðjunnar og var hún gangsett í byrjun ágúst og vígð formlega af þáverandi iðnaðarráðherra, Sverri Hermannssyni, þann 15. september.

Fljótlega kom í ljós að rafbræðsluofn sá er keyptur var af Elkem uppfyllti ekki þau rekstrarskilyrði sem ábyrgst var í samningi. Félagið hefur því ekki samþykkt að taka við ofninum sem slíkum og er áætlað að aukakostnaður og tekjutap af þessum sökum sé um 10 millj. kr. á árinu 1985.

Viðræður við Elkem vegna þessa máls fara fram á árinu 1986.

Á árinu störfuðu 24 starfsmenn að meðaltali en starfsmenn í árslok voru 33.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1985:

Rekstrartekjur	19.839.557,00
Rekstrargjöld	(44.146.758,72)
Fjármagnsgjöld	(4.896.334,04)
Óreglulegar tekjur	9.000,00
Hagnaður/Tap	(29.194.535,75)
Eignir	434.426.729,31
Skuldir	(384.619.857,56)
Eigið fé	49.806.871,75

Þegar rekstur verksmiðjunnar hófst voru rekstrarskilyrði að ýmsu leyti óhagstæð.

Gengi Evrópugjaldmiðla, sem jafnframt eru helstu lánamyntir verksmiðjunnar, byrjaði að hækka gagnvart íslensku krónunni fyrri hluta árs 1985.

Almennur samdráttur varð í byggingariðnaði á árinu 1985 og horfur á svipaðri þróun 1986.

Byggingarkostnaður fór nokkuð fram úr áætlun og hefur það enn aukið á erfiðleikana við að ná endum saman í fjárfestingunni, auk þess sem rekstur hófst þremur mánuðum seinna en áætlað hafði verið.

Verð á glerull hélt áfram að lækka allt árið 1985 á erlendum mörkuðum. Afurðum verksmiðjunnar hefur hins vegar verið tekið með miklum ágætum og lagðist innflutningur á steinull og glerull að langmestu leyti niður þegar eftir fyrstu reynslu markaðarins af vörunni.

Rekstrarhorfur 1986

Áætlað er að sala á árinu 1986 verði á bilinu 2800-3000 tonn sem samsvarar ca. 100 millj. kr. veltu.

Gert er ráð fyrir að hefja tilraunir með útflutning til Færeyja og Grænlands á árinu í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á gæði framleiðslunnar.

Einungis er gert ráð fyrir minni háttar framkvæmdum eða fjárfestingum á árinu 1986.

Fyrirhugað er að setja upp lausullarbúnað til nýtingar á afskurði þeim sem til fellur við hefðbundna framleiðslu. Einnig er gert ráð fyrir að sett verði upp eigin vatnsveita verksmiðjunnar fyrir kalt vatn á árinu. Í heild er áætlað að

fjárfestingar nemi 5 millj. kr. á árinu 1985.

Fyrirsjáanlegt er að rekstur verksmiðjunnar mun verða erfiður næstu árin miðað við óbreytt skilyrði.

Sú viðbótarfjármögnun, sem óskað hefur verið eftir, þarf því að koma inn strax í upphafi árs 1986. Þá þarf og að hefja markvissa vöruþróun á afurðum sem henta verksmiðjunni til framleiðslu og hafa sölumöguleika á íslenska markaðinum.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1986 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðherra.

Aðrir stjórnarmenn eru Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, formaður, Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Pentti Ljungqvist, framkvæmdastjóri, Snorri Egilsson, framkvæmdastjóri, og Stefán Guðmundsson, alþingismaður.

Framkvæmdastjóri var Þorsteinn Þorsteinsson.

ÞÖRUNGAVINNSLAN H.F., REYKHÓLUM

Eins og fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra um Þörungavinnsluna h.f. fyrir árið 1984 ákvað þáverandi iðnaðarráðherra að bjóða heimamönnum í Reykhólasveit fyrirtækið til kaups eða leigu. Hafði iðnaðarráðherra fengið samþykki ríkisstjórnar og heimild Alþingis þar að lútandi í júní 1985. Að mati núverandi iðnaðarráðherra leiddu samningaviðræður ekki til viðunandi lausnar málsins. Fór svo að Þörungavinnslan h.f. var lýst gjaldþrota vorið 1986, og var fyrirtækið slegið Ríkisábyrgðasjóði á nauðungaruppboði í apríl s.l.

Ríkissjóður hefur staðið undir miklum hallarekstri Þörungavinnslunnar um árabil. Að mati núverandi iðnaðarráðherra gat slíkt ástand ekki varað lengur, einkum með hliðsjón af því að betri afkoma fyrirtækisins virtist ekki í augsýn. Engu að síður er vonast til, að halda megi rekstri Þörungavinnslunnar áfram eftir að gagngerar breytingar hafa verið gerðar á rekstrinum í kjölfar gjaldþrotaskipta. Er vonast til að með því að létta uppsöfnuðum skuldum af fyrirtækinu geti heimamenn rekið það hallalaust. Eftir gjaldþrotaskipti hefur félag heimamanna tekið eignir þrotabús Þörungavinnslunnar á leigu og haldið rekstri fyrirtækisins áfram. Vonast félagið til að ná samningum við Ríkisábyrgðasjóð um endanleg kaup á eignum þrotabúsins. Eftir gjaldþrotaskipti Þörungavinnslunnar h.f. fellur sjálfkrafa niður forræði iðnaðarráðherra varðandi eignaraðild ríkisins að félaginu. Samningaviðræður um hugsanleg kaup heimamanna á eignum þrotabúsins af Ríkisábyrgðasjóði fara fram á vegum fjármálaráðherra.

Framleiðsla

Á árinu 1985 var framleiðslan eins og kemur fram á töflunni í tonnum.

	1985 (tonn)	1984 (tonn)	1983 (tonn)
Þangöflun	12.441	16.213	13.966
Þaraöflun	2.602	610	1.785
Framleiðsla:			
Þangmjöl	3.041	4.050	3.500
Þaramjöl	228	55	160
Sölumagn:			
Þangmjöl	2.600	4.280	3.210
Þaramjöl	168	239	208

Rekstur

	1985 Þús. kr.	1984 Þús. kr.	1983 Þús. kr.
Rekstrartekjur			
a. af rekstri	40.157	42.451	28.127
b. skaðabætur	3.371	3.370	3.370
Rekstrartekjur samtals	43.528	45.821	31.497
Rekstrargjöld	(44.576)	(45.702)	(35.456)
Afskriftir	(8.324)	(6.375)	
Fjármagnstekjur (gjöld)	4.103	(14.902)	(7.068)
Hagnaður (tap)	(5.269)	(21.158)	(11.027)
Eignir	75.878	62.011	55.641
Skuldir	(121.203)	(95.517)	(61.666)
Eigið fé (neikvætt) ..	(45.325)	(33.506)	(6.025)

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins frá aðalfundi 1985-1986 eru: Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður, Vilhjálmur Egilsson, og Aðalsteinn Jóhannsson. Aðrir eru: Ingi Garðar Sigurðsson, Ólafur E. Ólafsson. Framkvæmdastjóri Þörungavinnslunnar h.f. er Kristján Þór Kristjánsson.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1985. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir Iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti.

Stjórn

Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 64/1965 var stjórnin skipuð til fjögurra ára, frá 21. júní 1984.

Stjórnarmenn eru: Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, formaður, Gunnar Björnsson, byggingameistari og Halldór Jónsson, verkfræðingur.

STARFSEMI 1985

Forstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra er Hákon Ólafsson, verkfræðingur.

Við stofnunina eru 36 fastar stöðuheimildir og heimild til verkefnabundinna ráðninga. Á árinu störfuðu þannig 43 starfsmenn við stofnunina.

Starfsemin fer fram á eftirtöldum sviðum: Húsbyggingatækni, vegagerð - jarðtækni, steinsteypa, byggingakostnaður, fræðsla - útgáfa, hagnýt jarðfræði.

Á öllum sviðum er unnið að rannsóknum, þjónustu og ráðgjöf, sem skilgreina má á eftirfarandi hátt:

Rannsóknir; vinna við verkefni sem oft eru skilgreind í samráði við hagsmunaaðila í atvinnulífinu og að hluta greidd af þeim.

Þjónusta; úttektir og efnisprófanir sem að öllu leyti eru unnar á kostnað verkbeiðanda.

Ráðgjöf; fræðsla og upplýsingagjöf í formi útgáfu rita og tækniblaða, greina, fyrirlestra og símsvörunar. Þessa þjónustu hefur stofnunin veitt endurgjaldslaust, að öðru leyti en því að rit og tækniblöð eru seld.

Skipting í ofantalda flokka miðað við vinnustundafjölda er þessi:

Rannsókn	30%
Þjónusta	35%
Ráðgjöf	35%

Fjöldi þjónusturannsókna stórra og smárra var á árinu u.þ.b. 1300.

Af rannsóknarverkefnum má nefna eftirfarandi:

Steinsteypa: Unnið var að 13 vel skilgreindum rannsóknarverkefnum, flest unnin fyrir og greidd af aðilum sem geta nýtt niðurstöður. Sem dæmi má nefna eftirtalin verkefni: Áhrif raka og hitastigs á alkaliþenslu. Notkun plast- og glertrefja í steypu, þróun á nýrri sementstegund til virkjana með notkun pozzolans, vatnsfælur - áhrif á frostþol og alkalivirkni, múr- einangrunarkerfi, X- steypa - þróun og notkunarmöguleikar.

Húsbyggingatækni: Unnið var að 11 verkefnum, en þar af má t.d. nefna: Orkunotkun húsa - hagkvæmar endurbætur, loftþéttleiki einingahúsa, klæðningar á hús - veðrunarþol, tæknileg úttekt innfluttra einingahúsa, ending einangrunarglers eftir framleiðendum.

Vegagerð - jarðtækni: Á þessu sviði eru þjónustuverkefni hvað mest, en þau eru að miklu leyti fólgin í efnisprófunum á vegagerðar- og stífluefnum. Af rannsóknarverkefnum má nefna:

- Könnun á hagkvæmni mismunandi slitlaga.
- „Poröse stenmaterialer" norrænt verkefni unnið við Rb.
- Steinefni í bundin slitlög - tilraunakaflar.
- Nýting síuryks frá SR til vegagerðar.

Byggingakostnaður: Starfsemi á deildinni hefur mest tengst útgáfu vísitalna byggingarkostnaðar fyrir mismunandi gerðir húsa en þær eru gefnar út ársfjórðungslega sundurliðaðar samkvæmt kostnaðarkerfi Rb. Unnið er að nokkrum fleiri verkefnum auk ýmissa hagkvæmnisathugana í tengslum við rannsóknaverkefni annarra deilda.

Hagnýt jarðfræði: Starfsemi hefur mest verið fólgin í rannsóknum á nýjum svæðum m.t.t. nýtingar lausra jarðseta til mannvirkjagerðar.

Fræðsla - útgáfa: Árlega eru gefin út nokkur rit með niðurstöðum rannsóknaverkefna. Einnig eru gefin út Rb-tækniblöð, 15-20 á ári, en áskrifendur að þeim eru u.þ.b. 1500.

Stofnunin sér um fjölda námskeiða fyrir byggingariðnaðinn í samvinnu við Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Rekstur	1985 (Þús. kr.)	
Tekjur:		
Frá ríkissjóði	18.824	49%
Eigin tekjur Rb	19.254	51%
	38.078	
Útgjöld:		
Laun og launatengd gjöld	24.574	
Rekstrargjöld	11.187	
Gjaldfærður stofnkostnaður	2.317	
	38.078	

Af þessu sést að eigin tekjur eru yfir 50% af veltu og er það verulega hærra en gert var ráð fyrir sem æskilegu hámarki í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins.

NORRÆNT SAMSTARF

Stofnunin hefur góð tengsl við systurstofnanir á Norðurlöndum og tekur þátt í samstarfi á verkefnagrundvelli aðallega innan NBS og Nordtest.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins og orkubúskap þjóðarinnar. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti, að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafastarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðhita, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsókna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum, svo að nægur tími gefist til að kanna allar væntanlegar leiðir og valið á þeim, sem til framkvæmda koma, geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma að kostur er valinn til virkjunar ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum, sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun hafi hluta þeirra framkvæmda oft með höndum. Þær eru þá unnar af stofnuninni sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en stærstu hitaveiturnar, svo sem Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akureyrar, á jarðhitasviðinu.

Þeir rannsóknaþættir, sem Orkustofnun annast sjálf alfarið og eru undanfari vals á virkjunarkostum, nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir. Þeir eru einnig nefndir eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þá sjálf af fjárveitingum. Hinir rannsóknaþættirnir, sem fylgja í kjölfar valsins, nefnast verkhönnunarrannsóknir, og fara fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkisins, þ.e. lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess, og til undirbúnings verkútboða. Þessi verk eru jafnframt oft nefnd söluverk því að Orkustofnun selur virkjunaraðilun þessar rannsóknir.

Þessir síðartöldu rannsóknaþættir, verkhönnunar- og útboðsrannsóknir, eru dýrasti hluti undirbúningsrannsókna undir virkjun vatnsorku og jarðhita. Kostnaður við þá nemur oft yfir 80% af kostnaðinum við undirbúningsrannsóknirnar í heild; en kostnaður við forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun ber sjálf, undir 20%.

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu í þætti eru undirbúningsrannsóknir undir virkjanir vatnsorku og jarðhita samfelld heild, þar sem síðari þættirnir eru reistir á hinum fyrri. Þetta eru meira og minna sameiginleg einkenni rannsóknastarfsemi af hvaða tagi sem er. Forathuganir og forhönnunar-

rannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Ljóst er, að miklu máli skiptir að þættirnir haldist í hendur, undirstaða sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Að öðrum kosti getur yfirbyggingin, verkhönnun, útboð og framkvæmd virkjunar, tafist.

Starfsemi 1985:

Vatnsorka

Á sviði vatnsorkurannsókna var 1985 unnið að rannsóknum í Jökulsánum í Skagafirði, Þjórsá neðan Búrfells, Efri-Þjórsá (þ.e. ofan ármóta við Tungnaá), Hvítá í Árnessýslu, Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, Jökulsá á Dal, Markarfljóti og Síðuvötnum. Hér er alls staðar um að ræða forathuganir þær og forhönnunarrannsóknir sem vikið er að hér að framan og Orkustofnun kostar af fjárveitingum sínum. Þessu til viðbótar vann stofnunin fyrir eigin fjárveitingar að ýmsum almennum verkefnum vatnsorkurannsóknar, svo sem vatnamælingum og aurburðarmælingum víðs vegar um land, með svipuðum hætti og áður. Vatnshæðarmælistöðvar eru um 150 á landinu. Lögð var aukin áhersla á vetrarmælingar á hálendinu.

Auk þess sem að framan er talið voru unnin söluverk fyrir Landsvirkjun á sviði vatnsorkurannsókna. Þau teljast með síðari rannsóknarþáttunum sem að framan voru taldir. Þau voru þó miklu minni en á undanförnum árum. Helstu söluverkin tengdust Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar, Vatnsfellsvirkjun, Efri-Þjórsá, Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, vatnsborðshækkun í Þórisvatni og jarðfræðikortlagningu á virkjunarsvæðum við Þjórsá og Tungnaá og á Fljótsdalsheiði. Síðasttalda verkið, jarðfræðikortlagningin, er samvinnuverk Orkustofnunar og Landsvirkjunar, og er kostnaði við það skipt milli þeirra.

Auk ofangreindra söluverka fyrir Landsvirkjun vann Vatnsorkudeild Orkustofnunar ýmis smá söluverk fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, svo og fyrir ýmsa utan orkugeirans. Þar eru stærst líkantilraunir fyrir Hafnamálastofnun, athuganir á öflun vatns fyrir vatnsveitur og fyrirtæki á sviði fiskeldis, athuganir á mengunarhættu vatns og staðarvalsathuganir fyrir Staðarvalsnefnd Iðnaðarráðuneytisins.

Orkubúskapardeild

Orkubúskapardeild vinnur að margvíslegum athugunum varðandi orkumál og sér um gagnasöfnun á því sviði.

Eins og áður var unnið að gagnasöfnun um orkumál og ýmsum innlendum sem erlendum aðilum veittar ýmsar upplýsingar um orkumál hér á landi. Á árinu komu út hefti númer 34-35 af tímaritinu "Orkumálum".

Deildin sér um vinnu fyrir Orkuspárnefnd, en í henni eiga sæti fulltrúar Orkustofnunar, orkufyrirtækja og stofnana og sambanda sem málinu tengjast. Á árinu var unnin ný raforkuspá og kom út skýrsla um það verk í lok sumars. Allar aðferðir og forsendur voru rækilega endurskoðaðar frá eldri spám og fengust nokkuð breyttar niðurstöður frá síðustu spá, þ.e. gert er ráð fyrir mun hægari vexti raforkunotkunar en áður.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra starfaði áfram á árinu og hélt 15 fundi. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Áfram var unnið að athugun á forsendum orkuvinnslureikninga og í lok árs voru þær athuganir langt á veg komnar. Fyrsta áfangaskýrsla hópsins kom út snemma á árinu. Um vorið var farið til Noregs og Svíþjóðar og kannað hvernig þar er staðið að þeim málum sem starfshópurinn vinnur að hér á landi og fjallaði áfangaskýrsla II um þá ferð.

Á sviði orkusparnaðar var lítilsháttar unnið í tengslum við Orkusparnaðarátak Iðnaðar- og Félagsmálaráðuneytis. Á vegum Framtíðarkönnunar forsætisráðherra var unnið í svokölluðum orkuhóp að gerð skýrslu um orkumál næstu áratuga.

Jarðhiti

Af eigin verkefnum, þ.e. forathugunum og forhönnunarverkefnum á sviði jarðhitarannsókna á árinu 1985, má nefna forathuganir á Tröllladyngju-Krýsuvík; rannsóknir á Hengilssvæðinu sem unnar voru í samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur; tilraunir með niðurdælingu affallsvatns á Svartsengi (í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, sem kostar verkefnið að hluta), forathugun á háhitasvæði í Öxarfirði, sem hafin var fyrir sérstaka fjárveitingu á árinu 1984, tilraun með varmadælu, í samvinnu við Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins; hagkvæmniathuganir á jarðhitanýtingu fyrir sveitarfélög og einstaklinga; athugun á hagkvæmni samvinnslu á háhitavarma til laxeldis og raforkuvinnslu; rannsóknir á eðli magnesíumsilikat-útfellinga við hitun á fersku vatni; athuganir á því hvaða jarðhitaþættir hafi einkum áhrif á eðlisviðnám bergs; þróun tölvuforrita til úrvinnslu úr jarðhitamælingum og aðlögun erlends forrits til líkanreikninga á háhitasvæðum.

Unnið var í samvinnu við Norðmenn að setlagakönnun á Jan Mayen-hryggnum, í samræmi við samkomulag þjóðanna þar um. Einnig var unnið að setlagarannsóknum úti fyrir Mið-Norðurlandi. Seld þjónusta á sviði jarðhita 1985 var mikil eins og áður. Verkkaupar voru nokkrir hinir sömu en sumpart nýir. Stærsta verkið var rannsókn á Nesjavöllum fyrir

Hitaveitu Reykjavíkur. Af öðrum verkefnum má nefna vinnslueftirlit í Mosfellssveit og Reykjavík, einnig verk fyrir Hitaveitu Reykjavíkur; rannsóknir í Svartsengi og úrvinnslu gagna frá borunum í Eldvörpum fyrir Hitaveitu Suðurnesja; úrvinnslu eldri mælinga, vinnslueftirlit og ráðgjöf vegna Kröfluvirkjunar, fyrir Rafmagnsveitur ríkisins; vinnslueftirlit og lokafrágang mæligagna fyrir Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi; vinnslueftirlit í Bjarnarflagi fyrir Jarðvarmaveitur ríkisins; rannsókn og úrvinnslu eldri gagna fyrir Hitaveitu Seltjarnarness; eftirlit með vatnsvinnslu og efnainnihaldi vatnsins fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella; vinnslueftirlit og skýrslugerð um stöðu vinnslusvæða og framtíðarhorfur í orkuöflun fyrir Hitaveitu Akureyrar og ráðgjöf og ýmiss konar mælingar fyrir m.a. hitaveitur Selfoss, Rangæinga, Svalbarðseyrar og Hríseyjar.

Á árinu var í ríkari mæli en áður veitt ráðgjafar- og rannsóknarþjónusta varðandi nýtingu jarðhita til fiskeldis. Voru unnin verkefni á þessu sviði m.a. fyrir Fljótalax, Íslax h.f., ISNO, Íslandslax, Fiskeldi Grindavíkur í Húsatóftum og Fiskeldi í Höfnum.

Á árinu 1985 vann Jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki h.f. að tveimur jarðhitaverkefnum í Grikklandi, þ.e. ráðgjöf og eftirlit með vinnslu jarðhita og losun affallsvatns á eyjunni Milos í Eyjahafi og svipað verkefni á eyjunni Nisyros, einnig í Eyjahafi.

Auk þess var gert tilboð, í samvinnu við Virki h.f., í jarðhitaverkefni í Kenya.

Jarðhitaskóli HSÞ var rekinn með svipuðum hætti og áður. Árið 1985 voru 11 nemendur í 6 mánaða þjálfun. Þeir koma frá Eþíópíu (3), Kenya (3), Kína (3), Thailandi (1) og Tyrklandi (1). Kínverjarnir voru hér á styrkjum frá UNDP, en hinir á styrkjum frá HSÞ og íslenska ríkinu. Auk þessara nemenda komu þrír jarðhitasérfræðingar frá Makedóníu í Júgóslavíu í tveggja vikna námsferð til Íslands á vegum UNDP.

Stjórnsýsla

Iðnaðarráðherra skipar stjórn Orkustofnunar til eins árs í senn. Stjórnina skipa þrír menn. Árið 1985 áttu sæti í stjórninni: Jónas Elíasson, prófessor, formaður, Valdimar K. Jónsson, prófessor, Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri.

Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í fjórar deildir:

Stjórnsýsludeild, forstöðumaður Gunnlaugur Jónsson.
Vatnsorkudeild, forstöðumaður Haukur Tómasson.
Jarðhitadeild, forstöðumaður Guðmundur Pálmason.
Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Vilhjálmsson.

Orkustofnun annast rekstur Jarðborana ríkisins og Jarðvarmaveitna ríkisins, samkvæmt ákvörðun ráðherra. Á árinu var með lögum stofnað fyrirtækið Orkustofnun Erlendis h.f., sem hefur það hlutverk að selja erlendis þekkingu Orkustofnunar og íslenskra ráðgjafa á nýtingu jarðhita og vatnsorku.

Rekstur og fjármál 1985

Samkvæmt meðfylgjandi rekstrarreikningi námu bókfærð útgjöld á árinu alls rúmum 199 milljónum króna samanborið við rúmar 124 milljónir árið áður. Hækkun milli ára nam 60% á sama tíma og vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 32,7% milli ára. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar hækkaði því um fimmtung milli ára.

Á árinu 1985 var unnið að þyngdarmælingum fyrir Defence Mapping Agency í Washington. Verkið var fólgið í því að mæla þyngdarsvið í 793 mælipunktum og jafnframt að staðsetja þá nákvæmlega með hæð yfir sjó, lengd og breidd. Meðal annars vegna þessa verks urðu sértekjur stofnunarinnar mun meiri en áætlað hafði verið í upphafi árs. Að raunvirði á verðlagi ársins 1985 hækkuðu sértekjur Orkustofnunar úr 65,7 milljónum 1984 í tæpar 94,0 milljónir króna 1985. Þessi aukning nægði þó ekki til þess að heildartekjur og útgjöld næðu meðaltali áranna 1974-1984. Launakostnaður var nálægt meðaltali sömu ára, en fjárveiting ríkisins var sú næstlægsta á tímabilinu, árið 1984 var með lægri fjárveitingu.

Rekstrartekjur	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr
Fjárveiting til Orkustofnunar	106.200	74.720	67.506
Sértekjur:			
Framlög til Háskóla S.Þ.	9.253	6.013	3.236
Sérverkefni fyrir Orkusjóð og Iðnaðar-ráðuneytið	4.859	3.400	4.557
Seld þjónusta önnur	62.448	32.286	33.999
Ýmsar tekjur	17.429	7.799	4.579
Endurheimt útgj.	-	-	2.028
Samtals	200.189	124.218	115.905

Hlutfall sértekna sem % af heildart.	47%	40%	42%

Rekstrargjöld

Rekstur Stjórnsýsludeildar	(33.244)	(23.941)	(19.790)
Rekstur Vatnsorkudeildar	(66.195)	(41.773)	(37.657)
Rekstur Jarðhitadeildar	(83.638)	(50.491)	(47.511)
Gjaldfærður stofnkostnaður	(16.446)	(8.042)	(9.812)
Viðhald	-	-	(1.187)
Rekstrargjöld samtals	(199.523)	(124.247)	(115.957)
Launakostnaður í rekstri	98.151	67.965	
Hagnaður (tap)	666	(29)	(52)
Hagnaður (tap) %	0,3%	(0,02)%	

Starfsmannahald

Nokkur samdráttur varð í starfsmannahaldi Orkustofnunar á árinu. Í árslok voru 90 starfsmenn ráðnir ótímabundinni ráðningu á Orkustofnun sjálfri og 26 tímabundinni ráðningu í tengslum við einstök verk, svonefndri verkefnaráðningu, eða alls 116 starfsmenn. Að auki vann sumarvinnufólk og annað lausráðið starfsfólk samtals rúmt 21 ársverk. Alls voru unnin 137,35 ársverk sem er 7,65 færra en árið áður.

Yfirlit yfir starfsmannahald (ársverk) Orkustofnunar 1985 eftir deildum:

	Vatns-orku-deild[1])	Jarð-hita-deild[2])	Stjórn-sýslu-deild	Samtals
Ótímabundin ráðning	32,5	36,25	21,0	89,75
Verkefnaráðning	9,6	12,5	4,0	26,1
Samtals	42,1	48,75	25,0	115,85
Lausráðið starfsfólk	6,2	14,4	0,9	21,5
Starfsmenn 1985 alls	48,3	63,15	25,9	137,35
Starfsmenn 1984 alls	56,2	61,7	27,1	145,0
Starfsmenn 1983 alls	58,5	63,0	28,0	149,0

1) Innifelur orkubúskapardeild.
2) Þar af 4 vegna Háskóla Sameinuðu Þjóðanna.

Fjárhagsáætlun ársins 1986

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 8% hækkun á útgjöldum milli ára, sem er mun minni hækkun en nemur áætlaðri hækkun meðalverðlags milli ára.

Mestur er samdrátturinn á Vatnsorkudeild en jafnframt er nokkur samdráttur á Stjórnsýsludeild og Jarðhitadeild. Áætlað er að unnin ársverk á árinu verði tæplega 130.

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn Iðnaðarráðuneytisins.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

Stjórn

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Til 1. október 1984 voru í stjórninni Guðrún Hallgrímsdóttir, verkfræðingur, formaður, Páll Kr. Pálsson, deildarstjóri, Steinar Steinsson, tæknifræðingur, Guðjón Jónsson, járnsmiður, og Sigríður Skarphéðinsdóttir, iðnverkakona. Ný stjórn stofnunarinnar var skipuð 1. október 1984: Gunnar Scheving Thorsteinsson, verkfræðingur, formaður stjórnar, en stjórnin að öðru leyti skipuð eins og áður. Forstjóri frá 1. febrúar 1983 dr. Ingjaldur Hannibalsson, iðnaðarverkfræðingur, lét af störfum 1. júní s.l. og við tók Páll Kr. Pálsson, iðnaðarverkfræðingur, skipaður af iðnaðarráðherra til 1. júní 1990. Í stað Páls hefur Ágúst Valfells, framkvæmdastjóri, verið skipaður í hans stað.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands:

Stofnunin skiptist í 11 deildir sem hverri fyrir sig er stýrt af deildarstjóra og hefur sér til faglegs ráðuneytis ráðgjafanefnd skipaða fulltrúum fyrirtækja á viðkomandi sviði.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu þekkingar og tækjakosts til að stunda ýmiss konar rannsóknir

og prófanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hefur fræðslustarf, einkum námskeiðahald, verið stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Fræðslustarfsemi

Iðntæknistofnun sér um Verkstjórnarfræðslu, Fræðslumiðstöð iðnaðarins og Námskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla. Árlega eru haldnir tugir sérhæfðra námskeiða fyrir starfsfólk í iðnaði og unnið nýtt námsefni í ýmsum greinum.

Iðntækniþjónusta

Efna- og matvælatæknideild hefur með höndum rannsóknir, þróun og gæðaeftirlit á framleiðslu fyrirtækja í efna- og matvælaiðnaði. Nýlega var sett upp matvælatæknistofa á deildinni, þar sem unnið er að þróun nýrra vörutegunda. Sem dæmi um samstarfsverkefni við fyrirtæki má nefna þróun tilbúinna fiskrétta hjá Marska á Skagaströnd og þróun kartöflurétta, sem unnið verður í samráði við kartöflubændur. Þá má nefna umfangsmikið verkefni um þróun á "snakki" úr fiski. Mun það vera í fyrsta sinn sem tilraun er gerð með slíka vinnslu úr fiski. Á sviði efnaiðnaðar er unnið að ýmsum vöruþróunarverkefnum, einkum á sviði plastiðnaðar. Má þar m.a. nefna þróun á trefjaplasthvolfum fyrir fiskræktar- og fjarskiptibúnað.

Málmtæknideild sinnir ýmiss konar eftirliti með meiriháttar mannvirkjagerð. Má nefna m.a. suðueftirlit í tengslum við nýju flugstöðina og eftirlit með hitaveituframkvæmdum, t.d. í Öskjuhlíð. Deildin sér um þjálfun suðumanna og gefur út hæfnisskírteini. Þá er veitt aðstoð við vöruþróun, framleiðsluskipulagningu og notkun nýrrar tækni. Sem dæmi um verkefni sem unnið er í samráði við einstaklinga og fyrirtæki má nefna þróun keðjuláss fyrir troll, handfæravindu, rækjudælu, vírasplæsingarvél o.fl. Á sviði efnistækni er unnið að rannsóknar- og þróunarverkefni í samráði við innlent fyrirtæki á sviði málmsteypu og þróun nýrra efnasambanda áls. Auk ofangreindra verkefna er unnið að fjölda smærri verkefna á sviði efnisrannsókna, tæringar- og tjónagreininga.

Raftæknideild, Trefjatæknideild og Trétæknideild hafa með höndum gæðaeftirlit og ýmis þróunarverkefni fyrir fyrirtæki í þessum greinum. Meðal nýrra verkefna má nefna sjálfvirknivæðingu hjá framleiðslufyrirtækjum á vegum Raftæknideildar í samráði við rafeindafyrirtæki, vöruþróunarverkefni í samráði við lítil fyrirtæki í ullarvöruframleiðslu og uppsetningu gæðaeftirlits með framleiðslu húsgagna og innréttinga í samráði við alþjóðlega staðla.

Rekstrartæknideild og Staðladeild starfa þverfaglega og taka því þátt í ýmsum sérverkefnum annarra deilda. Rekstrartæknideild vinnur m.a. að verkefni með þremur iðnfyrirtækjum um að taka í notkun japanskar aðferðir ("just in time") við framleiðslu- og birgðastýringu. Þá veitir deildin uppfinningamönnum ýmiss konar þjónustu, aðstoðar fyrirtæki við að taka í notkun gæðahringi og veitir ráðgjöf við tölvuvæðingu. Rekstrartæknideild hafði með höndum framkvæmd fyrstu sýningar á hugmyndum og uppfinningum íslenskra hugvitsmanna, sem haldin var á þessu sumri að frumkvæði iðnaðarráðherra. Staðladeild vinnur m.a. að endurskoðun ýmissa íslenskra staðla og útgáfu nýrra, t.d. á sviði tölvutækni. Nú í haust stóð deildin fyrir heimsókn þekkts sænsks stöðlunarsérfræðings í iðnaði, sem veitti iðnfyrirtækjum ráðgjöf um hvernig nota á staðla og kynnti sér stöðu stöðlunarmála hér á landi og gerði tillögur um framtíðarskipan þeirra.

Nýiðnaðardeild

Deildin hefur það markmið að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja eða nýrrar framleiðslu innan starfandi iðnaðar. Meðal verkefna deildarinnar um þessar mundir eru: Þróun aðferða til framleiðslu oxíðdufts (ceramics), en notkun afurða úr þessu efni vex nú mjög, einkum í bílaiðnaði. Samstarfsfyrirtæki í verkefninu er sænska stórfyrirtækið ASEA, en járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hefur sýnt mikinn áhuga á að tengjast því. Þá er unnið að þróun aðferða til framleiðslu kísilar til útflutnings í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja. Á sviði líftækni er unnið að viðamiklu þróunarverkefni um framleiðslu próteinkljúfandi ensíma úr hitaþolnum hveraörverum. Markmið verkefnisins er að byggja upp færni, tækjabúnað og aðstöðu til tilraunaframleiðslu á örveruensímum og vinna að því að stofnað verði hérlendis á næstunni fyrirtæki sem framleiði hitaþolin ensím til útflutnings.

Á næstu árum verður lögð sérstök áhersla á upplýsingatækni, efnistækni og matvælatækni.

Rætt hefur verið um að auka sjálfstæði Iðntæknistofnunar og í því sambandi sá möguleiki ræddur að rekstrarformi hennar verði breytt í sjálfseignarstofnun. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um þessi mál enn.

Niðurstöður rekstrar 1985

	Yfir-stjórn	Iðntækni-þjónusta	Nýiðnaðar-rannsóknir	Fræðslu-mál, samt.	Framleiðni átak	ITÍ Samtals
Laun og launat. gjöld	6.475	16.413	5.095	3.180	950	32.113
Rekstrargjöld	8.358	8.780	3.033	3.916	2.135	26.222
Stofnkostnaður	801	6.954	928	271	31	8.915
Samtals gjöld	15.634	32.147	9.056	7.367	3.116	67.320
Sértekjur	1.374	19.033	3.541	4.271	234	28.453
Ríkisframlag	12.734	8.113	2.676	3.686	5.000	32.209

Hlutfall sértekna af launa- og rekstrarkostnaði 48,7%.
Heildarfjöldi starfsmanna er um 60.

Framtíð

Til að geta sinnt hlutverki sínu þarf Iðntæknistofnun að hafa á að skipa góðum tækjakosti og hæfasta fólki sem völ er á, þannig að iðnfyrirtækin leiti til stofnunarinnar um lausn þeirra viðfangsefna, sem starfsmenn fyrirtækjanna ráða ekki við. Stærð stofnunarinnar leyfir ekki, að til staðar sé sérfræðiþekking á öllum þeim sviðum sem stofnunin á að sinna. Það verður því að velja áherslusvið í samræmi við þarfir iðnaðarins hverju sinni. Jafnframt er mikilvægt, að stofnunin sé í nánu samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir til að geta leyst vandamál, sem upp kunna að koma. Á næstu árum mun stofnunin leggja sérstaka áherslu á vöruþróun og innleiðslu nýrrar tækni með framleiðniaukningu í huga.

Vöruþróun er lykilatriði í þeim umskiptum sem framundan eru, frá framleiðslusinnuðum rekstri til markaðssinnaðs rekstrar. Vöruþróun á sér fyrst og fremst stað innan fyrirtækjanna. Starfsmenn Iðntæknistofnunar einbeita sér að því að kynna aðferðafræði vöruþróunar, aðstoða fyrirtæki við stýringu á vöruþróunarverkefnum og veita aðstoð við hönnun, frumgerðasmíði og tæknilegar útfærslur. Stofnunin stefnir að því að koma upp verkstæðum og rannsóknastofum fyrir vöruþróun á sem flestum sviðum.

Iðntæknistofnun mun einbeita sér að því að aðhæfa nýja tækni þörfum starfandi iðnaðar og þróa iðnað, sem byggist á nýrri tækni. Trétæknideild hefur boðið út á markað íslenskra rafeindafyrirtækja "pilot" verkefni um tölvustýringu í tréiðnaði. Raftæknideild er í samvinnu við Iðnþróunarsjóð að hefja verkefni um sjálfvirknivæðingu í matvæla-, efna- og

málmiðnaði. Tæknibreytingar auka mikilvægi söfnunar, miðlunar og úrvinnslu upplýsinga. Stofnuninni ber að fylgjast með þeim nýjungum, sem fram koma, og miðla þeim til íslenskra fyrirtækja með útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og námskeiðahaldi.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Rafmagnseftirlit ríkisins starfar eftir lögum nr. 60/1979 og nánari ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum.

Lögin kveða á um, að eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skuli vera í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins. Það skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

Hinn 1. júlí 1933 tók gildi reglugerð um raforkuvirki, sem gefin var út 14. júní 1933 af Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932. Þessi reglugerð var í gildi með breytingum og viðbótum uns reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971 tók gildi 1. júlí 1972. Með gildistöku reglugerðarinnar 1. júlí 1933 hefur að jafnaði verið talið, að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið formlega stofnað.

Tilgangur og tilhögun starfseminnar

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur yfireftirlit með öllum raforkuvirkjum, sem Reglugerð um raforkuvirki lýtur að. Eftirlit RER nær því til raforkuvera, einkarafstöðva, vararafstöðva, spennistöðva, aðveitustöðva, flutnings- og dreifivirkja raforku, iðnaðarveitna, neysluveitna og raffanga.

Með eftirliti sínu ber RER að fylgjast með hönnun og gerð raforkuvirkjanna, starfrækslu þeirra, viðhaldi og gæslu og annast rannsóknir, skýrslugerðir og upplýsingasöfnun um truflanir, tjón og slys af völdum rafmagns. Því ber einnig að fylgjast með, að hvers konar rafföng, innflutt eða smíðuð innanlands, fullnægi lágmarkskröfum um öruggan umbúnað skv. þeim reglum, sem RER ákveður.

Í reglugerð um raforkuvirki eru ákvæði um eftirlit almenningsrafveitna og annarra rafveitna, t.d. iðnaðarveitna. Framkvæmd þess eftirlits er háð yfirumsjón RER.

Rafmagnseftirlitinu er falið að löggilda menn til rafvirkjunarstarfa, meta menntun þeirra, reynslu og hæfni, einnig sem eftirlitsmenn með raforkuvirkjum.

Þá er RER falið samstarf við náttúruverndaraðila um hönnun og frágang raforkuvirkja með tilliti til umhverfis.

Einnig eru ákvæði í lögum um Rafmagnseftirlitið um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættu af rafmagni og leiðir til að verjast þeim. Að auki hefur RER ávallt lagt áherslu á

að fræða fagmenn, hvort sem eru starfsmenn fyrirtækja rafverktaka eða rafveitna. Er það gert á ýmsan hátt, t.d. á fundum, í beinum samtölum eða eftir fyrirspurnir í síma.

Alþjóðlegir staðlar og samnorrænar reglur, auk fyrrnefndrar Reglugerðar um raforkuvirki, eru sá bakgrunnur, sem stuðst er við og fylgja ber við hönnun, setningu og smíði, meðferð, gæslu, viðhald og eftirlit allra raforkuvirkja. Með því að fylgja þeim leiðarvísum verður hætta af völdum raforkuvirkja eins lítil og við verður komið. Með markvissu erlendu samstarfi er leitast við að einfalda störf við endurskoðun og samningu reglna og allt eftirlit, ekki síst raffangaprófun.

Yfirlit yfir starfsemina 1985

Störf Rafmagnseftirlitsins voru með hefðbundnum hætti árið 1985, mannfæð háði þó starfi stofnunarinnar, einkum á sviði háspennueftirlits og raffangaprófunar. Auk yfireftirlitsstarfa aðstoðaði RER almenningsrafveitur reglulega og mikið við að sinna reglubundinni eftirlitsskyldu þeirra með neysluveitum. RER skráði alls 58 skýrslur um bruna og önnur tjón á árinu og 3 um slys á mönnum frá rafbúnaði. Ekkert dauðaslys varð á árinu.

Veruleg breyting varð í fræðslustarfsemi stofnunarinnar með það í huga að vekja eftirtekt almennings á hugsanlegum hættum við notkun eða misnotkun rafmagns og kenna rétta umgengni um raflagnir og rafföng. Ráðinn var sérmenntaður maður á sviði fræðslu og upplýsingamiðlunar á fyrri hluta ársins og tveir aðrir starfsmenn unnu tímabundið og að hluta til að þessum málum.

Ráðist var í gerð stuttra þátta á segulböndum, sem ætlaðir voru til flutnings í sjónvarpi, útvarpi og á fundum. Lokið var við gerð 10 stuttra þátta á myndböndum fyrir sjónvarp og 25 stuttra innskotsþátta fyrir útvarp. Fleiri voru í undirbúningi um áramót. Frekari leiðir voru einnig farnar til fræðslu og upplýsingar, t.d. fundir með rafverktökum og starfsmönnum þeirra, rafveitustarfsmönnum og innflytjendum raffanga. Loks voru fræðslufundir í grunnskólum á Austurlandi vegna áhuga og velvildar fræðslustjóra umdæmisins.

Á sviði eftirlits með rafföngum, sem almennt er nefnt raffangaprófun, varð greinilega vart við afleiðingar gífurlegrar eftirlitsherferðar í lampaverslunum rétt fyrir áramótin 1984/1985.

Þá fundust hátt á annan tug mismunandi gerða lampa á markaðinum, sem að mati Rafmagnseftirlitsins voru hættulegir, einkum með tilliti til hættu á íkveikju og brunaskemmda.

Sala og dreifing þessara lampa var bönnuð, en næstu mánuði á eftir bárust Rafmagnseftirlitinu fleiri prófunarskyldir lampar til prófunar og samþykktar en nokkurn tíma áður á sama tímabili.

Starfsfólk

Í byrjun árs 1985 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 22, en í lok ársins voru þeir 25, þar af gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum hjá ríkisstofnunum í Síðumúla 13. Að auki keypti RER ráðgjafaþjónustu vegna einstakra verkefna, og Orkustofnun annaðist fjármálabókhald að ósk RER eins og undanfarin ár.

Verkefni RER skiptast á starfsmenn eins og hér segir:

Yfirstjórn reglugerðarmál erlend samskipti fræðslumál slysa- og tjónarannsóknir skrifstofustörf	7-8 starfsmenn
Eftirlit með raforkuvirkjum, þ.e. orkuvirkjunum, flutnings- og dreifikerfum, neysluveitum, einkastöðvum o.fl.	8-9 starfsmenn
Raffangaprófun og markaðseftirlit	8-9 starfsmenn

Fjármál

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60/1979, þ.e. að raforkuver og rafveitur greiddu 1,0% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, þó að undanskilinni raforkusölu til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að auki voru tekjur af sérstökum verkefnum.

Rekstrarreikningur RER árið 1985 var sem hér segir:

	1985 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	35.130
Rekstrargjöld	(31.301)
Fjármagnstekjur (gjöld)	
Hagnaður (tap)	3.829

Á árinu 1986 er hins vegar ekki gert ráð fyrir að rekstrarafgangur verði af starfseminni.

Stjórn

Í september 1985 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra eftirtalda menn í stjórn RER til loka árs 1986:

Helga G. Þórðarson, verkfræðing, formann
Helga Ólafsson, hagfræðing
Baldur Pétursson, viðskiptafræðing

Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins er Bergur Jónsson, verkfræðingur.

ÚTFLUTNINGSMIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, er starfar skv. lögum nr. 14 frá 1971. Stofnendur voru: Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Iðnaðarráðuneytið og Viðskiptaráðuneytið. Markmið og tilgangur Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að stuðla að auknum útflutningi íslenskra iðnaðarvara.

Starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar hefur verið fjármögnuð með 2/7 hlutum Iðnlánasjóðsgjalds, fjárveitingu ríkissjóðs auk styrkja frá Iðnlánasjóði og fleiri sjóðum til einstakra verkefna.

Stjórn

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 1985-1986: Ragnar Halldórsson, FÍI, formaður, Ágúst Ágústsson, FÍI, Þorleifur Jónsson, LI, Jón Sigurðsson, SÍS, Sveinn Björnsson, Viðskiptaráðuneyti, Árni Þ. Árnason, Iðnaðarráðuneyti. Framkvæmdastjóri er Þráinn Þorvaldsson.

Stefnumótun

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins vill vinna skipulega að markaðssetningu ísl. útflutningsvara á ákv. mörkuðum. Þess vegna hefur verið lögð rík áhersla á eftirfarandi svæði: Norðurlönd, þýska svæðið, Bretland og Írland, N-Ameríku og Japan. Á árinu 1985 var mikil vinna lögð í að afla þessum hugmyndum fylgis. Stofnun samstarfshópa um útflutning á matvælum og vörum fyrir sjávarútveg á árinu var liður í framkvæmd þessarar stefnu. Unnið var að mótun skipulegs markaðsátaks á ákveðnum markaðssvæðum.

Áróður og hvatning

Á árinu 1985 voru fyrirtæki víðs vegar á landinu heimsótt og rætt við starfsfólk og stjórnendur. Unnið var með fjölmiðlafólki og reynt að koma áhugaverðum frásögnum um útflutningsfyrirtæki á framfæri.

Menntun

Á árinu 1985 var unnið að menntunarmálum á þennan hátt: Kennarar í þeim fimm skólum á landinu, sem kenna markaðsmál, voru kallaðir saman til fundar í nóvember. Útflutningsmiðstöðin vill stuðla að því að aðstoða þessa aðila við að auka hlut markaðsmála í viðskiptakennslu. Í byrjun sumars 1985 var ákveðið að vinna að stofnun sérstaks skóla, sem sérhæfði sig í markaðs- og útflutningsmálum. Stjórn Útflutningsmiðstöðvarinnar ákvað að leita samstarfs við Stjórnunarfélag Íslands um stofnun og rekstur skólans.

Forráðamenn Stjórnunarfélagsins brugðust vel við og hafist var handa við undirbúning stofnsetningar skólans. Ákveðið var að leita til Útflutningsskóla norska Útflutningsráðsins um samstarf í námskeiðahaldi.

Útflutnings- og markaðsskólinn var síðan stofnaður í janúar 1986.

Þátttaka Útflutningsmiðstöðvarinnar í starfi ETPO

ETPO Working Committee er vinnuhópur útflutningsmiðstöðva í Evrópu, sem sérhæfir sig í upplýsingaöflun og upplýsingadreifingu um markaði og sölumál. Íslendingar tóku þátt í þessum hóp í fyrsta sinn árið 1985.

Fyrirtækjaaðstoð

Sem fyrr lagði Útflutningsmiðstöðin áherslu á það árið 1985 að aðstoða eftir megni þau fyrirtæki, sem þangað leituðu. Sá hluti starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar, sem flokkast undir fyrirtækjaaðstoð, er mjög fjölbreyttur. Þau verkefni, sem leyst voru á árinu 1985, voru allt frá aðstoð við gerð útflutningsskjala til skipulagningar á þátttöku í vörusýningum erlendis.

Markaðsráðgjöf

Sænski markaðsráðgjafinn Jan Hennig, sem árið 1983 var fenginn til þess að afla íslenskum afurðum markaða á Norðurlöndum, hélt áfram starfi sínu á árinu 1985. Alls var rætt við 37 fyrirtæki um áhuga þeirra á að afla markaða á Norðurlöndunum og var niðurstaðan sú að 21 fyrirtæki tók þátt í sjálfu verkefninu. Lítil sem engin gögn um aðra markaði en Ísland voru fyrir hendi og var því talsverðum tíma í byrjun varið í að afla frumgagna um markaðina á hinum Norðurlöndunum.

Vörusýningar og kynningar

Árið 1985 tóku íslensk fyrirtæki í svokölluðum stuðningsgreinum við sjávarútveg, þátt í sex sjávarútvegssýningum. Þessar sýningar voru haldnar í Bandaríkjunum, Noregi, Englandi, á Spáni og á Ítalíu. Af fyrrnefndum sýningum var mest áhersla lögð á sjávarútvegssýninguna í Vigo á Spáni, sem haldin var um miðjan september 1985. Þar sýndu 10 íslensk iðnfyrirtæki framleiðsluvörur sínar. Þær vörur, sem einna mesta athygli vöktu, voru tölvuvogir til notkunar um borð í fiskiskipum, vinnslulínur fyrir fisk og búnaður til flutnings og meðhöndlunar á fiski.

Um miðjan september var haldin í Laugardalshöll sýning á búnaði til notkunar við fiskeldi. Sem vænta mátti var þátt-

taka íslenskra fyrirtækja hlutfallslega mikil á þessari sýningu. Draga má þá ályktun af því sem sýnt var á þessari sýningu að hér á landi er að byggjast upp nokkuð mikill iðnaður í kringum byggingu fiskeldistöðva.

Snemma í maí var haldin árleg norræn húsgagnasýning í Kaupmannahöfn, sem ber nafnið Scandinavian Furniture Fair. Á sýningu þessari voru tvö íslensk fyrirtæki: AXIS og Víðir. Auk þeirra tóku þátt í þessari sýningu fyrirtæki frá 16 löndum.

Dagana 17.-20. september sl. fór fram Íslandskynning í Hollandi. Til undirbúnings kynningarinnar var 10 erlendum blaðamönnum boðið til Íslands í byrjun september 1985 og var farið með þá í fyrirtæki í Reykjavík og nágrenni. Blaðamenn þessir gerðu Íslandi og því sem Ísland hefur upp á að bjóða mjög góð skil í hollenskum fjölmiðlum. Útflutningsmiðstöðin annaðist undirbúning og framkvæmd kynningarinnar í Hollandi, en að henni stóðu alls 18 fyrirtæki.

Fyrirtækin buðu til tveggja kynningarkvölda. Það fyrra var í Rotterdam og hið seinna var í Amsterdam, þar sem helstu viðskiptaaðilum fyrirtækjanna var boðið. Hápunktur kynningarinnar var þó móttakan sem haldin var í Haag og var boðið til þeirrar móttöku í nafni Einars Benediktssonar sendiherra í London. Heiðursgestur var forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir. Til þessarar móttöku mættu hátt á þriðja hundrað manns og meðal gesta voru sex ráðherrar úr hollensku ríkisstjórninni.

Útflutningshópar

Útflutningshópur í matvælum var stofnaður 31. október 1985. Hópurinn samanstendur af átta fyrirtækjum, er framleiða tilbúin matvæli. Ernst Hemmingsen, hagfræðingur, er markaðsstjóri hópsins. Tilgangur hópsins er að efla útflutning matvæla í neytendaumbúðum fyrir smásöluverslanir. Sérstök áhersla er lögð á tilbúna rétti og er ætlun að markaðssetja vörurnar undir sameiginlegu vörumerki.

Útflutningshópur er vinnur að sameiginlegu markaðsátaki fyrirtækja er framleiða veiðarfæri og búnað til fiskveiða var stofnaður 17. júlí 1985. Að honum standa alls fimm fyrirtæki. Valdimar Kristjánsson var ráðinn markaðsstjóri hópsins. Megintilgangur með stofnun þessa hóps var að sameina markaðskrafta viðkomandi fyrirtækja á mörkuðum vestanhafs.

Samstarf

Samstarf milli Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Iðnþróunarsjóðs og dönsku markaðsskrifstofunnar AIM hefur staðið frá

árinu 1984. Þessi ráðgjöf beinist einkum að uppbyggingu og markaðsstarfsemi íslenskra fyrirtækja, fyrst og fremst með það í huga að styrkja starfsemi þeirra í útflutningi.

Samstarf Útflutningsmiðstöðvarinnar við hagsmunasamtök iðnaðarins var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 1985. Frá upphafi hefur stofnunin haft samvinnu við Félag ísl. iðnrekenda um skrifstofuhald og annað sem því tengist. 1. desember flutti Útflutningsmiðstöðin í nýtt húsnæði að Lágmúla 5 og má þá segja að nýr kafli hefjist í sögu stofnunarinnar.

Viðskiptafulltrúar erlendis

Á grundvelli samkomulags milli utanríkisþjónustunnar og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins var opnuð viðskiptafulltrúaskrifstofa við aðalræðisskrifstofuna í New York í mars 1985. Viðskiptafulltrúi var ráðinn Úlfar Sigurmundsson, fyrrverandi framkv.stj. Útflutningsmiðstöðvarinnar.

Árið 1985 var annað árið, sem skrifstofa Útflutningsmiðstöðvarinnar er starfrækt í Færeyjum, en Björn Guðmundsson veitir henni forstöðu. Þungamiðjan í starfsemi skrifstofunnar var fyrirgreiðsla við íslenska útflytjendur og aðgerðir er miða að aukningu á sölu íslenskra iðnaðarvara til Færeyja. Auk þess var unnið að almennum landkynningarmálum og öðrum þáttum er orðið gætu til aukningar á samskiptum milli Íslendinga og Færeyinga.

Kynnisferðir til útlanda

Á árinu 1985 gekkst Útflutningsmiðstöðin fyrir nokkrum kynnisferðum, en markmið þeirra var að auka skilning íslenskra aðila á markaðsaðstöðu þar. Má þar einkum nefna veiðarfæraframleiðendur og húsgagnaframleiðendur er fóru til Bandaríkjanna, auk átta manna hóps, sem fór til Nuuk á Grænlandi og kynnti þar sjávarútvegsvörur.

Rekstrarreikningur fyrir árin 1985 og 1984

Rekstrartekjur:	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)
Iðnlánasjóðsgjald	12.400	
Framlag ríkissjóðs	4.500	2.899
Iðnþróunarsjóður	3.000	5.500
Iðnlánasjóður	1.000	
Framlag þátttakenda		
Seld þjónusta	9.282	4.432
Rekstrartekjur samtals:	30.182	12.831

Rekstrargjöld	(29.093,00)	(13.260)
Fjármagnstekjur (gjöld)	(369)	(87)
Hagnaður (tap)	720	(516)

	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)
Eignir	5.755	937
Skuldir	(4.218)	(302)
Eigið fé	1.537	635)

IÐNLÁNASJÓÐUR

Tilgangur

Iðnlánasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 12/1935, hefur þann tilgang að styðja íslenskan iðnað með hagkvæmum stofnlánum, og veitir hann stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því, að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa. Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkvæmt 5. gr. laga sjóðsins, skulu að öðru jöfnu hafa forgang til lána úr sjóðnum.

Eftirspurn og lánveitingar

Árið 1985 bárust sjóðnum 270 umsóknir í stað 365 umsókna 1984 eða 26% færri. Lánsbeiðnir í krónum talið jukust hins vegar fjórða árið í röð, eða um 24%, og námu 918,2 m.kr. í stað 739,1 m.kr. árið áður. Ráðstöfunarfé sjóðsins jókst hins vegar meir en eftirspurnin á árinu 1985. Munar þar mestu um auknar heimildir til lántöku. Eins jókst eigið ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu þó aukningin þar sé hlutfallslega minni vegna sívaxandi beiðna um skuldbreytingar eldri lána.

Fjöldi afgreiddra lána 1985 var 292 en 276 árið áður. Árið 1984 voru afgreidd lán að fjárhæð 557,3 m.kr. á móti 352,5 m.kr. árið áður. Nemur aukningin 58%.

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Um mitt árið 1984 var með lögum stofnuð deild hjá Iðnlánasjóði, vöruþróunar- og markaðsdeild. Sú deild tók við rekstri Iðnrekstrarsjóðs, en hann var lagður niður með sömu lögum 1. júlí 1984. Hlutverk vöruþróunar- og markaðsdeildar er eftirfarandi:

- að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins,
- að örva nýsköpun,
- að auka útflutning iðnaðarvara.

Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.

2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.

3. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði.

4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

5. Veitingu ábyrgða á lánum hjá bönkum og sparisjóðum.

Árið 1985 er í raun fyrsta starfsár deildarinnar, en seinni hluta árs 1984 var starfsemin í lágmarki því auknir og nýir tekjustofnar komu ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1985. Árlegt ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar er 4/7 hlutar iðnlánasjóðsgjalds, framlag ríkissjóðs af fjárlögum og innborgaðar afborganir og vextir af útlánum deildarinnar og nam sú fjárhæð 1985 um 63 millj. kr.

Alls barst 51 umsókn um lán á árinu að upphæð 60.717 þús. kr. Samþykkt voru 35 lán samtals að upphæð 32.598 þús. kr. eða um 73,3% af heildarsamþykktum til vöruþróunar-og markaðsaðgerða. Skipting milli vöruþróunar annars vegar og markaðsaðgerða hins vegar var þessi:

Vöruþróun	22.485 þús. kr.
Markaðsaðgerðir	10.113 " "
Alls samþykkt	32.598 þús. kr.

Vextir af lánum eru breytilegir og háðir ákvörðun stjórnar á hverjum tíma, auk þess sem þau eru bundin lánskjaravísitölu. Vextirnir voru upphaflega 5,5%, voru 7% um síðustu áramót. Lánstími er yfirleitt 3-5 ár, en er ákveðinn með hliðsjón af væntanlegum árangri þess verkefnis, sem lánað er út á.

Alls bárust 69 umsóknir um styrki á árinu að upphæð 23.692 þús. kr. Hins vegar voru samþykktir styrkir að upphæð 11.883 þús. kr. eða um 26,7% af heildarsamþykktum til vöruþróunar- og markaðsaðgerða. Skipting milli vöruþróunar- og markaðsaðgerða var þessi:

Vöruþróun	974 þús. kr.
Markaðsaðgerðir	10.909 " "
Alls samþykkt	11.883 þús. kr.

Samkvæmt lögum sjóðsins hefur vöruþróunar- og markaðsdeildin heimild til að kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja. Þar sem

tilgangur hlutabréfakaupa er að leysa tímabundin vandamál skal stefnt að því, að sjóðurinn selji hlutabréfin aftur innan 5 ára frá kaupdegi. Miðað skal við að þátttaka sjóðsins fari ekki yfir 30% af hlutafé viðkomandi fyrirtækis og á hverjum tíma skal aldrei meira en 30% af eigin fé deildarinnar varið á þennan hátt. Gæta skal þess, að ekki séu í samþykktum félaga eða fyrirtækja, sem sjóðurinn eignast hlut í, ákvæði er takmarka sölu hlutabréfa. Heildarhlutabréfaeign og veitt hlutafjárloforð Iðnlánasjóðs 31. desember 1986 sundurliðast þannig:

	Nafnverð
Þróunarfélag Íslands h.f.	30.000.000
Vogun h.f.	5.200.000
Nord-Invent	3.703.793
Fjárfestingarfélag Íslands h.f.	1.497.877
Tækniþróun h.f.	1.000.000
Snú h.f.	900.000
Glit h.f.	70.000
Samtals	42.371.670

Lántökur sjóðsins

Sívaxandi hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins eru nýjar lántökur, og er nú svo komið að um 85% af ráðstöfunarfé sjóðsins 1985 voru ný lán.

Þau skiptust þannig:

Lán bundin lánskjaravísitölu með vöxtum 6,25%	m.kr. 200
Lán háð gengi bandaríkjadollars með 1% yfir LIBOR	m.kr. 140
Lán háð gengi japansks yens með 1,375% vöxtum yfir skammtímavöxtum á japönskum yenum	m.kr. 50
Lán háð gengi vestur-þýska marksins með föstum 9% vöxtum	m.kr. 100
Samtals	m.kr. 490

Lánskjör sjóðsins

Útlánsvextir sjóðsins voru hækkaðir hinn 15. apríl 1985. Vextir byggingalána voru hækkaðir úr 6% í 7% en vextir vélalána úr 5,5% í 7%. Gildir vaxtahækkunin einnig fyrir útistandandi lán. Báðir lánaflokkar sjóðsins eru bundnir lánskjaravísitölu að fullu og lántökugjald er 1%.

Lántaki velur sjálfur lengd lánstíma, en hámarkslánstími byggingalána er 15 ár en vélalána 7 ár. Lánin eru endurgreidd með jöfnum greiðslum og er gefinn kostur á einni eða tveim endurgreiðslum á ári.

Á miðju ári 1985 ákvað stjórn sjóðsins að gengistryggja hluta útlána. Með því vill stjórnin minnka þá áhættu og óvissu sem felst í því að stór hluti innlána er háður gengi erlendra mynta á meðan útlán fylgja lánskjara- og byggingavísitölu. Ákveðið var að gengistryggja vélalán yfir 700.000,00 og byggingalán yfir kr. 5.000.000,00 og átti það við umsóknir er bárust eftir 15. september 1985. Þau útlán, sem undir þetta falla, eru háð gengi SDR, sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og voru vextir ákveðnir 10%. Um síðustu áramót var vægi einstakra mynta í SDR-gengiskröfunni sem hér segir:

Bandaríkjadollari	USD	42%
Þýskt mark	DEM	19%
Japanskt yen	JPY	15%
Franskur franki	FRF	12%
Sterlingspund	GBP	12%

Rekstur og efnahagur

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi:

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Rekstrartekjur	887.782	349.980	533.216
Rekstrargjöld	(695.656)	(423.882)	(532.098)
Hagnaður (Tap)	192.126	(73.902)	1.118
Eignir	2.877.658	1.759.896	1.224.916
Skuldir	(2.137.518)	(1.349.974)	(868.286)
Eigið fé	740.140	409.923	356.630

Við uppgjör sjóðsins var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 1984. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af gengistryggðum lánum eru uppfærð á gengi 31. desember 1985. Ennig er færð til gjalda í rekstrarreikningi reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga þar sem peningalegar eignir sjóðsins voru umfram skuldir. Nam sú færsla 138.357 þús. kr.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald var á árinu 1985 41.250 þús.kr., en hafði verið á árinu 1983 1.800 þús. kr. Ljóst er að samanburður á milli ára er erfiður vegna þeirrar röskunar sem varð er iðnlánasjóðsgjald var hækkað árið 1984 úr 0,05% í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni.

Framleiðslugjald á áli var 1.781 þús. kr. árið 1985 í stað

2.472 þús. kr. árið áður eða lækkun um 28%.

Rekstrarkostnaður Iðnlánasjóðs varð 18.685 þús. kr. 1985 á móti 9.661 þús. kr. árið áður.

Framlög til hagrannsókna námu 858 þús. kr. 1985 í stað 660 þús. kr. árið áður.

Heimilt er skv. lögum sjóðsins að verja allt að 10% af iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, er stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ráðstafar stjórn sjóðsins framlögum þessum í samráði við stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Starfsaðstaða og stjórn

Iðnlánasjóður er lögum skv. í umsjón Iðnaðarbanka Íslands h.f., og hefur sjóðurinn aðsetur í húsnæði bankans, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja mann stjórn. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. júní 1983, voru eftirfarandi skipaðir í stjórnina til næstu fjögurra ára:

Jón Magnússon, hdl., formaður, skipaður án tilnefningar, Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, og Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda.

Bankastjórar Iðnaðarbankans eru framkvæmdastjórar sjóðsins, en samkvæmt verkskiptingu bankastjóranna annast Bragi Hannesson, bankastjóri, daglega framkvæmdastjórn sjóðsins. Skrifstofustjóri sjóðsins er Gísli Benediktsson, viðskiptafræðingur.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970, á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórna Norðurlanda. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 milljóna USD. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherslu á aukið samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta á milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Breyting á lögum Iðnþróunarsjóðs

Hinn 20. apríl 1985 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði laga og stofnsamning sjóðsins og gera tillögur um æskilegar breytingar. Skyldi nefndin fyrst og fremst taka til athugunar hvort æskilegt væri að útvíkka starfshætti sjóðsins þannig, að hann tæki aukinn þátt í áhættufjármögnun og þá með hvaða hætti. Einnig skyldi tekið til athugunar hvort æskilegt væri að víkka verksvið sjóðsins. Nefndin skilaði álitsgerð og tillögum til ráðherra. Hinn 7. júní samþykkti Alþingi lög er heimiluðu ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi um sjóðinn.

Meginefni breytinga er, að verksvið sjóðsins er víkkað. Skal tilgangur sjóðsins vera að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi, með megináherslu á tækni- og iðnþróun. Þá er gert ráð fyrir sveigjanlegri lánskjörum og heimilað að taka lán í öðrum gjaldmiðli en USD. Skulu þau endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán sem veitt eru af eigin fé sjóðsins má veita í öðrum gjaldmiðli, eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins. Loks gera lögin ráð fyrir heimild til kaupa og sölu hlutabréfa með vissum takmörkunum, er ákveðin verða í reglugerð.

Formlegri breytingu á samningi Norðurlandanna, svo sem áðurnefnd lög gera ráð fyrir, varð eigi lokið fyrr en í byrjun ársins 1986.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum, einum frá hverju landi.

Iðnaðarráðherra Íslands skipar fulltrúa Íslands í sjóðinn til þriggja ára, svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá 12. mars 1985 að telja:

Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður, og Friðrik Sophusson, alþingismaður, varamaður.

Í framkvæmdastjórninni eiga sæti fjórir fulltrúar íslenskra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins.

Lánskjör

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán hans að fullu gengistryggð og miðuð við Bandaríkjadollar.

Útlánsvextir voru 11,5% frá 1. október 1984 en lækkuðu í 11,0% 1. maí 1985.

Starfsemin

Á árinu 1985 voru til afgreiðslu 74 umsóknir um fjárfestingarlán, að upphæð 658 m.kr., borið saman við 84 umsóknir að upphæð 554 m.kr. árið 1984.

Samþykkt voru 52 lán að upphæð 410 m.kr.

Lög sjóðsins gera ráð fyrir því að ráðstafa megi ákveðnum hluta af fjármagni hans með sérstökum kjörum. Lán þessi eru óverðtryggð. Vextir af lánum þessum voru 32% í lok ársins. Veitt eru lán til vel skilgreindra verkefna, sem miða að þróun efna og afurða er stuðla að nýsköpun í iðnaðarframleiðslu, og til erlendrar markaðsöflunar. Ef um er að ræða verkefni sem mikil áhætta fylgir, getur framkvæmdastjórn sjóðsins breytt lánum í styrk, leiði verkefni ekki til arðbærrar framleiðslu.

Samþykkt voru áhættulán að upphæð 7,4 m.kr., eða sama upphæð og árið 1984. Á árinu voru samþykktir 15 styrkir að upphæð samtals 6.033 þús. kr. Stærstum hluta styrkveitinga á árinu 1985 var, eins og árið áður, varið til útflutningsmála. Í samstarfi við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins var unnið að svonefndu útflutningsverkefni. Markmið þess var að leiðbeina fyrirtækjum við skipulagningu og starfsaðferðir við sókn á erlenda markaði. Að verkefninu unnu erlendir ráðgjafar og starfsmenn Útflutningsmiðstöðvarinnar, og nutu þeir í því sambandi sérstakrar þjálfunar. Greiddur styrkur vegna verkefnisins nam 2,6 m.kr.

Samþykktur var styrkur til greiðslu hluta af kostnaði við staðsetningu markaðsfulltrúa í New York, að upphæð 3,0 m.kr.

Þá var á árinu samþykktur styrkur til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins að upphæð 485 þús. kr. til útgáfu handbókar til leiðbeininga fyrir útflytjendur. Einnig voru samþykktir 3 styrkir til Félags íslenskra iðnrekenda að upphæð samtals 460 þús. kr. Var hér í fyrsta lagi um að ræða útgáfu handbókar fyrir stjórnendur við tölvuvæðingu og tölvuval, í öðru lagi könnun á hagkvæmni þess að taka í notkun tölvu við

sníðagerð í íslenzkum fataiðnaði og í þriðja lagi athugun á möguleikum iðnfyrirtækja fyrir undirverktakastarfsemi fyrir IBM.

Útborgaðir styrkir á árinu námu 7.943 þús. kr.

Endurgreiðsla stofnfjár

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs segir að frá 10. ári skuli, eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum stofnframlög Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, að upphæð 13,5 millj. USD. Endurgreiðsla stofnfjár á árinu nam 400 þús. USD. Námu heildarendurgreiðslur stofnfjár í árslok 1.460 þús. USD.

Lántökur

Í nóvember 1985 var undirritaður samningur við Norræna fjárfestingarbankann um lán að jafnvirði 1,2 millj. USD. Heildarlántökur sjóðsins við árslok 1985 námu 275 m.kr.

Starfsaðstaða

Samkvæmt ákvæðum laga um Iðnþróunarsjóð veitir Seðlabanki Íslands sjóðnum nauðsynlega starfsaðstöðu og er aðsetur sjóðsins í húsnæði Seðlabanka Íslands. Veitir bankinn sjóðnum ýmiss konar þjónustu, svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru, auk framkvæmdastjóra, tveir fulltrúar og einn ritari.

Rekstur og efnahagur

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1983, 1984 og 1985 (í þús. kr.):

	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)	1983 (þús.kr.)
Fjármunatekjur	246.700	531.658	459.110
Fjármagnsgjöld	(86.851)	(429.042)	(383.115)
Rekstrarkostnaður	(9.305)	(7.058)	(4.592)
Greiddir styrkir	(7.943)	(4.982)	(3.313)
Lagt á afskr.reikn.útlána	(15.574)	-	
Hagnaður (tap)	127.027	90.576	68.090
Eignir	1.945.830	1.590.086	1.014.839
Skuldir	(482.147)	(283.957)	(526.728)
Eigið fé	1.463.682	1.306.129	488.111
-Stofnframlag	528.185	525.364	
-Óráðstafað eigið fé	935.497	780.765	

Horfur 1986

Áætlað er að ráðstöfunarfé sjóðsins til lán- og styrkveitinga árið 1986 verði um 370 m.kr. Lántökur á árinu verða 95 m.kr.

Áætlað er því að eiginfjármögnun útlána verði um 275 m.kr. Umsótt lán í lok september árið 1986 voru um 393 m.kr.

Vextir lækkuðu úr 11% í 9,5% þann 1. apríl 1986 og aftur þann 1. september 1986 úr 9,5% í 9%.

Breyting á lögum sjóðsins tók formlega gildi 30. maí sl. og bauð sjóðurinn þá öllum þeim, sem þegar höfðu tekið lán hjá sjóðnum, að breyta verðtryggingu á allt að helmingi þegar tekinna lána, þannig að verðtrygging á þessum hluta verði bundin gengi vestur- þýskra marka og/eða breskra punda.

Þá voru einnig frá sama tíma hafin útlán er voru verðtryggð miðað við einn eða fleiri af neðangreindum gjaldmiðlum:

USD	Vextir 9%	breytilegir
DEM	- 7%	-
GBP	- 12%	-

Yfirlit yfir lánsumsóknir 1985 (þús.kr.)

Iðngrein	Óafgreitt frá 1984		Innkomnar umsóknir 1985		Til afgreiðslu 1985		Samþykkt lán 1985		Synjað/dregið til baka 1985		Óafgreitt 31.12. 1985	
	fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.
1. Matvælaiðnaður	4	28.500	7	53.609	11	82.109	9	75.908	-	-	2	10.200
2. Vefjar- og prjónaiðnaður	1	12.235	5	109.420	6	121.655	5	48.920	-	-	1	37.100
3. Fataiðnaður	2	13.400	-	-	2	13.400	2	14.400				
4. Húsgagna- og innrétt.iðn.	3	25.300	4	39.370	7	64.670	4	37.625	2	12.450	1	3.500
5. Pappírs- og prentiðnaður	1	7.550	9	28.820	10	36.370	8	27.483	2	5.715	-	-
6. Skinna- og leðuriðnaður	-	-	3	10.349	3	10.349	2	3.349	1	7.000	-	-
7. Efnaiðnaður	-	-	6	32.100	6	32.100	3	11.600	2	5.900	1	11.000
8. Steinefnaiðnaður	1	10.000	4	63.520	5	73.520	3	25.500	-	-	2	25.200
9. Málmiðnaður	1	32.000	7	40.205	8	72.205	7	66.940	1	1.500	-	-
10. Raftækja- og rafeindaiðn.	1	1.000	1	3.500	2	4.500	1	3.500	1	1.000	-	-
11. Skipasmíðar og viðg.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
12. Plastiðnaður	-	-	6	72.515	6	72.515	4	65.100	1	2.415	1	5.000
13. Ýmis iðnaður	-	-	8	74.539	8	74.539	4	29.413	3	39.000	1	3.000
	14	129.985	60	527.94774		657.932	52	409.738	13	74.980	9	95.000

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175 frá 1985. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þ.L. hefur sérstaka stjórn undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölustofnunar lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF. Sölustofnun lagmetis er þjónustuaðili sjóðsins, en hann er varðveittur í Iðnaðarbanka Íslands.

Helstu niðurstöður úr rekstri Þ.L. á árinu 1985 eru sem hér segir:

Tekjur voru:

1% af útfluttu lagmeti	þ.e.	72%	af útflutn.tekjum	
3% af söltuðum matarhrognum	"	20%	"	"
3% af frystum þorskhrognum	"	8%	"	"

Heildartekjur Þ.L. voru 14.872 m.kr. og að frádregnum gjöldum ásamt styrkjum og lánum varð rekstrarafgangur 7.082 millj. krónur.

Á árinu voru veitt lán og styrkir til verksmiðja til tæknilegrar uppbyggingar og þróunarstarfa sem nam kr. 9.380.000. Til Sölustofnunar lagmetis voru veittir styrkir til markaðsmála og umbúðaþróunar að upphæð kr. 6.275.895.

Eigið fé Þróunarsjóðs var í árslok 1985 31.737 m.kr. en var í árslok 1984 22.945 m.kr.

Stjórn Þ.L. var svo skipuð árið 1985:

Heimir Hannesson, formaður	Þórður Jónsson til vara
Ingjaldur Hannibalsson	Rögnvaldur Gíslason til vara
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson	Gunnar Flóvenz til vara
Rögnvaldur Einarsson	Björn Guðjónsson til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason til vara

Mannabreytingar urðu í stjórn í maí 1986 og er hún nú skipuð þessum mönnum:

Guðni Jónsson, formaður	Halldór J. Kristjánsson til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason til vara
Páll Kr. Pálsson	Rögnvaldur S. Gíslason til vara

Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson Gunnar Flóvenz til vara
Þórarinn Þ. Jónsson

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Þ.L.

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Tekjur	14.872	7.377	5.792
Rekstrargjöld	(7.790)	(4.436)	(2.301)
Fjármagnstekjur	3.558	1.604	2.945
Hagnaður	10.640	4.545	6.436
Eignir	32.236	23.644	16.216
Skuldir	(499)	(699)	(254)
Eigið fé	31.737	22.945	15.962

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 58/1967, orkulögum, X. kafla, með síðari breytingum. Hann tók við starfsemi Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs og yfirtók eignir þeirra og skuldbindinar. Sjóðurinn er eign ríkissjóðs. Hann lýtur stjórn Orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Samkvæmt lögum veitir sjóðurinn lán til framkvæmda Rafmagnsveitna ríksins og annarra rafmagnsveitna til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, til bænda til að koma upp vatnsaflsstöðvum og mótorrafstöðvum. Þá veitir sjóðurinn lán til opinberra aðila, félaga og einstaklinga, til að leita og afla jarðvarma. Sjóðurinn veitir Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum rafveitum styrki til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að veiturnar geti ekki borið sig án sérstakra óafturkræfra framlaga. Lán og styrkir eru veitt af lánum, sem sjóðurinn tekur, eða framlögum, sem hann fær.

Rekstur

Á árinu 1985 fékk sjóðurinn innborguð framlög úr ríkissjóði að fjárhæð 161,2 Mkr. Lántökur Orkusjóðs á árinu námu 268,4 Mkr. en lánveitingar urðu alls 306,9 Mkr.

Niðurstöður á rekstrar- og efnahagsreikningum sjóðsins 1985, 1984 og 1983 eru sem hér segir:

	1985 Mkr.	1984 Mkr.	1983 Mkr.
Tekjur	682,7	1.074,8	741,3
Gjöld	(590,5)	(908,2)	(650,1)
Eignir	5.497,6	4.744,5	3.649,3
Skuldir	(5.876,9)	(5.122,4)	(4.051,3)
Eigið fé	(379,3)	(377,9)	(402,0)

Við samanburð tekna og gjalda er rétt að hafa í huga, að styrkveitingar úr sjóðnum eru taldar með gjöldum á rekstrarreikningi og með tekjum eru talin framlög úr ríkissjóði, þ.á.m. framlög til endurgreiðslu lána. Sé hvort tveggja dregið út úr rekstrarreikningi, styrkveitingar og framlög ríkissjóðs, verður halli 6,0 Mkr. 1984 en 41,3 Mkr. árið 1985.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs til einstakra verkefna var á árunum 1985, 1984 og 1983 sem hér segir:

	1985 Mkr.	1984 Mkr.	1983 Mkr.
1. Greitt verðjöfnunargjald	-	381,00	283,00
2. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum	20,00	33,00	27,00
3. Jarðhitaleitarlán	15,00	15,00	15,00
4. Hitaveitulán	10,00	10,00	7,50
5. Styrkveitingar til rafvæðingar sveita	5,00	14,50	20,50
6. Lánveitingar til einka-rafstöðva í sveitum	3,00	1,00	1,00
7. Greiddir vextir, vísitölulán og afb.	913,30	1100,90	777,87
8. Reksturskostnaður Orkusjóðs	0,60	0,55	0,40
9. Styrkur til Hólsfjallabæja v. raforkuframl.	1,70	1,75	0,70
Samtals	968,60	1557,60	1132,97

Fé það sem Orkusjóður hafði til ráðstöfunar á árunum 1983, 1984 og 1985 var fengið sem hér segir:

	1985 Mkr.	1984 Mkr.	1983 Mkr.
1. Framlög úr ríkissjóði:			
a) verðjöfnunargjald	-	381,00	283,00
b) önnur framlög	192,10	218,80	117,41
2. Lántökur	20,00	27,00	30,50
3. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborganir	756,50	930,80	702,06
Samtals	968,60	1557,60	1132,97

Stjórn

Orkuráð hefur á hendi stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkusjóðs skv. orkulögum.

Orkuráð skipa frá 1. júlí 1983:

Þorvaldur G. Kristjánsson, alþingismaður, formaður, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Aage Steinsson, deildarstjóri, Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri, Ingólfur Árnason, rafveitustjóri. Ritari er Páll Hafstað. Fundi ráðsins sitja auk þess: Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, og Jakob Björnsson orkumálastjóri.

Ed. 491. Lánsfjárlög [24. mál]

fyrir árið 1987.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 486 (sbr. 396).

Ed. 492. Lög [158. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 374.

Ed. 493. Lög [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 352.

Ed. 494. Lög [252. mál]

um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 286.

Ed. **495. Lög** [259. mál]

um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 29 29. apríl 1967.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 341.

Ed. **496. Lög** [14. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 451.

Nd. **497. Lög** [229. mál]

um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 348.

Sþ. **498. Þingsályktun** [270. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 406.

Sþ. **499. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1987.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**43 029 220**
Beinir skattar	6 626 000	
Óbeinir skattar	33 748 720	
Fjármagnstekjur, vextir	2 225 000	
Aðrar tekjur	429 500	
Gjöld:		
Rekstrarliðir		**40 295 437**
Samneysla	21 769 516	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	16 799 914	
– Sértekjur stofnana	–1 893 993	
Fjármagnsgjöld, vextir	3 620 000	
Jöfnuður		2 733 783
Fjárfesting		5 576 970
Stofnkostnaður	2 552 678	
Fjármagnstilfærslur	3 024 292	
Tekjur umfram gjöld		**–2 843 187**
Lánahreyfingar		
Afborganir		1 430 000
Afborganir af teknum lánum	3 410 000	
3. Foreldrafélag Seyluhrepps, Varmahlíð	50	
4. Foreldrafélag Hólahrepps, Hjaltadal	50	
5. Foreldrafélagið, Löngumýri 16, Akureyri	100	
6. Djúpivogur	100	
7. Foreldrafélag Kirkjubæjarhrepps	5	
8. Hvolsvöllur	250	

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Selfoss	5	
10. Hveragerði, viðbygging	5	
11. Gullvík, Grindavík	20	
12. Hafnarfjörður, dagheimili	5	
13. Bessastaðahreppur	500	
14. Kópavogur, dagheimili, leikskóli	5	
15. Kársnesbraut 121, Kópavogi	50	
16. Foreldrafélagið Ós, Reykjavík	500	
17. Reykjavíkurborg:		
a. Vegna breytinga á Fornhaga 8	5	
b. Vegna breytinga á Njálsgötu 9	5	
		1 860
h. Hönnun nýrra dagvistarheimila		500
		43 195

4. Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. (02 982 1.70):

1. Árni Kristjánsson	330	
2. Finnur Jónsson	330	
3. Guðmundur Daníelsson	330	
4. Halldór Laxness	330	
5. Hannes Pétursson	330	
6. Indriði G. Þorsteinsson	330	
7. Jóhann Briem	330	
8. Jón Nordal	330	
9. Jón úr Vör	330	
10. María Markan	330	
11. Matthías Johannessen	330	
12. Ólafur Jóhann Sigurðsson	330	
13. Snorri Hjartarson	330	
14. Stefán Íslandi	330	
15. Svavar Guðnason	330	
16. Valur Gíslason	330	
		5 280

5. Bygging íþróttamannvirkja (02-986 6.20).

a. Ný íþróttamannvirki:	
1. Íþróttafélagið Leiknir, Rvík, vallarhús	10
2. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, snjótroðari	10
3. Reykjavíkurborg, skíðalyftur fyrir börn	10
4. Siglingasamband Íslands, bátur	10
5. Hafnarfjörður, sundlaug	10
6. Mosfellshreppur, íþróttaleikvangur	10
7. Ums. Dalamanna, skíðalyfta	10
8. Íþróttafél. Höfrungur, Þingeyri, skíðalyfta	10
9. Umf. Leiftur Ólafsfirði, snjótroðari	10
10. Húsavík, endurbætur á sundlaug	10
11. Þórshöfn, íþróttahús	10

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Neskaupstaður, endurbætur á sundlaug	10	
13. Neskaupstaður, stækkun íþróttahúss	10	
14. Júdófélagið Kjarni Fellabæ, æfingadýna	10	
15. TBR, íþróttahús	10	
16. Þór Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	10	
17. Týr Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	10	
18. Ölfushreppur, íþróttavöllur	10	
		180
b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1986 eða fyrr:		
1. Glímufélagið Ármann, íþróttahús	100	
2. Glímufélagið Ármann, íþróttasvæði	75	
3. Glímufélagið Ármann, skíðaskáli	5	
4. Knattspyrnufélagið Fram, grasvöllur	350	
5. Knattspyrnufélagið Fylkir, íþróttavöllur, 1. áf.	400	
6. ÍR, íþróttasvæði	200	
7. ÍR, skíðalyfta IV	100	
8. ÍR, troðari	204	
9. Íþróttafélag Rvíkur, skáli fyrir troðara	54	
10. Íþróttafélag fatlaðra, íþróttahús	100	
11. Íþróttabandalag Rvíkur, íþróttabúðir	200	
12. KR, þjónustumiðstöð	300	
13. KR, skíðalyfta	300	
14. KR, íþróttahús lyftingamanna	30	
15. Skotfélag Reykjavíkur, skotsvæði	75	
16. TBR, tennisvellir	200	
17. Knattspyrnufélagið Valur, íþróttahús	800	
18. Knattspyrnufélagið Valur, grasvöllur	250	
19. Knattspyrnufélagið Víkingur, íþróttasvæði	300	
20. Knattspyrnufélagið Víkingur, skíðalyfta	200	
21. Sundlaug Laugardal, laugarhús	5 000	
22. Laugardalsvöllur, 3. áf.	120	
23. Þjónustumiðstöð í Bláfjöllum, 2. áf.	500	
24. Troðari og skemma í Bláfjöllum	111	
25. Gervigras á Laugardalsvöll	3 000	
26. Skíðalyfta í Bláfjöllum	900	
27. Kópavogur, íþróttahús	400	
28. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi, íþróttahús	1 691	
29. Hafnarfjörður, viðbygging við sundlaug	350	
30. Hafnarfjörður, æfingasvæði Kaplakrika	300	
31. FH, Hafnarfirði, áhorfendasvæði, búningsklefi	800	
32. Hafnarfjörður, íþróttavöllur Hvaleyrarholti	150	
33. Golfklúbburinn Keilir, stækkun golfvallar	150	
34. Seltjarnarnes, íþróttavöllur	250	
35. Seltjarnarnes, sundlaug	200	
36. Garðabær, íþróttavöllur	1 100	
37. Keflavík, æfingasvæði	50	
38. Keflavík, endurbætur á sundlaug	200	
39. Keflavík, íþróttaleikvangur	250	

	Þús. kr.
40. Keflavík, sundlaug	45
41. Keflavík, Heiðarbólsvöllur	250
42. Njarðvík, búningsklefar við völl	250
43. Golfklúbbur Suðurnesja, Keflavík, golfskáli	600
44. Grindavík, vallarhús	150
45. Grindavík, íþróttasvæði	100
46. Grindavík, golfklúbbur, golfvöllur	100
47. Grindavík, íþróttahús	150
48. Gerðahreppur, íþróttahús og sundlaug	100
49. Gerðahreppur, grasvöllur og vallarhús	90
50. Miðneshreppur, Sandgerði, íþróttahús	44
51. Miðneshreppur, Sandgerði, sundlaug	4
52. Miðneshreppur, Sandgerði, grasvöllur	80
53. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit	400
54. Akranes, grasvöllur, 2. áf.	64
55. Akranes, íþróttahús ÍA	1 250
56. Akranes, sundlaug (opin)	300
57. Golfklúbbur Borgarness, golfvöllur og skáli	100
58. Andakílshreppur, Borg., sundlaug	50
59. Ólafsvík, íþróttavöllur	150
60. Golfklúbbur Ólafsvíkur, golfvöllur	50
61. Ólafsvík, troðari, skíðalyfta	50
62. Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	2
63. Stykkishólmur, Snæf., íþróttavöllur	100
64. Búðardalur, íþróttavöllur	10
65. Patrekshreppur, V-Barð., malarvöllur	200
66. Tálknafjarðarhreppur, V-Barð., íþróttahús	40
67. Bíldudalur, V-Barð., íþróttavöllur	100
68. Bolungarvík, skíðalyfta	100
69. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	100
70. Ísafjörður, sundlaug	150
71. Ísafjörður, troðari	72
72. Ísafjörður, vallarhús	33
73. Íþróttabandalag Ísafjarðar, skíðamannvirki	50
74. Íþróttafélagið Vestri, Ísafirði, tímatökutæki	25
75. Súðavíkurhr., N-Ís., malarvöllur, skíðamannvirki	100
76. Kaldrananeshr., Strand., laugarhús	100
77. Hvammstangahr., V-Hún., malarvöllur	50
78. Hvammstangahr., V-Hún., sundlaug	16
79. Blönduóshr., A-Hún., íþróttavöllur	35
80. Blönduóshr., A-Hún., skíðatogbraut	54
81. Blönduóshr., íþróttahús	75
82. Golfklúbbur Blönduóss, golfvöllur	25
83. Höfðahreppur, Skagastr., A-Hún., sundlaug	50
84. Höfðahreppur, Skagastr., A-Hún., skíðaskáli	150
85. Lýtingsstaðahr., Skag., íþróttavöllur	25
86. Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	50
87. Engihlíðarhr., A-Hún., íþróttavöllur	60
88. Sauðárkrókur, íþróttahús	120

		Þús. kr.
89.	Golfklúbbur Sauðárkróks, golfvöllur	175
90.	Akrahreppur, Skag., íþróttavöllur	50
91.	Siglufjörður, grasvöllur	400
92.	Íþróttabandalag Siglufjarðar, skíðamiðstöð Hóli	150
93.	Siglufjörður, endurbætur á sundlaug	100
94.	Siglufjörður, íþróttahús (4%)	75
95.	Ólafsfjörður, malarvöllur	150
96.	Ólafsfjörður, sundlaug	100
97.	Umf. Vorboðinn, Reistará, Eyjaf., íþróttavöllur	50
98.	Dalvík, grasvöllur, 1. áf.	320
99.	Dalvík, toglyfta	600
100.	Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	49
101.	Akureyri, skokkbraut	75
102.	Akureyri, markhús í Hlíðarfjalli	71
103.	Akureyri, íþróttahús	450
104.	KA, Akureyri, vallarhús	1 150
105.	KA, Akureyri, grasvöllur	250
106.	Íþróttafélagið Þór, Ak., handbolta- og tennisvöllur	60
107.	Íþróttafélagið Þór, Ak., grasvöllur	400
108.	Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	200
109.	Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	80
110.	Skautafélag Akureyrar, skautasvæði	250
111.	Grímsey, sundlaug	200
112.	Umf. Reynir, Árskógsstr., íþróttavöllur	50
113.	Umf. Bjarmi, Hálsahr., S-Þing., íþróttavöllur	1
114.	Umf. Geisli, Aðaldal, S-Þing., íþróttavöllur	100
115.	HSÞ, Laugum, S-Þing., stækkun íþróttavallar	100
116.	Reykjahreppur, sundlaug	80
117.	Skútustaðahr., S-Þing., malarvöllur	100
118.	Skútustaðahr., S-Þing., sundlaug, vallarhús	75
119.	Húsavík, 2. áf. grasvallar	169
120.	Húsavík, skíðalyfta	49
121.	Húsavík, íþróttahús	900
122.	Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	60
123.	Presthólahreppur, Kópasker, íþróttavöllur	60
124.	Umf. Austri, Raufarhöfn, íþróttavöllur	200
125.	Umf. Borgarfjarðar, N-Múl., íþróttavöllur	14
126.	UÍA, Eiðum, S-Múl., vallarhús	120
127.	Egilsstaðahreppur, S-Múl., íþróttavöllur	68
128.	Egilsstaðahreppur, S-Múl., skíðalyfta	80
129.	Fellahreppur, N-Múl., íþróttavöllur	25
130.	Íþróttafél. Huginn, Seyðisf., skíðamannvirki	200
131.	Vopnafjörður, íþróttavöllur	50
132.	Golfklúbbur Vopnafjarðar, golfvöllur	40
133.	Umf. Jökuldæla, íþróttavöllur	40
134.	Golfkl. Fljótsdalshéraðs, golfvöllur	35
135.	Seyðisfjörður, endurbætur á sundlaug	80
136.	Seyðisfjörður, íþróttavöllur	34
137.	Neskaupstaður, íþróttasvæði	150

	Þús. kr.	Þús. kr.
138. Reyðarfjörður, íþróttavöllur	3	
139. Reyðarfjörður, toglyfta	57	
140. Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður, skíðamiðstöð í Oddsskarði	300	
141. Stöðvarhreppur, S-Múl., íþróttavöllur	34	
142. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfvöllur og skáli	110	
143. Eskifjörður, íþróttavöllur	10	
144. Siglingafél. Sörvi, Egilsstöðum, siglingaaðstaða	25	
145. Eskifjörður, baðlaugar	62	
146. Djúpivogur, S-Múl., íþróttavöllur	80	
147. Hafnarhr., A-Skaft., íþróttavöllur	8	
148. Hafnarhreppur, sundlaug	80	
149. Golfklúbbur Hornafjarðar, völlur og skáli	60	
150. Kirkjubæjarhr., V-Skaft., íþróttavöllur	80	
151. Umf. Dyrhólaey, V-Skaft., íþróttavöllur	60	
152. Golfklúbbur Hvolsvallar, golfvöllur	100	
153. Umf. Biskupstungna, íþróttavöllur	80	
154. V-Eyjafjallahreppur, Rang., íþróttavöllur	5	
155. Fljótshlíðarhreppur, íþróttavöllur	80	
156. Umf. Hrunamanna, Árn., íþróttasvæði	11	
157. Sólheimar í Grímsnesi, íþróttahús	600	
158. Djúpárhreppur, Rang., íþróttavöllur	5	
159. Skeiðahreppur, baðstofa	80	
160. Vestmannaeyjar, grasvöllur	70	
161. ÍBV, Vestmannaeyjum, tímatökutæki	40	
162. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	50	
163. Selfoss, búningsklefar við sundhöll	100	
164. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur	300	
165. Stokkseyrarhreppur, Árn., íþróttasvæði	100	
166. Hveragerðishreppur, Árn., sundlaug	53	
167. Hveragerðishreppur, Árn., íþróttahús	97	
		37 059
c. Sérfræðileg aðstoð, eftirlit og leiðbeiningar		350
		37 589
6. Landþurrkun (04-201 1.50).		
1. Araós	20	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	15	
3. Leiðvallarhreppur	45	
4. Dyrhólaós	250	
5. Holtsós	60	
6. Austur-Landeyjahreppur	45	
7. Vestur-Landeyjahreppur	45	
8. Rangárvallahreppur	15	
9. Djúpárhreppur	45	
		540

	Þús. kr.	Þús. kr.
7. Fyrirhleðslur (04-270 6.90).		
a. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Skaftá	300	
2. Kúðafljót	400	
3. Markarfljót	500	
4. Norðurá	150	
5. Héraðsvötn	400	
6. Hörgá	300	
7. Eyjafjarðará	200	
8. Hornafjarðarfljót	1 000	
9. Jökulsá á Dal	400	
10. Þjórsá	500	
11. Hoffellsá	1 250	
		5 400
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Vestur-Skaftafellssýsla	600	
2. Rangárvallasýsla	200	
3. Árnessýsla	600	
4. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
5. Snæfellsnessýsla	100	
6. Dalasýsla	100	
7. Múlasýsla	1 000	
8. Austur-Skaftafellssýsla	500	
		3 200
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Suðurlandskjördæmi	250	
2. Reykjaneskjördæmi	100	
3. Vesturlandskjördæmi	150	
4. Vestfjarðakjördæmi	100	
5. Norðurlandskjördæmi vestra	300	
6. Norðurlandskjördæmi eystra	350	
7. Austurlandskjördæmi	150	
		1 400
d. Til fyrirhleðslna.		
Hoffellsá, greiðsla á skuld		2 500
		12 500
8. Sjóvarnargarðar (04-270 6.91 og 10-333 6.40).		
1. Akranes	1 000	
2. Ólafsvík	1 000	
3. Búðardalur	200	
4. Flateyri	500	
5. Bolungarvík	500	
6. Blönduós	800	
7. Sauðárkrókur	1 000	
8. Siglufjörður	1 000	
9. Dalvík	800	
10. Hjalteyri	700	

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Húsavík	1 000	
12. Stokkseyri	1 500	
13. Eyrarbakki	3 000	
14. Grindavík	1 500	
15. Miðneshreppur	1 000	
16. Gerðahreppur	1 000	
17. Hafnahreppur	1 000	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	500	
19. Bessastaðahreppur	1 000	
20. Hafnarfjörður	500	
21. Seltjarnarnes	1 000	
		20 500

9. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

1. Reykjavík, Hraunberg H2	16 000
2. Reykjavík, Grensás	2 500
3. Akranes, H2	9 000
4. Borgarnes, H2	300
5. Ólafsvík, H2	1 000
6. Grundarfjörður, H1	1 000
7. Stykkishólmur, H2	3 900
8. Patreksfjörður, sjúkrahús	4 200
9. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	22 500
10. Hvammstangi, sjúkrahús og H2	1 700
11. Blönduós, sjúkrahús og H2	11 000
12. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	6 000
13. Siglufjörður, sjúkrahús	4 400
14. Ólafsfjörður, H2	400
15. Dalvík, H2	400
16. Akureyri, H2	3 400
17. Húsavík, sjúkrahús og H2	5 500
18. Raufarhöfn, H1	1 000
19. Þórshöfn, H1	5 000
20. Bakkafjörður, H, tækjakaup	300
21. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H1	10 400
22. Egilsstaðir, sjúkrahús og H2	3 600
23. Neskaupstaður, sjúkrahús og H2	1 000
24. Eskifjörður, H2	1 000
25. Djúpivogur, H1	4 800
26. Kirkjubæjarklaustur, H1	500
27. Vík, H1, tækjakaup og lóð	900
28. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	2 000
29. Laugarás, H2, hönnun	200
30. Eyrarbakki, H	1 300
31. Þorlákshöfn, H1	4 000
32. Selfoss, sjúkrahús	3 500
33. Keflavík, H2	1 000

	Þús. kr.	Þús. kr.
34. Sandgerði, H	1 500	
35. Grindavík, H1, hönnun	200	
36. Vogar, H	2 000	
37. Hafnarfjörður, H2	6 000	
38. Seltjarnarnes, H2	1 500	
		144 900
b. Húsaleiga:		
1. Reykjavík	1 000	
2. Akureyri	4 750	
3. Reyðarfjörður	250	
4. Þorlákshöfn	550	
5. Hafnarfjörður	680	
6. Mosfellssveit	350	
		7 580
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	1 000	
2. Siglufjörður	1 100	
3. Hvolsvöllur	1 000	
		3 100
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Reykjavík, B-álma	9 000	
2. Egilsstaðir	4 000	
3. Höfn	1 000	
4. Hella	1 700	
5. Keflavík, D-álma	3 000	
6. Hafnarfjörður	3 000	
		21 700
		177 280

10. Flóabátar og vöruflutningar (10-321 1.20).

a. Flutningar á landi:	
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	80
2. Til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi	80
3. Til vetrarflutninga Dalahéraði	160
4. Snjóbifreið í A-Barðastrandarsýslu	45
5. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	172
6. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	80
7. Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi	60
8. Til vetrarflutninga í Suðurfjarðahreppi	60
9. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	75
10. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	126
11. Snjóbifreið í Önundarfirði	115
12. Snjóbifreið um Botnsheiði	98
Stofnstyrkur	500
13. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	425

		Þús. kr.	Þús. kr.
14.	Til vetrarflutninga í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu	75	
15.	Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	45	
16.	Til vetrarflutninga í Reykjafjarðarhreppi	45	
17.	Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	45	
18.	Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	45	
19.	Til vöruflutninga í Árneshreppi	290	
20.	Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	144	
	Stofnstyrkur	500	
21.	Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi	45	
22.	Snjóbifreið á Hólmavík	50	
23.	Fellshreppur	45	
24.	Óspakseyrarhreppur	45	
25.	Skefilsstaðahreppur	75	
26.	Snjóbifreið í Skagafirði	95	
27.	Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppi	75	
28.	Til vetrarsamgangna, Siglufjörður–Sauðárkrókur	250	
29.	Til vetrarflutninga í Ólafsfirði	75	
	Stofnstyrkur	500	
30.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	30	
31.	Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	80	
32.	Snjóbifreiðar á Akureyri	60	
33.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	43	
34.	Snjóbifreið í Hálshr., S-Þingeyjarsýslu	47	
35.	Norðausturleið, Vopnafjörður–Húsavík	630	
36.	Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	230	
37.	Snjóbifreið Öxarfjörður–Kópasker	73	
38.	Snjóbifreið á Þórshöfn	63	
39.	Til vetrarflutninga á Bakkafirði	127	
40.	Til vetrarflutninga á Vopnafirði	127	
41.	Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra	144	
42.	Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi	45	
43.	Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	44	
44.	Til vetrarsamgangna á Jökuldal	73	
	Stofnstyrkur	150	
45.	Til vetrarflutninga í Möðrudal	92	
	Stofnstyrkur	104	
46.	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	40	
47.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	506	
48.	Snjóbifreið á Oddsskarði og Fagradal	600	
	Stofnstyrkur	575	
49.	Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaðaflugvöllur	83	
50.	Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	127	
51.	Til vetrarflutninga Djúpivogur–Hornafjörður	175	
	Stofnstyrkur	150	
52.	Svínafell í Nesjum	47	
53.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	450	
53.	Óráðstafað	1 200	
			10 635

b. Flóabátar:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akraborg	11 500	
2. Baldur	10 235	
Stofnstyrkur	1 500	
3. Hnúknesbátur	60	
4. Mýrabátur	15	
5. Fagranes	10 100	
6. Dýrafjarðarbátur	100	
Stofnstyrkur	50	
7. Hríseyjarferja	1 880	
Stofnstyrkur	1 200	
8. Mjóafjarðarbátur	1 725	
9. Herjólfur	19 350	
10. Eyjafjörður, Grímsey	5 660	
		63 375
		74 010

11. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 6.30).

1. Akranes	7 000
2. Borgarnes	1 400
3. Arnarstapi	600
4. Ólafsvík	9 000
5. Grundarfjörður	400
6. Stykkishólmur	5 600
7. Karlsey	300
8. Brjánslækur	5 000
9. Patreksfjörður	2 000
10. Tálknafjörður	7 300
11. Bíldudalur	100
12. Þingeyri	300
13. Flateyri	2 300
14. Suðureyri	800
15. Bolungarvík	5 300
16. Ísafjörður	10 900
17. Súðavík	400
18. Norðurfjörður	5 100
19. Drangsnes	1 400
20. Hólmavík	2 500
21. Hvammstangi	1 200
22. Blönduós	4 000
23. Skagaströnd	2 200
24. Sauðárkrókur	5 000
25. Hofsós	1 000
26. Haganesvík	2 600
27. Siglufjörður	7 300
28. Ólafsfjörður	11 500
29. Dalvík	2 900
30. Hrísey	400
31. Árskógssandur	15 800

	Þús. kr.	Þús. kr.
32. Hauganes	300	
33. Hjalteyri	100	
34. Akureyri	5 300	
35. Svalbarðseyri	100	
36. Grenivík	100	
37. Grímsey	3 100	
38. Húsavík	2 100	
39. Raufarhöfn	8 600	
40. Þórshöfn	5 400	
41. Bakkafjörður	7 500	
42. Vopnafjörður	13 500	
43. Borgarfjörður eystri	500	
44. Seyðisfjörður	2 200	
45. Neskaupstaður	2 700	
46. Eskifjörður	1 600	
47. Reyðarfjörður	300	
48. Fáskrúðsfjörður	2 600	
49. Stöðvarfjörður	2 500	
50. Breiðdalsvík	500	
51. Djúpivogur	1 400	
52. Höfn, Hornafirði	6 400	
53. Dyrhólaey	400	
54. Vestmannaeyjar	9 500	
55. Stokkseyri	200	
56. Grindavík	1 800	
57. Sandgerði	5 300	
58. Hafnarfjörður	9 700	
59. Garðabær	3 200	
		218 500

12. Framkvæmdir á flugvöllum (10-471 6.80).

1. Reykjavík:		
a. Girðing, öryggissvæði	9 050	
b. Vörubifreið o.fl.	1 500	
c. Raflögn	1 000	
d. Malbik	8 500	
		20 050
2. Stykkishólmur:		
Öryggissvæði		500
3. Kambsnes við Búðardal:		
Öryggissvæði, girðing		1 000
4. Reykhólar:		
Flugbraut		3 700
5. Bíldudalur:		
Öryggissvæði		3 500
6. Flateyri:		
Farþegaskýli		1 300
7. Reykjanes:		
Flugbraut		1 600

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Blönduós:		
Flugbrautarljós		1 700
9. Akureyri:		
a. Fjarskiptatæki	1 100	
b. Ljósabúnaður	600	
c. Snjóhreinsibúnaður	800	2 500
10. Húsavík:		
Öryggissvæði		4 000
11. Egilsstaðir:		
Flugstöð, breyting		2 800
12. Vopnafjörður:		
Flugstöð		4 000
13. Borgarfjörður eystri:		
Snjóhreinsibúnaður		650
14. Norðfjörður:		
a. Flugstöð	1 000	
b. Snjóhreinsibúnaður	3 000	
		4 000
15. Breiðdalsvík:		
Öryggissvæði		750
16. Hornafjörður:		
Flugbraut		1 200
17. Vestmannaeyjar:		
Vindmælir		650
18. Sjúkraflugvellir:		
1. Mývatnssveit	2 600	
2. Fáskrúðsfjörður	700	
3. Kirkjubæjarklaustur	200	
4. Selfoss	500	
5. Haukadalur	350	
6. Umfram á s.l. ári	850	
7. Óráðstafað	1 300	
		6 500
19. Flugleiðsögubúnaður og annað:		
a. Radíóvitar, endurnýjun	1 600	
b. Viðhaldsaðstaða vegna ratsjárkaupa	500	
c. ATS-þjálfunarbúnaður	2 000	
d. Forathugun vegna Færeyjaratsjár	300	
e. Tækjabúnaður vegna veðurþjónustu	1 500	
f. Tölvubúnaður fyrir NOTAM/kortadeild	1 000	
g. Flugstjórnarmiðstöð, tækjabúnaður	600	
h. Flugstjórnarmiðstöð, segulbönd	1 500	
		9 000
		69 400

	Þús. kr.	Þús. kr.
13. Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunarinnar (30-101 18).		
I. Almenn fjárfesting.		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1 Stafrænar símstöðvar	46 000	
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1 Í bæjum og kauptúnum	102 000	
3. Langlínusambönd:		
3.1 Jarðsímaleiðir	40 000	
3.2 Fjölsímaleiðir	62 000	
3.3 Radíóleiðir	24 000	
4. Radíósendistöðvar	8 000	
5. Sjálfvirk farsímakerfi	49 000	
6. Bifreiðar og vélar	20 000	
7. Fasteignir	77 000	
8. Þráðlaus kallkerfi	1 000	
9. Stafræn utanlandssímstöð	33 000	
		462 000
II. Fjárfesting 1987, sundurliðun:		
Almenn fjárfesting.		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1 Stafrænar símstöðvar:		
a. Reykjavík	10 000	
b. Múli	10 000	
c. Borgarnes	23 000	
d. Hvanneyri	2 000	
e. Hreðavatn	1 000	
		46 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1 Í bæjum og kauptúnum:		
a. Reykjavíkursvæði	35 000	
b. Umdæmi I	22 000	
c. Umdæmi II	6 000	
d. Umdæmi III	16 000	
e. Umdæmi IV	6 000	
f. Ljósleiðarakerfi í Reykjavík	17 000	
		102 000
3. Langlínusambönd:		
3.1 Jarðsímaleiðir:		
Fyrsti hluti norðurleiðar		40 000
3.2 Fjölsímaleiðir:		
a. Stafræn fjölsímakerfi:		
a.1 Fyrsti hluti norðurleiðar	11 000	
a.2 Stafrænt samband við útlönd	5 000	
b. Stafrænir fjölsímar:		
b.1 30 rásir í 2 Mbit	17 000	
b.2 Stafrænir notendafjölsímar	10 000	
b.3 Stafrænn búnaður vegna einkasímstöðva	7 000	
b.4 Ýmis búnaður	5 000	
b.5 2 Mbit leið á FDM-örbylgju	5 000	
c. Annað	2 000	
		62 000

	Þús. kr.	Þús. kr.
3.3 Radíóleiðir:		
a. Stafræn kerfi	11 000	
b. Hliðræn kerfi:		
b.1 1–4 rása leiðir	11 000	
b.2 Lykilbúnaður fyrir 30 rásir	2 000	
		24 000
4. Radíósendistöðvar:		
Gufunesradíó og aðrar stöðvar	8 000	
		8 000
5. Sjálfvirkt farsímakerfi:		
a. Sjálfvirk símstöð	10 000	
b. Radíómóðurstöðvar:		
b.1 Móðurstöðvar	30 000	
b.2 Möstur, loftnet	4 000	
b.3 Hús, rafmagn	5 000	
		49 000
6. Bifreiðar og vélar		20 000
7. Fasteignir:		
a. Jörfi, Reykjavík	11 500	
b. R-5, Reykjavík	28 800	
c. Keflavík/Njarðvík	15 000	
d. Blönduós	4 700	
e. Egilsstaðir (birgðahús)	2 300	
f. Tækjahús	1 900	
g. Kringlan, Reykjavík	12 800	
		77 000
8. Þráðlaust kallkerfi		1 000
9. Stafræn utanlandssímstöð		33 000
		462 000

14. Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31-321 18).

Stofnlínur:		
Vogaskeið–Grundarfjörður	15 100	
Laxá–Kópasker	28 600	
Athuganir, endurbætur o.fl.	2 000	
		45 700
Aðveitustöðvar:		
Grundarfjörður	15 730	
Vogaskeið	15 500	
Kópasker	8 720	
Þórshöfn (Brúarland)	11 050	
Fáskrúðsfjörður	9 900	
Raflínusími og fjargæsla	5 200	
Athuganir o.fl.	300	
		66 400
Geymsluhús o.fl.		9 900
Innanbæjarkerfi		35 000
Vélar og tæki		18 000
		175 000

Nd. 500. Frumvarp til laga [275. mál]

um stöðvun verkfalls á fiskiskipum og verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur á farskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Um stöðvun verkfalls á fiskiskipum.

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í sérstakan kjaradóm sem ákveði fyrir 1. mars 1987 kaup og kjör áhafna á íslenskum fiskiskipum, þar á meðal hver skuli vera hlutur skiptaverðmætis af heildaraflaverðmæti, sbr. 3. gr.

2. gr.

Kjaradómur skv. 1. gr. skal við ákvörðun kaups og kjara sjómanna á fiskiskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a. Þeim atriðum sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli sjómanna og útvegsmanna.
b. Síðast gildandi kjarasamningum sjómanna á fiskiskipum og launa- og kjarabreytingum sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum frá því að samningar sjómanna á fiskiskipum voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
c. Þeim sjónarmiðum sem á sáttastigi málsins hafa komið fram frá aðilum um breytingu á því hvernig skiptaverðmæti sjávarafla skuli ákvarðast og öðrum atriðum er máli skipta í því sambandi.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laga nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, komi ný grein er verði 4. gr. a og orðist svo:

Ákvæði I. kafla laga þessara eru undanþæg. Stéttarfélög sjómanna og samtök útvegsmanna geta í kjarasamningum kveðið á um aðra skipan á því hversu stór hluti heildarverðmætis sjávarafla teljist til skiptaverðmætis aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna.

II. KAFLI

Um stöðvun verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

4. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í sérstakan kjaradóm sem ákveði fyrir 1. mars 1987 kaup og kjör félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

5. gr.

Kjaradómur skv. 4. gr. skal við ákvörðun kaups og kjara hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðast gildandi kjaraákvörðun og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að hún tók gildi og þar til dómur gengur.

6. gr.

Meðan ákvörðun kjaradóms skv. 4. gr. er í gildi er óheimilt að segja þeim farmönnum, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar skv. 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

7. gr.

Hæstiréttur tilnefnir formenn hinna sérstöku kjaradóma skv. 1. og 4. gr. úr hópi kjaradómsmanna.

Kjaradómarnir setja sér starfsreglur, afla sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

8. gr.

Ákvarðanir kjaradóma skv. 1. og 4. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá 1. janúar 1987.

9. gr.

Verkföll þau, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn og verkföll sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með talið framhald þeirra verkfallsaðgerða sem nú standa, sbr. 17. gr. laga nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þó er samningsaðilum heimilt að koma sér saman um breytingar á ákvæðum kjaradóma skv. 1. og 4. gr. en eigi má knýja þær breytingar fram með verkfalli eða verkbanni.

10. gr.

Kostnaður við störf hinna sérstöku kjaradóma samkvæmt lögum þessum, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 9. gr. um bann við verkföllum og verkbönnum gilda til 30. júní 1987. Sú skipan kjaramála, sem ákveðin er skv. 1. og 4. gr., verður uppsegjanleg frá 31. maí 1987 af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðustu áramót hófst verkfall nær allra sjómanna á fiskiskipaflotanum. Jafnframt hefur Sjómannafélag Reykjavíkur beitt ótímabundinni vinnustöðvun fyrir félagsmenn sína á farskipum frá 6. janúar síðast liðnum. Að undanförnu hafa deiluaðilar reynt að ná samkomulagi með milligöngu sáttasemjara en afar mikið hefur borið á milli. Eftir ströng fundahöld um helgina slitnaði upp úr viðræðum um kjör sjómanna á fiskiskipum aðfaranótt mánudagsins 12. þ.m. Þá voru engar líkur taldar á heildarlausn þeirrar kjaradeilu í bráð og voru deiluaðilar sammála um að frekari sáttaumleitanir væru að svo stöddu gagnslausar. Síðdegis mánudaginn 12. þ.m. slitnaði síðan upp úr viðræðum um kjör farmanna innan Sjómannafélags Reykjavíkur.

Stöðvun fiskiskipaflotans hefur nú þegar leitt til alvarlegrar röskunar atvinnulífs í landinu og verkfall farmanna hefur jafnframt truflað flutninga til og frá landinu. Þar sem birgðir sjávarafurða eru nú í lágmarki er ljóst að áframhaldandi verkföll munu geta valdið óbætanlegu tjóni á viðskiptasamböndum okkar erlendis takist ekki að standa við þegar gerða samninga um afurðasölu. Með því yrði rýrt verulega það traust sem íslenskir útflytjendur hafa byggt upp á undanförnum árum og áratugum.

Til þess að freista þess að vernda hagsmuni okkar erlendis og markaðsstöðu — og þar með í reynd hagsmuni sjávarútvegsins og þjóðarbúsins í heild — er nauðsynlegt að binda enda á kjaradeilur þessar nú þegar. Það er megintilgangur þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um skipan sérstaks kjaradóms til ákvörðunar kaups og kjara sjómanna á íslenskum fiskiskipum. Dómnum er ætlað að taka til kaups og kjara allra sjómanna á íslenskum fiskiskipum sem eru innan vébanda aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, aðildarfélaga Alþýðusambands Vestfjarða, aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar. Lagt er til að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í dóminn. Þá er lagt til að hinn sérstaki kjaradómur skuli ljúka störfum fyrir 1. mars n.k. Þetta er að vísu nokkuð knappur tími en miklu skiptir að ákvörðun liggi fyrir sem fyrst. Í lok greinarinnar er kveðið á um að hlutur skiptaverðmætis af heildaraflaverðmæti sé meðal þeirra atriða er kjaradómur skuli ákveða og í þeim efnum er dómurinn ekki bundinn af ákvæðum I. kafla l. nr. 24/1986 fremur en samningsaðilar sjálfir, sbr. 3. gr.

Um 2. gr.

Með þessari grein er kveðið á um þau atriði sem hinn sérstaki kjaradómur skal meðal annarra hafa hliðsjón af við ákvörðun sína varðandi kaup og kjör sjómanna á fiskiskipum. Eðli máls samkvæmt verður slík upptalning ekki tæmandi. Að því er c-lið greinarinnar varðar er rétt að vekja á því athygli að auk sjónarmiða um breytingar á hlutfalli skiptaverðs af heildaraflaverðmæti komu á sáttastigi málsins fram frá báðum aðilum hugmyndir um tengingu skiptaverðs við olíuverð (þó skilyrtar af hálfu sjómanna) og af hálfu útvegsmanna hugmyndir um breytta tilhögun skiptaverðs við sölu á ferskum fiski í gámum erlendis.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, voru allir millifærslusjóðir og greiðslur utan skipta við fiskkaup lagðar niður en þess í stað lögleidd einföld ákvæði um skiptaverðmæti sjávarafla er ákváðu hlutfall skiptaverðs af hráefnisverði. Tilgangur þessara breytinga var að einfalda kerfið án þess að breyta þar með skiptum í verulegum atriðum og voru aðilar á sínum tíma sammála um þessar breytingar. Í því fólst þó að sjálfsögðu ekkert endanlegt samkomulag um tekjuskiptingarmálefni sjómanna og útvegsmanna. Var jafnan út frá því gengið í sjóðanefndinni sem undirbjó frumvarp að l. nr. 24/1986 að samningsaðilar gætu á síðari stigum samið um aðra skipan en lögin ákváðu varðandi það hversu stór hluti heildarverðmætis sjávarafla teljist til skiptaverðmætis aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna. Um slíka breytingu sömdu aðilar reyndar þegar á síðast liðnu sumri í tengslum við fiskverðsákvörðun. Þá var ákveðið að frá 1. september til 31. desember 1986 skyldi skiptaverðmæti afla sem seldur er óunninn hér á landi hækka úr 70% í 71% af heildarverðmæti. Með þessari grein eru tekin af tvímæli um að ákvæði I. kafla l. nr. 24/1986 séu undanþæg og samningsaðilar geti með kjarasamningum komið sér saman um aðra tilhögun skiptaverðmætis en í lögunum greinir.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í sérstakan kjaradóm sem ákveði kaup og kjör félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum. Tímamörk, sem kjaradómi tilnefndum samkvæmt þessari grein eru sett, eru hin sömu og varðandi hinn sérstaka kjaradóm skv. 1. gr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði er hliðstætt 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 28 9. maí 1986.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að Hæstiréttur ákveði formenn hinna sérstöku kjaradóma skv. 1. og 4. gr. úr hópi kjaradómsmanna. Þá er lagt til að dómarnir setji sér sjálfir starfsreglur. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við það sem tíðkast hefur í hliðstæðum ákvæðum í fyrri lögum um lausn kjaradeilna með skipan sérstaks kjaradóms.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að ákvarðanir hinna sérstöku kjaradóma skuli vera bindandi frá 1. janúar 1987 en þá runnu gildandi samningar almennt út.

Um 9. gr.

Með þessari grein er lagt bann við verkföllum, verkbönnum, samúðarverkföllum og samúðarverkbönnum til að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið kveður á um. Engu að síður er gert ráð fyrir að samningsaðilar geti samið um aðra skipan kjaramála en ákveðin verður af kjaradómum skv. 1. og 4. gr. en óheimilt er fram til 30. júní 1987 að knýja fram breytingar á kjaradómunum með verkfalli eða verkbanni.

Um 10. og 11. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku og gildistíma laga þessara. Ákvæði 3. gr. um að I. kafli l. nr. 24/1986 sé frávíkjanlegur með kjarasamningum eru ótímabundin. Lagt er til að úrskurðir hinna sérstöku kjaradóma skv. 1. og 4. gr. verði uppsegjanlegir af hvorum aðila með mánaðar fyrirvara frá 31. maí 1987 og gæti uppsögn því fyrst komið til framkvæmda frá og með 1. júlí n.k. Varðandi gildistíma úrskurða kjaradómanna er þó rétt að vekja athygli á ákvæðum 9. gr. um hugsanlegar breytingar með samkomulagi aðila fyrir 1. júlí n.k. Lagt er til að ákvæði 9. gr. um bann við verkföllum og verkbönnum gildi til loka júnímánaðar n.k.

Sþ. 501. Tillaga til þingsályktunar [276. mál]

um átak í upplýsingatækni.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar á þessu ári átak á sviði upplýsingatækni. Markmið átaksins verði að hraða svo sem frekast er kostur hagnýtingu upplýsingatækni í almannaþágu og að samstilla í þessu skyni krafta allra þeirra aðila sem geta lagt málefninu lið.

Átakið beinist að eftirtöldum þáttum:

1. aðgerðum á sviði menntunar og fræðslumála,
2. útvegun og þróun tæknibúnaðar,
3. öflun og miðlun þekkingar,
4. vöruþróun og markaðsleit,
5. kynningarstarfi.

Iðnaðarráðuneytið kalli til alla þá aðila sem hlut eiga að máli. Á grundvelli þeirra viðræðna verði síðan unnin heildaráætlun um verkefnið, m.a. um kostnað við framkvæmd þess. Iðnaðarráðuneytið geri síðan við afgreiðslu fjárlaga tillögur um sérstök framlög til verkefnisins.

Við framkvæmdina verði haft víðtækt samráð við opinberar stofnanir, samtök í atvinnulífi og áhugaaðila. Iðnaðarráðuneyti hafi frumkvæði að því að hrinda átakinu í framkvæmd og beri ráðuneytið síðan alla ábyrgð á framkvæmd þess. Að höfðu samráði við fyrrnefnda aðila skipi ráðuneytið sérstaka stjórn til að sjá um framkvæmd átaksins.

Um framkvæmd einstakra þátta vísast til greinargerðar tillögunnar.

Greinargerð.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem hreyft er tillögu um hagnýtingu upplýsingatækni á Alþingi Íslendinga. Grannþjóðir okkar hafa þó lengi fjallað um upplýsingatækni og varið til hennar verulegum ríkisstyrkjum, m.a.s. hægri stjórn Schlüters í Danmörku. Hætt er við að Íslendingar dragist verulega aftur úr grannþjóðunum í lífskjörum ef ekki verður strax gert verulegt átak til þess að stuðla að þróun upplýsingatækni hér á landi.

Gert er ráð fyrir því að iðnaðarráðuneytið hafi forustu um verkefnið og framkvæmd þess og kalli til alla þá aðila sem hlut eiga að máli.

Ef vel á að vera þarf að verja verulegum fjármunum til verkefnisins fyrst í stað. Eftir að hafa rætt málið við kunnáttuaðila hefur komið á daginn að á fyrsta ári gæti upphæðin orðið allt að 200 millj. kr. En slík fjárfesting mun skila sér margföld aftur í betri lífskjörum hér á landi. Sjálfsagt er að kalla fyrirtæki til ábyrgðar þegar í upphafi, ekki síst ríkisfyrirtæki eins og Póst og síma. Þannig yrði ekki um bein fjárframlög úr ríkissjóði að ræða nema fyrir hluta þessarar upphæðar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að fjármagn til verkefnisins verði ákveðið er iðnaðarráðuneytið hefur kallað þá til sem máli skipta á þessu sviði.

Benda má á að aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur gæti verið góður tekjustofn fyrir þetta verkefni.

Upplýsingatækni grundvallast á notkun rafeindatækni og gagnatækni við söfnun, vinnslu, geymslu, dreifingu og framsetningu á hvers konar upplýsingum.

Hvers vegna íslensk áætlun um upplýsingatækni?

Þróun upplýsingatækni er meðal þess mikilvægasta sem hefur gerst á tæknisviði frá síðari heimsstyrjöld. Landsmenn þurfa að taka þessa tækni í þjónustu sína, eigi þjóðin að geta haldið til jafns við aðra að því er varðar lífskjör og möguleika til nýjunga í efnahagslífi.

Markaður og iðnaður tengdur upplýsingatækni mun verða meðal mikilvægustu vaxtarsviða á næsta áratug. Aukning og þróun upplýsingaiðnaðarins á tímabilinu fram að aldamótum mun að miklu leyti ráðast af þeim aðgerðum sem ráðist verður í á næstu fjórum árum.

Nú eykst innflutningur á vörum tengdum upplýsingatækni meira en verðmæti þess sem við sjálf framleiðum. Íslenskur iðnaður á á hættu að tapa þeim markaðshluta bæði heima og erlendis sem náðst hefur. Samtímis er hætta á að vinnsluvirði í þeim vörum, sem við framleiðum, muni minnka.

Þróun upplýsingatækni hefur verið það hröð að menntastofnanir okkar hafa engan veginn ráðið við að útvega fólk með nægilega þekkingu til að nýta tæknina til fulls. Til að snúa þessari óheillaþróun við telur flutningsmaður nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á eflingu fræðslustarfs og menntunar á þessu sviði næstu fjögur ár.

Ávinningur.

Meginmarkmið.

Framfarir í efnahags- og félags- og menningarmálum eru þau markmið sem sett eru í öndvegi.

Langtímamarkmið.

Langtímamarkmið áætlunarinnar er að styrkja og þróa þær greinar íslensks iðnaðar sem tengjast upplýsingatækni og hafa möguleika á að hagnýta hana. Almennt á áætlunin að stuðla að jákvæðum breytingum og endurnýjun í atvinnulífi og opinberri starfsemi.

Skammtímamarkmið.

Skammtímamarkmið áætlunarinnar er að leysa vandamál á sviði menntunar og rannsókna í gagna- og rafeindatækni. Mikil hætta er á að við drögumst aftur úr á þessu sviði. Í áætluninni er gert ráð fyrir aukinni samvinnu milli opinberra aðila og atvinnulífsins í að byggja upp þekkingu og setja á stofn ný fyrirtæki.

Baksvið.

Nauðsyn ber til að gera langtímaáætlun um uppbyggingu rafeindaiðnaðar og upplýsingatækni hér á landi.

Lengi hefur verið rætt um nauðsyn á sérstöku átaki á sviði upplýsingatækni. Ýmsir aðilar hafa á undanförnum árum lagt til að hafnar væru skipulegar aðgerðir á þessu sviði. Lítið hefur hins vegar miðað og engu fjármagni verið veitt sérstaklega í þessu skyni af hálfu hins opinbera. Samtímis horfum við upp á að nágrannaþjóðir okkar veita hundruð milljóna króna til að örva þróunina á þessu sviði.

Starfshópur á vegum Rannsóknaráðs hefur nýlega skilað skýrslu um stefnumótun á sviði upplýsingamála, gagnavinnslu og fjarmiðlunar. Í áliti þessa hóps eru ýmsar gagnlegar tillögur sem fallið geta inn í þetta átak.

Verði þar m.a. tekið mið af á hvaða sviðum við getum helst haslað okkur völl. Ljóst er að við þurfum hér sem annars staðar að velja og hafna.

Æskilegast væri að koma á nánu „þverfaglegu" samstarfi milli þeirra ráðuneyta sem þessi mál snerta. Í reynd snertir tækni þessi flest svið þjóðlífsins.

Segja má að með beinum hætti snerti tæknin m.a. málasvið eftirtalinna ráðuneyta: menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, samgönguráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis.

Framkvæmd einstakra þátta áætlunarinnar yrði fyrst og fremst í höndum samtaka, stofnana og fyrirtækja.

Stýrihópur verði skipaður af iðnaðarráðuneytinu fyrir átak í upplýsingatækni. Skal hann leggja grunn að áætluninni í heild og vera ráðgjafi og frumkvæðisaðili.

Hér skal bent á nokkra þætti sem tillagan nær til:

1. Menntun.

Verkmenntun verði endurbætt með því að aðlaga og hagnýta tölvubúnað og forrit við þróunarverkefni innan skólakerfisins og við endurmenntun kennara.

Námsframboð við háskóla og menntastofnanir verði aukið á sviði upplýsinga- og rafeindatækni. Viðbótarmenntun þeirra, sem lokið hafa námi, verði aukin.

2. Tækjabúnaður.

Nauðsynlegt er að auka verulega kaup á ýmsum tækjabúnaði bæði til rannsóknarstarfsemi og kennslu. Þetta er nauðsynlegt til að unnt sé að framkvæma ýmsa þætti áætlunar þessarar á hagkvæman hátt.

3. Þróun þekkingar.

Þetta svið tekur bæði til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Leitast verði við að byggja upp þekkingarforða á einstökum sviðum sem sé sambærilegur við það besta sem þekkist á alþjóðavettvangi. Þetta starf verði á vegum Háskóla Íslands og ýmissa rannsóknastofnana.

Námsstyrkir verði teknir upp á mikilvægum sviðum.

Ráðist verði í aðgerðir til að ná til landsins nýrri tækni með skipulegum hætti.

4. Vöruþróun.

Iðnaðinum verði gert kleift að sækja um stuðning og lán til þróunar á vörum á sviði upplýsingatækni, svo sem tölvum, fjarskiptabúnaði og hugbúnaði.

Til að hvetja forustumenn heföbundins iðnaðar til að nýta þróaða rafeindatækni við framleiðslu sína verði vöruþróunar- og rannsóknarlán Iðnlánasjóðs aukin og fastri upphæð ráðstafað í þessu skyni.

Ríkið leiti í vaxandi mæli til atvinnufyrirtækja með gerð þróunarsamninga um tiltekin verkefni þar sem það hentar.

5. Notkun og dreifing þekkingar.

Þetta áherslusvið tekur til ýmissa afmarkaðra aðgerða. Hægt er að hugsa sér kynningarverkefni, tilraunaverksmiðjur og framleiðniáætlanir.

Aðgerðir til að auka notkun upplýsingatækni hjá hinu opinbera.

Póstur og sími og önnur opinber fyrirtæki á þessu sviði fái svigrúm til að fylgjast með nýjustu tækni og sérstaklega verði athugað hvort Póstur og sími og t.d. orkufyrirtæki geti nýtt sér þjónustu og þekkingu íslenskra iðnfyrirtækja í auknum mæli á þessu sviði.

Landsbyggðin.

Stefnt sé að því að miðla og byggja upp þekkingu á þessu sviði við menntastofnanir og atvinnufyrirtæki úti á landsbyggðinni.

Auknir verði möguleikar á að styðja uppbyggingu á þekkingarmiðstöðvum úti á landsbyggðinni. Á vegum opinberrar stofnunar, t.d. Byggðastofnunar, verði sett á laggirnar sérstök áætlun um flutning á tækniþekkingu til landsbyggðarinnar. Verði Byggðasjóði gert kleift að styðja sérstaklega uppbyggingu fyrirtækja á þessu sviði úti á landi.

Í þessu sambandi yrði m.a. hægt að veita stuðning til skólunar lykilfólks í dreifbýli til að stofna slík fyrirtæki og til vöruþróunar. Undirbúið verði sérstakt verkefni til að styrkja tækni- og iðnaðarrannsóknir úti á landi.

Sérstaklega verði gefinn gaumur að möguleikum á notkun upplýsingatækni í opinberum stofnunum úti á landsbyggðinni.

Stýrihópurinn geri tillögur um áherslur á einstök svið átaksins á næstu árum að fenginni reynslu fyrsta árs.

Notkun fjármagnsins. — Dæmi.

Hér að neðan eru settar fram hugmyndir um skiptingu fjármagns niður á meginsvið á fyrsta ári átaksins (í millj. kr.).

Verkefni	Áætluð framlög fyrsta árs
1. Menntun	40
1.1 Verkmenntun	
1.2 Háskólamenntun/viðbótarmenntun	
1.3 Endurmenntun	
2. Tækjabúnaður	60
2.1 Fræðsla/aðstaða	
2.2 Rannsóknir	
3. Þekking	30
3.1 Grunnrannsóknir	
3.2 Hagnýtar rannsóknir	
3.3 Styrkir	
3.4 Tækniinnflutningur	
4. Vöruþróun	50
4.1 Styrkir til nýsköpunar	
4.2 Þróunarlán	
4.3 Opinberir rannsóknarsamningar	
5. Notkun og dreifing tækniþekkingar	20
5.1 Sýnidæmi/tilraunastarf	
5.2 Notkunarsvið	
5.3 Vöruþróunaráætlun	
5.4 Starfsgreinaáætlun	
5.5 Aðgerðir til að taka í notkun upplýsingatækni í opinberum rekstri	
5.6 Rannsóknir Pósts og síma	
5.7 Aðgerðir á landsbyggðinni	
Samtals	200

Sþ. 502. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um afnám skyldusparnaðar ungmenna.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um afnám skyldusparnaðar ungmenna í einu lagi eða í áföngum. Í frumvarpinu verði byggt á þeirri forsendu að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins skerðist ekki vegna þessarar ákvörðunar. Við undirbúning frumvarpsins verði kannað hvort unnt er að viðhalda möguleikum skyldusparnaðar með tengslum við húsnæðissparnaðarreikningana, sbr. lög um það efni.

Greinargerð.

Skyldusparnaður ungmenna hefur verið ákveðinn með lögum um þriggja áratuga skeið. Lögin voru sett á þeim forsendum að

- með þeim væri ungu fólki gert kleift að spara á góðum kjörum og betri en völ var á í bankakerfinu á sama tíma og
- með þeim væri opnað fyrir sérstaka lánsmöguleika ungs fólks.

Tilgangur laganna var vitanlega einnig sá að tryggja Byggingarsjóði ríkisins aukið fjármagn.

Á fyrstu áratugum Byggingarsjóðsins skilaði skyldusparnaðurinn talsverðu fjármagni í sjóðinn, auk þess sem þetta sparifé unga fólksins var betur tryggt en ella var kostur á. Oft komu þó upp deilur um fyrirkomulag skyldusparnaðar og ávöxtun hans en reynt var að afnema gallana með nýjum lagaákvæðum.

Lagaákvæði um skyldusparnað hafa svo fylgt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Á síðustu árum hefur skyldusparnaðurinn verið neikvæður frá sjónarmiði Húsnæðisstofnunar ríkisins, þannig að útstreymi hefur verið meira en innstreymi skyldusparnaðar. Nú er einnig svo komið að skyldusparnaðurinn er ekki ávaxtaður betur en kostur er á í almenna bankakerfinu en greiddir eru 3,5% vextir ofan á verðtryggingu skyldusparnaðarins. Er í flestum bönkum kostur á betri kjörum en um er að ræða á skyldusparnaðinum. Auk þessa hefur það verið svo um langt árabil að skyldusparnaðurinn hefur ekki veitt aðgang að lánum Húsnæðisstofnunar umfram aðra. Rökin fyrir því að viðhalda skyldusparnaði ungmenna eru því hrunin.

En fleira kemur nú til. Sá skyldusparnaður, sem felst í því að 10% af launum renna til lífeyrissjóðanna, er orðinn forsenda fyrir lánveitingum til húsnæðiskaupa. Þess vegna er nú fráleitt að viðhalda skyldusparnaðinum með þeim hætti sem gert hefur verið.

Ævinlega hefur verið brotalöm á innheimtu skyldusparnaðar og engin rök eru því lengur fyrir því að viðhalda þessum skyldusparnaði að mati flutningsmanns.

Við það að fella skyldusparnaðinn niður eykst vandi Byggingarsjóðs ríkisins sem vissulega er ekki á bætandi. Þess vegna verður jafnhliða að gera ráðstafanir til þess að bæta stöðu Byggingarsjóðs ríkisins þannig að útstreymið til þeirra sem eiga skyldusparnaðinn verði ekki til þess að setja Byggingarsjóð ríkisins í aukinn vanda. Nóg er nú samt. Þess vegna er hér flutt tillaga um að málið verði athugað frá báðum hliðum og ríkisstjórn ætlað að taka á því uns þing kemur saman í haust. Er þess að vænta að ný ríkisstjórn verði þá komin til valda sem hefur næmari skilning á högum ungs fólks og húsnæðiskerfinu en sú sem nú situr.

Á síðasta ári nam frádráttur frá skatti vegna skyldusparnaðar alls um 342 millj. kr. og alls voru það 10 900 ungmenni sem greiddu skyldusparnað samkvæmt yfirliti frá ríkisskattstjóra dags. 28. júlí 1986. Ekki er rétt að gera ráð fyrir því að skatttekjur ríkisins ykjust verulega vegna niðurfellingar á þessum frádráttarlið þar sem í flestum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem hafa mjög lágar heildartekjur.

Skyldusparnaðurinn byggðist á skynsamlegri forsendu í upphafi og hann hefur lengst af átt rétt á sér. Nú hafa allar forsendur breyst og því er þessi tillaga flutt.

Flutningsmaður telur að niðurfelling skyldusparnaðar gæti gerst með eftirfarandi hætti:

1. Að skyldusparnaðurinn verði felldur niður í einu skrefi um áramót en jafnframt verði gerðar ráðstafanir til þess að tryggja stöðu Byggingarsjóðs ríkisins með því að afla annarra tekna, til dæmis með skyldusparnaði á allra hæstu tekjur, með sérstökum skatti á stóreignir eða fyrirtæki eða með öðrum hætti með framlögum úr ríkissjóði.
2. Að skyldusparnaðurinn verði felldur niður í áföngum þannig að árgöngunum, sem greiða skyldusparnað, verði fækkað stig af stigi.
3. Að skyldusparnaðurinn verði felldur niður í áföngum þannig að hlutfall skyldusparnaðar fari lækkandi á nokkurra ára bili.

Í fylgiskjölum birtast upplýsingar um málið frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fylgiskjal I.

Byggingarsjóður ríkisins.
(7. febrúar 1986.)

Hreyfingar á skyldusparnaði (nettó) í m.kr. í hverjum mánuði árin 1981–1985 á verðlagi hvers árs.

Mánuður	1981	1982	1983	1984	1985
Janúar	3.6	-3.9	-11.5	-44.0	-64.7
Febrúar	-2.1	-3.4	-10.5	-28.3	-23.5
Mars	1.0	0.8	-4.3	-16.3	-17.1
Apríl	-3.3	0.8	3.6	-12.4	-7.3
Maí	-11.6	-2.0	-1.7	-8.9	-2.3
Júní	-1.4	4.7	8.9	3.4	10.6
Júlí	7.2	9.4	19.2	12.1	26.0
Ágúst	9.9	12.7	17.6	6.0	24.2
September	4.3	7.7	2.5	6.1	12.8
Október	-5.2	-3.7	-19.2	2.2	1.3
Nóvember	-0.6	2.5	-9.3	-3.4	3.8
Desember	7.9	-0.3	-7.1	1.9	19.1
Samtals	9.7	29.3	-8.4	-81.6	-17.1
Brúttó:					
Innstreymi	139.4	212.3	436.8	509.4	613.7
Útstreymi	129.7	183.0	445.2	591.0	630.8

Fylgiskjal II.

Hæstaréttardómur um vexti af skyldusparnaðarfé.

Ár 1986, mánudaginn 24. mars, var í Hæstarétti í málinu nr. 34/1984:

Húsnæðismálastjórn vegna Byggingarsjóðs ríkisins
gegn
Gunnari H. Baldurssyni
og gagnsök

upp kveðinn svohljóðandi

dómur:

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. febrúar 1984. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 12. mars 1984 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 641,16 krónur auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 17. febrúar 1986.

Í héraðsdómsstefnu er mál þetta sagt höfðað á hendur húsnæðismálastjórn. Af kröfum þeim sem gerðar eru í málinu, málsreifun umboðsmanna aðilja og yfirlýsingum þeirra fyrir Hæstarétti er þó ljóst að í raun réttri er málsókninni beint að Byggingarsjóði ríkisins og hafi húsnæðismálastjórn verið stefnt vegna þess að hún fer með málefni sjóðsins að lögum. Verður samkvæmt þessu litið svo á að Byggingarsjóður sé hinn eiginlegi málsaðili.

Í málflutningi aðilja og hinum áfrýjaða dómi eru lög nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins talin hafa öðlast gildi 10. maí 1965, en þann dag voru þau gefin út. Þau voru birt í Stjórnartíðindum 12. júní 1965. Samkvæmt 19. gr. laganna skyldu þau öðlast gildi þegar í stað. Tóku þau því gildi við birtingu, sbr. 1. gr. og 7. gr. laga nr. 64/1943. Er því kröfugerð í málinu ekki reist á réttum forsendum að þessu leyti.

Svo sem gagnáfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla reisir hann kröfu sína á þeim grundvelli að við útreikning vaxta og verðbóta á skyldusparnaðarfé hafi ekki verið fylgt þeim lögum sem almenni löggjafinn hafi sett um skyldusparnað þann sem málið fjallar um. Hafi hin ranga framkvæmd laganna jafnframt falið í sér sérstaka skattlagningu ungs fólks sem hafi verið brot á stjórnarskrá.

Því er ekki haldið fram að löggjöf sú sem hér er um að ræða hafi í sjálfu sér verið andstæð ákvæðum stjórnarskrár. Þarf þá aðeins að huga að því hvort farið hafi verið að ákvæðum laganna við ávöxtun og greiðslu verðbóta á skyldusparnaðarfé gagnáfrýjanda.

Í lögum nr. 42/1957 var ekki sérstaklega tilgreindur ákveðinn vaxtafótur sem reikna ætti eftir vexti af skyldusparnaðarfé. Var gert ráð fyrir því í 3. mgr. 10. greinar laganna að við útborgun fengi innstæðueigandi sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum sem greiddir væru af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Þetta verður að skilja svo, að vextir af reikningsinnstæðu hafi átt að laga sig að vöxtum sem á hverjum tíma voru ákveðnir af nýjum vísitölubundnum verðbréfum, þ.e. bankavaxtabréfum eftir 4. grein laganna. Þeir vextir virðast í framkvæmd hafa fylgt vöxtum af útlánum húsnæðismálastjórnar. Eftir E-lið 6. greinar laganna voru vextir af þeim lánum ákveðnir 5½ % ársvextir. Í F-lið greinarinnar var húsnæðismálastjórn þó heimilað að breyta vöxtum þessum að fengnu

samþykki ríkisstjórnarinnar. Þetta var gert á árinu 1964 og vextir af nýjum útlánum lækkaðir í 4% ársvexti. Er ómótmælt að vextir af nýjum vísitölubundnum verðbréfum (bankavaxtabréfum) hafi verið lækkaðir til samræmis. Í kjölfar þessa voru síðan vextir af skyldusparnaðarfé einnig lækkaðir í 4% ársvexti frá 1. janúar 1965 að telja. Verður sú vaxtabreyting ekki metin ólögleg þar sem hún studdist við löglega teknar ákvarðanir um lækkun vaxta af útlánum, og þar með af bankavaxtabréfum, samkvæmt þeim lagaheimildum sem að framan eru greindar. Ræður í því sambandi ekki úrslitum þó að lækkun vaxta af útlánum húsnæðismálastjórnar í 4% ársvexti væri ekki beinlínis lögmælt fyrr en með C-lið 7. greinar laga nr. 19/1965.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að innstæða gagnáfrýjanda hafi verið vanreiknuð vegna of lágt reiknaðra vaxta fyrir tímabilið 1. janúar til 10. maí 1965 svo sem hann heldur fram og héraðsdómur hefur fallist á. Vaxtamunur sá sem hér er um að tefla nemur alls 33,00 gkr. en 52,80 gkr. þegar á þá fjárhæð hafa verið reiknaðar verðbætur með þeirri aðferð sem héraðsdómur beitir.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti þykir mega fallast á að rétt hafi verið sú aðferð sem héraðsdómur beitir við útreikning á innstæðu gagnáfrýjanda er skyldusparnaði hans lauk 18. september 1972. Átti innstæðan því þá að nema með vöxtum 82 087,75 gkr. (82 140,55 — 52,80 gkr.). Þann dag fékk gagnáfrýjandi greiddar 75 139,80 gkr. Við leiðréttingu á verðbótareikningi 20. nóvember 1974 voru honum ennfremur greiddar sem viðbót á verðbætur 4 508,00 gkr. Ennfremur fékk hann greidda sem vexti sama dag 1213,00 gkr. Ennþá voru ógoldnar 1221,95 eða 12,22 nýkr. (82 087,75 — 75 139,80 — 4508,00 — 1218,00 gkr.). Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð, en dráttarvextir verða ekki dæmdir af henni þar sem varakrafa er ekki gerð um það.

Rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans 55 000,00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, húsnæðismálastjórn vegna Byggingarsjóðs ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari H. Baldurssyni, 12,22 krónur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 55 000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fylgiskjal III.

Byggingarsjóður ríkisins.
(10. september 1984.)
Hreyfingar skyldusparnaðar frá janúar 1979 til ágúst 1984
innan hvers mánaðar á verðlagi hvers árs.
(Nettótölur í millj. kr.)

Mánuður	**1979**	**1980**	**1981**	**1982**	**1983**	**1984**
Janúar	2.2	3.1	3.6	-3.9	-11.5	-44.0
Febrúar	-4.7	-8.7	-2.1	-3.4	-10.5	-28.3
Mars	0.3	-1.1	1.0	0.8	-4.3	-16.3
Apríl	0.6	0.8	-3.3	0.8	3.6	-12.4
Maí	1.0	0.8	-11.6	2.0	1.7	-8.9
Júní	2.1	3.7	-1.4	4.7	8.9	3.4
Júlí	3.5	3.9	7.2	9.4	19.2	12.1
Ágúst	4.2	5.2	9.9	12.7	17.6	6.0
September	3.1	3.3	4.3	7.7	2.5	
Október	2.3	0.2	-5.2	-3.7	-19.2	
Nóvember	1.1	0.9	-0.6	2.5	-9.3	
Desember	4.7	6.1	7.9	-0.3	-7.1	
Samtals	20.4	18.2	9.7	29.3	-8.4	-88.4
Brúttó:						
Inn	58.9	84.8	139.4	212.3	436.8	323.3
Út	38.5	66.6	129.7	183.0	445.2	411.7

Fylgiskjal IV.

UM SKYLDUSPARNAÐ

Reykjavík, 24. apríl 1984.

Félagsmálanefnd,
neðri deildar Alþingis,
hr. formaður Þorsteinn Pálsson,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 11. apríl s. l. kom staða innlánsdeildar Byggingarsjóðs ríkisins (skyldusparnaður unga fólksins) nokkuð til umræðu. Greint var frá nýjum upplýsingum sem borist höfðu frá veðdeild Landsbanka Íslands og málin rædd m. a. á grundvelli þeirra. Stjórnin taldi að þar sem nú eru um tveir mánuðir liðnir frá því hún sendi yður umsögn sína um fyrirliggjandi frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins væri rétt að vekja athygli yðar á þeim nýju upplýsingum sem fyrir liggja um stöðu innlánsdeildarinnar, þeim viðhorfum sem fyrir hendi eru á því sviði og hverjar hugmyndir eru m. a. uppi um breytta framkvæmd skyldusparnaðarins. Væntir hún síðan þess að þetta verði yður tilefni til gaumgæfilegrar athugunar á VII. kafla fyrirliggjandi frumvarps um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Með bréfi þessu fylgja yfirlit, bæði um hreyfingar skyldusparnaðarfjár á árunum 1983 og 1984 sem og um endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár í samræmi við heimildir í gildandi lögum. Skal nú gera þeim atriðum nokkur skil.

Hreyfingar skyldusparnaðar á árinu 1983 eru m. a. eftirtektarverðar fyrir þá sök að í öllum mánuðum þess árs nema útborganir lægri fjárhæðum en innborganir, að einum mánuði undanteknum. Jafnframt er athyglisvert að innborganir aukast mjög sumarmánuðina og má vafalaust rekja til sumarvinnu skólafólks. Slík þróun er að sjálfsögðu stórlega hagstæð fyrir Byggingarsjóðinn.

Að því er varðar fyrstu mánuði þessa árs er eftirtektarvert að útborgunarfjárhæðir í janúar og febrúar s. l. mega heita tvöfalt hærri en innborgunarfjárhæð hvors mánaðar um sig. Í því sambandi verður þó að geta þess að útborganir í janúar eru ætíð mjög háar m. a. sakir þess að þá sækja þeir greiðslur sínar sem orðið hafa 25 ára árið á undan. Að öðru leyti er athyglisvert að mánaðarlegar útborganir hafa á tímabilinu janúar – mars s. l. dregist saman um nær þriðjung og nýjustu upplýsingar benda til að sú þróun haldi áfram.

Bæði þess ár gildir hið sama, að fjöldi útborgana er ámóta frá mánuði til mánaðar en dregst þó verulega saman yfir sumarmánuðina. Jafnframt er ljóst að þær eru að fjölda til aðeins lítill hluti miðað við fjölda innborgana.

Að því er varðar framkvæmd skyldusparnaðarins gæti ef til vill verið til bóta að stofnunin hefði frjálsari hendur en nú er, skv. gildandi lögum, til þess að haga henni á þann veg sem hagkvæmast þykir hverju sinni. Núverandi fyrirkomulag, þar sem framkvæmd hans er njörvuð niður með lögum í ef til vill of miklum smáatriðum, hefur ekki gefist vel að öllu leyti. Því hlýtur að koma til álita að í löggjöfinni komi einkum fram meginlínurnar en síðan verði nánar kveðið á um það í reglugerð hvernig að framkvæmdinni skuli staðið. Að öðru leyti liggur ljóst fyrir að brýna nauðsyn ber til að styrkja mjög framkvæmd sparnaðarins, enda er unnið að því nú, m. a. á grundvelli skýrslu frá Hagvangi hf. sem fenginn var til að gera tillögur um breytta og bætta tilhögun þessara mála. Í tengslum við það er rétt að eftirfarandi komi fram:

a) Endurgreiðsluheimildir skv. c-lið 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. núgildandi reglugerðar, nr. 193/1983, hafa haft í för með sér mjög háar endurgreiðslur, þegar á allt er litið. Flestar þessar heimildir eru aðeins fárra ára gamlar og auk þess í höndum annarra aðila en þessarar stofnunar þótt hún eigi að bera ábyrgð á innlánsdeildinni og framkvæmd skyldusparnaðarins.

b) Brýnt er að tryggja það betur en nú er gert að örugglega rétt vottorð liggi fyrir þegar óskað er eftir endurgreiðslu skyldusparnaðarfjár. Er nú unnið að endurbótum á því.

c) Til álita hlýtur að koma að stofnunin áskilji að sparifjáreigendur segi upp innlánsreikningum sínum með t. d. 4–5 daga fyrirvara, eins og altítt mun vera í öðrum innlánsdeildum þegar svipað stendur á, í stað þess sem nú er að inneignir á þeim eru greiddar fyrirvaralaust.

Þetta eru nokkur þau atriði sem nú er unnið að athugun á, jafnframt því sem á ýmsan annan hátt er unnið að styrkingu sparnaðarins um þessar mundir.

Þessu máli er hér með komið á framfæri við yður. Jafnframt skal yður tjáð að stofnunin er að sjálfsögðu reiðubúin til að veita yður allar nánari upplýsingar eftir því, sem um verður beðið.

Með virðingu.
Sigurður E. Guðmundsson.

Viðaukar:

1. Hreyfingar skyldusparnaðarfjár á árinu 1983 og 1984, dags. 19. apríl 1984.
2. Endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár á fyrstu 3 mánuðum áranna 1983 og 1984, dags. 19. apríl 1984.
3. Sundurliðun innstæðu sparifjár eftir aldri, dags. 31 des. 1982.

Viðauki 1.

Hreyfingar skyldusparnaðarfjár í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1983.

	Innborganir	Fjöldi	Útborganir	Fjöldi	Saldó kr. 553 941 161,56
Janúar	34 716 093,05	54 707	27 999 969,02	2 807	551 476 800,65
Febrúar	46 921 529,25	53 706	30 351 539,83	2 963	568 046 790,07
Mars	48 481 780,28	53 122	24 735 944,39	2 501	591 792 625,96
Apríl	58 159 915,48	53 581	13 584 899,10	1 937	631 367 642,34
Maí	66 214 439,00	54 143	23 184 623,25	1 692	674 365 092,39
Júní	85 946 091,92	62 339	23 807 579,46	1 405	736 535 971,25
Júlí	79 721 626,18	68 183	23 046 913,66	1 317	793 210 683,77
Ágúst	86 562 074,72	69 793	26 536 453,63	1 424	853 203 938,46
September	108 514 936,48	63 899	38 335 750,81	2 761	923 415 490,53
Október	42 318 709,00	59 413	49 508 372,04	3 833	916 225 827,49
Nóvember	55 363 047,61	58 544	37 612 337,34	3 297	1 066 803 456,15
Desember	47 800 930,52	58 787	35 650 258,68	2 867	946 127 209,60
		710 217		28 804	
				+ Vextir	16 983 670,47
				Saldó 31. des. 1983:	963 110 880,07

Hreyfingar skyldusparnaðarfjár í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1984.

	Innborganir	Fjöldi	Útborganir	Fjöldi	Saldó kr. 763 110 880,07
Janúar	33 586 890,12	55 489	66 227 720,22	2 903	930 470 049,97
Febrúar	29 598 716,42	54 253	54 270 500,55	3 216	905 798 265,84
Mars	30 497 021,61	54 680	46 632 728,50	2 536	889 662 558,95

Viðauki 2.

Endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár.

Árið 1983. Janúar — Febrúar — Mars.

V/aldurs	kr. 24 265	þús.	28,21%
— hjúskapar	kr. 4 484	þús.	5,39%
— skólanáms	kr. 17 332	þús.	20,86%
— iðnnáms	kr. 889	þús.	1,07%
— fjárhagsbyrða	kr. 8 045	þús.	9,68%
— veikinda	kr. 321	þús.	0,38%
— ómegðar	kr. 3 827	þús.	4,60%
— andláts/brottfarar	kr. 666	þús.	0,81%
— kaupa á húsnæði	kr. 22 637	þús.	27,25%
— annars	kr. 606	þús.	0,73%
Samtals	kr. 83 072	þús.	

Endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár.

Árið 1984. Janúar — Febrúar — Mars.

V/aldurs	kr. 41 923	þús.	25,08%
— hjúskapar	kr. 8 663	þús.	5,18%
— skólanáms	kr. 32 551	þús.	19,47%
— iðnnáms	kr. 1 960	þús.	1,16%
— fjárhagsbyrða	kr. 18 643	þús.	11,15%
— veikinda	kr. 876	þús.	0,54%
— ómegðar	kr. 9 569	þús.	5,72%
— andláts/brottfarar	kr. 1 176	þús.	0,70%
— kaupa á húsnæði	kr. 51 296	þús.	30,69%
— annars	kr. 472	þús.	0,28%
Samtals	kr. 167 128	þús.	

Viðauki 3.

Skyldusparnaður.

Sundurliðun innstæðu eftir aldri 16–26 ára.

Aldur	Innstæða	Fjöldi	Fjöldi í hreyfingu 1982
15 ára og yngri	173 362,81	109	95
16 ára	7 184 819,69	1 654	1 638
17 ára	30 548 401,63	3 391	3 269
18 ára	51 275 327,74	3 849	3 342
19 ára	66 895 819,16	4 061	3 384
20 ára	72 654 508,85	4 017	3 151
21 árs	71 474 961,27	3 731	2 732
22 ára	62 551 090,82	3 650	2 487
23 ára	57 521 764,91	3 368	2 127
24 ára	47 529 323,19	2 814	1 688
25 ára	41 046 964,76	2 515	1 447
26 ára	22 231 334,27	2 024	1 191
27 ára og eldri	10 528 988,71	4 796	1 196
Annað	3 144 008,81	794	385
Samtals	544 760 676,62	40 773	28 132

Nd. 503. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [275. mál]

í málinu: Frv. til l. um stöðvun verkfalls á fiskiskipum og verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur á farskipum.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni, Guðmundi Einarssyni,
Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyni og
Kjartani Jóhannssyni.

Þar sem
- samningaumleitanir í þessum kjaradeilum hafa aðeins staðið yfir í 3–5 daga,
- samkomulag hafði tekist eða var að takast um mörg deiluatriðanna,
- deiluaðilar eru ekki sammála um að fullreynt hafi verið í samningaumleitunum,
- forsætisráðherra hefur viðurkennt í framsöguræðu sinni að tilraunir til samkomulags hafi verið minni en æskilegt hefði verið og
- takmarkaðar birgðir sjávarafurða eru löngu þekkt staðreynd og ekki sök eða á ábyrgð deiluaðila

telur deildin að forsendur frumvarpsins og rökstuðningur fyrir því standist ekki, vísar því málinu frá (til samningsaðila og sáttasemjara) og tekur málið af dagskrá.

Sþ. 504. Fyrirspurn [278. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslu hjálparkalltækja fyrir sjúka og aldraða.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Að hve miklu leyti greiðir Tryggingastofnun ríkisins hjálparkalltæki fyrir sjúklinga og aldrað fólk? Beðið er um sundurliðun á greiðsluhluta stofnunarinnar í
   a. stofnkostnaði og
   b. afnotagjöldum.
2. Hverjir eiga rétt á greiðslum?
3. Hvaða meginstefnu hafa stjórnvöld sett Tryggingastofnun ríkisins við afgreiðslu umsókna um fyrrgreind hjálparkalltæki?

Sþ. 505. Svar [202. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um fullvirðisrétt.

1. Fullvirðisréttur í mjólkurframleiðslu.

Verðlagsárið 1985–1986 voru 1888 búmarkshafar í skrá um fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu. Verðlagsárið 1986–1987 eru í slíkri skrá 1902 aðilar en eins og fram kemur við 2. tölul. eru þar nokkur bú sem nú eru hætt framleiðslu og hafa því ekki fullvirðisrétt lengur.

2. Skerðing mjólkurframleiðslu.

Skerðing er metin frá framleiðslu verðlagsársins 1984–1985. Miðað er við framleiðslu mjólkur á því verðlagsári sem var innan búmarks hjá hverjum aðila.

a.	Skerðingu 0–20 ærgilda bera	450 aðilar.
b.	Skerðingu 20–50 ærgilda bera	322 aðilar.
c.	Skerðingu 50–100 ærgilda bera	244 aðilar.
d.	Skerðingu yfir 100 ærgildi ber	131 aðili.
	Alls	1147 aðilar.

Varðandi d-lið má skipta þeim búum í tvo flokka. Á 44 búum hefur mjólkurframleiðslu nú þegar verið hætt og aðilarnir hafa selt eða afsalað sér fullvirðisrétti. Hinn hlutinn eru bú sem höfðu mikla framleiðslu og eru ofan þeirra stærðarmarka sem hafa notið leiðréttinga eftir ákvæðum reglugerðarinnar sem gildir um mjólkurframleiðslu ársins, þ.e. reglugerð nr. 339/1986.

3. Bú með meiri framleiðslu.

Bú, sem hafa hærri fullvirðisrétt á verðlagsárinu 1986–1987 en nam framleiðslu þeirra verðlagsárið 1984–1985, eru 755. Í þeirri tölu eru fáein bú (innan við 10) sem ekki voru í fullvirðisréttarskrá á síðasta verðlagsári.

Rétt er að geta þess að búmarksnefndir búnaðarsambandanna hafa rétt til að miðla fullvirðisrétti, sem ekki er notaður af þeim sem úthlutun fær, innan hvers búmarkssvæðis. Því kunna þessar tölur að breytast lítillega fyrir lok verðlagsársins.

Nd. 506. Frumvarp til laga [279. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Svavar Gestsson,
Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

4. mgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Fullir dagpeningar fyrir einstakling skulu nema lágmarkslaunum ófaglærðs verkafólks fyrir 8 stunda dagvinnu eins og þau eru á hverjum tíma. Að auki skal greiða 4% af framangreindum launum fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um hækkun sjúkradagpeninga sem sjúkrasamlög greiða ef samlagsmaður, sem orðinn er 17 ára, veikist og verður algjörlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sjúkradagpeningar fyrir einstakling nemi sömu upphæð og lágmarkslaun ófaglærðra á hverjum tíma og verði jafnháir greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Greiðslur vegna barna undir 18 ára aldri eru einnig færðar til samræmis við greiðslur vegna barna úr þeim sjóði.

Sjúkradagpeningar hafa um árabil verið svo lág upphæð að erfitt er að koma auga á hvernig tekjulausum einstaklingi er ætlað að draga fram lífið af þeim. Frá 1. desember 1986 fær maður, sem orðið hefur tekjulaus vegna veikinda, 308,40 kr. á dag **eða 9252 kr. á mánuði**. Fyrir hvert barn undir 18 ára aldri eru greiddar 83,69 kr. á dag eða 2510,70 kr. á mánuði. Hvert mannsbarn hlýtur að geta gert sér í hugarlund hvernig staða fjölskyldumanns verður í því tilviki ef veikindi ber að höndum, ekki síst þegar litið er til þeirra fjárskuldbindinga sem allflestar fjölskyldur hafa á herðunum.

Með nýgerðum kjarasamningum hefur verið viðurkennt að 26 500 kr. á mánuði séu lágmark þess sem unnt sé að komast af með sér til viðurværis. Í lögum um atvinnuleysis-

tryggingar er tryggt að við atvinnumissi hafi bótaþegi lágmarkslaun verkafólks sér til framfærslu. Lög um almannatryggingar eru hins vegar löngu úrelt orðin og bótaupphæðir í engu samræmi við tilgang laganna sem hlýtur að hafa verið sá að tryggja þeim afkomu sem af einhverjum ástæðum geta ekki gert það með vinnu sinni. Hvergi í almannatryggingakerfinu er þó ástandið í líkingu við þau bágindi sem þeim eru boðin sem veikst hafa og orðið hafa óvinnufærir og eiga ekki rétt á öðru en sjúkradagpeningum meðan þeir eru undir læknishendi. Er með öllu ósæmandi að við svo búið standi.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir nokkurri lækkun greiðslna vegna barna og er það gert til samræmis við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, þ.e. 4% lágmarkslauna fyrir hvert barn undir 18 ára aldri. Við gerð þeirra laga var litið til þess að barnmargar fjölskyldur hefðu ekki meira milli handanna þegar fyrirvinna veiktist en vinnutekjur hennar voru áður. Er það raunar í samræmi við grunnhugmyndina að baki almannatryggingakerfisins sem er að réttur til tryggingabóta verði aldrei til að letja menn til vinnu. Það er auk þess fullkomlega eðlilegt að framfærsluþörf sé metin sú sama hvort sem maður missir vinnu vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Upphæðir sjúkradagpeninga eru ljótur blettur á því félagslega öryggi sem almannatryggingakerfinu er ætlað að veita og brýn þörf á að úr verði bætt. Það væri verðugt verkefni fyrir það Alþingi sem nú er að ljúka störfum að má hann burt. Kjör sjúklinga, sem undir læknishendi eru og eiga ekki kost á öðrum tryggingum en sjúkradagpeningum, eru langt frá öllu velsæmi.

Nd. 507. Frumvarp til laga [280. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

114. gr. orðist svo:

Þeim þingsætum, sem þegar hefur verið skipt á milli landsframboða samkvæmt 113. gr., skal úthluta þannig:

1. Sætum skal úthlutað til landsframboða í þeirri röð sem verður til við skiptingu þeirra samkvæmt 113. gr.
2. Við hverja úthlutun koma einungis til álita listar í þeim kjördæmum sem hafa ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 2. mgr. 5. gr. Frá þessu skal þó víkja við úthlutun síðasta þingsætisins en þá koma öll kjördæmi til greina.
3. Að lokinni hverri úthlutun skal lækka þingsætahlut þess lista, sem sætið hlaut, um einn, sbr. 1. tölul. 112. gr.
4. Hjá hverju landsframboði skal fyrst úthluta sæti til þess lista framboðsins er hæst hefur hlutfall atkvæðatölu deilt með tölu sem er einum hærri en tala þeirra sæta er listinn hefur þegar fengið úthlutað samkvæmt ákvæðum 112. gr. svo og þessarar greinar. Næst fer sæti hjá sama framboði til þess lista er þá á hæstan þingsætahlut o.s.frv. á víxl. Þó skal eigi ráðstafa aftur sæti til sama lista í kjördæmi fyrr en úthlutað hefur verið sætum samkvæmt þessari grein til sérhvers annars lista sama landsframboðs í kjördæmum sem hafa þá ekki þegar hlotið fulla tölu þingsæta.

Greinargerð.

Í núgildandi kosningalögum eru flókin ákvæði um úthlutun jöfnunarsæta í mörgum áföngum. Í þeim er m.a. kveðið á um að einn áfangi úthlutunarinnar skuli fara fram í

svonefndri „öfugri kjördæmisröð“, þ.e. fyrst í fámennasta kjördæminu og síðan koll af kolli eftir fjölda kjósenda í kjördæmi. Fyrir þessu finnst ekki viðunandi rökstuðningur.

Sú breyting sem hér er flutt miðar að því að einfalda reglu úthlutunar á jöfnunarsætum og gera hana jafnframt sanngjarnari og skiljanlegri. Vitaskuld er tillagan háð þeim takmörkunum sem gildandi stjórnarskrá setur og því með ýmsum annmörkum sem af því leiðir en ekki er unnt að lagfæra nema með stjórnarskrárbreytingu — sem væntanlega verður reyndar gerð innan tíðar. Í frumvarpi þessu er einungis fjallað um úthlutun jöfnunarsæta en hún gæti eins gilt þótt einhver önnur aðferð væri notuð við úthlutun kjördæmasæta en núgildandi lög gera ráð fyrir, t.d. regla d'Hondts. Sú regla, sem hér er gerð tillaga um, getur líka gilt þótt ákveðið væri að taka upp svonefnd endurreikningsákvæði við úthlutun jöfnunarsæta. Á hinn bóginn fylgja henni að hluta til sams konar annmarkar við úthlutun óbundins jöfnunarsætis (flakkara) eins og í núgildandi lögum. Skoðun flutningsmanns er reyndar sú að eðlilegast væri að binda það sæti við kjördæmi eins og önnur samkvæmt stjórnarskrá, en verði það ekki gert verður að gera ráð fyrir að úthlutun þessa sætis verði skoðuð sérstaklega og sérstakar tillögur um það fluttar.

Frumvarp það sem hér er flutt felur í sér að úthlutun jöfnunarsæta fari þannig fram:

1. Jöfnunarsætum er úthlutað til flokka (landsframboða) í þeirri röð sem notuð er við skiptingu þeirra milli flokka skv. 113. gr. Þessi röð er hin sama og landskjörsröð hefur verið fram að þessu og fundin á sama hátt.
2. Hverjum flokki (eða landsframboði) er síðan úthlutað þingsæti á víxl á grundvelli atkvæða að baki þingmanns samkvæmt reglu d'Hondts og á grundvelli hæsta þingsætahlutar, þ.e. fyrst á atkvæði, síðan á þingsætahlut og þá á atkvæði o.s.frv. Þessi úthlutunarregla er þannig hliðstæð við þá víxlreglu sem gilt hefur fram að þessu við úthlutun landskjörinna þingmanna.

Eins og sjá má eru þessar reglur kunnuglegar og mun einfaldari en þau ákvæði sem eru í gildandi lögum.

Um jöfnunarsæti.

Nauðsyn jöfnunarsæta eða uppbótarþingmanna er löngu viðurkennd í íslenskum kosningalögum. Þeim er ætlað að tryggja jöfnuð milli flokka, þ.e. að þingstyrkur flokks sé í bærilegu samræmi við heildaratkvæðastyrk á landinu öllu. Jafnframt hefur það sjónarmið gilt að þingflokkur hlyti uppbótarsæti í þeim kjördæmum þar sem hann hefur sýnt mestan styrk eftir einhverjum mælikvarða (atkvæði/prósenta).

Við val á reglum um úthlutun jöfnunarþingsæta er nauðsynlegt að hafa þessi tvö markmið í huga, þ.e.:

1. Tryggja jöfnuð milli flokka.
2. Úthlutun innan flokks fari eftir styrk, þ.e. í þau kjördæmi þar sem flokkur sýnir „bestan“ árangur.

Núgildandi stjórnarskrá gerir ráð fyrir að jöfnunarsæti séu 13 og öll nema eitt séu bundin við kjördæmi. Jöfnunarsætin eru fjögur í Reykjavík, tvö á Reykjanesi, en eitt í hverju hinna kjördæmanna. Í bindingu jöfnunarsætanna felst breyting sem taka verður tillit til. Jafnframt verður að hafa í huga eins og áður að kjördæmi eru misfjölmenn og vægi atkvæða í þeim misjafnt.

Úthlutunarröð.

Fyrir liggur almennt samþykki um hvaða reglu skuli fylgja til að ná jöfnuði milli flokka. Gerð er röð samkvæmt d'Hondts reglu. Úr þeirri röð fæst hversu mörg jöfnunarsæti hver flokkur hlýtur.

Á hinn bóginn þarf að dómi flutningsmanns að finna viðunandi reglur um úthlutun innan hvers flokks og þá úr hvaða kjördæmum flokkur fær jöfnunarsæti. Reglan verður í eðli sínu eins konar útsláttaraðferð því að um leið og flokkur hirðir jöfnunarsæti úr tilteknu kjördæmi þá er hann í smærri kjördæmunum að útiloka aðra flokka frá því að fá jöfnunarsæti þar og í hinum stærri að minnka möguleika hinna stig af stigi. Þess vegna verður reglan að vera sæmilega sanngjörn milli flokka innan kjördæmis á sama tíma og hún er sæmilega sanngjörn innan flokks. Til sanngirnissjónarmiða telst þá einnig að jöfnunarmenn komi úr kjördæmum þar sem styrkur flokks er mestur en ekki eftir forgangsröð kjördæma. Þar eð hér er um eins konar útslátt að ræða er eðlilegt að búa til röð til að úthluta eftir og ganga á hana. Dæmi um röð, þar sem vissra sanngirnissjónarmiða er gætt, er að fara að eins og í gömlu reglunum, þ.e. fyrst er búin til forgangsröð flokka varðandi jöfnunarsæti og síðan er önnur forgangsröð innan hvers flokks við endanlega úthlutun. Sá hluti aðferðarinnar að velja á víxl miðað við atkvæði og atkvæðahlutfall flokks helgast af því að kjördæmi eru með mismarga kjósendur og þingmenn, þ.e. af misvægi atkvæða, og hvorugur mælikvarðinn einn sér úthlutaði eða úthlutar af sanngirni við slíkar aðstæður. Ef ekki finnst og næst samkomulag um einn sanngjarnan allsherjarmælikvarða er því eðlilegast að nota víxlaðferð eins og þá sem felst í gömlu reglunum.

Að hinu leytinu er afleitt að búa til einhvers konar forgangsröð kjördæma við úthlutunina eins og núgildandi reglur gera einmitt, enda næsta ókleift að útskýra eða rökstyðja slíkt.

Val á úthlutunarreglum.

Eins og áður er vikið að hefur úthlutun jöfnunarsæta einkenni útsláttarkeppni. Í því er í rauninni fólgin meginbreytingin frá fyrri stjórnarskrárákvæðum. Af því leiðir að enn mikilvægara er en áður að úthlutunin byggist á því að sett sé upp forgangsröð sem byggist á styrkleikamælingu sem dugi. Auðvitað verður tæpast nú frekar en áður tryggt að algert „réttlæti" náist enda er reynsla af ýmsum úthlutunum samkvæmt gamla kerfinu sem vissulega mátti gagnrýna. Á hinn bóginn er nokkuð fyrir það gefandi að reglur séu skýrar, tiltölulega einfaldar og auðskildar.

Áhersla skal lögð á það að annars vegar er um að ræða kjördæmakjörin sæti (fjögur af fimm o.s.frv.) og hins vegar jöfnunarsæti. Hér er eingöngu fjallað um jöfnunarsætin og reglur um úthlutun þeirra.

Ef regla d'Hondts er notuð til að ákveða hversu mörg jöfnunarsæti hver flokkur hlýtur, er næst fyrir að úthluta þeim innan flokka og þá um leið á kjördæmi. Þá liggur beint við að ákveða að flokkur eigi rétt á jöfnunarsætum í þeirri röð sem regla d'Hondts úthlutar þeim. Jafnframt mundi úthlutun samkvæmt víxlreglu á grundvelli atkvæða annars vegar og þingsætahlutar hins vegar taka eðlilegt tillit til misvægis kjördæma og þannig væri styrkleiki innan flokks mældur á þessa tvo mælikvarða, hliðstætt því sem verið hefur.

Nd. 508. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum ef innan þess finnst 200°C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði.

Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði en óvissa ríkir um.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrlegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofan jarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

3. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna sem renni í Orkusjóð.

Sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki sveitarfélaganna, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku þessara laga, halda rétti sínum óskertum.

Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna.

Nú æskir sveitarfélag eða samtök þeirra, eða fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, eftir vinnsluleyfi á háhitasvæði í eigu ríkisins og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt þeim upplýsingum sem ráðherra krefst.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum verðmæti borunarinnar ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum, eða öðrum náttúrlegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 6. mgr.

4. gr.

Upphaf 16. gr. laganna orðist svo:

Nú er jarðhiti á lághitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, og eru þá landeigendur ...

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 49. gr. laganna komi ný mgr., svohljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

6. gr.

Á eftir d-lið 1. mgr. 68. gr. laganna komi nýr stafliður svohljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 15. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var síðast flutt á 108. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Frumvarpið felur í sér þá stefnumörkun, að orka sú, sem fólgin er í háhitasvæðum, sé sameign þjóðarinnar.

Samkvæmt frv. þessu yrði djúphiti á háhitasvæðum almannaeign. Jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Alþýðuflokkurinn hefur lengi haft á stefnuskrá sinni að landið, gögn þess og gæði væru sameign þjóðarinnar. Þingmenn flokksins hafa oft áður verið meðal flutningsmanna lagafrumvarpa um almannaeign á jarðhita. Það frumvarp, sem hér er flutt, er í stórum dráttum samhljóða fyrri frv. um þetta efni. Sú veigamikla breyting er þó hér gerð frá fyrri frumvörpum, að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu hans fyrir gildistöku laganna, haldi rétti sínum óskertum.

Eftirfarandi greinargerð víkur frá greinargerð fyrri frumvarpa um þetta efni, að því er rétt sveitarfélaga varðar og nokkur önnur atriði til samræmis við ný viðhorf og aukna þekkingu:

I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrlegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingsrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna eða keypt sér rétt til vinnslu, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem keypt hafa jörð eða hluta úr henni með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku laga þessara, halda rétti sínum óskertum. Að öðru leyti gildir um land á háhitasvæði í eigu sveitarfélaga við gildistöku laganna, að sveitarfélögin skulu hafa forgangsrétt.

Í samræmi við 2. gr. orkulaganna er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar mörk háhitasvæða og segja álit sitt á, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður best hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra.

Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Ekki er í íslenskum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeigenda niður á við, en talið hefur verið að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau til þess að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. (Ólafur Lárusson: Eignaréttur, bls. 46).

Um afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita þykir rétt að benda á eftirfarandi:

Í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 1923, er á því byggt, að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðarétti landeiganda.

Í lögum nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita) sem á henni eru. Skv. lögunum er landeiganda rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir best henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá segir og í lögunum, að ef landamerki liggi um hverasvæði þannig að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugarvatns liggi svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver hefur til jarðhitaorkunnar. Ekki er í lögunum almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda, en í þeim er þó gert ráð fyrir eignarnámi hvera- og laugarvatns.

Í lögum nr. 98 frá 1940 og öðrum lagafrumvörpum, sem fyrr höfðu verið lögð fyrir Alþingi, en eigi voru afgreidd, kemur fram sú meginstefna, að landeigandi hafi eignar- eða afnotarétt á jarðhita á landareign sinni, með nokkrum takmörkunum þó.

Þessi afstaða kemur og fram í lögum nr. 11 frá 1936, lögum nr. 38 frá 1940, lögum nr. 101 frá 1940, lögum nr. 114 frá 1943, um breytingu á lögum nr. 98 frá 1940, lögum nr. 40 frá 1948, 47. gr. laga nr. 102 frá 1962, lögum nr. 36 frá 1961, lögum nr. 55 frá 1961, lögum nr. 28 frá 1963 og lögum nr. 23 frá 1966 og e. t. v. víðar.

Árið 1954 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir. Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Böðvarsson, en auk þess starfaði Baldur Líndal með nefndinni. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum. Með greinargerð frv. fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson: „Um eignar- og umráðarétt jarðhita".

Í frumvarpi þessu var svohljóðandi ákvæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar ..."

Er frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1956 komu ekki fram athugasemdir þess efnis, að sú almenna takmörkun eignarréttarins, sem fyrr greinir, bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi né því næsta.

Með lögum nr. 58 frá 1967, orkulögum, XI. kafla, voru lög nr. 98 frá 1940 leyst af hólmi, en í 9. og 10. gr. laganna, sem lagt er til að breytt verði með frumvarpi þessu, eru ákvæði efnislega samhljóða 1. og 3. gr. laga nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í 14. gr. orkulaga er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, en það var nýmæli, þar sem lögin frá 1940 gerðu ráð fyrir að Alþingi fjallaði hverju sinni um nauðsyn eignarnáms jarðhita.

Enda þótt Alþingi hafi einnig byggt á þeirri meginstefnu í löggjöf, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu, þá setur það löggjafarvaldinu engar skorður við því, að ákveða nú með löggjöf hverjum almennum takmörkunum eignarréttur á jarðhita skuli háður.

Áður hefur verið vikið að þeirri almennu reglu, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra undir venjulega hagnýtingu á eignarrétti yfir fasteignum.

Frá þessari almennu reglu verða gerðar undantekningar á þann hátt að ákveða að einstök efni undir yfirborði jarðar skuli vera algerlega undanskilin eignarráðum landeiganda eða þau skuli vera undanskilin eignarráðum neðan við tiltekið dýpi.

Í löggjöf margra ríkja, sem veita eignarréttindum sömu vernd og 67. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignar- og umráðarétt ríkisins á ýmsum verðmætum jarðefnum, og í jarðhitalöndum eins og Nýja-Sjálandi og Ítalíu teljast landeigendur ekki eigendur jarðhita sem sækja þarf í jörð niður. Er slíkur jarðhiti í umráðum ríkisins.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins á sér fyrirmynd í 87. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, sem byggð er á belgísku stjórnarskránni frá 1831 og mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789.

Í dönsku námulögunum, nr. 181 frá 1950, Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer í Kongeriget Danmarks undergrund, segir í 1. gr., að efni í jörðu, sem ekki höfðu verið nýtt af einkarétti fyrir árið 1923, séu í umráðum ríkisins, sem getur veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu þeirra. Hefur löggjöf þessi ekki verið talin brjóta í bága við ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í fyrrgreindri ritgerð Ólafs Jóhannessonar, sem fylgdi frumvarpi til laga um jarðhita, er ítarlega fjallað um það, hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð var til í frumvarpinu, bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Var niðurstaða hans sú, að heimilt væri að setja eignarrétti landeiganda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþingi 1945 frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98 frá 1940 (Alþt. 1945 A, þskj. 200). Var þar lagt til að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri synjað, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Það hefur því verið skoðun dr. Bjarna Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign granna.

Ekki er í frumvarpi þessu gengið svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frumvarpi dr. Bjarna Benediktssonar eða frumvarpinu frá 1956.

Ljóst er að það er þjóðarheill fyrir bestu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram að þessu.

Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi.

Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar er vafasamt að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur að verða a. m. k. flestum einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum sem áður hafa verið boraðar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að tryggja með lögum þessum, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeigenda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði ber honum að fá fullar bætur fyrir.

II.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpinu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í sex háhitasvæði hefur fundist hiti yfir 200°C á minna en

1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við þetta ástand.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði tæpast á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá SV-NA og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á meðfylgjandi mynd, fskj. I. Innan þeirra eru merkt háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið að háhiti leynist undir.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir.

Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum):

Prestahnúkur (einungis laugar allt að 40°C).

Tindfjallajökull (einungis laugar um 50°C).

Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu).

Nauthagi (einungis laugar allt að 68°C).

Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborðinu).

Öxarfjörður (lágt viðnám undir söndum).

Auk þess er líklegt að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru flest allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, og líklega í Eldvörum, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholuútbúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1.—2. mgr. Í þessum málsgreinum er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði.

Um 3. mgr. Í málsgrein þessari er ákveðið, að umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita á háhitasvæðum, eins og þau eru skilgreind í 1. málsgr., tilheyri ríkinu, og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í greinargerð. Heitu vatni og gufu á háhitasvæðum fylgir jafnan nokkurt magn af uppleystum steinefnum og gastegundum. Þessi efni eru óaðskiljanlegur hluti jarðhitavinnslunnar, og er því eðlilegt að þau séu látin fylgja með jarðhitanum að því er varðar umráða- og hagnýtingarrétt.

Um 4. mgr. Í almennum lið greinargerðar eru talin upp svæði, sem fullvíst er talið að séu háhitasvæði, og enn fremur þau svæði, sem líkleg teljast. Árið 1969 gerði Orkustofnun áætlun um rannsókn 11 háhitasvæða og hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun að rannsókn Reykjaness, Svartsengis, Krýsuvíkur, Hengils, Námafjalls, Kröflu og Þeistareykjasvæðis. Á sumum þessara svæða er rannsókn og skýrslugerð að nokkru lokið, en rannsókn verður haldið áfram eftir því sem fé er veitt til.

Um 5. og 6. mgr. Réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar lághita er í engu skertur frá fyrri lögum og ekki heldur réttur til hvera og annars náttúrlegs jarðhita á yfirborði háhitasvæðis. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan er skilið Hveragerði, sem nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Um 2. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar að henni lokinni.

Um 3. gr.

Um 1. mgr. Meginstefna þessa ákvæðis er að Alþingi ákveði með löggjöf hvernig skipa skuli hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kann að stafa, og gegn spjöllum á umhverfi, svo og önnur skilyrði sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum lögum ákveðna stefnu sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins. Sveitarfélög, sem eiga land á háhitasvæði, hafa skv. frumvarpinu forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og geta verið undanþegin leyfisgjaldi. Hafi þau hins vegar keypt sér rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku þessara laga halda þau rétti sínum óskertum, sbr. 2. mgr.

Ráðherra er heimilt með vissum takmörkunum að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæðum, og koma þá sömu sjónarmið til greina við ákvörðun skilyrða sem setja skal í leyfi.

Geiradalshreppur	13	133,375	20,006	1,539	72,031	52,025	4,002	54
Reykhólaskóli	57	1,020,148	153,022	2,685	468,202	315,180	5,529	46
Barðastr.hreppur	24	785,727	117,859	4,911	321,804	203,945	8,498	41
Auðkúluhreppur	5	180,075	27,011	5,402	72,776	45,765	9,153	40
Þingeyri	72	333,909	50,086	696	257,268	207,182	2,878	77
Mýrarhreppur	11	335,595	50,339	4,576	138,908	88,569	8,052	41
Mosvallahr. (Holt)	8	195,786	29,368	3,671	84,125	54,757	6,845	43
Suðureyri	72	139,721	20,958	291	139,721	118,763	1,649	100
* Reykjanesskóli	70	93,381	14,007	200	93,381	79,374	1,134	100
Kaldrananeshreppur	12	370,999	55,650	4,637	153,250	97,600	8,133	41
Kirkjubólshreppur	95	870,628	130,594	1,375	489,970	359,376	3,783	56
Broddanes/Fells-Óspakseyr	15	734,325	110,149	7,343	286,264	176,115	11,741	39
Bæjarhr.	14	681,525	102,229	7,302	265,834	163,605	11,686	39
Sundakst.+akst. -	14	40,484	6,073	434	40,484	34,411	2,458	100
	1,101	8,388,481	1,258,272	1,143	4,983,849	3,725,577	3,384	59

*Reykjanesskóli, Djúpbátur um Djúphafnir. kr. 36,927

ÆTLAÐUR KOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA VIÐ SKÓLAAKSTUR.

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
	Rauntölur 1985 - 1986				Nýjar forsendur.			
NORÐURLAND VESTRA SKÓLAR	Fjöldi nemenda í aksturskólum	Heildar aksturs-kostn.	Hlutur sveitar-félaga alls	Kostn. sveitarf. á nemanda (4)/(2)	Kostnaður sveitarf. eftir breytingar	Kostn.auki sveitarf. eftir breyt. (6)-(4)	Kostnaðar-auki sveit. á nemanda. (7)/(2)	% Sveitarf eftir breytingar (6)/(3)*100
Hofsós	94	1,424,267	213,640	2,273	681,793	468,153	4,980	48
Sólgarðaskóli	22	627,479	94,122	4,278	262,518	168,396	7,654	42
* Hólar	36	852,879	127,932	3,554	368,708	240,776	6,688	43
Rípurhreppur	14	667,054	100,058	7,147	260,769	160,711	11,479	39
Skefilstaðahr. (87.4%)	6	223,002	28,098	4,683	89,751	61,653	10,276	40
Höfðaskóli (86.2%)	141	531,002	73,278	520	460,800	387,522	2,748	87
Staðahr.Skagafirði(85.2%)	12	314,736	46,581	3,882	133,076	86,495	7,208	42
Varmahlíðarskóli	140	3,616,565	542,485	3,875	1,538,798	996,313	7,117	43
Steinsstaðaskóli	50	1,340,713	201,107	4,022	568,795	367,688	7,354	42
Akraskóli	33	1,041,106	156,166	4,732	430,326	274,160	8,308	41
Laugabakkaskóli	130	2,994,841	449,226	3,456	1,306,264	857,038	6,593	44
Vesturhópsskóli	18	721,436	108,215	6,012	288,703	180,488	10,027	40
Húnavellir	148	5,843,394	876,509	5,922	2,342,704	1,466,195	9,907	40
Gr.sk.Staðarhr.V-Hún.	19	416,686	62,503	3,290	183,526	121,023	6,370	44
	863	20,615,161	3,079,921	3,569	8,916,532	5,836,611	6,763	43

* Aukaakstur v/stuðningskennslu kr.5,340

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA VIÐ SKÓLAAKSTUR.

(1)	(2)	Rauntölur 1985 - 1986 (3)	(4)	Nýjar forsendur. (5)	(6)	(7)	(8)	(9)
NORÐURLAND EYSTRA SKÓLAR	Fjöldi nemenda í aksturs-skólum	Heildar aksturs-kostn.	Hlutur sveitar-félaga alls	Kostn. sveitarf. á nemanda (4)/(2)	Kostnaður sveitarf. eftir breytingar	Kostn.auki sveitarf. eftir breyt. (6)-(4)	Kostnaðar-auki sveit á nemanda. (7)/(2)	% Sveitarf eftir breytingar (6)/(3)*100
Gr.sk. Ólafsfjarðar	186	518,809	77,821	418	518,809	440,988	2,371	100
Árskógarskóli	46	807,549	121,132	2,633	372,342	251,210	5,461	46
Gr.sk. Arnarneshrepps	14	357,768	53,665	3,833	152,519	98,854	7,061	43
Þelamerkurskóli	108	3,292,596	493,889	4,573	1,363,008	869,119	8,047	41
Hrafnagilsskóli	75	530,045	79,507	1,060	331,766	252,259	3,363	63
Gr.sk. Hrafnagilshrepps	48	493,572	74,036	1,542	266,350	192,314	4,007	54
Gr.sk. Saurbæjarhrepps	31	1,039,808	155,971	5,031	424,383	268,412	8,658	41
Gr.sk. Öngulstaðahrepps	62	761,902	114,285	1,843	387,565	273,280	4,408	51
Gr.sk. Svalbarðsstr.hr.	38	561,622	84,243	2,217	270,667	186,424	4,906	48
Grenivíkurskóli	94	1,014,506	152,176	1,619	538,377	386,201	4,109	53
Stórutjarnaskóli	85	1,769,634	265,445	3,123	785,122	519,677	6,114	44
Barnaskóli Bárðdæla	25	373,619	56,043	2,242	179,517	123,474	4,939	48
Hafralækjarskóli	107	2,279,265	341,890	3,195	1,006,393	664,503	6,210	44
Litlu Laugask. Reykjadal	47	692,962	103,944	2,212	334,186	230,242	4,899	48
Helgarakstur að - Héraðssk. Laugum	48	130,385	19,558	407	130,385	110,827	2,309	100
Reykjahr. Tjörneshr.	4	100,906	15,136	3,784	43,117	27,981	6,995	43
Skútustaðaskóli	99	1,503,152	225,473	2,278	719,153	493,680	4,987	48
Skúlagarður	16	424,192	63,629	3,977	179,667	116,038	7,252	42
Lundur Öxarfirði	25	358,694	53,804	2,152	174,293	120,489	4,820	49
Kópasker	36	646,514	96,977	2,694	296,480	199,503	5,542	46
Svalbarðssk. Þistilfirði	17	338,826	50,824	2,990	151,739	100,915	5,936	45
Þórshöfn	80	1,180,482	177,072	2,213	569,168	392,096	4,901	48
	1,291	19,176,809	2,876,521	2,228	9,195,007	6,318,486	4,894	48

*Reykjahreppur og Tjörneshreppur = helgarakstur í Laugaaskóla

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA VIÐ SKÓLAAKSTUR.

(1)	(2)	Rauntölur 1985 - 1986 (3)	(4)	Nýjar forsendur. (5)	(6)	(7)	(8)	(9)
AUSTURLAND SKÓLAR	Fjöldi nemenda í akstursskólum	Heildar aksturs-kostn.	Hlutur sveitar-félaga alls	Kostn. sveitarf. á nemanda (4)/(2)	Kostnaður sveitarf. eftir breytingar	Kostn.auki sveitarf. eftir breyt. (6)-(4)	Kostnaðar-auki sveit. á nemanda. (7)/(2)	% Sveitarf eftir breytingar (6)/(3)*100
Vopnafjörður	166	2,447,616	367,142	2,212	1,180,365	813,223	4,899	48
*1 Brúarásskóli	30	487,158	73,074	2,436	229,006	155,932	5,198	47
*2 Skjöldólfsst. Jökuldal	25	641,533	96,230	3,849	273,287	177,057	7,082	43
Borgarfjörður	30	219,040	32,856	1,095	135,164	102,308	3,410	62
*3 Eiðar	97	347,340	52,101	537	310,719	258,618	2,666	89
Norðfjarðarhr.	10	172,396	25,859	2,586	79,838	53,979	5,398	46
*4 Reyðarfjörður	121	229,825	34,474	285	229,825	195,351	1,614	100
Fáskrúðsfjarðarhr.	147	737,572	110,636	753	544,800	434,164	2,953	74
Seyðisfjarðarhr.	173	218,960	32,844	190	218,960	186,116	1,076	100
Hallormsstaður	61	993,684	149,053	2,443	466,740	317,687	5,208	47
Egilstaðir	323	1,565,665	234,850	727	1,177,833	942,983	2,919	75
Neskaupstaður	319	259,009	38,851	122	259,009	220,158	690	100
Eskifjörður (58,76%)	178	271,746	112,068	630	271,746	159,678	897	100
Bakkafjörður	17	395,844	59,377	3,493	171,696	112,319	6,607	43
Breiðdalur	53	1,219,135	182,870	3,450	530,047	347,177	6,551	43
Beruneshr.	12	292,228	43,834	3,653	125,680	81,846	6,821	43
*5 Djúpivogur	81	347,368	52,105	643	279,529	227,424	2,808	80
Geithellnahreppur	11	400,909	60,136	5,467	161,768	101,632	9,239	40
Nesjaskóli	93	1,149,014	172,352	1,853	583,505	411,153	4,421	51
Holt Mýrum	7	557,556	83,633	11,948	208,794	125,161	17,880	37
Hrollaugsstaðaskóli	16	367,249	55,087	3,443	159,737	104,650	6,541	43
Hofshreppur	8	155,840	23,376	2,922	70,144	46,768	5,846	45
Stöðvarfjörður		17,765	2,665	0	17,765	15,100	0	100
	1,978	13,494,453	2,095,474	1,059	7,685,958	5,590,484	2,826	57

*1 Sundnámsk. og akstur í Eiða 9.bekk kr. 64,471
*2 Aukaf. í Brúarársk/akstur með 9.bekk í Eiða/keðju ogg ófærðarálag kr. 138,824
*3 Annar akst. Hússtjórnarnám á Hallormsstað o.fl. kr. 24,706
*4 Hólmar - skóli kr. 31,900
*5 Hallormsstaður. Hússtjórnarfræðsla. kr. 53,560
Stöðvarfjörður Hallormsst.-Stöðvarfj. v/hússtjórnarrfræðslu. kr. 17,765

3. spurning.

Spurt er:

Hversu háar fjárhæðir telur ráðherra að fari í súginn vegna meintrar spillingar og óráðsíu í skólaakstri, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?

Svar:

Þetta er matsatriði sem engin svör er unnt að gefa við.

4. Endurskoðun reglna.

Spurt er:

Til hvaða ráða hefur ráðuneytið gripið eða áformar að grípa til að uppræta þá spillingu sem ráðherra hefur staðhæft að viðgangist í þessum efnum?

Svar:

Tveir starfsmenn hafa unnið að endurskoðun þessara mála frá haustdögum á vegum ráðuneytisins. Hafa þeir náð góðu sambandi og samstarfi við sveitarstjórnarmenn og er ástæða til að ætla að greiðlega gangi að kippa í liðinn því sem úrskeiðis hefur farið.

Sþ. 511. Beiðni um skýrslu [283. mál]

frá menntamálaráðherra um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Karvel Pálmasyni, Kristínu H. Tryggvadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977, og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á þeirri reglugerð og þá hverjar.

Í skýrslunni er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig hefur tekist að ná fram meginstefnu reglugerðarinnar um að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla?
2. Hver tekur ákvörðun um sérkennsluþörf eftir fræðsluumdæmum og hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar endanlegri ákvörðun um sérkennslumagn í hverju fræðsluumdæmi hvert skólaár? — Hefur Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagt til niðurskurð á umbeðinni þörf menntamálaráðuneytis? Ef svo er, hvenær og hve mikið?
3. Hve mörg börn hafa fengið annars vegar sérkennslu
   a. innan almenna grunnskólans,
   b. í sérskólum,
   c. í sérdeildum,
   og hins vegar stuðningskennslu í hverju umdæmi fyrir sig frá gildistöku reglugerðar um sérkennslu?
4. Hve mörg börn þurfa á sérkennslu og stuðningskennslu að halda í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig? Er hægt að leysa í meira mæli þörf barna fyrir sérkennslu innan almenna grunnskólans fremur en í sérskólum væri grunnskólunum til þess búin betri aðstaða?
5. Hvernig hefur verið staðið við ákvæði 15. gr. um kennslumagn, skipt eftir fræðsluumdæmum, sem að fullu átti að vera komið til framkvæmda að fjórum árum liðnum frá gildistöku reglugerðarinnar
   a. á forskólastigi, sbr. 16. gr. A. 1 og 2,
   b. í grunnskólum, sbr. 16. gr. B. 1,
   c. í sérskólum, sbr. 16. gr. B. 2?

6. Hve mikið fjármagn hefur runnið árlega til
   a. sérkennslu innan almenna grunnskólans,
   b. stuðningskennslu,
   c. sérskóla,
   frá gildistöku reglugerðarinnar, skipt eftir fræðsluumdæmum?
7. Hvernig skiptast nemendur eftir umdæmum á sérskóla? Hvar eru þeir staðsettir?
8. Hvernig er yfirstjórn sérskólanna háttað? Hver eru tengsl þeirra við fræðsluskrifstofur viðkomandi umdæma?
9. Hefur verið sett námsskrá um kennslu í sérstofnunum vegna sérkennslu, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar?
10. Hve margir sérmenntaðir kennarar annast sérkennslu, skipt eftir fræðsluumdæmum, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar? Hvað er þörf fyrir marga sérkennara, skipt eftir fræðsluumdæmum?
11. Hvernig hafa verið leyst vistunarmál nemenda utan af landi sem sækja þurfa sérkennslu utan síns fræðsluumdæmis?
12. Hve margir nemendur njóta kennslu í heimahúsum, sbr. 18. gr.? Hver er þörfin?
13. Hvar hafa verið stofnuð skólaathvörf og lesver, sbr. 20. gr.? Hver er þörfin?
14. Hve margir nemendur hafa fengið fræðslu og verklega þjálfun eftir skólaskyldualdur, sbr. 3. gr. C í reglugerðinni? Hver er þörfin, skipt eftir fræðsluumdæmum?
15. Hvernig hefur verið staðið að samræmdum aðgerðum vegna sérkennslu fyrir landið allt, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar?
16. Telur menntamálaráðherra þörf á endurskoðun reglugerðar um sérkennslu? — Ef svo er, hverjar eru meginhugmyndir ráðherrans varðandi þá endurskoðun?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 20. jan. 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.	Eiður Guðnason.	Guðmundur Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Karl Steinar Guðnason.	Karvel Pálmason.
Kristín H. Tryggvadóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.	Stefán Benediktsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 512. Fyrirspurn [284. mál]

til viðskiptaráðherra um verð á steypu og sementi.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hver var hækkun meðalverðs sements og steypu á milli áranna 1983–1984, 1984–1985 og 1985–1986, í prósentum og krónum talið:
   a. hækkun sementsverðs,
   b. hækkun steypu,
   c. hækkun steypu án sements?
2. Hvert var meðalverð steypu, steypu án sements og sements framantalin ár?

3. Hver var hluti sements af steypuverði þessi ár?
4. Hvernig var háttað verðlagseftirliti og hver var þáttur verðlagsyfirvalda við verðlagningu steypu og sements á þessu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 513. Fyrirspurn [285. mál]

til samgönguráðherra um ráðstafanir til að auka umferðaröryggi á Arnarneshæð og á Reykjanesbraut.

Frá Gunnari G. Schram.

Hvaða ráðstafanir hyggjast umferðaryfirvöld og Vegagerð ríkisins gera til þess að draga úr tíðum slysum á Arnarneshæð og á Reykjanesbraut?

Sþ. 514. Fyrirspurn [286. mál]

til heilbrigðisráðherra um könnun á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi.

Frá Gunnari G. Schram.

Hverjar eru niðurstöður rannsóknar þeirrar á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi sem fram hafa farið síðustu missiri af hálfu landlæknisembættisins?

Sþ. 515. Fyrirspurn [287. mál]

til menntamálaráðherra um sálfræðiþjónustu á Austurlandi.

Frá Helga Seljan.

Hvernig er nú háttað sálfræðiþjónustu á vegum fræðsluskrifstofu Austurlands?
Hversu margir starfsmenn eru þar að verki nú?

Sþ. 516. Skýrsla [288. mál]

félagsmálaráðherra um störf ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar ríkisins og um lán vegna greiðsluerfiðleika.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Formáli.

Skýrsla sú er hér er lögð fram er tekin saman af ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Ráðgjafarnefnd húsnæðismálastjórnar samþykkti að veita um 575 milljónir króna úr Byggingarsjóði ríkisins til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfið-

leikum á árinu 1986. Á árinu 1985 var um 250 milljónum króna varið til sams konar aðgerða. Frá því í febrúar 1985 hefur því um 825 milljónum króna verið varið úr Byggingarsjóði ríkisins til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfiðleikum. Þá er einnig þess að geta að á árunum 1983 og 1984 veitti Húsnæðisstofnun 4215 sérstök viðbótarlán, samtals að fjárhæð um 550 milljónir króna á núverandi verðlagi. Heildarfyrirgreiðsla 1983–1986 frá Húsnæðisstofnun nemur því um 1400 milljónum króna á núverandi verðlagi.

Jafnframt því sem veitt voru sérstök lán úr Byggingarsjóði ríkisins var lánum hjá bönkum og sparisjóðum breytt til allt að átta ára 1986, en til allt að fimm ára á árinu 1985. Áætlað er að um 100 milljónum króna hafi verið skuldbreytt hjá bönkum og sparisjóðum á árinu 1985. Ekki er vitað um umfang skuldbreytinga 1986 þar sem því starfi er ekki að fullu lokið, en gera má ráð fyrir ekki lægri upphæð en á árinu 1985. Ætla má því að um 1,6 milljarði króna hafi á einn eða annan hátt verið varið til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfiðleikum á árunum 1983 til 1986 úr Byggingarsjóði ríkisins og hjá bönkum og sparisjóðum.

Umsóknir um lán vegna greiðsluerfiðleika 1986.

Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins tók við 2265 umsóknum um lán vegna greiðsluerfiðleika á árinu 1986 frá því byrjað var að taka við umsóknum í janúar og fram að 17. október. Samtals voru samþykkt 1985 lán vegna greiðsluerfiðleika að upphæð 574 925 000 kr. Meðallán var því um 290 000 kr. Samtals var 280 umsóknum um lán synjað.

Veðdeild Landsbanka Íslands hefur séð um að greiða þær skuldir sem lántakendur hafa óskað eftir að viðkomandi lán skiptist á, nema í þeim tilvikum að veitt hafa verið lán vegna nauðsynlegra ólokinna framkvæmda. (81 slíkt lán var veitt, samtals að fjárhæð 22 415 000 kr.)

Hér fer á eftir samantekt á ýmsum upplýsingum varðandi umsóknir um lán vegna greiðsluerfiðleika.

UMSÓKNIR UM LÁN VEGNA GREIÐSLUERFIÐLEIKA

1. Landshlutar.

Í eftirfarandi töflu er umsóknum skipt eftir landshlutum með hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. mannfjölda 1. desember 1985 samkvæmt Hagtíðindum,
2. íbúðarstærð,
3. tekjum 1984,
4. tekjum 1985,
5. skuldum miðað við 1. maí 1986,
6. vanskilum miðað við 1. maí 1986. (Vanskil eru skilgreind sem gjaldfallnar greiðslur umsækjenda, svo og þær greiðslur sem umsækjendur hefðu greinilega ekki samkvæmt umsókn getað innt af hendi á árinu 1986.)

Tafla 1.

Landshlutar	Skipting umsókna (%)	Dreifing mann-fjölda 1. des'85 (%)	Meðal-stærð íbúða „nettó" (m^2)	Meðal-tekjur 1984 „brúttó" (kr.)	Meðal-tekjur 1985 „brúttó" (kr.)	Meðal-skuldir (kr.)	Meðal-vanskil (kr.)
Reykjavík	42,0	37,1	121	495 000	695 000	1 870 000	315 000
Reykjanes	30,7	23,5	133	540 000	740 000	1 710 000	340 000
Vesturland	5,2	6,2	137	525 000	730 000	1 750 000	365 000
Vestfirðir	3,7	4,2	120	570 000	780 000	1 460 000	330 000
Norðurland vestra	1,5	4,5	146	485 000	705 000	1 740 000	385 000
Norðurland eystra	5,6	10,8	138	515 000	760 000	1 600 000	255 000
Austurland	5,5	5,4	135	505 000	695 000	1 520 000	280 000
Suðurland	5,8	8,3	127	465 000	625 000	1 760 000	335 000
Meðaltal:	100,0%	100,0%	127	510 000	715 000	1 740 000	325 000

2. Skipting veittra lána úr Byggingarsjóði ríkisins 1979 til 1985.

Í eftirfarandi töflu er sýnd hlutfallsleg skipting veittra lána úr Byggingarsjóði ríkisins árin 1979 til 1985 eftir landshlutum. Þetta er gert til samanburðar vegna þess munar sem fram kemur í töflu 1 varðandi fjölda umsókna um lán vegna greiðsluerfiðleika og íbúafjölda eftir landshlutum.

Tafla 2.

Veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Landshlutar	1979 (%)	1980 (%)	1981 (%)	1982 (%)	1983 (%)	1984 (%)	1985 (%)
Reykjavík	34	30	36	36	40	41	49
Reykjanes	28	27	26	28	28	31	26
Vesturland	6	7	7	6	6	6	4
Vestfirðir	5	5	4	5	3	3	3
Norðurland vestra	4	3	3	4	3	2	3
Norðurland eystra	12	13	10	8	6	5	5
Austurland	5	7	7	6	5	5	4
Suðurland	6	8	7	7	9	7	6
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

3. Útvegun eigin húsnæðis.

Í eftirfarandi töflu er umsóknum skipt eftir því hvenær umsækjendur keyptu eða hófu byggingarframkvæmdir með tilliti til eftirfarandi atriða:

1. íbúðarstærðar,
2. tekna 1984,
3. tekna 1985,
4. skulda,
5. vanskila.

Upplýsingar eru ekki flokkaðar eftir landshlutum þar sem niðurstöður eru samsvarandi.

Tafla 3.

Íbúð keypt eða bygging hafin	Skipting umsókna (%)	Meðal-stærð íbúða „nettó“ (m^2)	Meðal-tekjur 1984 „brúttó“ (kr.)	Meðal-tekjur 1985 „brúttó“ (kr.)	Meðal-skuldir (kr.)	Meðal-vanskil (kr.)
1979 eða fyrr	8,7	136	540 000	730 000	1 300 000	370 000
1980	6,9	138	520 000	730 000	1 600 000	325 000
1981	7,3	132	530 000	735 000	1 750 000	325 000
1982	12,5	139	550 000	730 000	1 800 000	285 000
1983	17,6	133	525 000	740 000	1 700 000	310 000
1984	30,0	126	510 000	740 000	1 950 000	345 000
1985	14,7	114	475 000	695 000	1 650 000	320 000
1986	2,3	116	470 000	605 000	1 500 000	340 000

4. Tekjur umsækjenda 1985.

Í eftirfarandi töflu er umsóknum skipt eftir ákveðnum tekjubilum fyrir árið 1985 og með tilliti til eftirfarandi atriða:

1. íbúðarstærðar,
2. skulda,
3. vanskila.

Tafla 4.

Tekjur 1985 (kr.)	Skipting umsókna (%)	Meðalstærð íbúða „nettó“ (m^2)	Meðal-skuldir (kr.)	Meðal-vanskil (kr.)
500 000 og minna	24,4	110	1 550 000	325 000
501 000—600 000	13,0	118	1 650 000	335 000
601 000—700 000	12,8	123	1 650 000	310 000
701 000—800 000	14,2	131	1 700 000	325 000
801 000—900 000	9,9	137	1 750 000	310 000
901 000—1 000 000	10,3	141	1 850 000	315 000
yfir 1 000 000	15,4	155	2 100 000	340 000

5. Fjölskyldustærð.

Meðalfjölskyldustærð umsækjenda um lán vegna greiðsluerfiðleika var 4.

Í eftirfarandi töflu er umsóknum skipt eftir fjölskyldustærð og með hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. íbúðarstærð,
2. tekjum 1984,
3. tekjum 1985,
4. skuldum,
5. vanskilum.

Tafla 5.

Fjölskyldustærð	Skipting umsókna (%)	Meðalstærð íbúða „nettó“ (m^2)	Meðaltekjur 1984 „brúttó“ (kr.)	Meðaltekjur 1985 „brúttó“ (kr.)	Meðalskuldir (kr.)	Meðalvanskil (kr.)
1	6,1	83	335 000	455 000	1 350 000	275 000
2	8,9	93	395 000	555 000	1 450 000	290 000
3	17,9	112	495 000	690 000	1 650 000	310 000
4	31,4	130	550 000	750 000	1 800 000	315 000
5	24,1	152	555 000	790 000	1 850 000	345 000
6	8,8	150	560 000	775 000	1 900 000	375 000
7 og fleiri	2,8	158	540 000	750 000	1 900 000	400 000

6. Synjanir.

Samtals var 280 umsóknum um lán vegna greiðsluerfiðleika synjað. Flestum var synjað af fleiri en einni ástæðu. Helstu ástæður synjunar og fjöldi þeirra skiptist á eftirfarandi hátt:

Tafla 6.

Ástæður synjunar	Fjöldi umsókna	Hlutfallsleg skipting (%)
1. Háar tekjur	82	29
2. Vandi „óþarfur“ að mati ráðgjafarnefndar	62	22
3. Íbúðarstærð ekki í samræmi við fjölskyldu	47	17
4. Nýleg íbúðakaup	30	11
5. Aðstoð hefði ekki komið að gagni	19	7
6. Annað	40	14
Samtals	280	100%

Fyrir þá sem synjað var:

Meðalíbúðarstærð	155 m^2
Meðaltekjur 1984	610 000 kr.
Meðaltekjur 1985	910 000 kr.
Meðalskuldir	1 800 000 kr.
Meðalvanskil	325 000 kr.

7. Álitsgerð.

1. Lýsing vandans.

Skipting umsókna um lán vegna greiðsluerfiðleika eftir því hvenær umsækjendur keyptu eða hófu byggingaframkvæmdir vekur athygli. Tæpur helmingur umsækjenda keyptu eða hófu byggingu á árunum 1984, 1985 og 1986, eða um 47% umsækjenda.

Vandi þeirra sem keyptu húsnæði eða byggðu 1984 eða síðar stafar í langflestum tilfellum af því að umsækjendur réðust í kaup eða framkvæmdir sem ekki voru miðaðar við raunverulega kaupgetu þeirra. Þessu til áréttingar vísast til töflu 1 og töflu 3. Þar kemur meðal annars fram íbúðarstærð umsækjenda um lán vegna greiðsluerfiðleika.

Við afgreiðslu umsókna um lán vegna greiðsluerfiðleika kom í ljós að stærstur hluti þeirra, sem keypt höfðu eldra húsnæði á árinu 1984 eða síðar, var í vanda með afborganir af eftirstöðvaskuldabréfum. Margir virtust annaðhvort ekki hafa gert áætlanir fram í tímann umfram það sem sneri að útborgun íbúðar eða í áætlun hafi verið treyst á veruleg bankalán til að standa í skilum með eftirstöðvar. Hvort sem er virðist sem laun og kaupgeta sé oft ekki nægjanlega með í áætlunum íbúðakaupenda.

Eftirtektarvert er varðandi þá sem keyptu íbúðir á árunum 1984, 1985 og 1986 að tekjur virðast ekki ráða úrslitum við lýsingu vandans. Lágtekjufólk er að sjálfsögðu í vanda, sérstaklega það lágtekjufólk sem aflar lítils umfram það sem nauðsynlegt er til eðlilegrar framfærslu. En undarlegra er að allur fjöldi þeirra, sem höfðu þokkalegar og jafnvel mjög góðar tekjur, var engu að síður í sama vanda og lágtekjufólkið. Í þessu sambandi vísast til töflu 4 þar sem fram koma tengsl tekna við íbúðarstærð, skuldir og vanskil eftir tekjum 1985. Vanskil hátekjufólks eru nánast þau sömu og vanskil lágtekjufólks en skuldir og íbúðarstærð eru hins vegar mun meiri hjá hátekjufólki.

Þá er komið að þeim sem keyptu eða byggðu húsnæði fyrir 1984, þ.e. þeim sem urðu fyrir misgengi launa- og lánskjaravísitalna og voru í raun ástæða þess að sérstakur lánaflokkur var stofnaður hjá Byggingarsjóði ríkisins. Samkvæmt töflu 3 hér að framan kemur fram að óháð því hvenær umsækjendur um lán vegna greiðsluerfiðleika keyptu eða hófu framkvæmdir þá eru tekjur 1984 og 1985, skuldir og vanskil mjög svipuð. Íbúðarstærð þeirra, sem keyptu eða byggðu fyrir 1984, er hins vegar nokkru meiri en íbúðarstærð þeirra sem keyptu eða byggðu 1984 eða síðar.

Samkvæmt umsóknum um lán vegna greiðsluerfiðleika er ekkert sem bendir til þess að þeir, sem öfluðu sér húsnæðis fyrir 1984, hafi á nokkurn hátt staðið öðruvísi að því en þeir sem keyptu eða byggðu 1984 eða síðar. Ef ekkert misgengi launa og lána hefði komið til væru þeir sem leita hefðu þurft aðstoðar úr sérstökum lánaflokki Húsnæðisstofnunar eitthvað færri en raun ber vitni en umsóknir hefðu engu síður orðið margar.

2. Árangur.

Sú aðstoð sem veitt hefur verið, þ.e. lán úr Byggingarsjóði ríkisins allt að 400 000 kr. til allt að 31 árs, svo og skuldbreytingar hjá bönkum og sparisjóðum til allt að átta ára, hefur nýst umsækjendum misjafnlega. Best hefur aðstoðin nýst þeim sem höfðu nokkuð há lán hjá fáum bönkum eða sparisjóðum. Í þeim tilvikum hefur verið auðveldast að fá sem mestu fjármagni skuldbreytt til sem lengsts tíma.

Sem dæmi um árangur má taka eftirfarandi dæmi sem sýnir hvernig vel tekst til að minnka greiðslubyrði umsækjanda með láni vegna greiðsluerfiðleika og skuldbreytingum hjá bönkum eða sparisjóðum.

Dæmi: Mánaðartekjur um 80 000 kr.

Skuldir fyrir umsókn:	Lánstími (mán.)	Eftirstöðvar (kr.)
Bankalán 1	60	300 000
Bankalán 2	18	300 000
Önnur skammtímalán	24	300 000
Lífeyrissjóðslán	240	400 000
Húsnæðismálastjórnarlán	156	500 000
Heildarskuldir		1 800 000

Skuldir eftir afgreiðslu umsóknar:	Lánstími (mán.)	Eftirstöðvar (kr.)
Bankalán1	96	175 000
Bankalán 2	96	175 000
Önnur skammtímalán	24	150 000
Lífeyrissjóðslán	240	400 000
Húsnæðismálastjórnarlán	156	500 000
Lán vegna greiðsluerfiðleika	372	400 000
Heildarskuldir		1 800 000

Lán vegna greiðsluerfiðleika var hér nýtt til að borga afborganir af bankalánum 1 og 2, svo og af öðrum skammtímalánum.

Greiðslubyrði umsækjanda fyrir umsókn hefði orðið um 50% af heildarlaunum næstu tvö ár ef ekki er gert ráð fyrir misgengi lána og launa. Jafnframt er gert ráð fyrir að vanskil við lánastofnanir hefðu fengist framlengd eins og algengast hefur verið, þ.e. í hæsta lagi til 30 mánaða.

Eftir að umsækjandi fékk lán vegna greiðsluerfiðleika og skuldbreytingar á bankalánum 1 og 2 minnkaði greiðslubyrði hans niður í um 26% af heildarlaunum. Með þessari aðstoð var umsækjandanum gert mögulegt að halda íbúð sinni sem auðvitað var ekki hægt þegar greiðslubyrði lána var um helmingur af heildartekjum eins og var fyrir afgreiðslu umsóknar.

Dæmi svipuð þessu voru nokkuð algeng, þ.e. að greiðslubyrði umsækjenda minnkaði um allt að helming sem hlutfall af launum. Hjá nokkrum minnkaði greiðslubyrði enn meir, sérstaklega hjá þeim sem fengu aðstoð við að komast hjá uppboðum eða þegar aðstoðað var við að semja um skuldir sem komnar voru í innheimtu til lögfræðinga.

3. Lokaorð.

Sá misskilningur hefur komið fram í fjölmiðlum að lán úr Byggingarsjóði ríkisins vegna greiðsluerfiðleika séu gagnlaus eða geri jafnvel illt verra. Ekki er hægt að benda á eitt einasta dæmi því til sönnunar að skuldastaða umsækjanda hafi versnað eftir aðstoð heldur þvert á móti. Eins og lýst hefur verið hér að framan hefur veðdeild Landsbanka Íslands séð um að greiða vanskilaskuldir umsækjenda eða inn á þær skuldir aðrar sem umsækjendur hafa óskað. Með þessu hefur verið tryggt að skuldir lántakenda hafa ekki aukist heldur hafa heildarskuldir verið jafnmiklar fyrir og eftir afgreiðslu umsóknar en samsetning skulda lántakanda hins vegar verið honum mikið í hag. M.ö.o. *greiðslubyrði umsækjenda um lán vegna greiðsluerfiðleika hefur í öllum tilvikum minnkað með tilkomu láns* enda eru vextir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins þeir lægstu sem íbúðakaupendum og húsbyggjendum stendur til boða auk þess sem lánstími annarra lána er alls ekki sambærilegur.

Eins og gefur að skilja hefur greiðslubyrði þeirra, sem veitt hefur verið lán vegna greiðsluerfiðleika, minnkað mismikið, hjá sumum um allt að helming, öðrum minna, en öllum eitthvað.

Þeir íbúðakaupendur og húsbyggjendur, sem urðu fyrir aukinni greiðslubyrði lána vegna afnáms vísitölubindingar á laun á árinu 1983, hafa fengið ýmsa aðstoð við að koma þeirri greiðslubyrði í viðráðanlegra horf. Frá því í febrúar 1985 hafa verið veitt sérstök lán vegna greiðsluerfiðleika úr Byggingarsjóði ríkisins auk þeirra skuldbreytinga sem fram hafa farið hjá bönkum og sparisjóðum. Enginn hefur fengið greitt til baka þá auknu greiðslubyrði sem afnám vísitölubindingar á laun á árinu 1983 leiddi af sér en hins vegar fara þau lán, sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins, langt með að bæta upp þessa auknu greiðslubyrði þó að þau þurfi að sjálfsögðu að greiða til baka.

Auðvitað má ekki skilja það sem hér hefur verið sagt sem svo að vandi húsbyggjenda og íbúðakaupenda hafi verið leystur að fullu. Svo er ekki, en vandi mjög margra hefur verið minnkaður til muna og flestum þeim sem notið hafa aðstoðar ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar hefur verið gert mögulegt að halda íbúðum sínum. Hins vegar er það vitað að ýmsum var ekki hægt að veita aðstoð. Um fjölda þeirra er ekki vitað en þeir eru mun færri en verið hefði ef ekki hefðu verið veitt eins rífleg lán vegna greiðsluerfiðleika á þessu ári og raun ber vitni.

Þeir íbúðakaupendur og húsbyggjendur, sem enn eru í greiðsluerfiðleikum, eru í langflestum tilfellum ekki í vanda vegna afnáms vísitölubindingar á laun á árinu 1983, heldur er *vandinn í fyrsta lagi afleiðing rangra fjárfestinga húsbyggjenda og íbúðakaupenda og í öðru lagi lágra laun* þó að sjálfsögðu séu undantekningar þar á.

Sumir hópar þjóðfélagsins hafa það lág laun að íbúðakaup þeirra eru á engan hátt möguleg. Fjölskyldutekjur umsækjenda um lán vegna greiðsluerfiðleika, þar sem eru tvær fyrirvinnur og báðar í fullu starfi, voru lægstar tæpar 500 000 kr. fyrir árið 1985 en hæstar nokkuð yfir 2 000 000 kr., þ.e. vel fjórfaldur munur. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þegar talað er um lág laun er ekki verið að tala um þá sem stunda eigin atvinnurekstur þó að tekjur þeirra flestra séu að sjálfsögðu við neðri mörkin. Einnig er ekki átt við þá sem vegna veikinda eða annarra óhappa hafa misst úr vinnu. Hér er miðað við lágtekjufjölskyldur þar sem eru tvær fyrirvinnur í fullu starfi. Það láglaunafólk sem hér um ræðir stundar flest verkamannavinnu þar sem möguleikar á yfirvinnu eru litlir.

Einstæðar mæður hafa nokkra sérstöðu. Þær eru sá hópur umsækjenda sem eiga að meðaltali minnstu íbúðirnar og hafa jafnframt lægstu launin.

Húsnæðisstofnun bárust 120 umsóknir um lán vegna greiðsluerfiðleika á þessu ári frá einstæðum mæðrum. Húsnæðisaðstaða og kjör þeirra voru eftirfarandi (meðaltöl):

Einstæðar mæður:

Íbúðarstærð	89 m²
Tekjur 1984	290 000 kr.
Tekjur 1985	410 000 kr.
Skuldir	1 580 000 kr.
Vanskil	300 000 kr.

Bera má þessar upplýsingar saman við það sem að framan segir, þ.e. þá sem var synjað.

Að mati ráðgjafa Húsnæðisstofnunar ríkisins eru fjögur brýn verkefni sem liggja fyrir stofnuninni ef koma á í veg fyrir vanda íbúðakaupenda og húsbyggjenda svipuðum þeim sem var áður en farið var að veita sérstök lán vegna greiðsluerfiðleika úr Byggingarsjóði ríkisins.

Í fyrsta lagi þarf Húsnæðisstofnun að reka það öflugt upplýsingastarf að hver sá sem sækir um lán hjá stofnuninni vegna íbúðakaupa eða bygginga geri sér sem best grein fyrir raunverulegum kostnaði sem fjárfestingunni er samfara áður en hafist er handa.

Í öðru lagi þarf stofnunin að leiðbeina þeim sem hafa hug á að kaupa eða byggja dýrari íbúð en tekjur gefa tilefni til og benda á hvaða fjárfestingu greiðslugeta þeirra leyfir.

Í þriðja lagi þarf Húsnæðisstofnun að koma í veg fyrir að þeir sem hafa það lág laun að íbúðarkaup á frjálsum markaði eru ekki möguleg leysi húsnæðismál sín á annan hátt og forða þeim þannig frá algjöru skipbroti.

Í fjórða lagi þarf að setja á stofn þjónustu við þá sem hafa hug á að kaupa eldra húsnæði til þess að meta það ef óskað er. Með þess háttar þjónustu væri hægt að firra marga óþarfa kostnaði sem hlýst t.d. af göllum eða skemmdum sem ekki sjást nema með nákvæmri skoðun.

Sþ. 517. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1987–1991.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Alþingi ályktar að á árunum 1987–1991, að báðum meðtöldum, skuli, auk árlegra fjárveitinga til viðkomandi stofnana á fjárlögum, unnið að landgræðslu- og landverndarmálum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

	Fjárveit. þús. kr.	% af fjárv.
1. Verkefni framkvæmd af Landgræðslu ríkisins:		
a. Stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar og sandfoks, gróðureftirlit, gróðurvernd og gróðuraukning		
b. Landgræðsla í samvinnu við bæjar- og sveitarfélög	150 353	56.5
2. Verkefni framkvæmd af Skógrækt ríkisins:		
a. Nýting birkiskóga		
b. Skógrækt á útivistarsvæðum		
c. Skógræktaráætlanir og rannsóknir	34 313	12.90
3. Verkefni framkvæmd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA):		
a. Frærannsóknir		
b. Verndun beitilanda		
c. Gróður- og jarðakort	16 736	6.30
4. Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun:		
a. Fræðslustarf, kynbætur melgresis birkis og niturbindandi plantna		
b. Rannsóknir á jarðvegseyðingu og ástandi gróðurs		
c. Lúpínurannsóknir		
d. Til ýmissa starfa í þágu gróðurverndar og landgræðslu	8 661	3.30
5. Varnir gegn landbroti af völdum vatna eða sjávar, í umsjá Landgræðslu ríkisins	55 937	21.00
Samtals á 5 árum	266 000	

Fjárhæðin er miðuð við verðlag í desember 1986.

Á framlög áranna 1988–1991 greiðist verðbætur er miðist við framlög ársins 1987.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Alþingi samþykkti 20. apríl 1982 landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982–1986. Áætlun sú miðaðist við að veita á þessum árum samtals 71 225 000 kr. auk verðbóta, sem miðuðust við framlög ársins 1982.

Fjárveitingum samkvæmt þessari áætlun lýkur með fjárlögum ársins 1986.

Árið 1982 var skipuð nefnd til þess að fylgjast með ákvörðunum og framkvæmd landgræðsluáætlunar. Nefndina skipuðu Árni Gunnarsson, Egill Jónsson, Geir Gunnarsson, Þórarinn Sigurjónsson og Sveinbjörn Dagfinnsson. Auk þess unnu forstöðumenn þeirra stofnana sem aðild eiga að áætluninni og búnaðarmálastjóri með nefndinni.

Framangreindir aðilar hafa síðan fylgst með framkvæmd landgræðsluáætlunar og farið kynnisferðir í því sambandi. Árið 1984 fóru nefndarmenn í kynnisferð um Austur-Skaftafellssýslu og kynntu sér gróðurverndar- og landgræðsluaðgerðir. M.a. kynnti nefndin sér aðstæður á Skógeyjarsvæði sem mun fyrr á öldum hafa verið víðáttumikið gras- og kjarrlendi en hefur um langa tíð talist til vatnasvæðis Hornafjarðarfljóta, sem mikið sandfok hefur borist frá, til ama og skaða fyrir íbúa og atvinnulíf á Höfn í Hornafirði. Miklir áfangar í landgræðslustarfi hafa náðst á því svæði.

Árið 1985 kynnti nefndin sér landgræðslu- og gróðurverndaraðgerðir í Norður-Þingeyjarsýslu og sá glæsilegan árangur af slíku starfi, t.d. á Hólssandi og á Ássandi í Öxarfirði.

Nefndin ferðaðist um Suðurland haustið 1986. Kynnti hún sér m.a. framkvæmdir við melskurð og söfnun fræs, ástand birkis og annars gróðurs á Almenningum og í Þórsmörk sem þarf að friða fyrir búfjárbeit umfram það sem nú er.

Landbúnaðarráðherra telur ærna ástæðu til að áfram verði starfað að landgræðslu- og landverndarverkefnum í ekki minna mæli en á liðnum árum. Hann fól því sömu mönnum og unnu að síðustu áætlun að vinna að tillögugerð vegna nýrrar áætlunar.

Eitt af fyrstu verkum nefndarinnar var að rita öllum sveitarfélögum í suðvesturhluta landsins bréf og óska eftir ábendingum varðandi verkefni í landgræðslu og landvernd sem rétt er að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins vinni að, önnur hvor stofnunin eða báðar saman. Fundir hafa síðan verið haldnir með þeim sem sýnt hafa málinu áhuga, m.a. í því skyni að leita mótframlaga frá viðkomandi sveitarfélögum.

Nefndarmenn eru sammála um að halda verkefnum samkvæmt nýrri áætlun betur aðgreindum frá öðrum viðfangsefnum í landgræðslu og skógrækt sem unnið er að af viðkomandi stofnunum heldur en verið hefur.

Nefndin telur sig hafa með fundum sínum og kynnisferðum fengið aukna yfirsýn yfir það hvar þörf er átaks í land- og gróðurverndarmálum, auk þess sem leitað var tillagna frá landgræðslustjóra, skógræktarstjóra og forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nefndin hefur stuðlað að því að fylgst hefur verið með framkvæmd síðustu landgræðsluáætlunar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og telur rétt að því starfi verði haldið áfram við framkvæmd nýrrar áætlunar. Að ósk nefndarinnar hafa forstöðumenn Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins tekið saman greinargerðir um framkvæmd áætlunarinnar 1982–1986 og eru þær fylgirit með þingsályktunartillögunni.

Rík áhersla er á það lögð að aðrar fjárveitingar til stofnana, sem aðild eiga að framkvæmd landgræðsluáætlunar, lækki ekki vegna fjárframlaga til áætlunarinnar.

VERKEFNI SAMKVÆMT TÖLULIÐUM 1–5 AÐ FRAMAN

I. Viðfangsefni Landgræðslu ríkisins:

1. Mýrdalssandur, V-Skaftafellssýslu:

Uppgræðsla Mýrdalssands og stöðvun sandfoks þar er brýnt verkefni sem mikil ástæða er til að takast á við. Ekki hefur verið fjármagn til þess að hefja þar landgræðsluaðgerðir en árlega lokast hringvegurinn í 15–20 daga vegna sandfoks og mikið eignatjón verður á bílum. Verkefnið er vel framkvæmanlegt en þarfnast samvinnu við Vegagerð ríkisins.

Verkefni:

1. Friðun.
2. Sáning melfræs og lúpínu.
3. Sáning grasfræs og áburðardreifing.
4. Skjólgarðar.

2. Skógey í Hornafirði:

Landgræðslusvæði sem girt var og friðað 1986. Verkefnið hefur verið á landgræðsluáætlun síðan 1974. Svæðið er í alfaraleið og sandfok þaðan hefur lengi hrjáð íbúa á Höfn og atvinnulíf þar, einkum fiskverkun.

Verkefni:

1. Lenging varnargarða við Hornafjarðarfljót.
2. Sáning melfræs og stöðvun sandfoks.
3. Sáning grasfræs og áburðardreifing.
4. Plöntun víðitegunda.
5. Girðingar og sýnireitir.

3. Krákárbotnar, Þingeyjarsýslu:

Landgræðslusvæði girt 1986. Frá þessu svæði stafar gífurlegt sandfok. Sandburður berst í Kráká og þaðan í Laxá í Aðaldal og hefur eyðilagt hrygningarsvæði laxa og orsakar geysilegt slit á hverflum Laxárvirkjunar.

Verkefni:

1. Sáning melfræs.
2. Sáning grasfræs, áburðardreifing innan og utan girðingar.

4. Mývatnsöræfi, Þingeyjarsýslu:

Frá Mývatni og austur að Grímsstöðum á Fjöllum. Á þessu svæði fer gróðri hnignandi.

Verkefni:

1. Gróðurverndaraðgerðir og beitarstjórnun.
2. Tímabundnar uppgræðsluaðgerðir.

5. Landgræðsla í samvinnu við sveitar- og bæjarstjórnir á Suðvesturlandi og í grennd við kauptún og kaupstaði annars staðar á landinu.

Verkefni:

Girðingar, sáning grasfræs og lúpínu og áburðardreifing.

6. Sandkluftavatn — Ormavellir — Uxahryggjaleið:

Á svæðinu er mikið sandfok og upptök jarðvegsfoks sem oft sést langar leiðir að, t.d. frá Þingvöllum. Vegurinn iðulega ófær vegna sandfoks.

Verkefni:

1. Sáning melfræs.
2. Stjórnun vatnsborðs með varnargörðum.
3. Sáning grasfræs og áburðardreifing.
4. Girðingar.

7. Haukadalsheiði, Árnessýslu:

Landgræðslusvæði í ofanverðum Biskupstungum. Þaðan berst moldarmökkur sem leggst yfir suðvesturlandsundirlendið í þurrkatíð.

Verkefni:

1. Sáning melfræs.
2. Sáning grasfræs og áburðardreifing.
3. Hækkun vatnsborðs Sandvatns og áveita.

8. Kotáraurar, A-Skaftafellssýslu:

1. Varnargarðar.
2. Sáning grasfræs og áburðardreifing.

II. Verkefni Skógræktar ríkisins:

1. Verndun birkiskóga, sem eru að eyðast.
2. Skógrækt á útivistarsvæðum til afnota almennings.
3. Skógræktaráætlanir og rannsóknir. Könnun landkosta, gerð gróðurkorta, skipulagning ræktunar.
   Rannsóknir í ræktunartækni.

III. Viðfangsefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins:

1. Nýting beitilanda.
2. Gróður- og jarðakort.
3. Vistfræðirannsóknir.
4. Kynbætur plantna til landgræðslu.
5. Fræræktarrannsóknir.

IV. Samvinnuverkefni o.fl.:

1. Fræðslustarfsemi um gróðurvernd og landgræðslu.
   Kynbætur og ræktunartilraunir með melgresi og niturbindandi plöntur. Aðstaða til ræktunar birkifræs og kynbóta á birki.
2. Rannsóknir á jarðvegseyðingu og ástandi gróðurlenda.
3. Framlög til félagssamtaka og einstaklinga sem með rannsóknum, leiðbeiningum og framkvæmdum stuðla að gróðurvernd og landgræðslu.

V. Varnir gegn landskemmdum vatna og sjávar:

1. Fyrirhleðslur.
2. Sjóvarnargarðar.

Fylgiskjal 1.

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—1986.

Yfirlit um störf Landgræðslu ríkisins skv. Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—1986.

1. **Almenn gróðurvernd og landgræðsla (stöðvun sandfoks, gróður- og jarðvegseyðingar).**

Hlutfall af lið L.r. í áætluninni.

a. **Uppgræðsla:** 55 %

Áburðarflugið er verulegur hluti þessa liðar. Fyrirliggjandi eru skýrslur um hvar sáð hefur verið og borið á. Á fyrstu árum þessarar áætlunar var lögð nokkur áhersla á að dreifa áburði á þau landgræðslu- og afréttarsvæði sem verst urðu úti í gjóskufalli í Heklugosunum 1980 og 1981. Áhersla hefur verið lögð á uppgræðslu á friðuðum landgræðslusvæðum, sérstaklega í grennd við þéttbýlissvæði t. d. á Suðurnesjum, Þorlákshöfn, Hellu, Vík, og Höfn í Hornafirði. Áburðarflug á þessum árum hefur verið u. þ. b. einn þriðji af því sem var skv. landgræðsluáætlun I, 1974-79. Miðað við heildarflatarmál landgræðslusvæðanna hefur árleg dreifing aðeins náð á um 2% af flatarmáli þeirra. Verulegu magni af melfræi hefur verið sáð á þessu tímabili, aðallega á Haukadalsheiði, Landeyjasandi, Skógey í Hornafirði, Sauðlauksdal og í Þingeyjarsýslum. Í öllum tilvikum er um friðuð landgræðslusvæði að ræða.

b. **Girðingar:** 10%

Mikið hefur verið unnið að styrkingu og endurnýjun á eldri girðingum þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf er á friðun í lengri tíma enn um langt skeið. Þessar eru helstar: Þorlákshöfn, Haukadalsheiði, Landsveit, Landeyjar, Landmannaafréttur, Vík í Mýrdal, Álftaver, Meðalland, Ásakvíslar, Sauðlauksdalur, Holt V-Ísafj., Hjaltastaðarþinghá, Dimmuborgir, Hólssandur, Þeistareykir. Nýjar girðingar hafa verið girtar í Skógey í Hornafirði við Kot og Selsund á Rangárvöllum, í Búðahreppi S-Múl. og í Krákárbotnum S-Þing., samtals 44 km og um 7000 hektarar.

c. **Rofabörð og jarðvegssár:** 6.2%

Unnið hefur verið að uppgræðslu rofabarða í byggð og hefur aðaláherslan verið lögð á svæði í V-Skaft. og Rangárvallasýslu. Þessi þáttur starfseminnar hefur dregist saman á undanförnum árum.

2. **Landgræðsluáveitur:** 6.2%

Unnið var við smærri áveituframkvæmdir í V-Skaftafellssýslu. Á árinu 1986 var vatnsborð Sandvatns á Biskupstungnaafrétti hækkað, en það er verkefni sem verið hefur á áætlun síðan 1974 en erfiðlega gekk að komast að samkomulagi við hlutaðeigandi aðila. Ekki hefur enn verið hafist handa um svipaðar aðgerðir við Sandkluftavatn, eins og ráðgert hefur verið.

3. **Öflun fræs og fræræktar:** 3.0%
Aðaláhersla hefur verið lögð á söfnun melfræs enda þörfin hvað brýnust á því fræi. Melfræinu hefur verið safnað í friðuðum landgræðslugirðingum í Þingeyjarsýslum, í Sauðlauksdal og á Suðurlandi. Melfræ virðist alltaf þroskast í Sauðlauksdal en það fer eftir árferði hvort fræ þroskast nægjanlega á Suðurlandi og í Þingeyjarsýslum. Keypt var fræsöfnunarvél frá Bandaríkjunum sem hentar vel til að safna bæði melfræi og öðru smágerðara grasfræi. Árlega hefur einnig verið safnað nokkur hundruð kg af snarrótarfræi. Á árunum 1985 og 1986 var safnað nokkru magni af lúpínufræi í samvinnu við Rala. Einnig hefur verið umfangsmikil fræræktaf Beringspunti.

4. **Bætt aðstaða til áburðarflugs:** 3.2%
Á fyrri hluta áætlunartímabilsins var bætt aðstaða á flugvellinum í Reykjavík, vegna geymslu flugvélanna. Aðstaða á flugvellinum í Gunnarsholti hefur einnig verið bætt nokkuð.

5. **Gróðureftirlit:** 2.0%
Gróðureftirlitsmaður var ráðinn 1982. Lögð hefur verið áhersla á að virkja gróðurverndarnefndir í sýslum og kaupstöðum landsins. Unnið hefur verið í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands og við Rala, að takmörkunum á beitarálagi þar sem gróðurlendi eru í hættu vegna ofnýtingar. Á áætlunartímabilinu var gengið frá ítölu á fimm stöðum á landinu þ. e. í Kolbeinsstaðarhreppi, upprekstrarlöndum Ás- og Sveinsstaðahrepps, Auðkúluheiði, Eyvindarstaðarheiði og Hálshreppi S-Þing. Samráð við sveitarstjórnir um upprekstrartíma í afréttum hefur aukist mikið á tímabilinu.

6. **Til gróðurverndar gegn mótframlagi:** 14.2%
Lögð hefur verið áhersla á að fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur í beitarstjórnun. Með áburðargjöf og uppgræðslu örfoka lands, í og við afréttarlönd, en slík aðstoð er bundin þeim skilyrðum, að bændur fylgi reglum Landgræðslu ríkisins um meðferð landsins og beitartíma.

Varnir gegn ágangi vatns og sjávar.

Hlutfall af lið IV í áætluninni.

1. **Fyrirhleðslur.** 82.7 %
Þetta starf er komið í nokkuð fastar skorður. Héraðsráðunautar sjá víðast um verklegar framkvæmdir. Við Markarfljót og Héraðsvötn, sér Vegagerð ríkisins um framkvæmdir. Uppsetning á fjárlögum hefur verið einfölduð. Matsnefndir eru mjög mismunandi virkar. Meðfylgjandi er skrá yfir þær ár sem unnið hefur verið við, en við sumar þeirra hefur verið unnið á fleiri en einum stað.

2. **Sjóvarnargarðar.** 17.3%
Á fyrri hluta áætlunartímabilsins var unnið við sjóvarnargarða á vegum stofnunarinnar á nokkrum stöðum þar sem beiðnir bárust þar að lútandi. Aðallega var það á Suðurnesjum. Síðustu tvö árin hefur vita- og hafnamálaskrifstofan annast framkvæmdirnar.

Hlutfall af lið V.

V. **Samvinnuverkefni og stuðningur við samtök áhugamanna.** 15%

1. **Frærækt.**
Samvinnuverkefni Rala og Landgræðslu ríkisins. Mikið hefur verið unnið skv. þessum lið. Á fyrri hluta áætlunartímabilsins var ræktað töluvert af íslenskum túnvingli og vallarsveifgrasi. Umfangsmikil ræktun hefur verið á Beringspunti en sú ræktun að mestu verið framkvæmd í Gunnarsholti. Búið er að sá lúpínu í rúmlega 20 hektara og mun væntanlega fást nokkurt magn af lúpínufræi af þessum ökrum 1988.

Landbrot af völdum vatna og sjávar.

Þessi liður í starfsemi Landgræðslunnar er í raun mjög umfangsmikill og verkefnin eru nær óþrjótandi. Alvarlegt landbrot á verðmætum gróðurlöndum er enn víða á landinu þó mikið hafi áunnist í að verja land og einnig hefur orðið geysileg sjálfgræðsla í skjóli varnargarða, sérstaklega í A-Skaft. og við Markarfljót.

Vinna þarf heildaráætlun fyrir framkvæmdir við þær ár á landinu, þar sem landbrot veldur mestum skaða. Til staðar eru allmiklar upplýsingar um landbrot og skaða vegna sjávargangs, en taka þarf saman skýrslu þar sem gerð er grein fyrir heildarumfangi vandamálanna og framkvæmdaáætlun fyrir helstu árnar.

Stærstu og erfiðustu verkefnin eru:
Norðurá í Borgarfirði, Héraðsvötn, Hörgá, Eyjafjarðará, Jökulsá í Lóni, Hornafjarðarfljót, Kotá, Skaftá, Kúðafljót, Markarfljót, Þjórsá, Hvítá.

Landbrot af völdum fallvatna.

Eftirfarandi skrá um landbrot er samin eftir skýrslum matsnefnda. Hún er þó ekki tæmandi:

Reykjaneskjördæmi:
Kaldakvísl, Dalsá, Sandá, Laxá, Hálsá.

Vesturlandskjördæmi:
Laxá, Norðurá, Stóra-Fura, Haukadalsá, Búðardalsá, Fagradalsá, Miðá, Hundadalsá, Tunguá, Hvammsá, Staðarhólsá, Hvalsá, Brekkudalsá.

Vestfjarðakjördæmi:
Djúpadalsá, Skrámardalsá, Múlá, Mórilla.

Norðurlandskjördæmi vestra:
Hrútafjarðará, Vatnsdalsá, Giljá, Svartá, Dalsá, Blanda, Norðurá/Egilsá, Hjaltadalsá, Víðidalsá, Miðfjarðará, Húseyjarkvísl, Vesturá, Vestri-Þverá, Laxá, Austurá, Héraðsvötn.

Norðurlandskjördæmi eystra:
Svarfaðardalsá, Hörgá, Eyjafjarðará, Fnjóská, Bakkahlaup, Öxnadalsá, Nýpá, Skjálfandafljót, Skálará, Mýrará, Seljadalsá, Kambsá.

Austurlandskjördæmi:
Keldnaá, Hofsá, Grímsá, Jökulsá á Dal, Norðurdalsá, Dalsá, Eyvindará, Selgilslækur, Jökulsá á Fljótsdal, Geithellnaá, Múlá, Breiðdalsá, Suðurdalsá,

Hofsá í Vopnafirði, Fjarðará, Jökulsá í Lóni, Hólmsá, Kotá, Steinavötn, Staðará, Djúpá, Laxá, Kolgríma, Hornafjarðarfljót, Virkisá, Hoffellsá.

Suðurlandskjördæmi:
Skaftá, Kúðafljót, Skálm, Hafursá, Klifandi, Holtsá, Eldvatn, Djúpá, Hörgsá, Geirlandsá, Brestur, Kaldaklifsá, Laugará, Svaðbælisá, Markarfljót, Holtsá, Ýrá, Djúpá, Þjórsá, Hvítá, Ölfusá, Stóra-Laxá, Litla-Laxá.

Fylgiskjal 2.

Yfirlit um rannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins samkvæmt landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—1986.

Inngangur.

Rannsóknir samkvæmt landgræðslu- og landverndaráætlun hefur verið snar þáttur í starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins allt frá tilkomu „þjóðargjafarinnar" árið 1975.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umfangi helstu viðfangsefnanna á Rala tímabilið 1982—1986. Nánari upplýsingar um einstaka þætti rannsóknanna má lesa úr umfangsmiklum ritsmíðum sem birtar hafa verið og tengjast þessum rannsóknum. Alls hafa verið birtar um 70 ritsmíðar og 42 gróður- og jarðakort gefin út. Nánari upplýsingar um ritsmíðar og útgáfu liggja frammi á Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Þorsteinn Tómasson.

Ólafur Guðmundsson:

Nýting beitilanda.

Rannsóknir á nýtingu beitilanda á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins samkvæmt landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—1986 voru framkvæmdar á fimm stöðum. Aðallega var um beitarþolsrannsóknir að ræða, en auk þess var gerð tilraun með plöntuval og átgetu. Í tengslum við þessar tilraunir, en kostaðar af öðru tilraunafé Rala, voru gerðar tilraunir með nýjar haustbeitarplöntur og rannsóknir gerðar á vandamálum varðandi þrif lamba á mýrlendi.

Markmið beitarþolstilraunanna var að kanna beitarþol ýmissa gróðurlenda á hálendi og láglendi og rannsaka langtímaáhrif mismunandi beitarþunga á gróðurfar landsins og þrif búfjár. Skipulag tilraunanna var í aðalatriðum það sama á öllum tilraunastöðunum, þannig að hægt er að bera saman rannsóknaniðurstöður milli tilrauna.

Í meðfylgjandi töflu sést stærð og fjöldi tilraunanna, auk fjölda búfjár hvert ár. Gagnasöfnun í beitarþolsrannsóknunum fólst aðallega í því að vigta tilraunaféð reglulega yfir sumarið. Gróður var mældur og gróðursýni tekin til efnagreininga um svipað leyti. Fylgst var með breytingum á tegundasamsetningu og tíðni einstakra gróðurtegunda og jarðvegur rannsakaður. Samstarf var við starfsmenn Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði á Keldum um sníkjudýrarannsóknir.

Við plöntuvalsrannsóknirnar voru notaðar ær með opi á vélinda. Átgeta var mæld með óbeinni aðferð, þar sem krómoxíð og cobolt var notað sem merkiefni.

Uppgjöri er ekki lokið að fullu á öllum þeim gögnum sem safnað var í þessum tilraunum, en mikið hefur miðað í þeim málum og töluvert af niðurstöðum verið birt. Hér á eftir verður getið nokkra niðurstaðna úr beitarþolstilraununum, þó aðeins sé um brot að ræða af þeim heildarupplýsingum sem úr þessu verkefni hafa komið.

Beitarþolstilraunin á Auðkúluheiði hófst vorið 1975 og hefur hún því staðið í 11 ár samfellt. Hún er á þurrlendi í um 470 m hæð yfir sjó. Á Eyvindardal á Fljótsdalsheiði lauk 5 ára beitarþolstilraun 1982. Var hún á blönduðu landi í um 600 m hæð yfir sjó. Í Hallormsstaðaskógi var gerð beitarþolstilraun á árunum 1980—1984. Við Sandá á Biskupstungnaafrétti var gerð tilraun sem stóð í þrjú ár. Hún var á uppgræddum sandi í um 270 m hæð yfir sjó. Í þessum fjórum tilraunum var aðeins beitt sauðfé.

Á árunum 1982—1986 voru gerðar beitarþolstilraunir með hross í Sölvholti í Flóa, en áður höfðu verið gerðar þar tilraunir með beit sauðfjár og nautgripa. Tilraunin er á framræstu mýrlendi og hafa verið þar tilraunir samfellt í 11 ár.

Plöntuvalskannanir voru gerðar á Hallormsstað og á Auðkúluheiði, en átgetutilraun var aðeins framkvæmd 1 ár á Auðkúluheiði. Var henni þá hætt vegna fjárskorts.

Helstu niðurstöður sýna að beitarþol þurrlendis er yfirleitt mjög lítið og minnkar eftir því sem landið er hærra. Beitarþolið eykst aftur á móti eftir því sem hlutdeild votlendis í beitilandinu stækkar. Ásókn í beit er meiri á þurrlendi en votlendi meirihluta sumars og hægt er að beita þurrlendi að vissu marki án þess að gróðurhnignun eigi sér stað. Í mörgum tilfellum bætir beitin beitilandið, en eftir að vissum beitarþunga er náð eykst beitarálagið margfalt miðað við hverja aukningu á beitarþunga. Þetta orsakar síðan alvarlega ofbeit og gróðurrýrnun.

Beitarþol er ekki endilega í réttu hlutfalli við uppskeru, en aukning í beitarþunga orsakar línulegt fall í vexti lamba innan þeirra marka sem tilraunirnar spönnuðu. Einnig kom fram mikill munur á áhrifum beitarþunga á milli ára. Svo virðist sem þessi áhrif stigmagnist ár frá ári vegna gróðurskemmda í þungbeittum hólfum. Þessar niðurstöður kalla á rannsóknir á langtímaáhrifum mikillar beitar á landgæði. Þetta er nú verið að kanna nánar á Auðkúluheiði og í Sölvholti í Flóa. Mikilvægt er því að þessar tilraunir haldi áfram.

Verulega dró úr vexti lambanna þegar leið á sumarið í öllum tilraununum og fóru áhrif beitarþungans jafnframt vaxandi. Í flestum árum virðist því skynsamlegt að taka féð af afrétti upp úr miðjum ágúst, að minnsta kosti að hluta. Einnig virðist nauðsynlegt að koma því fé sem gengur á láglendi á nýja og betri haga í lok ágúst. Þetta hvorutveggja stuðlaði að frekari rannsóknum á haustbeit sauðfjár og nýjungum í því sambandi. Má þar nefna að í tilraun í Gunnarsholti reyndist einær fóðurlúpína mjög vel til haustbeitar, en frekari rannsóknir þarf að gera á notkun hennar.

Hross þrifust mjög vel á mýrlendi og þrátt fyrir almennt lélegan vöxt hjá lömbum þar, var vöxturinn á flatareiningu mikið meiri en á þurrlendi, enda beitarþol votlendis margfalt hærra. Blönduð beit gaf yfirleitt betri vöxt en ef hverri búfjártegund var beitt sér. Þessi aukning leysti þó ekki vanda sauðfjárbeitar á mýrlendi. Því var hafist handa um að finna orsakir vandans og hafa rannsóknir á sveppum í jarðvegi og gróðri lofað góðu í því sambandi. Þessar tilraunir benda til að sveppir, sem framleiða nokkurs konar fúkkaefni, sem geta dregið úr starfsemi vambarörveranna, geti átt stóran þátt í lélegum vexti lamba á mýrlendi. Þetta þarf að rannsaka nánar.

Beit á skóglendi er vænlegur kostur sé beitarþunganum stillt í hóf. Á Hallormsstað hélt beitin niðri teinungi og öðrum nýgræðingi, en skaddaði ekki eldri tré. Miklar breytingar urðu á gróðurfari við beitina. Þekja tvíkímblaðablómjurta og elftinga minnkaði, en þekja grasa óx. Þessi tilraun var gerð í birkiskógi, en mikilvægt er að gera sambærilega tilraun í lerkiskógi.

Áburðargjöf á úthaga dregur stórlega úr áhrifum beitarþunga á afurðir. Nauðsynlegt er að bera á árlega til að ná sömu afurðum við sama beitarþunga milli ára. Reikna má með að

við árlega áburðargjöf aukist áburðaráhrifin að minnsta kosti fyrstu fimm árin sem borið er á á hálendi, samfara gróðurfarsbreytingu. Áburðargjöfin virðist þó ekki auka afurðirnar eftir hverja á, nema að mjög takmörkuðu leyti. Hún var því alltaf fjárhagslega óhagkvæm fyrir sauðfjárbeit og virðist aðeins réttlætanleg sem tæki til að stjórna beit þar sem minnka þarf beitarálag á viðkvæmu landi.

Áhrif beitarþunga á arðsemi var metin út frá niðurstöðum beitarþolstilraunanna. Kom þá m. a. í ljós að hagkvæmt beitarþol er ekki endilega það sama og líffræðilegt beitarþol, og að fjárhagsleg áhætta bænda eykst verulega við aukinn beitarþunga.

Verið er að vinna að uppgjöri á gögnum úr plöntuvals- og átgetutilrauninni á Auðkúluheiði og því ekki tímabært að skýra frá þeim niðurstöðum að sinni. Þó er ljóst að leggja þarf áherslu á tilraunir með átgetu beitarfjár, því rannsóknir á þessu mikilvæga sviði eru mjög takmarkaðar hér á landi.

Nánari upplýsingar um tilraunirnar og niðurstöður þeirra er að finna í þeim greinum sem skráðar eru í meðfylgjandi ritskrá. Nauðsynlegt er að nýta betur en nú er gert niðurstöður þessara tilrauna t. d. í allri umræðu um landnýtingu og skipulag búvöruframleiðslu. Það verður best gert með því að gera tölvuforrit (simulation) til að halda utanum þessar upplýsingar og sameina þær annarri þekkingu á þessu sviði.

Tilraunir með nýtingu beitilanda samkvæmt landgræðslu- og landnýtingaráætlun fyrir árin 1982—1986.

Ár	Staður	Tegund tilraunar	Fjöldi búfjár Fullorðið	Fjöldi búfjár Ungviði	Fjöldi beitarhólfa	Stærð tilr. ha	Tilraunatímabil
1982	Auðkúluheiði	Beitarþol	78	127	9	151.2	7/7—13/9
	Eyvindardalur	Beitarþol	43	86	8	83.0	2/7—10/9
	Hallormsstaður	Beitarþol og plöntuval	10	20	2	9.2	2/7—10/9
	Sandá	Beitarþol	17	34	3	10.6	1/7—20/9
	Sölvaholt*	Sveppatilr.	7	14	1	6.9	1/7—20/9
1983	Auðkúluheiði	Beitarþol, plöntuval og átmagnstilr.	51	102	6	129.6	14/7—14/9
	Gunnarsholt*	Haustbeit		37	2	3.8	3/9—28/9
	Hallormsstaður	Beitarþol	9	18	2	9.2	26/6—13/9
	Sandá	Beitarþol	15	30	3	10.6	18/7—21/9
	Sölvaholt*	Sveppatilr.	7	14	1	6.9	16/6—20/9
	Sölvaholt	Beitarþol	28	16	5	34.5	16/6—20/9**
1984	Auðkúluheiði	Beitarþol	50	100	6	129.6	11/7—16/9
	Hallormsstaður	Beitarþol	9	18	2	9.2	20/6—19/9
	Sölvaholt	Beitarþol	35	16	6	41.4	22/6—22/9***
1985	Auðkúluheiði	Beitarþol	51	101	6	129.6	9/7—17/9
	Sölvaholt	Beitarþol	33	16	6	41.4	12/7—20/9
1986	Auðkúluheiði	Beitarþol	22	44	3	108.0	14/7—15/9
	Sölvaholt	Beitarþol	17		3	21.0	8/7—17/9

* Ekki greiddar af landgræðslu- og landnýtingaráætlun.
** Folaldsmerar 19/7—20/9
*** Folaldsmerar 6/7—22/9

Áslaug Helgadóttir:

Plöntur og aðferðir til landgræðslu og fræræktar.

Meginähersla á undanförnum árum hefur verið lögð á að leita að heppilegum tegundum og stofnum til landgræðslu. Aðstæður á landgræðslusvæðum eru ólíkar því sem gerist í túnrækt. Sumur eru stutt og köld, vetur harðir og jarðvegur næringarsnauður og lítt vatnsheldinn. Hefðbundnar stofnaprófanir nýtast því ekki alltaf við val á uppgræðslustofnum. Árið 1980 var lögð út umfangsmikil tilraun við Gunnarsholt, Búrfell og Hrauneyjafoss þar sem sáð var 47 mismunandi grasstofnum. Þekja tilraunareitirnir samtals 2,35 ha lands.

Niðurstöður tilraunanna eru skýrar. Einungis fáar grastegundir og stofnar eru nægilega vetrarþolin til þess að standast þau erfiðu skilyrði sem eru á uppgræðslusvæðunum. Eru það allt stofnar af norðlægum uppruna. Beringspuntur frá Alaska og íslenskur snarrótarpuntur eru þolnastir og standa sig best. Einnig eru íslensku túnvingulsstofnarnir Blanda og 0305 álitlegir uppgræðslustofnar. Beringspuntur er nýr af nálinni hérlendis, en hefur í þessari tilraun ótvírætt sannað gildi sitt í landgræðslu. Er hann gott dæmi um þann árangur sem náðst getur í umfangsmiklum stofnaprófunum.

Vorið 1986 var lögð út ný tilraun norðan Búrfells. Þar verður gildi beringspunts og snarrótarpunts til uppgræðslu kannað frekar. Verður lögð áhersla á að kanna viðbrögð þeirra við beit, áburðargjöf og blöndun við aðrar tegundir. Í þessarri tilraun er farið nokkuð út á nýjar brautir og er vonast til að hún gefi haldgóðar upplýsingar um aðferðir sem beita má í landgræðslu.

Frærækt á Sámsstöðum tryggir að plöntukynbætur hérlendis skili árangri. Í fyrsta lagi er þar ræktað stofnfræ, þ. e. upprunalegum einstaklingum stofnsins er haldið við til að erfðaeiginleikar tapist ekki og þannig er ræktendum sölufræs séð fyrir fræi. Ræktun stofnfræs verður að fara fram á Íslandi þar sem hætta er á að ræktun við aðrar aðstæður geti valdið breytingum á frægæfni einstaklinga stofnsins, auk þess sem hæpið er að treysta öðrum fyrir undistöðum stofnanna. Margháttuð tilraunastarfsemi tengist stofnræktinni, s.s. tilraunir með áburðartíma og magn, þéttleika og eftirmeðferð. Hafa þær allar miðað að því að gera fræræktina öruggari og hagkvæmari.

Í öðru lagi hefur framræktun grasfræs verið stunduð á Sámsstöðum á þeim stofnum sem sannað hafa gildi sitt í stofnprófunum. Má þar nefna t. d. þá stofna sem best stóðu sig í uppgræðslutilraunum, beringspunt, snarrótarpunt og túnvingulsstofnana Blöndu og 0305. Fræframleiðslan er ekki mikil enn sem komið er, en ljóst er að nauðsynlegt er að efla þessa starfsemi.

Á undanförnum árum hefur tækjakostur stöðvarinnar til fræhreinsunar nokkuð verið bættur. Búið er að koma fyrir skilvindu, lyftu og lofthreinsibúnaði. Enn vantar þó nokkur tæki, einkum hreinsibúnað.

Frærækturverkefni landgræðsluáætlunar hefur verið unnið í góðri samvinnu Landgræðslu ríkisins og Rala.

Sturla Friðriksson:

Vistfræðirannsóknir.

Vistfræðirannsókn er tiltölulega nýr þáttur í störfum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Að vísu höfðu ýmsar rannsóknir áður verið framkvæmdar við stofnunina, sem voru þess eðlis, að þær hefði mátt flokka undir vistfræði. Þannig voru á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins gerðar athuganir á áhrifum frá eldgosum, svo sem gosinu í Heklu 1970 og síðar og gosinu í Heimaey 1973 en þá var um að ræða flúoreitrun og ýmsar gróðurskemmdir af ösku og vikri sem höfðu áhrif á búfé og önnur dýr og menn. Einnig eru kalrannsóknir

vistfræðilegs eðlis, þar sem um er að ræða samspil jarðvegs, gróðurs, dýra og veðurfars, og þarf að kanna alla þessa þætti í samhengi til þess að skilja orsakir kals á túnum og tjóns á gróðri. Stofnunin hafði einnig látið sig varða beitartilraunir og áhrif beitar á landið jafnt sem landeyðingar- og uppgræðslurannsóknir. En þessi viðfangsefni eru einnig, að nokkru leyti, vistfræðileg að eðli. Sérstök fjárveiting til vistfræðirannsókna var hins vegar fyrst fengin árið 1975, eftir að „þjóðargjöfin" svo nefnda var veitt og landgræsluáætlunin gekk í gildi, en þá var ráð fyrir því gert, að hluti fjárins færi til vistfræðirannsókna, eða til könnunar á ýmsum áhrifum víðtækrar ræktunar.

Samfara auknu uppgræðslustarfi og því aukna fjármagni sem þá fékkst til þess að hefta uppblástur og rækta aftur gróður á eyddum svæðum, þótti rétt að veita fé til rannsókna á árangri þessa uppgræðslustarfs, og athuga hvernig gróðri reiðir af á gróðursnauðum söndum, sem sáð er í og borið á. Einnig þótti rétt að gera athuganir á uppblásturshraða með mælingum á rofabörðum og með athugunum á ástandi gróðurjaðranna og öðrum gróðurfarsbreytingum er verða á landi sem er að blása upp, og síðan að fylgjast með árangri uppgræðsluaðgerða.

Uppgræðsluskilyrði hér á landi eru misjöfn, t. d. vegna mismunar á jarðvegsgerðum og á mismunandi veðurfari, sem er breytilegt eftir landshlutum og hæð yfir sjó. Má ætla að velja megi tegundir sáðplantna til uppgræðslu sem hæfa sérstaklega hinum ýmsu skilyrðum. Þess vegna hafa verið gerðar tilraunir með sáningu ýmissa grasa og belgjurta á örfoka svæðum í mismunandi hæð og jarðvegi. Og í nokkur ár hefur verið fylgst með sprettu og þroska grastegunda samfara veðurfarsmælingum. Þessar athuganir hafa t. d. verið gerðar á Hveravöllum og jafnframt á tilraunastöðinni að Korpu, og hafa starfsmenn Veðurstofu Íslands annast mælingar á Hveravöllum.

Þá má geta þess, að rétt þótti að kanna hvort ræktun gæti á einhvern hátt raskað sjaldgæfu plöntu- og dýralífi og haft þannig skaðleg áhrif á annað lífríki og umhverfi þess. Ræktun getur hugsanlega haft áhrif á afkomu og breytt stofnstærð annarra grasbíta en hinna venjulega húsdýra landsmanna. Má þar til nefna gæsir, álftir og hreindýr, en þeim getur fjölgað við aukna ræktun túna og beitilanda.

Þessi og ýmis fleiri viðfangsefni á sviði landbúnaðarvistfræði þótti rétt að kanna, jafnvel áhrif mengunar frá landbúnaði og ýmis áhrif vargs og villidýra, í samneyti við landbúnað.

Eitt veigamikið viðfangsefni, sem rétt þótti að taka fyrir, var framræsla mýrlendis, með öllum þeim hugsanlegum áhrifum, sem uppþurrkun votlendis getur haft á lífríki mýrarinnar og nærliggjandi umhverfi.

Á árunum 1982—1986 var unnið að eftirfarandi verkefnum innan vistfræðirannsókna Rala:

Uppgræðslureitir á hálendi (RL 15)

Á miðhálendinu var fylgst með tilraunareitum, sem sáð var til í þeim tilgangi að kanna hvernig auka megi gróður á örfoka hálendismelum. Mæld hefur verið gróðurþekja og uppskera í reitum með mismunandi sáðstofna. Áburði hefur reglulega verið dreift á reitina og athuguð áhrif mismunandi áburðarskammta á gróðurfarið. Sýnt er að viðhalda má með áburðargjöf nokkrum tegundum innlendra grasa, en ekki hafa fundist enn stofnar sem endast án áburðargjafar á næringarsnauðum melum. Nauðsynlegt er að halda áfram þessum rannsóknum og reyna jafnframt tegundir (s.s. belgjurtir) sem kunna að gefa betri árangur.

Veðurfarsáhrif á nytjaplöntur (RL 16)

Í samvinnu við Veðurstofu Íslands var fylgst með sprettu grastegunda í mismunandi hæð yfir sjávarmáli, til þess að meta áhrif árferðis og einstaka þætti veðurfars á grasvöxt. Gerðar voru vikulegar vaxtarmælingar á grösum á Hveravöllum og að Korpu. Jafnframt hefur vöxtur kartaflna verið athugaður í sama tilgangi að Korpu.

Áhrif framræslu á lífríkið (RL 13)

Í mýri á mörkum Hests og Mávahlíðar í Borgarfirði, sem ræst var fram haustið 1977, var gróðurþekja einkennisreita mæld að nýju sumarið 1984, til að kanna gróðurfarsbreytingar er kunna að hafa orðið samfara framræslunni. Sýnt var að hluti rannsóknasvæðisins þornaði ekki sem skyldi og var því framræslan aukin haustið 1984. Reglulega hafa verið gerðar mælingar á uppskeru gróðurs, vaxtarhraða plöntutegunda og rotnun gróðurs. Ennfremur hefur verið fylgst með afnotum búfjár af svæðinu, viðkomu fugla og vatnsbúskap, m.m. Árangur framræslunnar hefur ekki komið í ljós, enda skammt um liðið síðan henni lauk. Á næstu árum er því brýnt að fylgja þessum rannsóknum eftir.

Sumarið 1986 voru að nýju teknar upp gróður- og umhverfisathuganir á framræstri heiðarmýri í landi Heiðarbæjar í Þingvallasveit, en mýrin var ræst fram árið 1969 til hagabóta. Athuganir fóru einnig fram í mýrinni sumarið 1979. Úrvinnsla gagna stendur nú yfir, en frumniðurstöður benda til að framræslan hafi hverfandi árangur borið.

Þörf er á auknum athugunum á vistfræði og nýtingu mýrlenda og að meta þann árangur sem orðið hefur af framræslu undanfarinna áratuga.

Áhrif bruna á skóglendi (RL 12)

Reglulega hefur verið fylgst með breytingum á gróðurfari, sem orðið hafa í skóglendi, sem brann í Gjábakkahrauni árið 1975.

Áhrif eldfjallaösku á gróður (RL 323)

Eftir Heklugosið 1980 hefur verið fylgst með gróðri í Sölvahrauni við Heklu og víðar og mælingar gerðar á gróðri í þeim tilgangi að kanna hvernig honum reiðir af undir misþykku öskulagi og hvernig öskusvæði gróa upp að nýju.

Ingvi Þorsteinsson:

Gróður- og jarðakort og gróður- og jarðvegseyðing (ástand beitilanda).

Á árunum 1982—1986 var fjármagn það, sem var sérmerkt Gróðurnýtingardeild Rala af landgræðsluáætlunarfé, sem hér segir:

Landgræðsluáætlun		Á fjárlögum	Landgr. fé í % af opinberu fé.
1982	360.000.-	1.065.000.-	25.3
1983	513.000.-	1.634.000.-	23.9
1984	776.000.-	2.496.000.-	23.7
1985	919.000.-	3.675.000.-	20.0
1986	1.335.000.-	5.197.000.-	20.4

Á þessum árum hefur fé landgræðsluáætlunar numið 1/4—1/5 af heildarfjárveitingu til Gróðurnýtingardeildar. Er því ljóst, að landgræðsluáætlun hefur haft verulega þýðingu fyrir starfsemi deildarinnar. Þessu fjármagni hefur einkum verið varið í eftirtalin verkefni:

1) **Gerð gróður- og jarðakorta af láglendi eða byggðum landsins.**
2) **Úttekt á ástandi gróðurs og jarðvegs í beitilöndum.**

1) **Gróður- og jarðakort.**

Á vegum Rala hafa nú verið gerð gróðurkort af miklum hluta hálendis Íslands, nema helst í strandhéruðum landsins. Þessi kort hafa verið unnin á grundvelli korta, sem ameríski herinn lét vinna á stríðsárunum. Önnur nothæf grunnkort af landinu hafa naumast verið fyrir

hendi, nema kort Orkustofnunar af virkjunarsvæðum. Þessi kortafátækt okkar hefur m. a. komið í veg fyrir að unnt væri að gefa út kort af byggðum landsins, sem hefðu þurft að fylgja í kjölfar hálendiskortanna. Margar sýslur landsins höfðu verið kortlagðar í þessu skyni fyrir 1982, en ekki var unnt að vinna úr þeim gögnum.

Með fjármagn landgræðsluáætlunar í höndum og í góðri samvinnu við ýmsar stofnanir réðst Gróðurnýtingardeild sjálf í gerð grunnkorta í mælikvarða 1:25000, þar sem önnur lausn virtist ekki í sjónmáli. 1985 hafði verið lokið við gerð 9 grunnkorta af Suður-Þingeyjarsýslu og á þeim grunni gefin út jafnmörg gróður- og jarðakort. Jafnframt hefur verið unnið að gerð 16 slíkra korta af Snæfellsnesi, 3 korta af Biskupstungnahreppi í Árnessýslu og 4 korta af Faxaflóasvæðinu. Þessi 23 kort, sem nú eru í vinnslu, verða gefin út 1987. Að því loknu liggja fyrir 32 kort, sem ná yfir um 5000 ferkílómetra landsvæði, með landamerkjum um 850 jarða og jarðaparta, auk þéttbýlis í Faxaflóasvæðinu.

Á kortunum er mæld heildarstærð hverrar jarðar, stærð gróins lands og ógróins, ræktaðs og ræktanlegs lands, og beitarþol. Gróður- og jarðakortin hafa grundvallarþýðingu fyrir skipulagningu landbúnaðarframleiðslunnar og fyrir hvers konar landnýtingu.

Sú viðleitni Rala að ýta grunnkortagerð úr vör hefur nú leitt til þess að opinbert samkomulag hefur náðst um, að slík kort verði gerð af landinu öllu og verði það verk í höndum Landmælinga Íslands, eins og eðlilegt er. Þetta mun auðvelda eftirleikinn fyrir gerð gróður- og jarðakorta og ætti tæknilega ekkert að vera því til fyrirstöðu, að því verki yrði lokið á næstu 10 árum, ef fé verður áfram veitt til þess.

Auk ofangreindra korta hafa verið gefin út af Rala 9 gróðurkort af hálendi í mælikvarða 1:40000 frá 1982.

2) Úttekt á ástandi gróðurs og jarðvegs.

Ástand úthaga, hvort sem er í byggð eða á hálendi, þarf að kanna með vissu árabili vegna hugsanlegra breytinga af völdum ofbeitar, óhagstæðs veðurfars, náttúruhamfara o. s. frv. Þannig er fundið, hvort eða hve mikið beitarþol landsins á hverjum tíma er frábrugðið því, sem það er við gott ástand gróðurs og jarðvegs.

Árin 1983—1984 var þróuð aðferð í þessu skyni, sem er bæði nákvæm og fljótunnin, en áætlað er, að endurmeta þyrfti ástand lands að jafnaði á 5 ára fresti. Með þessari aðferð er tekið tillit til þéttleika gróðurþekjunnar, tegundasamsetningar og gróður- og jarðvegseyðingar.

Síðan þessi aðferð var þróuð, hefur verið gerð úttekt á ástandi 12 afrétta þar sem ástandið er augljóslega verst og nokkurra svæða í byggð. Þetta starf hefur verið unnið í samvinnu Rala og Landgræðslu ríkisins. Nauðsynlegt er að ljúka fyrstu yfirferð yfir landið allt á næstu 3—4 árum.

Bjarni Guðleifsson:

Rannsóknir á vetrarþoli plantna

1. Viðfangsefni.

Kalskemmdir hafa einkum sótt í tún á seinni árum þannig að einhversstaðar á landinu hafa verið kalskemmdir í 6 af hverjum 10 árum á síðari hluta þessarar aldar. Þolið, innlent gras sem kemur í stað sáðgresis, gefur bæði minni uppskeru og gæðarýrari. Áætlað hefur verið að árlega tapist uppskera fyrir um 160 milljónir króna vegna kalskemmda, en í mestu kalárum má meta tapið á um 750 milljónir. Kalrannsóknir miðast að því að draga úr þessu tjóni.

Kalskemmdir hér á landi eru einkum svokallað svellkal. Rannsóknir hérlendis beinast einkum að svellkali og hvernig draga má úr því. Aðrar þjóðir hafa aðallega beint kalrannsóknum að öðrum tegundum kals sem meira máli skipta þar, svo sem frostkali og

rotkali. Verðum við því að afla ýmiskonar grundvallarþekkingar til að geta ráðið bót á þessum vágesti. Má því segja að rannsóknirnar hérlendis séu tvíþættar, annars vegar grundvallarrannsóknir á eðli svellkals og hins vegar hagnýtar rannsóknir á því hvernig hindra megi skemmdir af völdum svellkals.

2. **Starfsaðstaða.**

Bjarni E. Guðleifsson á Möðruvöllum hefur undanfarið unnið í 25% starfi að þessum rannsóknum en vinnur annars að leiðbeininga- og rannsóknastörfum hjá Ræktunarfélagi Norðurlands. Ræktunarfélagið og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa sameiginlega unnið að því að koma upp kalrannsóknaaðstöðu við Tilraunastöðina á Möðruvöllum og hefur hún verið notuð nú í tvö ár. Er enn unnið að rannsóknum í leiguhúsnæði en á næsta ári munu þær flytjast í varanlegt húsnæði. Með því að nota 5 sérstakar frystikistur og ljósabúnað er hægt að rækta grös og líkja eftir öllum árstímum. Er þarna mælt bæði svellþol og frostþol grasa eftir mismunandi ræktun og hörðnun. Hefur þessi tækjabúnaður reynst mjög vel og flýtt og treyst allar mælingar á þoli grasa sem áður var prófað úti í mislyndri náttúru. Einnig eru gerðar nokkrar dreifðar tilraunir með þol grasa.

3. Verkefni.

Hugmyndin er að halda áfram rannsóknum á eðli svellkals og verður væntanlega keyptur vökvagreinir til að mæla þau efni sem myndast við **öndun í svellum.** Nú eru í gangi nýjar tilraunir til að varpa ljósi á áhrif aldurs grasa, sláttar og annarra **nytja** á svellþol. Stöðugt fara fram mælingar á frost- og svellþoli **stofna og tegunda grasa.** Má segja að nú sé lítill vandi að segja til um hvaða tegundir eða stofnar séu þolnastir, en vandamálið sé fremur fræræktog fjölgun þeirra. Jurtakynbótamenn munu væntanlega fá sinn efnivið prófaðan í þessari aðstöðu á næstu árum. Í ljós hefur komið að **aðrar lífverur** geta átt einhvern þátt í svellkali. Hafa fundist bæði þörungar og lághitabakteríur á grösum í svellum. Hlutverk þeirra er óljóst, nema hvað þörungarnir virðast skaðlausir. Er nú mjög mikilvægt að fá úr því skorið hvort lághitabakteríurnar eru skaðvaldar. Í gangi eru tilraunir til að varpa ljósi á áhrif **sýrustigs jarðvegs** á svellþol vallarfoxgrass. Er þessi rannsókn bæði unnin á kalrannsóknastofunni og í tilraunum á túnum bænda auk þess sem mælingar á jarðvegsefnum eru gerðar á rannsóknastofu Ræktunarfélagsins. Loks hefur í samstarfi við Ræktunarfélagið verið gerð athugun á **endurræktun** kalinna og úr sér genginna túna.

4. Erlend samskipti.

Svellþol grasa mun ekki mælt annarstaðar í heiminum, en fyrirmyndin að aðstöðunni var sótt til Ottawa í Kanada, þar sem hún er notuð til mælinga á svellþoli vetrarkorns. Vísindamenn frá öðrum Norðurlöndum hafa komið hingað til að kynnast þessum mælingum og má t. d. nefna Arild Larsen frá Vagönes í N-Noregi og Erik Hagsand frá Röbäcksdalen í N-Svíþjóð.

Bjarni E. Guðleifsson hefur tekið virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði kalrannsókna og á sæti í vinnuhóp á vegum Nordiska Jordbruksforskeres Forening sem hefur skipulagt ráðstefnur um kalskemmdir. Enn fremur hefur hann unnið að úttekt á þýðingu kalskemmda og kalrannsókna í vinnuhópi á vegum Samnordisk Planteforedling. Þá tekur hann þátt í norrænum samanburði á rannsóknastofutilraunum þar sem vetrarþol er mælt á sama efnisviði. Mælt er rotþol, frostþol og svellþol, allt eftir því hvaða aðstaða er fyrir hendi á hverjum stað.

Sumarið 1983 dvaldi Bjarni í Kiel í V-Þýskalandi við athuganir á áhrifum sýrustigs jarðvegs á vallarfoxgras og hugsanlega eitrun Al, Mn og Fe sem gæti rýrt vetrarþol grasa.

Erindi um niðurstöðurnar og til leiðbeininga hafa verið flutt á ráðunautafundum Búnaðarfélags Íslands og Rala, allmörgum bændafundum á Norðurlandi og á ráðstefnum í Finnlandi og Noregi. Hugmyndin er að halda norræna ráðstefnu um svellkal á Íslandi 1988.

Fylgiskjal 3.

SKÓGRÆKT RÍKISINS

LANDGRÆÐSLU- OG LANDVERNDARÁÆTLUN
1982 — 1986

Sigurður Blöndal
tók saman

Reykjavík
Nóvember 1986

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982 — 1986.

Skógrækt ríkisins.

Samkvæmt þingsályktun um landgræðslu- og landverndaráætlun 1982 — 1986 skyldi skógræktarþátturinn taka til 5 verkefna:

1. Friðun lands og gróðursetning hjá Skógrækt ríkisins	43%
2. Héraðsskógræktaráætlanir	22%
3. Skógrækt á útivistarsvæðum við þéttbýli	15%
4. Rannsóknaþættir:	
a. Samanburðarrannsóknir á birkikvæmum o. fl.	
b. Þreskibúnaður og annað til fræöflunar	10%
5. Stofnkostnaður vegna umferðarvinnuflokks í skógrækt	10%
	100%

Hér verður gerð grein fyrir því, hvernig þetta hefir gengið eftir á tímabilinu. Gefið er heildaryfirlit, sem byggist á bókhaldssundurliðun, en smáatriði ekki tíunduð. Hvert hinna 5 viðfangsefna er rakið fyrir sig. Kostnaðartölur eru summa fyrir öll árin, eins og bókhald sýndi á hverjum tíma.

Tafla 1.

Bókfærður kostnaður á Landgræðslu- og landverndaráætlun árin 1982 — 1986.

Árið 1982	kr.	1.883.174
Árið 1983	kr.	2.611.962
Árið 1984	kr.	3.960.603
Árið 1985	kr.	4.552.760
Árið 1986 (áætlað)	kr.	6.173.000
Alls	kr.	19.181.499

1. Friðun og gróðursetning hjá Skógrækt ríkisins.

Framlag áætlunarinnar var á þessum árum eingöngu notað til gróðursetningar í lönd í eigu eða umsjá Skógræktar ríkisins, en ekkert til friðunar. Hér er um að ræða gróðursetningu í venjulegt gróið land, en það að rækta skóg á slíku landi nefnum við skógræktarmenn endurheimt landgæða, þar sem skógurinn er hið náttúrlega vistkerfi á grónu þurrlendi neðan

400 m hæðarlínu á Íslandi. Fyrir það er það að rækta skóg á landi, þótt gróið sé, landgræðsla og landvernd og aðeins áframhald uppgræðslu örfoka lands eða eyðisanda, sem hefir verið meginverkefni Landgræðslu ríkisins.

Framlagið hefir gengið til gróðursetningarinnar ásamt því, sem ætlað hefir verið árlega til þessa viðfangsefnis af fjárlagalið Skógræktar ríkisins og til hægðarauka bókfært á eitt skóglendi, þar sem mest hefir verið gróðursett flest þessi ár.

Tafla 2 sýnir, hver hlutur áætlunarinnar hefir verið í þessu viðfangsefni á tímabilinu.

Tafla 2.

Gróðursetning hjá Skógrækt ríkisins 1982 — 1986 og hlutdeild áætlunarinnar.

Ár	Plöntu-fjöldi	Heildargróðursetning í lönd Skógræktar ríkisins. Kostnaður kr. Plöntur	Vinna	Alls	Hlutdeild áætlunarinnar Kr.	%
1982	251.295	793.052	384.830	1.177.882	809.764	75
1983	498.773	3.117.918	732.305	3.850.223	1.123.144	29
1984	388.112	3.079.314	539.260	4.006.686	1.703.059	43
1985	282.963	2.510.044	671.200	3.181.244	1.907.686	60
1986		2.510.153	817.997	3.328.150	2.654.390	79

2. Héraðsskógræktaráætlanir.

Hluti þessa viðfangsefnis af bókfærðum kostnaði var sem hér segir:

Árið 1982	kr.	414.298
Árið 1983	kr.	574.632
Árið 1984	kr.	871.333
Árið 1985	kr.	1.001.607
Árið 1986 (áætlað)	kr.	1.358.060
	kr.	4.219.930

Framlag til þessa viðfangsefnis hefir verið þríþætt: (1) landkostakannanir til undirbúnings áætlanagerð á þeim svæðum, sem til greina töldust koma, (2) kannanir á vexti og þrifum einstakra trjátegunda, sem helst koma til greina við framkvæmd héraðsskógræktaráætlana, ýmist staðbundnar eða yfir allt landið og (3) framlög til framkvæmda, þar sem áætlanir eru komnar af stað.

1. Landkostakannanir.

Þær hófust í þessu skyni árið 1982 í tveimur héröðum: Eyjafirði og Árnessýslu. Var síðan haldið áfram árið 1983 í Suður-Þingeyjarsýslu og 1984 og 1985 í Borgarfjarðarsýslu.

2. Kannanir á trjátegundum voru gerðar jafnframt landkostakönnun í Eyjafirði, S.-Þingeyjarsýslu, Borgarfjarðarsýslu á þessum sömu árum. Könnun á vexti og þrifum lerkis á öllu landinu var gerð árið 1985 og liggur niðurstaðan fyrir í ítarlegri skýrslu, sem var kandídatsverkefni Arnórs Snorrasonar við Landbúnaðarháskóla Noregs. Er þessi könnun ómetanlegur grundvöllur í sambandi við frekari gerð og framkvæmd héraðsskógræktaráætlana. Árið 1986 var gerð sams konar landskönnun á stafafuru, sem verður ekki síður mikilvæg en lerkiskýrslan, þegar hún birtist.

3. Framlög til framkvæmda hafa verið veitt til eftirtalinna héraða, þar sem héraðsskógræktaráætlanir eru komnar í gang:

Eyjafjarðar, Upphéraðs, Suður-Þingeyjarsýslu og Borgarfjarðar.

Í Eyjafirði eru framkvæmdir í gangi á 20 jörðum, sem notið hafa styrks, á Upphéraði 10 jörðum, í Suður-Þingeyjarsýslu á 5 jörðum og í Borgarfjarðarsýslu á einni jörð. Í Mýrasýslu hefur verið veitt framlag til hinnar miklu Ystutungugirðingar, sem friðar frá beit til skógræktar og varðveislu birkigróðurs heimaland 8 jarða. Ekki hefði tekist að koma í kring þessari friðun 2.800 ha lands, nema með framlagi af áætluninni, en landeigendur lögðu fram 20% af kostnaði.

3. Útivistarsvæði við þéttbýli.

Hluti þessa viðfangsefnis af bókfærðum kostnaði hefir verið sem hér segir:

Árið 1982	kr.	282.476
Árið 1983	kr.	391.794
Árið 1984	kr.	594.090
Árið 1985	kr.	682.914
Árið 1986 (áætlað)	kr.	925.950
	kr.	2.877.224

Framlag til þessa viðfangsefnis hefir verið þríþætt: (1) til girðingaframkvæmda og (2) plöntur til gróðursetningar og (3) landkostakönnunar og vaxtamælinga á höfuðborgarsvæðinu.

1. Girðingaframkvæmdir. Til þessa hefir einungis Skógræktarfélagi Eyfirðinga verið veitt framlag til að ljúka girðingunni um útivistarsvæðið ofan Akureyrar.

2. Plöntur. Langmest af framlaginu hefir verið veitt í formi plantna til gróðursetningar á útivistarsvæðum, sem skógræktarfélög landsins eiga eða sjá um fyrir sveitarfélög. Á afmælisárum Kvenfélagasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands var þeim veittur allur plöntustyrkurinn með því skilyrði, að gróðursett yrði á nefnd útivistarsvæði skógræktarfélaganna. Undantekning frá þessu var þó Þrastarskógur Ungmennafélags Íslands, en hann er elsti friðaður skógur á Íslandi, þar sem útivist var raunverulega markmiðið með friðuninni.

Hér eru ekki taldir upp allir þeir staðir, sem styrks hafa notið, en þeir eru nær 20.

3. Landkostakönnun og vaxtarmælingar á höfuðborgarsvæðinu var verkefni, sem Skógrækt ríkisins tók að sér að vinna eftir tilmælum frá Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Vísast til Skógræktarrits 5, febrúar 1983. **„Trjá- og skógrækt á höfuðborgarsvæðinu. Könnun á trjágróðri og flokkun á landi.** Jón Hákon Bjarnason, Sigvaldi Ásgeirsson. Skógrækt ríkisins."

Kostnaður við þessa könnun og útgáfu skýrslunnar var greiddur sem framlag til útivistarsvæða.

4. Rannsóknaþættir.

Hluti þessa viðfangsefnis af bókfærðum kostnaði hefur verið sem hér segir:

Árið 1982	kr.	285.172
Árið 1983	kr.	475.892
Árið 1984	kr.	733.675
Árið 1985	kr.	908.024
Árið 1986	kr.	937.061
	kr.	3.339.824

Hér hefir orðið að víkja út af skiptareglunni og fært frá 5. lið áætlunarinnar til þessa viðfangsefnis, þar eð rannsóknirnar voru í slíku svelti á fjárlagalið Skógræktar ríkisins, að ekki var hægt að reka rannsóknastöðina af því fé. Af þeirri ástæðu hefir framlagið til þessara tveggja viðfangsefna verið notað að hluta til þess að halda rannsóknastöðinni gangandi á tímabilinu.

Birkirannsóknirnar, sem samkv. áætluninni áttu að vera annar rannsóknaþátturinn, hafa vissulega verið í gangi og fengu aukið vægi árið 1983, er rannsóknastöðin gerðist aðili að samnorrænu rannsóknarverkefni, sem er nákvæmlega um það, sem hér var markað.

5. Stofnkostnaður fyrir vinnuflokk í skógrækt.

Hluti þessa viðfangsefnis af bókfærðum kostnaði hefir verið sem hér segir:

Árið 1982	kr.	91.463
Árið 1983	kr.	46.500
Árið 1984	kr.	58.445
Árið 1985	kr.	25.315
Árið 1986 (áætlað)	kr.	297.539
	kr.	519.262

Hér var minna gert en áætlað var og eru ástæður tvær. (1) Miklu erfiðara reyndist en ætlað var að fá menn til starfa í slíkum vinnuflokki, en til grisjunarinnar, sem var aðalverkefnið, þarf sérþjálfaða menn, sem ekki reyndust liggja á lausu. Fyrir því hefir þetta verkefni orðið tiltölulega umfangslítið, nema helst árið 1986. (2) Eins og sagt var að framan, var fært frá þessu verkefni til rannsóknastöðvarinnar, svo að hægt væri að halda henni gangandi.

Það takmarkaða starf, sem vinnuflokkarnir hafa getað unnið hjá skógræktarfélögum á nokkrum stöðum á landinu, hefir reynst ómetanlegt, svo langt sem það nær.

Vinnuflokkar voru á ferðinni árin 1983, 1984, 1985 og 1986. Reyndin er sú, að skógræktarfélög áhugafólks, sem ekki hafa á að skipa föstu starfsliði, grisja ekki skógarteiga sína. Til þess þarf fyrrnefnda sérþjálfaða menn.

Þegar þetta viðfangsefni var tekið inn í landgræðslu- og landverndaráætlun, komst þessi vinna í gang, þótt æskilegt hefði verið að meira hefði áunnist.

Stofnkostnaðurinn er fólginn aðallega í kaupum og leigu á bifreiðum og vélsögum til skógarvinnu.

Nd. 518. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 21. jan. 1987.

Páll Pétursson, form.	Ólafur G. Einarsson, frsm.	Friðrik Sophusson.
Guðmundur Bjarnason.	Kristín H. Tryggvadóttir.	Svavar Gestsson.

Halldór Blöndal.

Sþ. 519. Fyrirspurn [290. mál]

til fjármálaráðherra um áfengissölubúðir.

Frá Helga Seljan.

1. Hvert er álit fjármálaráðherra á yfirlýsingum forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um að fyrirtækið muni taka upp þann hátt að selja áfengi í almennum verslunum?
2. Telur ráðherra slíkt samræmast anda áfengislaga?
3. Sé svo, mun ráðherra þá stuðla að þeirri breytingu á áfengismálastefnu sem í því felst að leyfa áfengissölu í almennum verslunum þar sem seld er nauðsynjavara og þar sem börn og unglingar koma tíðum, bæði með foreldrum og án fylgdar þeirra?

Ed. 520. Frumvarp til laga [291. mál]

um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi dagana 3.–13. október 1986 öll gistiherbergi og funda- og veitingasali, ásamt tilheyrandi búnaði, í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að til að tryggja nauðsynlega aðstöðu vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna í Reykjavík dagana 11. og 12. október 1986 telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn til að heimild fáist til að taka leigunámi gistiherbergi og funda- og veitingasali í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík dagana 3.–13. október 1986.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi dagana 3.–13. október 1986 öll gistiherbergi og funda- og veitingasali, ásamt tilheyrandi búnaði, í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. október 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Ed. 521. Frumvarp til laga [292. mál]

um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi frá kl. 18.00 föstudaginn 10. október 1986 til kl. 18.00 sunnudaginn 12. október 1986, vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna, eftirtaldar húseignir í Reykjavík, ásamt lóðum þeirra og öllum réttindum, sem þeim tilheyra, þar með talin leigu- og afnotaréttindi sem veitt hafa verið í fasteignum þessum og lóðarréttindum sem þeim fylgja, til fullrar og ótakmarkaðrar ráðstöfunar, til ótakmarkaðs aðgangs að öllum hlutum húsanna og til að hindra allan aðgang að þeim og lóðum þeirra nema með leyfi leigunámstaka:

Borgartún 17, Borgartún 18, Borgartún 19,
Borgartún 20, Borgartún 22, Höfðatún 2 og
Sætún 8.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að til að tryggja öryggi þjóðarleiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna á fundi þeirra í Höfða við Borgartún í Reykjavík dagana 11. og 12. október 1986 telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn til að heimild fáist til að taka leigunámi nánar tiltekin hús og lóðir þeirra við Borgartún, Höfðatún og Sætún í Reykjavík frá kl. 18.00 föstudaginn 10. október 1986 til kl. 18.00 sunnudaginn 12. október 1986.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi frá kl. 18.00 föstudaginn 10. október 1986 til kl. 18.00 sunnudaginn 12. október 1986, vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna, eftirtaldar húseignir í Reykjavík, ásamt lóðum þeirra og öllum réttindum, sem þeim tilheyra, þar með talin leigu- og afnotaréttindi sem veitt hafa verið í fasteignum þessum og lóðarréttindum sem þeim fylgja, til fullrar og ótakmarkaðrar ráðstöfunar, til ótakmarkaðs aðgangs að öllum hlutum húsanna og til að hindra allan aðgang að þeim og lóðum þeirra nema með leyfi leigunámstaka:

Borgartún 17, Borgartún 18, Borgartún 19,
Borgartún 20, Borgartún 22, Höfðatún 2 og
Sætún 8.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. október 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nd. 522. Frumvarp til stjórnsýslulaga. [293. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal þeirrar starfsemi dómstóla sem ekki telst til dómstarfa.

Starfsemi Alþingis er undanþegin ákvæðum laganna.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Aðili máls: Sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stjórnvaldsákvörðun.

Íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun: Ákvörðun stjórnvalds sem skerðir rétt manna eða leggur auknar skyldur á herðar þeim.

Stjórnvald: Embætti eða stofnun sem hefur heimild til þess, lögum samkvæmt, að kveða á um rétt eða skyldu manna.

Stjórnvaldshafi: Einstaklingur er gegnir embætti og hefur sem handhafi þess heimild til þess, lögum samkvæmt, að kveða á um rétt eða skyldu manna.

3. gr.

Ákvæði II. og III. kafla laga þessara eiga við meðferð mála hjá stjórnvöldum þegar þau taka ákvörðun um rétt eða skyldu manna, þó ekki útgáfu reglugerða eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla.

4. gr.

Öllum þeim, sem sinna stjórnsýslustörfum, er skylt að leiðbeina mönnum með hverjum hætti þeir geti gætt réttar síns eða leitað eftir rétti eða lausn undan skyldu allsherjarréttar eðlis.

II. KAFLI

Almennar reglur um málsmeðferð hjá stjórnvöldum.

5. gr.

Stjórnvaldshafi má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi málsúrslit.

6. gr.

Stjórnvald, sem fer með mál, skal, ef því verður við komið, vekja athygli málsaðila á því að mál hans sé til meðferðar nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

7. gr.

Aðila máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem mál hans varða nema stjórnvald sjái annmarka á því vegna ríkari almanna- eða einkahagsmuna.

8. gr.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um málsefni áður en stjórnvaldsákvörðun er tekin ef hún getur verið íþyngjandi fyrir hann enda liggi ekki fyrir í gögnum máls afstaða hans og rök fyrir henni.

9. gr.

Aðili máls getur krafist þess að mál hans verði ekki afgreitt fyrr en honum hefur gefist kostur á að kynna sér málsgögn og tjá sig um málsefni. Stjórnvald skal verða við þeirri kröfu nema ákvörðun þoli ekki bið.

10. gr.

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína eftir á sé hún íþyngjandi og varði verulega hagsmuni hans. Skal stjórnvald verða við þeirri kröfu nema telja verði rökstuðning óþarfan.

11. gr.

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvaldsákvörðun verði felld úr gildi eða henni breytt með því að skjóta ákvörðuninni til hlutaðeigandi ráðuneytis eða sveitarstjórnar nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Ákvörðun sveitarstjórnar verður skotið til þess ráðuneytis sem fer með sveitarstjórnarmál, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

III. KAFLI

Sérstakar reglur um málsmeðferð hjá ráðuneytum.

12. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einungis til meðferðar mála hjá ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands öðrum en Hagstofu Íslands.

Ákvæðunum skal beita ef stjórnvaldsákvörðun hefur verið skotið til ráðuneytis og enn fremur ef skera skal úr ágreiningi um rétt eða skyldu einstakra manna eða aðila að lögum.

13. gr.

Stjórnvaldshafi má ekki taka þátt í meðferð máls sem fjallað er um í þessum kafla ef:

1. hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila,
2. hann er skyldur eða mægður aðila að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn,
3. hann er skyldur eða mægður fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila að feðgatali eða niðja eða að fyrsta lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn,
4. hann hefur áður tekið ákvörðun í málinu eða haft önnur afskipti af því sem stjórnvald,
5. málið varðar hann sjálfan eða venslamenn hans verulega eða annars er hætta á því að hann fái ekki litið hlutlaust á málavexti.

14. gr.

Þeir sem skotið hafa stjórnvaldsákvörðun til ráðuneytis eiga rétt á að kynna sér öll skjöl og önnur gögn er mál þeirra varða. Sama rétt hafa aðrir þeir sem eiga beina aðild að málum samkvæmt þessum kafla.

Ráðherra getur með rökstuddum hætti neitað að veita aðilum aðgang að gögnum ef hann telur hagsmuni þeirra af því að notfæra sér vitneskju úr málsgögnum eiga að víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum.

Aðilar eiga rétt á því að fá ljósrit af málsskjölum verði því við komið.

15. gr.

Aðilar máls, sem greindir eru í 14. grein, eiga rétt á að tjá sig um málefni áður en úrskurður er upp kveðinn.

16. gr.

Málum, sem fjallað er um í þessum kafla, skal ráðið til lykta í úrskurðarformi. Úrskurðir skulu vera skriflegir og skýrir.

Í úrskurði skal greina:

1. efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hina kærðu ákvörðun,
2. niðurstöðu ásamt rökstuðningi, þar sem meðal annars skal gerð grein fyrir þeim lagaatriðum er niðurstaða byggist á,
3. önnur atriði sem máli skipta.

Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstök úrskurðarorð.

17. gr.

Jafnskjótt og úrskurður hefur verið upp kveðinn skal hann birtur aðilum í ábyrgðarbréfi, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt.

18. gr.

Víki ráðherra sæti af ástæðum er greinir í 5. eða 13. gr. skal forseti Íslands skipa annan ráðherra til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

19. gr.

Sérákvæði um málsmeðferð í stjórnsýslunni skulu haldast óbreytt nema þau séu sérstaklega úr gildi numin með lögum þessum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Við gildistöku þeirra falla úr gildi eftirgreind ákvæði: Síðari málsliður 2. mgr. 22. gr. læknalaga, nr. 80/1969, sbr. lög nr. 108/1973, og síðari málsliður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kafli um endurskipulagningu í stjórnkerfi. Þar kemur m. a. fram að markmið stjórnkerfisbreytinga sé að einfalda opinbera stjórnsýslu. Sem þátt í því starfi fól forsætisráðherra hæstaréttarlögmönnunum Eiríki Tómassyni og Jóni Steinari Gunnlaugssyni að semja frumvarp til stjórnsýslulaga. Með því skyldi annars vegar stefnt að því að efla réttaröryggi í þjóðfélaginu og hins vegar að aukinni hagkvæmni og skilvirkni í störfum stjórnvalda. Í þessu lagafrumvarpi er að finna reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni og samhliða er lagt fram frumvarp til laga um umboðsmann Alþingis.

Tillaga til þingsályktunar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var fyrst lögð fram á þinginu 1969–1970 af Þórarni Þórarinssyni o.fl. Hún var þess efnis að lagt skyldi fyrir þingið frumvarp um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim sem þess óska aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða. Sú tillaga varð ekki útrædd og á sama veg fór með þingsályktunartillögu sama efnis sem lögð var fram á þinginu 1970–1971. Þingsályktunartillaga Þórarins Þórarinssonar o.fl. um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan samþykkt hinn 19. maí 1972 og stjórnarfrumvörp þess efnis lögð fyrri þingin 1972–1973, 1973–1974 og 1974–1975 án þess að hljóta samþykki sem lög frá Alþingi.

Á þinginu 1980–81 flutti Ragnhildur Helgadóttir tillögu til þingsályktunar um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi. Sú tillaga hlaut samþykki þingsins. Hún var þess efnis að ríkisstjórnin léti hið fyrsta kanna hvort tímabært væri að setja hér á landi almenn stjórnsýslulög. Á þinginu 1983–1984 fluttu Gunnar G. Schram o.fl. þingsályktunartillögu um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar. Með ályktuninni fól Alþingi ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingi svo fljótt sem verða mætti. Sú tillaga var ekki útrædd á því þingi en endurflutt á þinginu 1984–1985 og samþykkt hinn 20. júní 1985.

Á Norðurlöndum, í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og nú síðast í Danmörku, hafa verið sett heildarlög um málsmeðferð í stjórnsýslunni, stjórnsýslulög. Danir völdu þann kost að taka einungis helstu meginreglurnar um meðferð mála hjá stjórnvöldum í stjórnsýslulög sín og má segja að því fordæmi hafi verið fylgt við samningu þessa frumvarps. Við setningu reglna um málsmeðferð í stjórnsýslunni eru það öðru fremur tvö sjónarmið sem hafa þarf í huga: Annars vegar réttaröryggissjónarmið og hins vegar sjónarmið um hagkvæmni og skilvirkni í störfum stjórnvalda. Til greina kæmi að setja ítarlegar reglur um þetta efni sem mundu tryggja réttarstöðu manna með áþekkum hætti og gert er með reglum réttarfars um meðferð mála fyrir dómstólum. Hætt er hins vegar við að of ítarlegar reglur mundu gera alla stjórnsýslu þyngri í vöfum, hæggengari og kostnaðarsamari.

Af þessum sökum er lagt til með frumvarpi þessu að leiddar verði í lög fáar grundvallarreglur um meðferð mála í stjórnsýslunni. Stjórnsýslustörf eru svo fjölbreytt að erfitt er að setja reglur af þessu tagi sem eiga við þau öll. Þess vegna hefur verið brugðið á það ráð að taka aðeins í frumvarpið fáar og almennar reglur. Eðlilegt er að spurt sé hvort slíkt hafi einhverja þýðingu. Þeirri spurningu verður hiklaust að svara játandi. Í fyrsta lagi vegna þess að misbrestur er á því nú að þessum grundvallarreglum sé fylgt og í öðru lagi fengju reglurnar aukið vægi með tilkomu umboðsmanns Alþingis, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um það efni sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Þeir sem teldu sig órétti beitta gætu snúið sér til umboðsmannsins og hann þá vegið það og metið með hliðsjón af aðstæðum öllum hvort umræddar meginreglur hefðu verið brotnar.

Á þessu síðast talda atriði sést mikilvægi þess að lögleiða samtímis reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni og embætti umboðsmanns. Á sama hátt og reglurnar næðu síður tilgangi sínum án umboðsmanns væri umboðsmaður nánast á flæðiskeri staddur án slíkra reglna vegna þess að erfitt er að beita reglum af þessu tagi gagnvart stjórnvöldum án nokkurrar stoðar í settum lögum.

Íslenskt stjórnkerfi er þannig byggt upp að stjórnstigin eru oftast tvö en af því leiðir að ákvörðun lægra stjórnvalds verður yfirleitt skotið beint til ráðherra sem æðsta stjórnvalds á hlutaðeigandi stjórnsýslusviði. Frá þessari meginreglu eru allmargar undantekningar. Í sumum tilvikum er unnt að bera mál beint undir ráðherra áður en lægra sett stjórnvald hefur um það fjallað og í enn öðrum tilvikum eru stjórnsýslustigin þrjú eða jafnvel fleiri. Langflestum stjórnsýslumálum verður þó endanlega til lykta ráðið af ráðherra þótt úrlausn hans verði að jafnaði borin undir dómstóla á grundvelli 60. gr. stjórnarskrárinnar. Það úrræði er hins vegar bæði dýrt og tímafrekt og kemur auk þess ekki ætíð að notum vegna séreinkenna dómstóla og réttarfars.

Í ljósi þess að ráðherrar eiga í flestum tilvikum síðasta orðið í stjórnsýslu ríkis (og stundum sveitarfélaga einnig) er gerð tillaga um það í frumvarpi þessu að settar verði strangar reglur um málsmeðferð í ráðuneytum þegar fjallað er um stjórnsýslukærur og annars konar ágreining um rétt og skyldur manna utan stjórnkerfisins. Með þessu móti er leitast við að vanda til meðferðar mála á síðasta stjórnsýslustigi, líkt og nú er gert í lögum er fjalla um slíka úrskurðaraðila á afmörkuðum sviðum stjórnsýslunnar, svo sem barnaverndarráð, ríkisskattanefnd og önnur þvílík ráð og nefndir. Þótt þetta kunni að íþyngja

ráðuneytisstarfsmönnum nokkuð verður að telja að hér sé um að ræða lágmarkskröfur er gera verði til ráðuneytisúrlausna af þessu tagi — kröfur sem sjálfsagðar eru, enda í heiðri hafðar í mörgum ráðuneytanna nú þegar, að minnsta kosti á sumum stjórnsýslusviðum. Síst er ástæða til að undanþiggja ráðherrana sjálfa, til dæmis með því að láta reglur um vanhæfi til meðferðar einstakra mála ekki ná til þeirra. Ráðherrarnir eiga nefnilega síðasta orðið, óháð því hvað undirmenn þeirra í ráðuneytunum leggja til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að láta stjórnsýslulög taka til allrar stjórnsýslu hins opinbera, þ.e. þeirrar starfsemi sem handhafar framkvæmdarvalds hafa með höndum. Þá tíðkast það í allnokkrum mæli að dómendum séu falin slík stjórnsýslustörf og er þá eðlilegt að lögin taki einnig til þeirra. Dómstörf hljóta hins vegar, eðli máls samkvæmt, að falla utan gildissviðs laganna. Sömu sögu er að segja um löggjafarstörf Alþingis. Vegna sérstöðu þingsins þykir og rétt að undanþiggja aðra starfsemi þess ákvæðum laganna.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að skilgreina nokkur þau hugtök sem koma fyrir í frumvarpinu. Ástæðan er einkum sú að merking þessara hugtaka hefur verið nokkuð á reiki í íslensku lagamáli. Erfitt er hins vegar að skilgreina hugtök þessi svo, jafnvel þótt í löngu máli væri, að ekki geti komið upp einhver vafatilvik við skýringu á þeim.

Hugtökin eru yfirleitt skilgreind svo að þau beri að skýra rúmt fremur en þröngt. Þó skal tekið fram að svonefndar „neikvæðar stjórnvaldsákvarðanir“, þ.e. ákvarðanir sem fela í sér óbreytt ástand, svo sem synjun á umsókn, falla ekki undir hugtakið „íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun“ eins og það er skilgreint í frumvarpinu.

Hugtakinu „stjórnvald“ ber að halda aðgreindu frá orðinu „stjórnvaldshafi“ en það vísar til þess einstaklings er hverju sinni gegnir embætti sem opinbert vald fylgir. Samkvæmt þessu telst embætti forsætisráðherra vera stjórnvald en sá stjórnvaldshafi, sem því gegnir nú, er Steingrímur Hermannsson. Þessi aðgreining hefur fyrst og fremst þýðingu þegar fjallað er um vanhæfi við meðferð einstakra mála í stjórnsýslunni, sbr. 5. og 13. grein frumvarpsins. Samkvæmt þessum ákvæðum má sá einstaklingur, sem öðru jöfnu gegnir tilteknu embætti, ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur eða getur haft sérstakra hagsmuna að gæta varðandi málsúrslit. Við slíkar aðstæður yrði að fela öðrum einstaklingi að fást við málið.

Um 3. gr.

Eðlilegt er að ákvæði II. og III. kafla frumvarpsins um málsmeðferð hjá stjórnvöldum taki einungis til stjórnvaldsákvarðana um rétt eða skyldu einstakra manna eða lögaðila. Ákvæðin taka því hvorki til samningsgerðar, þjónustu né atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera. Þannig fellur þjónusta á borð við heilsugæslu og kennslu utan gildissviðs II. og III. kafla frumvarpsins. Þá er ákvæðunum ekki heldur ætlað að taka til þess þegar stjórnvöld gefa út reglur um rétt eða skyldu ótiltekins fjölda manna.

Um 4. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um almenna leiðbeiningarskyldu þeirra sem vinna við stjórnsýslu án tillits til þess hvort þeir hafa vald til þess að kveða á um rétt eða skyldu manna. Samkvæmt þessu er slíkum starfsmönnum skylt að veita þeim sem til þeirra leita, almennar upplýsingar um hvert þeir skuli snúa sér til þess að ná rétti sínum í skiptum við hið

opinbera. Þá ber starfsmönnum að leiðbeina fólki hvernig það skuli leggja mál sitt fyrir, t.d. aðstoða við að fylla út umsóknareyðublöð ef slíks er krafist.

Hér er um að ræða almenna leiðbeiningarskyldu en ekki skyldu til þess að veita sérfræðilega ráðgjöf. Hvar mörkin liggja á milli þess tvenns fer nokkuð eftir aðstæðum.

Um 5. gr.

Talið hefur verið að í íslenskri stjórnsýslu gildi sú meginregla þótt ólögfest sé að enginn megi taka þátt í meðferð máls ef hann hefur einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi málsúrslit. Lagt er til að þessi regla verði lögfest.

Með einstaklegum hagsmunum er átt við persónuleg tengsl þess einstaklings, sem embætti gegnir, við málið sjálft eða málsaðila. Tengsl þessi verða að vera þess eðlis að þau geti haft áhrif á niðurstöðu máls. Jafnframt er gerð sú krafa að hinir einstaklegu hagsmunir séu verulegir. Með því er átt við að lítilfjörlegir hagsmunir, þótt persónulegir séu, geti ekki valdið vanhæfi. Samkvæmt þessu gæti sá sem gegnir starfi lögreglustjóra væntanlega gefið út ökuskírteini sjálfum sér til handa vegna þess að skilyrði fyrir ökuleyfi eru lögbundin og það veldur sjaldnast vafa hvort þau eru fyrir hendi. Hins vegar væri óeðlilegt ef sá hinn sami fjallaði um það hvort veita bæri bróður hans eða systur starf í lögreglunni.

Um 6. gr.

Í 7. og 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að aðili máls geti kynnt sér skjöl og önnur gögn sem mál hans varða og tjáð sig um málsefni áður en málinu er ráðið til lykta. Frumforsenda þess er að sjálfsögðu sú að aðili viti af því að mál hans sé til meðferðar í stjórnsýslunni. Í þessari grein er leitast við að tryggja að svo verði að jafnaði.

Frá þeirri reglu, að stjórnvaldi sé skylt að vekja athygli málsaðila á því að mál hans sé til meðferðar, eru gerðar tvær undantekningar. Í fyrsta lagi liggur oft ljóst fyrir að hann viti af því, svo sem ef hann hefur sjálfur lagt málið fyrir stjórnvaldið. Í öðru lagi getur verið erfiðleikum bundið fyrir stjórnvald að verða við þeirri skyldu sem kveðið er á um í þessari grein. Á það t.d. við ef afgreiðsla máls þolir enga bið eða óvíst er hvar aðili er niður kominn.

Um 7. gr.

Eins og sakir standa er með öllu óljóst hvort aðilar máls, sem til meðferðar er hjá stjórnvöldum, eigi rétt á því að kynna sér gögn er mál þetta varða. Með frumvarpinu er lagt til að þetta verði framvegis aðalreglan í skiptum einstaklinga við hið opinbera. Rökin fyrir þessari reglu eru einkum þau að með þessu móti geta menn betur en ella fylgst með því að stjórnvöld byggi ákvarðanir sínar á réttum forsendum auk þess sem aðgangur að skjölum er nánast forsenda fyrir því að aðilar geti tjáð sig um málsefni, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Ætti reglan að stuðla að vandaðri meðferð mála í stjórnsýslunni.

Í stöku tilvikum geta almanna- eða einkahagsmunir staðið í vegi fyrir að veita beri aðilum aðgang að skjölum og öðrum gögnum. Þau atriði, sem fyrst og fremst koma hér til álita, eru annars vegar öryggi ríkisins og samskipti þess við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir en hins vegar tillit til annarra einstaklinga eða lögaðila er hefðu hagsmuni af því að upplýsingar, er þá vörðuðu, færu leynt. Umhyggja fyrir málsaðilum sjálfum kæmi aftur á móti tæpast til álita í þessu sambandi.

Rétt er að taka fram að ákvæði þetta tekur einungis til aðila máls en ekki annarra, þar á meðal fjölmiðla.

Um 8. gr.

Sú óskráða regla hefur verið talin gilda í íslenskum rétti að málsaðili skuli jafnan eiga kost á að láta í ljós álit sitt á efni máls áður en stjórnvald ræður því til lykta ef ákvörðun getur verið íþyngjandi. Gerð er tillaga um það til þess að taka af allan vafa í þessu efni, að regla þessi verði lögfest.

Þessi réttur málsaðila, sem nefndur hefur verið andmælaréttur, treystir mjög réttarstöðu manna í skiptum við hið opinbera. Færa má sömu rök fyrir andmælaréttinum og rétti aðila til þess að kynna sér málsgögn, sbr. athugasemdir með 7. gr. frumvarpsins. Ekki er mælt fyrir um það fremur en í 7. gr. með hverjum hætti aðilum skuli gert kleift að tjá sig heldur er það lagt í vald hlutaðeigandi stjórnvalds að ákveða það.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að aðili máls geti krafist þess að mál hans verði ekki afgreitt fyrr en honum hefur gefist kostur á að kynna sér málsgögn og tjá sig um málsefni. Ákvæði þetta leiðir beint af efni 7. og 8. gr. frumvarpsins. Stöku sinnum getur þó legið svo á afgreiðslu máls að ekki sé unnt að fresta henni en slíkt hlýtur að teljast algjör undantekning.

Um 10. gr.

Enginn vafi leikur á því að almenn skylda stjórnvalda til þess að rökstyðja ákvarðanir sínar mundi auka til muna réttaröryggi í stjórnsýslunni og stuðla að betri vinnubrögðum innan hennar. Þannig sæist svart á hvítu á hvaða forsendum stjórnvald byggði ákvörðun sína og gætu þeir, sem hlut ættu að máli, þar með gert sér betur en ella grein fyrir henni, þar á meðal hvort ástæða væri til að skjóta henni til æðra stjórnvalds. Á móti þessu er ljóst að vinnuálag stjórnvalda og þar með útgjöld hins opinbera mundu stóraukast ef rökstyðja þyrfti allar stjórnvaldsákvarðanir hverju nafni sem nefnast. Án efa mundi meðferð mála jafnframt dragast á langinn.

Við samningu þessa ákvæðis hefur verið höfð hliðsjón af báðum þessum sjónarmiðum. Lagt er til að stjórnvaldsákvarðanir verði almennt ekki rökstuddar. Þó er gert ráð fyrir að unnt sé að krefjast rökstuðnings eftir á, þ.e. eftir að ákvörðun liggur fyrir, sé ákvörðunin íþyngjandi og varði auk þess verulega hagsmuni málsaðila. Ber hlutaðeigandi stjórnvaldi að verða við kröfunni nema óþarft sé að rökstyðja ákvörðun, t.d. vegna þess að slíkt hafi þegar verið gert eða um sé að ræða lögbundna ákvörðun þar sem rök fyrir ákvörðun liggja í augum uppi.

Um 11. gr.

Hér er gerð tillaga um að lögfesta hinn almenna rétt málsaðila til þess að skjóta stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds. Þótt 19. gr. frumvarpsins geri ráð fyrir að sérákvæði um málskot innan stjórnsýslunnar haldi gildi sínu hefði þetta almenna ákvæði engu síður þýðingu, t.d. við skýringu á slíkum sérákvæðum. Þannig þyrfti að taka fram berum orðum ef útiloka ætti rétt aðila til að skjóta máli til æðra stjórnvalds. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft.

Um 12. gr.

Svo sem fram kemur í hinum almennu athugasemdum með frumvarpinu hér að framan er lagt til að gerðar verði meiri kröfur til meðferðar mála í ráðuneytum en annars staðar í stjórnsýslunni. Sérstök ástæða er til þessa ef ákvörðunum lægra settra stjórnvalda hefur verið skotið til ráðuneyta. Jafnframt eiga sömu sjónarmið við þegar skorið er úr ágreiningi um rétt eða skyldu einstakra manna eða lögaðila hvort sem er þeirra á milli eða í skiptum við hið opinbera. Ákvæði III. kafla frumvarpsins eiga hins vegar ekki við aðrar úrlausnir ráðuneyta en tekið skal fram til þess að taka af öll tvímæli að ákvæðum II. kafla frumvarpsins er ætlað að taka til meðferðar mála hjá ráðuneytum almennt eftir því sem við getur átt.

Þótt Hagstofa Íslands teljist vera ráðuneyti í skilningi laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, hefur hún ekki eftirlit með starfsemi lægra settra stjórnvalda með sama hætti og önnur ráðuneyti. Þannig verða stjórnvaldsákvarðanir að jafnaði ekki bornar undir úrskurð Hagstofunnar. Af þeim sökum er eðlilegt að hinar sérstöku reglur III. kafla nái ekki yfir hana.

Um 13. gr.

Rétt þykir að sömu ákvæði gildi um vanhæfi ráðuneytisstarfsmanna, þar á meðal ráðherra, og gilda um dómara, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Er ákvæði þetta svo til samhljóða þeirri grein.

Um 14. gr.

Hér er byggt á þeirri meginreglu að málsaðilar skuli eiga skýlausan rétt á því að kynna sér öll gögn er mál þeirra varða. Ráðherra getur neitað að veita aðilum aðgang að slíkum gögnum ef hann telur sérstaka almanna- eða einkahagsmuni standa í vegi fyrir því. Er ráðherra skylt að rökstyðja slíka synjun en ekkert væri því til fyrirstöðu að hún yrði, eins og aðrar ákvarðanir samkvæmt lögunum, borin undir umboðsmann Alþingis eða hina almennu dómstóla.

Um 15. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um andmælarétt málsaðila og er lagt til að hann verði fortakslaus í málum þeim sem undir þennan kafla falla.

Um 16. gr.

Eðlilegt er að málum samkvæmt þessum kafla sé ráðið til lykta í úrskurðarformi. Í ákvæðinu er gerð nánari grein fyrir formi og efni slíkra úrskurða. Þótt höfð hafi verið hliðsjón af reglum réttarfarslaga við samningu þessarar greinar er gert ráð fyrir að ráðuneytisúrskurðir verði mun einfaldari að allri gerð en dómar sem kveðnir eru upp af hinum almennu dómstólum. Þannig er ekki ætlast til að málavextir séu raktir í úrskurðum né vikið sérstaklega að málsástæðum og lagarökum aðila.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Að jafnaði liggur í augum uppi hvaða aðili skipar staðgengil embættismanns sem vanhæfur er til meðferðar einstaks máls. Vafi kann þó að leika á því ef í hlut á ráðherra. Því þykir rétt, með vísun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, að taka það fram að forseti skipi staðgengil ráðherra ef sá einstaklingur, sem ráðherraembætti gegnir, telst vanhæfur.

Um 19. og 20. gr.

Í núgildandi lögum er að finna fjölda sérákvæða um málsmeðferð í stjórnsýslunni en ákvæði þessi eru bæði dreifð og ósamstæð. Rétt þykir að þau haldi öll gildi sínu þótt frumvarpið verði að lögum að tveimur ákvæðum undanskildum. Stæðu þessi lagaákvæði óbreytt mætti skilja þau svo að á hlutaðeigandi réttarsviðum væru gerðar minni kröfur til stjórnvalda við meðferð mála en þær lágmarkskröfur sem teknar hafa verið upp í frumvarpið. Af þessum sökum er nauðsynlegt að fella þau úr gildi.

Nd. 523. Frumvarp til laga [294. mál]

um umboðsmann Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Að loknum hverjum kosningum til Alþingis kýs sameinað þing umboðsmann Alþingis. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.

Ef umboðsmaður andast eða verður af öðrum sökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis skal sameinað þing kjósa umboðsmann að nýju. Sama hátt skal hafa á ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða meiri hluti sameinaðs þings samþykkir að víkja honum úr embætti. Með meiri hluta er hér átt við meira en helming allra alþingismanna.

Við tímabundin forföll umboðsmanns getur Alþingi kosið staðgengil til að gegna embættinu meðan forföll vara.

2. gr.

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum. Leitast hann við að tryggja að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

3. gr.

Því aðeins fjallar umboðsmaður um stjórnsýslu sveitarfélaga að um sé að ræða ákvarðanir sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins.

4. gr.

Umboðsmaður er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

5. gr.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði.

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum.

6. gr.

Kvörtun til umboðsmanns skal vera skrifleg og skal þar greint nafn og heimilisfang þess er kvartar. Öll tiltæk sönnunargögn um málsatvik skulu og fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því er stjórnsýslugerningur sá, er um ræðir, var til lykta leiddur.

Ef skjóta má máli til æðra stjórnvalds er ekki unnt að kvarta til umboðsmanns fyrr en æðra stjórnvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Ársfresturinn skv. 2. mgr. hefst þá frá þeim tíma.

7. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur krafið stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal getur hann krafist afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öðrum gögnum sem mál varða.

Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Umboðsmaður getur óskað þess að dómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli þykja skipta. Um vitnaleiðsluna skal farið eftir reglum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er málsaðila að vera viðstaddur vitnaleiðsluna. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974. Ákveða má að vitnaleiðslur þessar skuli fara fram fyrir luktum dyrum.

8. gr.

Umboðsmanni ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9. gr.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnvaldi og skal þá strax skýra stjórnvaldinu frá efni kvörtunarinnar nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Jafnan skal gefa stjórnvaldi, sem kvörtun beinist að, kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitsgerð skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr.

10. gr.

Telji umboðsmaður þegar í upphafi að kvörtun gefi ekki nægilegt tilefni til nánari athugunar eða uppfylli ekki skilyrði laganna til að mega hljóta meðferð skal hann tilkynna kvartanda það og er málinu þá lokið.

Hafi umboðsmaður tekið mál til meðferðar geta lyktir þess orðið:

a. Hann getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds.
b. Hann getur gefið álit um hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn góðum stjórnsýsluháttum. Telji hann um að ræða brot í starfi sem varðar viðurlögum samkvæmt lögum skal hann gera viðeigandi yfirvöldum viðvart.

11. gr.

Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn.

12. gr.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann greina hvað stjórnvaldið, er hlut á að máli, hefur fært fram sér til varnar.

13. gr.

Umboðsmaður skal njóta sömu launakjara og hæstaréttardómarar. Hann á rétt til biðlauna í þrjá mánuði er hann lætur af starfi.

Umboðsmanni er óheimilt að taka að sér stöðu eða starf hjá opinberum aðilum eða einkaaðilum sem með einhverjum hætti geta tengst starfi hans sem umboðsmanns þannig að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málavöxtu í máli sem til hans kann að berast.

14. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur starfsfólk síns embættis. Um fjölda þess og launakjör skal farið eftir reglum sem Alþingi setur skv. 15. gr.

15. gr.

Alþingi setur nánari reglur um störf og starfshætti umboðsmanns. Reglur þessar skulu settar með ályktun í sameinuðu Alþingi að loknum tveimur umræðum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboðsmaður Alþingis skal kjörinn í fyrsta sinn skv. 1. gr. laga þessara fyrir 1. janúar 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að ósk forsætiráðherra af hæstaréttarlögmönnunum Eiríki Tómassyni og Jóni Steinari Gunnlaugssyni. Er það gert samhliða frumvarpi til stjórnsýslulaga sem sömu menn sömdu og lagt er fram um leið og þetta frumvarp. Frumvörpin eru liður í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að endurskipuleggja stjórnkerfið, m.a. í því skyni að auka réttaröryggi.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnsett verði embætti umboðsmanns Alþingis. Yrði hlutverk umboðsmannsins að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt því sem nánar er fyrir mælt í frumvarpinu. Hugmyndin um embætti umboðsmanns þjóðþingsins er komin frá Norðurlöndum. Í Svíþjóð, Danmörku og Noregi hafa mislengi verið í lögum ákvæði um umboðsmenn. Er það samdóma álit manna að með þessari skipan hafi fundist virk leið til aðhalds með stjórnvöldum sem hafi bætt mjög stjórnsýslu landanna án þess að vera of þung í vöfum í einstökum málum.

Það er mjög þýðingarmikið að setning laga um umboðsmann Alþingis haldist í hendur við setningu stjórnsýslulaga þar sem kveðið er á um reglur um meðferð mála í stjórnsýslunni. Er frumvarp um það efni, eins og áður gat, flutt samhliða þessu frumvarpi. Vísast til athugasemda með því um tengsl þessara tveggja frumvarpa.

Áður hafa verið fluttar á Alþingi tillögur um umboðsmann Alþingis. Á 92. löggjafarþingi 1971–1972 var samþykkt þingsályktunartillaga Péturs Sigurðssonar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis. Á 94. löggjafarþingi 1973–1974 var lagt fram stjórnarfrumvarp um umboðsmann Alþingis en það varð ekki útrætt. Á 98. löggjafarþingi 1976–1977 var Pétur Sigurðsson fyrsti flutningsmaður frumvarps um sama mál og var það ekki útrætt. Á sama þingi flutti Benedikt Gröndal frumvarp til laga um umboðsnefnd Alþingis sem þjóna átti hliðstæðu hlutverki. Á 100. löggjafarþingi 1978–1979 fluttu Ellert B. Schram o.fl. þingsályktunartillögu þar sem skorað var á ríkisstjórnina að leggja fram

frumvarp til laga um umboðsmann Alþingis. Sú tillaga varð ekki heldur útrædd. Á 108. löggjafarþingi 1985–1986 fluttu Gunnar G. Schram o.fl. frumvarp um umboðsmann Alþingis sem var samhljóða stjórnarfrumvarpinu frá 1973. Það frumvarp varð ekki útrætt og hefur verið lagt fram á ný af sömu þingmönnum á þessu þingi.

Frumvarpið, sem var flutt á þinginu 1973–1974, var að mestu leyti samið af Sigurði Gizurarsyni, nú bæjarfógeta á Akranesi. Með því frumvarpi fylgdi ítarleg og vönduð greinargerð. Er vísað til hennar í heild (sjá Alþingistíðindi A-deild 1973–74, bls. 703–727).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. málsgrein.

Hér er ráðgert að sameinað þing skuli kjósa umboðsmann að loknum hverjum kosningum til Alþingis. Þetta er sama fyrirkomulag og haft er í Danmörku. Má ætla að það sé fallið til að auðvelda umboðsmanni störf ef hann sækir umboð sitt beint til meiri hluta þess þings sem situr hverju sinni.

Um embætti hæstaréttardómara vísast til 5. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, og 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Um 2. málsgrein.

Í ákvæðinu er vikið að því hvernig fara skuli ef umboðsmaður lætur af starfi áður en kjörtímabili lýkur. Þá er eðlileg sú regla að meiri hluti allra alþingismanna geti vikið umboðsmanni úr embætti. Er þetta sami háttur og ríkir í Danmörku og er í samræmi við þá skipan að umboðsmaðurinn sæki umboð sitt beint til Alþingis eins og það er skipað hverju sinni.

Um 3. málsgrein.

Alþingi verður að meta hvenær tímabundin forföll umboðsmanns gefa tilefni til kosningar staðgengils. Það mundi að jafnaði vera nauðsynlegt við forföll sem fyrirsjáanlegt þykir að muni vara, t.d. tvo til þrjá mánuði eða lengur. Staðgengill umboðsmanns þarf að sjálfsögðu að uppfylla öll skilyrði þess að mega gegna umboðsmannsembættinu.

Um 2. gr.

Í þessari grein er sett meginregla um hlutverk umboðsmanns. Þótt sagt sé að umboðsmaður skuli hafa eftirlit með stjórnsýslu felst ekki í því skylda til að fylgjast reglubundið með allri stjórnsýslu í stóru og smáu. Til slíks þyrfti meiri háttar stofnun með miklu starfsliði. Aðeins er ætlast til að umboðsmaður bregði við þegar hann fær til þess sérstakt tilefni, þ.e. kvörtun eða sérstaka vitneskju með öðrum hætti en tilvik sem hann telur rétt að kanna nánar (sbr. 1. mgr. 5. gr. frv.).

Í síðari málslið greinarinnar er mælt fyrir um meginefni eftirlitshlutverks umboðsmannsins. Er hér sjálfsagt þýðingarmest að tekin verði í lög almenn regla um jafnræði manna gagnvart athöfnum stjórnvalda. Felst m.a. í þessu að málefni manna ber að afgreiða í stjórnsýslu eftir almennum lagasjónarmiðum en ekki geðþótta. Er sú regla raunar talin gilda á Íslandi þótt ólögfest sé. Svo er einnig í öðrum ríkjum sem talin eru til svonefndra „réttarríkja“.

Í greinargerð með hliðstæðu ákvæði í 4. gr. frumvarpsins frá 1973 sagði m.a. svo:

„Hlutverk umboðsmanns er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu, og að stjórnarvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Með þessari yfirlýsingu 4. gr. frv. er mörkuð sú stefna, sem umboðsmaður skal fylgja í starfi sínu. Samkvæmt henni er það réttar-

öryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Ákvæði 4. gr. frv. skal skilja þannig, að einnig einkafyrirtæki, sameignarfélög, hlutafélög, samvinnufélög og hvers konar félög geta leitað aðstoðar umboðsmanns og borið fram kvartanir við hann. Mál, sem umboðsmaður tekur til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, þurfa þó ekki beinlínis að varða réttaröryggi einstakra þegna eða félaga gagnvart stjórnarvöldum. Hvers konar hugsanleg lögbrot, óreiðu og vanstjórn í opinberri stjórnsýslu getur umboðsmaður tekið til rannsóknar. Einn þáttur í starfi umboðsmanns skal vera að gera tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnsýslu. Þar á meðal skal hann gera tillögur til að ráða bót á meinbugum á lögum og reglugerðum, sem hann kemur auga á, sbr. 13. gr. frv." (hér 11. gr. frv.). Allt þetta á við hér.

Um 3. gr.

Ljóst er skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 1986, að sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum að vissu marki. Þau sæta hins vegar einnig eftirliti landsstjórnarinnar samkvæmt því sem ákveðið er í lögum. Þessu frumvarpi er ekki ætlað að fela í sér nein efnisákvæði um það hvaða ákvarðanir sveitarstjórna sæti eftirliti landsstjórnarinnar. Um það efni er vísað til annarra lagaákvæða, sbr. 11. gr. frumvarps til stjórnsýslulaga sem flutt er samhliða frumvarpi þessu. Þess má þó geta hér að venjulega er unnt að bera undir landsstjórnina (félagsmálaráðherra) álitaefni um hvort sveitarstjórnir hafi farið að lögum í sýslu sinni (sjá um þessi efni t.d. rit Ólafs Jóhannessonar: Stjórnarfarsréttur, almennur hluti II, 2. útg. endurskoðuð, fjölrit, Rvík 1974). Valdsvið umboðsmannsins gagnvart sveitarstjórnum verður auðvitað það sama og landsstjórnarinnar.

Um 4. gr.

Þó að umboðsmaður sé kosinn af Alþingi og starfi þannig í umboði þess getur Alþingi ekki gefið honum nein fyrirmæli um starfann. Er vitaskuld nauðsynlegt að umboðsmaðurinn hafi sjálfstæða stöðu í einstökum málum og taki ekki við fyrirmælum frá neinum.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru samhljóða ákvæði og voru í frumvarpinu 1973 í 1. og 2. mgr. 7. gr. Vísast til athugasemda við þau ákvæði þar sem sagði m.a. um 1. mgr.:

„Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar, hvort heldur er, eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Allar kvartanir tekur hann fyrst til frumkönnunar. Leiðir hún þá til þess, að vísað er frá þeim kvörtunum, sem umboðsmaður hefur ekki vald til að fjalla um eða eru augljóslega ekki á rökum reistar o.s.frv. Aðrar kvartanir tekur umboðsmaður til meðferðar.

Að sjálfs sín frumkvæði getur umboðsmaður tekið til meðferðar hvers konar atferli stjórnarvalda, sem honum þykir rannsóknar vert. Er gert ráð fyrir, að hann fái vitneskju um slík mál aðallega í gegnum fjölmiðla, dagblöð, útvarp o.s.frv. Umboðsmaður er þá ekki bundinn við rannsókn eins einstaks máls, heldur getur tekið til könnunar ákveðið ástand innan stjórnsýslunnar, sem enginn einn, starfsmaður eða stjórnarvald, er riðið við. Þó er gert ráð fyrir, að meginverkefni umboðsmanns verði rannsókn einstakra mála, þar sem kvörtun hefur borist á hendur einstöku stjórnarvaldi."

Um 2. málsgrein.

Hér er kveðið á um hverjir megi bera fram kvörtun. Þar eru ekki önnur skilyrði sett en að viðkomandi aðili telji stjórnvald hafa beitt sig rangindum. Aðrir, sem telja sig þekkja

dæmi um rangindi í stjórnsýslu sem ekki beinist að þeim sjálfum, geta, ef þeir vilja, vakið athygli umboðsmanns á málinu. Metur hann þá, hvort hann tekur málið til meðferðar „að sjálfs sín frumkvæði“ skv. 1. mgr.

Ekki er það skilyrði skv. 2. mgr. að sá sem kvartar sé íslenskur ríkisborgari.

Um 6. gr.

Um 1. málsgrein.

Hér er kveðið á um lágmarksformskilyrði kvörtunar. Til þess gæti komið að starfsfólk umboðsmanns veitti aðstoð og leiðbeiningar við að koma kvörtun í skriflegt og tækt form. Við nafnlausum kvörtunum tekur umboðsmaður ekki.

Um 2. og 3. málsgrein.

Í athugasemdum með samsvarandi ákvæðum frumvarpsins 1973 sagði svo:

„Kvörtun skal bera fram innan árs, frá því að gagnrýndur stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur. Er þá miðað við, hvenær kvörtun berst umboðsmanni. Nauðsyn þykir bera til að setja ákveðinn frest, sem unnt sé að bera fram kvartanir á, því að endalaust skulu menn ekki geta tekið upp gerðir stjórnarvalda og kvartað undan þeim við umboðsmann. Þykir eitt ár hæfilegur frestur.

Ef um er að ræða stjórnsýslugerninga, sem skjóta má til æðra stjórnvalds, hefst fresturinn ekki, fyrr en það hefur úrskurðað málið. Ákvæði [3. mgr.] verður að skilja á þann veg í málum, þar sem kvartað er undan seinagangi á afgreiðslu máls, að fresturinn telst ekki hefjast, fyrr en drætti málsins lýkur hjá stjórnvaldi. Ef mál dregst þannig óhæfilega í höndum stjórnvalds, þarf kvartandi þó ekki að bíða allt til þess, er drætti lýkur. Hann getur borið fram kvörtun, þegar dráttur er orðinn óhæfilegur.

Í [3. mgr.] felst sú regla, að sé kæruheimild fyrir hendi innan stjórnkerfisins, þá skal fullreyna þá leið fyrst, áður en borin er fram kvörtun til umboðsmanns. Stjórnarvöld skulu sjálf fá fyrst tækifæri til að leiðrétta ákvarðanir, sem hugsanlega eru rangar, áður en farið er til aðila utan stjórnkerfis þeirra með kvartanir. Það væri óviðeigandi. Síðar kæmi ef til vill á daginn, að æðra stjórnarvald hefði örugglega leiðrétt, ef það hefði fengið tækifæri til þess. Ef umboðsmaður vísar frá sér kvörtun með þeim rökum, að æðra stjórnarvald hafi ekki fjallað um málið, er rétt, að hann láti stjórnarvaldi þessu í té vitneskju um afstöðu sína.

Af reglu [3. mgr.] leiðir, að sé kvartað undan öðru atferli en því sem sætir málskoti, t.d. málsmeðferðinni eða framkomu opinbers starfsmanns, þarf einstaklingur ekki að kæra til æðra stjórnarvalds og bíða eftir úrskurði þess, áður en hann ber fram kvörtun við umboðsmann.“

Um 7. gr.

Um 1. málsgrein.

Víðtæk heimild umboðsmanns til að krefja stjórnvöld um upplýsingar er nauðsynleg til að frumvarpið, ef að lögum verður, nái tilgangi sínum. Er í 8. gr. frv. kveðið á um þagnarskyldu umboðsmanns og starfsmanna hans.

Um 2. málsgrein.

Hér er gerð sjálfsögð undantekning um rétt umboðsmannsins til að krefjast upplýsinga af stjórnvöldum.

Um 3. málsgrein.

Hér er mælt fyrir um heimild umboðsmanns til að krefjast vitnaleiðslu um atvik er honum þykja máli skipta. Um þessar vitnaleiðslur fer þá eftir lögum um meðferð opinberra mála, sjá einkum X. og XII. kafla þeirra laga. Síðari málsliðir greinarinnar skýra sig sjálfir.

Um 8. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins frá 1973 var ákvæði um þagnarskyldu nokkuð öðruvísi orðað, þótt efnislega sé ekki mikill munur á. Athugasemdirnar með greininni þá eiga alveg við um 8. gr. Þar sagði m.a. (greinatilvitnunum breytt):

„Umboðsmaður hefur víðtækt vald til að afla gagna frá stjórnarvöldum, sbr. 7. grein frv. Verða honum þá ef til vill kunn atvik, sem lögum eða eðli máls samkvæmt þurfa að fara leynt. Samkvæmt 10. grein frv. er umboðsmanni hins vegar rétt að láta uppi álit sitt og skýra opinberlega frá málefnum innan verkahrings hans. Verður umboðsmaður því að meta, hverju hæfilegt og viðeigandi sé að skýra frá. Á það ekki síst við vinnugögn, sem umboðsmaður fær frá stjórnarvöldum. Gögn þessi sýna títt, hvernig stjórnarvald komst að niðurstöðu og ákvörðun. Ef umboðsmaður ætlar sér að gagnrýna forsendur ákvörðunar, verður hann því stundum að vitna til þessara gagna og það er honum heimilt. Sama gildir, þegar umboðsmaður fær vitneskju frá opinberum sýslunarmönnum, sem þagnarskylda hvílir á.

Hins vegar má umboðsmaður ekki skýra frá vitneskju, sem honum verður kunn í starfi og engu skiptir við framkvæmd starfs hans, nema sérstakar ástæður mæli með því. Gilda hér venjulegar reglur um þagnarskyldu."

Um 9. gr.

Um 1. málsgrein.

Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að málsmeðferð sé drengileg gagnvart stjórnvaldi því sem hlut á að máli.

Um 2. málsgrein.

Þótt svo standi á að umboðsmaður hafi ekki strax skýrt stjórnvaldi frá efni kvörtunar vegna undanþágureglunnar í 1. mgr. er honum samt óheimilt að ljúka málinu með álitsgerð nema stjórnvaldið hafi áður átt þess kost að skýra málið af sinni hálfu.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig lyktir kvörtunarmálanna geta orðið.

Gangi mál „alla leið" lýkur því með álitsgerð skv. b-lið 2. mgr. Áhersla skal lögð á að álitsgerð umboðsmanns er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir kvartanda né stjórnvaldið sem hlut á að máli. Í álitsgerð geta falist tilmæli, gagnrýni, ráð eða leiðbeiningar, allt eftir eðli málsins hverju sinni. Er þetta sami háttur og ríkir í Noregi og Danmörku, þ.e. að álitsgerðir umboðsmanns eru ekki formlega skuldbindandi. Hins vegar er þess að vænta hér, eins og þar, að álit umboðsmanns verði jafnan talið vega þungt, þannig að farið sé að áliti hans og tilmælum.

Auk þess að segja álit sitt á lagaatriðum getur umboðsmaður látið uppi álit á því hvort stjórnvald hafi farið að með nægilegri nærgætni eða sanngirni. Þannig má hann láta uppi álit á hreinum matsatriðum sem ekki hafa beina lagalega þýðingu í skiptum aðila.

Loks er í b-lið 2. mgr. gert ráð fyrir að umboðsmaður geri yfirvöldum viðvart ef um er að ræða brot sem varða viðurlögum. Er þetta sjálfsögð regla.

Um 11. gr.

Meinbugir á lögum eða reglum geta verið nánast formlegs eðlis, svo sem misræmi milli ákvæða, prentvillur, óskýr texti o.fl. Einnig geta meinbugir verið beinlínis fólgnir í efnisatriðum, svo sem mismununar milli manna, reglugerðarákvæði skorti lagastoð eða hreinlega að telja verði ákvæði ranglátt mælt á huglægan mælikvarða. Allt þetta getur umboðsmaður látið til sín taka skv. 11. gr. frv.

Um 12. gr.

Þetta ákvæði er tekið óbreytt úr frumvarpinu 1973. Vísast til athugasemda með því þar sem sagði (greinatilvitnunum breytt):

Um 1. málsgrein.

„Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Úrlausn hans á einstökum málum getur síðar orðið leiðbeinandi í fjölda annarra mála og þannig orðið fordæmi. Auk þess getur umboðsmaður látið uppi álitsgerðir almenns eðlis, sem fyrir fram er vitað, að varða fjölda mála. Af þessum ástæðum er útgáfa ársskýrslu umboðsmanns veigamikill þáttur í starfi hans. Er gagnlegt, að ársskýrslan sé lögð fyrir sameinað þing og þingmenn taki hana til umræðu. Fæst þannig opinber umræða um stjórnsýsluna og endurbætur á henni."

Um 2. málsgrein.

„Ákvæði 2. mgr. ber að skilja á þann veg, að komi í ljós stórvægileg mistök eða afbrot stjórnarvalds, þá getur umboðsmaður látið þar við sitja að gefa Alþingi eða hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn sérstaka tilkynningu um málið. Er honum ekki skylt að fjalla einnig um málið í ársskýrslu. Enn fremur getur hann látið saksóknara ríkisins vita um málið, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. frv."

Um 3. málsgrein.

„Efni 3. mgr. frv. gengur í sömu átt og efni 2. mgr. Er ákvæðinu einkum ætlað að vera umboðsmanni vörn gegn ágangi blaðamanna og annarra, sem sækjast eftir vitneskju um, hvernig umboðsmaður hefur farið með mál. Mál umboðsmanns er einatt eftirsótt blaðaefni. Er algjörlega lagt á vald umboðsmanns, hvernig hann skýrir opinberlega frá málum."

Um 4. málsgrein.

„Ákvæði þessarar málsgreinar gegnir svipuðu hlutverki og ákvæði 9. gr. frv. Stjórnarvald varðar eðlilega miklu, að allt það, sem það hefur fært fram sér til varnar, komi fram í tilkynningum umboðsmanns. Getur það vitaskuld haft mikil áhrif á, hverjar skoðanir almenningur myndar sér á grundvelli tilkynninga og skýrslna umboðsmanns."

Um 13. gr.

Um 1. málsgrein.

Ákvæði þetta miðar að því að tryggja umboðsmanni fjárhagslegt sjálfstæði í starfi á borð við hæstaréttardómara og þá virðingu að njóta launa til jafns við þá.

Svo sem ráðningu umboðsmanns er háttað kann hann að þurfa að hverfa úr starfi án þess að vita um það sjálfur með miklum fyrirvara. Er þá rétt að hann njóti nokkurra biðlauna.

Um 2. málsgrein.

Þetta ákvæði skýrir sig sjálft og á að tryggja sjálfstæði og hlutleysi umboðsmanns í starfi.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr. er fallið til þess að stuðla frekar að sjálfstæði umboðsmannsins með því að hann verður sjálfráður um hverja hann velur sem aðstoðarmenn sína.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi sama dag og stjórnsýslulög, sbr. 20. gr. frumvarps til þeirra laga.

Ed. 524. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. jan. 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Egill Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.

Ed. 525. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um opinber innkaup.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. jan. 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Egill Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.

Ed. 526. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Árni Johnsen var fjarstaddur er málið var afgreitt.

Alþingi, 22. jan. 1987.

Haraldur Ólafsson, form.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.	Ragnar Arnalds.

Ed. 527. Frumvarp til laga [295. mál]

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Þungaskatt samkvæmt A-lið 4. gr. skal greiða tvisvar á ári. Gjalddagar skattsins eru 1. janúar vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal innheimast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við innheimtu þungaskatts vegna ársins 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi ákvæði í lögum um fjáröflun til vegagerðar kveða á um að þungaskatt léttari bifreiða en 4 tonn, sem ekki greiða km-gjald, skuli greiða einu sinni á ári. Gjalddaginn er 1. janúar ár hvert en eindagi 1. apríl. Mikillar óánægju hefur gætt meðal gjaldenda skattsins með að ekki skuli mögulegt að greiða hann á a. m. k. tveimur eða fleiri gjalddögum á ári. Gjaldskrá þungaskatts vegna ársins, sbr. reglugerð nr. 516/1986, er nú þannig:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	38.880	2800 — 2999	63.920
1000 — 1999	49.700	3000 — 3199	66.760
2000 — 2199	52.540	3200 — 3399	69.600
2200 — 2399	55.380	3400 — 3599	72.450
2400 — 2599	58.230	3600 — 3799	75.290
2600 — 2799	61.070	3800 — 3999	78.130

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	50.540	2800 — 2999	83.090
1000 — 1999	64.610	3000 — 3199	86.790
2000 — 2199	68.300	3200 — 3399	90.600
2200 — 2399	72.000	3400 — 3599	94.180
2400 — 2599	75.700	3600 — 3799	97.880
2600 — 2799	79.390	3800 — 3999	101.570

Eins og áður segir ber gjaldendum að standa skil á ofangreindu árgjaldi fyrir 1. apríl ár hvert.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fjölga gjalddögum í tvo, þannig að gjaldtímabilin á hverju ári verði framvegis tvö. Hið fyrra sé frá 1. janúar til 30. júní og með gjalddaga 1. janúar ár hvert og hið síðara 1. júlí til 31. desember með gjalddaga 1. júlí ár hvert. Með þessum hætti er stefnt að því að dreifa greiðslubyrði vegna skattsins á sanngjarnari hátt innan gjaldársins en verið hefur.

Gert er ráð fyrir að breyting á gjalddögum samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum, taki til innheimtu skattsins á þessu ári. Gjaldskrá tímabilsins 1. janúar 1987 til 30. júní 1987 mun verða sem hér segir nái frumvarp þetta fram að ganga:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	19.440	2800 — 2999	31.960
1000 — 1999	24.850	3000 — 3199	33.380
2000 — 2199	26.270	3200 — 3399	34.800
2200 — 2399	27.690	3400 — 3599	36.230
2400 — 2599	29.120	3600 — 3799	37.650
2600 — 2799	30.540	3800 — 3999	39.070

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	25.270	2800 — 2999	41.550
1000 — 1999	32.310	3000 — 3199	43.400
2000 — 2199	34.150	3200 — 3399	45.240
2200 — 2399	36.000	3400 — 3599	47.090
2400 — 2599	37.850	3600 — 3799	48.940
2600 — 2799	39.670	3800 — 3999	50.790

Frumvarp þetta felur ekki í sér neina breytingu á heildartekjum af þungaskatti á þessu ári. Þær eru áætlaðar 160 m. kr. samkvæmt fjárlögum ársins 1987 af þeim bifreiðum sem nú greiða árgjald þungaskatts.

Ed. 528. Frumvarp til laga [296. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 56/1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Heimilt er að endurskipa vitamálastjóra svo oft sem verða vill.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda er skipaður verður vitamálastjóri í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í hafnalögum, nr. 69/1984, segir m.a. svo í 4. gr.:

„Hafnamálastjóri skal, að fenginni umsögn hafnaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.“

Í ákvæði til bráðabirgða II í sömu lögum segir svo að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma hafnamálastjóra skuli skipun núverandi hafnamálastjóra halda gildi sínu.

Þessi breyting á hafnalögum var gerð í samræmi við þá þróun sem hefur undanfarin ár átt sér stað í ríkisstofnunum, að forsetaskipun forstöðumanns hefur verið felld niður og þar með æviráðning en þeir í þess stað skipaðir af viðkomandi ráðherra til ákveðins tíma.

Ekki var talin ástæða til þess þegar frumvarp til gildandi hafnalaga var til umfjöllunar á Alþingi að breyta jafnframt lögum um vitamál eins og hér er lagt til. Endurskipulagning sú, sem unnið hefur verið að allt undanfarið ár og raunar lengur á starfsemi Hafnamálastofnunarinnar og nú er að verulegu leyti komin til framkvæmda, gerir það hins vegar að verkum að nauðsynlegt er að breyta lögum um vitamál á þann hátt sem lagt er til til samræmis við hafnalög enda gegnir sami maður bæði embætti vitamálastjóra og hafnamálastjóra.

Ed. 529. Frumvarp til laga [297. mál]

um breyting á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Beiðni um uppboð skal vera skrifleg. Greina skal þar, svo að ekki verði um villst, nafn og heimili uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda og skuldunautar sé hann annar en uppboðsþolandi. Greina skal og nægilega glöggt þau verðmæti sem uppboðs er krafist á, svo

sem fasteign, skip, loftfar eða bifreið, með viðeigandi merkjum eða einkennum, verðbréf með flokkstölu, bókstaf og númeri, ef því er að skipta, vörutegund, ef vörur skal selja, skepnur, svo sem hross, kýr o.s.frv. Gera skal og grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja er sanna hana, svo sem endurrit lögtaks- eða fjárnámsgerðar, frumrit eða myndrit veðskuldabréfs, handveðssamnings eða annars heimildarskjals. Uppboðshaldari getur hvenær sem er krafið uppboðsbeiðanda um frumrit skjals til staðfestingar á uppboðsheimild en þó skal það gert eigi síðar en við uppboðssölu.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Ef eigi er öðru vísi mælt í uppboðsskilmálum er hver sá, er boð gerir á uppboði, bundinn við boð sitt þar til annað boð hefur verið samþykkt, þó ekki lengur en í þrjár vikur frá því síðasta uppboði er slitið.

4. gr.

3. og 4. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Uppboðshaldari skal senda eiganda eignar og skuldunaut, ef hann er ekki eigandi, uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum hætti, eigi síðar en 14 dögum fyrir uppboð eða þegar í stað ef hann hefur síðar fengið vitneskju um rétthafa eða verustað hans. Veðhafa eða öðrum þeim, sem samkvæmt þinglýsingabókum eða öðrum gögnum eiga eða ætla má að eigi réttindi í eign, skal uppboðshaldari einnig tilkynna um uppboðið. Nú er eigandi eða skuldunautur hérlendur ríkisborgari en vissa þykir fyrir að hann eigi ekki lengur heimili hér á landi eða uppboðsbeiðanda reynist ókleift að afla vitneskju um dvalarstað hans og getur þá uppboðshaldari ákveðið að fullnægt verði tilkynningarskyldu til hans með birtingu sérstakrar auglýsingar í Lögbirtingablaði hið minnsta 14 dögum áður en uppboð verður haldið.

Nú skal selja hér fasteign, loftfar eða skip erlends ríkisborgara eða félags sem varnarþing á erlendis og skal þá uppboðshaldari senda utanríkisráðuneytinu uppboðsauglýsingu en það sendir hana svo fljótt sem kostur er utanríkisráðuneyti í heimalandi eigandans og er þá ekki þörf frekari tilkynninga frá uppboðshaldara til hans.

5. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Uppboð skal halda á skrifstofu uppboðshaldara, sbr. þó 3. mgr. 29. gr.

6. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Nú sækir uppboðsbeiðandi, sbr. 1. mgr. 21. gr., ekki uppboðsþing eða sinnir ekki kröfu uppboðshaldara um framvísun skjala skv. 1. mgr. 6. gr. og verður þá ekki af uppboði nema einhver sá, er uppboðs mátti krefjast eftir 1. mgr. 21. gr., beiðist þess.

7. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Uppboð skal haldið öðru sinni nema eigandi eignar og skuldunautur, ef hann er annar en eigandi, lýsi því yfir áður en uppboði er slitið að þeir telji annað uppboð þarflaust. Þrátt fyrir slíka yfirlýsingu getur réttindahafi í eign, sem missa mundi réttinda sinna í henni sakir þess hversu lágt boð hefur fengist, krafist annars uppboðs áður en fyrsta uppboði er slitið.

Í auglýsingu um annað uppboð skal þess geta að það sé annað og síðara uppboð. Auglýsing um annað uppboð skal birt hið minnsta í einu dagblaði eða á annan hátt sem uppboðshaldara þykir til hlýða.

Nú telur eigandi eignar, skuldunautur eða annar rétthafi sýnt að boð á öðru og síðara uppboði á fasteign hafi ekki orðið svo hátt sem skyldi og að það stafi af því að uppboð hafi ekki verið háð á eigninni sjálfri og getur hann þá krafist þess áður en öðru uppboði er slitið að fram fari þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni sem haldið verði á henni sjálfri. Skal uppboðið haldið innan fjögurra vikna frá öðru uppboði. Í auglýsingu skal þess geta að uppboðið sé þriðja og síðasta uppboð og fer um birtingu hennar eftir fyrirmælum 2. mgr.

Nú fæst jafnhátt eða hærra boð á síðara uppboði og getur þá hver sá, er í 1. mgr. 21. gr. segir og væntanlega fær hluta af uppboðsandvirði, krafist þess að eign sé slegin hæstbjóðanda er fullnægir eða telja má að muni fullnægja uppboðsskilmálum. Hið sama á við ef jafnhátt boð eða hærra kemur fram á þriðja og síðasta uppboði á fasteign ef það er haldið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæðum laga þessara skal beita um framkvæmd uppboðs þótt beiðni um það hafi borist fyrir gildistöku þeirra ef öðru og síðasta uppboði samkvæmt fyrirmælum eldri laga hefur ekki verið slitið við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57/1949, hefur verið samið að tilhlutan réttarfarsnefndar.

Lög um nauðungaruppboð, hér á eftir nefnd uppboðslög, voru sett fyrir liðlega 37 árum. Við setningu uppboðslaga voru nauðungaruppboð fremur fátíð en nokkuð jöfn fjölgun virðist hafa orðið á þeim frá gildistöku laganna fram á árið 1980. Frá þeim tíma hefur hins vegar orðið mikil aukning beiðna um nauðungaruppboð og að sama skapi fjölgun tilvika þar sem endanleg sala eigna á sér stað með þeim hætti.

Samkvæmt uppboðslögum hefjast aðgerðir uppboðshaldara þegar fram kemur beiðni frá kröfuhafa um nauðungarsölu eignar. Ber uppboðshaldara þegar að tilkynna uppboðsþola um uppboðsbeiðni en eftir frumkönnun framkominna gagna og að fullnægðum skilyrðum uppboðslaga gefur uppboðshaldari út uppboðsskilmála og auglýsir nauðungaruppboð í Lögbirtingablaði þar sem tilkynnt er hvenær uppboðsbeiðni verður tekin fyrir fyrsta sinni. Fram yfir árið 1960 átti þessi fyrsta fyrirtaka sér að jafnaði stað á þeirri eign sem uppboðs var krafist á en sá háttur lagðist af án lagabreytinga og hefur síðan tíðkast að þessar fyrirtökur fari fram á starfsstöð uppboðshaldara enda fyrir áratugum komin festa á þá framkvæmdarvenju að uppboðssala eigi sér ekki stað við fyrstu fyrirtöku uppboðsbeiðni heldur er þá tekin ákvörðun um áframhald uppboðsaðgerða. Algengt er að uppboðsbeiðandi óski frestunar máls, einu sinni eða oftar, til fyrirtöku á starfsstöð uppboðshaldara. Að öðrum kosti krefst uppboðsbeiðandi sölu á eign uppboðsþola sem fram fer á eigninni sjálfri eftir tiltekinn tíma, að undangenginni auglýsingu í dagblaði. Mikill meiri hluti uppboðsbeiðna er afturkallaður áður en til þessa kemur en fari uppboð fram er aðilum uppboðsins heimilt að krefjast þess að fram fari annað og síðasta uppboð á eigninni sem þá fer einnig fram á eigninni sjálfri að undangenginni auglýsingu. Uppboðsbeiðandi getur frestað uppboði eða afturkallað beiðni sína þótt uppboðssala hafi verið auglýst en til frestunar þarf að jafnaði að fara á eignina sem selja á. Algengast er að uppboðsþola takist að afstýra uppboði á eign sinni annaðhvort með greiðslu skuldar eða með samningum um greiðslu.

Framangreind lýsing á framkvæmd nauðungaruppboða á einkum við um uppboðssölu fasteigna en meðferð uppboðsbeiðna á skipum og loftförum lýtur í meginatriðum sömu reglum. Aðrar reglur gilda hins vegar um nauðungarsölu lausafjár en tilefni er ekki til lýsingar á þeim hér.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um fjölda uppboðsbeiðna og annarra aðgerða í tengslum við meðferð þeirra á landinu öllu á síðustu árum. Hins vegar hafa verið teknar saman upplýsingar um tiltekin atriði í þessu sambandi við uppboðsrétt Reykjavíkur vegna gerðar þessa frumvarps sem taka til tímabilsins frá ársbyrjun 1983 til loka októbermánaðar 1986 og þykir rétt að gera grein fyrir þeim hér. Við öflun þessara upplýsinga reyndist ekki kleift að finna samtölu móttekinna uppboðsbeiðna á viðkomandi tímabilum en hins vegar liggur fyrir hver fjöldi fasteignauppboða hefur verið afgreiddur með afturköllun uppboðsbeiðna og kemur sú tala fram í töflu hér á eftir í dálki (1). Í dálki merktum (2) kemur fram fjöldi þeirra tilvika þar sem uppboðshaldari hefur farið á þá eign, sem uppboðs hefur verið krafist á, til að framkvæma fyrri eða síðari nauðungarsölu. Loks er í dálki (3) að finna þann fjölda tilvika þar sem endanleg uppboðssala hefur átt sér stað. Er fjöldi þessara einstöku tilvika sem hér segir:

Tímabil	(1)	(2)	(3)
Árið 1983	2924	499	8
Árið 1984	2385	918	14
Árið 1985	3588	1301	28
Frá 1.1. til 31.10. 1986	3064	1433	46

Af þessum tölum verður ráðið að fjöldi afgreiddra fasteignauppboða hefur ekki aukist verulega á ofangreindu tímabili. Hins vegar er ljóst að aðgerðir hafa orðið að ganga lengra ár frá ári áður en skuldara hefur tekist að afstýra uppboðssölu, svo sem sést á mikilli aukningu á kröfum um framkvæmd fyrri og síðari uppboðssölu í dálki (2) hér að ofan. Hlutfallsleg aukning er þó mest á endanlegri uppboðssölu fasteigna á þessu tímabili eins og fram kemur í dálki (3).

Eins og áður hefur komið fram voru nauðungaruppboð tiltölulega fátíð við setningu uppboðslaga. Sú mikla aukning þeirra, sem orðið hefur á þessum áratug, hefur leitt í ljós ýmsa vankanta á reglum uppboðslaga um framkvæmd nauðungaruppboða í þeim mæli sem orðið er. Réttarfarsnefnd er þeirrar skoðunar að ástæða sé til að endurskoða uppboðslögin í heild af þessum sökum en ljóst er að slík endurskoðun er viðurhlutamikið verk sem fyrirsjáanlega tæki allnokkurn tíma. Hins vegar er svo komið um ýmis atriði við framkvæmd nauðungaruppboða að ekki þykir fært að bíða lagfæringar þeirra þar til heildarendurskoðun laganna mætti ljúka og er með frumvarpi þessu lagt til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á viðkomandi atriðum uppboðslaga. Þeir annmarkar, sem frumvarpi þessu er ætlað að ráða bót á, eru einkum eftirfarandi:

1. Eins og áðurgreindar tölulegar upplýsingar leiða í ljós hefur orðið stórfelld fjölgun þeirra tilvika þar sem uppboðshaldari og uppboðsbeiðendur fara á eign uppboðsþolans til að halda fyrri eða síðari uppboðssölu. Aðgerðir sem þessar fara oftast fram á heimili uppboðsþolans að undangenginni dagblaðsauglýsingu. Endanleg uppboðssala á sér aðeins stað í hverfandi fáum þessara ferða, eða á bilinu frá 1,6% tilvika á árinu 1983 til 3,2% tilvika á árinu 1986. Með þessari framkvæmd er í meira en 96% tilvika verið að skapa uppboðsþola óþarfa óþægindi og niðurlægingu. Innheimtukostnaður til uppboðsbeiðandans, sem uppboðsþoli ber að endingu, eykst talsvert með þessum aðgerðum. Enn fremur verður þessi meðferð til þess að uppboðshaldari ásamt tveimur þingvottum eru bundnir verulegan hluta

vinnutíma síns við þessar aðgerðir. Af áðurgreindum hlutföllum er ljóst að fyrirtaka sölukröfu er í langflestum tilvikum formsatriði sem uppboðsbeiðandi gerir kröfu um til að herða innheimtuaðgerðir. Verður ekki annað séð en að aðgerðir þessar megi færa alfarið á starfsstöð uppboðshaldara en til þess þarf lagabreytingu og samhliða því þarf að tryggja að hagsmunir uppboðsþola verði á engan hátt fyrir borð bornir ef af breytingu verður.

2. Hlutfallslegur fjöldi endanlegra uppboðssala á fasteignum hefur aukist allnokkuð undanfarin ár, eða frá því að vera sem svarar 0,27% afgreiddra uppboðsmála á árinu 1983 í 1,5% á árinu 1986. Ef ekki verður hjá því komist að fram fari endanleg nauðungarsala eignar eru hagsmunir uppboðsþolans og skuldheimtumanna hans öðru fremur fólgnir í því að sem hæst verð fáist fyrir eignina á uppboði. Að vísu mun í nærri helmingi tilvika endanlegra uppboðssala í Reykjavík á árinu 1986 vera um að ræða fasteignir sem háðar eru lagareglum um verkamannabústaði en við uppboðssölu slíkra eigna gilda sérstakar reglur um söluverð sem nær undantekningarlaust er hið sama og við frjálsa sölu slíkra eigna. Allt að einu standa eftir allmörg tilvik þar sem þessar aðstæður eiga ekki við og skiptir miklu að uppboð leiði til sölu á viðunandi verði. Fjöldi auglýstra uppboða er orðinn slíkur að til undantekninga heyrir að aðrir mæti til uppboðs en þeir sem veðréttindi eiga í viðkomandi eign. Getur verið undir hælinn lagt hvort þeir menn gæti hagsmuna sinna með svo háu boði að nálgist markaðsverð eignarinnar. Er því hætt við að við framkvæmd á grundvelli gildandi laga fáist ekki viðunandi boð í eignir.

3. Þess hefur áður verið getið að uppboðslög fela í sér heimild til þess að annað og síðasta uppboð fari fram á eign en til þess að slíkt eigi sér stað þarf annaðhvort uppboðsþoli eða ófullnægður veðhafi að krefjast þess áður en fyrra uppboði er slitið. Er því engin trygging fyrir því að eign verði ekki endanlega slegin hæstbjóðanda á fyrra uppboði en jafnan koma mjög lág boð fram á þeim. Nærri óþekkt er í framkvæmd að endanleg sala fari fram við fyrra uppboð. Allt að einu sýnist sá möguleiki, að slíkt geti gerst, stefna hagsmunum uppboðsþola og lánardrottna hans í þá tvísýnu að óviðunandi verði að teljast.

4. Uppboðsbeiðanda er skylt að afhenda uppboðshaldara með uppboðsbeiðni skjöl sem sanna uppboðsheimild. Algengt er að uppboðsheimild sé skuldabréf, tryggt með veði í viðkomandi eign, og hafa uppboðslög verið skýrð þannig að uppboðsbeiðanda beri þá að afhenda uppboðshaldara frumrit veðbréfsins. Við þá aukningu uppboðsbeiðna, sem orðið hefur á undanförnum árum, hefur safnast í vörslur uppboðshaldara gífurlegur fjöldi slíkra verðbréfa sem viðkomandi embætti eru í fæstum tilvikum svo vel búin að geta varðveitt með viðunandi hætti. Algengast er að uppboðsþoli geri skil á uppboðskröfum hjá uppboðsbeiðanda sjálfum en ekki hjá uppboðshaldara. Skv. 1. gr. tilskipunar 9. febrúar 1798 um áritun afborgana á skuldabréf er skuldunaut óskylt að inna af hendi greiðslu afborgana ef lánardrottinn getur ekki áritað frumrit skuldabréfs um greiðslu í nærveru hans. Í ljósi þessa sýnist ástæða til að endurskoða gildandi lög um þetta efni.

Til þess að leitast við að ráða nokkra bót á þeim atriðum, sem hér að framan hafa verið talin, er með frumvarpi þessu stefnt að því að sú meginbreyting verði gerð á framkvæmd nauðungaruppboða á fasteignum að uppboðssölur, sem fyrir fram þykir ljóst að verði ekki endanlegar, fari fram á skrifstofu uppboðshaldara að undangengnum auglýsingum þar um. Jafnframt er ráðgert að uppboð á skipum og loftförum fari ávallt fram á skrifstofu uppboðshaldara þótt um endanlega sölu sé að ræða. Sú breyting er lögð til meðal annars til þess að fyrirbyggja að eigendur skipa og loftfara geti komið í veg fyrir uppboðssölu með því að halda eign sinni utan lögsagnarumdæmis uppboðshaldara en slíks munu vera nokkur dæmi á liðnum árum. Er samhliða þessari breytingu lagt til að bundið verði í lög að önnur uppboðssala fari fram án þess að fram komi krafa þess efnis. Þá er enn fremur ráðgert að endanleg sala fasteignar eigi sér að jafnaði ekki stað fyrr en með þriðju uppboðssölu sem fram færi á viðkomandi eign. Með þeim hætti verður komist hjá óþörfum aðgerðum á

heimili uppboðsþola, auk þess að þrívegis verður reynt að kalla fram sem hæst boð í eignina. Með því að þriðja uppboð, hin endanlega sala, yrði væntanlega fátíð aðgerð má búast við að aðrir en veðhafar í eigninni gefi opinberri auglýsingu um slíkt uppboð gaum og verður að ætla að betri möguleiki skapist til að fá viðunandi boð í eign en eftir gildandi reglum. Loks er með þessu aukið það ráðrúm sem uppboðsþola gefst til að leitast við að afstýra endanlegri uppboðssölu.

Auk þeirra atriða, sem nú hafa verið nefnd, ráðgerir frumvarp þetta breytingar á ýmsum öðrum reglum uppboðslaga og verða þær nú nánar skýrðar í tengslum við hverja grein frumvarpsins fyrir sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er lögð til sú meginbreyting á fyrirmælum 1. mgr. 6. gr. uppboðslaga að lögfest verði að uppboðshaldari megi meta fullnægjandi að fram komi ljósrit veðskuldabréfs sem uppboðsheimild í stað þess að frumrit verði ávallt að fylgja uppboðsbeiðni. Um ástæður fyrir þessari breytingu hefur verið fjallað hér á undan. Hér ber að árétta að frumvarpið mælir fyrir um heimild fyrir uppboðshaldara til að meta slík eftirrit nægjanleg til að uppboðsaðgerðir hefjist en í niðurlagi ákvæðisins er gert ráð fyrir að uppboðshaldari megi hvenær sem er eftir að uppboðsbeiðni kemur fram krefjast þess að frumrit sé afhent, að því viðlögðu að uppboð verði ella fellt niður á grundvelli fyrirmæla 6. gr. frumvarpsins. Þá er einnig í niðurlagi ákvæðisins lögð sú skylda á uppboðshaldara að hann krefjist frumrits veðskuldabréfs áður en uppboðssala fer fram. Verður að telja að reglur þessar girði fyrir hættu á mistökum eða misnotkun á grundvelli þessarar breytingar.

Með greininni er ráðgert að fella niður úr 1. mgr. 6. gr. þá reglu að uppboðshaldari geti krafið uppboðsbeiðanda um veðbókarvottorð fyrir þeirri eign sem uppboðskrafa beinist að. Allt frá setningu uppboðslaga hefur það tíðkast að uppboðshaldari afli sjálfur veðbókarvottorðs enda óhjákvæmilegt að það liggi fyrir. Er uppboðshaldari í öllum tilvikum sami embættismaður og hefur með höndum þinglýsingar og gerð veðbókarvottorða og því óþarft að gera kröfu sem þessa til uppboðsbeiðanda.

Að öðru leyti en því sem nú hefur verið greint felur greinin engar breytingar í sér á 1. mgr. 6. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. 10. gr. uppboðslaga er mælt svo fyrir að afturkölluðu uppboði skuli aflýst með auglýsingu þess efnis sem birta á í Lögbirtingablaði. Er ekki vitað til að þessari skyldu hafi nokkurn tíma verið sinnt frá setningu uppboðslaga enda sýnist hún engum tilgangi þjóna. Er því lagt til að ákvæði þetta verði numið úr lögum.

Um 3. gr.

Skv. 1. mgr. 19. gr. uppboðslaga er sá sem boðið hefur í eign á nauðungaruppboði ekki bundinn við boð sitt lengur en í þrjár vikur frá uppboði, nema því aðeins að ákveðið hafi verið annað og síðara uppboð og stendur þá boð í sex vikur frá fyrra uppboði. Þeim tilgangi þessa frumvarps, að leitast við að stuðla að hærri boðum í fasteignir á nauðungaruppboðum, verður ekki náð ef ekki er gerð breyting á þessu ákvæði samhliða því að ráðgera megi að uppboðssölur verði þrjár á slíkum eignum. Er því lagt til að sú breyting verði gerð á þessu ákvæði að bjóðendur á fyrsta og eftir atvikum öðru uppboði verði bundnir við boð sín þar til liðnar eru þrjár vikur frá því að síðasta uppboði er slitið.

Þótt hér sé lögð til breyting sem við fyrstu sýn kann að virðast til íþyngingar fyrir bjóðendur á fyrsta uppboði verður ekki fram hjá því litið að á slíku uppboði koma nærri aldrei fram önnur en mjög lág boð sem einkum eru ætluð til að koma í veg fyrir að uppboð verði árangurslaust. Þegar svo er ástatt sýnist litlu breyta þótt bjóðendur verði bundnir við boð sín þar til uppboðsaðgerðir taka enda. Ef viðunandi boð fæst þegar á fyrsta uppboði og uppboðsþoli telur það ekki samrýmast hagsmunum sínum að fleiri uppboð fari fram yrði honum heimilt skv. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins að falla frá rétti sínum til annars uppboðs. Við slíkar fremur ósennilegar kringumstæður yrði þessi breyting á 1. mgr. 19. gr. uppboðslaga ekki til íþyngingar. Þeim sem bjóða á öðru uppboði yrði þessi breyting varla til tjóns þar sem ráðgert er í 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins að þriðja uppboð verði að fara fram innan fjögurra vikna frá öðru uppboði. Lætur þannig nærri að bjóðendur á öðru uppboði verði jafnlengi bundnir við boð sín eins og þeir sem bjóða á fyrsta uppboði eftir núgildandi lögum. Að öðru leyti leiðir þetta ákvæði frumvarpsins ekki til breytinga á 19. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í 3. og 4. mgr. 22. gr. uppboðslaga er að finna reglur um tilkynningar uppboðshaldara til uppboðsþola og veðhafa eða annarra rétthafa í eign um að uppboðs hafi verið krafist. Í 3. mgr. ákvæðisins skortir reglur um hvernig farið skuli að ef dvalarstaður uppboðsþola er með öllu ókunnur. Er með 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins ráðgert úrræði við þessu sem uppboðshaldara er heimilt að grípa til en einkum mætti búast við að þessi leið yrði farin ef víst er talið að uppboðsþoli sé fluttur úr landi og ókleift reynist að afla vitneskju um heimili hans. Eftir sem áður er ráðgerð sú grundvallarregla að uppboð nái ekki fram að ganga nema neyt hafi verið allra tiltækra ráða til að tilkynna uppboðsþola um það.

Í 4. mgr. 22. gr. laganna er að finna sérreglu um það hvernig uppboðshaldari geti fullnægt tilkynningarskyldu um uppboð gagnvart erlendum uppboðsþola. Þessi heimild er þó bundin alfarið við uppboð á skipum. Þykir ekki varhugavert að reglu þessari verði breytt þannig að hún taki einnig til erlends eiganda fasteignar eða loftfars sem krafist er uppboðs á hér á landi og er breyting þess efnis lögð til með 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í greininni eru ekki ráðgerðar efnislegar breytingar frá núgildandi reglum umfram það sem að framan hefur verið lýst.

Um 5. gr.

Með þessu ákvæði er mælt fyrir um að uppboð skuli halda á skrifstofu uppboðshaldara. Frá þessari meginreglu er gerð undantekning með tilvísun til 3. mgr. 20. gr. laganna eins og lagt er til að henni verið breytt með 7. gr. frumvarpsins. Á sú tilvísun við framkvæmd þriðja uppboðs á fasteign. Röksemdir fyrir þeirri breytingu, sem hér er ráðgerð, eru raktar annars staðar í greinargerð þessari. Þess ber þó að geta að heimild til að halda uppboðssölu á skrifstofu uppboðshaldara hefur verið fyrir hendi í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976, undir tilteknum kringumstæðum. Hefur þeirrar heimildar verið neytt í ríkum mæli og þótt gefa góða raun.

Um 6. gr.

Ákvæði þessu er ekki ætlað að breyta 24. gr. uppboðslaga á annan hátt efnislega en að bætt er við fyrirmælum um að uppboð beri að fella niður ef uppboðsbeiðandi sinnir ekki tilmælum uppboðshaldara um að leggja fram frumrit uppboðsheimildar sinnar, sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. Þess skal þó getið að felld eru niður úr texta 24. gr. fyrirmæli um að fresta skuli jafnan uppboði ef uppboðsbeiðandi boðar forföll en slík sérregla í uppboðslögum er með öllu óþörf þar sem ítarlegri reglur um þessi efni er að finna í lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, sem einnig taka til framkvæmdar uppboðs að þessu leyti.

Um 7. gr.

Í grein þessari er að finna þær meginbreytingar sem lagt er til að gerðar verði á uppboðslögum en reglum þessum er ætlað að koma í stað núgildandi fyrirmæla um endurtekningu uppboðssölu. Áður hefur verið gerð grein fyrir ástæðum þess að breytinga er talin þörf og hefur jafnframt verið lýst að nokkru til hverra breytinga ákvæði þetta mundi leiða í heild sinni. Skal vísað til þeirra atriða hér að framan en lýst verður hér inntaki einstakra málsgreina.

Um 1. málsgrein.

Í 1. mgr. 29. gr. uppboðslaga er að finna heimild handa uppboðsþola og ófullnægðum veðhafa til að krefjast þess að fram fari annað og síðasta uppboð á eign. Krafa þess efnis þarf að koma fram áður en fyrra uppboði er slitið og má uppboðshaldari krefja þann er um síðara uppboð biður um tryggingu fyrir kostnaði af því. Í framkvæmd er sjaldgæft að endanleg sala eigi sér stað á fyrsta uppboði. Samt sem áður ber að gjalda varhug við gildandi reglu enda er aðild til kröfugerðar sem þessarar aðeins í höndum fárra. Almennt ráðgera rétthafar ekki að endanleg sala eigi sér stað með þessum hætti og gæta því ef til vill ekki nægilega að því að fyrra uppboð sé haldið en til verulegra réttarspjalla getur leitt ef aðeins einn veðhafi mætir til uppboðssölu og gerist þar hæstbjóðandi með lágu boði en uppboðsþoli er ekki viðstaddur og enginn fyrir hans hönd til að krefjast annars uppboðs. Ef slíkt gerist standa lög ekki í vegi fyrir því að eignin verði slegin hæstbjóðanda. Til þess að sporna við þessari hættu og jafnframt til að tryggja að réttarspjöll hljótist ekki af þeirri breytingu að færa uppboð á skrifstofu uppboðshaldara er lagt til með ákvæði þessu að skylt sé að halda annað uppboð á eign, nema því aðeins að þeir sem tjón gætu beðið af hinu gagnstæða lýsi því yfir að þeir séu samþykkir því að fyrsta uppboð verði endanlegt. Er í þessu sambandi sérstaklega mælt fyrir um heimild ófullnægðs veðhafa til að halda uppi kröfu um annað uppboð þótt uppboðsþoli telji það óþarft og er það gert til að fyrirbyggja að uppboðsþolinn geti spillt rétti hans með þeirri afstöðu. Þær yfirlýsingar, sem ákvæðið mælir fyrir um að gefnar yrðu um þessi efni, verða að koma fram áður en fyrsta uppboði er slitið.

Um 2. málsgrein.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um auglýsingu annars uppboðs og eru fyrirmæli þessi í samræmi við framkvæmd í þessum efnum eftir gildandi lögum. Þess skal getið að ákvæði þetta ráðgerir þá meginreglu að annað uppboð sé auglýst í dagblaði en ekki er útilokað að önnur samsvarandi opinber auglýsing geti komi í staðinn, t.d. útvarps- eða sjónvarpsauglýsing. Má einkum ráðgera að til slíks geti komið ef blaðaútgáfa stöðvast vegna vinnudeilna en ætlast verður til að auglýsing verði með þeim hætti að hún komi að sömu notum og blaðaauglýsing, sé önnur leið farin.

Um 3. málsgrein.

Í ákvæði þessu kemur fram sérregla um framkvæmd þriðja uppboðs á fasteignum en hún á ekki við um uppboð á skipum eða loftförum þar sem annað uppboð yrði endanlegt. Í núgildandi lögum er að finna mjög þrönga undantekningarheimild til þriðja uppboðs sem varla hefur verið nýtt í framkvæmd. Hér er lagt til að þeir sem beinna hagsmuna hafa að gæta geti krafist þess að þriðja uppboð fari fram en það skilyrði er þó sett að sú krafa þurfi að styðjast við þau rök að boð á öðru uppboði, framkvæmdu á skrifstofu uppboðshaldara, hafi ekki orðið svo há sem skyldi vegna þess að bjóðendum hafi ekki gefist kostur á að skoða eignina við sölu. Krafa um þetta efni þarf að koma fram áður en öðru uppboði er slitið. Tilgangur þessa ákvæðis er öðrum þræði að sporna við því að réttarspjöll hljótist af því að eign sé alfarið boðin upp á starfsstöð uppboðshaldara og að tryggja að ekki bitni á hæð boða að uppboð fer ekki fram á eigninni sjálfri. Öðru fremur er þó ætlunin með þessu ákvæði að gerð sé lokatilraun til að kalla fram hærri boð í eign en fengist hafa á fyrri uppboðunum tveimur. Eins og áður hefur verið greint frá má ætla að þriðja uppboð verði fátítt og komi

aðeins til þess þegar ekki verður komist hjá endanlegri uppboðssölu. Sýnist mega ráðgera að auglýsing um slíkt uppboð veki athygli á því að um endanlega uppboðssölu verði að ræða og ætti það fremur að verða til þess að aðrir en veðhafar einir mæti til uppboðs til að gera boð í eign. Það skilyrði ákvæðisins, að krefjandi þriðja uppboðs þurfi að styðja þá beiðni sína við þau rök að boð hafi ekki orðið svo há sem skyldi að öðru uppboði af þargreindum ástæðum, verður að skýra á þann veg að ef uppboðshaldari telur ekki með öllu útilokað að þriðja uppboð geti leitt til hærra boðs verði að telja skilyrðum til framkvæmdar þess fullnægt. Hið gagnstæða gæti því sjaldan átt við en rétt er þó að benda á að þessum skilyrðum væri fullnægt ef boðin er upp fasteign sem ljóst er að lögbundins innlausnarréttar verði neytt á fyrir matsverð án tillits til framkominna boða á uppboði. Þriðja uppboði er ætlað að fara fram á fasteigninni sjálfri eins og berum orðum kemur fram í ákvæðinu og er væntanlegum bjóðendum þannig ætlaður aðgangur að eigninni til skoðunar samkvæmt núgildandi reglum laganna sem ekki er breytt að þessu leyti. Samkvæmt ákvæði þessu er ráðgert að þriðja uppboð skuli fara fram innan fjögurra vikna frá því að annað uppboð er haldið. Þykir ekki varhugavert að setja þriðja uppboði ákveðin tímamörk þar sem því er ætlað að þjóna sérstökum tilgangi og þriðja uppboðs yrði aldrei krafist fyrr en eftir að uppboðsbeiðandi hefur neitað um frekari fresti. Auglýsing um þriðja uppboð lýtur sömu reglum og lagt er til um auglýsingu annars uppboðs.

Um 4. málsgrein.

Ákvæði þetta er efnislega óbreytt frá reglu 5. mgr. 29. gr. uppboðslaga, að því frátöldu að bætt er við nauðsynlegum fyrirmælum sem snúa að þriðja uppboði á fasteign.

Um 8. gr.

Gildistökuákvæði frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 530. Fyrirspurn [298. mál]

til forsætisráðherra um störf framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar um ávana- og fíkniefni.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvað líður störfum framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar sem forsætisráðherra skipaði 25. maí 1986 til þess að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna?

Hvenær hyggst nefndin skila áfangaskýrslu eða ljúka störfum?

Sþ. 531. Fyrirspurn [299. mál]

til forsætisráðherra um rekstur hjálparstöðvar fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Gerir framkvæmdanefnd ríkisstjórnarinnar um ávana- og fíkniefni ráð fyrir áframhaldandi rekstri hjálparstöðvar Rauða kross Íslands fyrir börn og unglinga við Tjarnargötu 35 í Reykjavík?

Mun ríkisstjórnin tryggja nægilegt fé til reksturs stöðvarinnar á þessu ári?

Sþ. 532. Fyrirspurn [300. mál]

til utanríkisráðherra um atkvæðagreiðslur á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Um hvaða mál hafa Norðurlandaþjóðirnar fimm verið ósammála í atkvæðagreiðslum á þingi Sameinuðu þjóðanna á s.l. 10 árum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 533. Fyrirspurn [301. mál]

til heilbrigðisráðherra um heildarendurskoðun sóttvarnarlöggjafar.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvenær skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til að endurskoða og samræma löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir?
2. Hvað líður störfum nefndarinnar?

Sþ. 534. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um samræmda heildarstjórn umhverfismála.

Flm.: Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur Bjarnason, Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson, Stefán Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að yfirstjórn helstu þátta umhverfismála skuli sameinuð innan eins ráðuneytis. Til umhverfismála teljist mengunarmál, friðunarmál og skipulagsmál. Yfirstjórn þessa málaflokks verði í höndum sérstakrar skrifstofu innan félagsmálaráðuneytis sem eftir það nefnist umhverfis- og félagsmálaráðuneyti. Umhverfismálaskrifstofan taki við tveimur málaflokkum frá öðrum ráðuneytum:

- mengunarmálum, þ.e. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (að hluta), lög og alþjóðasamningar um mengun sjávar, lög um eiturefni og hættuleg efni og lög um geislavarnir,
- friðunarmálum, þ.e. lög um náttúruvernd, lög um veiðar og verndun dýra, lög um eyðingu meindýra og lög um landgræðslu.

Óbein stjórn umhverfismála verði styrkt með því að koma á föstu samráði umhverfis- og félagsmálaráðuneytis og annarra ráðuneyta er fara með málefni sem snerta umhverfismál.

Greinargerð.

Fyrir rúmum áratug var hafist handa um könnun á yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson forsætisráðherra nefnd níu manna til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frumvarp til laga um umhverfismál sem þáverandi félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi vorið 1978.

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 18. apríl 1978 hafði verið ákveðið að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands. Var þessi ákvörðun tilkynnt félagsmálaráðuneytinu bréflega þann sama dag og félagsmálaráðherra þar með falið að leggja fram frumvarpið sem samið hafði verið. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Það var endurflutt á Alþingi veturinn 1980–1981 og aftur á þingi 1983–1984, lítið eitt breytt. Frumvarpið hlaut þó ekki afgreiðslu fremur en í fyrstu. Á árunum 1981–1982 voru samin tvö frumvörp um þetta efni en hvorugt þeirra lagt fyrir Alþingi af hlutaðeigandi ráðherra. Á þessu þingi hafa Gunnar G. Schram og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins lagt fram tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í umhverfismálum.

Núverandi ríkisstjórn ákvað snemma á starfsferli sínum að komið skyldi á samræmdri heildarstjórn umhverfismála undir forustu félgsmálaráðherra. Var það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar hinn 18. apríl 1978 þess efnis að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands.

Hins vegar hefur ekki legið fyrir skilgreining á því hvaða málaflokkar teljist til umhverfismála. Eins og nú háttar skiptist yfirstjórn málaflokka, sem eðli málsins samkvæmt ættu að teljast til umhverfismála, milli margra ráðuneyta. Í starfi, sem fram hefur farið undir forustu félagsmálaráðherra á undanförnum missirum, hefur glögglega komið í ljós að mikillar tregðu gætir hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum varðandi endurskipulagningu. Þrátt fyrir fyrrgreinda ákvörðun ríkisstjórnar árið 1978 um að félagsmálaráðuneytið skuli fara með umhverfismál hefur niðurstaðan orðið sú að einstakir ráðherrar hafa verið ófúsir til þess að láta nokkra málaflokka úr eigin ráðuneytum og því snúist gegn öllum tillögum félagsmálaráðherra.

Forsætisráðherra hefur því gert ítrekaðar tillögur innan ríkisstjórnar til þess að skera á hnútinn en án árangurs þar sem einstakir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa lagst eindregið gegn öllum hugmyndum til breytinga í þessu efni.

Flutningsmenn sjá sig því til þess knúna að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar þannig að leiða megi í ljós afstöðu þingsins til þess hvaða málaflokka telja beri til umhverfismála og hvort rétt sé talið að skipa yfirstjórn þeirra með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.

Nd. 535. Frumvarp til laga [303. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

3. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Sá sem settur er til að dæma ákveðið mál skal kveða upp dóm í þinghá þar sem hann á heimili eða hefur skrifstofu nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögu.

2. gr.

32. gr. laganna breytist þannig:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo:

Hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða deildarstjóri eða fulltrúi í skrifstofu þess, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri, deildarstjóri eða

fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, lögreglustjóri eða fulltrúi hans, kennari í lögum við háskólann, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða verið settur héraðsdómari eða gegnt opinberu starfi sem lögfræðipróf þarf til. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum. Undantekningu frá ákvæðum þessa töluliðar má gera um þann er sérstakan orðstír hefur getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni.

b. 2. mgr. orðast svo:

Settur héraðsdómari og dómari skv. 30. gr. skal fullnægja ákvæðum 1.–6. tölul. þessarar greinar. Þó má til bráðabirgða og ef sérstaklega stendur á setja yngri mann en 25 ára, þó ekki lengur en þrjá mánuði í senn.

3. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur löggilt héraðsdómurum fulltrúa er fara megi með hvers konar dómsathafnir undir eftirliti og á ábyrgð hlutaðeigandi dómara eða forstöðumanns dómaraembættis þar sem starfa fleiri en einn dómari.

Fulltrúi skal vera að minnsta kosti 21 árs að aldri og fullnægja skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 32. gr.

4. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Geri dómari eða dómarafulltrúi sig sekan um vanrækslu í dómarastarfi án þess þó að refsing liggi við að lögum eða framkoma hans eða athafnir í dómarastarfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósamrýmanlegar dómarastarfinu skal veita honum áminningu.

Forseti Hæstaréttar veitir áminningu þegar í hlut á forstöðumaður dómaraembættis. Forstöðumaður dómaraembættis veitir áminningu þegar í hlut á annar héraðsdómari við það embætti eða dómarafulltrúi. Tilkynna skal dómsmálaráðherra um veitta áminningu.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi enda hafi áminning æðra dóms eða ráðherra eða skv. 2. mgr. ekki komið að haldi eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

Ef svo verður ástatt um dómara er settur hefur verið til að gegna dómaraembætti um stundarsakir eða dómara skv. 30. gr. eða fulltrúa dómara sem í 3. mgr. segir getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

Rétt er hverjum þeim, er skv. 3. eða 4. mgr. hefur verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar enda höfði hann málið innan sex mánaða frá því er hún var gerð.

Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

5. gr.

1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Dómþing skal heyja í heyranda hljóði nema aðilar óski eða dómari telji hentara vegna aðila, vitna eða almenningshagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

6. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Þar sem einn maður situr í dómi skal jafnan vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og auk þess má hann hvorki vera svo venslaður dómara né aðila sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 125. gr. Það er borgaraskylda að vera þingvottur. Dómari ákveður þóknun handa þingvotti.

7. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Skjölin eru eign dómstólsins en lána má þau aðilum enda telst sá aðili, sem leggur skjal aðeins fram í einu eintaki og án eftirrits, samþykkja það. Dómari skal, eftir að dómur hefur verið kveðinn upp í máli, fá aðila frumrit af framlögðu málsskjali gegn því að staðfest eftirrit af skjalinu fylgi málsskjölunum ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annars staðar.

8. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu og eiga þeir þá óskipta sakaraðild. Eigi er þó skylt að vísa máli frá dómi enda þótt þeir taki ekki allir þátt í málshöfðun. Hins vegar ber að vísa máli frá dómi ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar.

Ef þeir sækja ekki allir dómþing skulu þeir er það gera taldir hafa heimild til að skuldbinda hina. Nú eru yfirlýsingar slíkra aðila fyrir dómi ósamrýmanlegar og skal þá sú yfirlýsing, sem gagnaðila er hagkvæmari, lögð til grundvallar nema sýnt sé að hún sé röng eða að sá er hana setti fram hafi skort þekkingu á málsatviki. Ef þeir gera mismunandi kröfur skal ekki fara út fyrir þá kröfu er skemmst gengur. Nú skulu málsúrslit samkvæmt dómi velta á eiði eða drengskaparheiti samaðila, eins eða fleiri, og hafa þeir þá tapað máli að því leyti nema báðir þeir eða allir, sem eiðsheimildin nær til, vinni eið eða drengskaparheit.

9. gr.

1. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:

Í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má:

a. Nöfn aðila, stöðu og heimili eða dvalarstað.
b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu og heimili eða dvalarstað.
c. Dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekin skaðaverk, án þess að fjárhæð sé tiltekin ef enn er óvíst um hana, vexti ef því er að skipta, ákvörðun á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerking ummæla, málskostnað o.s.frv.
d. Málsástæður sem sækjandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik sem þörf er að greina samhengis vegna. Lýsing þessi skal vera stuttorð og gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hvert sakarefnið er.
e. Lagarök.
f. Gögn sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.
g. Dómþing er mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest.
h. Áskorun til stefnda að koma fyrir dóm er málið verður þingfest, svara til sakar og leggja fram gögn.
i. Viðvörun um að útivistardómur geti gengið ef stefndi sækir ekki þing þegar málið skal þingfesta.

10. gr.

Á eftir 103. gr. laganna kemur ný grein, 103. gr. A, svo hljóðandi:

Dómari getur heimilað að fram fari sönnunarfærsla fyrir dómi þótt hún sé ekki vegna dómsmáls sem höfðað hefur verið.

11. gr.

1. mgr. 105. gr. laganna orðast svo:

Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, framlögðum sönnunargögnum og þeim gögnum sem enn er talið að þurfi að afla. Þar skal málsástæðum og lagarökum nánar lýst en í stefnu, svo og skal lýsa öðrum atvikum ef þess þarf með til að samhengi málsástæðna sé ljóst. Sé þess óskað að dómari taki munnlega skýrslur um atvik málsins skal þess getið og nefndir þeir sem skýrslur skulu gefa.

12. gr.

108. gr. laganna orðast svo:

Ef ekki verður af sátt, né heldur samþykkir verjandi kröfur sækjanda skv. 107. gr., þá skal dómari ganga úr skugga um það hvort nokkrir þeir gallar muni vera á málatilbúnaði eða hvort sakarefni muni vera svo vaxið að varða muni frávísun án kröfu. Jafnframt innir dómari verjanda eftir því ef honum finnst ástæða til hvort hann hafi nokkuð út á málatilbúnað að setja er varða kunni frávísun eftir kröfu hans. Ágreining um frávísunarkröfu sækja aðilar og verja munnlega þegar í stað nema dómari telji sérstaka ástæðu til að veita frest.

Ef mál skal sæta frávísun án kröfu kveður dómari þegar upp frávísunardóm. Ef frávísunarkrafa kemur fram kveður dómari upp úrskurð eða dóm um hana áður en tekið er til meðferðar máls að efni til framar en í 105. og 106. gr. segir nema krafan byggist á ástæðum er jafnframt varða efni máls og ekki þykja fram komnar nægar upplýsingar um málavöxtu að því leyti.

Nú telur dómari eftir dómtöku máls að einungis beri að vísa frá einni kröfu eða fleirum en þó ekki öllum og getur hann þá kveðið á um frávísun og efnisúrlausn í sama dómi. Sama gildir þegar aðilar eru fleiri en einn en frávísun varðar aðeins kröfur eins eða fleiri aðila en þó ekki allra.

Nú hrindir dómari frávísunarkröfu með úrskurði sínum og er hann þá ekki bundinn við þann úrskurð þegar lúka skal dómi í málinu ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um þau atriði er úrskurðuð voru.

Ef æðri dómur fellir synjunarúrskurð um frávísunarkröfu úr gildi er málinu, eða þeim hluta þess er dómsorð æðra dóms varðar, þar með lokið fyrir héraðsdómi. Nú fellir æðri dómur frávísunardóm að öllu leyti eða einhverju úr gildi og skal héraðsdómari þá taka málið þegar upp af nýju samkvæmt ákvæðum æðri dóms í því ástandi sem það var í þegar hann tók það undir dóm, jafnskjótt sem aðili lætur honum úrlausn æðra dóms í té, enda tilkynni hann aðilum stað og stund til endurupptökunnar.

13. gr.

109. gr. laganna orðast svo:

Hafi verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi skal flytja málið munnlega.

Dómari getur ákveðið skriflegan málflutning:

a. Ef hann telur hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.
b. Ef annar hvor aðila eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.

14. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Jafnan skal dómari halda eitt dómþing í málinu eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína til að leita sátta og gefa aðilum kost á að koma að sýnilegum sönnunargögnum sem ekki hefur áður verið tilefni til að leggja fram. Dómari getur frestað máli ef hann telur það vænlegt til að sættir takist eða nauðsynlegt til öflunar frekari gagna. Ber báðum aðilum að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar, eftir því sem við verður komið. Að jafnaði skal þó synja um frest enda þótt hans sé beiðst ágreiningslaust af aðilum nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs enda hafi aðili ekki haft nægilegan frest áður.

Að jafnaði skal dómari ekki ákveða þing til skýrslutöku og munnlegs flutnings fyrr en aðilar hafa lýst lokið öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Eftir það er aðilum að jafnaði óheimilt að leggja fram skjöl. Þó getur dómari heimilað framlagningu skjala eftir þann tíma ef það veldur ekki töfum á málinu eða ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara.

Málsástæður og mótmæli skulu koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annars kostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara en ekki fengið hana.

Nú varðar mál flókin fjárviðskipti og getur dómari þá lagt fyrir aðila að leggja fram útreikninga sem kröfur þeirra byggjast á enda komi ekki fram fullnægjandi útreikningar í greinargerðum aðila.

Rétt er að sýnileg sönnunargögn, önnur en skjöl, séu færð fram við aðalmeðferð máls og að vettvangsskoðun fari þá fram ef því er að skipta.

Nú telur dómari þörf á að aðili gefi skýrslu um atriði sem máli skipta varðandi öflun málsgagna og getur hann þá heimilað aðilum að gefa munnlega skýrslu fyrir dóminum áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lýst lokið. Enn fremur er heimilt að taka skýrslu fyrir dómi áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lokið ef það þarf að gera í öðru lögsagnarumdæmi eða ef sá sem skýrslu skal gefa verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla þegar þing verður háð til skýrslutöku.

Lögmæt forföll eru:

a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Verulegur vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
d. Þörf á ferðalagi um langan veg.
e. Embættis- eða sýslunarstörf sem fyrir fram eru ákveðin og þola ekki bið.
f. Áður ákveðið dómþing.

Dómari úrskurðar ef krafist er hvort forföll eru lögmæt.

15. gr.

111. gr. laganna orðast svo:

Þegar lokið er öflun gagna skv. 110. gr. ákveður dómari hvenær aðalmeðferð máls skuli háð en þá skulu að jafnaði fram fara í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur málsins. Dómari tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra um þinghaldið með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta verður ekki skotið til æðra dóms.

Ef aðilar óska eftir að leiða vitni skulu þeir sjá um boðun þeirra. Boðun geta þeir hagað svo að afhenda dómara tilkynningu til vitnis um að koma fyrir dóm. Í tilkynningu skal greina nafn og heimili vitnis, tilefni kvaðningar í aðalatriðum, nafn dómstóls og réttaráhrif þess ef

vitni mætir ekki. Dómari áritar tilkynninguna um það hvenær vitni skuli mæta og hvar. Aðili sér um birtingu tilkynningarinnar fyrir vitninu.

Ef vitni kemur ekki fyrir dóm þrátt fyrir kvaðningu sem birt hefur verið með sannanlegum hætti eða birtingu stefnu skv. 130. gr. og hefur ekki lögmæt forföll getur dómari, auk þess að beita viðurlögum skv. 131. gr., óskað aðstoðar lögreglu til að sækja vitnið.

16. gr.

112. gr. laganna orðast svo:

Aðalmeðferð hefst með því að dómari gefur sækjanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu og að því búnu á verjandi færi á að gera stuttar athugasemdir við lýsingu sækjanda. Síðan eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum.

Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur flutningur málsins. Sækjandi talar fyrst og verjandi síðan. Rétt er að talað sé tvisvar af hálfu hvors (hvers) aðila. Dómari getur leyft aðilum sjálfum að gera athugasemd eftir að umboðsmenn þeirra hafa lokið málflutningi. Dómari stýrir umræðum og gætir þess að ræðumaður haldi sig við efnið og að málflutningur verði sem gleggstur og sæmilegastur. Dómari getur svipt þann málfrelsi er eigi lagar sig eftir áminningum hans.

Nú er mál skriflega flutt og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn en verjandi síðan vörn. Báðir eiga síðan kost á að leggja fram skrifleg andsvör. Dómara er heimilt að veita nauðsynlega fresti er málflutningur er skriflegur.

Að loknum málflutningi tekur dómari málið til dóms.

17. gr.

119. gr. laganna breytist þannig:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

Ef sækjandi krefst þess.

b. 5. tölul. 1. mgr. fellur niður.

18. gr.

1. mgr. 137. gr. laganna orðast svo:

Nú má matsgerð ekki fara fram skv. 136. gr. og kveður dómari þá tvo matsmenn til að framkvæma hana. Þegar deilt er um litla hagsmuni má þó dómkveðja einn matsmann.

19. gr.

Í stað „vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar“ í 2. tölul. 1. mgr. 172. gr. komi: vottorð skattstjóra.

20. gr.

Við 175. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Að kröfu aðila má dæma að málskostnaður úr hendi gagnaðila hans skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera þá vexti sem gjaldfallnar peningakröfur utan innlánsstofnana bera.

21. gr.

Við 177. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef dómari telur sakir skv. 2. mgr. miklar getur hann dæmt aðila til að greiða gagnaðila álag á málskostnað.

22. gr.

190. gr. laganna orðast svo:

Úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er.

Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði án forsendna. Nú er úrskurður héraðsdómara kærður til Hæstaréttar og skulu þá forsendur og rökstuddar ástæður dómara fyrir úrlausninni fylgja skjölum málsins til Hæstaréttar.

Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum skal þó láta forsendur fylgja ályktunarorði ef um er að ræða úrskurð sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

Í aukamálum, sem tengd eru aðalmáli, svo og í sjálfstæðum vitna- og matsmálum, gilda ákvæði 1.–3. mgr. eftir því sem við á.

23. gr.

A-liður 1. mgr. 193. gr. laganna orðast svo:

Nöfn og heimili aðila.

24. gr.

221. gr. laganna orðast svo:

Um hjúskaparmál fer eftir lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

Um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna fer eftir barnalögum, nr. 9/1981.

25. gr.

Á eftir 221. gr. laganna kemur nýr kafli, XX. kafli, Áskorunarmál, með 16 nýjum greinum (222.–237. gr.), svo hljóðandi:

a. (222. gr.)

Samkvæmt þessum kafla mega fara fjárkröfur samkvæmt víxlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu peningaskulda sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög um lausafjárkaup, nr. 39/1922, enda hafi þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

Enn fremur mega fara samkvæmt þessum kafla fjárkröfur þegar um er að ræða endurgjald fyrir veru, viðurgerning, flutning á mönnum eða munum, tryggingar, auglýsingar og leigu lausafjár enda hafi stefnandi þá staðið við skuldbindingar af sinni hálfu og endurgjaldið annaðhvort verið fastákveðið fyrir fram eða fjárhæð þess samþykkt skriflega eftir á.

b. (223. gr.)

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð að stefndi megi örugglega sjá um hvaða kröfur sé að tefla.

Í stefnu skal greina:

a. Nöfn aðila, stöðu og heimili eða dvalarstað.
b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfsstofu.
c. Dómkröfur.
d. Málsástæður sem sækjandi byggir málssókn sína á og önnur atvik sem þörf er að greina samhengis vegna, svo og lagarök.
e. Gögn sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.
f. Áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, sbr. 225. gr.
g. Dómþing er mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

c. (224. gr.)

Aðili getur gefið út stefnu sjálfur eða snúið sér til héraðsdómara er gefur út stefnu að beiðni hans, sbr. 87. gr.

Stefnu skal rita á tvöfalda örk í stærðinni A4 og skal hún auðkennd í upphafi máls með orðinu áskorunarstefna.

Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 sm séð frá kili arkarinnar.

Stefna skal vera í fjórriti enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt skal bæta við einu eintaki fyrir hvern sem stefnt er til viðbótar.

d. (225. gr.)

Í stefnu skal vera áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lögvörnum þar eð annars megi búast við að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

e. (226. gr.)

Nú snýr stefnandi sér til dómara með beiðni um útgáfu áskorunarstefnu og skal hann þá leggja fyrir hann stefnu í nægilega mörgum eintökum skv. 224. gr. Auk þess skal stefnandi sýna dómara skjöl þau er hann byggir kröfur sínar á.

Er dómari hefur gengið úr skugga um að mál megi reka samkvæmt kafla þessum gefur hann út áskorunarstefnuna.

Dómari er óbundinn af þessu áliti sínu er hann endanlega afgreiðir málið síðar.

f. (227. gr.)

Nú telur dómari að eigi séu efni til að mál sæti meðferð samkvæmt kafla þessum og skal hann þá synja um útgáfu áskorunarstefnu með rökstuddri bókun í þingbók sé þess krafist. Þessari ákvörðun dómara verður ekki skotið til Hæstaréttar.

g. (228. gr.)

Stefnufrestur í þeim málum, er fara samkvæmt þessum kafla, skal vera skemmstur þrír sólarhringar. Að öðru leyti skal um stefnufrest og stefnubirtingu fara eftir VIII. kafla.

h. (229. gr.)

Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, þar af annað með stefnubirtingarvottorði, og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim er hann byggir dómkröfur sínar á. Hafi dómari gefið út áskorunarstefnu skulu bæði frumritin vera með áritun hans en ella með áritun stefnanda.

i. (230. gr.)

Nú heldur stefndi uppi lögvörnum í málinu og skal málið þá sæta hinni almennu eða sérstöku meðferð einkamála eftir því sem við á hverju sinni. Dómari getur þessa í þingbók.

Ef stefndi gefur til kynna að hann ætli að halda uppi lögvörnum skal hann leggja fram greinargerð. Eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína skal stefnandi leggja fram greinargerð af sinni hálfu.

j. (231. gr.)

Nú verður útivist af hálfu stefnda án þess að haldið sé uppi vörnum og ritar dómari þá eða stimplar samkvæmt kröfu stefnanda á frumrit stefnunnar að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar enda sé málatilbúningi stefnanda í engu áfátt.

k. (232. gr.)

Nú telur dómari eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar meðferðar að það fullnægi eigi skilyrðum til að sæta meðferð samkvæmt þessum kafla og skal hann þá víkja málinu til þeirrar meðferðar, er málið á að sæta, með bókun í þingbók og geta þar ástæðna til vikningarinnar.

Nú telur dómari að eigi sé unnt að gera kröfur stefnanda aðfararhæfar óbreyttar þar sem sýkna beri að hluta eða í heild eða frávísa beri að hluta og skal hann þá, á þann hátt er segir í 1. mgr., víkja málinu til venjulegrar eða sérstakrar meðferðar einkamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 234. gr.

Dómari skal tilkynna stefnanda ákvarðanir þessar. Óheimilt er að skjóta ákvörðun dómara samkvæmt þessari grein til Hæstaréttar.

l. (233. gr.)

Nú verður dómari þess var eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar afgreiðslu samkvæmt þessum kafla að því sé svo áfátt að efnisdómi megi eigi á það ljúka, hvorki samkvæmt almennri né sérstakri meðferð, eða stefnufrestur hefur verið of skammur, sbr. 228. gr., og skal hann þá vísa máli frá dómi með rökstuddri áritun á bæði frumrit stefnunnar.

m. (234. gr.)

Dómari skal byggja efnisúrlausn í málum samkvæmt þessum kafla á staðhæfingum stefnanda í stefnu um málsatvik enda fái þær staðhæfingar samrýmst málatilbúnaði hans og fari eigi í bága við þekktar staðreyndir.

Dómari getur í efnisúrlausn sinni breytt augljósum villum í stefnu til samræmis við skjöl þau er stefnandi byggir mál sitt á.

n. (235. gr.)

Áritun dómara á stefnu um frávísun eða aðfararhæfi hefur sama gildi og dómur í einkamálum. Áfrýjun á málum þessum frestar eigi aðför.

o. (236. gr.)

Eigi er heimilt að láta mál sæta meðferð samkvæmt þessum kafla ef birta þarf stefnu erlendis eða í opinberu blaði.

p. (237. gr.)

Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum kafla fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.

26. gr.

XX. kafli verður XXI. kafli laganna og 223. og 224. gr. verða 238. og 239. gr. laganna.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987 og skulu gilda um öll mál sem þingfest eru eftir þann tíma. Mál, sem þingfest eru fyrir þann tíma, skulu fara eftir eldri lögunum.

Jafnframt falla úr gildi lög um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, nr. 97 14. júlí 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af réttarfarsnefnd. Er frumvarpið og meðfylgjandi greinargerð efnislega í samræmi við tillögur nefndarinnar.

Með lögum nr. 28/1981, sem samþykkt voru á Alþingi 16. maí 1981 og tóku gildi 1. janúar 1982, voru gerðar talsverðar breytingar á lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði (hér eftir skammstafað eml.). Markmið með þessum breytingum var að gera málsmeðferð í einkamálum einfaldari og greiðari og afgreiðslu dómstóla skilvirkari. Nú þegar fengin er nokkur reynsla af hinum nýju lögum þótti réttarfarsnefnd rétt að taka til athugunar hvernig þau hefðu gefist í reynd. Af því tilefni ritaði nefndin öllum hæstaréttardómurum og héraðsdómurum í landinu, svo og stjórn Lögmannafélags Íslands, bréf og óskaði eftir umsögn þessara aðila um lögin, svo og um lög um áskorunarmál, nr. 97/1978. Jafnframt var óskað eftir ábendingum og breytingartillögum við lög þessi ef menn hefðu eitthvað fram að færa í þeim efnum. Af þeim umsögnum, sem borist hafa, má í skemmstu máli segja að menn eru almennt ánægðir með breytingarnar og telja að þær hafi verið til bóta. Allt að einu kom það fram að nokkur atriði þurfi, að fenginni reynslu, að endurskoða og breyta. Er frumvarp þetta samið með hliðsjón af þessum umsögnum og öðrum atriðum er nefndin taldi ástæðu til að endurskoða.

Réttarfarsnefnd taldi hyggilegt að fella lögin um áskorunarmál, nr. 97/1978, sem verið hafa sérstök lög, inn í heildarlagabálkinn um meðferð einkamála í héraði enda fjalla hvor tveggja lögin um einkamálaréttarfar. Hefur það verið gert í frumvarpi þessu með því að leggja til að ákvæði laganna um áskorunarmál verði tekin upp í einkamálalögin sem XX. kafli þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. eml. skal setudómari kveða upp dóm í þinghá þar sem hann er búsettur nema dómsuppkvaðning í lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögu. Samkvæmt þeirri breytingu, sem hér er ráðgerð, á setudómari ekki einasta að hafa heimild til að kveða upp dóm á heimili sínu heldur og á skrifstofu sinni enda þótt hún sé ekki í þeirri þinghá þar sem hann er búsettur. Er nokkuð um það að dómarar séu búsettir utan lögsagnarumdæma sinna og er breytingin til hagræðis fyrir þá.

Um 2. gr.

Hér er ráðgerð nokkur þrenging á 7. tölul. 32. gr. eml. að því er varðar þau störf er menn verða að hafa gegnt til þess að hljóta skipun í dómaraembætti. Felld eru niður starfsheiti borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík þar eð þeim er ofaukið því að áður í setningunni er búið að víkja að héraðsdómurum en þessir dómarar eru að sjálfsögðu héraðsdómarar. Enn fremur hafa verið felld niður úr málsgreininni eftirtalin starfsheiti: bæjarstjóri, ritari forseta Íslands, bankastjóri, sendiherra eða fulltrúi sendiherra, svo og það að maður hafi gegnt opinberu starfi sem hagfræðipróf þarf til. Telur réttarfarsnefnd að þessi störf gefi ekki næga reynslu og þekkingu í dómarastörfum til þess að þau réttlæti skipun í dómarastarf.

Um 3. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er ráðgert að fella niður heimild í 2. mgr. 32. gr. eml. til að setja héraðsdómara sem ekki hefur lokið embættisprófi í lögum. Réttarfarsnefnd telur að lögfræðingastéttin sé nægilega fjölmenn þannig að óþarft ætti að vera að setja ólöglærða menn dómara. Grein þessi einfaldar mjög og styttir 33. gr. og í samræmi við ráðgerðar breytingar á 32. gr. er felld niður heimild til þess að löggilda héraðsdómurum fulltrúa sem ekki hafa lokið embættisprófi í lögum.

Um 4. gr.

Í grein þessari er ráðgert að kveða skýrt á um það hvert vald forstöðumenn dómaraembætta hafa til þess að beita dómara og dómarafulltrúa aga og áminningu ef þeir gera sig seka um vanrækslu eða ótilhlýðilega framkomu í dómarastarfi eða utan þess, án þess þó að refsing liggi við að lögum. Breyting þessi er gerð til þess að taka af allan vafa um það hverjar heimildir forstöðumenn dómaraembætta hafa í þessu efni. Auk þess er forseta Hæstaréttar veitt heimild til að veita forstöðumanni dómaraembættis áminningu undir sama skilorði.

Grein þessi haggar ekki því að ráðherra hefur áfram vald til að áminna dómara og dómarafulltrúa þegar það á við skv. 7. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 5. gr.

Breytingin, sem hér er ráðgerð á 39. gr. eml., er sú að hér er þeirri meginreglu slegið fastri að dómþing skuli heyja í heyranda hljóði hvar sem þau eru haldin en ekki aðeins í þinghúsum og öðrum húsum sem notuð eru til almenningsnota eins og nú segir í lögunum. Að sjálfsögðu helst áfram heimild til að heyja dómþing fyrir luktum dyrum þegar fullnægt er skilyrðum til slíks samkvæmt greininni, þ.e. ef aðili óskar þess eða dómari telur það hentugra vegna aðila, vitna eða almenningshagsmuna, og kveður dómari þá upp úrskurð um þetta atriði.

Þessi ráðgerða breyting er og í samræmi við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Um 6. gr.

Samkvæmt 41. gr. eml. eiga jafnan að vera tveir þingvottar þar sem einn maður situr í dómi. Nokkur misbrestur mun vera á því að þessu ákvæði um tvo þingvotta sé fullnægt og mun það ekki óalgengt við munnlegan málflutning að enginn þingvottur sé viðstaddur vegna þess að dómari veigri sér beinlínis við því að biðja önnum kafna ritara að sitja í þinghaldi meðan málflutningur fer fram. Nefndinni hefur þótt rétt að fækka þingvottum úr tveimur í einn og telur eigi að réttaröryggi sé skert með því.

Um 7. gr.

Eftir því sem ljósritun hefur færst í vöxt hefur það orðið æ algengara að skjöl séu lögð fram í dómi í ljósriti. En ljósrit eru mismunandi að gæðum og stundum eru þau svo óskýr að þau eru illlæsileg og þá sönnunargildi skjalanna eftir því. Af þessari ástæðu hefur réttarfarsnefnd talið rétt að breyta upphafi 43. gr. eml. sem fjallar um framlagningu skjala á þá lund að skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skuli vera í frumriti séu þau tiltæk.

Um 8. gr.

Ákvæði 46. gr. eml. um samaðild hafa stundum valdið erfiðleikum og orsakað það að menn nái ekki rétti sínum ef allir samaðilar vilja ekki taka þátt í málsókn, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 1977, bls. 13, þar sem meiri hluti Hæstaréttar vísaði máli út af riftun á gjafagerningi frá Hæstarétti þar sem aðeins einn erfingi af þremur stóð að málssókninni. Af þessari ástæðu m.a. þykir réttarfarsnefnd rétt að breyta 46. gr. að því er varðar málshöfðun á þá lund að eigi sé skylt að vísa máli frá dómi enda þótt allir samaðilar taki ekki þátt í málshöfðun. Hins vegar ber að vísa máli frá dómi ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar. Þetta ákvæði er því óbreytt í greininni. Hins vegar verður að telja það ósanngjarnt að einn eða fleiri sameigendur, sem ekki vilja taka þátt í málshöfðun, geti komið í veg fyrir málshöfðun annarra sameigenda sem vilja fara í mál.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir smávægilegum breytingum á því hvað greina skuli í stefnu. Hér er gert ráð fyrir því að fella niður skyldu til þess að greina nafnnúmer aðila í stefnu. Verður tæpast séð að þörf sé á að auðkenna aðila með nafnnúmeri hér í þessu fámenna landi og verður því að telja að í því sé fólgin óþarfa fyrirhöfn fyrir lögmenn að verða að leita nafnnúmer manna uppi. Að öðru leyti er fremur um orðalagsbreytingar en efnisbreytingar að ræða á þessari grein en lögð er áhersla á að lýsing málavaxta í stefnu skuli vera stuttorð og gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hvert sakarefnið er. Gerir réttarfarsnefnd ráð fyrir því að málsástæður og lagarök séu nokkru rækilegar rakin í greinargerðum máls, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Samkvæmt núgildandi einkamálalögum er ekki bein heimild til þess að höfða sjálfstæð vitnamál, svo sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Nauðsynlegt er að setja heimild í lögin til að reka sjálfstæð vitnamál án tengsla við þegar höfðað dómsmál. Slíkt getur annaðhvort komið í veg fyrir óþarft dómsmál þegar upplýsingar allar liggja fyrir eða þá hitt að upplýsingar leiði til þess að menn sjá að réttast muni að sættast án málssóknar. Leggur réttarfarsnefnd til að þessi heimild um sönnunarfærslu fyrir dómi verði tekin upp í nýja grein í einkamálalögunum.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um framlagningu skjala við þingfestingu máls. Ekki er um að ræða neinar verulegar efnisbreytingar hér á en greinin hefur verið umorðuð og leitast við að gera hana skýrari og lögð áhersla á að í greinargerðum sé málsástæðum og lagarökum lýst nánar heldur en í stefnu, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Leggur réttarfarsnefnd áherslu á það að greinargerðir séu ekki aðeins upptalning á framlögðum skjölum svo sem stundum hefur viljað brenna við heldur séu þær ítarlegar að því er varðar málsástæður og lagarök en þó jafnframt gagnorðar.

Um 12. gr.

Aðalbreytingin, sem ráðgerð er á þessari grein, er sú að hér eftir verður heimilt að vísa einni eða fleiri kröfum frá dómi og jafnframt að kveða upp efnisúrlausn í sama dómi um aðra kröfuþætti. Sama máli gegnir þegar aðilar eru fleiri en einn en frávísun varðar aðeins kröfur eins eða fleiri en þó ekki allra. Ástæðan fyrir þessari breytingartillögu er sú að Hæstiréttur hefur stundum ómerkt héraðsdóm sem frávísað hefur máli að hluta en dæmt það jafnframt að efni til að hluta. Hæstiréttur hefur þó ekki fylgt þessu sem alveg ófrávíkjanlegri reglu. Því ríkir nokkur óvissa í þessu efni sem réttarfarsnefnd þykir rétt að eyða.

Þá er lagt til að eftirfarandi setning verði felld niður úr núgildandi 3. mgr. „Verður slíkum úrskurði ekki haggað í æðra dómi, nema vísa hefði átt máli frá héraðsdómi, þótt engin krafa hefði komið fram í þá átt.“ Þessi breyting eykur heimildir Hæstaréttar til þess að breyta úrskurðum varðandi frávísunarkröfur.

Um 13. gr.

109. gr. eml. er orðuð þannig að dómari skuli kveða á um það hverju sinni hvort mál skuli flytja skriflega eða munnlega. Þar sem munnlegur flutningur er nú aðalreglan þykir rétt að taka það berum orðum fram í grein þessari. Hefur það verið gert. Hins vegar heldur dómari að sjálfsögðu heimildinni til þess að ákveða skriflegan málflutning þegar fullnægt er skilyrðum greinarinnar þar um.

Um 14. gr.

Vegna þess að kveðið er á um munnlegan flutning í 109. gr. hefur þessi grein tekið nokkrum orðalagsbreytingum, svo og nokkrum öðrum breytingum er miða að því að auka möguleika á sáttum og stuðla að greiðari málsmeðferð. Hér er fremur um áhersluatriði að tefla heldur en beinar efnisbreytingar. Þó er í 1. mgr. nýmæli um að jafnan skuli halda eitt dómþing í máli eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína en áður en aðalmeðferð hefst. Þá er 4. mgr. greinarinnar nýmæli sem réttarfarsnefnd telur rétt að taka inn í þessa grein þar eð ýmis fjárviðskipti manna í meðal gerast nú æði flókin og nefndinni þótti heimild í niðurlagi 114. gr. eml. ekki fullnægjandi í þessu efni.

Um 15. gr.

Í þessari grein er fjallað um svokallaðan undirbúning aðalmeðferðar og boðun vitna. Aðalmeðferð máls kallast það þegar fram fer skýrslutaka og í framhaldi af henni munnlegur flutningur málsins. Þessi meðferð máls hefur stundum verið nefnd aðalflutningur, lögfræðinga í milli, en þar sem hér fer fram meira í flestum tilvikum heldur en málflutningur þá þótti réttara að kalla þessa málsmeðferð aðalmeðferð en eigi aðalflutning.

Það er nýmæli í 2. mgr. að aðili geti hagað boðun þannig að afhenda dómara tilkynningu til vitnis um að koma fyrir dóm. Miðar breyting þessi að því að tryggja betur að vitni mæti til skýrslugjafar á réttum stað og tíma.

Í 3. mgr. er það nýmæli að dómari geti, auk þess að beita viðurlögum skv. 131. gr. eml., óskað aðstoðar lögreglu við að sækja vitni sem ekki mætir án lögmætra forfalla.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um hina svokölluðu aðalmeðferð máls. Það er nýmæli í 1. mgr. greinarinnar að dómari gefi sækjanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu og að því búnu á verjandi færi á að gera stuttar athugasemdir við lýsingu sækjanda. Þetta fyrirkomulag á sér hliðstæðu erlendis og miðar að því að skýra aðalatriði máls í örstuttu máli áður en vitna- og aðilayfirheyrslur hefjast.

Að öðru leyti fjallar greinin um málflutning hvort heldur er munnlegan sem er aðalreglan eða skriflegan málflutning sem er undantekningin.

Um 17. gr.

Hinar ráðgerðu breytingar á þessari grein gefa sækjanda rýmri rétt til að fella mál niður en samkvæmt ákvæðum 119. gr. eml. Hins vegar breytir það engu um skyldu sækjanda til að greiða verjanda málskostnað, sbr. 1. mgr. 180. gr. eml. Það verður að telja að rökin fyrir hinni þröngu heimild til hafningar máls samkvæmt núgildandi ákvæðum séu ekki ljós úr því að skylt er að hefja mál ef útivist verður af hálfu sækjanda.

Um 18. gr.

Það er nýmæli í þessari grein að heimila að dómkveðja einn matsmann þegar um litla hagsmuni er að tefla. Nýmæli þetta er sett fram í sparnaðarskyni því að matskostnaður getur oft orðið býsna hár.

Um 19. gr.

Þar sem niðurjöfnunarnefndir hafa nú verið lagðar niður er gerð breyting á 2. tölul. 172. gr. eml. í þá veru að í stað orðanna „vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar“ komi: vottorð skattstjóra.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að tekin verði af tvímæli um að dæma megi vexti af málskostnaðarkröfu til greiðsludags, rétt eins og af hverri annarri peningakröfu. Dómur um þessa vexti á auðvitað best heima í því máli þar sem dæmt er um málskostnaðarkröfuna sjálfa.

Með málskostnaðardómi er verið að ákveða að annar aðili málsins skuli úr hendi hins fá uppi borinn þann kostnað sem hann hefur haft af málarekstrinum að nokkru eða öllu leyti. Er þar í mörgum tilfellum um að ræða kostnað sem aðili hefur þegar greitt eða á að hafa greitt, jafnvel löngu fyrir dómtökuna, svo sem réttargjöld, matskostnað, birtingar, innborganir á þóknun lögmanns o.fl. Sýnist eðlilegt að dómari meti þegar hann dæmir um málskostnaðarfjárhæð hvert verðrýrnunartjón aðilans sé frá því er hann lagði féð út og til dómsuppsögudagsins og taki tillit til þess.

Eftir að málið hefur verið dómtekið er ávallt ljóst að allur kostnaður aðilans af málinu er til fallinn. Greiði hann þá ekki það af kostnaðinum sem hann kann að eiga ógreitt þarf hann sjálfur að svara vöxtum af kostnaðinum ef hann er um þá krafinn. Er augljóst réttmæti þess að hann fái að krefja gagnaðila sinn um vexti af kostnaðinum og má þá í sjálfu sér einu gilda hvort aðilinn sjálfur hefur þurft að svara slíkum vöxtum í reynd eða ekki. Rétt þykir þó svo að örugglega verði ekki á rétt dómfellda hallað að upphafstími vaxtanna verði ekki ákveðinn fyrr en á 15. degi eftir dómsuppsögu.

Um 21. gr.

Viðbótin við þessa grein heimilar dómara að láta þann aðila sæta refsimálskostnaði er misnotar freklega réttarfarsreglur til þess að setja fram rangar kröfur í því skyni að tefja framgang réttlætisins. Dómari metur það hverju sinni hvort rétt sé að nota heimild þessa.

Um 22. gr.

Hinar fyrirhuguðu breytingar á 190. gr. eml. eru tvíþættar. Annars vegar er það breytingin á 2. mgr. Tilgangurinn með henni er sá að létta þeirri byrði af Hæstarétti að þurfa að semja frá grunni forsendur í úrskurðum sem hann fær til meðferðar eftir kæru skv. 2. mgr. enda er eðlilegt að Hæstiréttur sjái skýrlega á hvaða forsendum héraðsdómari byggir ákvörðun sína. Hafa ber í huga að þrátt fyrir þessa breytingu yrðu flestir úrskurðir héraðsdómara skv. 2. mgr. áfram án forsendna þar sem einungis litlum hluta af þessum úrskurðum er skotið til Hæstaréttar.

Hin fyrirhugaða breytingin lýtur að 3. mgr. og býður að úrskurðir í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum, sem fela í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið, skuli byggðir á forsendum. Samkvæmt núgildandi ákvæði skulu forsendur því aðeins fylgja úrskurði, „ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til“. Þar sem hér er um lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið að ræða þykir rétt að lögbjóða ótvíræða skyldu til að láta forsendur fylgja þessum úrskurðum. Slíkt eykur réttaröryggið og dregur úr réttaróvissu er leitt getur til tilefnislausrar áfrýjunar.

Um 23. gr.

Eina breytingin á 193. gr. eml. er að felld er niður skyldan til að geta nafnnúmers aðila í dómi. Þetta er gert í samræmi við reglurnar um samningu á stefnu, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

221. gr. eml. er óbreytt að öðru leyti en því að í 2. mgr. er vitnað til barnalaga, nr. 9/1981, í stað laga nr. 57/1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, sem numin voru úr gildi með fyrrgreindum lögum, sbr. 58. gr. þeirra.

Um 25. gr.

Í XX. kafla hafa verið tekin ákvæði laga um áskorunarmál, nr. 97 14. júlí 1978. 1. gr. laganna verður 222. gr., 2. gr. verður 223. gr. o.s.frv.

Með 2. mgr. nýrrar 222. gr. (a-lið) er talsvert rýmkuð heimildin til þess að sækja mál samkvæmt ákvæðum laganna um áskorunarmál. Er þetta gert í þeim tilgangi að stuðla að greiðari málsmeðferð. Þetta dregur þó ekki úr réttaröryggi því að ávallt skal víkja máli til almennrar meðferðar ef fram koma lögvarnir.

Orðalagi nýrrar 223. gr. (b-lið) hefur lítillega verið breytt til samræmis við 9. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti eru einu efnisbreytingarnar, sem gerðar hafa verið á lögunum um áskorunarmál, eftirfarandi:

Við nýja 230. gr. (i-lið) hefur verið bætt ákvæðum um framlagningu greinargerða af hálfu aðila þegar haldið er uppi lögvörnum í málum þessum. Sé ekki haldið uppi lögvörnum leggur sækjandi ekki fram greinargerð.

Í nýrri 231. gr. (j-lið) hefur verið felldur niður sjö sólarhringa aðfararfresturinn enda eru vandséð rökin fyrir honum þar sem áfrýjun frestar ekki aðför, sbr. 235. gr.

Þá ber og að geta þess að 16. gr. núgildandi laga um áskorunarmál hefur verið felld niður þar sem hún er nú óþörf eftir að sáttanefndir voru lagðar niður með lögum nr. 28/1981.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 536. Frumvarp til laga [304. mál]

um framhaldsskóla.

Frá menntamálaráðherra.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla, en einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Skólar er falla undir ákvæði þessara laga eru:

a. menntaskólar, en þeir eru nú: Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn við Sund, Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Menntaskólinn á Laugarvatni;
b. fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar og aðrir framhaldsskólar og þeir menntaskólar samkvæmt a-lið sem breytt verður í fjölbrautaskóla;
c. sérskólar fyrir nám sem ekki telst hagkvæmt að fella inn í námsbrautir fjölbrautaskóla eða annarra framhaldsskóla, sbr. b-lið.

Setja skal reglugerð um hvern sérskóla sem ákveðið verður að starfi samkvæmt c-lið.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun er nýtist sem undirbúningur starfs eða frekara náms. Jafnframt stuðli námið að alhliða þroska nemenda.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Nýr framhaldsskóli verður eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis.

Gera skal samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla, sbr. a- og b-lið 1. gr. laga þessara, skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður eða sveitarsjóðir greiði 40% kostnaðar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Sama gildir um byggingar- og stofnkostnað þeirra sérskóla, sbr. c-lið 1. gr. laga þessara, sem eitt eða fleiri sveitarfélög hafa forgöngu um að stofna eða samþykkja að verða stofnaðilar að.

Verði ákveðið að stofna sérskóla, sbr. c-lið, án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Gerður skal sérstakur samningur við rekstraraðila sem staðfestur er af menntamálaráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og láta gera fyrirmyndir að hönnun og verksamningum.

4. gr.

Skólamannvirki þau sem lög þessi taka til skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

IV. KAFLI

Stjórnun.

5. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til og hefur með höndum námsskrárgerð og kennslueftirlit.

Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, sbr. 3. og 32. gr.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í henni sitja þrír menn: formaður, tilnefndur af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti, og tveir menn tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa þeirra. Skólanefndir við sérskóla, sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 6. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

7. gr.

Skólanefnd markar stefnu í skólahaldi og ákveður námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytis.

Skólanefnd gerir í upphafi árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Ráðstöfun þessara gjalda, að undanteknu nemendasjóðsgjaldi, er háð samþykki skólanefndar. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Ákveði skólanefnd að stofna sérstakan sjóð, t.d. styrktarsjóð við framhaldsskóla, skal um hann sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Skólameistari (rektor) hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólanefnd tekur. Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara, nemenda, svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í starfsreglum sem skólanefnd setur.

9. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

10. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

V. KAFLI

Starfslið.

11. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara þess skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

12. gr.

Um skilyrði til þess að vera settur eða skipaður skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

13. gr.

Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann þá senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneyti getur veitt kennara, er orlofs nýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um orlof skal hafa borist menntamálaráðuneyti fyrir 1. nóvember ár hvert.

Að loknu orlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á orlofstíma. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra og annarra stjórnenda skóla.

14. gr.

Rækja skal heilsuvernd í framhaldsskólum.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

Starfsfólk við heilsuvernd í skólum lýtur stjórn skólameistara í starfi innan skólans sem annað starfsfólk hans.

Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skóla er heimilt að fela henni að annast heilsuverndina.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

15. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun geta hafið nám í framhaldsskóla en skylt er nemendum að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Skólanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði hefji nemendur nám 18 ára eða eldri og setja lágmarkskröfur í einstökum greinum til inntöku í tiltekna námsáfanga. Inntaka nemenda í skóla er í höndum skólaráðs, sbr. 8. gr.

VII. KAFLI

Námsskipan.

16. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi nám. Stefnt skal að því að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir.

Hver námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Í námsskrá skal kveða á um markmið náms á hverri námsbraut og námslok. Enn fremur um skiptingu námsefnis í brautarkjarna og valgreinar.

17. gr.

Í framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta náms. Auk skyldunámsefnis skal heimilt að gefa kost á frjálsum valgreinum að uppfylltum skilyrðum er sett skulu í námsskrá.

18. gr.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annað hvortbeinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Jafnframt skulu vera sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

19. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir skulu til eininga eftir umfangi námsefnis. Með einingu samkvæmt lögum þessum er átt við einnar kennslustundar bóknámsefni á viku að meðaltali á skólaári eða tveggja kennslustunda náms á viku á önn.

Leitast skal við að hafa námsefni og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að samræmi sé ávallt á milli markmiðs námsbrautar og kennslu námsgreinar.

20. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneyti setur. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga í námsskrá.

21. gr.

Í námsskrá skal mælt fyrir um námsmat, m.a. próf og vitnisburði. Þar skulu tilgreind skilyrði til þess að flytjast milli áfanga og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Í námsskrá skulu birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar og hvernig nám skal metið þegar nemendur flytjast milli skóla.

22. gr.

Námsefni til stúdentsprófs skal jafngilda 140 einingum. Einingafjöldi til annarra lokaprófa skal ákveðinn í námsskrá.

23. gr.

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum og öðrum iðnaði samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Menntamálaráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað níu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk Iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

24. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir er fjalli um fræðslu í einstökum iðngreinaflokkum og geri tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð skal tilnefna þrjá fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Skipunartími nefnda skal vera fjögur ár.

25. gr.

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneyti og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneyti getur veitt heimild til þess að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggi fyrir:

a. Umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags.
b. Umsögn iðnfræðsluráðs.
c. Umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til meistarabréfs síðar nema hann ljúki burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðnarinnar.

26. gr.

Skylt er menntamálaráðuneyti að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 16., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraprófs.

Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

27. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn og skal það skipað 11 mönnum. Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félagið Fiskiðn, Verkamannasamband Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, Félag fiskvinnslustöðva, Hafrannsóknastofnun,

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva og sjávarútvegsráðherra. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Fræðsluráð sjávarútvegs mótar í samvinnu við menntamálaráðuneyti heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegs- og fiskeldisgreinum og veitir umsögn um tillögur að námsbrauta- og áfangalýsingum í verklegum og bóklegum faggreinum tengdum sjávarútvegi.

28. gr.

Nám, sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi, skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í námsskrá, sbr. 16. og 20. gr. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi námsbrauta- og áfangalýsingar, sbr. 21. og 26. gr.

29. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.

30. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytis. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

31. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en níu mánuðir.

Kennsludagar skulu eigi vera færri en 144 árlega. Prófdagar skulu eigi vera fleiri en 20 árlega. Menntamálaráðuneyti setur árlega nánari reglur um skiptingu starfstíma skóla.

VIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

32. gr.

Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining.

Framlög ríkissjóðs til almenns rekstrar framhaldsskóla skulu miðuð við að sama framlag komi á hvern nemanda í sama eða svipuðu námi hvar sem er á landinu. Með nemanda er átt við þann sem sækir a.m.k. 36 stunda kennslu á viku í 144 kennsludaga á skólaári. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til þess að mæta þeirri þörf.

Til rekstrarkostnaðar skóla telst:

1. Launakostnaður, en til hans teljast laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum, einnig laun fyrir störf á skrifstofu, í skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur, við umsjón eigna skóla, við heilsugæslu og í mötuneyti kennara.
2. Til annars rekstrarkostnaðar framhaldsskóla telst allur annar kostnaður að frátöldu efni til verklegrar kennslu sem ríkissjóður greiðir að hálfu móti nemendum eða öðrum ef samkomulag næst um slíkt. Til rekstrarkostnaðar telst einnig viðhald húsa og tækja. Kostnaður við mötuneyti og ferðir nemenda telst ekki til rekstrarkostnaðar.

Kostnað vegna 1. tölul. greiðir ríkissjóður mánaðarlega beint til starfsmanna en kostnað vegna 2. tölul. og 33. gr. greiðir ríkissjóður til skóla ársfjórðungslega fyrir fram.

Fjárveitingum og greiðslum vegna 1. tölul. annars vegar og annars rekstrar skv. 2. tölul. hins vegar skal haldið að fullu aðgreindum og má ekki skerða fjárveitingu til 2. tölul. þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu, enda sé umfang starfseminnar í samræmi við samþykktar áætlanir.

Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skóla.

Í umboði skólanefndar sér skólameistari um rekstur og bókhald. Heimilt er skólanefnd að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara. Bókhaldi skal hagað í samráði við ríkisbókhald.

Rekstraráætlun skóla og reikningsuppgjör skal miða við almanaksár með sama hætti og fjárlög.

Endurskoðun er í höndum ríkisendurskoðunar eða löggilts endurskoðanda sem hún felur það starf.

33. gr.

Þar sem nauðsynlegt telst að reka heimavist greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón. Tækjabúnað og rekstrarbúnað húsnæðis greiðir ríkissjóður á sama hátt og rekstrarkostnað annars húsnæðis hlutaðeigandi skóla en sérstakan rekstrarkostnað heimavistar og mötuneytis greiða nemendur.

Skólameistari og skólnefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

34. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla.

Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til þess að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smærri námshópa.

Menntamálaráðherra setur í námsskrá ákvæði um hvaða greinar teljast verknám og sérnám og setur reglur um hvaða álög á meðaltalstölu skuli miða við í áætlanagerð til fjárlaga vegna kennslulauna.

IX. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og eftirmenntun.

35. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita þeim er orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að öðru leyti. Einnig er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna. Nánari ákvæði um þessa stafsemi skulu sett í reglugerð.

36. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita menntun í öðrum greinum en 35. gr. tekur til og geta efnt til eftirmenntunarnáms m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Námsgjöld miðast við að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna. Í slíku námi er kostnaðaraðild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytis.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa skólanefndir með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

38. gr.

Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldskólastigi, sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunaskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan.

39. gr.

Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu.

Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

XI. KAFLI

Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

40. gr.

Eftirtalin lög falla úr gildi við gildistöku laga þessara. Alþingi ákveður með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir, sbr. c-lið 1. gr. laga þessara. Lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, nr. 12/1970 og nr. 82/1984, um menntaskóla, nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, nr. 14/1973, nr. 21/1977, nr. 40/1980 og nr. 85/1984, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, nr. 55/1971 og nr. 18/1981, um fiskvinnsluskóla, nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla, nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands, nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 11/1985, um vélstjórnarnám, nr. 68/1966, nr. 18/1971 og 68/1972, um iðnfræðslu, nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands, nr. 37/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, nr. 81/1972, um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann, nr. 6/1971 og nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands og nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1988–89.

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að framlengja leyfi til rekstrar framhaldsdeilda grunnskóla, sem reknar hafa verið á framhaldsskólastigi, í allt að fimm ár frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta flytur menntamálaráðherra til kynningar og mun hann fara þess á leit við menntamálanefnd neðri deildar að hún dreifi frumvarpinu til umsagnar.

Menntamálaráðuneytið hefur þegar sent eftirtöldum aðilum frumvarpið: Bandalagi kennarafélaga, Skólameistarafélagi Íslands, rektorum, skólameisturum og skólastjórum allra skóla á framhaldsskólastigi, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, iðnfræðslulaganefnd, samstarfshópi um sjávarútvegsskóla, grunnskólanefnd, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Frumvarpið er samið af nefnd sem Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra skipaði þann 8. desember 1985. Í nefndinni sátu eftirtaldir: Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Magnús Pétursson hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, tilnefndur af borgarstjóra, Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Böðvarsson fyrrverandi skólameistari og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri, skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar. Upphaflega var Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður skipaður formaður nefndarinnar, en hann óskaði eftir að verða leystur frá því starfi og var Birgir Ísl. Gunnarsson þá tilnefndur formaður þann 13. maí 1986. Með nefndinni hefur starfað Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Í skipunarbréfi menntamálaráðherra segir m.a.: „Þess er óskað að nefndin semji m.a. sem einn þátt frumvarpsins, reglur um fjármál framhaldsskóla og skiptingu kostnaðar við stofn og rekstur skólanna, er séu eins skýrar og einfaldar og unnt er. Til álita kemur að allur kostnaður við framhaldsskóla greiðist af ríkisvaldinu, en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiðist af sveitarfélögum, enda yrði þá að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til að mæta þeim viðbótarkostnaði, sem af slíku fyrirkomulagi kynni að leiða."

Með tilvísun til þessa tók nefndin það sem sitt fyrsta verkefni að semja reglur um stofn- og rekstrarkostnað framhaldsskóla. Eftir því er á leið nefndarstarfið varð nefndin sammála um að óheppilegt væri að semja sérstakt frumvarp um fjármál framhaldsskóla. Eðlilegra væri að fella ákvæði um fjármálin inn í heildarfrumvarp um framhaldsskóla. Varð því úr að nefndin samdi slíkt frumvarp.

Helstu einkenni frumvarpsins eru:

1. Frumvarpið felur í sér rammalöggjöf sem taki til alls náms á framhaldsskólastigi, er taki við af skyldunámsstigi og undirbúi nemendur til háskólanáms eða til starfs.
2. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga í námsskrá sem menntamálaráðuneyti setur og semur í samráði við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, faggreinafélög o.fl. Öllum framhaldsskólum er skylt að fylgja námsskrárákvæðum, en þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar sem þess óska haldið bekkjarkerfi og starfað áfram með líkum hætti og þeir gera nú.

3. Með frumvarpinu er stefnt að greinilegri verkaskiptingu en nú er milli menntamálaráðuneytis og skólayfirvalda á hverjum stað. Hlutverk ráðuneytis verði stefnumótun, kennslueftirlit og gerð tillagna um fjárveitingar til hvers skóla en framkvæmd skólastarfs innan ramma námsskrár og fjárveitinga sé í höndum skólanefnda og skólastjórnenda.
4. Stofnkostnaður framhaldsskóla greiðist sameiginlega af ríki og viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum í þeim hlutföllum að ríkið greiði 60% og sveitarfélag eða sveitarfélög greiði 40%.
5. Ríkið greiði rekstrarkostnað framhaldsskólanna.
6. Tryggt sé samstarf við atvinnulífið í iðnnámi með iðnfræðsluráði sem sé til ráðuneytis um skipulag námsins og kennslueftirlit. Einnig skulu fræðslunefndir starfa til að skipuleggja fræðslu í einstökum iðngreinaflokkum.
7. Starfa skal fræðsluráð sjávarútvegs tilnefnt af samtökum og stofnunum sjávarútvegsins sem móti í samvinnu við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegsgreinum.
8. Aðild sveitarfélaga og heimamanna að stjórnum skólanna verði í formi aðildar að skólanefndum sem starfi við hvern framhaldsskóla. Þær skulu skipaðar þremur fulltrúum (tveimur tilnefndum af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum og einum tilnefndum af menntamálaráðherra). Skólanefndir fái vald til ákvörðunar um skipulag náms og námsframboð. Einnig til ákvörðunar um rekstur innan ramma fjárveitinga.
9. Skólameistari verði framkvæmdastjóri skólanefnda og stjórni daglegum rekstri skóla.
10. Hver skóli verði sjálfstæð rekstrareining. Ríkissjóður greiði laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu beint. Annan rekstrarkostnað greiði ríkissjóður til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Sú meginregla gildi að sama framlag komi á hvern nemanda hvar sem er á landinu með heimild til sérgreinds framlags ef sérstakar aðstæður ríkja.
11. Þar sem nauðsynlegt er að reka heimavist greiði ríkissjóður kostnað við umsjón, tækja- og rekstrarbúnað húsnæðis. Sérstakan rekstrarkostnað heimavistar og mötuneytis greiði nemendur.
12. Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands starfi áfram á sama grundvelli og áður og opnuð er heimild fyrir menntamálaráðherra að samþykkja kostnaðarþátttöku við einkaskóla á framhaldsskólastigi.
13. Framhaldsskólum verði heimilt að annast menntun fullorðinna á þeim námsbrautum er skólinn starfrækir svo og að stofna til sérstakra námskeiða (öldungadeilda). Skulu nemendur greiða sem næst þriðjungi kennslulauna. Einnig verði framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms.

Eins og fram kemur í því sem að framan greinir er í frumvarpi þessu leitast við að veita hverjum framhaldsskóla nokkurt sjálfstæði til ákvörðunar um innihald og þróun náms, svo og nokkurt fjárhagslegt sjálfstæði. Þar með er skólunum veitt aðstaða til þess að taka tillit til staðhátta og þarfa atvinnulífs á hverjum stað. Það er skoðun nefndarinnar að slíkt sé nauðsynlegt ef tryggja á að framhaldsskólamenntun geti þróast í samræmi við hinar fjölbreytilegu kröfur tímans.

Hér verður ekki rakið nánar efni frumvarpsins en í skýringum við einstakar greinar hér á eftir er nánar rökstutt hvað býr að baki þeim tillögum sem þar eru settar fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gildissvið laganna er skilgreint í grein þessari og ráðgert að lög þessi taki til náms á framhaldsskólastigi er taki við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Allmargir framhaldsskólar sem undir lög þessi falla eiga langa sögu

og eru ríkir af hefðum. Þess vegna var talið rétt að taka af allan vafa um að þrátt fyrir ein framhaldsskólalög gætu einstakar skólastofnanir áfram borið sérstakt nafn t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Í stafliðum a–c í þessari grein er nánar skilgreint hvaða skólar falla undir ákvæði laganna. Í staflið a eru taldir upp menntaskólar sem nú starfa en í staflið b er fram tekið að þeir geti breyst í fjölbrautaskóla. Þessi frumvarpsgrein tekur hins vegar ekki afstöðu til þess. Í staflið b eru taldir upp aðrir framhaldsskólar, þ.e. fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar og aðrir framhaldsskólar. Langflestir framhaldsskólar sem nú starfa falla undir b-lið.

Í staflið c er gert ráð fyrir að á framhaldsskólastigi starfi áfram sérskólar sem ekki telst hagkvæmt að fella inn í námsbrautir annarra framhaldsskóla. Slíkir skólar yrðu með sérgreindu námi sem aðeins yrði stundað á einum stað á landinu. Í lokakafla frumvarpsins er ráðgert að sérlög um slíka skóla verði afnumin, en Alþingi ákveði með þingsályktun hvaða sérskólar skuli áfram starfa, og í greinarlok er kveðið á um að setja skuli reglugerð um hvern sérskóla sem ákveðið verður að starfi samkvæmt þessum lið.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Hér er ákveðin sú stofnkostnaðarskipting við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla að ríkissjóður greiði 60% en sveitarsjóður eða sveitarsjóðir greiði 40%. Samkvæmt þessu geta fleiri en eitt sveitarfélag átt aðild að framhaldsskóla á móti ríkinu. Samþykki Alþingis þarf til þess að stofnaður verði nýr framhaldsskóli og samþykki sveitarstjórnar verður einnig til að koma þannig að hún gerist aðili að skóla, og áskilið að gera skuli samning milli ríkis og sveitarfélags eða sveitarfélaga um byggingarframkvæmdir vegna framhaldsskóla. Sú staða kann að koma upp varðandi einstaka sérskóla, t.d. skóla með það sérhæft nám að aðeins einn slíkur er til á landinu, að sveitarfélög fáist ekki til þess að verða aðilar að slíkum skóla. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lögunum að unnt sé að stofna sérskóla án aðildar sveitarfélaga og greiðist þá allur kostnaður úr ríkissjóði.

Sem fyrr segir skal gera samning milli ríkis og sveitarfélaga um nýframkvæmdir og endurbætur húsnæðis vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum sem aðild eiga að framhaldsskóla að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum eins og tíðkast hefur hingað til — hafi þau til þess burði.

Um 4. gr.

Varðandi þessa grein er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir því að skólamannvirki, sem eru í notkun við gildistöku þessara laga, skuli vera eign ríkis og/eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og þessir aðilar hafa greitt stofnkostnað mannvirkja.

Um 5. gr.

Í þessari grein er því slegið föstu að menntamálaráðuneyti fari með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til og hafi með höndum námsskrárgerð og kennslueftirlit. Í stjórnunarþætti ráðuneytisins felst einnig að það vinni að þróun framhaldsskólans. Enn fremur er staðfest það hlutverk menntamálaráðuneytis að gera tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að skólanefnd skipuð þremur mönnum starfi við hvern framhaldsskóla. Menntamálaráðherra skipar formann en hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög skipa tvo nefndarmenn. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tryggja samstarf ríkis og heimamanna um stjórnun hvers framhaldsskóla. Skipun skólanefnda með þessum hætti við alla framhaldsskóla er nýmæli. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra tilnefni alla skólanefndarmenn við sérskóla sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um verkefni skólanefnda. Hlutverk skólanefndanna snertir bæði hinn kennslufræðilega þátt í skólastarfi svo og hinn fjárhagslega.

Í 3. mgr. er skólanefnd veitt heimild til að ákveða upphæð ýmissa gjalda svo og meðferð þeirra. Gjöld af þessu tagi eru nú þegar innheimt við flesta skóla og teljast hluti af fjárreiðum skólanna. Hér er því ekki um að ræða neina meginbreytingu frá ríkjandi ástandi en rétt þykir að festa í lög ákvæði um gjöld þessi.

Við ýmsa skóla hafa verið stofnaðir sérstakir sjóðir í ákveðnum tilgangi og kann það að vera nokkuð mismunandi eftir skólum. Því þykir í 4. mgr. þessarar greinar rétt að setja ákvæði um sjóði þessa til að tryggja örugga meðferð þeirra.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er fjallað um starfssvið skólameistara (rektors) en í 2. og 3. mgr. um skólaráð sem vera skuli skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Ráðgert er að í skólaráði sitji auk skólameistara fulltrúar kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistari, starfi hann við skólann.

Skólaráði er ætlað að vera lýðræðislegur vettvangur umfjöllunar um málefni hvers skóla.

Skólanefnd hvers skóla skal setja reglur um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um nemendaráð er starfi við hvern framhaldsskóla og sé það m.a. fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Kveðið er á um að nemendaráð hafi tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Samtök nemendanna sjálfra skulu setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

Um 10. gr.

Ekki hefur til þessa verið sett reglugerð um almenna kennarafundi og verksvið þeirra en í þessari grein er ráðgert að svo verði.

Um 11. gr.

Í þessari grein er ákveðið að um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa milli þeirra fari eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Að öðru leyti fjallar greinin um hverjir ráða skuli hina einstöku starfsmenn. Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara, en skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um sérstakt orlof kennara. Fallið var frá þeirri hugmynd að setja ákvæði um eftirmenntun kennara í þessi lög sökum þess að í undirbúningi er lagasetning um það efni.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Í þessari grein er fjallað um inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Kveðið er á um að allir þeir sem lokið hafi grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun geti hafið nám í framhaldsskóla. Þá er kveðið á um að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrám hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Í þessari grein er skólanefndum falið það vald að veita undanþágu frá þessu ákvæði fyrir nemendur sem hefja nám átján ára og eldri og setja lágmarkskröfur í einstökum greinum til inntöku í tiltekna námsáfanga. Þessi ákvæði eru einn þáttur í þeirri viðleitni, sem fram kemur í þessu frumvarpi, að veita skólunum aukið sjálfstæði.

Um 16. og 17. gr.

Í þessum greinum eru markaðir megindrættir í námsskipan framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan tiltekinna námsbrauta sem stefna að skilgreindu marki. Skal miðað við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms ellegar hvort tveggja. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga en áföngum er skipað á námsbrautir. Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum hvaða námsbrautir skuli koma til greina. Námsbrautir eru fyrst og fremst skipulagslegt hugtak sem óþarft er að skorða í löggjöf. Ljóst er að upptalning námsbrauta í lögum getur ekki verið tæmandi nema stutt skeið í senn og þyrfti þá lagabreytingu í hvert skipti til þess að stofna nýja námsbraut. Í fjárlagagerð gefst Alþingi jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboð.

Skipting langra námsbrauta í styttri áfanga er mikilvægt atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til að undirbúningsþarfir eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að námsmarkmið hvers „brautaráfanga“ liggi ljóst fyrir, þ.e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. — Svigrúm frjálsra valgreina verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum en mikilvægt er að það sé ætíð nokkurt.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem endurskoðun náms á framhaldsskólastigi beinist m.a. að, þ.e. að tryggja að engin námsbraut verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta. Þessi markmið eru hvort öðru tengd. Vert er að leggja áherslu á að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði beint inn í háskóla heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist.

Um 19. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að nám á framhaldsskólastigi skuli skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga eftir umfangi námsefnis. Öllum framhaldsskólum er skylt að fylgja slíkum ákvæðum en þrátt fyrir skiptingu námsefnis

í áfanga geta skólar sem þess óska haldið bekkjakerfi og starfað áfram með líkum hætti og þeir gera nú. Í námsskrá verði kveðið á um hvað telst bóklegt námsefni í skilningi þessarar greinar.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að í námsskrá, sem menntamálaráðuneytið setur, skuli kveðið á um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir. Þótt ekki sé það berum orðum tekið fram í frumvarpinu er reiknað með að við setningu námsskrár muni menntamálaráðuneyti, eins og verið hefur, hafa samráð við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, faggreinafélög og fleiri aðila sem láta sig nám á sínu sviði varða.

Um 21. gr.

Hér er mælt fyrir um að í námsskrá skuli sett ákvæði um námsmat, m.a. próf og vitnisburði. Fyrri hugmyndir hafa gengið út á að ákvæði um þessi atriði yrðu sett í reglugerð. Þá er hér og sú nýjung að fyrir er mælt að nemendur skuli hafa rétt til þess að sjá prófúrlausnir sínar.

Um 22. gr.

Grein þessari er ætlað að tryggja ákveðið þekkingarstig við stúdentspróf sem á að veita rétt til inngöngu í háskóla. Í námsskrá skulu ákveðnar námskröfur til annarra prófa.

Nokkrum deilum kann að valda að námsefni til stúdentsprófs skuli fastbundið með þeim hætti sem hér er gert en önnur próf ekki. Hér ber þess að gæta að venja er að miða námsbrautir á framhaldsskólastigi við stúdentspróf vegna þess að það hefur verið talið viðamest próf á skólastiginu.

Um 23.–25. gr.

Í þessum greinum er fjallað um iðnnám. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði. Við samningu þessara greina um iðnnám hefur verið byggt á einróma tillögum sérstakrar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði og fjallaði um nám á iðnfræðslustigi.

Um 26. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á menntamálaráðuneytið að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja. Í þessari grein er ekki kveðið á um hvar vista skuli slíkt nám en lagt á herðar menntamálaráðuneytis að taka ákvörðun um það.

Um 27. gr.

Þessi grein er nýmæli. Er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi sérstakt fræðsluráð sjávarútvegs og skuli það skipað fulltrúum ýmissa aðila sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu. Greinin er í samræmi við tillögur sem nefnd á vegum menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra um skipulag fræðslumála sjávarútvegs lagði fram. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja samstarf skóla og atvinnulífs á þessu sviði á sama hátt og leitast er við að gera í iðnnámi.

Um 28. gr.

Ýmis lagaákvæði gera ráð fyrir því að ákveðið nám sé skilyrði þess að öðlast atvinnuréttindi. Í þessari grein segir að slíkt nám skuli skipulagt í samvinnu við stofnanir eða við sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Dæmi um

slíkt nám er t.d. nám á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Þarna er og ítrekuð sú meginstefna sem kemur víðar fram í frumvarpinu að auk starfsréttinda skuli nám á framhaldsskólastigi veita rétt til frekara náms.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að á framhaldsskólastigi skuli veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi og staðfest að fatlað fólk skuli eiga kost á námi á framhaldsskólastigi.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla og hver skóli skuli vera sjálfstæð rekstrareining. Til þessa hefur það verið nokkuð mismunandi hvernig rekstrarkostnaður skóla hefur verið greiddur. Ýmist hefur ríkissjóður einn staðið straum af rekstrarkostnaði framhaldsskóla eða samvinna hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga um reksturinn. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að ríkissjóður einn skuli greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Þá er í þessari grein það nýmæli að annar rekstrarkostnaður en launakostnaður skuli greiddur til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að auka fjárhagslegt sjálfstæði framhaldsskólanna og veita jafnframt stjórnendum þeirra svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana varðandi annan rekstrarkostnað en launakostnað. Átti það að vera hvatning til meira aðhalds en jafnframt að auka sjálfstæðiskennd skólastjórnenda.

Þá er og heimilað að ráða til framhaldsskóla sérstakan fjármálafulltrúa til að annast fjárreiður skóla. Ákvæði um slíkan starfsmann hafa ekki áður verið í lögum þó að fjármálafulltrúar hafi starfað við nokkra skóla. Gert er ráð fyrir því að starf fjármálafulltrúa geti verið hlutastarf þótt ekki sé það berum orðum sagt í frumvarpsgreininni.

Um 33. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir sama fyrirkomulagi þessara mála og verið hefur.

Um 34. gr.

Með þessari grein er leitast við að setja almennar viðmiðunarreglur um ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum. Vegna mismunandi eðlis náms er erfitt að setja fastar viðmiðunarreglur en hér er miðað við grunntöluna 1,7–2,0 kennslustundir á viku á hvern nemenda í fullu bóknámi og fer eftir stærð og gerð skóla hvaða viðmiðunartala skal notuð innan þess ramma. Þessu til viðbótar skal koma stundafjöldi sem nauðsynlegur er til þess að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smærri námshópa. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um útreikning þennan.

Um 35. gr.

Með þessari grein eru staðfestar ríkjandi venjur um fullorðinsfræðslu og inntöku nemenda eldri en 18 ára í dagskóla. Þessi ákvæði eru nýjung í löggjöf en ekki í framkvæmd.

Um 36. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli. Ráðgert er að eftirmenntunarnám geti farið fram í framhaldsskólum og er það þáttur í viðleitni þessa frumvarps til að treysta tengsl atvinnulífs og skóla.

Um 37. gr.

Í þessari grein er staðfest að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafi rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Gert er ráð fyrir því að staða þessara skóla verði sem líkust því sem hún er nú. Í þessa grein eru tekin upp aðalatriði núgildandi laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, nr. 51 1976, en þessir tveir skólar hafa starfað á grundvelli þeirra laga. Gert er ráð fyrir að skólanefndir starfi við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands en í stað sveitarfélaga í öðrum framhaldsskólum skuli eignaraðilar tilnefna aðra skólanefndarmenn en þann sem menntamálaráðherra skipar. Ekki er fastákveðið í þessari frumvarpsgrein hversu margir skuli skipa skólanefndir þessara tveggja skóla.

Um 38. gr.

Með þessu ákvæði er sett inn hliðstætt heimildarákvæði varðandi einkaskóla og er í lögum um grunnskóla.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Í þessari lagagrein eru talin upp lög sem lagt er til að falli úr gildi við gildistöku þessara laga m.a. ýmis lög um sérskóla á framhaldsskólastigi. Þess vegna er lagt til að Alþingi ákveði með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir og í c-lið 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að setja skuli sérstaka reglugerð um hvern þessara skóla. Verði tekin ákvörðun um að færa nám í einhverjum þessara skóla á háskólastig þarf um það sérstaka ákvörðun sem er utan við verksvið þessa lagafrumvarps. Þá er og ítrekað það sem fjallað er um í 1. gr. þessa frumvarps að einstakar skólastofnanir geti borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki, þótt sérlög sem nú gilda um þá skóla verði felld úr gildi. Kostur þess að fella úr gildi ýmis sérlög um einstaka skóla er sá að þá er auðveldara að fella námið í heildarskipulag og forða þannig nemendum frá því að lenda í blindgötu í námi sínu.

Tækniskóli Íslands starfar nú sem blandaður skóli, þannig að nám í þeim skóla telst sumt á framhaldsskólastigi, annað á háskólastigi. Ekki er lagt til að lög um þennan skóla falli úr gildi en áhersla er lögð á að samin verði um hann ný löggjöf þannig að framhaldsskólaþátturinn í skólastarfinu lagist að öðru framhaldsskólanámi en sett verði ný löggjöf um þá námsþætti sem teljast háskólanám.

Íþróttakennaraskóli Íslands brautskráir nú nemendur með sams konar réttindi og Kennaraháskóli Íslands. Ekki er lagt hér til að fella úr gildi lög um Íþróttakennaraskóla Íslands en nauðsynlegt virðist að endurskoða lög um þann skóla og fella þau að lögum um Kennaraháskóla Íslands. Sama máli gegnir um Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Skólar, sem starfa á sviði búnaðarfræðslu, hafa nokkra sérstöðu. Sumir þeirra starfa bæði á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Stjórn þessara skóla fellur undir landbúnaðarráðuneytið. Af þessum ástæðum m.a. er ekki lagt til að lög um búnaðarfræðslu og Garðyrkjuskóla ríkisins verði felld niður. Bent er á nauðsyn þess að löggjöf um búnaðarfræðslu og Garðyrkjuskóla ríkisins verði endurskoðuð, þannig að nám í þessum skólum falli að ákvæðum þessa frumvarps.

Sérstök athygli er vakin á því að lagt er til að lög um Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands verði felld úr gildi. Ljóst er þó að skólar þessir munu starfa áfram sem sérskólar og þá a.m.k. fyrst um sinn skv. c-lið 1. gr. þessa frumvarps. Nauðsynlegt er að setja nýja löggjöf um þá námsþætti í Myndlista- og handíðaskólanum sem teljast háskólanám.

Þá þarf að setja löggjöf um þann þátt í starfi Tónlistarskólans í Reykjavík sem teljast mundi háskólanám en gert er ráð fyrir að lögin um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla haldi gildi sínu.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við nokkra grunnskóla í landinu eru nú reknar framhaldsskóladeildir og gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að framlengja rekstrarleyfi slíkra framhaldsskóladeilda til allt að fimm ára frá gildistöku laga þessara. Um stofnun nýrra framhaldsdeilda af þessu tagi skulu gilda ákvæði um stofnun nýrra framhaldsskóla.

Fylgiskjal I.

Sérálit Magnúsar Péturssonar, fulltrúa fjármálaráðherra í nefndinni, við frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að nefndin skuli m.a. semja: „reglur um fjármál framhaldsskóla og skiptingu kostnaðar við stofn og rekstur skólanna, er séu eins skýrar og einfaldar og unnt er. Til álita kemur að allur kostnaður við framhaldsskóla greiðist af ríkisvaldinu, en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiðist af sveitarfélögum, ...“

Nefndin hefur ekki talið sig þess umkomna að leggja til að starfsemi framhaldsskólanna verði að öllu leyti færð til ríkisins og að aðild sveitarfélaga að þeim ljúki. Bæði er að slík niðurstaða leiðir til þess að áhrif sveitarfélaganna á starfsemina minnka og einnig að ekki liggur fyrir hver er vilji stjórnvalda um kostnaðarskiptingu vegna starfsemi grunnskóla. En mál þessi tengjast víðtækari umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þegar um jafnviðamikla löggjöf og heildarlöggjöf um framhaldsskóla er að ræða þarf að vanda til verka. Tryggja þarf að nemendur geti stundað markvisst nám sem nýtist þeim í starfi eða til frekara náms. Stefnu stjórnvalda í þessu efni má nefna skólastefnu. Í frumvarpinu, eins og það liggur nú fyrir, er einungis vikið að örfáum þáttum sem varða skólastefnu þó mótun slíkrar stefnu á miðskólastigi sé afar brýn.

Sérálit þetta snýst um tvennt. Það er stofnun skóla og aðild sveitarfélaga að þeim og ákvæði er varða rekstur skólanna. Frumvarpinu er ætlað að mynda samræmda löggjöf um alla skóla á framhaldsskólastigi. Meðal annars er sett sú regla að allir þeir skólar sem falla undir 1. gr. starfi samkvæmt þeirri námsskipan og stjórnunar- og kostnaðarforskrift sem í frumvarpinu felst. Eins og frumvarpið er nú sett fram er þessi meginregla þó brotin hvað varðar stofnkostnað. Þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði er alls ekki lögbundin þar sem það er háð vilja sveitarstjórna hverju sinni hvort sveitarfélög gerast aðilar að stofnun skóla. Samkvæmt frumvarpinu er þetta þó ein helsta forsenda aðildar þeirra að stjórnun skólanna.

Í þessu séráliti er sett fram sú skoðun að heppilegra sé að undanskilja strax þá skóla sem ekki falla að ákvæðum frumvarpsins fremur en að hafa aðild sveitarstjórna að stofnun og

starfi skólanna óljósa strax frá upphafi. Því er lagt til að lög um Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands verði ekki felld úr gildi, sbr. 40. gr. Aðrir skólar skv. 40. gr. ættu að falla undir ákvæði frumvarpsins. Þar með er flokkun skóla í stafliði í 1. gr. óþörf.

Gerð er athugasemd við kostnaðarákvæði frumvarpsins í 3. gr. þess. Að hluta til leiðir breyting á 1. gr. til nauðsynlegrar breytingar á 3. gr., en einnig eru í greininni efnisatriði um forgöngu og tilhögun sem verða að teljast óeðlileg. Því er lagt til að 3. gr. frumvarpsins orðist þannig, að því gefnu að sveitarfélög verði aðilar að stjórnun og stofnkostnaði framhaldsskóla:

„Nýr framhaldsskóli verður eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Kostnaður við framkvæmdir skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður eða sveitarsjóðir 40% kostnaðar. Á framlög eignaraðila reiknast verðbætur í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

Gera skal samning milli aðila áður en framkvæmdir hefjast um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbætur húsnæðis. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun byggingarhraða og greiðslustreymi.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga áður en þeir eru undirritaðir.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsareksturs utan reglulegs starfstíma skóla. Gerður skal við rekstraraðila skriflegur samningur sem staðfestur er af menntamálaráðuneytinu.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Menntamálaráðuneytið skal setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla. Gerðar skulu fyrirmyndir að hönnunar- og verksamningum.“

Að því er varðar ákvæði um rekstur framhaldsskóla eru gerðar eftirfarandi athugasemdir: Í 32. gr. frumvarpsins er fjallað um rekstrarkostnað framhaldsskóla og í 34. gr. eru afar rúm ákvæði um kennslustundafjölda á nemenda. Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla sýnist upptalning eins og í 32. gr. þarflaus. Í greininni er blandað saman almennum framkvæmdaratriðum um fjárreiður og ákvörðunum um fjárveitingar. Auk þess eru settar fram heimildir um fjölgun starfsmanna sem kunna að vera réttlætanlegar, en er þó ástæðulaust að tilgreina umfram aðra starfsmenn skóla. Því er lagt til að í þessari grein standi efnislega tvennt, þ.e. annars vegar það að ríkissjóður greiði rekstrarkostnað við skólastarf með örfáum undantekningum og hins vegar að fjárveiting til framhaldsskólanna verði ákveðin í einu lagi og menntamálaráðuneytinu síðan falið að skipta henni milli skólanna samkvæmt óákveðnum reglum. Slík tilhögun væri í samræmi við hugmyndir manna um svonefnd rammafjárlög. Því er lagt til að 34. gr. falli niður úr frumvarpinu og að 32. gr. hljóði þannig:

„Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining.

Framlög ríkissjóðs til rekstrar hvers framhaldsskóla skulu miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í sama eða svipuðu námi. Framlög skulu fylgja eftirfarandi reglu:

1. Til launakostnaðar teljast laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum. Einnig laun fyrir störf á skrifstofu, í skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur, fyrir umsjón eigna skóla og mötuneyti kennara.

Framlag ríkissjóð til kennslulauna á framhaldsskólastigi skal miðast við 2,0 kennslustundir á nemanda á hverja starfsviku skóla auk 0,6 klukkustunda á nemanda á viku til þess að greiða önnur laun vegna skólastarfs.

Menntamálaráðuneytið skiptir heildarstundafjölda milli skóla eftir tegund náms og stærðum skóla, en þó skal frávik aldrei vera meira en 25% frá heildarviðmiðun. Að auki er þó heimilt að auka hlut þeirra skóla þar sem tímasókn nemenda er meiri en 38 stundir á viku.

2. Til annars rekstrarkostnaðar framhaldsskóla telst ræsting og allur annar kostnaður að frátöldum efniskostnaði til verklegrar kennslu sem ríkissjóður greiðir að hálfu á móti nemendum eða öðrum. Til rekstrarkostnaðar telst viðhald vegna eðlilegs slits á eignum, en ekki endurbyggingar og meiri háttar viðhaldsverkefni. Kostnaður við mötuneyti og ferðir nemenda telst ekki til rekstrarkostnaðar.

Framlag til annars rekstrarkostnaðar skal ákveða sem tiltekna fjárhæð á hvern nemanda, þar sem tekið er tillit til hvort starfrækt er heimavist, orkukostnaður er umfram meðaltal í framhaldsskólum og rúmtak húsnæðis. Menntamálaráðuneytið metur árlega þá fjárhæð sem leggja skal til grundvallar.

Með nemanda er átt við þann sem sækir a.m.k. 36 stunda kennslu á viku í 144 kennsludaga á skólaári.

Tekjur af leigu skóla- og heimavistarhúsnæðis renna til rekstrar skólans og skal tekið tillit til þeirra við mat á árlegum framlögum.

Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skóla, enda sé fjöldi nemenda í skólanum sá sami og lagður var til grundvallar við ákvörðun um fjárframlög til hans.

Rekstraráætlun skóla og rekstraruppgjör skal miða við almanaksár. Endurskoðun reikninga er í höndum ríkisendurskoðunar.“

Fylgiskjal II.

Sérálit Björns Halldórssonar.

Varðandi 3. gr. tillögu að frumvarpi til laga um framhaldsskóla skal tekið fram:

Ekki er eðlilegt að gera ráð fyrir að sveitarfélög verði stofnaðilar að menntaskólum er nú eru starfræktir sem ríkisstofnanir alfarið.

Leggja verður áherslu á að báðir aðilar, ríki og sveitarfélög, greiði sameiginlegan stofnkostnað jafnóðum og framkvæmdum miðar áfram, óheppilegt er að um skuldasöfnun hjá öðrum hvorum aðila verði að ræða þótt framlög eigi að vera verðtryggð.

Þá virðist sjálfsagt að gera ráð fyrir því að sveitarfélög hafi forgöngu um stofnun framhaldsskóla, t.d. fjölbrautaskóla og sjái um stofnframkvæmdir.

Er því lagt til að 3. gr. orðist samkvæmt meðfylgjandi tillögu.

14. janúar 1987.

Björn Halldórsson.

3. gr.

Alþingi ákveður hvar stofna skuli framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Sé um að ræða skóla er fellur undir b-lið 1. gr. laga þessara annast sveitarfélag eða sveitarfélög undirbúning stofnunar skólans, þ.m.t. undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum sé þeirra þörf og fyrir liggur fjárveiting á fjárlögum, sama gildir um stækkun eða endurbyggingu húsnæðis framhaldsskóla er falla undir b-lið 1. gr. laga þessara.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla, sbr. b-lið 1. gr. laga þessara, skiptist þannig að ríkissjóður greiði 60% en sveitarfélag eða sveitarfélög greiða 40% og skulu báðir aðilar greiða framlög sín jafnóðum og framkvæmdum miðar áfram en verði mismunur þar á skulu framlög leiðrétt miðað við breytingar byggingarvísitölu.

Sama gildir um byggingar- og stofnkostnað þeirra sérskóla, sbr. c-lið 1. gr. laga þessara, sem sveitarfélag eða sveitarfélög hafa forgöngu um að stofna eða samþykkja að verða stofnaðilar að.

Verði ákveðið að stofna sérskóla, sbr. c-lið, án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Gera skal samning um hönnun mannvirkja framhaldsskóla og framkvæmd.

Menntamálaráðuneytið setur viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis framhaldsskóla og lætur gera fyrirmyndir að hönnunar- og verksamningum. Allir hönnunar- og verksamningar framhaldsskóla skulu staðfestir af byggingardeild menntamálaráðuneytisins sem einnig annast undirbúning og umsjón byggingarframkvæmda við framhaldsskóla sem stofnaðir eru án aðildar sveitarfélaga.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967 og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar á sumrin. Gerður skal sérstakur samningur við rekstraraðila sem staðfestur er af menntamálaráðuneyti.

Fylgiskjal III.

Sérálit Ingimundar Sigurpálssonar á 6. gr.

(19. janúar 1987.)

Í 6. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla er kveðið á um að þóknun til skólanefndarmanna og annan kostnað vegna starfa þeirra skuli tilnefningaraðilar greiða. Það ákvæði hef ég ekki fellt mig við og eru ástæður þessar helstar:

Menntamálaráðherra er samkvæmt frumvarpinu ætlað að skipa skólanefnd við hvern framhaldsskóla sem í sitja þrír menn: Tveir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum og einn án tilnefningar. Í samræmi við það skipunarvald verður að líta svo á að skólanefnd beri beina ábyrgð gagnvart menntamálaráðherra á því hlutverki sem henni er ætlað. Samkvæmt frumvarpinu fer menntamálaráðuneytið með yfirstjórn í málefnum framhaldsskóla en skólanefnd hefur með höndum yfirstjórn hvers skóla. Telja verður eðlilegt að líta á kostnað af störfum skólanefndar sem hluta rekstrarkostnaðar hvers skóla, enda verður að gera ráð fyrir að skólanefndin öll starfi í þágu skólans.

Mikilvægt er að ábyrgðarsvið skólanefndar sé skýrt og að ótvírætt sé gagnvart hverjum nefndin ber ábyrgð. Með því að gera sveitarstjórnum að greiða þóknun og kostnað af störfum þeirra nefndarmanna, sem þær tilnefna, er hætt við að þeir nefndarmenn telji sig

bera ábyrgð gagnvart sveitarstjórn, en ekki ráðherra sem skipaði þá. Þá verður í annan stað að telja mikilsvert að þóknun til nefndarmanna og greiðslur kostnaðar, sem störfum þeirra fylgir, fari eftir sömu reglum. Líklegt er að svo verði ekki ef margir óskyldir aðilar taka ákvarðanir um slíkar greiðslur.

Tilgangur tilnefningar sveitarfélaga í skólanefndir er í mínum huga einkum sá að koma sjónarmiðum heimamanna að við mótun stefnu í skólahaldi á hverjum stað. Þeim tilgangi verður að mínu mati betur náð ef ábyrgðarsvið skólanefndar er skýrt og stuðlað er að eindrægni innan skólanefnda með því að láta sama um alla gilda.

Í samræmi við það, sem að framan greinir, legg ég til, að 6. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla verði orðuð svo:

„Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í henni sitja þrír menn: formaður, tilnefndur af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti, og tveir menn tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. *Ráðherra ákveður þóknun til skólanefndarmanna fyrir nefndarstörf, og greiðist hún af rekstrarfé hvers skóla.* Skólanefndir við sérskóla, sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 6. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.“

(Sá hluti greinarinnar, sem tillaga er gerð um að breyta, er skáletraður.)

Séráliti mínu er hér með komið á framfæri.

Með þökk fyrir ánægjulegt samstarf.

Ingimundur Sigurpálsson.

Fylgiskjal IV.

Sérálit Jóns Böðvarssonar.

Ég undirrita meðfylgjandi frumvarp til laga um framhaldsskóla með fyrirvara varðandi 26. grein. — Legg ég til að hún — og skýringargrein henni tengd — orðist svo:

26. gr.

Skylt er menntamálaráðuneyti að halda uppi *í iðnfræðsluskólum* framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 16., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraprófs.

Um námsgjöld vegna meistaraprófs gilda ákvæði IX. kafla.

Skýring með 26. grein.

Hér er sú skylda lögð á menntamálaráðuneyti að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja með sama hætti og tíðkast hefur í þremur iðngreinum. Nú er hliðstætt nám ákveðið í öðrum iðngreinum einnig.

Ráðgert er að meistaranám iðnsveina fari fram í iðnfræðsluskólum svo sem tíðkast hefur en hvorki í sérstökum meistaraskóla né í Tækniskóla Íslands.

Sú tilhögun sem hér er fyrirhuguð er rökstudd í nefndaráliti meistaraskólanefndar sem menntamálaráðherra skipaði 28. október 1986 og lauk störfum 23. desember síðast liðinn — og í álitsgerð stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla frá 26. apríl 1984 um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.

Sú ráðstöfun að vista meistaranám iðnsveina í iðnfræðsluskólum er í samræmi við 40. gr. þessa frumvarps, samanber og skýringar við þá frumvarpsgrein.

Jón Böðvarsson.

Nefndarálit meistaraskólanefndar.

(23. des. 1986.)

Hinn 28. okt. s.l. skipaði menntamálaráðherra undirritaða í nefnd til að gera tillögur til ráðuneytisins um skipulag meistaraskóla.

Nefndin skilar hér með tillögum sínum til ráðuneytisins:

1. Þeir sem ljúka sveinsprófi í löggiltri iðngrein skulu ljúka námi í meistaraskóla áður en þeir fá meistarabréf.
2. Til þess að öðlast inngöngu í meistaraskóla þarf nemandi að hafa lokið sveinsprófi og starfað í greininni undir stjórn meistara, ekki skemur en eitt ár, sbr. 10. gr. iðnaðarlaga.
3. Iðnráð skulu veita lögreglustjórum og bæjarfógetum umsögn um umsóknir um meistarabréf.
4. Meistarabréf veitir iðnaðarmanni full réttindi til atvinnurekstrar í iðngreininni, hvar sem er á landinu.
5. Meistaranám fer fram í iðnfræðsluskólum að fenginni heimild ráðherra. Nám þetta skal skipuleggja sem eðlilegt framhald iðnnáms og sé það eftir því sem við verður komið undanfari að iðnfræði- og tæknifræðinámi.
6. Þar eð nauðsynlegt er að veita nokkurn aðlögunartíma að þessu fyrirkomulagi er ákveðið að nám á meistaranámsbraut í öðrum iðngreinum en húsasmíði, pípulögnum, múraraiðn og rafiðnum verði 20 einingar.

   Til bráðabirgða er gerð tillaga um þessar kennslugreinar:

Lögfræði	1 eining
Rekstrarfræði	3 einingar
Verkstjórn	2 einingar
Vinnusálfræði	1 eining
Bókfærsla	2 einingar
Enska	2 einingar
Íslenska	2 einingar
Stærðfræði	3 einingar
Tölvufræði	2 einingar
Valgr. iðngr. eða skóla	2 einingar
Samtals	20 einingar

7. Meistaranám í húsasmíði, pípulögnum og múraraiðn verði 54 einingar. Fyrst um sinn með sama hætti og nú er.

8. Sett verði starfsnefnd til að hafa eftirlit með þessu námi og gera tillögur til úrbóta ef þurfa þykir. Starfstími nefndarinnar verði þrjú ár. Í nefndinni sitji fulltrúi ráðherra, fulltrúi skóla og fulltrúi atvinnulífsins. Nauðsynlegt er að námsgreinar verði að jafnaði til endurskoðunar og skilyrði veitt til þess.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur það verið ljóst að iðnaðarmenn, sem ekki hafa hlotið neina framhaldsmenntun, eru ekki nógu vel í stakk búnir til þess að reka fyrirtæki í sinni grein jafnvel þótt það sé smátt í sniðum. Því hefur lengi verið talið nauðsynlegt að koma á meistaranámi fyrir alla iðnaðarmenn er miði að því að gera þá hæfari til þess að stjórna fyrirtæki.

Þær tillögur sem hér liggja fyrir miða að því að efla kunnáttu þeirra í undirstöðugreinum, rekstrargreinum og stjórnunargreinum.

Nefndin er á þeirri skoðun að það nám, sem hér er gerð tillaga um, ætti að duga sumum iðngreinum. Telja má víst að ýmsar greinar þurfi viðbótarnám, mismikið eftir eðli greinanna.

Nefndin telur að mjög áríðandi sé að koma þessu námi á laggirnar og leggur áherslu á að byrja smátt og reyna að læra af reynslunni áður en tillögur verða gerðar um meira nám þar sem þess kann að vera þörf.

Nefndin hefur reynt að meta lauslega þá kostnaðaraukningu sem hugsanlega yrði af meistaraskóla sem tæki til allra iðngreina.

Meistarar í byggingargreinum eru um það bil helmingi færri en í öðrum greinum. Af ýmsum ástæðum er þó talið að sókn í meistaranám verði minni úr þeim greinum en úr byggingargreinum.

Gert er ráð fyrir því að svo til allt nám er nefndin gerir tillögu um til meistaranáms, fyrir aðrar iðngreinar en byggingargreinar, verði hluti af því námi sem fram fer í þeim meistaraskóla sem nú er rekinn. Líklegt er að í öðrum iðnfræðsluskólum en Iðnskólanum í Reykjavík verði hægt að reka þetta nám jafnhliða því námi sem nú fer fram án verulegrar kostnaðaraukningar. Hámarksaukning í Iðnskólanum í Reykjavík er talin einn hópur á önn, en það svarar til u.þ.b. 1,5 millj. kr. kostnaðar á ári. Það er því álit nefndarinnar að kostnaðarauknging við þessa breytingu eigi ekki að verða meiri en 1,5 millj. kr. á ári og trúlega mun minni fyrstu árin. Það er álit nefndarinnar að allir þeir, sem ljúka sveinsprófi eftir að ákvörðun um meistaraskóla í öllum iðngreinum, hefur verið tekin, birt í reglugerð og námið auglýst á vegum skóla, þurfi að sækja meistaraskóla. Þeir sem ljúki sveinsprófi fyrr hljóti meistarabréf án þess að sækja meistaraskóla en að sjálfsögðu verði þeim heimill aðgangur að skólanum.

Nefndin telur raunhæft að stefna að því að kennsla í meistaraskóla fyrir allar iðngreinar hefjist haustið 1987. Lögð er áhersla á að þetta verði aðeins fyrsta skrefið í því að efla framhaldsmenntun iðnaðarmanna.

Nefndin telur að meistaranámið eigi að fara fram í iðnfræðsluskólum um allt land, þar sem og þegar það er talið hagkvæmt, enda verði með kennslueftirliti séð um að kröfur skólanna verði sambærilegar.

Verulegur hluti meistaranáms eru rekstrargreinar. Því hafa fjölbrautaskólarnir, sem allir hafa viðskiptabrautir, alla burði til að halda uppi þessari kennslu.

Iðnfræðsluskólarnir eru í tengslum við atvinnulífið hver á sínum stað. Kennarar iðnfræðsluskólanna þekkja nemendur og forkunnáttu þeirra og ættu af þessum ástæðum öllum að vera best til þess fallnir að annast framhaldsnám iðnaðarmanna á framhaldsskólastigi.

Því telur nefndin að stefna beri að því að iðnfræðinám verði skipulagt sem framhald meistaranáms og geti farið fram í iðnfræðsluskólunum.

Nefndin gerir ekki að sinni tillögur um breytingar á meistaranámi í rafvirkjun, nema hvað varðar útgáfu meistarabréfs, sbr. lið 1.

Þar eð hér er gerð tillaga um minna nám til meistaraprófs en kveðið er á um í lögum um iðnfræðslu telur nefndin rétt að þetta nám verði starfrækt sem tilraun næstu þrjú árin, sbr. rökstuðning hér að framan.

Virðingarfyllst,

Ingvar Ásmundsson, formaður.

Haraldur Sumarliðason. *Sigurður Kristinsson.*

Álitsgerð stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.

(12. des. 1986.)

Stjórn Sambands iðnfræðsluskóla vill vekja athygli meistaraskólanefndar á ályktun stjórnarinnar frá 26. apríl 1984 um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.

Þar kemur glöggt í ljós álit stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla um hvar beri að hafa meistaraskólann í skólakerfinu. Skoðun stjórnar S.I. er óbreytt en undirstrika vill hún hana með því að senda nefndinni ljósrit af ályktuninni.

Virðingarfyllst,

Teitur Þorleifsson,
framkvæmdastjóri S.I.

Ályktun stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla á fundi sínum 26. apríl 1984 um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.

Með bréfi, dags. 16. mars 1984, frá menntamálaráðuneytinu til stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla — var beðið um umsögn um áfangaskýrslu skólanefndar og rektors Tækniskóla Íslands um stöðu skólans í menntakerfinu. Skýrslan sem tímasett er í febrúar 1984 — var jafnframt send stjórn S.I.

Sambandsstjórn er bæði ljúft og skylt að veita umsögn sína um þessa áfangaskýrslu — fer hún hér á eftir í örstuttu máli.

Álit stjórnar S.I. um skýrslu nefndarinnar er jákvætt að flestu leyti en eftirfarandi vill hún taka fram og leggja áherslu á:

Það er álit stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla að Tækniskóli Íslands eigi fyrst og fremst að vera framhaldsskóli á háskólastigi og annast nám iðnfræðinga, iðnkennara og tæknifræðinga.

Stjórn S.I. telur það mjög miður að eigi kemur fram í skýrslunni rökstuðningur fyrir því að sameina **ekki** verkfræðideild H.Í. og T.Í.

Búið verði þannig að Tækniskóla Íslands hvað húsnæði, kennslu, rannsóknargögn og staðsetningu snertir að skólinn geti gegnt því hlutverki sínu að bjóða upp á tæknimenntun á háskólastigi sem jafnist á við það besta sem þekkist hjá nágrannaþjóðunum.

Stjórn S.I. er sammála skýrsluhöfundum í því — að koma verður í veg fyrir blindgötur á námsbrautum iðnaðarmanna. Nám í iðnfræðsluskólunum (og tæknibrautum fjölbrautaskólanna) verði samræmt og samhæft því markmiði að próf iðnsveina úr framhaldsdeildum iðnfræðsluskóla og próf úr meistaraskóla sem starfræktir séu af iðnfræðsluskólunum eins og hingað til hefur verið — gildi til inngöngu í Tækniskóla Íslands — enda sé öllum menntunarákvæðum fullnægt.

Stjórn S.I. telur að meistaranámið eigi að vera í iðnfræðsluskólunum en ekki í Tækniskóla Íslands m.a. af þessum ástæðum:

1. Meistaranámið er á framhaldsskólastigi samkvæmt núverandi skipulagi og einnig samkvæmt tillögu í áfangaskýrslu um T.Í. — þess vegna er unnt að sinna því að verulegu leyti í heimabyggð.
2. Stór hluti meistaranáms eru rekstrargreinar eins og fram kemur í áfangaskýrslunni. Fjölbrautaskólar eru allir með viðskiptadeildir sem kenna þessar greinar á þessu stigi.
3. Samstarf iðnfræðsluskólanna (iðnskóla og fjölbrautaskóla) um framkvæmd meistarafræðslunnar hefur verið gott.
4. Iðnfræðsluskólarnir eru í nánum tengslum við atvinnulífið — hver á sínum stað.
5. Kennarar iðnfræðsluskólanna þekkja nemendurna og forkunnáttu þeirra.

Með því að fara þessa leið er stjórn Sambands iðnfræðsluskóla þess fullviss að komist verður fram hjá flestum blindgötum á menntaleiðum iðnaðarmanna um leið og tryggt verður að kunnátta og færni aukist í réttu hlutfalli við aukin atvinnuréttindi þeirra stig af stigi.

Stjórn S.I. saknar tillagna nefndarinnar um tengsl ýmissa sérskóla við T.Í. og telur t.d. að nemendur sem ljúka námi af 4. stigi í Vélskóla Íslands samkvæmt nýjasta námsvísi ættu að hefja nám á háskólastigi í Tækniskóla Íslands.

Stjórn S.I. þykir ekki ástæða til að fara nánar út í þetta að sinni — en er ávallt reiðubúin til að skýra álit sitt nákvæmar — ef óskað er.

Fylgiskjal V.

Greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frumvarp til laga um framhaldsskóla með tilliti til kostnaðar.

Inngangur.

Samkvæmt lögum nr. 13/1969, um stjórn efnahagsmála, skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun annast kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Nefndin telur rétt að með þessu frumvarpi fylgi greinargerð um kostnaðaráhrif frumvarpsins af mörgum ástæðum. Frumvarpið fjallar að nokkru leyti um kostnaðarfyrirkomulag við starfsemi framhaldsskóla auk þess sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, þ. á m. rekstur skólakerfisins í landinu, er nú sérstaklega til athugunar. Fleiri ástæður mætti tilgreina.

Um kostnaðaráhrif einstakra greina frumvarpsins.

Hér á eftir verður leitast við að leggja mat á kostnaðaráhrif einstakra greina frumvarpsins. Allar upphæðir miðast við árlegan kostnað á verðlagi í desember 1986.

3. gr. Um stofnun og byggingu framhaldsskóla.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% en sveitarfélög 40% af stofnkostnaði við framhaldsskóla. Þetta er sem næst sama hlutfall og gilt hefur um fjölbrautaskólana, en þar sem lagaákvæðin ná nú til fleiri skóla verður að ætla að nokkrum útgjöldum verði létt af ríkissjóði vegna þessa.

Erfitt er að áætla stofnkostnað framhaldsskóla. Sé tekið mið af framkvæmdum við framhaldsskóla sem ríkissjóður greiddi á árinu 1985 má áætla að kostnaður ríkissjóðs lækki um 16,9 m.kr.

Þá er erfitt að áætla hvaða kostnaðarauki felst í því að miða gerð húsnæðis og búnaðar í heimavistum í vissum tilvikum við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar. Gera má ráð fyrir að kostnaður aukist um 15–20%. Það er þó samningsatriði hverju sinni með hvaða hætti ríkið gerist aðili að slíkum framkvæmdum.

Eins og greinin er fram sett, sbr. 1. gr., er það verulegri óvissu háð til hvaða skóla verður stofnað sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Tilteknir sérskólar kunna að verða reistir alfarið á kostnað ríkissjóðs.

6. gr. Um skólanefndir.

Í greininni er gert ráð fyrir þriggja manna skólanefnd við hvern skóla með víðtækara vald og meiri skyldur en áður hefur tíðkast.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að tilnefningaraðilar í skólanefndir, þ.e. ríki og sveitarfélög, greiði kostnað í samræmi við fjölda tilnefninga. Þannig munu sveitarfélög greiða þóknun til tveggja nefndarmanna en ríki til eins í hverri skólanefnd. Miðað við að skólanefndir verði um 40 og þóknun hvers nefndarmanns um 30 þús. kr. verður kostnaður ríkisins um 1,2 m.kr. og sveitarfélaga um 2,4 m.kr. Þar við bætist ferðakostnaður og annar kostnaður við nefndarstarfið. Ekki sýnist ólíklegt að kostnaður geti alls numið 5–7 m.kr.

7. gr. Um nemendagjöld.

Í greininni er gert ráð fyrir að skólanefnd ákveði upphæð gjalda sem nemendum er ætlað að greiða við innritun í námsáfanga. Ekki er gert ráð fyrir að gjöld þesi skili ríkisjóði tekjum umfram það sem verið hefur.

13. gr. Um orlof kennara.

Samkvæmt greininni eru reglur um veitingu orlofs rýmkaðar. Nú er gengið út frá að kennari hafi a.m.k. starfað í 10 ár áður en hann öðlast rétt til þess að sækja um sérstakt endurmenntunarorlof. Verði mörkin færð niður í fimm ár er líklegt að umsóknum fjölgi. Það verður þó háð ákvörðun menntamálaráðuneytisins hvort af orlofi verður. Því er ómögulegt að kveða upp úr um það hvort útgjöld vegna ákvæða þessarar greinar aukast, en það sýnist sennilegt.

24.–25. gr. og 27.–28. gr. Um fræðslunefndir, fræðsluráð, iðnnám og nám til atvinnuréttinda.

Í þessum lagagreinum er ákvæði um aðild atvinnugreina að skipulagningu og tilhögun náms á framhaldsskólastigi. Þessi skipan hefur að nokkru marki verið en hún er nú aukin. Af því má áætla að einhver aukakostnaður hljótist þó svo erfitt sé að henda reiður á hver hann kann að verða.

26. gr. Um nám til meistaraprófs.

Samkvæmt greininni er menntamálaráðuneytinu skylt að halda uppi námi fyrir iðnsveina til meistaraprófs. Ráðuneytið getur því boðið upp á fræðsluna á þeim stöðum sem eftirspurn reynist næg og aðstaða er fyrir hendi. Samkvæmt greininni er ætlast til að nemendur greiði þriðjung kennslulauna en ríkið allan annan kostnað. Til þessa hefur kostnaður skipst með ýmsum hætti, þó í flestum tilvikum jafnt milli ríkis, nemenda og sveitarfélaga. Kostnaður sveitarfélaga mun því lækka um 300 þús. kr. Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkisins vegna þessarar fræðslu aukist, meira en sem nemur umræddri upphæð, vegna aukinnar ásóknar í hana.

30. gr. Um sérstakan stuðning við fatlaða.

Samkvæmt greininni skal veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Þessi skylda hefur ekki áður hvílt á ríkinu þó slíkur stuðningur hafi verið veittur í nokkrum tilvikum. Sérstakur stuðningur af þessu tagi getur reynst kostnaðarsamur. Hér verður miðað við að kostnaður ríkisins aukist um 5 m.kr.

32. og 34. gr. Um rekstur framhaldsskóla.

Samkvæmt greinunum skal við ákvörðun um fjárveitingar til kennslu miða við 1,7 til 2,0 kennslustundir á hvern nemanda í fullu bóklegu námi eftir stærð skóla og nauðsynlega fjölgun stunda vegna skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þá skal framlag til almenns rekstrar miðast við að sama framlag komi á hvern nemanda í sama eða svipuðu námi hvar sem er á landinu og síðan skal koma viðbótarframlag ef mæta þarf sérstökum aðstæðum.

Ekki er ljóst hvort þetta mun fela í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð hvað varðar kennslu, og verður hér við það miðað að svo verði ekki.

Um þetta er þó engan veginn hægt að fullyrða enda er það ákvörðun stjórnvalda um útgjaldaviðmiðanir. Þess má þó geta að í framhaldsskólastarfinu í heild, bóklegu og verklegu námi, lætur nærri að um 2,1 kennslustund komi á hvern nemanda á viku. Ákvörðun um 1,7 til 2,0 stundir á viku í fullu bóklegu námi gæti leitt til aukins kennslukostnaðar í stærri bóknámsskólum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan launa- og rekstrarkostnað framhaldsskóla. Það leiðir til þess að kostnaður sveitarfélaga mun minnka um 143 m.kr. og ríkið greiði þann kostnað.

Samkvæmt 32. gr. er gert ráð fyrir að skólarnir fái, ársfjórðungslega fyrir fram, framlag til að greiða önnur rekstrarútgjöld en laun. Sú upphæð sem hér um ræðir er um 180 m.kr. Gera má ráð fyrir að vaxtakostnaður ríkisins aukist nokkuð eða um 6–8 m.kr. Á móti þeirri hækkun gætu skólarnir ef til vill náð betri samningum og afslætti t.d. vegna staðgreiðslu sem ekki fæst í dag.

Samkvæmt greininni er einnig gert ráð fyrir að heimilt sé að ráða sérstaka fjármálafulltrúa sem m.a. gæti leitt til þess að skólarnir annist bókhald sitt sjálfir. Gera má ráð fyrir að stöðugildi fjármálafulltrúa gætu orðið um 25 og kostnaður 19 milljónir króna.

35. gr. Fullorðinsfræðsla.

Samkvæmt greininni er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skólanum. Ætlunin er að sett verði reglugerð um þessa starfsemi og þar hljóta að koma ákvæði sem skólar þurfa að fullnægja, svo sem um aðsókn, til þess að fá fjárveitingu úr ríkissjóði. Í greininni er miðað við að nemendur greiði þriðjung kennslulauna og ríkissjóður það sem á vantar. Auk kennslulauna fylgir starfsemi þessari ýmis rekstrar- og umsjónarkostnaður sem ríkið þyrfti eitt að bera, en á síðustu árum hefur þessi kostnaður einmitt vaxið óðfluga vegna þess að nemendur þessara deilda gera kröfu um sömu þjónustu og nemendur dagskóla. Samkvæmt frumvarpinu mun ríkið taka að sér að greiða 9,2 m.kr. sem sveitarfélög greiða nú til öldungadeilda. Aukin þjónusta mun þó hækka kostnað ríkisins meira en þessu nemur.

36. gr. Endurmenntunarnám.

Samkvæmt greininni er framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms og greiða nemendur þá þriðjung kennslulauna, en ríkissjóður þá væntanlega tvo þriðju. Að auki greiðir ríkissjóður væntanlega annan kostnað vegna fræðslunnar, svo sem stjórnun og

annan rekstrarkostnað. Erfitt er að meta hvaða kostnað ríkissjóður mun bera í þessu sambandi, það fer væntanlega eftir ákvörðun í fjárlögum, en þessi heimild getur leitt til verulegs kostnaðarauka.

37. gr. Verslunarskólar.

Þessi grein tekur til ríkisframlags til stofnkostnaðar og rekstrar Verslunarskóla og Samvinnuskóla. Í lagagreininni er þátttökuhlutfall í stofnkostnaði lækkað úr 80% samkvæmt gildandi lögum í 60%. Á hitt er svo að benda að á þessi ákvæði hefur ekki reynt til þessa.

38. gr. Skólar sem stofnaðir eru af einkaaðilum.

Vel getur komið upp sú staða að stjórnvöld kjósi fremur að styrkja einkaaðila til þess að efna til skólastarfs á sérstöku sviði fremur en að hið opinbera hafi þar forgöngu. Slíkt er samkvæmt þessari grein heimilt, en útgjöld því samfara verða naumast metin.

Niðurlag.

Í þessu frumvarpi felst m.a. það að rekstraruppgjör við sveitarfélög verða engin, enda taka sveitarfélög ekki neinn þátt í rekstri skólanna. Þetta mun einfalda samskipti hlutaðeigandi aðila og létta af þeim kostnaði sem hefur verið við uppgjör á rekstrarkostnaði. Þá verður að ætla að það verði alfarið verkefni ríkisins að skipuleggja framhaldsskólastigið óháð því inn á hvaða brautir það muni þróast.

Stofnkostnaður deilist milli ríkis og sveitarfélaga. Reikna má með að þar verði við lýði uppgjör á framkvæmdum en í 3. gr. eru fest í lögin ýmis ákvæði sem eru til þess fallin að greiða fyrir tilhögun framkvæmda og einfalda samskipti.

Samkvæmt því sem að framan segir felur frumvarpið í sér að kostnaður sveitarfélaga muni minnka um 135 m.kr. og kostnaður ríkisins aukast að sama skapi vegna óbreyttrar starfsemi. Breytingar á starfsemi skólanna munu þó verða allmiklar og varlega áætlað kosta ríkissjóð a.m.k. 30 m.kr. að auki.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Kostnaður ríkisins við framhaldsskóla 1985 og hugsanlegar breytingar skv. frumvarpi um framhaldsskóla.

(Upphæðir í þús. kr.)

	Rekstrarkostnaður			Stofnkostnaður				
Skóli	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Samtals breyting	Breyting á á verðlagi í des. 1986
Menntaskólinn í Reykjavík	42,534	42,534	0	0	0	0	0	0
Menntaskólinn á Akureyri	35,644	35,644	0	2,464	1,478	−986	−986	−1,256
Menntaskólinn á Laugarvatni	13,142	13,142	0	0	0	0	0	0
Menntaskólinn við Hamrahlíð	53,850	53,850	0	0	0	0	0	0
Menntaskólinn við Sund	37,204	37,204	0	12,157	7,294	−4,863	−4,863	−6,195
Menntaskólinn á Ísafirði	13,586	13,586	0	2,696	1,618	−1,078	−1,078	−1,374
Menntaskólinn á Egilsstöðum	14,664	14,664	0	1,238	743	−495	−495	−631
Menntaskólar samtals	**210,624**	**210,624**	**0**	**18,555**	**11,133**	**−7,422**	**−7,422**	**−9,455**
Menntaskólinn í Kópavogi	18,834	22,623	3,789	2,900	2,900	0	3,789	4,827
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	61,493	71,313	9,820	1,994	1,994	0	9,820	12,509
— öldungadeild	4,643	9,286	4,643	0	0	0	4,643	5,915
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	31,946	37,243	5,297	0	0	0	5,297	6,748
Kvennaskólinn	10,918	13,054	2,136	0	0	0	2,136	2,721
Flensborgarskólinn	24,107	28,831	4,724	1,800	1,800	0	4,724	6,018
— öldungadeild	581	1,162	581	0	0	0	581	740
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	26,674	32,002	5,328	1,000	1,000	0	5,328	6,787
— öldungadeild	906	1,812	906	0	0	0	906	1,154
— meistaraskóli	151	302	151	0	0	0	151	192
Fjölbrautaskólinn á Akranesi	26,575	32,545	5,970	8,498	8,498	0	5,970	7,605
— öldungadeild	431	862	431	0	0	0	431	549
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10,983	13,314	2,331	10,850	10,850	0	2,331	2,969
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	15,641	19,341	3,700	0	0	0	3,700	4,713
— öldungadeild	137	274	137	0	0	0	137	175
— meistaraskóli	18	18	0	0	0	0	0	0
Fjölbrautaskólinn á Selfossi	23,388	28,126	4,738	8,800	8,800	0	4,738	6,036
— öldungadeild	540	1,079	539	0	0	0	539	687
— meistaraskóli	30	61	31	0	0	0	31	39
— iðnfr. Litla-Hrauni	45	45	0	0	0	0	0	0
Framhaldsskólinn í Neskaupstað	6,061	7,710	1,649	1,303	1,303	0	1,649	2,101
Verkmenntaskólinn á Akureyri	37,686	45,576	7,890	10,700	10,700	0	7,890	10,051
Fjölbrautaskóli Garðabæjar	16,106	20,442	4,336	0	0	0	4,336	5,524
Fjölbrautaskólar samtals	**317,894**	**387,021**	**69,127**	**47,845**	**47,845**	**0**	**69,127**	**88,059**

Skóli	Rekstrarkostnaður			Stofnkostnaður			Samtals breyting	Breyting á á verðlagi í des. 1986
	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting		
Samvinnuskólinn	12,563	12,563	0	0	0	0	0	0
Verslunarskólinn	39,200	39,200	0	0	0	0	0	0
Verslunarskólar samtals	**51,763**	**51,763**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**
Húsmæðrakennaraskólinn í Reykjavík	2,067	2,067	0	0	0	0	0	0
Húsmæðraskólinn Varmalandi	2,750	2,750	0	0	0	0	0	0
Húsmæðraskólinn á Ísafirði	1,929	1,929	0	0	0	0	0	0
Húsmæðraskólinn Laugum	1,977	1,977	0	0	0	0	0	0
Húsmæðraskólinn á Hallormsstað	2,757	2,757	0	0	0	0	0	0
Húsmæðraskólinn á Laugarvatni	3,715	4,226	511	0	0	0	511	651
Húsmæðrakennaraskólar samtals	**15,195**	**15,706**	**511**	**−15,195**	**−15,706**	**−511**	**0**	**0**
Iðnskólinn í Reykjavík	75,601	105,366	29,765	3,127	3,752	625	30,390	38,713
— meistaraskóli			0	0	0	0	0	0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	9,604	13,060	3,456	1,400	1,680	280	3,736	4,759
— meistaraskóli	357	357	0	0	0	0	0	0
Iðnskóiinn á Ísafirði	4,070	5,770	1,700	300	360	60	1,760	2,242
Iðnskólar, óskiptur kostnaður	826	826	0	0	0	0	0	0
— prófd. sveinsprófa	3,684	3,684	0	0	0	0	0	0
Endurmenntun iðnaðarmanna	637	637	0	0	0	0	0	0
Iðnskólar samtals	**94,779**	**129,700**	**34,921**	**4,827**	**5,792**	**965**	**35,886**	**45,714**
Vélskóli Íslands	18,525	18,525	0	1,879	1,127	−752	−752	−957
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	8,359	8,359	0	2,231	1,339	−892	−892	−1,137
Hótel- og veitingaskólinn	8,046	8,046	0	196	118	−78	−78	−100
Fiskvinnsluskólinn	8,036	8,036	0	8,786	5,272	−3,514	−3,514	−4,477
Fósturskóli Íslands	11,465	11,465	0	0	0	0	0	0
Sjómannaskólahúsið	7,588	7,588	0	3,000	1,800	−1,200	−1,200	−1,529
Verk- og tæknimenntaskólar samtals	**62,019**	**62,019**	**0**	**16,092**	**9,655**	**−6,437**	**−6,437**	**−8,200**
Myndlista- og handíðaskólinn	13,603	23,134	9,531	0	0	0	9,531	12,141
Leiklistarskólinn	10,142	10,142	0	0	0	0	0	0
Listaskólar samtals	**23,745**	**33,276**	**9,531**	**0**	**0**	**0**	**9,531**	**12,141**

Skóli	Rekstrarkostnaður			Stofnkostnaður			Samtals breyting	Breyting á á verðlagi í des. 1986
	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting		
Framhaldsdeildir við grunnskóla	6,671	12,000	5,329	0	0	0	5,329	6,788
Framhaldsdeildir samtals	**6,671**	**12,000**	**5,329**	**0**	**0**	**0**	**5,329**	**6,788**
Ljósmæðraskóli Íslands	1,000	1,000	0	0	0	0	0	0
Þroskaþjálfaskóli Íslands	6,332	6,332	0	450	270	−180	−180	−229
Heilbrigðisskólar samtals	**7,332**	**7,332**	**0**	**450**	**270**	**−180**	**−180**	**−229**
Kostnaður ríkisins samtals vegna óbreyttrar starfsemi	**790,022**	**909,441**	**119,419**	**72,574**	**58,989**	**−13,585**	**105,834**	**134,819**
Fjármálastjórar framhaldsskóla								19,000
Laun skólanefnda								1,200
Ýmis kostnaður skólanefnda								500
Sérkennsla fatlaðra								5,000
Kostnaður vegna breyttrar starfsemi								**25,700**
Kostnaðarauki ríkisins samtals								**160,519**

Ed. 537. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. jan. 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Stefán Benediktsson, fundaskr. | Valdimar Indriðason.

Salome Þorkelsdóttir. | Helgi Seljan.

Ed. 538. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. jan. 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Stefán Benediktsson, fundaskr. | Salome Þorkelsdóttir.

Helgi Seljan. | Valdimar Indriðason.

Nd. 539. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og aflað umsagna ýmissa aðila um það. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur tillögu um á sérstöku þskj.

Guðrún Helgadóttir og Friðjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. jan. 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm. | Jóhanna Sigurðardóttir. | Stefán Guðmundsson.

Pálmi Jónsson. | Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 540. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

Frá allsherjarnefnd.

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1987.

Sþ. 541. Tillaga til þingsályktunar [305. mál]

um undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Gunnar G. Schram, Egill Jónsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín S. Kvaran, Sturla Böðvarsson, Valdimar Indriðason, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar hefja undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður.

Greinargerð.

Þjóðhagsstofnun hefur nú starfað á annan áratug og haft með höndum verkefni sem eðlilegast er að Hagstofan annist, auk þess sem stofnunin hefur annast svokallaða efnahagsráðgjöf við ríkisstjórnina sem ekki verður séð að orðið hafi til heilla. Í kerfinu eru nú margar stofnanir að bjástra við sömu eða náskyld verkefni og er sá frumskógur æði flókinn. Úr öllu þessu ofskipulagi — og þar með skipulagsleysi — þarf að greiða, einfalda athafnasemina og minnka.

Nú vill svo til að forstjóri Þjóðhagsstofnunar er að láta af störfum vegna stjórnmálaafskipta og er þá kjörið tækifæri til að afnema stofnun hans. Það þarf að gera eins fljótt og við verður komið eftir kosningar svo að ný ríkisstjórn geti markað stefnu í þessum efnum, en undirbúning breytinganna er rétt að hefja strax.

Sþ. 542. Tillaga til þingsályktunar [306. mál]

um afnám veitinga sterkra drykkja á vegum ríkisins.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Haraldur Ólafsson, Helgi Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess að ekki séu veittir sterkir drykkir í veislum á vegum hins opinbera.

Greinargerð.

Ávana- og fíkniefni í ýmsum myndum hafa fylgt manninum frá alda öðli og valdið margvíslegu böli. Nú síðari árin hafa áhyggjur manna og umræður einkum snúist um lyfjanotkun og neyslu ólöglegra fíkniefna og hvernig verjast megi þeim vágesti sem lagt

hefur líf margra í rúst, bæði neytendanna sjálfra og aðstandenda þeirra. Víst er að miklu meira þarf að gera til hjálpar þeim sem í slíka ógæfu rata og ekki síður í fyrirbyggjandi aðgerðum því að betra er heilt en vel gróið.

Hinu má svo ekki gleyma að neysla áfengis, þótt lögleg teljist, er einn mesti skaðvaldur sem við er að etja í þjóðfélaginu. Erfitt er að mæla það tjón í krónum og enn erfiðara í þjáningum. En víst er að það tjón er mikið og síst við hæfi að opinberir aðilar eigi þar hlut að máli.

Eins og fram kemur í fylgiskjali hefur ríkisstjórn Íslands samþykkt stefnuskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000. Meðal markmiða í þeirri stefnuskrá er að heildaráfengisneysla verði minnkuð um a.m.k. fjórðung fyrir þann tíma. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að framkvæmd hennar falli vel að því markmiði.

Fylgiskjal.

HEILBRIGÐI FYRIR ALLA ÁRIÐ 2000

Opið bréf til ríkisstjórnar og alþingismanna um heilsuvernd og nauðsyn á að draga úr heildarneyslu áfengis.

Heilsuvernd, sem byggir á hollum lífsvenjum, er grundvöllur heilbrigðis og langlífis. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lagt fram stefnuskrá þar sem bent er á markmið og leiðir til þess að stuðla að heilbrigði fyrir alla árið 2000. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt þessa stefnuskrá. Meðal þeirra markmiða, sem stofnunin telur nauðsynlegt að ná, er að fyrir þann tíma hafi allar þjóðir minnkað heildaráfengisneyslu sína um a.m.k. fjórðung.

Ástæða þessa er sú að öll vandamál, sem tengjast áfengi, vaxa margfalt með aukinni heildarneyslu. Áfengissýkin er aðeins einn þáttur þessara vandamála. Aðrir sjúkdómar fólks á starfsaldri eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til ofnotkunar áfengis. Sama er að segja um slys. Hvort tveggja veldur þjáningu og örorku, auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu og meiri dánarlíkum. Lítill vafi er á að aukin áfengisneysla á sinn þátt í vaxandi kostnaði við heilbrigðisþjónustu á undanförnum aldarfjórðungi.

Í umræðum um ólögleg vímuefni gleymist allt of oft að leggja áherslu á að áfengisnotkun er jafnan samfara notkun þeirra. Áfengisneysla er og í flestum tilvikum undanfari annarrar vímuefnanotkunar.

Félagslegar afleiðingar ofnotkunar áfengis eru ekki síður uggvænlegar og aukast einnig margfalt með vaxandi heildarneyslu. Hér má minna á vinnutap og heimilisböl ýmiss konar, s.s. hjónaskilnaði, ofbeldi á heimilum, andlegar og líkamlegar misþyrmingar á maka og börnum. Enn fremur ber að minna á hættuna sem stafar af ölvunarakstri og ýmissi annarri óábyrgri hegðun sem leiðir af því að áfengi slævir dómgreind manna. Annað og oft óviðkomandi fólk getur þannig verið í verulegri hættu.

Sérstök ástæða er til þess að minna á að samfara ölvun er tíðni tilviljunarkenndra eða óráðgerðra kynmaka mun meiri en ella. Af þessu kunna að hljótast alvarlegir sjúkdómar sem geta verið banvænir.

Með hliðsjón af framansögðu viljum við undirritaðir hér með skora á ráðherra og aðra alþingismenn að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki hér á landi í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Með mikilli virðingu,

Páll Sigurðsson,
ráðuneytisstjóri.

Ólafur Ólafsson,
landlæknir.

Ásmundur Brekkan,
forseti læknadeildar H.Í.

Haukur Þórðarson,
formaður Læknafélags Íslands.

Björn Önundarson,
tryggingayfirlæknir.

Gunnar Þór Jónsson,
prófessor í slysalækningum.

Gunnlaugur Geirsson,
prófessor í réttarlæknisfræði.

Hjalti Þórarinsson,
prófessor í handlæknisfræði.

Hrafn Tulinius,
prófessor í heilbrigðisfræði.

Tómas Helgason,
prófessor í geðlæknisfræði.

Þórður Harðarson,
prófessor í lyflæknisfræði.

Þorkell Jóhannesson,
prófessor í lyfjafræði.

Sþ. 543. Skýrsla [307. mál]

félagsmálaráðherra um álit milliþinganefndar um húsnæðismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Opinbera húsnæðislánakerfið er einn þeirra málaflokka sem er þess eðlis að vera til sífelldrar umfjöllunar og endurmats. Þetta hefur endurspeglast í lagasetningu um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ný lög um stofnunina tóku gildi á árinu 1984. Með lögum nr. 54/1986 var útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins gjörbreytt og lán til bygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði stórhækkuð. Á þessum tíma hafa verið skipaðar nokkrar nefndir á vegum félagsmálaráðuneytisins til að taka til nánari athugunar ýmsa þætti húsnæðismála. Þeirra á meðal er nefnd sem í umræðum á Alþingi, í fjölmiðlum og manna á meðal hefur hlotið nafnið „milliþinganefnd um húsnæðismál“. Nefndin var skipuð 11. júlí 1985. Hún skilaði lokaáliti 23. janúar s.l.

Þar sem alþingismenn hafa nokkrum sinnum lagt fram fyrirspurnir um starf þessarar nefndar þykir rétt að leggja álit hennar fyrir Alþingi á sérstöku þingskjali.

1. Inngangur.

Í framhaldi af samkomulagi þingflokkanna í júní 1985 skipaði félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, nefnd 11. júlí sama ár sem fékk það hlutverk að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Auk þess skyldi nefndin setja fram tillögur um ráðstöfun á því fjármagni sem aflað yrði á árinu 1986 með stoð í lögum nr. 48/1985 um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála. Að fengnum tillögum þingflokkanna voru eftirtaldir skipaðir í nefndina:

Guðni Jóhannesson verkfræðingur tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins, Magnús H. Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðherra, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins, Guðlaugur Ellertsson viðskiptafræðingur tilnefndur af þingflokki Bandalags jafnaðar-

manna, Guðmundur Bjarnason alþingismaður og Jón Sveinsson lögfræðingur tilnefndir af þingflokki Framsóknarflokksins, Kristín Einarsdóttir lífeðlisfræðingur tilnefnd af þingflokki Samtaka um kvennalista, Halldór Blöndal alþingismaður, Björn Þórhallsson, varaforseti ASÍ, og Steingrímur Ari Arason hagfræðingur tilnefndir af þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

Félagsmálaráðherra skipaði Guðmund Bjarnason alþingismann formann nefndarinnar og Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, ritara. Með nefndinni hefur unnið Ingi Valur Jóhannsson, starfsmaður Húsnæðisstofnunar ríkisins. Fulltrúi Bandalags jafnaðarmanna sagði sig úr nefndinni hinn 30. september 1985.

2. Verkefni nefndarinnar.

Eins og áður sagði var verkefni nefndarinnar skilgreint þannig í skipunarbréfi dags. 11. júlí 1985 að hún setti fram tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Í bréfi félagsmálaráðherra til formanns nefndarinnar dags. 10. september 1985 er þess óskað, með tilvísun til greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, að nefndin geri einnig tillögu um ráðstöfun á því fé sem aflað verður á árinu 1986 með stoð í lögunum.

Við athugun á frumvarpi til laga nr. 54/1986, um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985, varð meiri hluti félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis sammála um að vísa eftirfarandi atriðum til nefndarinnar til nánari athugunar:

1. Reglur um veð og veðhæfni íbúða.
2. Kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði.
3. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.
4. Áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðabyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt.
5. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja og/eða aldraða.
6. Staða og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar.
7. Ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.
8. Stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar.

Enn fremur óskar meiri hluti félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis eftir því að nefndin kanni með hvaða hætti ætlunin sé að framkvæma ákvæði 12. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins en henni var breytt með 3. gr. laga nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985. Í greininni er að finna ákvæði um það með hvaða hætti lánsréttur stofnast hjá Byggingarsjóði ríkisins. Einnig beinir félagsmálanefnd Nd. því til nefndarinnar að kannað sé hvernig farið skuli með lánsrétt þeirra sem ekki geta nýtt sér lánsrétt sinn til fulls við kaup á fyrstu íbúð vegna þess að um ódýra eða litla íbúð er að ræða. Til skýringar er þess getið að haft sé í huga að viðkomandi þurfi á stærri íbúð að halda vegna breyttra aðstæðna.

3. Starfshættir.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 25. júlí 1985. Á þeim fundi var skipst á skoðunum um verkefni hennar og með hvaða hætti þau yrðu best leyst af hendi. Nefndarmenn voru sammála um að meginhlutverk nefndarinnar væri að setja fram tillögur um nýskipan húsnæðismála sem gæti staðið um nokkra framtíð. Starfsáætlun nefndarinnar var miðuð við þetta og fór fram á hennar vegum umfangsmikil gagnaöflun um húsnæðismál hérlendis og erlendis. Haustið 1985 hafði hún aflað margvíslegra gagna um húsnæðismál. Á fundum hennar í september og október það ár var farið yfir þær upplýsingar sem höfðu

borist og fyrstu drög að heildarskýrslu nefndarinnar tekin til umræðu. Eftir setningu laga nr. 48/1985 sem áður er getið og vegna umfjöllunar í þjóðfélaginu um greiðsluvanda íbúðaeigenda var því beint til nefndarinnar að hún legði í starfi sínu sérstaka áherslu á það atriði. Nefndin varð við þessum tilmælum og samþykkti á fundi sínum hinn 7. desember 1985 álitsgerð um greiðsluvanda íbúðaeigenda sem send var félagsmálaráðherra.

Nefndin gerði hlé á störfum sínum eftir að hún sendi frá sér álitsgerðina 7. desember 1985 og kom aftur saman til fundar 9. janúar 1986 og voru drög að skýrslu nefndarinnar tekin til framhaldsumræðu. Um svipað leyti fóru fram á milli aðila vinnumarkaðarins samningaviðræður um kaup og kjör. Meðal þeirra atriða sem voru til umræðu í samningaviðræðunum var róttæk breyting á húsnæðislánakerfinu. Með tilliti til þessa þótti rétt að gera enn hlé á störfum nefndarinnar og sjá hvaða tillögur aðilar vinnumarkaðarins hefðu fram að færa í húsnæðismálum. Atvinnurekendur og samtök launafólks undirrituðu kjarasamninga 26. febrúar 1986. Húsnæðismál eru veigamikill þáttur í kjarasamningunum. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir stórauknu fjármagni til opinbera húsnæðislánakerfisins frá lífeyrissjóðum. Nefnd, sem forsætisráðherra skipaði 18. mars 1986 á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninganna, var falið að semja frumvarp til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins byggt á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Nefndin og húsnæðisnefnd ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins héldu þrjá sameiginlega fundi í mars og apríl þar sem farið var yfir frumvarpsdrög nefndar ríkisstjórnarinnar um breytingar á húsnæðislánakerfinu. Á þessum fundum komu einstakir nefndarmenn á framfæri ábendingum um atriði sem betur mættu fara í frumvarpsdrögunum.

Frá gildistöku laga nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, hinn 7. maí 1986 hefur nefndin einbeitt sér að athugunum og umræðum um þau atriði sem meiri hluti félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis óskaði eftir að hún tæki til sérstakrar umfjöllunar, sbr. það sem að framan greinir.

Í starfi sínu hefur nefndin haft samband við fjölda fulltrúa stofnana og félagasamtaka sem tengjast með einum eða öðrum hætti húsnæðismálum og hafa fjölmargir mætt á fundi hennar. Nefndin hefur haldið samtals 32 bókaða fundi. Auk þess hefur verið haldinn fjöldi smærri funda. Þá skal þess getið að nefndin samþykkti á fundi sínum 9. maí 1986 að kjósa undirnefnd þriggja manna til að fjalla um félagslega hluta íbúðalánakerfisins. Guðmundur Bjarnason, formaður nefndarinnar, Guðni Jóhannesson og Halldór Blöndal áttu sæti í undirnefndinni sem hefur haldið 11 bókaða fundi. Á þessa fundi hafa mætt forustumenn samtaka og stofnana sem tengjast félagslega íbúðakerfinu.

Það kom fljótlega í ljós að innan nefndarinnar voru skoðanir skiptar um það hvernig húsnæðislánakerfi framtíðarinnar skyldi líta út. Þó voru flestir nefndarmanna þeirrar skoðunar að rétt væri að halda núverandi fyrirkomulagi sem byggir á hugmyndinni um sjóð sem láni húsbyggjendum í stað þess að stefna að stofnun sérstaks húsnæðisbanka. Þótt skoðanir innan nefndarinnar væru skiptar hafði mikið undirbúningsstarf verið unnið á vegum hennar og tekist að ræða marga þætti húsnæðislánakerfisins þegar hún hóf umfjöllun um greiðsluvanda íbúðaeigenda í október til desember 1985. Segja má að kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1986 hafi valdið straumhvörfum í starfi nefndarinnar. Með kjarasamningunum var að verulegu leyti brostin forsenda fyrir umfjöllun hennar um það meginviðfangsefni sem henni var ætlað að fjalla um, þ.e. framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins hér á landi. Frá þessum tíma snerust umræður innan nefndarinnar að verulegu leyti um vankanta sem menn þóttust sjá á þeirri skipan sem tekin var upp með lögum nr. 54/1986, um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Nefndarmenn voru ekki sammála um hvort rétt væri á þessu stigi málsins að gera veigamiklar breytingar á hinu nýja lánakerfi. Þegar komið var fram í janúar 1987 var ljóst að nefndin gæti ekki sameinast um heildartillögur um breytingar á húsnæðislánakerfinu. Því var ákveðið að freista þess að ná samstöðu

um að nefndin setti fram í nefndaráliti ýmsar ábendingar og kæmi á framfæri hugmyndum sem höfðu verið ræddar á fundum hennar. Jafnframt var ákveðið að einstakir nefndarmenn kæmu skoðunum sínum og tillögum á framfæri í sérálitum sem fylgdu nefndarálitinu. Líta verður á nefndarálit þetta og þær tillögur og athugasemdir sem hér eru settar fram í ljósi þess sem að framan greinir.

4. Tillögur.

4.1. Inngangur.

Þegar ákvæði í kjarasamningunum frá febrúar 1986 birtust hafði nefndin fjallað um allflesta þætti húsnæðismála og nefndarmenn tekið saman skriflega hugmyndir sínar um nýskipan þessara mála og/eða breytingar á núverandi kerfi. Það er mat nefndarinnar að þær breytingar, sem voru gerðar á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins með lögum nr. 54/1986, geri róttækar breytingar ólíklegar næstu árin meðan reynsla fæst af hinu nýja fyrirkomulagi. Til skýringar er rétt að taka fram að húsnæðissamkomulag aðila vinnumarkaðarins tók bæði til fjármögnunar og útlánareglna byggingarsjóðanna. Í samkomulaginu felast ekki stjórnskipulegar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Þrátt fyrir þetta telur nefndin rétt að gera nokkra grein fyrir umræðum og hugmyndum sem ræddar hafa verið á fundum hennar um endurbætur á húsnæðislánakerfinu. Einnig telur nefndin rétt að gera stuttlega grein fyrir tillögum sem hún setti fram til lausnar á greiðsluvanda íbúðaeigenda. Loks er greint frá og settar fram hugmyndir um breytingar á félagslega hluta íbúðalánakerfisins.

4.2. Greiðsluvandi íbúðaeigenda.

Með tilvísun til greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, óskaði félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, eftir því í bréfi til formanns nefndarinnar að nefndin gerði einnig tillögu um ráðstöfun á því fé sem aflað verður á árinu 1986 með stoð í lögunum. Nefndin varð við þessum tilmælum og fjallaði um þessi mál á fundum sínum í október til desember 1985. Sérstök áhersla var á það lögð að leita leiða til lausnar á þeim greiðsluvanda íbúðaeigenda sem átti rót að rekja til misgengis vísitalna kauptaxta og lánskjara á árunum 1981 til 1983. Það ásamt verulegri vaxtahækkun olli aukinni greiðslubyrði. Á árunum 1983–1985 kom til alvarlegra greiðsluerfiðleika hjá húseigendum sem höfðu fengið lánafyrirgreiðslu á tímabilinu frá 1981 til 1983. Þegar kom fram á haustið 1983 var ljóst að til almennra ráðstafana yrði að grípa til að létta undir með þeim.

Haustið 1983 ákvað ríkisstjórnin að sérstök viðbótarlán yrðu veitt úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem fengið höfðu lán úr sjóðnum frá ársbyrjun 1981 jafnframt því sem lán úr sjóðnum, bönkum og sparisjóðum voru lengd eða ný veitt til að létta greiðslubyrðina. Þessar aðgerðir náðu til 5000 íbúðaeigenda og námu rúmum 300 millj. kr.

Þessar ráðstafanir leystu vanda margra en þegar frá leið varð ljóst að þeir voru einnig margir sem þurftu á frekari fyrirgreiðslu að halda. Af þeim sökum setti félagsmálaráðherra á fót ráðgjafarstöð við Húsnæðisstofnun ríkisins snemma árs 1985 og ákveðið var að stofna sérstakan lánaflokk fyrir þá sem áttu í greiðsluerfiðleikum. Á árinu 1985 var varið 250 millj. kr. til þessa lánaflokks. Var það 50 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir. Á árinu 1986 tók ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins við 2265 umsóknum um lán vegna greiðsluerfiðleika. Samtals voru samþykkt tæplega tvö þúsund lán að upphæð 575 millj. kr. Frá í febrúar 1985 hefur um það bil 825 millj. kr. verið varið úr Byggingarsjóði ríkisins til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfiðleikum. Jafnframt þessu hafa lán hjá bönkum og sparisjóðum verið lengd til allt að átta ára en til allt að fimm ára á árinu 1985. Ráðgjafarstöðin áætlar að um 100 millj. kr. hafi verið skuldbreytt hjá bönkum og

sparisjóðum á árinu 1985. Samkvæmt upplýsingum stöðvarinnar var ekki vitað í desember 1986 um umfang skuldbreytinga á því ári en hún telur að upphæðin hafi verið hærri en á árinu 1985. Ráðgjafarstöðin áætlar að Byggingarsjóður ríkisins, bankar og sparisjóðir hafi á árunum 1985 og 1986 varið rúmlega einum milljarði króna á einn eða annan hátt til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfiðleikum.

Vorið 1985 voru sett lög um greiðslujöfnun lána hjá Húsnæðisstofnun sem er til hagræðis þegar til lengri tíma er litið. Nefndin var sammála um að greiðslujöfnunin næði einnig til lána lífeyrissjóða og annarra langtímalána til húsnæðismála. Við útreikning greiðslujöfnunar yrði miðað við vísitölu kauptaxta í stað launavísitölu.

Nefndin vill einnig vekja athygli á því að sett voru lög um sérstaka húsnæðissparnaðarreikninga sem tengdir eru skattaafslætti vegna íbúðakaupa, húsbygginga eða viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Hér er um að ræða reglubundinn sparnað í bönkum og sparisjóðum sem veitir rétt til lána til kaupa eða endurbóta á íbúðarhúsnæði. Nefndin er þeirrar skoðunar að efla þurfi sparnað í þágu húsnæðismála eins og hægt er. Nefndin leggur til að reynslan sem fengist hefur af húsnæðissparnaðarreikningum bankanna verði tekin til nánari athugunar.

Haustið 1985 var gert ráð fyrir 2050 millj. kr. til útlána Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt frumvörpum til fjárlaga og lánsfjárlaga. Nefndin kaus Guðmund Bjarnason, formann nefndarinnar, Halldór Blöndal og Kristínu Einarsdóttur í undirnefnd til að fjalla um áætlanir um fjárveitingar til byggingarsjóðanna á árinu 1986. Nefndin samþykkti tillögu undirnefndarinnar um greiðsluáætlun fyrir byggingarsjóðinn að upphæð 2405 millj. kr. Með tillögunni undirstrikaði nefndin það álit sitt að nauðsynlegt væri að koma enn frekar til móts við þá húseigendur sem áttu í erfiðleikum vegna þungrar greiðslubyrðar húsnæðislána.

Í álitsgerð, sem nefndin sendi félagsmálaráðherra 7. desember 1985 um greiðsluvanda íbúðaeigenda, gerði hún eftirfarandi tillögur:

1. Á árinu 1986 yrði varið 200 millj. kr. úr Byggingarsjóði ríkisins til að létta greiðslubyrði íbúðaeigenda vegna skammtímalána. Þessi lánafyrirgreiðsla færi í gegnum banka og sparisjóði.
2. Ríkisstjórnin gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að húseigendur sem hefðu þunga greiðslubyrði vegna íbúðalána fengju skuldbreytingu og lengingu lána í bönkum og sparisjóðum.
3. Lagfæringar yrðu gerðar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt varðandi frádrátt vaxta og verðbóta á lánum til íbúðarhúsnæðis þannig að réttur skattgreiðenda yrði ótvíræður. Í þessu sambandi lagði nefndin sérstaka áherslu á að skuldbreyting lána rýrði ekki rétt til verðbóta eða vaxtafrádráttar við álagningu tekjuskatts.
4. Nefndin var sammála um að lögð yrði áhersla á lánveitingar til þeirra sem ekki ættu íbúð fyrir. Á árinu 1986 yrði sá háttur upp tekinn að húsbyggjendum yrði gert það að skyldu að leggja inn í Húsnæðisstofnun nauðsynlegar upplýsingar um byggingarframkvæmdir áður en þær hæfust. Síðan mundi Húsnæðisstofnun ákveða hvernig tilhögun og útborgun lánsins yrði háttað og tilkynna umsækjanda það bréflega. Til þess að þetta væri hægt væri nauðsynlegt að fé samkvæmt greiðsluáætlun stofnunarinnar yrði tryggt.

Við afgreiðslu framangreindra tillagna lögðu fulltrúar Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Samtaka um kvennalista í nefndinni fram sérstaka bókun. Í henni kemur m.a. fram að þeir telja tillögurnar ganga í rétta átt en of skammt.

Félagsmálaráðherra kynnti tillögur nefndarinnar á fundi ríkisstjórnarinnar og hlutu þær jákvæðar undirtektir. Meðal annars var ákveðið að gera ráð fyrir meira fjármagni til Byggingarsjóðs ríkisins þannig að hægt yrði að koma til móts við tillögur nefndarinnar. Félagsmálaráðherra og viðskiptaráðherra áttu fundi með forsvarsmönnum banka og

sparisjóða um lengingu skammtímalána vegna byggingar eða kaupa íbúðarhúsnæðis. Unnið hefur verið að fleiri þáttum ofangreindra tillagna.

Nefndin telur nauðsynlegt að Húsnæðisstofnun kynni sérstaklega þeim íbúðaeigendum úti á landi sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum þá möguleika sem þeir hafi hjá ráðgjafarstöð stofnunarinnar. Það er hægt að gera með m.a. útgáfu kynningarrita.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 26. maí 1986 er ákvæði um að þegar verði varið 300 millj. kr. til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem ákveðið var að verja á fjárlögum þess árs til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem keyptu húsnæði á árunum 1980 eða síðar eða hafa ekki getað lokið framkvæmdum. Samkvæmt samkomulaginu er lánstími þessara lána sá sami og almennt er á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þessum 500 millj. kr. hefur nú verið úthlutað. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins, dags. 17. nóvember 1986, er dreifing umsókna eftir því hvenær íbúð var keypt eða bygging hafin sem hér segir:

Íbúð keypt eða bygging hafin	**Skipting umsókna (%)**
1979 eða fyrr	8.7
1980	6.9
1981	7.3
1982	12.5
1983	17.6
1984	30.0
1985	14.7
1986	2.3

Fjöldi umsókna frá aðilum sem keyptu eða hófu byggingu eftir 1983 vekur athygli. Eins og áður er getið hefur samtals verið varið 825 millj. kr. úr Byggingarsjóði ríkisins til greiðsluerfiðleikalána frá febrúar 1985.

4.3. Lánakerfi og starfshættir Húsnæðisstofnunar.

4.3.1. Skipulag.

Á fundum nefndarinnar hafa ekki komið fram tillögur um breytingar á núverandi stjórn húsnæðismála. Í 2. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er kveðið á um að hún skuli vera sjálfstæð stofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Í 2. mgr. er fjallað um verkefni stofnunarinnar og er það skilgreint þannig að hún skuli vinna að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Einnig er tekið fram að stofnunin skuli hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Í lögunum er kveðið á um það að húsnæðismálastjórn skuli skipuð 10 mönnum og eru sjö kjörnir af Alþingi, tveir tilnefndir af ASÍ og einn af VSÍ. Í umræðum innan nefndarinnar um hlutverk húsnæðismálastjórnar og tengsl hennar við stjórnvöld komu fram hugmyndir um að ríkisstjórn hefði jafnan meiri hluta í stjórninni. Einnig komu fram þau sjónarmið að húsnæðismálastjórn ætti að vera óháð ríkisstjórn.

Fram hafa komið hugmyndir um að breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í húsnæðisbanka. Það hefði í för með sér grundvallarbreytingar á núverandi starfsemi Húsnæðisstofnunar. Þar með yrði horfið frá því markmiði að efla sjóði stofnunarinnar þannig að eigið fé þeirra nægi til að fjármagna útistandandi íbúðalán á hverjum tíma. Bankahugmyndin felur í sér að veitt íbúðalán verði fyrst og fremst fjármögnuð með fé sem stofnunin aflar með almennum skuldabréfaútboðum til lífeyrissjóða og ef til vill fleiri aðila. Ef stofnaður verður húsnæðis-

banki leiðir það af sér að bankinn ákveður útlánsvexti en ekki ríkisstjórnin. Ljóst er að vaxtaniðurgreiðsla verður háð framlagi ríkissjóðs á hverjum tíma. Nefndin er sammála um að hafna hugmyndinni um húsnæðisbanka í þessari mynd. Hún leggur áherslu á að aukin hlutdeild lífeyrissjóðanna í fjármögnun útlána byggingarsjóðanna færir þá síðarnefndu nær bankahugmyndinni og gerir meiri vaxtaniðurgreiðslu en 2–3 prósentustig óraunhæfa. Í því felst að ávöxtunarkrafa lífeyrissjóðanna hlýtur fyrr eða síðar að hafa áhrif á útlánsvexti byggingarsjóðanna. Nefndin vill einnig vekja athygli á því að niðurgreiðsla vaxta um 2–3 prósentustig gengur því aðeins að framlag ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar sé a.m.k. ⅓ áætlaðra útlána og staðið verði við núverandi stefnu um að það séu byggingarsjóðir sem fjármagni íbúðalán en ekki húsnæðisbanki.

Nefndin ræddi nokkuð á fundum sínum hvort binda ætti lánveitingu við einstaklinga eða lána út á íbúð eins og nú er gert. Í fyrra tilvikinu er byggt á þeirri hugmynd að sérhver einstaklingur eigi rétt á einu myndarlegu láni frá opinberu byggingarsjóðunum á lífsleiðinni. Einstaklingurinn geti ef því er að skipta skilað þessum rétti og notað hann síðar.

Sameiningu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna hefur borið á góma á fundum nefndarinnar. Þau rök sem hafa verið færð fyrir slíkri breytingu eru að með sameiningu byggingarsjóðanna verði dregið úr þeim mun sem nú er á lánskjörum sjóðanna og skapaður meiri sveigjanleiki í lánakerfinu. Þeir sem eru andvígir breytingu í þessa átt óttast að hún leiði til þess að draga muni úr stuðningi við byggingu félagslegs íbúðarhúsnæðis, sérstaklega verkamannabústaða. Með setningu laga nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur dregið saman með sjóðunum hvað varðar lánsfjárhæðir og lánstíma. Hins vegar er munur á niðurgreiðslum vaxta á lánum úr sjóðunum.

Nefndin hefur tekið félagslega hluta opinbera íbúðarlánakerfisins til sérstakrar umfjöllunar. Hún hefur einnig leitað eftir áliti margra aðila á stöðu og framtíð þess, sérstaklega eftir að breytingar voru gerðar á húsnæðiskerfinu með lögum nr. 54/1986. Þeir fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem nefndin hefur rætt við um þetta efni hafa ekki lagt til meiri háttar breytingar á núverandi húsnæðislánakerfi. Í umræðunum lögðu þeir áherslu á að þeir túlkuðu fyrst og fremst sín eigin sjónarmið í umfjöllun um atriði félagslega kerfisins sem taka þyrfti til athugunar. Bent var á ýmis atriði sem betur mættu fara. Til dæmis var oft bent á ákvæði laga um ákvörðun endursöluverðs íbúða í verkamannabústöðum. Enn fremur hefur verið varpað fram hugmyndum um sveigjanlegri lánskjör sem taki m.a. mið af breytilegum tekjum þeirra sem búa í félagslegu húsnæði. Nánar er vikið að félagslega íbúðalánakerfinu í kafla 4.5.

4.3.2. Fjármögnun og lánskjör.

Skortur á fjármagni hefur verið þrándur í götu fyrirgreiðslu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Takmarkað fjármagn var meginskýringin á lágu lánshlutfalli miðað við byggingarkostnað eða kaupverð íbúðar. Þetta var einnig skýringin á löngum biðtíma eftir láni og of stuttum lánstíma sem leiddi til þyngri greiðslubyrði en ella. Af þeirri ástæðu voru ræddar nokkrar hugmyndir um fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Til dæmis komu fram ákveðnar hugmyndir um fjármögnun húsnæðislánakerfisins með aukinni skattheimtu og auknu lánsfé frá lífeyrissjóðum og bönkum.

Með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá febrúar 1986 og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tilefni þess 27. febrúar og síðan lögum nr. 54/1986 er útlánareglum Húsnæðisstofnunar ríkisins gjörbreytt. Lánsfjárhæðir til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir eru verulega hækkaðar og geta orðið allt að 2,1 millj. kr. vegna byggingar eða kaupa á nýrri íbúð miðað við verðlag í febrúar 1986 og um 1,5 millj. kr. vegna kaupa á notaðri íbúð. Lögin byggja á því að lífeyrissjóðirnir stórauki skuldabréfakaup sín af Húsnæðisstofnun ríkisins og er gert ráð fyrir

að lánsréttur einstaklinga miðist við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hlutaðeigandi lánsumsækjanda. Þannig er hámarksréttur einstaklings bundinn því skilyrði að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf hjá Húsnæðisstofnun fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu. Lánsréttur minnkar svo í hlutfalli við minnkandi skuldabréfakaup viðkomandi lífeyrissjóðs og verður að lokum enginn ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir minna en 20% af ráðstöfunarfé sínu.

Með setningu þessara nýju laga er lánstími nýbyggingarlána hjá Byggingarsjóði ríkisins verulega lengdur eða úr 31 ári í 40 ár og úr 21 ári í 40 ár vegna kaupa á notuðum íbúðum. Út frá því er gengið að lánin verði tengd breytingum á lánskjaravísitölu. Í 30. gr. laga um Húsnæðisstofnun, þar sem kveðið er á um lánskjör, segir að vextir skuli vera breytilegir og ákvarðast hverju sinni af ríkisstjórn Íslands. Núverandi ríkisstjórn hefur gefið um það fyrirheit að vextir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins verði ekki hærri en 3,5%. Nefndin vekur athygli á því sem segir í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 54/1986. Þar kemur fram að útreikningar bendi til að verði mismunurinn á vöxtum á teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meiri en 2–3 prósentustig til lengdar muni lánakerfið sligast. Nú hefur náðst samkomulag á milli Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna um kjör vegna kaupa á skuldabréfum á árunum 1987 og 1988. Mikilvægasta atriði samkomulagsins er það að skuldabréf keypt á árinu 1987 bera 6.25% ársvexti með mislöngum lánstíma að vali lífeyrissjóðanna. Skuldabréf keypt á árinu 1988 bera 5,9% ársvexti með mislöngum lánstíma að vali lífeyrissjóðanna.

Eftirfarandi sjónarmið komu fram í nefndinni:

Ef litið er á einstakar breytingar sem gerðar voru árið 1986 á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins má um flestar þeirra segja að þær hafi verið jákvæðar. Með hliðsjón af þeirri miklu eftirspurn sem er og hefur verið eftir lánum til húsnæðiskaupa var sú nýskipan t.d. í framfaraátt sem tryggði aukið fjármagn frá lífeyrissjóðum til húsnæðislánakerfisins. Þær breytingar voru einnig jákvæðar sem fólu í sér hlutfallslega aukna lánafyrirgreiðslu, annars vegar til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og hins vegar til þeirra sem eru að kaupa notaðar íbúðir.

Þegar hins vegar er litið á breytingarnar í heild og reynt að meta samanlögð áhrif þeirra fyrir húsnæðiskaupendur og samfélagið í bráð og lengd vakna ýmsar efasemdir um ágæti þeirra og þess húsnæðislánakerfis sem nú er við lýði. Kerfið er orðið óhemju stórt og dýrt.

Ef starfrækja á kerfið eins og til er ætlast í lögum þarf ríkissjóður árlega í fyrirsjáanlegri framtíð að verja til þess stærri hluta af tekjum sínum en nú er gert og stærri en hann hefur nokkru sinni áður gert. Í ár nemur framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna samtals 1300 millj. kr. sem samsvarar fjórðungi þess sem ríkissjóður fær í formi tekjuskatts. Með hliðsjón af því að þessi háa fjárhæð þarf að verða enn hærri í framtíðinni og í ljósi þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu sem ríkissjóður á við að etja er ekki hægt að tala um að horfur kerfisins séu bjartar.

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að samanlögð útlán sjóðanna nemi 5057 milljónum króna árið 1987 og að Húsnæðisstofnun taki að láni 3815 millj. kr., þar af 3765 millj. kr. hjá lífeyrissjóðum. Ef gert er ráð fyrir að meðalútlánsvextir Húsnæðisstofnunar séu 3,0% og að vextir af teknum lánum séu 6,0% kemur stofnunin til með að „tapa“ árlega í vaxtamun 77,2 millj. kr. Þetta þýðir að það fé sem ríkissjóður veitir í ár til sjóðanna dugar til niðurgreiðslu útlánsvaxta í tæp 17 ár. Með hliðsjón af því að útlán Húsnæðisstofnunar eru trúlega að meðaltali til 35–40 ára er ekki hægt að tala um að horfur kerfisins séu bjartar.

Ef gert er ráð fyrir að beinn og óbeinn vaxtakostnaður hins opinbera vegna veittra húsnæðislána sé 6% á ári og að þær 5057 millj. kr. sem áætlaðar eru í útlán 1987 séu að meðaltali veittar til 40 ára og beri 3,5% vexti þýðir vaxtaniðurgreiðslan að bæði ríkissjóður og lántakendur gætu verið jafnsettir ef 1526 millj. kr. hefðu verið veittar í óafturkræfan

húsnæðisstyrk og 3531 millj. kr. lánuð til 40 ára með 6,0% vöxtum. Sú staðreynd að miðað við 6% ávöxtunarkröfu fela lán Húsnæðisstofnunar í sér að yfir 30% lánsfjárhæðarinnar er í raun styrkur til þeirra sem taka lánin kallar á eftirspurn sem seint verður hægt að fullnægja. Margir sækja um lán þótt þeir gætu auðveldlega gert húsnæðiskaupin án hinnar opinberu fyrirgreiðslu og enn fleiri sækja um hærri lán en þeir í raun og veru þurfa. Að veita opinbera húsnæðisaðstoð í formi vaxtaniðurgreiðslu er ómarkviss og kostnaðarsöm leið.

Hin mikla eftirspurn eftir lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins veldur því að vextir á hinum almenna lánamarkaði eru hærri en ella. Vegna fjárlagahalla ríkissjóðs má líta svo á að útlán Húsnæðisstofnunar séu alfarið fjármögnuð með lánum hins opinbera á almenna lánamarkaðinum hérlendis. Með hliðsjón af því hvað hér er um háar fjárhæðir að ræða og í raun mikla vaxtaniðurgreiðslu er ekki ólíklegt að án niðurgreiðslunnar væru markaðsraunvextir hérlendis að minnsta kosti einu prósentustigi lægri en nú er.

Í framhaldi af framangreindum sjónarmiðum komu eftirfarandi hugmyndir fram í nefndinni:

Útlánsvextir allra nýrra lána Húsnæðisstofnunar (hvort sem um er að ræða Byggingarsjóð ríkisins eða Byggingarsjóð verkamanna) verði sambærilegir þeim vöxtum sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði. Í stað þeirrar niðurgreiðslu sem nú á sér stað á vöxtum Húsnæðisstofnunar verði veitt óafturkræft húsnæðisframlag úr ríkissjóði, annars vegar húsnæðiskaupaframlag og hins vegar húsnæðisleiguframlag.

Varðandi húsnæðiskaupaframlagið má hugsa sér að það sé fyrst og fremst veitt þeim sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð (þeim sem ekki eiga íbúð fyrir) og komi almennt til útborgunar á ákveðnum árafjölda (t.d. á tíu árum) eftir undirritun kaupsamnings. Þetta framlag þyrfti ekki að vera háð því hvort verið væri að kaupa nýtt eða notað húsnæði eða hvort mikil eða lítil lán væru tekin til að fjármagna kaupin. Framlagið gæti hins vegar verið háð því hvort um hjón (sambýlisfólk) eða einstakling væri að ræða og árlegum tekjum hlutaðeigandi að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

Varðandi húsnæðisleiguframlagið má hugsa sér að það sé fyrst og fremst veitt þeim (hjónum, sambýlisfólki, einstaklingum) sem eiga ekki íbúðarhúsnæði og hafa ekki fengið húsnæðiskaupaframlag eða aðra sambærilega húsnæðisaðstoð frá hinu opinbera. Árlegt leiguframlag gæti verið ótímabundið og að öðru óbreyttu milli 40–50% af árlegu húsnæðiskaupaframlagi. Leiguframlagið gæti verið háð árlegum tekjum hlutaðeigandi að teknu tilliti til fjölskyldustærðar og árlegrar eða mánaðarlegrar leigufjárhæðar.

Í stuttu máli sagt: Með því að hverfa frá niðurgreiðslu útlánsvaxta Húsnæðisstofnunar mætti renna traustum stoðum undir núverandi húsnæðislánakerfi. Í stað vaxtaniðurgreiðslunnar gæti hið opinbera veitt húsnæðisframlag til þeirra íbúðakaupenda og íbúðaleigjenda sem ætla má að þurfi á aðstoð að halda umfram lánafyrirgreiðslu Húsnæðisstofnunar. Jafnvel þótt ríkissjóður notaði aðeins hluta þess fjár sem „sparaðist“ með því að hverfa frá vaxtaniðurgreiðslunni gæti hann tryggt umtalsvert meiri aðstoð en í dag öllum þeim sem byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og öllum þeim íbúðaeigendum eða íbúðaleigjendum sem hafa lágar tekjur. Minni eftirspurn eftir lánum Húsnæðisstofnunar mundu að öðru óbreyttu geta leitt til umtalsverðrar lækkunar á halla ríkissjóðs og markaðsraunvöxtum og þar með leitt til aukinnar fjárfestingar og verðmætasköpunar í atvinnulífinu.

Þess má geta að nefndin og húsnæðisnefnd ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins héldu þrjá sameiginlega fundi þar sem rædd voru drög að frumvarpi til laga nr. 54/1986. Einstakir nefndarmenn settu fram athugasemdir um nokkur atriði í frumvarpinu, t.d. um lánsrétt einstaklinga og ákveðinna hópa. Nánari grein verður gerð fyrir þessum athugasemdum nefndarinnar í kafla 4.4.

Starfshættir Húsnæðisstofnunar voru oft til umfjöllunar á fundum nefndarinnar. Hún er sammála um að stofnunin verði að leggja meiri rækt við stefnumörkun á sviði húsnæðis- og byggingarmála og upplýsingamiðlun til einstaklinga, félagasamtaka, stofnana og stjórnvalda um þessi málefni. Bent hefur verið á nauðsyn þess að sett verði á laggirnar upplýsinga- og áætlanadeild innan Húsnæðisstofnunar sem annist þessi verkefni. Tekið skal fram að félagsmálaráðherra skipaði nefnd í febrúar 1986 til að fjalla um eflingu upplýsingamiðlunar um húsnæðis- og byggingarmál. Á starfstíma húsnæðismálanefndarinnar hefur ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar tekið til starfa. Hlutverk hennar er m.a. að veita lántakendum upplýsingar um greiðslubyrði lána. Eitt þeirra verkefna sem félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis fól nefndinni var að ræða stöðu og hlutverk ráðgjafarstöðvarinnar. Hún er sammála um að meginhlutverk ráðgjafarstöðvarinnar eigi að vera almenn ráðgjöf í tengslum við lánveitingar stofnunarinnar.

Lögð er áhersla á að nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða starfshætti og skipulag Húsnæðisstofnunar hraði störfum og skili tillögum sem fyrst.

Álit nefndarinnar á opinbera íbúðarlánakerfinu og starfsháttum Húsnæðisstofnunar ríkisins má draga saman á eftirfarandi hátt:

a. Núverandi skipulag og hugsanlegar breytingar.

Nefndin telur nauðsyn bera til að sniðnir séu vankantar af núverandi löggjöf og verður nánar vikið að þeim atriðum síðar í þessari álitsgerð. Þó er rétt að undirstrika að varhugavert er að gera með skömmu millibili róttækar breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni sem snerta hag þeirra sem eru að afla sér íbúðarhúsnæðis.

b. Þjónusta Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Nefndin er sammála um að nauðsynlegt sé að taka skipulag og starfshætti Húsnæðisstofnunar ríkisins til endurskoðunar með það að markmiði að bæta þjónustu hennar við einstaklinga, félagasamtök og stjórnvöld. Nefndin telur mikilvægt að stofnunin bæti upplýsingamiðlun til einstaklinga, félagasamtaka og stjórnvalda um lánamöguleika, lánskjör og greiðslubyrði.

c. Staða og hlutverk ráðgjafarstöðvarinnar.

Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar var komið á fót í tengslum við lánveitingar vegna greiðsluerfiðleika. Stöðin gegndi veigamiklu hlutverki við að aðstoða fólk í greiðsluvanda. Húsnæðismálastjórn ber að setja ráðgjafarstöðinni markmið og starfsreglur. Ráðgjafarstöðinni ber að leggja megináherslu á almenna upplýsingamiðlun um lánaflokka, lánakjör, greiðslubyrði og fleiri atriði sem varða þjónustu Húsnæðisstofnunar. Nýja lánakerfið gerir það nauðsynlegt að ráðgjöf sé veitt í beinum tengslum við lánsumsóknir. Aðskilja ber tæknilega ráðgjöf frá fjármálalegri.

4.4. Útlánareglur Byggingarsjóðs ríkisins.

Ítarlegar umræður áttu sér stað á fundum nefndarinnar í október og nóvember árið 1985 um útlánareglur Byggingarsjóðs ríkisins. Nefndin var sammála um að munurinn á lánum til kaupa á eldri íbúð og nýbyggingarlánum væri of mikill. Á þeim tíma var hæsta G-lán helmingur af nýbyggingarláni, þ.e. nýbyggingarlán var um 1 millj. kr. og hæsta G-lán um 500 þús. kr. Við lánveitingu var nýbyggingarlánið 29,1% af verði staðalíbúðar. Í þessu sambandi ber þess að gæta að lánið kom ekki til útborgunar fyrr en einu til tveimur árum eftir lánveitingu og hafði á þeim tíma rýrnað vegna verðbólgu. Það var því í raun oft ekki nema 22–24% af verði staðalíbúðar þegar það kom til útborgunar. Nú er nýbyggingarlán til

þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir rúmlega 60% ef borið er saman við verð staðalíbúðar. Rétt er að geta þess að með lögum 54/1986 er hætt að nota staðalíbúð sem viðmiðun. Sú breyting hefur orðið með sömu lögum að nýbyggingarlán til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir og njóta fyllsta réttar eru 2,1 millj. kr. miðað við vísitölu byggingarkostnaðar sem var 250 stig í ársbyrjun 1986. Lán til fyrstu kaupa á eldra húsnæði eru 70% af nýbyggingarláni. Áhvílandi lán frá Byggingarsjóði ríkisins koma til frádráttar lánsfjárhæðum. Lánsupphæðir hafa því stórhækkað og verulega dregið saman með nýbyggingarláni og láni til kaupa á eldra húsnæði.

Rætt hefur verið um núgildandi 12. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í henni er kveðið á um lánsrétt hjá Byggingarsjóði ríkisins. Nefndin telur að takmarkanir á lánsrétti sem byggja á ófullnægjandi aðild fólks að lífeyrissjóðum sé mjög erfið í framkvæmd. Hún beinir þeim tilmælum til lífeyrissjóða og aðila vinnumarkaðarins að þeir taki þessi ákvæði hið allra fyrsta til endurskoðunar. Í þessu sambandi vill nefndin sérstaklega benda á lánsrétt hjóna, sambýlisfólks, námsfólks og þeirra sem eru að afla sér eftir- og endurmenntunar. Jafnframt þarf að hyggja að rétti þeirra námsmanna sem ekki taka námslán og greiða þar af leiðandi ekki í lífeyrissjóð. Nefndin varar jafnframt við ákvæðum um skilyrðislausa tveggja ára aðild að lífeyrissjóði til að öðlast lánsrétt. Hún telur nauðsynlegt að fylgjast náið með reynslu af nýja húsnæðislánakerfinu.

Að gefnu tilefni fjallaði nefndin um verðtryggingu lánveitinga og ítrekaði fyrri afstöðu sína um að lán og lánshlutar séu verðtryggð lögum samkvæmt fram til greiðsludags án tillits til þess hvort um sé að ræða lán til nýbygginga eða íbúðakaupa.

Reglur um veð og veðhæfi íbúðarhúsnæðis komu einnig til umræðu í tengslum við ákvæði laga nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, en í 3. gr. er fjallað um að lán eða lánshlutar skuli að fullu fylgja breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar. Nefndin er þeirrar skoðunar að almenna reglan um veð og veðhæfi skuli vera sú að lán skuli ekki vera hærri en 70% af brunabótamati en þó aldrei hærri en 90% af kaupverði.

Nefndin fjallaði um það atriði hvernig með skuli farið þegar lánsréttur er ekki fullnýttur vegna þess að um hefur verið að ræða kaup eða byggingu lítillar íbúðar. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar er litið svo á að hafi eignarhluti umsækjanda um lán numið lægri upphæð en sem svarar 25% af hámarkslánsfjárhæð til nýbyggingar teljist hann vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Nefndin er sammála um að eftirtalin atriði þurfi að lagfæra:

a. Lánsréttur námsmanna.

Í 1. mgr. 12. gr. er gert að skilyrði fyrir lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins að einungis þeir einstaklingar sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða tvö undanfarandi ár áður en lánsumsókn er lögð fram eigi rétt á lánum frá sjóðnum. Frá þessu ákvæði eru gerðar mjög takmarkaðar undantekningar. Ljóst er að námsmenn sem greiða ekki einhverra hluta vegna samfleytt til lífeyrissjóðs meðan á námi stendur eiga ekki lánsrétt þegar námi lýkur. Það er álit nefndarinnar að kveða þurfi skýrar á um lánsrétt námsmanna. Hún er því sammála að lánsréttur þeirra sem stunda fullt nám eigi ekki að rofna vegna sumarleyfa eða hliðstæðra ástæðna.

b. Lánskjör félagasamtaka.

Við endurskoðun og breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins vorið 1986 virðist fyrst og fremst hafa verið miðað við að breyta lánskjörum einstaklinga. Nefndin er sammála um að lánskjörum félagasamtaka þurfi að breyta til samræmis við þau kjör sem einstaklingum er nú boðið upp á.

c. Stærðarmat íbúða.

Eftir að lög nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, tóku gildi var horfið frá því að miða lánsfjárhæðir við stærðir íbúða. Í mars 1985 setti félagsmálaráðherra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar nýjar stærðarreglur varðandi byggingarlán Byggingarsjóðs ríkisins. Stærðarmatið byggðist á sérstökum reikniaðferðum. Í nýju lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 54/1986, er stærðarreglum breytt og einnig reikniaðferðum við stærðarmat. Fasteignamat ríkisins metur stærðir íbúða eftir öðrum aðferðum en Húsnæðisstofnunin og notar staðal ÍST 50. Iðntæknistofnun hefur samþykkt að ÍST 50 verði notaður við stærðamælingar frá og með 1. desember 1986. Nefndin mælir eindregið með því að Húsnæðisstofnun ríkisins noti þann staðal. Hún vill jafnframt vekja athygli á því að stærðarreglur voru felldar úr gildi 1980 vegna þess að talið var að þær hefðu óæskileg áhrif á byggingarhætti þegar reynt er að sniðganga reglurnar. Nefndin telur nauðsynlegt að athuga hvort núgildandi reglur geti haft slíkt í för með sér.

d. Lánsréttur aðfluttra.

Kveða þarf skýrt á um rétt aðfluttra sem greitt hafa iðgjald til lífeyrissjóða erlendis.

e. Lánsréttur sem ekki er nýttur til fulls.

Nefndin er sammála því að næsta umsókn frá umsækjanda, sem hafi fengið lán sem er lægra en 70% af hámarksláni vegna þess að keypt var lítil og ódýr íbúð, skuli hljóta sömu meðferð og frá þeim sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta skipti, þó ekki varðandi forgangsröð í tíma.

f. Takmörkun á lánsrétti þeirra sem eiga fullnægjandi húsnæði fyrir.

Nefndin telur nauðsynlegt að vekja athygli á heimildarákvæði um skerðingu á lánsrétti sem var í 5. mgr. 13. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984. Samkvæmt henni var „húsnæðismálastjórn heimilt að hafna eða skerða lánveitingar til umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar". Í núgildandi lögum er þessi heimild til skerðingar felld niður.

g. Lánsréttur elli- og örorkulífeyrisþega.

Nauðsynlegt er að samræma betur núverandi ákvæði um lánsrétt elli- og örorkulífeyrisþega í 12. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

4.5. Félagslegi hluti íbúðalánakerfisins.

Í áliti meiri hluta félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis frá apríl s.l. var samþykkt að vísa nokkrum atriðum til nefndarinnar sem m.a. snerta félagslega hluta íbúðalánakerfisins. Þessi atriði eru talin upp í II. kafla. Vegna þessa verkefnis fékk nefndin á fund til sín eftirtalda: Húsnæðismálastjórn: Þráinn Valdimarsson og Grétar Þorsteinsson. Húsnæðisstofnun ríkisins: Sigurður E. Guðmundsson. Alþýðusamband Íslands: Ásmundur Hilmarsson og Guðmundur Þ. Jónsson. Vinnuveitendasamband Íslands: Gunnar Birgisson og Vilhjálmur Egilsson. Öryrkjabandalagið: Oddur Ólafsson. Þroskahjálp: Ásgeir Sigurgestsson, Eggert Jóhannesson og Magnús Kristinsson. Fulltrúaráð Sjómannadagsins: Garðar Þorsteinsson og Pétur Sigurðsson. Framkvæmdasjóður aldraðra: Hrafn Pálsson. Framkvæmdasjóður fatlaðra: Sigurfinnur Sigurðsson og Jón Sævar Alfonsson. Samband íslenskra sveitarfélaga: Björn Friðfinnsson og Magnús E. Guðjónsson. Byggingarsjóður verkamanna: Percy Stefánsson. Húsnæðissamvinnufélagið Búseti: Jón Rúnar Sveinsson og Reynir Ingibjartsson.

Með hugtakinu „félagslegur hluti húsnæðislánakerfisins“ er hér átt við lánveitingar til að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks sem fellur undir skilgreiningu um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna svo og lánveitingar til einstaklinga með sérþarfir (fatlaðir og aldraðir) og lán til byggingar leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða (15. gr.). Í þessari upptalningu felst að „félagslega“ skilgreiningin nær til beggja sjóða hins opinbera húsnæðislánakerfis, þ.e. Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Nefndin hefur leitað álits allmargra aðila á félagslega hluta íbúðalánakerfisins. Henni þykir rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem fram hafa komið.

Stöðu og hlutverk verkamannabústaðakerfisins hefur oft borið á góma innan nefndarinnar. Í lögum er kveðið á um það að við ákvörðun söluverðs þessara íbúða skuli m.a. taka tillit til markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu. M.a. er það endursöluverðið og ákvörðun þess sem hefur orðið tilefni umræðna og efasemda.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur á fundi með nefndinni og með bréfi til hennar bent á að það fólk sem verst er statt í þjóðfélaginu getur ekki risið undir vöxtum og afborgunum af lánum til kaupa á íbúð í verkamannabústað. Þetta fólk leiti til sveitarfélaganna um fyrirgreiðslu í sambandi við útvegun leiguíbúða. Hann hefur vakið athygli á því að samkvæmt núgildandi lögum er fjármagnsfyrirgreiðsla til verkamannabústaða betri en til leiguíbúða. Þótt meginreglan sé að til hvors tveggja séu lán miðuð við 85% af áætlunarverði er þó heimilt í vissum tilvikum að veita 100% lán til verkamannabústaða. Hins vegar virðast lán til leiguíbúða aldrei geta orðið hærri en 80%. Meginmunurinn í lánafyrirgreiðslunni milli þessara tveggja tegunda félagslegra íbúða felst þó í lánstímanum. Þannig eru lán til verkamannabústaða til 43 ára en lán til leiguíbúða aðeins til 31 árs. Hann setur fram þá skoðun að lánafyrirgreiðsla til sveitarfélaga til byggingar leiguíbúða ætti ekki að vera lakari en til verkamannabústaða eða jafnvel meiri, þar sem um er að ræða aðstoð við það fólk sem verst er sett í þjóðfélaginu. Rétt er að vekja athygli á breytingu sem gerð var með lögum nr. 54/1986. Samkvæmt 49. gr. er heimilt að lána 85% af byggingarkostnaði íbúðar í verkamannabústað. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt að hækka lánshlutfallið í 90% ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður. Enn fremur er heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun. Ef þriggja ára lán er veitt skal húsnæðismálastjórnarlánið vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin en síðan greiðast með jöfnum greiðslum á 43 árum.

Fulltrúi Öryrkjabandalagsins mætti á fund nefndarinnar og greindi henni frá því að um fjögur til fimm hundruð fatlaðir væru á biðlista eftir húsnæði. Það kom fram hjá honum að hér er um að ræða stærsta láglaunahópinn í landinu sem ekki væri hægt að byggja yfir og leigja á raunvirði nema með verulega bættum lánskjörum. Hann benti á að lán til byggingar leiguíbúða bæru sömu vexti og lán úr Byggingarsjóði verkamanna en lánstíminn væri styttri. Hann sagði það ósk Öryrkjabandalagsins að það nyti sömu lánskjara og Byggingarsjóður verkamanna býður upp á. Svipuð viðhorf komu fram hjá fulltrúa Fulltrúaráðs sjómannadagsins.

Varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra hefur komið fram að skortur á langtímaáætlunum hefur staðið sjóðnum fyrir þrifum.

Meginkrafa fulltrúa Þroskahjálpar er að þeim einstaklingum sem eru fatlaðir verði gert kleift að búa á eigin heimili við aðstæður sem séu sambærilegar við heimili annarra um íbúafjölda og aðgengi. Nefndin hefur kynnt sér aðrar tillögur Þroskahjálpar varðandi húsnæðismál fatlaðra. Meðal þess sem þar kemur fram er að fötluðum verði gert kleift að stofna húsnæðissamvinnufélög um sambýli. Í því sambandi er tekið fram að húsnæðissamvinnufélög fatlaðra taki mið af því að fjárhaldsmaður viðkomandi einstaklings komi fram fyrir hans hönd, geri hann það ekki sjálfur, við ákvarðanatöku er varðar byggingarfram-

kvæmdir. Óskað er eftir því að ákvæði um hámarkslán í félagslega húsnæðislánakerfinu gildi einnig um kaup á eldra húsnæði sem uppfylli eðlilegar gæðakröfur. Þá er sett fram það markmið að stefnt skuli að því að húsnæði fatlaðra verði fjármagnað 100% með opinberum lánveitingum á sömu kjörum og gilda um félagslegt íbúðarhúsnæði.

Nefndin tekur undir sjónarmið sem koma fram í tillögum Þroskahjálpar og telur að endurskoða þurfi lagaákvæði í því sambandi.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir nokkrum atriðum sem snerta félagslega þætti hins opinbera íbúðalánakerfis.

a. Byggingarsjóður verkamanna og verkamannabústaðir.

Eins og áður hefur komið fram leitaði nefndin álits fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og Húsnæðisstofnunar ríkisins á fyrirkomulagi félagslega kerfisins og hugsanlegum breytingum á því. Fram kom að mikil þörf virðist vera á íbúðum í verkamannabústöðum. Eftirspurn er langt umfram það fjármagn sem Byggingarsjóður verkamanna hefur til ráðstöfunar. Einnig kom fram að mörg vandamál hafa komið upp í sambandi við eigendaskipti og endursölu íbúða í verkamannabústöðum. Í umræðunum kom skýrt fram að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, húsnæðismálastjórnar og Húsnæðisstofnunar töldu nauðsynlegt að fá reynslu af nýja lánakerfinu áður en farið væri út í veigamiklar breytingar á félagslega hluta þess. Í viðræðunum við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins komu ekki fram hugmyndir um meiri háttar breytingar á núverandi húsnæðislánakerfi. Þeir nefndu hins vegar ýmis atriði sem þeir töldu sjálfir að væru athugunarverð. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar upplýstu að fyrirhugað er að stofna til umræðu á vegum hennar um stöðu og framtíðarstefnu félagslega íbúðalánakerfisins.

Nefndin hefur fjallað um vandamál sem bent hefur verið á í sambandi við endursölu íbúða í verkamannabústaðakerfinu. Það hefur verið upplýst að önnur nefnd er að fjalla um þetta málefni og mun væntanlega skila áliti innan tíðar.

Í umræðum um breytt fyrirkomulag félagslega kerfisins voru reifaðar hugmyndir um sameiningu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Einnig var rætt um þann möguleika að tengja vaxtakjör og endurgreiðslu af lánum við tekjur lántakenda. Talið er að með því móti verði skapaður meiri sveigjanleiki í kerfinu.

b. Húsnæðissamvinnufélög.

Fyrir rúmum 50 árum tóku fyrstu byggingarsamvinnufélögin til starfa hér á landi. Í þeim bindast menn samtökum um að byggja yfir sig og fjölskyldur sínar íbúðarhúsnæði. Um byggingarsamvinnufélög er fjallað í VIII. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1984.

Á allra síðustu árum hefur komið hérlendis fram á sjónarsviðið annað form samvinnufélagsskapar um húsnæðismál, svonefnd húsnæðissamvinnufélög. Tilgangur þeirra er að eiga og reka íbúðarhúsnæði þar sem íbúum er tryggð búseta með kaupum á búseturétti. Nefndin hefur kynnt sér frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi um húsnæðissamvinnufélög. Fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni, Guðni Jóhannesson, hefur einnig kynnt nefndinni nánar hugmyndir og tillögur um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Í hugmyndum og tillögum um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt kemur fram:

Lagt er til að skipulagt verði biðraðakerfi. Með þeim hætti ráðist réttur manna til húsnæðis fyrst og fremst af tímalengd aðildar að félaginu. Í umræðum á Alþingi hafa komið fram hugmyndir um að takmarka réttinn til íbúða við ákveðið tekjumark líkt og gert er í verkamannabústöðum. Enn fremur hefur verið rætt um að gera lánskjör að einhverju leyti háð tekjum.

Í tillögunum er lagt til að fjármögnun bygginga búseturéttaríbúða verði með svipuðum hætti og verkamannabústaða. Það er talið hafa kosti að íbúð sé ekki í séreign þegar hafður er til hliðsjónar sá fjármagnskostnaður sem Byggingarsjóður verkamanna ber vegna eigendaskipta.

Innan búseturéttarkerfisins takmarkast eign einstaklinga við búseturéttargjaldið sem ætíð helst óbreytt að raunvirði. Þegar íbúð er skilað stendur gjaldið sem trygging fyrir því að verðmæti hennar hafi ekki skerst vegna slæmrar umgengni sem ekki getur flokkast undir eðlilegt slit. Viðhald fasteignarinnar greiðist úr tveimur viðhaldssjóðum sem búsetinn leggur til með fastri prósentu af leigugjaldi. Annar sjóðurinn kostar sameiginlegt viðhald fasteignarinnar, hinn er bundinn framkvæmdum í íbúðinni sjálfri. Viðhaldssjóðirnir fylgja íbúðinni við eigendaskipti.

Þetta húsnæðisfyrirkomulag hefur komið til umræðu á nokkrum fundum nefndarinnar. Rétt er að vekja athygli á bréfi félagsmálaráðuneytisins til Húsnæðisstofnunar ríkisins, dags. 8. janúar 1985, þar sem ráðuneytið telur heimilt að veita lán með stoð af ákvæði c-liðar 33. gr. laga nr. 60/1984 úr Byggingarsjóði verkamanna til félagasamtaka, þar á meðal húsnæðissamvinnufélaga, svo fremi að þau hafi það að markmiði að byggja eða kaupa leiguíbúðir til útleigu fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja með hóflegum kjörum.

Í hugmyndum um búseturéttarfyrirkomulag kemur eftirfarandi fram:

1. Búseturéttarfyrirkomulagið er talið opna möguleika fyrir sveitarfélög til að koma betra lagi á rekstur leiguíbúða en nú er með því að leiguíbúðirnar verða sjálfstæðar rekstrareiningar sem lúta lýðræðislegri sjálfstjórn þeirra er í þeim búa. Reynslan frá Norðurlöndum sýni að sveitarfélögin hafi í æ ríkari mæli fært þetta rekstrarhlutverk yfir til slíkra sjálfstæðra almannafélaga.
2. Talið er brýnt að opnaðir verði möguleikar fyrir fjármögnun búseturéttaríbúða og varpar nefndin fram þeirri hugmynd að það verði sett í ákvörðunarvald hins einstaka sveitarfélags hvaða fyrirkomulag félagslegum íbúðabyggingum verði valið í byggðarlaginu. Ýmislegt bendir til að sveitarfélög treysti sér vart til þess að byggja fleiri verkamannabústaði vegna þeirra vandkvæða sem skapast hafa á viðkomandi stöðum.
3. Í hugmyndunum er lagt til að frumvarp um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir verði afgreitt sem fyrst þannig að réttindi og skyldur þeirra sem fá íbúðir samkvæmt búseturéttarkerfinu liggi ljóst fyrir frá upphafi.

c. Kaupleiguíbúðir.

Fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Magnús H. Magnússon, hefur kynnt henni tillögur um kaupleiguíbúðir. Í þeim felst eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir hafi frumkvæði að byggingu kaupleiguíbúða í sínu byggðarlagi. Hægt verði að kaupa notaðar íbúðir í þessu skyni ef það þykir hagkvæmara. Einnig er gert ráð fyrir að samstarfsaðilar sveitarstjórna við að byggja eða kaupa kaupleiguíbúðir geti verið samtök launafólks (sjúkrasjóðir), byggingarsamvinnufélög, búseturéttarfélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félögum sínum forgang að ákveðnum hluta þessara íbúða eftir hlutdeild hvers aðila um sig. Samkvæmt tillögunum skal heimilt að fengnu samþykki sveitarstjórna að samstarfsaðilar einn eða fleiri saman annist framkvæmdir án beinnar fjárhagslegrar þátttöku sveitarfélagsins. Hins vegar á sveitarstjórn að tilnefna menn í stjórn sem annast áætlanagerð, framkvæmdir og rekstur. Loks byggja tillögurnar á því að áætlanir framkvæmdaaðila um húsagerð, íbúðastærðir og önnur helstu framkvæmdaatriði skuli bornar undir húsnæðismálastjórn til staðfestingar.

Varðandi fjármögnun gera tillögur Magnúsar H. Magnússonar ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna láni 85% byggingarkostnaðar (eða kaupverðs), verðtryggð með 1%

vöxtum til 40 ára vegna þeirra íbúða sem sérstaklega eru ætlaðar láglaunafólki og öðrum sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Enn fremur að Byggingarsjóður ríkisins láni 80% byggingarkostnaðar (eða kaupverðs) vegna annarra íbúða, verðtryggð með 3,5% vöxtum til 40 ára. Þá er lagt til að sveitarfélög og/eða samstarfsaðilar þeirra leggi fram 20% byggingarkostnaðar (15% ef um lán úr Byggingarsjóði verkamanna er að ræða) sem endurgreiðist þegar um söluíbúð er að ræða.

Í tillögum um kaupleiguíbúðir er gert ráð fyrir að leigjendur greiði fasta húsaleigu sem nefnd er A-leiga og fer til greiðslu afborgana og vaxta af lánum viðkomandi byggingarsjóðs, auk hæfilegs gjalds til greiðslu sameiginlegs reksturs. Óski leigjandi þess strax í upphafi leigutíma eða síðar að kaupa íbúðina á hann rétt á því. Í því tilviki skal gerður samningur um endurgreiðslu á framlagi sveitarfélagsins eða samstarfsaðila þess. Skal framlagið, uppfært, greiðast ásamt verðbótum og 3,5% vöxtum með sérstöku mánaðarlegu viðbótargjaldi sem nefnt er B-leiga. Greiðslutími fer eftir samkomulagi og má vera allt að 30 ár. Í tillögunum er einnig að finna ákvæði um heimild til sveitarfélaga að hækka leigu þeirra sem eru með góðar tekjur, flutning áunninna réttinda á milli íbúða o.fl.

Höfðuðkostir þessa kerfis eru taldir þeir að það eykur valfrelsi fólks í húsnæðismálum (kaup eða leiga) og auðveldar fólki með lágar eða miðlungstekjur að eignast húsnæði með vel viðráðanlegum kjörum.

d. Leiguhúsnæði.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga og félagasamtaka. Hún fékk á fund sinn forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í greinargerð til nefndarinnar leggur framkvæmdastjóri sambandsins áherslu á bætta lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga vegna leiguíbúða. Hann leggur til að lánshlutfall til leiguíbúða verði hækkað í 90% og að lánstími verði lengdur í a.m.k. 43 ár. Húsnæðisstofnun ríkisins var falið að gera könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði. Húsnæðisstofnun birti niðurstöður könnunarinnar í sérstöku riti sem gefið var út í nóvember 1986. Niðurstöðurnar gefa til kynna að heildarþörf fyrir leiguhúsnæði fram til ársins 1990 nemi 2500–3000 íbúðum. Þar af er þörf sveitarfélaga á bilinu 1750–2000 íbúðir og ýmissa almannasamtaka 750–1000 íbúðir.

e. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja og/eða aldraða.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar þarfir öryrkja og aldraðra fyrir húsnæði. Hún er þeirrar skoðunar að fatlaðir og samtök þeirra skuli hafa möguleika á lánum á bestu mögulegum kjörum. Í því sambandi telur nefndin rétt að ítreka álit meiri hluta félagsmálanefndar sem húsnæðismálastjórn hefur tekið undir með bókun dagsettri 26. maí 1986 en þar segir: „Byggi félagasamtök eða sveitarfélög verndaðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða eða öryrkja í skipulögðu hverfi eða háhýsi, en í tengslum við þjónustu- og öryggismiðstöð, skal Byggingarsjóður verkamanna lána til slíkra íbúða svo sem gert er til verkamannabústaða. Skilyrði slíkra lána er að íbúðir þessar verði notaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega meðan sjóðurinn á veð í viðkomandi íbúð.“

Nefndin telur að athuga þurfi sérákvæði um eignarhald og forræði, sbr. tillögur Þroskahjálpar þar að lútandi. Í þeim er m.a. lagt til að hægt verði að stofna húsnæðissamvinnufélög um sambýli og að þau taki mið af því við ákvarðanatöku er varðar framkvæmdir að fjárhaldsmaður viðkomandi einstaklings komi fram fyrir hans hönd geri hann það ekki sjálfur. Taka þarf tillit til framlaga úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Nefndin telur að lán til aldraðra geti verið með nokkuð mismunandi hætti eftir aðstæðum. Hún er sammála um að nýta eigi sem best það fé og eignir sem aldraðir kunna að eiga og vilja eða geta notað til húsnæðismála. Hér er því þörf fyrir sveigjanleika í lánskjörum. Nefndin telur að taka þurfi tillit til framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

5. Niðurlag.

Í þessu nefndaráliti er gerð grein fyrir tildrögum þess að félagsmálaráðherra skipaði nefnd til að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Fjallað hefur verið um nefndarstarfið og þau áhrif sem kjarasamningarnir í febrúar 1986 höfðu á framvindu þess. Nefndin hefur ekki lagt til veigamiklar breytingar á núverandi húsnæðislánakerfi en starf hennar hefur haft áhrif á umræður um húsnæðismál og þróun þeirra. Benda má á tillögur nefndarinnar til lausnar á greiðsluvanda íbúðaeigenda og afstöðu hennar til einstakra atriða í frumvarpi til laga nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem kynnt var á sameiginlegum fundi nefndarinnar og húsnæðisnefndar ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Í álitinu er einnig lýst áhyggjum nefndarinnar varðandi fjármögnun nýja húsnæðislánakerfisins. Bent er á nauðsyn þess að Húsnæðisstofnun ríkisins leggi meiri áherslu á upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál. Lagt er til að komið verði á fót innan stofnunarinnar upplýsinga- og áætlanadeild sem sinni þeim málum betur en nú er gert. Nefndin leggur áherslu á það meginhlutverk ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar að veita almenna ráðgjöf í tengslum við lánveitingar stofnunarinnar. Hún hefur einnig fjallað um meginstefnu varðandi veð og veðhæfi íbúðarhúsnæðis. Fleiri atriði má benda á t.d. varðandi lánsrétt námsmanna, stærðarmat íbúða o.fl.

Húsnæðismál varða alla landsmenn. Þau hljóta því ævinlega að vera til umfjöllunar og endurmats.

Reykjavík, 20. janúar 1987.

Guðmundur Bjarnason, formaður.

Björn Þórhallsson. *Guðni Jóhannesson,* með fyrirvara og vísun til sérálits. *Halldór Blöndal.*

Jón Sveinsson. *Kristín Einarsdóttir,* með fyrirvara og vísun til sérálits.

Magnús H. Magnússon, með fyrirvara og vísun til sérálits. *Steingrímur Ari Arason.*

SÉRÁLIT:

Í inngangi nefndarálitsins kemur fram að félagsmálaráðherra skipaði sumarið 1985 nefnd fulltrúa allra þingflokka til að fjalla um húsnæðismál. Nokkru áður, eða í maí 1985, hafði samstarfshópur stjórnarflokkanna skilað ríkisstjórninni verkefnaskrá í húsnæðismálum. Í henni eru sett fram öll þau meginmarkmið sem ríkisstjórnarflokkarnir vildu stefna að í húsnæðismálum á kjörtímabilinu. Í umræðum sem fram fóru á Alþingi um þetta leyti létu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna sem þeir hefðu einnig heildstæða stefnu í húsnæðismálum og lausnir á vanda sem við var að glíma á þessu sviði, einkum varðandi greiðsluerfiðleika íbúðaeigenda. Það varð því að samkomulagi að félagsmálaráðherra skipaði nefnd sem í ættu sæti fulltrúar allra þingflokka. Hlutverk nefndarinnar yrði að setja fram tillögur um framtíðarskipan húsnæðismála. Með þessum hætti vildi ríkisstjórnin láta á það reyna hvaða tillögur stjórnarandstaðan hefði til breytingar á þessum mikilvæga málaflokki og freista þess að ná víðtækri samstöðu um endurskipulagningu húsnæðislánakerfisins.

Á fundum nefndarinnar voru lagðar fram fjölmargar skýrslur og álit nefnda sem skipaðar höfðu verið af félagsmálaráðherra til að fjalla um húsnæðismál. Verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum var meðal fyrstu skjalanna sem lögð voru fram á fundum nefndarinnar. Stefna ríkisstjórnarinnar og þeirra flokka sem skipa meiri hlutann á Alþingi í húsnæðimálum hefur því legið fyrir allan starfstíma nefndarinnar.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja vekja á því athygli að framlag ríkissjóðs til húsnæðismála á yfirstandandi kjörtímabili hefur hækkað verulega miðað við raungildi. Á árunum 1985 og 1986 lagði ríkissjóður byggingarsjóðunum til meira fjármagn en nokkru sinni. Einnig má minna á að verulegu fjármagni, nær einum milljarði króna, hefur verið varið úr sjóðunum til aðstoðar íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum.

Fulltrúar stjórnarflokkanna vilja leggja sérstaka áherslu á að ný lög um útlán úr Byggingarsjóði ríkisins voru sett í apríl 1986. Þau voru sett í framhaldi af kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem undirritaðir voru í febrúar 1986. Nýjar útlánareglur tóku gildi 1. september 1986. Með gildistöku þeirra stórhækka lán til bygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði. Það er skoðun fulltrúa stjórnarflokkanna að rétt sé að fá nokkra reynslu af hinu nýja lánakerfi áður en lagt er til að því verði breytt í veigamiklum atriðum.

Reykjavík, 22. janúar 1987.

Björn Þórhallsson. *Guðmundur Bjarnason.* *Halldór Blöndal.*

Jón Sveinsson. *Steingrímur Ari Arason.*

SÉRÁLIT:

Nefndin hefur á engan hátt lokið þeim verkefnum sem henni voru falin. Hún átti m.a. að athuga fjármögnun íbúðalánakerfisins til frambúðar, ný félagsleg húsnæðisform og ráðstafanir til að koma enn frekar til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum.

Starf nefndarinnar undanfarna mánuði hefur verið í skugga fjárlagagerðarinnar. Ríkisstjórnin hefur dregið stórlega úr framlögum til húsnæðislánakerfisins.

- Ríkisstjórnin hefur stungið undan söluskattsstiginu sem upphaflega var lagt á til að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum.
- Ríkisstjórnin hefur í blóra við kjarasamninga lækkað framlög til Byggingarsjóðs verkamanna sem leiðir til þess að sjóðurinn á í erfiðleikum með að standa við gefin lánsloforð. Ekkert svigrúm er því til að mæta þörfinni fyrir aukið framboð og aukna fjölbreytni í hinu félagslega húsnæðiskerfi.
- Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er hættulega lágt. Biðraðir eftir láni lengjast stöðugt. Svo lágt hlutfall ríkisframlagsins af heildarútlánum leiðir til þess að sjóðurinn sligast á fáum árum.

Í ljósi þessara staðreynda var þess ekki að vænta að fulltrúar stjórnarflokkanna hefðu það veganesti sem til þurfti til þess að taka til alvarlegrar umfjöllunar þær tillögur um eflingu félagslegra íbúðabygginga og styrkari fjármögnun byggingarsjóðanna sem greint er frá í nefndarálitinu.

Reykjavík, 22. janúar 1987.

Guðni Jóhannesson. *Kristín Einarsdóttir.* *Magnús H. Magnússon.*

BÓKUN:

Undirritaður telur forgangsverkefni í húsnæðismálum vera:

- Að byggja upp traustan og varanlegan fjárhagsgrundvöll húsnæðislánakerfisins.
- Að hugmyndir um kaupleiguíbúðir komist til framkvæmda.
- Að jafna húsnæðiskostnað þeirra sem byggðu eða keyptu íbúð 1980–1985.

Hann vísar til tillagna Alþýðuflokksins um þessi mál.

Magnús H. Magnússon.

Ed. 544. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 19/1986, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 29. jan. 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 545. Frumvarp til jarðræktarlaga. [308. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Um yfirstjórn.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra ræktunarmála og jarðabóta sem lög þessi taka til.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af þriggja manna stjórn og kosin er af búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd ræktunarmála og jarðabóta samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Hver sá, sem stundar búskap á lögbýli og búvöruframleiðslu til sölu á almennum markaði, á rétt til að vera félagsmaður í búnaðarfélagi. Í hverju sveitarfélagi þar sem búvöruframleiðsla er stunduð skal vera starfandi búnaðarfélag og starfssvæði þess að jafnaði miðað við viðkomandi sveitarfélag, enda séu fullgildir félagsmenn ekki færri en sex að tölu.

Verði fullgildir félagar í búnaðarfélagi fimm eða færri skal búnaðarfélagið sameinast búnaðarfélagi nærliggjandi sveitar eftir tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands.

Heimilt er þó að einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars sveitarfélags ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi og enn fremur að búnaðarfélag nái yfir tvö sveitarfélög eða fleiri þar sem það þykir henta. Fyrir slíkum frávikum og breytingum á starfssvæðum búnaðarfélaga þarf samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er að halda félagssvæði búnaðarfélags óbreyttu þótt skipan sveitarfélaga breytist.

Búnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi hlutaðeigandi héraðs. Stjórnum búnaðarfélaga er skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því sem stjórnir Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambands ákveða. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda

Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðabætur innan sambandssvæða sinna ásamt afriti af ársreikningum sínum. Um skipan búnaðarfélaga og búnaðarsambanda fer að öðru leyti eins og segir í lögum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta félagsins, héraðsráðunauta búnaðarsambandanna og sérstakra trúnaðarmanna þessara samtaka.

Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands eru stjórn þess og búnaðarmálastjóra til ráðuneytis hver á sínu sviði og veita forustu leiðbeiningarþjónustu í þeim greinum sem lög þessi taka til.

5. gr.

Héraðsráðunautar skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveimur eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

Héraðsráðunautar hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum og öðrum jarðabótum hver á sínu starfssvæði í þeim greinum sem lög þessi taka til. Þeir skulu árlega skila skýrslu um störf sín til þeirra búnaðarsambanda er þeir starfa fyrir. Heimilt er að fela sama héraðsráðunaut að gegna starfi í fleiri en einni grein leiðbeiningarþjónustunnar. Þá er heimilt að fela héraðsráðunaut framkvæmdastjórn búnaðarsambands.

Þar sem héraðsráðunautar að dómi Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör.

6. gr.

Héraðsráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi (B.S.-prófi) í búvísindum frá búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri eða hliðstæðu námi við erlenda landbúnaðarháskóla. Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands skulu auk þeirrar menntunar hafa lokið sérnámi á starfssviði sínu eða hafa starfsreynslu sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur jafngilda. Trúnaðarmenn skulu hafa lokið búfræðiprófi frá búnaðarskóla, garðyrkjuprófi frá Garðyrkjuskóla ríkisins eða annarri menntun í landbúnaði, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur jafngilda.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi er landbúnaðarráðherra samþykkir. Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf til framkvæmda samkvæmt lögum þessum og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárveitingu á næsta ári áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Í því skyni er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða fyrir hvaða tíma úttekt jarðræktar og húsabóta skuli lokið. Þá getur landbúnaðarráðherra mælt svo fyrir að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands að sótt skuli um framlög til ákveðinna framkvæmda samkvæmt lögum þessum fyrir fram og greiðast þá framlög á sama ári og framkvæmt er.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera fullgildur félagsmaður í búnaðarfélagi, sbr. 3. gr. Ákvæði þessara laga um ríkisframlög til jarðabóta ná til allra jarðeigna í landinu, sem teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja innan skipulagssvæða sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar.

Framlög eru ekki veitt til jarðræktar og húsabóta á lögbýlum, sem eigi hafa verið setin tvö ár eða lengur næst á undan framkvæmdaári eða nytjuð frá öðrum lögbýlum, nema fyrir liggi heimild til bústofnunar þar samkvæmt jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

9. gr.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa og skal þá ávallt leitað umsagnar héraðsráðunautar um þá ráðstöfun.

Ræktað land í lögum þessum telst vera: tún, matjurtagarðar, akrar og engi og/eða beitilönd sem verulegar landbætur hafa orðið á við framræslu og/eða áburð og liggja utan skipulags byggingarlóða sveitarfélaga.

Þegar vegir og veitur hvers konar eru lagðar um ræktað land eða ræktanlegt skal þess ávallt gætt að skerða ræktun og ræktunarmöguleika sem minnst. Þess skal gætt að verkið valdi sem minnstum óþægindum við nýtingu landsins. Þeim sem fyrir verkum standa ber að leita álits héraðsráðunautar um þetta efni áður en í framkvæmd er ráðist og að hafa samráð við hann um framkvæmd verka.

Þeir sem standa fyrir mannvirkjagerð, svo sem vegagerð og veitulögnum, skulu enn fremur haga verkum sínum svo að af þeim leiði ekki eyðingarhættu vegna jarðrasks, landbrots eða því um líks. Þeir skulu lagfæra yfirborð landsins og skila því fullgræddu.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðabóta.

10. gr.

Til jarðabóta, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Til undirbúnings ræktunar.

a. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.

b. Framræsla vegna endurræktunar, þ.m.t. hreinsun og dýpkun skurða, 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt þessum stafliðum skal að hámarki svara til 3,5 millj. m^3 skurðgraftar og 600 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum samkvæmt þessum stafliðum reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

c. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi	80 kr. á m

II. Til jarðræktar.

a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, nýrækt og endurræktun	19 000 kr. á ha
b. Túnrækt á þurrlendi, nýrækt og endurræktun	13 000 kr. á ha
c. Korn- og fræakrar	6 500 kr. á ha
Framlag samkvæmt þessum staflið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.	
d. Grænfóðurrækt	6 500 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflið er bundið því að um sé að ræða grænfóðurræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist.

III. Til girðinga um ræktunarlönd.

Fullgildar girðingar með föstum horn- og hliðstólpum	16 kr. á m

IV. Til áburðargeymslna.

Áburðarhús og áburðarkjallarar	600 kr. á m^3

V. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.

a. Votheyshlöður	670 kr. á m^3
b. Þurrheyshlöður með súgþurrkunarkerfi	1000 kr. á m^2
c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél vegna garðávaxtageymslu og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni — framlag 40% af verði tækja og búnaðar. *Ákvæði til bráðabirgða:* Framlag að upphæð 340 kr. á m^2 skal greiða vegna súgþurrkunarkerfa, sem upp er komið í eldri hlöðum á árunum 1986–1989.	
d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði	1000 kr. á m^2
e. Geymsluhús	330 kr. á m^2

VI. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búsþarfa.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VII. Til kölkunar á túnum.

Þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt að hennar sé þörf er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal hún við það miðuð að nægja til a.m.k. fimm ára.

VIII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 2100 kr. á m^2, allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.
b. Til lýsingar í eldri húsum: Framlag 420 kr. á m^2, allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.

IX. Til loðdýrabygginga.

Framlag nemi 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m^2 að flatarmáli á býli.

X. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag nemi 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og skógarvörður hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

XI. Til sérstakra verkefna.

Á árunum 1987–1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I.–X. þessarar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þau skilyrði sem jarðabætur skv. 10. gr. þurfa að uppfylla til þess að heimilt sé að taka þær út og greiða framlag til þeirra. Þá er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að ákveða stærðarmörk framkvæmda sem framlags geta notið skv. 10. gr.

12. gr.

Á framlög, sem ákveðin eru í 10. gr. þessara laga, skal greiða verðuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1986. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll þessarar vísitölu í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Byggingastofnun landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið. Hagstofa Íslands reiknar vísitöluna síðan miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar gilda um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög til framkvæmda frá og með árinu 1987.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 10. gr., skulu 4% renna til hlutaðeigandi búnaðarsambands og 2% til búnaðarfélags hlutaðeigandi jarðabótamanns. Af framlögum til loðdýrabygginga skal þó aðeins greiða 4% til viðkomandi búnaðarsambands.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda skrá yfir jarðabætur á lögbýlum og framlög til þeirra samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að taka gjald fyrir sérstök og umfangsmikil þjónustuverkefni sem unnin eru fyrir einstaka bændur eða aðra aðila og flokkast ekki undir almennar leiðbeiningar.

Landbúnaðarráðherra ákveður gjaldskrá vegna þessara verkefna, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslu með opnum skurðum um land allt skal Búnaðarfélag Íslands halda eftir ákveðnu gjaldi af framlagi til framræslu skv. a- og b- lið I. liðar 10. gr. Verðjöfnunargjald þetta má að hámarki nema 3% af meðalkostnaði við framræsluna. Verðjöfnunargjaldið skal nota til þess að greiða niður kostnað við framræslu þar sem hann vegna óhagstæðrar aðstöðu er meiri en meðalkostnaður, enda teljist framræslan nauðsynleg jarðabót að mati Búnaðarfélags Íslands. Landbúnaðarráðherra ákveður árlega fyrir 1. maí, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, upphæð verðjöfnunargjalds vegna framræslu það ár, meðferð þess og ráðstöfun.

16. gr.

Hafi jarðabætur, sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum, verið unnar af búnaðar- eða ræktunarsamböndum, er Búnaðarfélagi Íslands heimilt að halda eftir af jarðabótaframlögum upphæð til greiðslu á vinnuskuldum, enda hafi borist um það krafa frá stjórn viðkomandi sambands.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

17. gr.

Þyki héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni að jarðabótaframkvæmd sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerðir samkvæmt þeim hefur hann rétt til að neita úttekt og þá um leið framlagi til hennar. Ágreiningi, sem upp kann að koma þessa efnis, skal skotið til Búnaðarfélags Íslands sem sker úr honum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er rétt að leita úrskurðar landbúnaðarráðherra í þeim málum, sem hún telur orka tvímælis.

18. gr.

Sá sem segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. kafla eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því er verulegu máli skiptir skal sæta sektum frá 10 000–100 000 kr. og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður eða starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerða samkvæmt þeim skal hann sæta sömu refsingu er að ofan getur nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi jarðræktarlög, nr. 79 29. maí 1972, með síðari breytingum, og lög nr. 58 3. nóv. 1915, um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jarðræktarlög þau er nú gilda eru að meginefni frá árinu 1972. Árið 1985 samþykkti Alþingi breytingu á II. kafla laganna er gilda skyldi um framlög til búnaðarframkvæmda sem unnar yrðu á árunum 1985 og 1986, sbr. lög nr. 71/1985.

Frumvarpið sem hér er lagt fram felur í sér breytingu á jarðræktarlögum í heild en meginhluti þess er þó samhljóða þeirri breytingu er á lögunum var gerð 1985. Frumvarpið er í aðalatriðum samhljóða tillögu sem samin var af milliþinganefnd búnaðarþings og afgreidd var á búnaðarþingi 1986. Frumvarpið var síðan fullunnið af nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði 1984 og m.a. undirbjó frumvarp það til laga um breytingu á jarðræktarlögum sem Alþingi samþykkti 1985.

Nefndina skipuðu alþingismennirnir Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson, Pálmi Jónsson og Þórarinn Sigurjónsson, svo og Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, sem var formaður nefndarinnar.

Breytingar þær sem hér er lagt til að gerðar verði á jarðræktarlögum eru tvenns konar:

a. Staðfest eru bráðabirgðaákvæði laga nr. 71/1985, um framlög til jarðabóta, en þau fólust í eftirfarandi liðum:
   - Dregið var úr framlögum sem stuðlað geta að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem til framræslu og grænfóðurræktar.
   - Aukinn var stuðningur við heimaafla, svo sem endurræktun, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta.
   - Aukinn var stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar, svo sem loðdýrarækt.
b. Ýmis ákvæði laganna er fjalla um skilyrði um úttekt jarðabóta, takmarkanir um vegagerð og línulagnir um ræktað land og ræktanlegt, svo og um nýbýli og búskaparhæfi jarða, eru einfölduð og stytt.

Vegna breytinga sem orðið hafa í hefðbundnum greinum landbúnaðar hafa jarðabótaframkvæmdir breyst verulega. Má meðal annars sjá það í töflu þeirri um jarðabótaframkvæmdir sem fylgir þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 1. og 2. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 6. gr. gildandi laga. Nýmæli er að í greininni er ákvæði um rétt bænda til að vera félagsmenn í búnaðarfélagi, hliðstætt ákvæði 4. mgr. búvörulaga, nr. 46/1985. Sett eru ákvæði um lágmarksfjölda félagsmanna í búnaðarfélagi og hvernig félagssvæði skuli stækkuð, svo og ákvæði um skyldu búnaðarfélags til að vera í búnaðarsambandi héraðsins. Er hér farið að tillögum búnaðarþings.

Um 4. gr.

Greinin er hliðstæð 3. gr. gildandi laga en hlutverk ráðunauta Búnaðarfélags Íslands eru tilgreind nánar en áður.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Skilgreindar eru kröfu þær um menntun og starfsreynslu, sem gerðar eru til ráðunauta og trúnaðarmanna. Þar er tekið fram, að héraðsráðunautar skuli hafa lokið kandídatsprófi í búvísindum (B.S.-prófi) frá búvísindadeildinni á Hvanneyri eða hliðstæðu námi við erlenda landbúnaðarháskóla. Auk þeirrar menntunar er gert ráð fyrir að ráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafi lokið sérnámi á starfssviði sínu eða hafi aflað sér sérstakrar starfsreynslu. Er það í samræmi við hlutverk þeirra skv. 2. mgr. 4. gr. Þá eru skilgreindar menntunarkröfur sem trúnaðarmenn þurfa að uppfylla.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga. Bætt er í 1. mgr. ákvæði um skyldu Búnaðarfélags Íslands að áætla fjárþörf vegna jarðræktarframlaga vegna fjárlagagerðar og að í því skyni sé heimilt að ákveða með reglugerð fyrir hvaða tíma úttekt framkvæmda skuli lokið. Nýmæli er einnig í 1. mgr. heimild til að sótt skuli um framlög til ákveðinna framkvæmda fyrir fram, og skulu þá framlögin greiðast á sama ári og framkvæmt er. Bæði þessi nýmæli eiga að auðvelda mat á raunverulegri fjárþörf til jarðræktarframkvæmda og það að fella greiðslur framlaga í fastari skorður en áður hafa verið.

Um 8. gr.

Fyrsti málsliður tillögugreinarinnar er samhljóða 5. mgr. 6. gr. gildandi laga. Að öðru leyti er 1. mgr. hennar einföldun á 7. gr. gildandi laga, á þann veg að ákvæði jarðræktarlaganna nái til allra jarðeigna í landinu sem teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu gildandi ábúðarlaga, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja innan skipulagssvæða sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar.

Þá er 2. mgr. nýmæli. Samkvæmt henni er ekki heimilt að greiða framlög vegna framkvæmda á lögbýlum, sem eigi hafa verið setin í tvö ár eða lengur næst á undan framkvæmdaári eða nytjuð frá öðrum lögbýlum, nema fyrir liggi heimild til bústofnunar þar samkvæmt jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. og 9. gr. gildandi laga en einstök ákvæði eru þó stytt verulega þar sem efni þeirra er betur komið í reglugerð með lögunum.

Um 10. gr.

Greinin er í aðalatriðum samhljóða þeirri breytingu sem gerð var á jarðræktarlögum með l. nr. 71/1985. Framlög eru reiknuð fram samkvæmt vísitölu, svo sem 2. gr. gildandi laga segir til um.

Helstu breytingar eru þessar:

a. Í stað orðanna „allt að 70%“ í a- og b-lið I. liðar, kemur nú: 70% .... Hámark framkvæmda sem framlag er veitt á verður 3,5 millj. m^3 skurðgraftar og 600 km plógræslu á ári.
b. Niður er fellt framlag á grjótnám úr ræktunarlandi.
c. Ákvæði til bráðabirgða í V. lið er sett til þess að koma til móts við þá sem þurfa að fullbúa eldri hlöður súgþurrkunarkerfum, sjá einnig b- og c-lið V. liðar í þessari grein. Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi aðeins um framkvæmdir þessar á árunum 1986—1989.
d. Í IX. lið koma „30%“ í stað orðanna „allt að 30%“ í gildandi lögum.
e. XI. liður er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir framlagi til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum svo og til áætlanagerðar um þær. Grundvallarhugsun að baki þessu nýmæli er sú að þannig nýtist jarðabótaframlögin betur þar eð framkvæmdir miðist þá við raunverulega þörf á viðkomandi býli. Þannig verði ræktunarástand túna metið með skipulegum hætti svo og hvaða aðferðir séu vænlegastar til úrbóta: framræsla, endurræktun eða kölkun svo að dæmi sé tekið. Verk þessi er að sjálfsögðu gert

ráð fyrir að ráðunautar annist. Með þessu móti kæmu þeir til ráðgjafar áður en í jarðabæturnar er ráðist í stað þess að nú koma þeir iðulega fyrst að þeim sem gerðum hlut og þá til þess eins að meta stærð jarðabóta og styrkhæfi. Tillaga þessi er komin frá búnaðarþingi 1986. Sérstaklega er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa liðar að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Um 11. gr.

Greinin er hliðstæð 11. gr. gildandi laga en heimild til að setja skilyrði um framkvæmd jarðabóta er færð til reglugerðar í stað þess að telja upp einstök tækniatriði í lagatexta. Seinni málsliður tillögugreinarinnar er samhljóða ákvæði í gildandi lögum.

Um 12. gr.

Greinin er hliðstæð 12. gr. gildandi laga. Athygli skal vakin á því að hlutur búnaðarsambands í jarðabótaframlagi er aukinn úr 2% í gildandi lögum í 4% en hlutur búnaðarfélags hlutaðeigandi jarðabótamanns lækkaður úr 4% í 2%. Er þetta gert vegna þess að búnaðarsamböndin gegna æ þýðingarmeira hlutverki fyrir bændur og hafa að ýmsu leyti tekið við verkefnum hliðstæðum þeim er búnaðarfélögin leystu áður. Þá er tekið fram að af framlagi til loðdýrabygginga skuli aðeins 4% renna til hlutaðeigandi búnaðarsambands.

Um 13. gr.

Greinin svarar til 13. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli, tekin upp að tillögu búnaðarþings 1986.

Samkvæmt greininni er Búnaðarfélagi Íslands heimilt að taka gjald fyrir sérstök og umfangsmikil þjónustuverkefni sem unnin eru fyrir einstaka bændur eða aðra aðila og flokkast ekki undir almennar leiðbeiningar. Gert er ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra staðfesti gjaldskrá, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 17. og 18. gr. gildandi laga. Tilgangur þeirrar verðjöfnunar sem um er að ræða er að jafna að nokkru kostnað við framræslu. Í því skyni er heimilt að taka verðjöfnunargjald af framlagi til framræslu er nema má að hámarki 3% af meðalkostnaði við framræslu. Gjaldið skal nota til þess að greiða niður framræslukostnað þar sem hann sakir óhagstæðrar aðstöðu er meiri en meðalkostnaður, enda teljist framræslan nauðsynleg jarðabót að mati Búnaðarfélags Íslands. Gert er ráð fyrir að ráðstöfun fjárins verði ákveðin fyrir fram.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða seinni hluta e-liðar 11. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli. Tekið er fram að ráðunaut eða trúnaðarmanni sé heimilt að neita úttekt jarðabótar og þá um leið framlagi til hennar þyki honum framkvæmdir ekki vera í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þá er tekið fram hvernig fara skuli með ágreining sem upp kann að koma í þessu sambandi.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 22. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast þeirrar skýringar einnar að lög nr. 58/1915, um mælingar á túnum og matjurtagörðum eru fyrir löngu óþörf orðin. Því er hér um lagahreinsun að ræða.

I. tafla. Yfirlit yfir jarðabætur skv. jarðræktarlögum 1975—1987.

Liður í 10. gr. frv.		Meðaltal 1975—1984	1984	1985	1986[1])
	A. Jarðrækt				
I.	Framræsla				
—	a) Skurðir	4.163 þ.m³	6.446 þ.m³	4.849 þ.m³	2.100 þ.m³
—	b) Ræsi	1185 km	850 km	1213 km	0 km
	Annar undirbúningur				
	a) Grjótnám	9.202 m³	7.276 m³	4.937 m³	4.670 m³
III.	b) Girðingar	552 km	429 km	218 km	110 km
X.	c) Skjólbelti		—	6 km	11 km
VII.	d) Kölkun túna[2])	2.109 þ.kr.	2.619 þ.kr.	3.084 þ.kr.	
II.	Ræktun				
	a) Túnrækt				
	1. Nýrækt	2.432 ha	2.101 ha	1.439 ha	1.050 ha
	2. Endurrækt	764 ha	1.419 ha	1.327 ha	1.219 ha
	b) Grænfóður	4.735 ha	5.725 ha	61 ha	24 ha
	c) Korn- og fræakrar	—	—	221 ha	183 ha
	d) Hagarækt	205 ha	59 ha	—	—
	B. Byggingar				
IV.	Áburðargeymslur	66.416 m³	57.706 m³	28.894 m³	19.823 m³
V.	Votheyshlöður	37.788 m³	55.024 m³	28.872 m³	23.193 m³
Skyr, pakkað eða ópakkað	66.10	68.80	2.70	4.08
1. flokks mjólkurbússmjör	233.00	242.80	9.80	4.21
2. flokks mjólkurbússmjör	208.00	216.70	8.70	4.18
Heimasmjör	210.00	218.80	8.80	4.19
Ostur 45%	360.60	373.90	13.30	3.69
Ostur 45%, í heilum stykkjum	325.30	337.20	11.90	3.66
Ostur 45%, í hálfum stykkjum	326.90	339.90	13.00	3.98
Ostur 30%	300.90	312.00	11.10	3.69
Ostur 30% í heilum stykkjum	271.30	281.30	10.00	3.69
Ostur 30% í hálfum stykkjum	273.90	284.00	10.10	3.69
Mysuostur	138.10	143.20	5.10	3.69
Nýmjólkurduft	281.70	292.00	10.30	3.66
Undanrennuduft	105.90	109.80	3.90	3.68

Fylgiskjal III.

Breytingar á skráðu verði sauðfjárafurða frá 1. sept. til 1. des. 1986.
Verð til bænda samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins.

Verðflokkar	1/9	1/12	Verð-breyting	%
Kjöt (kr. á kg).				
Úrvalsflokkur	192.87	197.20	4.33	2.25
1. verðflokkur	183.87	187.99	4.12	2.24
2. verðflokkur	163.20	166.86	3.66	2.24
3. verðflokkur	133.62	136.62	3.00	2.25
4. verðflokkur	99.99	102.23	2.24	2.24
5. verðflokkur	77.98	79.73	1.75	2.24
6. verðflokkur	59.48	60.81	1.33	2.24
Slátur (kr. á stk.).				
Slátur af dilkum	150.02	153.39	3.37	2.25
Slátur af fullorðnu fé	79.63	81.42	1.79	2.25
Gærur (kr. á kg).				
Dilkagærur, svartar, tvílitar	48.00	49.08	1.08	2.25
Dilkagærur, aðrar	73.85	75.51	1.66	2.25
Gærur af fullorðnu fé	44.31	45.30	0.99	2.23
Ull (kr. á kg).				
Úrval	172.42	176.29	3.87	2.24
1. flokkur	139.42	142.55	3.13	2.25
2. flokkur	74.86	76.54	1.68	2.24
3. flokkur	29.99	30.66	0.67	2.25
Svört	139.42	142.55	3.13	2.25
Grá	139.42	142.55	3.13	2.25
Mórauð	172.42	176.29	3.87	2.24

Fylgiskjal IV.

Breytingar á skráðu verði nautgripaafurða frá 1. júní til 2. des. 1986.
Verð til bænda samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins.

Verðflokkar	1/6	2/12	Verð-breyting	%
Kjöt (kr. á kg).				
1. verðflokkur	204.74	211.35	6.61	3.23
2. verðflokkur	181.78	187.65	5.87	3.23
3. verðflokkur	160.33	165.50	5.17	3.22
4. verðflokkur	137.43	141.86	4.43	3.22
5. verðflokkur	127.56	131.68	4.12	3.23
6. verðflokkur	104.11	107.47	3.36	3.23
7. verðflokkur	88.80	91.67	2.87	3.23
8. verðflokkur	74.20	76.59	2.39	3.22
Mjólk (kr. á lítra).				
Mjólk	25.24	26.05	0.81	3.23

Athugasemd: Ekki náðist samkomulag um verðlagsgrundvöllinn 1. sept. og voru þá aðeins gefin út bráðabirgðaverð.

Nd. 552. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. febr.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Nú fullnægir maður, sem fengið hefur löggildingu eða heimild til fasteignasölu, eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar samkvæmt lögum þessum og fellur þá löggilding hans eða heimild til fasteignasölu úr gildi enda ber honum að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu eða leyfisbréfi. Heimilt er ráðherra að veita aðila löggildingu eða leyfi að nýju ef hann fullnægir síðar lagaskilyrðum að mati ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 skulu halda þeim enda fullnægi þeir skilyrðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þessara laga. Þeir teljast einnig hafa rétt til sölu skráningarskyldra skipa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1987.

Sþ. 553. Tillaga til þingsályktunar [313. mál]

um stjórnstöð vegna leitar og björgunar á sjó, landi og í lofti.

Flm.: Árni Johnsen, Salome Þorkelsdóttir, Pétur Sigurðsson,
Egill Jónsson, Valdimar Indriðason, Björn Dagbjartsson,
Sturla Böðvarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafist verði nú þegar handa um stofnun stjórnstöðvar sem opin sé allan sólarhringinn til leitar og björgunar á sjó, landi og í lofti.

Stjórnstöðin skal vera í tengslum við aðalstöðvar Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli eða flugmálastjórnar og skal lúta framkvæmdastjórn fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Slysavarnafélagi Íslands, Landhelgisgæslunni, flugmálastjórn, Landssambandi hjálparsveita skáta og Landssambandi flugbjörgunarsveita.

Jafnframt skal hafa skipulegt samráð og samstarf við aðrar björgunarsveitir og opinberar stofnanir sem sinna öryggismálum.

Fulltrúar allra þeirra, sem björgunarmálum sinna, tilnefni menn í björgunarráð sem verði ráðgefandi og stefnumarkandi fyrir framkvæmdastjórn og hittist eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, svo og ávallt eftir miklar björgunaraðgerðir, til þess að bera saman bækur. Björgunarráð skal jafnframt samræma æfingar þeirra sem starfa að björgunarmálum.

Þeir fulltrúar, sem sæti eiga í framkvæmdastjórn, skulu hafa aðstöðu í stjórnstöð.

Rekstur stjórnstöðvar greiðist úr ríkissjóði og skal samgönguráðherra skipa formann framkvæmdastjórnar og varaformann.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur borið á misklíð milli þeirra sem sinna því mikilvæga hlutverki að bregðast við þegar hættu ber að höndum, ýmist á sjó, landi eða í lofti. Ósjaldan hafa björgunarmenn borið hverjir aðra þungum sökum þegar ágreiningsefni hafa komið upp og því miður hefur orðið misbrestur á því að þeir bæru saman bækur sínar í einlægni og samræmdu aðgerðir á neyðarstundum.

Í raun er það svo að Íslendingar eru vart hlutgengir í samstarfi við aðrar þjóðir í þessum efnum vegna þess að hér á landi er engin viðunandi stjórnstöð. Við höfum hins vegar alla möguleika á því að setja upp stjórnstöð sem getur verið fyrirmynd annarra þjóða um leit og björgun.

Ákveðin verkefnaskipting hefur skapast í stórum dráttum hjá þeim sem sinna björgunarmálum í landinu. Hjálparsveitir skáta, flugbjörgunarsveitir og björgunarsveitir SVFÍ hafa sinnt björgunarstörfum inni á landinu. SVFÍ hefur sinnt umfangsmestu starfi á strandlengjunni og Landhelgisgæslan og flugmálastjórn á úthafinu og flugmálastjórn yfir landinu. Með sameiginlegri stjórnstöð helstu aðila, sem flutningsmenn telja rétt að lúti sérstakri framkvæmdastjórn sem sé skipuð til fjögurra ára í senn, ætti að vera unnt að ná mun markvissari stjórn og árangursríkari við björgunaraðgerðir. Þá færi ekkert á milli mála að allir væru með um leið og kall kemur og unnt væri að miða aðgerðir við bestu kosti án tafar.

Nú er neyðarþjónusta í höndum allmargra og svo hlýtur að verða áfram en í stjórnstöð má nýta í neyðartilvikum allt það besta sem tengst hefur starfi fyrrgreindra aðila við sjóslys, flugslys eða slys á mönnum fjarri byggðum. Það er í raun sama hver hefur yfirstjórn eða

ábyrgð, í okkar landi er alltaf verið að nota sömu tækin og sama mannaflann. Þeir sem hafa vakt allan sólarhringinn eru m.a. Slysavarnafélag Íslands, flugmálastjórn, slökkviliðið í Reykjavík, slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli, lögreglan, Landhelgisgæslan og Almannavarnir. Flestir hafa vakt með beinu sambandi en aðrir með símsvara. Í sameiginlegri stjórnstöð væri unnt að hlusta stöðugt á neyðarbylgju, hafa beint samband við flugmálastjórn um ferðir flugvéla, beint samband við Tilkynningarskylduna um ferðir skipa og beint samband við alla þá sem hugsanlega þyrfti að leita til í sambandi við skyndilega leit og björgun og má þar nefna samskipti við erlendar björgunar- og stjórnstöðvar.

Um langt árabil hefur mikil samkeppni átt sér stað milli þeirra sem sinna björgunarmálum og það er af hinu góða á meðan það er ekki á kostnað öryggis. Gagnrýni hefur þó oft komið upp og það er t.d. erfiðara fyrir Slysavarnafélag Íslands að fá á sig gagnrýni en til að mynda flugmálastjórn því að stærstur hluti af rekstri SVFÍ er háður framlögum fólks en ríkisstofnunin fær sitt fé á fjárlögum hvort sem menn eru ásáttir um að það sé nóg eða ekki. Það er einnig jafnljóst að starfsemi sjálfstæðu hjálpar- og björgunarsveitanna er ómetanleg landsmönnum öllum og það sterka kerfi, sem björgunarsveitirnar hafa byggt upp, er margfalt meira virði en margur hyggur og augljóst að ríkisvaldið gæti ekki staðið undir öllum þeim kostnaði sem til félli ef öll vinna þúsunda sjálfboðaliða og fjárfesting þeirra væri reiknuð inn í dæmið.

Það er höfuðatriði að sú björgunarstarfsemi, sem byggð hefur verið upp af áhugamönnum um allt land, fái að njóta sín sem sjálfstæðar einingar. Með því að beina kröftum að einu marki þegar neyð steðjar að og aðgerðir þola enga bið og tengja saman í eina aðalstjórnstöð þá þræði, sem ráða úrslitum um árangur við leit eða björgun, væri stigið mikið framfaraspor sem mundi í senn auðvelda leitar- og björgunarstarf og auka öryggi þeirra sem hjálpar þurfa að njóta á neyðarstund.

Leitar- og björgunarskipulag er fyrst og fremst í þágu þeirra sem bjarga á en jafnframt í þágu þeirra sem bjarga. Starf björgunarmanna er göfug hugsjón, en leitar- og björgunarstörf eru ekki eingöngu hugsjón þegar til alvörunnar kemur, heldur leggst þar á eitt, faglegt mat, sérhæfð skipulagning, fjölþætt tækni og mannleg þekking til úrlausnar á verkefninu.

Sþ. 554. Fyrirspurn [314. mál]

til sjávarútvegsráðherra um athugun á veiðum og vinnslu kúfisks.

Frá Sturlu Böðvarssyni og Valdimar Indriðasyni.

1. Hvað líður störfum kúfisksnefndar?
2. Liggja fyrir niðurstöður nefndarinnar um markaðsmál, veiðar og vinnslu á kúfiski?

Sþ. 555. Nefndarálit [272. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir með samþykkt hennar.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. febr. 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Gunnar G. Schram.
Haraldur Ólafsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ingvar Gíslason.

Ed. 556. Nefndarálit [271. mál]

um þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 2. febr. 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Ragnar Arnalds.	Valdimar Indriðason.

Sþ. 557. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um varnir gegn mengun hafsins við Ísland.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að efna til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskistofnunum á þessu svæði er búin af hennar völdum. Til ráðstefnunnar verði boðið fulltrúum allra þeirra ríkja sem hér eiga hlut að máli og alþjóðastofnunum sem um þessi mál fjalla.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur mengun farið mjög vaxandi á mörgum hafsvæðum í Norðaustur-Atlantshafi. Er nú svo komið að slík mengun hefur þegar haft alvarleg áhrif á vöxt og viðgang fiskistofnanna á þessum slóðum þannig að sums staðar horfir til algerrar örðeyðu. Mengun og ofveiði hefur þegar haft veruleg áhrif á fiskistofnana í Norðursjó með þeim afleiðingum að gripið hefur verið til þeirra ráðstafana að minnka veiðiheimildir í ýsustofninum þar um 37% og veiðiheimildir í þorskstofninn um 26%. Þá er alkunna að selastofnarnir í Eystrasalti og ýmsir fiskstofnar eru í verulegri útrýmingarhættu vegna mengunar.

Þótt mengun hafsins sé mun minni eftir því sem norðar dregur er þó ljóst að hætta er á vaxandi mengun innan efnahagslögsögu Íslands ef ekkert verður að gert. Það sýnir þróunin í Norðursjó og Eystrasalti svo ekki verður um villst.

Orsakir slíkrar mengunar geta verið margvíslegar. Þar er m.a. um að ræða þau eiturefni sem í hafið berast frá landi, ekki síst frá iðnaði í þeim löndum sem liggja að Norður-Atlantshafi. Er skemmst að minnast hinnar miklu mengunar sem átti sér stað í ánni Rín nú fyrr í vetur en sú mengun átti sér raunar upptök í Sviss. Þá er einnig um að ræða ólöglega losun eitur- og úrgangsefna í hafið, svo sem átti sér stað fyrir nokkrum árum milli Íslands og Noregs. Alþjóðasamningur var gerður um takmarkanir og bann við losun slíkra efna 1973 sem Ísland er aðili að. En spyrja má að hve miklu leyti ákvæði þess samnings séu virt í framkvæmd.

Þá er ótalinn sá mengunarvaldur sem hvað hættulegastur getur orðið í framtíðinni en það er mengun frá geilsavirkum úrgangsefnum sem í hafið berast.

Áætlanir eru nú uppi í Bretlandi um að byggja stóra endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnaofna í Dounreay á norðurströnd Skotlands við Pentlandsfjörð. Munu afköst þessarar stöðvar verða um 60–80 tonn á ári af brennsluefni.

Í greinargerð um kjarnorkuverið í Dounreay og þessa endurvinnslustöð, sem samin var í desember 1986 af íslenskum sérfræðingum, Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Siglingamálastofnun og Magnúsi Magnússyni prófessor, er komist að þeirri niðurstöðu að *„vegna ríkjandi hafstrauma muni geislavirk efni sem losuð verða í sjó frá stöðinni berast á hafsvæðið umhverfis Ísland, m.a. fiskislóðina milli Jan Mayen og Íslands“*, eins og segir orðrétt í skýrslunni.

Nokkur ríki hafa þegar lýst opinberlega yfir áhyggjum sínum vegna aukinnar hættu á mengun hafsins vegna þessara áforma. Meðal þeirra eru Norðmenn og yfirvöld á Orkneyjum, en miklar umræður hafa einnig farið fram um mál þetta í Danmörku og í Færeyjum. Þingmannaráð norðvestursvæðisins, þ.e. samstarfsráð Alþingis, Lögþings Færeyja og Landsþings Grænlendinga, hefur einnig ályktað um þetta mál og lýst áhyggjum sínum í þessu efni.

Af þessum sökum er það fyllilega tímabært að Íslendingar hafi frumkvæðið að því að kölluð sé saman ráðstefna þeirra ríkja sem hér eiga hlut að máli þar sem rædd verði sú mengunarhætta sem að fiskistofnunum við Ísland og önnur nágrannaríki steðjar, ekki síst vegna geislavirkra úrgangsefna.

Fylgiskjal I.

Útdráttur úr greinargerð um kjarnorkuverið og endurvinnslustöðina í Dounreay á Skotlandi.
(Desember 1986.)

„Áætlanir eru um að reisa stóra endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnaofna í Dounreay á norðurströnd Skotlands við Pentlandsfjörð. Afköst stöðvarinnar munu verða 60–80 tonn á ári af brennsluefni.

Í dag er rekin kjarnorkustöð í Dounreay með þrenns konar starfsemi:

1. Raforkuframleiðsla í kjarnaofni með hröðum nifteindum (Fast Reactor) (250 MW (e)).
2. Endurvinnslustöð með hámarksafköst 4 tonn á ári af brennsluefni kjarnaofna.
3. Kjarnorkutilraunastöð breska flotans þar sem gerðar eru prófanir með kjarnorkuknúnar vélar.

Hinni nýju endurvinnslustöð er ætlað að endurvinna brennsluefni kjarnaofna frá Frakklandi, Vestur-Þýskalandi, Ítalíu og Belgíu, auk Bretlands.

Er fyrirhugað að flytja efnin sjóleið og landleið til endurvinnslustöðvarinnar en flugleið, sjóleið og landleið til baka.

Nokkur ríki hafa þegar lýst opinberlega áhyggjum sínum yfir aukinni hættu á mengun hafsins vegna þessara áforma.

Nýlega er lokið opinberri rannsókn (Public Inquiry) sem fram fór í Skotlandi vegna þessa máls. Von er á skýrslu um þá rannsókn í byrjun næsta árs.

Vegna ríkjandi hafstrauma munu geislavirk efni sem losuð verða í sjó frá stöðinni berast á hafsvæðið umhverfis Ísland, m.a. fiskislóðina milli Jan Mayen og Íslands.

Má ætla að það taki geislavirk efni frá Dounreay 4–6 ár að berast þangað.


Líklegt er að vegna þynningar í hafinu muni styrkur geislavirkra efna á hafsvæðinu umhverfis Ísland, er þau berast hingað, vera um einn þúsundasti af styrk efnanna í sjó við Dounreay.

Mat á geislunaráhrifum eðlilegrar og áfallalausrar vinnslu á lífríki hafsins hér við land bendir til þess að áhrifin verði óveruleg. Engu að síður verður að telja þessi áhrif óæskileg og Íslendingum í hag að tekið yrði fyrir þessa losun í hafið.

Bygging endurvinnslustöðvar í Dounreay mun auka mengunarhættu fyrir Norður-Atlantshaf ekki hvað síst af völdum slysa sem orðið geta bæði við flutning á geislavirkum efnum með skipum á erfiðum siglingaleiðum og vegna óhappa sem ekki er hægt að útiloka að geti orðið í endurvinnslustöðinni. Staðsetning stöðvarinnar í Dounreay orkar mjög tvímælis. Mengun og mengunarhætta frá væntanlegri stöð í Dounreay snertir frekar hagsmuni ríkja sem hafa ekki beinan hag af vinnslunni en hagsmuni þeirra ríkja sem að byggingu stöðvarinnar munu standa.“

Fylgiskjal II.

Leið geislavirkra efna frá kjarnorkustöðinni í Sellafield.



Í höfuðdráttum er sýnd sú leið sem geislavirk efni rekur í sjó frá kjarnorkustöðinni í Sellafield á Bretlandi til Austur-Grænlands. Sýnt er hlutfallslegt magn geislavirkra efna í rúmmetrum ($\sim$Bq 137Cs m^{-3}) og rektími þeirra. Gefin er upp fjarlægðin í kílómetrum meðfram rekleiðinni. Hlutfallslegt magn má einnig lesa sem hundraðshluta af magninu í Norðursjó.

Ed. 558. Frumvarp til laga [316. mál]

um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Flugmálaáætlun.

1. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum flugráðs og flugmálastjóra tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun fyrir sameinað Alþingi svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugmálaáætlun öðlast gildi er Alþingi hefur samþykkt hana.

Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og afgreiða tillöguna sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé fé veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

Er þingsályktun um flugmálaáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún endurskoðuð og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir að minnsta kosti tvö ár.

2. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir, nýbyggingar flugvalla og búnaður fyrir flugleiðsögu og flugumferðarstjórn á gildistíma áætlunarinnar. Enn fremur áætlaður kostnaður við viðhald flugvalla og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Ráðherra tilkynnir flugmálastjórn í janúar ár hvert hve háa fjárhæð skuli miða við þegar gerð er áætlun um framkvæmdir fyrir næsta ár.

3. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal verkefnum skipað í eftirfarandi flokka:

Áætlunarflugvellir I.

Flugvellir með 1800 m flugrein og lengri.

Áætlunarflugvellir II.

Flugvellir með 1200 að 1800 m flugrein.

Áætlunarflugvellir III.

Flugvellir með 800 að 1200 m flugrein.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

Flugvellir með allt að 800 m flugrein.

Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta.

Allur búnaður sem ætlaður er til flugleiðsögu eða flugumferðarstjórnar.

Önnur flugmálastarfsemi.

Öll önnur flugmálastarfsemi en sú sem að framan er talin.

4. gr.

Ráðherra skal leggja skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar fyrir hvert reglulegt Alþingi.

II. KAFLI

Fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

5. gr.

Greiða skal sérstakt eldsneytisgjald af flugbensíni og þotueldsneyti sem selt er á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs. Gjald þetta skal nema 1,30 kr. af hverjum lítra og 0,65 kr. af hverjum lítra þotueldsneytis.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs.

Áætlunarflug milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr.

6. gr.

Flugmálastjórn annast innheimtu eldsneytisgjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

7. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan eins árs aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

8. gr.

Flugvallagjald skal vera 750,00 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda ákvæði 9. gr.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

9. gr.

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða gjald er nemi 100,00 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó að millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

10. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess ber ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda fulltrúa flugmálastjórnar á flugstöð skrá yfir farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 7. gr. eða greiða skuli hálft gjald skv. 8. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

11. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða fulltrúa flugmálastjórnar fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Flugvallagjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, svo og gjald skv. 9. gr., skal greiða til flugmálastjórnar eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

13. gr.

Sé flugvallagjaldi ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá sem gjaldinu ber að skila greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa flugmálastjórnar lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjaldi fylgir lögtaksréttur.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningstæki hans undir innsigli.

14. gr.

Tekjum af flugvallagjaldi skal varið einungis til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

15. gr.

Eldsneytisgjald skv. 5. gr. og flugvallagjald skv. 8. og 9. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986, þ.e. 250 stig.

16. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og 18/1980, um breytingu á þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 7. febrúar 1984 skipaði samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Í nefndina voru skipuð Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Andri Hrólfsson stöðvarstjóri, Garðar Sigurðsson alþingismaður, Kristján Egilsson flugstjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri og dr. Þorgeir Pálsson prófessor. Enn fremur var Pétri Einarssyni flugmálastjóra falið að starfa með nefndinni og vera henni til ráðuneytis. Nefndin lauk störfum í september 1986.

Nefndin samdi lagafrumvarp ásamt ítarlegri skýrslu sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir og telst hluti greinargerðar lagafrumvarps þessa. Er þar gerð nánari grein fyrir verkefnum og tillögum nefndarinnar.

Frumvarp það til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sem hér liggur fyrir, er í öllum meginatriðum byggt á tillögu nefndarinnar. Þó var talin ástæða til nokkurra breytinga í fjáröflunarkafla þess (II. kafla) í ljósi viðbragða við skýrslu nefndarinnar, einkum á sérstakri ráðstefnu sem samgönguráðuneytið efndi til um efni hennar hinn 12. desember 1986. Hér er átt við niðurfellingu eldsneytisgjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs og ráðstöfun flugvallagjalds.

Með frumvarpi þessu er stefnt að lögfestingu áætlanagerðar og fjármögnunar framkvæmda í flugmálum og hefur við samningu þess verið litið til ákvæða vegalaga um vegáætlun og laga um fjáröflun til vegagerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Frumvarpinu er skipt í tvo kafla. I. kafli fjallar um flugmálaáætlun og II. kafli um fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Um I. kafla.

Lagt er til að lögfest verði ákvæði um flugmálaáætlun með eftirfarandi meginsjónarmið í huga:

1. Að Alþingi ákveði á skýran og einfaldan hátt áætlun um framkvæmdir í flugmálum og að vilji Alþingis sé bindandi fyrir framkvæmdarvaldið.
2. Að Alþingi fái reglulegt yfirlit um störf flugmálastjórnar.
3. Að stuðla að betri nýtingu fjármagns, auknum afköstum og skipulegri vinnubrögðum.

Í skýrslu nefndarinnar á fylgiskjali er nákvæm áætlun um framkvæmdir í flugmálum.

Um 1.–2. gr.

Greinarnar eru í samræmi við ákvæði um vegáætlun í vegalögum, nr. 6/1977.

Um 3. gr.

Flokkun vallanna er í samræmi við flokkun í skýrslu á fylgiskjali.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er lagt til að fjármögnun framkvæmda í flugmálum verði með tvennum hætti; annars vegar með tekjum af eldsneytisgjaldi og flugvallagjaldi og hins vegar með framlagi úr ríkissjóði.

Með þingsályktun mætti festa þessa upphæð sem ákveðið hlutfall af vergum þjóðartekjum eins og nú er gert í vegamálum.

Um 5.–6. gr.

Hér er lagt til að eldsneytisgjald verði greitt af innanlandsflugi og flugi til Evrópu. Flugmálastjórn annist innheimtu gjaldsins og tekjum sé einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

Rétt þykir að gera ráð fyrir heimild til niðurfellingar eldsneytisgjaldsins þegar um er að ræða flugferðir á skemmri leiðum innan sama landsfjórðungs og er þá haft í huga mikilvægi þess að viðhalda og styrkja starfsemi loftferðafyrirtækja með aðalbækistöðvar í landsfjórðungunum. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þetta atriði verði sett í reglugerð um innheimtu gjaldsins.

Um 7.–15. gr.

Greinar þessar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 8/1976, um flugvallagjald. Hér er þó lagt til að flugmálastjórn annist innheimtu gjaldsins sem renni til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

Að athuguðu máli var ekki talin ástæða til að sundurgreina ráðstöfun flugvallagjaldsins eftir því hvort það innheimtist vegna innanlandsflugs eða utanlandsflugs, og þá ekki að ákveða að gjaldið skyldi renna til tiltekinna flugmálaframkvæmda. Því var orðalagi 14. gr. breytt frá tillögu nefndarinnar.

Um 16. gr.

Er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Fylgiskjal.

Skýrsla flugmálanefndar, okt. 1986.

1. KAFLI
INNGANGUR

1.1. Skipun nefndarinnar

Með bréfi dagsettu 6. febrúar 1984 skipaði samgönguráðherra nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Verkefni nefndarinnar voru, í skipunarbréfi, skilgreind sem hér segir:

"Nefndin semji áætlun um almenna flugvelli, sem taki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar.

Sérstaklega skal hugað að möguleikum á lagningu bundins slitlags á flugbrautir og flugvélastæði. Nefndin skal gera áætlun um uppbyggingu sjúkraflugvalla, m.a. með tilliti til þess að sett verði á þá bundið slitlag.

Við samningu þessarar áætlunar verði lögð áhersla á flugvöllinn á Egilsstöðum og flutning flugbrautar þar.

Einnig skal gerð ítarleg áætlun um uppbyggingu nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli og tekið mið af því undirbúningsstarfi, sem byggingarnefnd flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli hefur unnið.

Lögð er áhersla á, að samráðs verði leitað við flugrekstraraðila um staðsetningu og fyrirkomulag hinnar nýju stöðvar, jafnframt því að leita umsagnar heildarsamtaka þeirra aðila, sem um ferðamál fjalla.

Stefnt verði að því að framkvæmdir við þessa flugstöð geti hafist eigi síðar en árið 1986.
Framkvæmdaáætlun verði gerð til nokkurra ára um kostnað við allar þessar framkvæmdir.

Nefndin skal gera tillögur um tekjustofna, og fjárframlög, til ofangreindra framkvæmda, svo og til rekstrar flugmála almennt."

Nefndinni var ætlað að hafa nána samvinnu við flugráð, og þá starfsmenn flugmálastjórnar og flugrekstraraðila, sem hún teldi þörf á að leita til um upplýsingar og ráðgjöf varðandi verkefni sitt.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Andri Hrólfsson stöðvarstjóri, Garðar Sigurðsson alþingismaður, Kristján Egilsson flugstjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri og dr. Þorgeir Pálsson prófessor. Ennfremur var Pétri Einarssyni flugmálastjóra falið að starfa með nefndinni og vera henni til ráðuneytis.

1.2. Lýsing á nefndarstörfum

Nefndin hefur haldið 65 bókaða fundi. Nefndin hefur fengið marga aðila á sinn fund, til viðræðna. Fulltrúar eftirtalinna flugrekstraraðila hafa komið á fundi nefndarinnar: Flugleiða, Arnarflugs, Flugfélags Austurlands, Flugfélags Norðurlands, Flugskóla Helga Jónssonar og Flugfélagsins Ernis. Forstjóri Landhelgisgæslunnar kom á fund nefndarinnar, til viðræðna um Reykjavíkurflugvöll. Ólafur Pálsson, verkfræðingur, starfaði fyrir

nefndina við gerð kostnaðaráætlana og Gísli Halldórsson, arkitekt, var sérstakur ráðunautur varðandi flugstöð á Reykjavíkurflugvelli en fulltrúar Borgarskipulags mættu og á fundi nefndarinnar til viðræðu um það mál.

Ýmsir starfsmenn flugmálastjórnar hafa aðstoðað nefndina, en nánast hafa unnið með nefndinni þeir Haukur Hauksson varaflugmálastjóri, Jóhann H. Jónsson skrifstofustjóri, Hörður Sveinsson deildarstjóri, Inger Schiöth fulltrúi og Gunnar Sigurðsson flugvallarstjóri, sérstaklega varðandi Reykjavíkurflugvöll. Sveinn Guðmundsson, flugrekstrarhagfræðingur, vann að kafla 3.3 um áhrifavalda og framtíðarþróun flugumferðar. Í september 1984 fór nefndin í tvær dagsferðir og skoðaði samtals 22 flugvelli og ræddi við starfsmenn á þeim völlum.

Nefndin tók út úr, sem sérstök verkefni, Egilsstaðaflugvöll, varaflugvöll fyrir millilandaflug, og flugstöð á Reykjavíkurflugvelli. Skilaði hún sérstökum greinargerðum og tillögum til samgönguráðherra um þessi þrjú verkefni. Vegna samhengis þykir þó rétt að láta þær fylgja með þessari lokaskýrslu nefndarinnar.

1.3. Lýsing á nefndaráliti

Að inngangi loknum er sérstakur kafli um tillögur nefndarinnar, þar sem saman eru dregnar, í stuttu máli, tillögur þær sem nefndin gerir í einstökum málum, en þær tillögur eru svo nánar skýrðar í einstökum köflum nefndarálitsins. Í þriðja kafla er að finna ýmsar upplýsingar um þróun flugumferðar, flugfélög á Íslandi og loftför svo og spá um framtíðarþróun

flugumferðar. Í fjórða kafla er fjallað um flugvelli landsins,rakin lagaákvæði sem þá snerta, tillögur um flokkun flugvalla og hvaða staðlar eigi að gilda um gerð og útbúnað í hverjum flokki fyrir sig, og loks er lýst núverandi ástandi flugvallanna. Í fimmta kafla eru tillögur um framkvæmdir á flugvöllum landsins. Gerð er tillaga um forgangsröð framkvæmda, birt er áætlun um kostnað, og loks er framkvæmdum raðað í tímaröð og gerð tillaga að framkvæmdaáætlun. Í sjötta kafla er fjallað um fjármál vegna framkvæmda í flugmálum. Gerð er grein fyrir fjárveitingum undanfarinna ára, birt er yfirlit um rekstrarkostnað og gjöld flugmálastjórnar, heildartekjur af starfsemi tengdri flugi, og loks reifaðar hugmyndir um fjármögnun framkvæmda í flugmálum.

Í sjöunda kafla er frumvarp um framkvæmdir í flugmálum, þar sem kveðið er á um flugmálaáætlun og tekjustofna. Í áttunda kafla er fjallað um Egilsstaðaflugvöll. Í níunda kafla er fjallað um varaflugvöll fyrir millilandaflug, og í tíunda kafla um flugstöð í Reykjavík. Í viðbæti er sundurliðuð kostnaðaráætlun um hvern flugvöll fyrir sig, skýrsla um könnun meðal innanlandsfarþega allra flugfélaga á árinu 1985, og skýrsla um áhrifavalda- og framtíðarþróun flugumferðar.

2. KAFLI

TILLÖGUR NEFNDARINNAR

2.1. Lagafrumvarp

Nefndin leggur til að frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, verði lagt fyrir Alþingi. Tillaga að frumvarpinu, ásamt stuttri greinargerð, er í kafla 7, bls. 107. Lagt er til að skýrsla nefndarinnar verði fylgiskjal með frumvarpinu.

Með samþykkt frumvarpsins myndi áætlanagerð og fjármögnun framkvæmda í flugmálum, komast í svipað horf og í vegamálum.

2.2 Reglugerðir

Nefndin leggur til að settar verði reglur um eftirfarandi atriði:

2.2.1 Reglur um útbúnað flugvalla, byggðar á alþjóðlegum skilgreiningum.

2.2.2 Reglur um lágmarksútbúnað flugvalla, sem ekki eru til almenningsnota.

2.2.3 Reglur um hvaða skilyrði flugvellir þurfi að uppfylla til að fá viðurkenningu flugmálaráðherra, sbr. 63. gr. loftferðalaga.

2.2.4 Reglur um skipulag flugvalla.

2.2.5 Reglugerð vegna umferðar á flugvöllum. Sjá nánar kafla 4.1. "Lagaákvæði um flugvelli", bls. 43.

2.3 Flokkun flugvalla og útbúnaðar

2.3.1 Lagt er til að flugvöllum verði skipt í fimm flokka, þ.e. áætlunarflugvelli I, II og III, aðra flugvelli og lendingarstaði. Sjá nánar í kafla 4.2., bls. 45 og töflu 4.1. á bls. 48.

2.3.2 Lagt er til að útbúnaður í hverjum flokki flugvalla, verði í samræmi við töflu 4.3. á bls. 55.

2.4 Framkvæmdir á flugvöllum

2.4.1 Framkvæmdaröð á hverjum flugvelli verði í samræmi við samþykkt flugráðs um "forgangsröð verkefna á flugvöllum sem ætlað er að þjóna áætlunarflugi", frá 16. október 1984. Sjá töflu 5.1. bls. 74.

2.4.2 Flugvöllum verði raðað í forgang skv. einkunnargjöf, þar sem vegnir séu saman þrír þættir, þ.e.:

1) Verkefni flugvallar með tilliti til hlutverks í flugsamgöngukerfinu, 2) flutningsmagn sem hlutfall af heildarloftflutningum á landinu og 3) einangrun svæðisins sem flugvöllur þjónar. Sjá nánar kafla 5.1.2. á bls. 75 og töflu 5.2 á bls. 76.

2.4.3 Heildarkostnaður við nauðsynlegar framkvæmdir á flugvöllum áætlast sem hér segir (skipt eftir flokkun flugvalla á janúarverðlagi 1986):

Áætlunarflugvellir I	810.530	þús.
Áætlunarflugvellir II	304.676	þús.
Áætlunarflugvellir III	675.565	þús.
Aðrir flugvellir	90.384	þús.
Lendingastaðir	61.500	þús.
Samtals kr.	1.942.655	þús.

Þá er talið að verja þurfi til flugleiðsögubúnaðar kr. 87,345 millj. Samtals eru þessi útgjöld kr. **2.030 millj.**

Innifalið í ofangreindum tölum eru þrjú sérverkefni, þ.e. flugstöð á Reykjavíkurflugvelli, ásamt stæðum og akbrautum (262 millj. kr.), malbik á Reykjavíkurflugvelli (87,9 millj. kr.) og ný flugbraut á Egilsstöðum (161,5 millj. kr.), samtals 511,4 millj. kr.

Lagt er til að verkefni þetta verði framkvæmt á 10 árum og verði til þess varið 203 millj. kr. á ári, sem skiptist í meginatriðum sem hér segir:

Áætlunarflugvellir	54% =	110.000 þús. kr.
Sérverkefni	25% =	50.000 þús. kr.
Aðrir flugv./lend.st.	7% =	14.000 þús. kr.
Flugleiðsögubúnaður	4% =	9.000 þús. kr.
Óráðstafað til leiðr. og brýnna verkefna	10% =	20.000 þús. kr.
	100% =	203.000 þús. kr.

Sjá nánar kafla 5.3 um tímaröðun framkvæmda á bls. 80 og töflu 5.3 á 79.

2.5. Fjármögnun

2.5.1 Flugvallagjald á innanlandsleiðum hækki úr kr. 18,00 í kr. 100,00, sem gæfi í heildartekjur kr. 24,7 millj. Flugmálastjórn innheimti að öllu leyti flugvallagjald af innanlandsflugi, og reiknist það sem sértekjur á fjárlögum. Þessi tekjuliður fari til flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli (sérverkefni). Flugstöðin verði byggð á árunum 1990 og 1991. Flugvallagjald verði innheimt frá næstu áramótum og tekjum af því safnað í framkvæmdasjóð, en lán síðan tekið fyrir því sem á vantar.

2.5.2 Flugvallagjald (farþegaskattur) vegna utanlandsflugs (nú kr. 750,00) verði sértekjur flugmálastjórnar á fjárlögum, og verði þeim tekjum varið til framkvæmda í flugmálum. Áætlað er að gjald þetta muni gefa 94,4 millj. kr. í tekjur á þessu ári.

2.5.3 Haldið verði áfram að innheimta eldsneytisgjald af sölu eldsneytis í innanlandsflugi (kr. 0,65 á lítra af þotueldsneyti og kr. 1,30 af flugvélabensíni). Auk þess verði lagt verði eldsneytisgjald á sölu eldsneytis til flugvéla í millilandaflugi kr. 0,65 á lítra af þotueldsneyti. Áætlunarflug milli Norður Ameríku og Evrópu verði undanþegið. Tekjur af eldsneytisgjaldi verði áfram sértekjur flugmálastjórnar. Tekjur af eldsneytisgjaldi í innanlandsflugi eru áætlaðar að verði í ár 5,0 millj. kr, en viðbótartekjur vegna millilandaflugs eru áætlaðar að verði 22,3 millj. kr.

2.5.4 Loftferðaeftirlitsgjöld hækki á næstu 4 árum, þannig að þau standi í framtíðinni undir rekstri loftferðaeftirlitsins. Samkvæmt fjárlögum 1986 er kostnaður við loftferðaeftirlitið 5,751 millj. kr., en loftferðaeftirlitsgjöld eru áætluð 1,935 millj. kr.

2.5.5 Fjárveitingar úr ríkissjóði, á fjárlögum, verði látnar standa undir því sem á vantar, þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra sértekna.

2.6. Egilsstaðaflugvöllur

Í sérstöku áliti hefur nefndin lagt til, að gerð verði ný flugbraut á Egilsstöðum, vestan við núverandi braut, nær

Lagarfljóti. Stefnt verði að 2000 m braut. Sjá nánar 8. kafla bls. 115. Verkefni þetta verði flokkað sem sérverkefni.

2.7. Varaflugvöllur

Í sérstöku áliti hefur nefndin lagt til, að stefnt verði að því, að Sauðárkrókur verði varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Kannað verði sérstaklega hvernig unnt sé að fjármagna stofnkostnað, og hvort alþjóðlegt fjármagn sé fáanlegt í því skyni. Í aðaltillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að Sauðárkróksflugvöllur verði útbúinn sem áætlunarflugvöllur fyrir innanlandsflug. Ákvörðun um varaflugvöll fyrir millilandaflug mun þá ráðast af því, hvort fjármagn fæst til þess sérstaka verkefnis. Sjá nánar 9. kafla bls. 121.

2.8 Flugstöð á Reykjavíkurflugvelli

Nefndin hefur áður lagt til, í sérstöku áliti, að byggð verði flugstöð í Reykjavík og hún staðsett í geiranum norðaustur af flugskýli Landhelgisgæslunnar. Í deiliskipulagi af Reykjavíkurflugvelli, sem nú hefur verið samþykkt af borgaryfirvöldum hefur þessi staðsetning verið ákveðin. Byggingarnefnd flugstöðvar fjalli um frekari hönnun flugstöðvarinnar. Sjá nánar 10. kafla bls. 126. Sérstakur skattur af umferð innanlands og til Færeyjar og Grænlands gangi til þessa verkefnis.

3. KAFLI

FLUGUMFERÐ

3.1 Þróun flugumferðar

Fyrsta flugvélin hóf sig á loft á Íslandi frá Vatnsmýrinni í Reykjavík, þar sem nú er Reykjavíkurflugvöllur, þann 3. september 1919. Flugvélin var tveggja sæta af gerðinni Avro 504K og var flugmaður danskur, Cecil Faber að nafni. Þessari fyrstu tilraun manna til að koma á flugsamgöngum hér á landi lauk sumarið 1920.

Á árunum 1928-1931 var starfrækt flugfélag hérlendis. Við þessa tilraun sannaðist nauðsyn flugsamgangna á Íslandi, en auk fólksflutninga önnuðust Junkers sjóflugvélar félagsins síldarleit og sjúkraflug, svo dæmi séu nefnd. Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að félagið hætti starfsemi en heimskreppan mikla átti sinn þátt í því.

Árið 1937 var Flugfélag Akureyrar stofnað. Félagið hóf starfsemi ári síðar með sjóflugvél af gerðinni Waco, og hefur innanlandsflug verið rekið óslitið síðan.

Tímamót urðu í innanlandsflugi 1946 með tilkomu Douglas DC-3 Dakota flugvélanna - "þristanna" -, sem þjónuðu til ársins 1965 þegar Fokker F-27 Friendship flugvélar voru teknar í notkun og hafa þær reynst vel til þessa dags.

Í byrjun önnuðust Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f innanlandsflugið, en um árið 1952 hættu Loftleiðir h/f innanlandsflugi sem var þaðan frá mest á vegum Flugfélags Íslands h/f, með þátttöku ýmissa smærri flugfélaga, allt til ársins 1973 að Flugleiðir h/f var stofnað.


Skráning í tölulegum upplýsingum varðandi innanlandsflugið var lengi vel ekki í föstum skorðum og áreiðanlegar tölur ekki fyrir hendi nema frá síðustu áratugunum.

Til þess að gera grein fyrir þróun flugumferðar innanlands síðustu áratugina er gleggst að nota samanburð á tonnkílómetrum (tonn x flognir km), farþegafjölda eða flughreyfingum hvers árs, og er sá samanburður sýndur á töflunum hér á eftir.

3.1.1 Tonnkílómetrar

Hugtakið tonnkílómetri er skilgreint á eftirfarandi hátt: eitt tonn (1000 kg), sem greitt er fyrir, flutt einn kílómetra. Fjöldi tonna er margfaldaður með vegalengd hvers leggjar sem floginn er. Farþegi er venjulega talinn vega 90 kg (farþeginn sjálfur að viðbættum leyfilegum farangri).

Mynd 3.1 Tonnkílómetrar á innanlandsleiðum




Ár	Tonnkílómetrar á innanlandsleiðum	Ár	Tonnkílómetrar á innanlandsleiðum
1974	7.268	1980	6.745
1975	6.698	1981	6.712
1976	6.144	1982	6.794
1977	6.797	1983	6.331
1978	7.380	1984	6.737
1979	7.286	1985	7.406

3.1.2 Farþegar í áætlunarflugi innanlands

Tvær aðferðir eru notaðar við mælingar á farþegafjölda, annars vegar þegar hver farþegi í flugferð er aðeins talinn einu sinni, á leið hans frá brottfararstað til ákvörðunarstaðar, og hinsvegar er farþeginn talinn bæði við brottför og komu, og kallast það "farþegar um íslenska flugvelli", sem er því tvöfaldur raunverulegur farþegafjöldi. Hér er notað hugtakið "farþegar um íslenska flugvelli".

Mynd 3.2 Farþegar um íslenska flugvelli




Ár	Farþegar um ísl. flugvelli	Ár	Farþegar um ísl. flugvelli
1974	455.704	1980	593.150
1975	457.439	1981	594.150
1976	487.654	1982	574.577
1977	550.019	1983	532.501
1978	585.990	1984	560.784
1979	584.549	1985	625.160


3.1.3 Flughreyfingar

Skráðar flughreyfingar, sem eru flugtak og lending, á Reykjavíkurflugvelli, má einnig nota sem mælikvarða á þróun flug umferðar, því flestar flugvélar eru á þeim flugvelli og um helmingur farþega í innanlandsflugi fer þar um. Flug hreyf ingunni á Reykjavíkurflugvelli er hér skipt í áætlunar flug og annað flug.

Mynd 3.3 Flughreyfingar í áætlunarflugi 1974-1985



Mynd 3.4 Flughreyfingar í öðru flugi 1974-1985



Ár	Flughreyfingar		Ár	Flughreyfingar	
	Áætlunar-flug	Annað flug		Áætlunar-flug	Annað flug
1974	10.000	90.000	1980	9.700	121.500
1975	11.000	75.000	1981	10.500	113.000
1976	12.000	89.000	1982	10.200	130.000
1977	10.000	113.500	1983	9.500	101.000
1978	10.300	113.300	1984	9.700	118.000
1979	9.700	115.600	1985	11.000	141.000

3.2 Flugfélög og loftför

Í þessum kafla verður lýst starfsemi núverandi flugfélaga og flugrekenda, loftförum og skipulagi áætlunarflugs innanlands.

3.2.1 Flugfélög og flugrekendur

Flugfélög og flugrekendur eru flokkuð hér eftir tegundum flugs sem þau annast. Ákvæði um flokkun flugs eru í VII. kafla laga um loftferðir nr. 34/1964, og í Reglugerð um fyrirtæki sem starfa að loftflutningum, sem er að stofni til nr. 91/1973. Leyfi samgönguráðherra þarf til rekstrar loftfara í fjáröflunarskyni yfir íslenskt yfirráðasvæði. Þau leyfi kallast flugrekstrarleyfi. Hugtakið reglulegt flug skýrir sig að mestu sjálft, en leyfi til reglubundins flugs er ýmist sérleyfi (einkaleyfi) eða almennt leyfi. Með óreglulegu flugi er átt við flutninga á farþegum eða vörum með flugvélum yfir 5.700 kg að hámarksþyngd sem ekki eru í áætlunarflugi. Með þjónustuflugi er meðal annars átt við tækjaferisferðir, vöruflug, áburðarflug og auglýsingaflug, sem framkvæmt er með flugvélum undir 5.700 kg að þyngd.

Í töflu 3.1 er skrá yfir starfandi flugfélög og flugrekendur.

Tafla 3.1 Starfandi flugfélög og flugrekendur

Flugfélag/aðsetur:	Reglubundið flug			Óreglubundið flug	Þjónustu flug	Kennslu flug	Annað
	Innanlands Sérl.	Alm.	Milli landa				
Albína Thordarson, Reykjavík	-			-	x	x	-
Arnarflug, Reykjavík	x		x	x	x	-	-
Atlanta, Reykjavík	-	-	-	x	x	-	-
Flugfar h/f, Reykjavík	-	-	-	-	x	x	-
Flugfélag Austurl.h/f Egilsstöðum	x	x	-	-	x	-	-
Flugfélagið Ernir h/f, Ísafirði	x	x	-	-	x	-	-
Flugfélag Norðurl.h/f Akureyri	x	x	-	-	x	x	-
Flugleiðir h/f, Reykjavík	x	x	x	x	x	-	-
Flugmálastjórn, Reykjavík	-	-	-	-	-	-	x
Flugstöðin h/f, Reykjavík	-	-	-	-	x	-	-
Flugtak h/f, Reykjavík	-	-	-	-	x	x	-
Helgi Jónsson, Reykjavík	-	-	x	-	x	x	-
Jóhannes Snorrason	-	-	-	-	x	-	-
Kristleifur Þorsteinss. Húsafelli	-	-	-	-	x	-	-
Landgræðslan	-	-	-	-	x	-	x
Landhelgisgæslan	-	-	-	-	-	-	x
Mýflug,Vogum,Reykjahl.Mývatnssv.	-	-	-	-	x	x	-
Ómar Ragnarsson	-	-	-	x	-	-	-
Reynir Ragnarsson, Vík, Mýrdal	-	-	-	-	x	-	-
Suðurflug h/f, Keflavíkurflugv.	-	-	-	-	x	x	-
Sverrir Þóroddsson, Reykjavík	-	-	-	-	x	-	-
Valur Andersen	-	-	-	-	x	-	-
Vellir s/f, Sturlu-Reykjum, Borg.	-	-	-	-	x	x	-
Þotuflug	-	-	-	x	x	-	-

3.2.2 Loftför

Loftför eru í eftirfarandi töflu flokkuð eftir:

a) Þyngd. Þungt loftfar er 5.700 kg og yfir, létt er þar fyrir neðan.

b) Hreyflum, sem flokkaðir eru í hverfilhreyfla og bulluhreyfla. Þotuhreyflar eru flokkaðir sem hverfilhreyflar.

c) Tölu hreyfla.

d) Hvort um er að ræða loftfar með föstum væng (flugvél), eða þyrlu.

e) Sætaframboði, eins og það var í maí 1986. Það er þó breytilegt, þar sem flugfélögin hafa gjarna flugvélar á leigu fyrir í tímabundin verkefni.

Tafla 3.2 Flugvélar í flugrekstri á Íslandi

Flugfélag/flugrekendur	Þyngd		Hreyflar		Tala hreyfla		Gerð		Sætaframboð		
	Þungt	Létt	Hverfil	Bullu	Fjöl	Einn	Flugv	Þyrla	Áætlun	Leigufl	Annað
Flugleiðir h/f	10	-	10	-	10	-	10	-	1429	-	
Arnarflug	5	2	5	2	7	-	7	-	167	498	
Air Arctic s/f	2	-	2	-	2	-	2	-	-	-	
Flugfélag Norðurlands	-	8	3	5	6	2	8	-	71	2	
Flugfélag Austurlands	-	2	-	2	2	-	2	-	14	-	
Ernir h/f	-	2	-	2	2	-	2	-	15	-	
Helgi Jónsson	-	4	1	3	1	3	4	-	10	5	
Flugstöðin h/f	-	1	1	-	1	-	1	-	-	8	
Þotuflug	1	-	1	-	1	-	1	-	-	8	
Sverrir Þóroddsson	-	4	-	4	3	1	4	-	-	29	
Flugfar h/f	-	3	-	3	1	2	3	-	-	7	
Albína Thordarson	-	1	1	-	-	1	-	1	-	4	
Flugtak h/f	-	2	-	2	-	2	2	-	-	2	
Kristleifur Þorsteinss.	-	1	-	1	1	-	1	-	-	5	
Suðurflug h/f	-	1	-	1	-	1	1	-	-	3	
Reynir Ragnarsson	-	2	-	2	1	1	2	-	-	8	
Mýflug, Vogum	-	2	-	2	1	1	2	-	-	8	
Flugskóli Selfoss	-	1	-	1	-	1	1	-	-	1	
Valur Andersen	-	1	-	1	-	1	1	-	-	3	
Landhelgisgæslan	1	2	3	-	2	1	1	2	-	-	34
Landgræðslan	1	1	-	2	1	1	2	-	-	-	8
Flugmálastjórn	-	1	1	-	1	-	1	-	-	-	7
Einkaflugvélar	-	140	1	139	8	132	140	-	-	8	*
Samtals	20	181	29	172	51	150	198	3	1706	599	49

* Sætaframboð í einkaflugvélum er ekki talið með

3.2.3 Innanlandsleiðir í áætlunarflugi

Skipulag áætlunarflugs á landinu er komið í allfastar skorður. Það er flogið af fimm áætlunarflugfélögum þ.e. Flugleiðum h/f (FL), Arnarflugi h/f (AF), Flugfélagi Norðurlands (FN), Flugfélagi Austurlands h/f (FA) og Flugfélaginu Ernir h/f (FE).

Flugleiðir h/f er langstærst þessara flugfélaga og annast um 85% allra farþegaflutninga innanlands. Flogið er til 32 áætlunarflugvalla, sem skiptast þannig milli flugfélaga:

Flugleiðir h/f frá Reykjavík til Patreksfjarðar, Þingeyrar, Ísafjarðar, Sauðárkróks, Akureyrar, Húsavíkur, Norðfjarðar, Egilsstaða,Hornafjarðar og Vestmannaeyja.

Flugfélag Norðurlands h/f frá Akureyri til Kópaskers, Raufarhafnar, Þórshafnar, Vopnafjarðar, Egilsstaða, Grímseyjar, Ólafsfjarðar, Siglufjarðar, Ísafjarðar og Reykjavíkur.

Arnarflug h/f frá Reykjavík til Rifs, Grundarfjarðar, Stykkishólms, Bíldudals, Flateyrar, Gjögurs, Hólmavíkur, Blönduóss og Siglufjarðar.

Flugfélag Austurlands h/f frá Egilsstöðum til Bakkafjarðar, Vopnafjarðar, Borgarfjarðar, Breiðdalsvíkur, Fáskrúðsfjarðar, Hornafjarðar, Norðfjarðar og Reykjavíkur.


Flugfélagið Ernir h/f frá Ísafirði til Suðureyrar og Reykjavíkur. Auk þess flýgur félagið póstflug fimm sinnum í viku frá Ísafirði til Flateyrar, Þingeyrar, Bíldudals og Patreksfjarðar. Til Ingjaldssands og Reykjaness flýgur félagið þeir póstflug tvisvar í viku.

Áætlunarflug hefur ekki verið óslitið á alla flugvelli sem áætlunarleyfi eru til. Þannig er því t.d. farið með Grundarfjörð, Mývatn, Djúpavog, Fagurhólsmýri og Kirkjubæjarklaustur, og hefur áætlunarflug reyndar ekki verið flogið til þessara valla nokkuð lengi, nema til Grundarfjarðar. Þá er nýlega hafið áætlunarflug til Fáskrúðsfjarðar.


Áætlunarnetið í landinu er því þannig, að Reykjavík er sýnileg þungamiðja innanlandsflugsins, með um 45% flutninga. Aðrir áætlunarflugvellir Flugleiða H/f gegna margir hlutverki svæðisflugvalla, og áætlunarflugvellir smærri flugfélaga gegna yfirleitt hlutverki safnflugvalla fyrir viðkomandi svæðisvöll (sbr. mynd 3.6).

Frá mörgum umferðarminni völlum er flogið beint til Reykjavíkur og er það sýnt á mynd 3.7.


Mynd 3.5 FLUGVELLIR FYRIR ÆTLUNARFLUG INNANLANDS SUMARID 1986



Mynd 3.6 Tenging milli safnflugvalla og svæðisflugvalla



Mynd 3.7 Tenging milli safnflugvalla og Reykjavíkurflugvallar



3.3 Áhrifavaldar og framtíðarþróun flugumferðar


Þættir er hafa áhrif á flugumferð eru margir og hver með misjafnt vægi, einnig eru áhrifavaldar misjafnir eftir því hvort um er að ræða einkaflug eða áætlunarflug. Mynd 3.3.1 sýnir áhrifavalda flugumferðar í áætlunarflugi.

3.3.1 Áhrifavaldar flugumferðar í áætlunarflugi

Myndin gerir greinarmun á ytri og innri þáttum. Ytri þættir eru umhverfisþættir sem ekki er á valdi flugfélags að hafa áhrif á, t.d. veður. Hinsvegar eru einstaka þættir sem flugfélagið gæti haft áhrif á, en verða þó að teljast ytri þættir, t.d. fjöldi ferðamanna. Innri þættir eru þeir þættir sem flugfélagið hefur bein áhrif á, t.d. þjónusta.

Stefna flugfélags er grunnþáttur sem hefur áhrif á flesta aðra innri þætti, t.d. þjónustu. Ef flugfélagið eykur þjónustu getur það verkað jákvætt á eftirspurn. Á svipaðan hátt getur aukin tíðni, sem einnig telst aukin þjónusta, aukið farþegafjölda. Því hefur stefna flugfélags hvað varðar þjónustu bæði áhrif á fjölda flughreyfinga um flugvelli og fjölda farþega, eins og sést á myndinni. Fjöldi farþega og fjöldi flughreyfinga eru síðan samverkandi þættir, því aukning á öðrum veldur aukningu á hinum.

Mynd 3.8 Áhrifavaldar flugumferðar í áætlunarflugi




3.3.2 Umsvif í þjóðfélaginu

Umsvif í þjóðfélaginu hafa mikil áhrif á þann farþegafjölda sem fer um íslenska flugvelli. Þetta má rekja, fyrst og fremst, til þess hversu mikill hluti farþega ferðast vegna tengsla við atvinnulífið, eða 38%, og í tengslum við félagasamtök, 17.4% (könnun flugmálastjórnar í viðbæti 2, bls. 63). Þegar við berum saman breytingar á farþegafjölda annarsvegar og breytingar á vergum þjóðartekjum á föstu verðlagi hinsvegar, kemur í ljós mjög há fylgni milli þessara þátta (.94: sjá skýringu á fylgni í Viðauka 3.3.1).

Mynd 3.9 Vergar þjóðartekjur


Myndin sýnir greinilega hina háu fylgni sem er á milli vergra þjóðartekna og farþegafjölda. Greinilegt er á myndinni að samdráttur í vergum þjóðartekjum veldur hlutfallslega minni breytingum á farþegafjölda en aukning á vergum þjóðartekjum.



3.3.3 Kaupmáttur


Mynd 3.10 Samanburður á vísitölu farþegafjölda, kauptaxta og ráðstöfunartekna

Aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna fylgir aukning á farþegafjölda ef undanskilinn eru árin 1979 og 1982, en á þeim árum hækkuðu fargjöld mikið umfram hækkanir á kauptaxta.




Mynd 3.11 Prósentubreytingar flugfargjalda, bílfargjalda, ráðstöfunartekna og framfærslukostnaðar 1974-1986

Prósentubreytingar fargjalda milli ára eru mun minni frá og með árinu 1984. Á árinu 1985 er hækkun flugfargjalda minni en hækkun bílfargjalda, ráðstöfunartekna og framfærslukostnaðar.



Mynd 3.12 Farþegar með sérleyfisbifreiðum og flugi 1976-1985

Á myndinni má sjá nokkra víxlverkun, þannig að þegar farþegum í flugi fækkar þá fjölgar farþegum með sérleyfisbifreiðum. Þó er þetta ekki algilt eins og sjá má. Árið 1981 verður fjölgun bæði bílfarþega og flugfarþega, en árið 1985 verður lítilvæg fækkun bílfarþega en mikil fjölgun flugfarþega. Samanlagður fjöldi bílfarþega og flugfarþega þessi tvö ár er yfir átta hundruð þúsunda markið sem er umtalsverð aukning á heildareftirspurninni. Það er einmitt sömu ár sem vergar þjóðartekjur ná hámarki.




3.3.4 Mannfjöldaþróun

Fólksfjölgun er ein af þeim breytum sem áhrif hafa á farþegafjölda í flugi. Í mörgum löndum veraldar er fjölgun umtalsverð milli ára. Einnig eru í mörgum erlendum ríkjum miklar breytingar á mannfjölda eftir búsetusvæðum. Slíkir þættir hafa mikil áhrif á þróun flugumferðar og þá einnig farþegafjölda. Hér í þessum kafla verður leitað svara við því hvort slíkar mannfjöldabreytingar eða breytingar á milli búsetusvæða muni hafa áhrif á farþegafjölda um íslenska flugvelli í náinni framtíð.


Mynd 3.13 Aldursskipting mannfjöldans 1983-2013

Forsendur eftirfarandi mannfjöldaspár eru frjósemis-, dánar- og flutningalíkur. Þegar eftirfarandi mynd er skoðuð er augljóst að hlutfallsleg fjölgun er mest í efri aldursflokkunum.



Mynd 3.14 Farþegafjöldi sem margfeldi hlutfallsstuðuls og fjölda innan hvers aldurshóps


Samkvæmt könnun flugmálastjórnar, sem framkvæmd var á árinu 1985, kom í ljós mikill munur á aldursflokkum hvað varðar ferðatíðni (sjá könnun flugmálastjórnar, bls. 16). Myndinni er ætlað að gefa vísbendingu um vægi einstakra aldursflokka innan íslenska farþegahópsins í framtíðinni og breytingar á þeim.



Myndin sýnir fækkun í lægri aldursflokkum flugfarþega, 0-39 ára, en fjölgun í aldursflokkum yfir 39 ára. Þetta má rekja til fækkunar fæðinga og hækkandi meðalaldurs þjóðarinnar.


Mynd 3.15 Þróun mannfjölda í hinum ýmsu landshlutum 1983-2013

Eins og berlega kemur í ljós á myndinni munu litlar breytingar eiga sér stað hvað varðar hlutfallslega skiptingu mannfjölda milli byggðarlaga. Hinsvegar mun um það bil 1% fjölgun eiga sér stað á flestum stöðum, á milli ára.



Mynd 3.16 Þróun farþegafjölda í hinum ýmsu landshlutum sem margfeldi hlutfallsstuðuls ferðatíðni og mannfjölda

Myndin sýnir mismunandi mikla fjölgun milli umdæma, en það er vegna mismunandi ferðatíðnihlutfalls (sjá viðauka 3.3.2). Á Vestfjörðum, þar sem ferðatíðnihlutfall er hátt, er spáð 43% fjölgun farþega um íslenska flugvelli, svo framarlega sem ferðatíðnihlutfall og aðrar breytur haldast óbreyttar frá 1985. Fjölgun á tímabilinu 1983 til 2013 er spáð að muni verða: á Suðurnesjum 31%, Austurlandi 28%, Norðurlandi eystra 27%, Suðurlandi 25%, Norðurlandi vestra 23%, á Höfuðborgarsvæðinu 20%, Vesturlandi 26%, og á Vestfjörðum 43%.



3.3.5 Fjöldi ferðamanna


Fjöldi erlendra ferðamanna mun eflaust hafa mikil áhrif til aukningar á farþegafjölda um íslenska flugvelli í framtíðinni. Ferðaskrifstofur eru í auknum mæli farnar að nýta sér innanlandsflugið þó svo að fólksflutningabifreiðir hafi ennþá yfirhöndina hvað varðar fjölda farþega. Einstakar flugleiðir eru vinsælli en aðrar meðal erlendra ferðamanna og má þar nefna Akureyri og Vestmannaeyjar.

3.3.6 Ástand vega

Skiptar skoðanir eru um það hversu mikil áhrif umbætur í vegamálum hafa á farþegaflutninga flugfélaganna innanlands. Niðurstöður könnunar flugmálastjórnar leiddu í ljós að 73.7% farþega völdu flug vegna þess að það sparaði tíma og 33.4% nefndu að þeir veldu flugið vegna þess að það væri þægilegur ferðamáti. Samkvæmt könnuninni telur rúmlega þriðjungur farþega einkabílinn vera hentugasta ferðamátann, en aðalkost bílsins sem ferðamáta töldu þeir farþegar vera þann að þeir væru frjálsari ferða sinna. Í ljósi þeirra upplýsinga sem könnun flugmálastjórnar leiddi í ljós má ætla að almenningur noti flugið af öðrum ástæðum en þeim að vegir séu ekki í viðunandi ástandi. En þessu til stuðnings má benda á það að þrátt fyrir miklar vegabætur hefur orðið meiri fjölgun flugfarþega en nokkru sinni fyrr.

Mynd 3.17 Áætluð bundin slitlög í árslok 1986.

Eftirfarandi mynd sýnir þær framkvæmdir sem áætlað er að verði lokið nú árið 1986, samkvæmt langtímaáætlun í vegagerð. Á þjóðvegina verður þá búið að leggja slitlag á 1630 km í árslok 1986 af 8200 km.




Sú leið sem ætti, samkvæmt þeim vegabótum sem þegar hafa verið gerðar að sýna fækkun, er Akureyrar leiðin en um það bil 70% af þeirri leið hefur verið lagt bundnu slitlagi. Samkvæmt upplýsingum Flugleiða hefur ekkert slíkt átt sér stað, heldur hefur orðið umtalsverð aukning á leiðinni.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hér hafa verið tíndar til, má gera ráð fyrir því að endurbætur í vegamálum muni ekki hafa mikil áhrif á flugið í heild á næstu tíu árum. Líklegra er að ferðalögum innanlands fjölgi.

Mynd 3.18 Heildarumferð, landið

Eftirfarandi mynd sýnir að heildarumferð bifreiða um landið hefur aukist mikið.



Á árinu 1985 ferðuðust fleiri farþegar með flugi en nokkru sinni áður. Á sama tíma varð aðeins lítilvæg fækkun á farþegum með sérleyfisbifreiðum. Því má álykta að aukning bifreiðaumferðar hafi ekki valdið fækkun á heildarfarþegafjölda hjá öðrum samgöngumiðlum.

3.3.7 Flugslys, hryðjuverk og óhöpp

Slys og óhöpp í flugi virðast ekki hafa áhrif á flugumferð nema þá í mjög stuttan tíma. Þó má benda á, að erlendis virðast flugslys og hryðjuverk sem fá mjög mikla umfjöllun í fjölmiðlum, draga lítillega úr farþegafjölda. Sem dæmi má benda á hryðjuverkin í Evrópu sem drógu talsvert úr ferðalögum Bandaríkjamanna með flugi til Evrópu.

3.3.8 Olíuverð

Eldsneyti er sá útgjaldaliður sem er umtalsverður í beinum flugrekstri, eða 15 til 20 prósent, allt eftir því hvert eldsneytisverðið er á hverjum tíma. Því má búast við því að umtalsverðar hækkanir á eldsneytisverði hafi mikil áhrif á fjárhagsstöðu flugfélags nema því aðeins að fargjaldahækkanir komi þar á móti eða sparnaður, t.d. eldsneytisgrennri flugvélar.


Endurnýjun flugvélaflota felur í sér umtalsverða fjárfestingu og kostnað, sem getur tekið langan tíma að jafna með eldsneytissparnaði einum saman. Hér ræður þó miklu hversu hátt eldsneytisverðið er, en því hærra sem það er, því fyrr borgar eldsneytissparnaðurinn upp fjárfestinguna.

Mynd 3.19 Samanburður á breytingu eldsneytisverðs, kauptaxta og fargjalda

Það má leiða getur að því að stöðugt gengi og lækkun eldsneytisverðs s.l. þrjú ár eigi drjúgan þátt í betri afkomu innanlandsflugs nú hin síðari ár.

Á myndinni sést að mjög hefur dregið úr hækkunum fargjalda, sem hefur eflaust átt þátt í þeirri aukningu á farþegafjölda sem átt hefur sér stað s.l. tvö ár. Ástæðan fyrir lítilli hækkun fargjalda er hagstætt eldsneytisverð, stöðugt verðlag og litlar hækkanir á kauptöxtum.

Hækkun kauptaxta hefur mjög háa fylgni (.96) við hækkun fargjalda enda launakostnaður hátt hlutfall af rekstrarkostnaði flugfélaganna, eða um 45 til 50 prósent af beinum flugrekstrarkostnaði. Eftirfarandi mynd sýnir samspil eldsneytiskostnaðar, kauptaxta og fargjalda. Sjá má að það er ekki fyrr en umtalsverð lækkun á sér stað á prósentuhækkunum eldsneytis milli ára, að fargjöld hækka minna en kauptaxtar.



3.3.9 Lög og reglur í flugmálum

Lög og reglur í flugmálum skiptast í efnahags- og öryggishluta. Öryggishlutinn er í mjög fastmótuðum skorðum enda að mestu árangur af alþjóðlegri samvinnu, og eru gæði þessara reglna undirstaða þess öryggis sem er í fluginu í dag og eflaust einnig undirstaða hinnar gífurlegu fjölgunar flugfarþega út um allan heim.

Mikil umræða er í flestum löndum Evrópu um að gefa flugið frjálst, á svipaðan hátt og gert var í Bandaríkjunum árið 1978. Mun meiri erfiðleikar eru á því að koma slíku við í Evrópu, vegna hinna mörgu ólíku þjóða sem byggja tiltölulega lítið svæði, samanborið við Bandaríkin t.d. Allar líkur eru þó á því að þjóðlönd Evrópu muni færast í frjálsræðisátt hvað varðar flugsamgöngur, en þá þannig að einstakar leiðir eða svæði verði gefin frjáls til að byrja með.

Verðlagshömlur geta verkað þannig að flugfélagið telur sér ekki fært að veita þá þjónustu sem eðlileg er. Þannig gæti flugfélag undir verðlagshöftum minnkað tíðni, en vegna hins lága verðs er eftirspurnin langt fram yfir sætaframboð, sem leiðir til óeðlilega hárrar sætanýtingar, en þegar það á sér stað er farþegum vísað frá í stórum stíl. Hins vegar veldur of hátt verð lágri sætanýtingu, nema því aðeins að flugfélagið höfði til þeirra sem vilja borga meira fyrir aukin þægindi eða upphefð fyrsta farrýmis (First Class, Business Class).

3.3.10 Veðurfar

Veðurfar hefur ávallt verið sá þáttur í flugi hér á landi sem mest hefur riðlað flugáætlunum. Einstakir flugvellir eru hér verri en aðrir og má þá benda á Vestmannaeyjar og Ísafjörð, en þetta eru staðir sem eru mjög viðkvæmir gagnvart vindhæð og

-átt. Ef við tökum Vestmannaeyjar sérstaklega fyrir, þá missa Flugleiðir árlega þó nokkurn fjölda farþega, þegar seinkun á flugi á sér stað vegna veðurs, til Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

Einangrun byggðarlaga hefur hér einnig mikil áhrif. Byggðarlög eins og Ísafjörður, sem búa við mikla einangrun á vetrum, eru einnig með mjög hátt hlutfall ferðatíðni (4.79: könnun bls. 30).

3.3.11 Ástand flugvalla

Ástand flugvalla er mjög mikilvægur þáttur í því að eðlilegar flugsamgöngur geti átt sér stað. Gott ástand flugvalla er einnig forsenda þess að flugfélögin geti veitt þá þjónustu sem nauðsynleg er til að fullnægja eftirspurn. Öflug snjóruðningstæki minnka tafir að vetrarlagi og gera þar með fluginu kleift að standast áætlun: Nærtækasta dæmið eru þær endurbætur sem voru gerðar í snjóruðningsmálum á Reykjavíkurflugvelli, en þær leiddu til færri seinkana af völdum snjóa. Allar endurbætur verka þannig, að farþegum þyki þægilegra að ferðast með flugi og þeir geti treyst því innan eðlilegra marka að komast með pöntuðu flugi á áætlun. Slíkt getur ekki leitt til neins annars en aukins trausts á flugi sem ferðamáta, og þar með aukins farþegafjölda.


3.3.12 Umhverfis- og hollustuvernd

Eftirfarandi mynd sýnir vel þann mun sem er á hávaðamengun nýrrar kynslóðar skrúfuvéla í 50 sæta flokki og svo eldri tegunda í sama stærðarflokki. Breiði geirinn sýnir hávaðamengun frá Fokker F-27 vél, en sá mjórri sýnir hávaðamengun frá ATR 42, sem er ný vél á markaðnum. Við flugtak nær geiri hávaðamengunar frá F-27, u.þ.b. 6 km lengra en samsvarandi geiri frá ATR 42. Augljóst er að þegar hætt

verður notkun F-27, en þær vélar eru mest notaðar í innanlandsflugi, og nýjar flugvélar koma í staðinn, má búast við mun minni óþægindum frá flugumferðinni í nágrenni byggðarlaga.

Mynd 3.20 Samanburður á hávaðasniði Fokker F-27, ATR 42 og Douglas DC-9

Höft á flugumferð draga úr þjónustu flugvalla og í sumum tilfellum jafnvel úr framþróun flugs. Þannig er mikil ábyrgð lögð á herðar þeim er stjórna framþróun flugsamgangna, því þeir þurfa í senn að taka tillit til þeirra sem búa í nálægð við flugvelli og einnig að tryggja það að þjónustuhlutverk flugsins verði ekki skert vegna flugumferðarhafta.



3.3.13 Markaðsöflun

Markaðsöflun sem hefur áhrif á innanlandsflugið skiptist í tvo hluta, það er hluta stofnana og fyrirtækja og síðan hluta flugfélaganna sjálfra. Ferðaskrifstofur vinna mikið kynningarstarf með það að markmiði að auka sína sölu. Ferðamálaráð, sem samsett

er úr nær öllum þeim atvinnustéttum sem eitthvað hafa með ferðamál að gera, sér um að kynna landið á erlendum ráðstefnum á sviði ferðamála, fylgjast með umhverfismálum á ferðamannastöðum og veita styrki úr ferðamálasjóði til aðila í ferðamannaþjónustu.

Framfarir í kynningarmálum og bætt aðstaða ferðamanna í landinu sýna beint orsakasamhengi við aukningu ferðamannastraums til landsins og þá um leið aukinn fjölda erlendra ferðamanna um íslenska flugvelli. Þannig hefur fjöldi ársverka við ferðaútveg aukist úr 1805 árið 1963 í 3228 árið 1983, og er þá flugrekstur meðtalinn. Fjöldi rúma á sumar- og heilsárshótelum hefur aukist úr 2818 árið 1965 í 4787 árið 1984 (Heimild: Þjóðhagsstofnun).

Flugfélögin nota alls kyns sértilboð til að ná til þeirra hópa fólks sem ekki mundu ferðast á venjulegum fargjöldum, hér getum við nefnt sem dæmi eldra fólk, fjölskyldur, félagasamtök og námsmenn. Einnig reyna félögin að auka nýtni á einstökum leiðum með því að bjóða sérstakar pakkaferðir, t.d. flug og bíl, skíðaferðir, afslöppunarferðir o.s.frv.


3.3.14 Fargjöld

Í kaflanum um olíuverð (3.3.6) var rætt þó nokkuð um fargjöld og meðal annars sýnt fram á háa fylgni á milli hækkunar á kauptöxtum og hækkunar á fargjöldum (.96). Þó svo að breytingar eigi sér stað á verði eldsneytis eru áhrif þeirra ekki augljós á fargjöld. Þó virðist sem lækkun eldsneytisverðs eigi einhvern þátt í bættri afkomu innanlandsflugsins síðastliðið ár.

Mynd 3.21 Samband fargjalda, kauptaxta og farþegafjölda

Myndin sýnir að öll árin, að undanskildum árunum 1980 og 1981, átti sér stað fækkun farþega þegar fargjöld hækkuðu umfram

hækkun kauptaxta en aftur á móti fjölgun eða lítil breyting á farþegafjölda ef fargjöld hækkuðu minna en kauptaxtar.



3.3.15 Þjónusta

Samkvæmt könnun sem flugmálastjórn lét gera meðal farþega í innanlandsflugi þótti 8.4% farþega þjónustan frábær og 60.4% fannst hún góð, 24.9% í meðallagi, 4.6% ábótavant, og 1.7% léleg. Í könnuninni kom fram að húsmæður og tryggingafþegar eru ánægðastir með þjónustuna en leiðandi millihópar og starfsmenn hjá hinu opinbera óánægðastir. Yngstu og elstu aldurshóparnir eru ánægðastir með þjónustuna, en aldursflokkurinn 30-39 ára óánægðastur. Farþegar búsettir á Suðurlandi og Vesturlandi eru ánægðastir, en farþegar búsettir á Norðurlandi vestra eru óánægðastir. Álitið á vöruflutningaþjónustu flugfélaganna er eilítið lakara en álitið á farþegaþjónustunni. Einungis 6.3% farþega álíta að farþegaþjónustunni sé ábótavant eða að hún sé léleg en 11.5% farþega álíta að vöruflutningaþjónustan sé léleg. 58.1% farþega álíta að vöruflutningaþjónustan sé góð, sem segja má að

sé nokkuð gott hlutfall. Þó ber að geta þess að flugfélög í innanlandsflugi eru fyrst og fremst í farþegaflutningum en ekki í vöruflutningum, en oft getur verið erfitt að sameina þessa tvo þætti svo vel fari. Því má telja eðlilegt að vöruflutningaþjónustan fái ekki eins góða dóma og farþegaþjónustan.

3.3.16 Stefna flugfélags

Stefna íslenskra flugfélaga getur talist mjög jákvæð, að því leyti að hún virðist markast af því að veita góða þjónustu og þar með háa brottfarartíðni. Þetta sést út frá sætanýtingu flugfélaganna. Hér er þó rétt að geta þess að staðir eins og Hornafjörður, Patreksfjörður og Sauðárkrókur bera ekki þá stærð af flugvélum sem notuð er, þ.e. Fokker F-27, 48 sæta, án þess að tíðni eða sætanýting verði mjög lág.

Rætt var við forráðamenn flugfélaganna um stefnu þeirra flugfélaga. Eftirfarandi atriði varða stefnu Flugleiða sérstaklega:

A. Tekjur standi undir gjöldum.

B. Hagnaður sé nægur til að standa undir frávikum frá áætluðum gjöldum t.d. vegna óhappa.

C. Endurnýja eigi sér stað á flugvélaflota.

D. Aukning eigi sér stað á sætanýtingu, á þeim árstímum sem eftirspurn minnkar, með sértilboðum, en þó þannig að þau tilboð höggvi ekki skarð í verðmætari eftirspurn.

Arnarflug fylgir Flugleiðum hvað varðar hækkanir fargjalda á innanlandsleiðum en þeir telja sig þó ófæra um að bjóða svipuð sértilboð og Flugleiðir gera. Leiguflug og sjúkraflug eru markaðir sem Arnarflug sinnir samfara áætlunarfluginu en það er leiguflugið sem gefur af sér hagnað í beinum flugrekstri. Stefna Arnarflugs er að láta eftirspurnina ákvarða tíðni á áætlunarstaðina. Hvað

varðar flugvélategundir þá þykja smærri vélar, af stærðinni níutil tuttugu sæta, henta mjög vel og litlar líkur á að stærri vélar verði teknar í notkun á þeim leiðum sem þessum flugfélögum hefur verið úthlutað.

3.3.17 Stærð og fjöldi flugvéla

Kostnaður við að reka flugvélar er mismunandi eftir stærð þeirra, gerð, og flugleiðum. Dýrara er að reka stóra vél heldur en litla vél fyrir hvern floginn klukkutíma, hins vegar er kostnaður á sætiskílómetra lægri fyrir stórar vélar heldur en litlar vélar. Þetta má einfaldlega rekja til þess að stærri vélin hefur fleiri sæti og heildarkostnaðurinn eykst ekki í jöfnu hlutfalli við fjölda sæta. Hinsvegar verður að taka tillit til eftirspurnar til að sætanýting verði ekki of lítil, en of stór vél gæti minnkað sætanýtingu ef ekki er næg eftirspurn. Á sama hátt gæti of mikil tíðni minnkað sætanýtingu þannig að leiðin bæri sig ekki. Semsagt, það er mikil jafnvægislist að finna rétta stærð flugvélar fyrir þá eftirspurn sem til staðar er, halda góðri meðalsætanýtingu og nægri tíðni þannig að þjónustan teljist góð.

Þegar F-27 vélin var tekin í notkun árið 1965 leysti hún af hólmi Douglas DC-3. Afkastageta F-27 í samanburði við DC-3 er mun hærri eða þrír á móti einum. Því sést að grundvallarbreyting hefur átt sér stað hvað varðar afköst, þegar F-27 var tekin í notkun. Spurning er hvort slík grundvallarbreyting muni eiga sér stað ef nýjar vélar verða teknar í notkun í innanlandsfluginu hjá Flugleiðum. Þær vélar sem koma til greina sem arftakar F-27 eru í litlu frábrugðnar hvað afkastagetu varðar, heldur felst meginmunurinn í lægri eldsneytiskostnaði, lægri viðhaldskostnaði, minni hávaða og auknum þægindum fyrir farþega. Því mun munurinn verða minni en átti sér stað 1965.

3.3.18 Breytingar á farþegafjölda við breytingu á ferðamannafjölda, vergum þjóðartekjum, mannfjölda og ári.


Hér á eftir verður notast við tölfræðilíkan er á ensku nefnist Multible Linear Regression til að rannsaka samband á milli áhrifsbreytu (t.d. farþegafjöldi) og tveggja eða fleiri sjálfstæðra breyta (t.d. ferðamannafjöldi og mannfjöldi) og nota það síðan til að spá fyrir um breytingar á farþegafjölda. Einnig verður notast við fylgni.

Fylgni á milli vergra þjóðartekna og farþegafjölda er (.94), fylgni ferðamannafjölda við farþegafjölda er (.47), fylgni mannfjölda við farþegafjölda er (.67). Líkanið skýrir 90% af þeim breytingum sem áttu sér stað á farþegafjölda um íslenska flugvelli milli áranna 1974 og 1985.

Fyrir árið 1986 spáir líkanið u.þ.b. 670 þúsund farþegum um íslenska flugvelli. Í ofangreindri spá er gert ráð fyrir 5.1% aukningu vergra þjóðartekna, 5% aukningu á erlendum ferðamönnum og mannfjöldi er talinn vera u.þ.b. 244 þúsund á árinu 1986.


Mynd 3.22 Áhrif breytinga á vergum þjóðartekjum á farþegafjölda um íslenska flugvelli 1972 = 100 1985 = 130

Myndin sýnir að ef ferðamannafjöldi og mannfjöldi er óbreyttur frá árinu 1985, en vergar þjóðartekjur aukast um 4% þá eykst farþegafjöldi úr 608.430 í 647.850 eða 6.5%. Myndin gefur vísbendingu um áhrif vergra þjóðartekna á farþegafjölda, ef öðrum þáttum er haldið óbreyttum frá árinu 1985.




Mynd 3.23 Áhrif breytinga á ferðamannafjölda á farþegafjölda um íslenska flugvelli 1985 = 97.443

Á eftirfarandi mynd er reynt að nálgast hugsanlega breytingu á farþegafjölda um íslenska flugvelli þegar breyting verður á ferðamannafjölda. Á árinu 1986 er þegar farið að spá 5% aukningu frá árinu 1985. Sú aukning mun skila 1.5% aukningu farþega eða úr 608.430 í 617.610, ef allir aðrir þættir haldast óbreyttir frá árinu 1985.



Mynd 3.24 Áhrif breytinga á mannfjölda á farþegafjölda um íslenska flugvelli 1985 = 242.362

Myndin hér að neðan sýnir glögglega að líkanið spáir litlum áhrifum á farþegafjölda út frá breytingum á mannfjölda. Frá árinu 1985 til ársins 2013 er spáð 3.4% aukningu farþegafjölda um íslenska flugvelli, eða frá 608 þúsund farþegum í 629 þúsund farþega, ef öðrum breytum er haldið óbreyttum frá árinu 1985. Myndin gefur ákveðna vísbendingu um vægi mannfjölgunar í breytingum á farþegafjölda en eins og áður var tekið fram verður vægið að öllum líkindum lítið.



3.3.19 Samantekt á niðurstöðum

Þeir þættir sem mest áhrif munu hafa á flugumferð í framtíðinni eru fjölgun loftfara og aukin þjónusta vegna bættra flugvalla og tækjabúnaðar. Þeir þættir sem mest áhrif hafa á fjölgun eða fækkun farþega í innanlandsflugi eru vergar þjóðartekjur, kaupmáttur ráðstöfunartekna og fjölgun erlendra ferðamanna. Sá þáttur sem mest áhrif hefur á afkomu flugfélaganna er eldsneytisverð og rýmkuð verðlagning. Hækkun á kauptöxtum hefur mest áhrif á fargjöld.

Tafla 3.3 Spá fyrir tímabilið 1985-1995

BREYTA	1985	1990	1995	AUKNING Í PRÓSENTUM 1985-1995
FLUGUMFERÐIN				
Farþegar um Íslenska flugvelli	625.160	672.592	730.886	16.9
Áætlunar-Flugvellir I. Farþegafjöldi	452.019	492.337	535.009	18.4
Áætlunar-flugvellir II. Farþegafjöldi	132.332	137.881	149.832	13.2
Áætlunar-flugvellir III. Farþegafjöldi	37.994	42.373	46.046	21.2
Fjöldi Flughreyfinga í Reykjavík	141.000	152.066	172.062	22.0
Fjöldi Loftfara	231	328	401	73.6
ÁHRIFSÞÆTTIR FLUGUMFERÐAR				
Mannfjöldi	242.362	249.890	256.350	5.8
Ferðamanna-fjöldi	97.443	118.149	144.709	48.5

Spáin er unnin með 95% öryggismörkum. Mannfjöldaspá er unnin af Hagstofu Íslands og gerir ráð fyrir lægri frjósemi en fyrri spár.

Viðauki 3.3.1

Um fylgni

Fylgni á milli tveggja breyta getur verið á bilinu -1 til +1. Gildin -1 og +1 gefa til kynna fullkomna fylgni. Mínus fylgni á milli breyta X og Y gefur til kynna að ef breyta X stækkar þá minnkar breyta Y. Plús fylgni á milli breyta X og Y gefur hins vegar til kynna að breytur X og Y fari í sömu átt, þ.e. ef X stækkar þá stækkar Y.

Viðauki 3.3.2

Um hlutfallsstuðulinn

Hlutfallsstuðull = % í hóp flugfarþega / % í hóp þjóðar

Hlutfallsstuðullinn er túlkaður á eftirfarandi hátt: Ef hlutfallsstuðullinn er jafnt og einn þá er hlutfallið jafnt í viðkomandi hóp sem flýgur og í viðkomandi hóp þjóðarinnar. Ef hlutfallsstuðullinn er minna en einn þá er hlutfallið í viðkomandi hóp farþega minna en hlutfall þjóðarinnar í þeim hóp. Ef hlutfallsstuðullinn er stærri en einn þá er hlutfallið stærra í viðkomandi hóp farþega en hlutfall þjóðarinnar í þeim hóp.

4. KAFLI

FLUGVELLIR OG BÚNAÐUR ÞEIRRA

4.1 Lagaákvæði um flugvelli

Lagaákvæði um flugvelli eru í VI kafla laga um loftferðir frá 21. maí 1964 nr. 34, sbr. lög nr. 19/1982, og 4. grein laga um stjórn flugmála frá 28. desember 1950 nr. 119. Ákvæðin skiptast í: Almenn ákvæði, sérleyfi, viðurkenningu, eignarnám og loftferðatálmanir, og önnur ákvæði.

4.1.1 Almenn ákvæði

Í 55. grein loftferðalaga er mælt svo fyrir, að flugmálaráðherra sé rétt að setja reglur um það hvaða skilyrði flugvellir skuli uppfylla, og ennfremur um rekstur og viðhald þeirra. Þessar reglur hefur hingað til skort og er hér lagt til að settar verði reglur sem grundaðar verði á alþjóðlegri skilgreiningu á útbúnaði flugvalla, samanber kafla 4.2 hér á eftir.

4.1.2 Sérleyfi

Ríkissjóður þarf ekki sérleyfi til gerðar og rekstrar flugvallar til almenningsnota, aðrir þurfa það hinsvegar. Í 58.-61. grein loftferðalaga er kveðið á um sérleyfi. Veiting sérleyfa af þessu tagi hefur ekki komið til álita, svo vitað sé. Í 62. grein loftferðalaga segir: "Flugmálaráðherra er rétt að ákveða að leyfi hans þurfi til gerðar eða rekstrar á flugvelli, sem eigi er til almennrar notkunar, eða annars flugvirkis. Hann setur reglur um slík leyfi".

Mikill fjöldi einkaflugvalla hefur verið gerður á síðustu árum (a.m.k. 11), og er lagt til að settar verði reglur um lágmarksútbúnað flugvalla, sem ekki eru til almenningsnota.

4.1.3 Viðurkenning

Í 63. grein loftferðalaga er gert ráð fyrir því að flugmálaráðherra viðurkenni sérstaklega flugvelli, sem ætlaðir eru til almennrar notkunar, og ennfremur að notkun annarra flugvalla megi binda viðurkenningarskilyrðum. Lagt er til að viðurkenningarskilyrði verði sett í almenna reglugerð um flugvelli.

4.1.4 Eignarnám og loftferðatálmanir

Með ákvæðum um eignarnám og loftferðatálmanir í 64.- 75. grein loftferðalaganna er reynt að tryggja sem öruggast aðflug að flugvelli og brottflug frá honum.

Samkvæmt 66. grein ber ráðherra að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli og skulu þær geyma m.a. fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins, þar sem rétt er að setja takmarkanir á hæð mannvirkja. Innan skipulagssvæðis skal greina hinar ýmsu takmarkanir á mannvirkjahæð, sem nauðsynlegar eru til öruggrar lendingar og öruggs flugtaks. Í grein þessari eru ennfremur ákvæði um þann hátt, sem hafa skal á við birtingu skipulagsreglna flugvalla. Reglur um skipulag flugvalla hafa ekki verið settar enn. Nauðsyn ber til að setja þær reglur sem fyrst.

4.1.5 Önnur ákvæði

Í loftferðalögum er ennfremur gert ráð fyrir reglum um gjaldskrár vegna afnota af flugvöllum, sem fyrir hendi eru, og reglugerðum vegna umferðar á þeim. Þær reglugerðir, sem fyrir hendi eru, vegna umferðar, eru úreltar og þarfnast endurnýjunar.

4.2 Flokkun flugvalla og staðlar

Flugmálanefnd leggur til, að flugvöllum verði skipt í eftirfarandi flokka:

1. **Áætlunarflugvellir I:** flugvellir með 1800 metra flugrein eða lengri.
2. **Áætlunarflugvellir II:** flugvellir með 1200 að 1800 metra flugrein.
3. **Áætlunarflugvellir III:** flugvellir með 800 að 1200 metra flugrein.
4. **Aðrir flugvellir:** flugvellir með allt að 800 metra flugrein, sem notaðir eru í atvinnuflugi, t.d. til leiguflugs, sjúkraflugs eða flugkennslu.
5. **Lendingarstaðir:** flugvellir með allt að 800 metra flugrein, sem notaðir eru óreglubundið t.d. til sjúkraflugs, einkaflugs og ýmis konar þjónustuflugs.

Nánari skilgreiningu á þessum flokkum er að finna í töflu 4.1, sem er í meginatriðum í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), þótt heitin séu önnur. Flokkunin miðast við þær kröfur, sem gera verður til íslenskra flugvalla í framtíðinni, eftir að þeir hafa verið byggðir upp.

Rétt er að taka fram, að nefndin telur ekki rétt að nota lengur heitið sjúkraflugvellir, enda eru allir flugvellir notaðir til sjúkraflugs. Þeim flugvöllum, sem í daglegu tali eru nefndir sjúkraflugvellir, er í skýrslunni skipt í tvo flokka, þ.e. aðra flugvelli og lendingarstaði.

Í töflu 4.1 er jafnframt sett fram tillaga að íslenskum staðli, varðandi gerð flugbrauta á flugvöllum í hinum ýmsu

flokkum. Þessar tillögur eru í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, en ekki er unnt að fylgja ítrustu tilmælum þessarar stofnunar, vegna erfiðra aðstæðna á mörgum flugvöllum hérlendis. Þar sem í hinum íslenska staðli er vikið frá reglum í ICAO Annex 14, verði framkvæmdum hagað á þann veg að síðar megi fylgja þeim reglum, þar sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Gerð er grein fyrir búnaði íslenskra flugvalla síðar í þessum kafla.

Auk ofangreindra staðla varðandi gerð flugbrauta eru fyrir hendi ítarlegar alþjóðlegar reglur, og tilmæli, varðandi búnað flugvalla, og hindranir á flugvöllum og í grennd þeirra. Þessar reglur er að finna í ICAO Annex 14.

Í töflu 4.2 er listi yfir alla íslenska áætlunarflugvelli, ásamt upplýsingum um hvaða flugfélög þjónuðu hverjum flugvelli árið 1985. Jafnframt eru gefnar upp tölur um hve mikill fjölda farþega og flutningsmagn, sem fór um hvern flugvöll árið 1985.

4.2.1 Áætlunarflugvellir I

Aðeins fjórir flugvellir eru í þessum flokki, eins og fram kemur í töflu 4.2, þ.e. flugvellirnir í Reykjavík á Akureyri, Sauðárkróki og Egilsstöðum. Keflavíkurflugvöllur fellur að vísu undir þennan flokk, en framkvæmdir við þann flugvöll eru utan verksviðs þessarar nefndar. Umferð farþega um ofangreinda fjóra flugvelli er 73,2% af heildarfjölda farþega í innanlandsflugi.

4.2.2. Áætlunarflugvellir II

Í þessum flokki eru aðrir innanlandsflugvellir, sem flogið er til með Fokker F-27 flugvélum. Þeir hafa allir malarbrautir, en á nokkrum þeirra eru flugbrautarendar þó með bundnu slitlagi. Umferð farþega um ofangreinda flugvelli var 20,5% af heildarfjölda farþega í innanlandsflugi árið 1985. Utanlandsflug um þessa flugvelli er óverulegt.

4.2.3. Áætlunarflugvellir III

Í þessum flokki eru nú tuttugu og tveir flugvellir. Tveimur þeirra er þjónað af F-27 flugvélum, þ.e. flugvöllunum á Þingeyri og Norðfirði. Að öðru leyti eru notaðar minni flugvélar, sem flytja allt að nítján farþega til flugvalla í þessum flokki. Umferð farþegar um flugvelli í þessum flokki var 6,3% af heildarfjölda farþega í innanlandsflugi árið 1985.

4.2.4. Aðrir flugvellir

Aðrir flugvellir eru fimmtán talsins. Þeir eiga það flestir sameiginlegt að þjóna afskekktum og einangruðum byggðarlögum. Nokkrir eru þó mikilvægir vegna þess að þeir eru á svæðum þar sem má vænta náttúruhamfara, svo sem við Reykjahlíð, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur. Aðrir eru ennfremur mikilvægir fyrir kennsluflug og einkaflug. Þessir flugvellir hafa eina til tvær merktar malarbrautir ásamt vindpoka, sem komið er fyrir á áberandi skýli sem á eru letraðir einkennisstafir vallarins.

4.2.5 Lendingarstaðir

Lendingarstaðir eru alls fjörtíu talsins. Flestir þeirra hafa eina eða tvær merktar malarbrautir ásamt vindpoka, sem komið er fyrir á áberandi skýli sem ber auðkenni vallarins. Þessir lendingarstaðir eru einkum notaðir af sjúkraflugvélum, þegar slys ber að höndum, og fyrir einka- og kennsluflugvélar. Nokkrir þessara flugvalla eru einnig notaðir fyrir póstflug, einkum á Vestfjörðum, og enn aðrir fyrir áburðarflug á sumrin vegna landgræðslu. Allir þessir flugvellir gegna hlutverki sem neyðarlendingarstaðir fyrir litlar flugvélar, sem fljúga í sjónflugi um landið, og gegna þannig mikilvægu öryggishlutverki.

Tafla 4.1 FLOKKUN FLUGVALLA

FLOKKUN FLUGVALLA	ICAO SKILGREINING					ÍSLENSKUR STAÐALL								ATHUGASEMDIR
Flokkur	Númer	Lengd flugreina	Gerð *	Vænghaf flugvélar	Fjarl.milli aðalhjóla	Flugreinabreidd	Hámarks lengdarhalli flugreinar	Hliðarhalli flugreinar	Flugreinar axlir	Flugbrautarlengd frá flugrein Blindaðflug	Flugbrautarbreidd Blindaðflug	Lengdarhalli öryggissvæðis allt að	Þverhalli öryggissvæðis	
Æfingaflugvöllur	4	1800 m og lengri	D/E	36 m að 52 m/ 52 m að 60 m	9 m að 14 m	45 m	1%	1.5% CDE	60 m	60 m	300 m **300 m	1.5%	2.5%	
Aðalæfingaflugvöllur II	3	1200 m langir að 1800 m	C	24 m að 36 m	6 m að 9 m	40 m	1%	1.5% CDE		60 m	150 m **150 m	1.75%	2.5%	ATH.: Undanþága með flugbrautarbreidd á æfingaflugvöllum I, II, III allt niður í 80 m ATH.: Suðureyri, Ísafj., Stykkish.
Æfingaflugvöllur III	2	800 m langir að 1200 m	B	15 m að 24 m	4.5 m að 6 m	30 m	2%	2% ABC		60 m	80 m **80 m	2%	X 3%	X Heimilt frávik í undantekningartilvikum allt að 15%
Aðrir flugvellir IV og lendingarstaðir V	1	Styttri en 800 m	A	Allt að 15 m	Allt að 4.5 m	30 m	2%	2%		60 m **30 m	80 m **60 m	2%	X 3%	X Heimilt frávik í undantekningartilvikum allt að 15%

* Flugvellir eru ætlaðir fyrir flugvélar sem falla undir þessa flokkun
** Án blindaðflugs

Tafla 4.2 Íslenskir áætlunarflugvellir

Þjónustufélög, farþegafjöldi, flutningsmagn 1985

Keflavíkurflugvöllur er ekki á þessari skrá.

FLUGVÖLLUR	FLUGFÉLAG	FARÞEGAR	FLUTNINGSMAGN/ TONN	% AF FLUTNINGI
ÁÆTLUNARFLUGVELLIR I				
Akureyri	FL. FN.	109.094	11.549	17.6
Egilsstaðir	FL.FA.FN.	50.771	5.332	8.2
Reykjavík	FL.AF.FN.FA.FE.	280.926	29.377	44.8
Sauðárkrókur	FL.	11.228	1.411	2.6
ÁÆTLUNARFLUGVELLIR II	ALLS	452.019	47.669	73.2
Húsavík	FL.	16.702	1.794	2.6
Höfn	FL.FA.	12.307	1.316	2.0
Ísafjörður	FL.FE.	43.834	4.565	7.0
Patreksfjörður	FL.	9.410	1.098	1.6
Vestmannaeyjar	FL.	50.079	4.757	7.3
ÁÆTLUNARFLUGVELLIR III	ALLS	132.332	13.530	20.5
Bakkafjörður	FA.	203	30	
Bíldudalur	AF.	2.264	239	
Blönduós	AF.	2.375	237	
Borgarfjörður	FA.	243	69	
Breiðdalsvík	FA.	596	72	
Flateyri	AF.	2.672	311	
Fáskrúðsfjörður	FA.	*	*	
Gjögur	AF.	792	90	
Grímsey	FN.	2.340	260	
Grundarfjörður	AF.	371	1	
Hólmavík	AF.	1.158	122	
Kópasker	FN.	692	85	
Norðfjörður	FL.	1.856	208	
Ólafsfjörður	FN.	1.684	180	
Rif	AF.	3.676	342	
Raufarhöfn	FN.	1.383	165	
Siglufjörður	AF.FN.	5.356	559	
Suðureyri	FE.	998	103	
Stykkishólmur	AF.	2.044	192	
Vopnafjörður	FN.FA.	3.518	385	
Þingeyri	FL.	2.276	348	
Þórshöfn	FN.	1.868	226	
	ALLS	38 365	4.224	6.3
SAMTALS		622.716	65.423	100.0%

Skýringar

Flugfélög eru þau félög sem fljúga reglubundið áætlunarflug á viðkomandi stað.

FE. = Flugfélagið Ernir
FL. = Flugleiðir
FN. = Flugfélag Norðurlands
AF. = Arnarflug
FA. = Flugfélag Austurlands

Farþegar eru heildarfjöldi farþega árið 1985 um viðkomandi flugvöll í áætlunar- og leiguflugi.

Flutningsmagn er heildarmagn farþega (hver farþegi 90 kg), vöru og pósts, 1985 um viðkomandi flugvöll.

* Ekkert áætlunarflug árið 1985

4.3 Útbúnaður flugvalla

Í töflu 4.3 er talinn upp helsti búnaður, sem þarf að vera fyrir hendi á flugvöllum í hinum ýmsu flokkum. Jafnframt er gefin stutt lýsing á því, hvers konar búnað skuli miðað við í hverjum flokki. Ljóst er, að slík viðmiðun er aðeins leiðbeining um hvernig útbúa skuli einstaka flugvelli. Þannig er val og hönnun alls búnaðar fyrir flugvelli í flokki I nánast sérverkefni, þar sem kostnaður og hagkvæmni hverrar fjárfestingar eru metin sérstaklega. Þetta á augljóslega við um flugstöðvar á slíkum flugvöllum, sem eru miðaðar við umferð á hverjum stað. Á sama hátt verður að taka tillit til aðstæðna á hverjum flugvelli varðandi val á búnaði. Þetta á ekki síst við um hvers konar aðflugskerfi, þar sem aðstæður ráða oft mestu um hvort tiltekinn tækjabúnaður kemur að gagni. Þannig má gera ráð fyrir, að veruleg frávik frá staðalbúnaði geti verið óhjákvæmileg á einstökum flugvöllum. Hinsvegar er ætlast til að slík frávik séu réttlætt með sérstökum rökum, sem byggist t.d. á hagkvæmni- eða öryggissjónarmiðum. Gerð er grein fyrir reglum ICAO um slökkviþjónustu flugvalla í töflu 4.4.

Eftirfarandi er skýring á nauðsynlegum búnaði sem fram kemur í töflu 4.3 og lista yfir forgangsröð verkefna. Fylgt er niðurröðun á lista Flugráðs yfir forgangsröðun.

1. **Flugbrautir, stæði og akbrautir** verði í samræmi við íslenska staðla sem fram koma í töflu 4.1.

2. **Flugstöðvar.** Byggðar verði staðlaðar 250m^2 flugstöðvar, eins og t.d. flugstöðin á Patreksfirði, á Sauðárkróksflugvelli og áætlunarflugvöllum II. Á áætlunarflugvöllum III verði reist farþegaskýli, 60 m2 að stærð, sambærileg við þau sem eru t.d. á Raufarhöfn og Kópaskeri. Á öðrum flugvöllum verði reist 20 m2 skýli.

3. **Tækjageymslur.** Reistar verði tækjageymslur um 200m^2 að stærð af þeirri gerð sem er t.d. á Vopnafirði þar sem gert er ráð fyrir snjóhreinsibúnaði. Þar sem aðeins er gert ráð fyrir slökkvi- og björgunarbúnaði verði reistar 100m^2 geymslur, áþekkar þeirri sem nú er risin á Þingeyri.
Byggðar verði sandgeymslur áfastar tækjageymslum á öllum áætlunarflugvöllum , er taki 30-50 m3 af sandi, þar sem hitastigi má halda ofan frostmarks.

4. **Búnaður flugumferðarþjónustu.**

A) Sjálfvirkt símasamband verði við alla áætlunarflugvelli, einnig við aðra flugvelli þar sem því verður við komið.

B) VHF-fjarskiptatæki verði á hverjum flugvelli.

C) Fastur vindmælir verði á öllum áætlunarflugvöllum, og á öðrum flugvöllum þar sem talin er mikil þörf. Lausir vindmælar verði á öllum öðrum flugvöllum.

D) Loftþrýstingsmælir verði á hverjum flugvelli.

E) Nákvæmir hitamælar verði á öllum flugvöllum. Á flugvöllum með bundnu slitlagi verði einnig hitaskynjarar í flugbraut.

F) Síspilandi segulband með klukku, er tekur upp viðkomandi fjarskipti, verði á öllum áætlunarflugvöllum.

5. Slökkvi- og björgunarbúnaður

Flugvöllum verði skipað í lágmarkseldvarnarflokka, skv. reglum ICAO, sbr. töflu 4.4 og útbúnir samkvæmt þeim.

6. Snjóhreinsibúnaður.

A) Á öllum áætlunarflugvöllum verði bifreið til brautarskoðunar og bremsumælinga. Ef kostur er, þá verði sú bifreið jafnframt slökkvibifreið.

B) Umferðarmestu flugvellir hafi fullkominn snjóhreinsibúnað, annarsstaðar verði leitað samstarfs við opinbera aðila eða einkaaðila eins og tíðkast hefur.

C) Snjóblásarar í eigu flugmálastjórnar verði miðaðir viðmikla afkastagetu í 30 cm snjóþykkt og 45 metra kast-lengd.

D) Snjótennur verði 5-6 metra breiðar, af fullkominni gerð, og þeim fest á afkastamikil tæki.

E) Á öllum áætlunarflugvöllum með bundnu slitlagi, verði einn eða fleiri brautarsópar, með mikla afkastagetu og útbúnir fyrir erfiðar aðstæður.

F) Á öllum áætlunarflugvöllum með bundnu slitlagi, verði geymsla fyrir ísvarnarefni, um 10 tonn af gerðinni UREA eða með sambærilegt hagnýtt gildi.

7. **Blindaðflugsbúnaður.**

A) Á hverjum ætlunarflugvelli verði rafmagn með tilheyrandi varaútbúnaði.

B) Hverjum blindaðflugsbúnaði fylgi eftirlitsbúnaður er fylgist með ástandi tækja.

C) Við áætlunarflugvelli í III. flokki verði tveir radíóvitar með markvita. Komið verði upp fullkomnara kerfi á þeim flugvöllum, þar sem slíkt hefur ótvírætt öryggis- og hagnýtisgildi.

D) Við áætlunarflugvelli í I. og II. flokki verði nákvæmnisblindlendingarkerfi með stefnusendi, aðflugshallasendi, markvita, og fjarlægðarmælivita ef landfræðilegar aðstæður leyfa. Sett verði upp örbylgjulendingarkerfi (MLS), frekar en ILS, þar sem unnt er.

E) Skyggnismælir og skýjahæðarmælir verði á öllum flugvöllum er hafa blindlendingarkerfi.

F) Kannaðir verði rækilega kostir örbylgjulendingar-kerfis og það sett upp í stað blindlendingarkerfis, þar sem hagkvæmt þykir.

8. **Ljósabúnaður.**

A) Á öllum áætlunarflugvöllum verði ljósabúnaður í samræmi við ICAO staðla (ANNEX 14) þar sem því verður við komið, og á öðrum flugvöllum ef nauðsyn þykir.

A2) Flugbrautarljós verði umhverfis flugbrautir, akbrautir og hlöð, samkvæmt stöðlum.

A3) Aðflugshallaljós er sýni réttan aðflugshalla flugvélar við lendingu.

A4) Aðflugsljós, sem kalla má eltiljós, verði á lokastefnu/stefnum að flugvelli, í samræmi við blindaðflugsbúnað vallarins.

A5) Leifturljós á verði flugbrautarendanum, til þess að auðvelda flugmönnum að sjá flugbrautarenda í fjarlægð, úr lofti.

A6) Hindranaljós verði í samræmi við ICAO staðla og einnig umfram þær kröfur, t.d. í Vestmannaeyjum.

A7) Flugvallarljósviti sem snýst, verði á þaki flugstöðvar eða tækjageymslu.

9. **Malbik.**

A) Á áætlunarflugvelli I og II komi malbik á flugrein, akbrautir og hlöð í samræmi við staðla.

B) Á áætlunarflugvelli III komi ódýrari bundin slitlög en í A lið, og á samskonar svæði.

C) Aðrir flugvellir verði með slitlag úr þunnu malarefni.

Tafla 4.3 Búnaður flugvalla

FLOKKUR	Áætlunarflugv. I	Áætlunarflugv. II	Áætlunarflugv. III	Aðrir flugvellir
Flugstöð	Sérhönnun	250 m^2 flugstöð	60 m^2 farþegaskýli	20 m^2 skýli
Tækjageymsla	Sérhönnun	300 m^2	100 m^2 + snjóhr.bifr.	
Fjarskiptatæki	Fjölrása VHF	Fjölrása VHF	Einrása VHF, 50 w	Einrása VHF, 5 w
Vindmælir/hitamælir	Síritandi	Síritandi	Fastur mælir	Laus handmælir
Loftþrýstimælir	Síritandi	Síritandi	Hæðarmælir	Hæðarmælir
Segulbönd	Fjölrása fyrir fjarskipti og síma	Fjölrása fyrir fjarskipti og síma	Einnar rásar fyrir fjarskipti	
Slökkvibúnaður	ICAO tilmæli [1]	ICAO tilmæli	ICAO tilmæli	ICAO tilmæli
Björgunarbúnaður	F/stórar flugvélar [2]	F/stórar flugvélar	F/litlar flugvélar	Sjúkrakassi
Snjóplógur	Fullkominn eigin búnaður FMS	Eigin búnaður FMS/ Aðkeypt þjónusta	Aðkeypt þjónusta	Aðkeypt þjónusta
Snjóblásari	- " -	- " -	- " -	- " -
Sanddreifari	Fullkominn búnaður	Einn dreifari	Einn dreifari	
Brautarsópur	Fullkominn búnaður	Einn sópur		
Bremsumælir	Sérstök bifreið	MU - mælir	TApley - mælir	
Raflögn	Að þörf	Að þörf	Að þörf	
Varaafmagn	30 KW	30 KW		
Radíóviti/Radar	Að þörf	Að þörf	Tveir vitar	
NDB - Monitor	Að þörf	Að þörf	Að þörf	
Markviti	Sérhönnun	Sérhönnun	Sérhönnun	
Blindlendingarkerfi MLS/ILS	- " -	Ef aðstæður leyfa	Ekki nema sérstök rök mæli með	
Fjarlægðamælir	Sérhönnun	Sérhönnun		
Skyggnismælir	- " -	Þar sem hagkvæmt þykir		
Skýjahæðamælir	- " -	- " -		
Flugbrautarljós	- " -	Sérhönnun	Ef aðstæður leyfa	Ef öryggissjónarmið krefjast
Aðflugshallaljós	- " -	- " -	- " -	- " -
Aðflugsljós	- " -	- " -		
Leiðarljós	- " -			
Leifturljós	- " -	Sérhönnun	Ef aðstæður krefjast	
Hindranaljós	Ef aðstæður krefjast	Ef aðstæður krefjast	- " -	
Flugvallarljósviti	- " -	- " -	- " -	
Bundið slitlag	Malbik	Malbik	T.d. olíumöl	

[1] SKÝRINGAR: ICAO tilmæli í viðbæti 14 við stofnskrá alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Sjá töflu 4.4.

[2] BJÖRGUNARBÚNAÐUR: Störslysakassi, teppi og sjúkrabörur f/stórar flugvélar.
Sjúkrakassi, teppi og sjúkrabörur f/litlar flugvélar.

Tafla 4.4 ICAO reglur um slökkviþjónustu flugvalla

Eld-varna-flokkur flug-vallar	Mesta lengd flug-vélar (m)	Dæmi um flugvél	Vatn til froðugerðar				Viðbótar-slökkviefni		Lágmarksfjöldi bifreiða	
			Protein-froða eða Létt vatns-froða				Halon/ Þurr efni eða CO_2		Björg-unar bifreið	Stórar slökkvi-bifreiðar
			l	l/mín	l	l/mín	kg	kg		
1	0-9	Cessna 180	350	350	230	230	45	90	1	-
2	9-12	BN2 Isl.	1000	800	670	550	90	180	1	-
3	12-18	Twin Otter	1800	1300	1200	900	135	270	1	-
4	18-24	F-27-200	3600	2600	2400	1800	135	270	1	1
5	24-28	F-28	8100	4500	5400	3000	180	360	1	1
6	28-39	DC-9	11800	6000	7900	4000	225	450	1	2
7	39-49	B-727	18200	7900	12100	5300	225	450	1	2
8	49-61	DC-8-63	27300	10800	18200	7200	450	900	1	2
9	61-76	B-747	36400	13500	24300	9000	450	900	1	3

4.4 Núverandi ástand flugvalla

4.4.1 Inngangur

Erfitt er að gera núverandi ástandi flugvalla á landinu nokkur endanleg skil nema í mjög löngu máli. Hér verður þó reynt að greina í stuttu máli frá helstu atriðum, sem máli skipta varðandi hvern áætlunarflugvöll. Aðrir flugvellir eru teknir saman í einu lagi. Einkum verður lögð áhersla á þau atriði, sem fram koma í töflu 4.3, enda fela þau í sér alla helstu stofnkostnaðar- og framkvæmdaliði. Í töflu 4.5 er að finna yfirlit yfir núverandi ástand allra áætlunarflugvalla á landinu. Fimm stig eru notuð til að lýsa ástandi hvers þáttar í búnaði og gerð flugvallar eins og fram kemur í töflunni.

Þessi tafla getur af augljósum ástæðum aðeins gefið hugmynd um hvaða framkvæmda er þörf á hverjum flugvelli. Nákvæmari lýsingu er að finna í kafla 5.2 og viðauka I, þar sem gerð er sundurliðuð grein fyrir áætluðum kostnaði við framkvæmdir á hverjum flugvelli, og í hverju þær felast.

4.4.2 Áætlunarflugvellir I

Reykjavíkurflugvöllur - Um þennan flugvöll fóru 280.926 farþegar og 4.094 tonn af vörum og pósti á árinu 1985. Reykjavíkurflugvöllur hefur þrjár flugbrautir, sem eru 1825 1490 og 950 metrar á lengd. Völlurinn er mest notaður af Fokker F-27 og minni flugvélum, en flugvélar allt að stærð Boeing 727 geta athafnað sig á honum með nokkrum þyngdartakmörkunum. Auk þess að vera aðalflugvöllur fyrir innanlandsflug, gegnir Reykjavíkurflugvöllur mikilvægu hlutverki í millilandaflugi. Frá honum er flogið til Færeyja og Grænlands, og um eitt þúsund eins og tveggja hreyfla flugvélar hafa þar viðkomu á leið sinni

yfir hafið á ári hverju. Þá er Reykjavíkurflugvöllur varaflugvöllur, t.d fyrir Boeing 727 og 737 þotur í flugi til og frá Keflavíkurflugvelli. Flugstöð Flugleiða á vestanverðum flugvellinum hefur lengi verið ófullnægjandi, þrátt fyrir ýmsar endurbætur sem á henni hafa verið gerðar á undanförnum árum. Þá eru önnur flugfélög með starfsemi sína á víð og dreif á flugvallarsvæðinu, í misjafnlega hentugu húsnæði. Ný slökkvistöð var tekin í notkun árið 1985, en geymsluhúsnæði fyrir tæki og verkstæði eru í gömlum bröggum frá stríðsárunum, sem er algerlega ófullnægjandi aðstaða. Fjögur stór flugskýli eru á flugvellinum, og voru þau öll byggð á stríðsárunum. Tvö þeirra þarfnast verulegra endurbóta.

Reykjavíkurflugvöllur er allvel búinn tækjum. Blindaðflugsbúnaður fyrir nákvæmnisaðflug er á annarri af tveimur aðalbrautum vallarins og miðlínusendir á hinni. Báðar þessar brautir eru búnar flugbrautar- og aðflugsljósum. Tækjakostur til viðhalds og hreinsunar flugbrauta er góður, þótt stöðugrar endurnýjunar sé þörf.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Reykjavíkurflugvelli eru:

- Bygging nýrrar flugstöðvar, flughlaðs og akbrauta
- Endurnýjun malbiks á flugreinum og hlaði
- Bygging tækjageymslna og endurnýjun flugskýla
- Endurnýjun aðflugsbúnaðar

Akureyrarflugvöllur - Um þennan flugvöll fóru 109.014 farþegar á árinu 1985 og 1.731 tonn af vörum og póst. Á Akureyrarflugvelli er ein malbikuð flugbraut, sem er 1940 metrar á lengd. Völlurinn er mest notaður af F-27 og minni flugvélum í innanlandsflugi, en Boeing 727 og 737 vélar nota þennan flugvöll einnig öðru hvoru í innanlandsflugi, og sem varaflugvöll í millilandaflugi. Flugvöllurinn gegnir einnig mikilvægu hlutverki sem safnflugvöllur fyrir Norð-Austurland. Flugstöð, 1122 m2,

var byggð á flugvellinum árið 1961, og fullnægir hún í aðalatriðum núverandi umferð. Flugskýli var byggt árið 1967, og hefur Flugfélag Norðurlands þar aðstöðu fyrir flugflota sinn. Góð tækjageymsla og slökkvistöð var byggð árið 1980.

Nýlegur stefnusendir er nú fyrir hendi til blindaðflugs úr suðri, og hefur hann auðveldað mjög flug til Akureyrar. Jafnframt er ratsjá til staðar, sem notuð er til aðflugs úr norðri og til að fylgjast með flugumferð í nágrenni vallarins. Ratsjáin er komin til ára sinna, og ljóst að lítið er eftir af líftíma hennar. Ágæt flugbrautarljós eru fyrir hendi, en koma þarf upp aðflugsljósum. Tækjakostur til viðhalds og hreinsunar flugbrautar er kominn til ára sinna og þörf á endurbótum á þessu sviði. Sama er að segja um slökkvibúnað.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Akureyrarflugvelli eru:

- Að ljúka við öryggissvæði og stækkun flugvélastæðis
- Endurnýjun slökkvibúnaðar og tækja til viðhalds flugbrautar og slökkvibúnaðar
- Endurnýjun ratsjárbúnaðar

Egilsstaðaflugvöllur - Um þennan flugvöll fóru 50.771 farþegi á árinu 1985 og 763 tonn af vörum og póst. Á Egilsstaðaflugvelli er ein malarflugbraut, og er hún 1503 metrar á lengd. Undirstaða brautarinnar er mjög léleg og þarf því að endurnýja þessa braut. F-27 flugvélar nota þennan flugvöll í daglegu áætlunarflugi frá Reykjavík, og á leið til og frá Færeyjum. Einnig er daglegt flug milli Akureyrar og Egilsstaða. Þá fljúga minni flugvélar frá Egilsstöðum til staða á Austurlandi, í tengslum við áætlunarflug Flugleiða. Flugstöð var byggð á Egilsstöðum árið 1964. Hún fullnægir að mestu þeirri umferð, sem um völlinn fer, en þarfnast breytinga og endurbóta eins og fram kemur í sérstökum tillögum nefndarinnar um þennan flugvöll (sbr. kafla 8). Lítið flugskýli er á vellinum og hefur Flugfélag

Austurlands þar aðstöðu sína. Tækjageymsla var byggð árið 1980.

Stefnusendir, fjarlægðarmæliviti, þrír radíóvitar og tveir markvitar eru við Egilsstaðaflugvöll, til aðflugs að vellinum. Tækjabúnaður til snjómoksturs er ófullnægjandi, og þarfnast endurnýjunar. Slökkvibúnaður er hinsvegar talinn fullnægjandi, miðað við núverandi umferð.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Egilsstaðaflugvelli eru:
- Malbikuð flugbraut með malbikaðri flugrein komi í stað núverandi brautar
- Endurnýjun snjómoksturstækja
- Endurbætur á flugstöð

Sauðárkróksflugvöllur - Um þennan flugvöll fóru 11.228 farþegar og 401 tonn af vörum og pósti árið 1985. Áætlunarflugi er haldið uppi sex daga í viku milli Reykjavíkur og Sauðárkróks, með F-27 flugvélum. Ein malarflugbraut er á Sauðárkróki og er hún 2014 metra löng, en 480 metrar af suðurenda hennar eru malbikaðir. Flugstöðin er um 50 fermetra járnklætt timburhús, sem var byggt árið 1947. Er hún alls ófullnægjandi og nauðsynlegt að byggja nýja stöð. Jafnframt þarf að endurnýja tækjageymslu.

Blindaðflugskerfi fyrir nákvæmniaðflug er á Sauðárkróksflugvelli, auk fjarlægðarmælivita, radíóvita og markvita. Hann er því mjög vel búinn að þessu leyti. Ýmis mælitæki og aðflugsljós vantar þó á þennan flugvöll, eins og á flesta íslenska flugvelli.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Sauðárkróksflugvelli eru:
- Bygging flugstöðvar
- Upphitun flugreinar
- Malbikun flugbrautar, akbrautar og hlaðs

Ath.: - Verði Sauðárkróksflugvöllur gerður að varaflugvelli fyrir millilandaflug þá vex kostnaður að mun. Sjá sérstaka áætlun og

tillögur nefndarinnar í kafla 9.

4.4.3 Áætlunarflugvellir II

Húsavíkurflugvöllur. - Um þennan flugvöll fóru 16.702 farþegar á árinu 1985 og 291 tonn af vörum og póst. Ein malarflugrein er á þessum flugvelli, og er hún 1560 metrar á lengd. F-27 flugvélar eru notaðar til áætlunarflugs til Húsavíkurflugvallar. Flogið er daglega frá Reykjavík. Ný 580 fermetra flugstöð var tekin í notkun á þessum flugvelli fyrr á þessu ári. Tækjageymsla, sem er um 100 fermetrar að stærð, er á Húsavíkurflugvelli, en nauðsynlegt er að stækka hana. Skýli fyrir einkaflugvélar eru á vellinum.

Stefnusendir, fjarlægðarmæliviti, tveir radíóvitar og tveir markvitar eru fyrir hendi til aðflugs að Húsavíkurflugvelli. Snjómokstursbúnaður þarfnast endurnýjunar, en slökkvibúnaður vallarins er fullnægjandi. Endurnýja þarf ýmis mælitæki og minni háttar búnað.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Húsavíkurflugvelli eru:
- Gerð öryggissvæða
- Afrétting flugbrautar og stækkun hlaðs
- Lagning bundins slitlags á flugbraut
- Stækkun tækjageymslu
- Endurnýjun snjóhreinsibúnaðar

Hornafjörður - Um þennan flugvöll fóru 12.307 farþegar og 209 tonn af vörum og póst á árinu 1985. Reglubundnu áætlunarflugi er haldið uppi milli Reykjavíkur og Hafnar fjórum til fimm sinnum í viku, með F-27 flugvélum, en auk þess er áætlunarflug til Hornafjarðar frá Egilsstöðum og öðrum stöðum á Austurlandi, með minni flugvélum. Tvær malarflugbrautir eru á flugvellinum á Hornafirði, og eru þær 1240 og 800 metra langar. Styttri brautin hefur verið lokuð um skeið. Talið er nauðsynlegt

að leggja nýja braut í hennar stað. Ný 480 fermetra flugstöð var tekin í notkun á flugvellinum árið 1983. Tækjageymsla er ófullnægjandi, og þörf á að reisa nýja.

Aðflug að Hornafjarðarflugvelli er gert með aðstoð eins radíóvita, sem er ófullnægjandi búnaður og þarf að koma þar upp blindaðflugskerfi fyrir nákvæmnisaðflug. Tæki til brautarhreinsunar og snjómoksturs eru ekki fyrir hendi. Einnig er þörf á að endurbæta slökkvi- og björgunarbúnað auk ýmissa mælitækja.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Hornafjarðarflugvelli eru:
- Lagfæring öryggissvæða
- Uppsetning blindaðflugsbúnaður fyrir nákvæmnisaðflug
- Gerð þverbrautar
- Bygging tækjageymslu og endurnýjun snjómokstursbúnaðar
- Lagning bundins slitlags á aðalflugbraut, akbraut og hlað

Ísafjarðarflugvöllur - Um þennan flugvöll fóru 43.874 farþegar og 620 tonn af vörum og póst árið 1985. Daglegt áætlunarflug er til Ísafjarðar frá Reykjavík, með F-27 flugvélum, auk áætlunarflugs með minni flugvélum frá Akureyri. Þá er leiguflug og póstflug, m.a. til staða á Vestfjörðum, stundað með minni flugvélum frá Ísafirði. Ein malarflugbraut er á flugvellinum og er hún 1400 metrar á lengd, en vesturendi hennar er malbikaður. Flugstöð, sem er um 507 fermetrar að stærð, var reist á Ísafirði árið 1967, og er hún talin fullnægjandi fyrir núverandi umferð.

Aðflug til Ísafjarðar byggist á stefnusendi, fjarlægðarvita, og tveim radíóvitum. Þessi búnaður er fullnægjandi miðað við aðstæður, en blindaðflug er gert yfir Ísafjarðardjúpi. Snjómokstursbúnaður er sæmilegur á þessum flugvelli en þarfnast endurnýjunar, og sama er að segja um ýmis mælitæki og minni búnað.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Ísafjarðarflugvelli eru:
Endurnýjun ýmiss búnaðar og mælitækja
Malbikun flugreinar og stækkun hlaðs og athafnasvæða

Patreksfjörður - Um þennan flugvöll fóru 9.410 farþegar og 252 tonn af vörum og póst árið 1985. Flogið er áætlunarflug frá Reykjavík til Patreksfjarðar, með F-27 flugvélum auk leiguflugs með smærri flugvélum. Ein 1400 metra malarbraut er á Patreksfjarðarflugvelli auk mjög stuttrar þverbrautar, 540 metra langrar, sem aðeins smáflugvélar geta notað. Ný 250 fermetra flugstöð er á Patreksfirði, sem tekin var í notkun á árinu 1985. Eftir er að reisa tækjageymslu á vellinum.

Aðflug til Patreksfjarðar er gert með aðstoð eins radíóvita á flugvellinum eða radíóvitans á Bjargtöngum. Bæði þessi aðflug eru ófullnægjandi og þarfnast endurbóta. Þá er snjómokstursbúnaður og ýmis tækjabúnaður ófullkominn og þörf algerrar endurnýjunar á því sviði.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Patreksfjarðarflugvelli eru:
- Endurnýjun snjómoksturs- og hreinsibúnaðar fyrir flugbrautir
- Uppsetning ýmiss fjarskipta-, aðflugs- og mælibúnaðar
- Malbikun flugbrautar, akbrautar og hlaðs

Vestmannaeyjaflugvöllur - Um þennan flugvöll fóru 50.079 farþegar og 250 tonn af vörum og pósti á árinu 1985. Tvær malarbrautir eru á flugvellinum, sem eru 1190 og 1160 metrar á lengd. F-27 flugvélar eru notaðar til áætlunarflugs til Vestmannaeyja. Flogið er að jafnaði tvisvar á dag yfir vetrarmánuðina og þrisvar til fjórum sinnum á dag alla daga vikunnar yfir sumarmánuðina. Árið 1981 var lokið byggingu 580 fermetra flugstöðvar á Vestmannaeyjaflugvelli.

Miðunarstöð, markviti, fjarlægðarmæliviti og einn radíóviti eru við Vestmannaeyjaflugvöll. Flugbrautarljós eru á báðum

flugbrautum, en þarfnast endurnýjunar á N-S braut. Snjómokstursbúnaður er ekki fyrir hendi og hefur verið notast við fremur óhentugan búnað í eigu bæjarsjóðs. Endurnýja þarf ýmis mælitæki og minniháttar búnað, en slökkvibúnaður vallarins er að mestu fullnægjandi.

Brýnustu framkvæmdaverkefni á Vestmannaeyjaflugvelli eru:

- Lagning nýs yfirlags á flugreinar (eftir fjögur til fimm ár)
- Lagning bundins slitlags á flugreinar
- Bygging tækjageymslu
- Kaup á snjómoksturs- og hreinsibúnaði fyrir flugbrautir
- Endurnýjun blindaðflugsbúnaðar fyrir nákvæmnisaðflug

4.4.4 Áætlunarflugvellir III

Bakkafjörður - Um þennan flugvöll fóru 203 farþegar 1985 og 12 tonn af vörum og pósti. Áætlunarflugi er haldið uppi til flugvallarins, af Flugfélagi Austurlands. Ein malarbraut er á Bakkafirði og er hún 787 metra löng. Viðunandi flugstöð er á staðnum. Lengja þarf flugbrautina í 1000 metra. Byggja þarf tækjageymslu og endurnýja slökkvibúnað. Ýmsan ljósabúnað vantar á flugvöllinn og koma þarf fyrir vararafmagni. Radíóviti fyrir blindaðflug niður í 800 feta hæð er fyrir hendi.

Bíldudalur - Um þennan flugvöll fóru 2.264 farþegar 1985 og 36 tonn af vörum og pósti. Áætlunarflugi er haldið uppi frá Reykjavík af Arnarflugi ásamt póst og leiguflugi, aðallega af Flugfélaginu Erni. Á Bíldudal er ein 718m löng malarbraut og verið er að lengja hana í 1000 metra. Viðunandi flugstöð er á staðnum, en byggja þarf tækjageymslu. Þá þarf að endurnýja slökkvibúnað og koma fyrir vararafmagni og ýmsum ljósabúnaði.

Blönduós - Um þennan flugvöll fóru 2.375 farþegar árið 1985

og 24 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Reykjavík, aðallega af Arnarflugi. Á vellinum er 950 metra malarbraut, sem fyrirhugað er að lengja í 1000 metra. Gera þarf nýtt flughlað. Reisa þarf farþegaskýli og tækjageymslu. Ennfremur þarf að koma fyrir radíóvita og flugbrautarljósum, vegna lengingar.

Borgarfjörður eystri - Um þennan flugvöll fóru 243 farþegar árið 1985 og 48 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Egilsstöðum, aðallega af Flugfélagi Austurlands. Á vellinum er 677 metra malarbraut sem fyrirhugað er að lengja í 1000 metra. Viðunandi farþegaskýli er á flugvellinum. Af helstu framkvæmdum sem þarna eru ráðgerðar má nefna nýjan slökkvibúnað og vararafmagn. Þarna þarf og að koma fyrir flugbrautarljósum og aðflugs-hallaljósum.

Breiðdalsvík - Um flugvöllinn á Breiðdalsvík fóru 596 farþegar árið 1985 og 18 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Egilsstöðum, en auk þess er flogið til Hornafjarðar um Breiðdalsvík. Flugfélag Austurlands þjónar aðallega þessum velli. Á Breiðdalsvík er 758 metra malarbraut sem fyrirhugað er að lengja í 1000 metra. Öryggissvæði eru óviðunandi. Þarna þarf og að gera flugvélastæði og akbrautir. Farþegaskýli er viðunandi en byggja þarf tækjageymslu. Af öðrum helstu framkvæmdum má nefna nýjan slökkvibúnað, vararafmagn, flugbrautarljós og aðflugshallaljós og annan ljósabúnað. Þarna þarf og að koma fyrir radíóvita.

Flateyri - Um þennan flugvöll fóru 2.672 farþegar 1985 og

71 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunarflugi frá Reykjavík, af Arnarflugi, ásamt póst- og leiguflugi, aðallega frá Ísafirði, af Flugfélaginu Erni. Á þessum flugvelli er 816 metra flugbraut, sem þarf að lengja í 1000 metra. Öryggissvæði þarfnast lagfæringar auk þess, sem stækka þarf stæði og akbrautir. Á flugvellinum þarf að byggja farþegaskýli og tækjageymslu. Af öðrum framkvæmdum má nefna nýjan slökkvibúnað, vararafmagn, flugbrautarljós, aðflugshallaljós og annan ljósabúnað.

Fáskrúðsfjörður - Flugfélag Austurlands hóf áætlunarflug til Fáskrúðsfjarðar snemma árs 1986. Á þessum flugvelli er 820 metra löng flugbraut, sem þarf að lengja í 1000 metra og leggja bundnu slitlagi. Öryggissvæði þarfnast lagfæringar og leggja þarf stæði og akbrautir. Byggja þarf farþegaskýli og tækjageymslu. Af öðrum framkvæmdum má nefna nýjan slökkvibúnað, raflögn og vararafmagn, flugbrautarljós, aðflugshallaljós og annan ljósabúnað.

Gjögur - Um þennan flugvöll fóru 792 farþegar árið 1985 og 19 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áþtlunarflugi frá Reykjavík, af hálfu Arnarflugs, ásamt póst- og leiguflugi, aðallega frá Ísafirði, af Flugfélaginu Erni. Á vellinum er um 800 metra löng flugbraut. Farþegaskýli er viðunandi en byggja þarf nýja tækjageymslu. Af helstu framkvæmdum má nefna nýjan slökkvibúnað, auk ýmissa tækja, m.a. snjóhreinsibúnað. Þá má nefna vararafmagn, aðflugshallaljós, og leifturljós.

Grímsey - Um flugvöllinn í Grímsey fóru 2.340 farþegar árið 1985 og 50 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið

uppi áætlunar- og leiguflugi, aðallega frá Akureyri, af Flugfélagi Norðurlands. Á flugvellinum er 780 metra flugbraut sem lengja þarf í 1000 metra. Farþegaskýli er viðunandi, en stækka þarf tækjageymslu. Af öðrum brýnum framkvæmdum á vellinum má nefna slökkvibúnað, og ýmis tæki og ljós.

Grundarfjörður - Um flugvöllinn á Grundarfirði fór 371 farþegi árið 1985 og 1 tonn af vörum og pósti. Arnarflug hefur áætlunarleyfi á völlinn. Á vellinum er 811 metra löng malarbraut, sem þarf að lengja í 1000 metra. Þarna þarf og að leggja stæði og akbrautir. Byggja þarf farþegaskýli og tækjageymslu. Af öðrum helstu framkvæmdum má nefna nýjan slökkvibúnað, rafl ögn og vararafmagn. Ennfremur radíóvita, flugbrautarljós, aðflugshallaljós og annan ljósabúnað.

Hólmavík - Um flugvöllinn á Hólmavík fóru 1.158 farþegar árið 1985 og 18 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Reykjavík, af Arnarflugi, og póst og leiguflugi af Flugfélaginu Erni. Á þessum flugvelli er 746 metra flugbraut. Gera þarf 1000 metra flugbraut. Auk þess þarf að leggja stæði og akbrautir. Þarna þarf að byggja farþegaskýli og endurbæta tækjageymslur. Af öðrum framkvæmdum má nefna slökkvibúnað, vararafmagn, flugbrautarljós, halla- og leiðarljós og annan ljósabúnað.

Kópasker - Um flugvöllinn á Kópaskeri fóru 692 farþegar árið 1985 og 23 tonn af vörum og pósti. Til þessa vallar er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi, aðallega frá Akureyri, af Flugfélagi Norðurlands. Á vellinum er 1000 metra löng flugbraut. Leggja þarf nýja þverbraut og byggja öryggissvæði. Ennfremur

þarf að leggja stæði og akbrautir. Farþegaskýli er viðunandi en byggja þarf nýja tækjageymslu. Af öðrum framkvæmdum má nefna slökkvibúnað, raflögn, viðbótar radíóvita, vararafmagn, flugbrautarljós, aðflugshallaljós og annan ljósabúnað.

Norðfjörður - Um þennan flugvöll fóru 1.856 farþegar árið 1985 og 41 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Egilsstöðum af Flugfélagi Austurlands, og Flugleiðir fljúga áætlunarflug til Norðfjarðar með F-27 vélum. Á flugvellinum er 1112 metra flugbraut. Þarna þarf og að byggja stæði og akbrautir. Á þessum flugvelli þarf að byggja nýja flugstöð og ganga frá tækjageymslu. Af öðrum framkvæmdum má nefna vararafmagn, flugbrautarljós og annan ljósabúnað. Bæta þarf aðstöðu til blindaðflugs.

Ólafsfjörður - Um þennan flugvöll fóru 1.684 farþegar árið 1985 og 29 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Akureyri, af Flugfélagi Norðurlands, sem heldur uppi beinum ferðum til Reykjavíkur. Á þessum flugvelli er 1000 metra flugbraut, en endurbæta þarf öryggissvæði. Stæði og akbrautir þarf að stækka. Farþegaskýli er viðunandi en byggja þarf tækjageymslu. Af öðrum framkvæmdum má nefna nýjan slökkvi-búnað, vararafmagn, flugbrautarljós, aðflugshallaljós og annan ljósabúnað.

Raufarhöfn - Um þennan flugvöll fóru 1.383 farþegar árið 1985 og 41 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Akureyri, af Flugfélagi Norðurlands.
Á vellinum er 1077 metra aðalflugbraut og 577 löng metra þverbraut. Öryggissvæði þarf að lagfæra verulega. Leggja þarf

bundið slitlag á flugbrautir og bæta blindaðflugsbúnað. Flugvöllurinn er allvel búinn tækjum.

Rif - Um þennan flugvöll fóru 3.676 farþegar árið 1985 og 12 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Reykjavík af Arnarflugi. Á vellinum er 1000 metra flugbraut. Þarna þarf að leggja 1000 metra þverbraut með bundnu slitlagi. Aðstaða á þessum flugvelli er viðunandi, en setja þarf upp vararafstöð og búa völlinn betri tækjum, og á þverbraut þarf að setja upp flugbrautar- og aðflugshallaljós.

Siglufjörður - Um þennan flugvöll fóru 5.356 farþegar árið 1985 og 77 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Reykjavík, af Arnarflugi, og frá Akureyri af Flugfélagi Norðurlands. Á vellinum er 1084 metra löng flugbraut. Á flugvellinum er viðunandi flugstöð, en ganga þarf frá tækjageymslu. Af helstu framkvæmdum sem nauðsynlegar eru á þessum flugvelli má nefna bættan blindaðflugsbúnað, fjarskiptatæki, vararafmagn, flugbrautarljós, aðflugshallaljós og annan ljósabúnað.

Suðureyri - Um þennan flugvöll fóru 998 farþegar árið 1985 og 13 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunarflugi og leiguflugi frá Ísafirði og áætlunarflugi til Reykjavíkur, af Flugfélaginu Erni. Á þessum flugvelli er 535 metra flugbraut, en stækkunarmöguleikar eru litlir sem engir. Athugaðir verði möguleikar á sérstökum öryggisbúnaði við jaðar öryggissvæða, þar sem þverhnípi tekur við af þeim. Flug til þess flugvallar þennan flugvöll er varasamt.

Stykkishólmur - Um þennan flugvöll fóru 2.044 farþegar árið 1985 og 8 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Reykjavík, af Arnarflugi. Á flugvellinum er 1117 metra löng flugbraut. Öryggissvæði þarfnast verulegrar lagfæringar. Stæði og akbrautir þarf að stækka. Á flugvellinum er ný flugstöð, en byggja þarf tækjageymslu. Af brýnum framkvæmdum á þessum flugvelli má nefna slökkvibúnað, vararafmagn og bæta þarf blindaðflugsbúnað.

Vopnafjörður - Um þennan flugvöll fóru 3.518 farþegar árið 1985 og 68 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Akureyri, af Flugfélagi Norðurlands, og frá Egilsstöðum af Flugfélagi Austurlands. Á vellinum er 1000 metra löng flugbraut. Leggja þarf nýtt flugvélahlað og byggja flugstöð. Að öðru leyti er þessi flugvöllur allvel búinn ljósum og tækjum, þar á meðal til og blindaðflugs.

Þingeyri - Um þennan flugvöll fóru 2.276 farþegar árið 1985 og 143 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunarflugi með F-27 vélum frá Reykjavík. Ennfremur póst og leiguflugi frá Ísafirði. Á vellinum er 970 metra löng flugbraut, og lagfæra þarf öryggissvæði verulega. Á flugvellinum er ný flugstöð, en ganga þarf frá tækjageymslu. Af öðrum framkvæmdum á þessum flugvelli má nefna vararafmagn, flugbrautarljós, aðflugshallaljós og annan ljósabúnað. Lengja þarf flugbrautina í 1400 metra, þannig að hún geti þjónað sem varaflugvöllur fyrir F-27 flug til Ísafjarðar í misvindasömu veðri.

Þórshöfn - Um þennan flugvöll fóru 1.868 farþegar árið 1985 og 58 tonn af vörum og pósti. Til flugvallarins er haldið uppi áætlunar- og leiguflugi frá Akureyri af Flugfélagi Norðurlands. Á vellinum er 1140 metra löng flugbraut, auk þess sem lengja þarf þverbraut um 500 metra. Á þessum flugvelli þarf að byggja farþegaskýli og tækjageymslu. Af öðrum framkvæmdum má nefna nýjan slökkvibúnað og radíóvita.

4.4.5 Aðrir flugvellir

Hér að framan hefur í stuttu máli verið greint frá helstu atriðum sem máli skipta varðandi hvern flugvöll í þremur flokkum áætlunarflugvalla. Hér verður hinsvegar fjallað, í einu lagi, um þá flugvelli sem flokkaðir eru sem "aðrir flugvellir".


Flugvellir þessir eru allir malarvellir og er ekki gerð tillaga um að leggja þá bundnu slitlagi. Umferð um þá er ekki svo mikil, að slík fjárfesting sé réttlætanleg, auk þess sem það myndi kalla á aukinn rekstrarkostnað, því flugvellir með bundnu slitlagi þarfnast tækja og vinnu vegna hálkueyðingar, sem ekki eru nauðsynleg í jafn ríkum mæli á malarvöllum. Sandskeið er hér undanskilið, en lagt er til að kannaðir verði möguleikar á að flytja kennsluflug þangað. Þær framkvæmdir, sem lagt er til að unnar verði á þessum flugvöllum, eru í grófum dráttum sem hér segir:

- Flugbrautir verði endurbættar og lengdar í allt að 800 metra og gengið verði frá öryggissvæðum.
- Stæði og akbrautir verði lagfærð, þar sem þess þarf með, og byggð lítil stöðluð farþegaskýli.
- Komið verði upp fjarskiptatækjum, lagt rafmagn og sett upp flugbrautarljós þar sem nauðsyn krefur.

4.4.6 Lendingarstaðir

Lagt er til, að framkvæmdir við lendingarstaði takmarkist við að endurbæta malarflugbrautir, þar sem þess gerist þörf.

Tafla 4.5. Ástand flugvalla



5. KAFLI

FRAMKVÆMDIR

5.1 Forgangsröðun framkvæmda

Nauðsynlegt er, að skýrar reglur um forgangsröðun séu fyrir hendi, þegar ákvarðanir um framkvæmdir á flugvöllum eru teknar. Annars vegar þarf að ákveða hvernig framkvæmdafé skuli skipt milli hinna ýmsu framkvæmdaliða og hins vegar, hvaða flugvellir skuli hafa forgang hverju sinni. Þetta má gera með því að raða verkefnum og flugvöllum í forgangsröð.

5.1.1 Forgangsröðun verkefna

Flugmálanefnd telur rétt að halda þeirri framkvæmdaröð á hverjum flugvelli, sem almenn samstaða hefur orðið um meðal hagsmunaaðila og staðfest var af flugráði á árinu 1985. Þessi forgangsröðun kemur fram í töflu 5.1. Af henni má sjá, að mest áhersla er lögð á að ganga frá flugbrautum, akbrautum og stæðum. Flugstöð og tækjageymsla koma næst, en síðan tekur við ýmiss konar tækjabúnaður á vellinum sjálfum, svo sem fjarskiptatæki, slökkvibúnaður og tæki til að hreinsa flugbrautir. Þá bætast við margs konar aðflugstæki og ljósabúnaður fyrir flugbrautir og aðflug. Síðast á listanum er bundið slitlag á flugreinar og akbrautir.

Tafla 5.1 Forgangsröðun framkvæmda

FORGANGUR	VERKEFNI
1.	Flugbraut og hlað með fullgerðu malaryfirlagi, en stærð þeirra verði í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14
2.	Öryggissvæði verði eftir því sem unnt er hættulaus og í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
3.	Hindranir verði eftir því sem unnt er fjarlægðar eða merktar. Athafnasvæði flugvalla verði girt.
4.	Flugvallarbyggingar, þ.e. aðstaða fyrir flugumferðarþjónustu, tækjageymslu og farþegaskýli, verði byggð í áföngum.
5.	Búnaður flugumferðarþjónustu, þ.e. símasamband, VHF-fjarskiptatæki, vindmælir, loftþrýstimælir, hitamælir og segulband, verði fyrir hendi.
6.	Slökkvi- og björgunarbúnaður verði samkvæmt ákvæðum ICAO Annex 14.
7.	Snjóhreinsibúnaður, þ.e. snjóruðningstæki, sanddreifarar og hemlunarmælar, verði fyrir hendi, eða tilsvarandi aðkeypt þjónusta.
8.	Blindaðflugsbúnaður með tilheyrandi monitorbúnaði og vararafmagni verði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 10. Radíóvitar (NDB) með markvitum og/eða fjarlægðamæli (DME) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Stefnusendir (ILS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Aðflugshallasendir (GS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem æskileg eru blindflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1,5 km flugskyggni og réttlætanlegt getur talist.
9.	Ljósabúnaður í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14. PAPI- eða APAPI aðflugshallaljós, hindranaljós, flugbrautarljós og aðflugsljós í samræmi við tilsvarandi aðflug flugvallarins.
10.	Malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð, á öll athafnasvæði flugvéla.

Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna, flugmálastjórn og flugráð urðu sammála um þessa forgangsröðun framkvæmda á flugvöllum og hefur nefndin ákveðið og gera þá forgangsröðun að sinni tillögu:

5.1.2 Forgangsröðun áætlunarflugvalla

Eins og áður er getið, er nauðsynlegt að raða flugvöllum á landinu í forgangsröð, þannig að ákveða megi hvernig fjármagni skuli skipt hverju sinni. Ljóst er, að margir þættir ráða því, hve mikilvægu hlutverki einhver tiltekinn flugvöllur gegnir í flugsamgöngukerfinu. Hér verða þrír þættir notaðir til að ákvarða þessa forgangsröð fyrir áætlunarflugvelli, þ.e.:

- Verkefnaþáttur, þar sem m.a. er tekið tillit til hlutverks vallarins sem tengipunkts í flug-samgöngukerfinu
- Flutningur um flugvöllinn sem hlutfall af heildarloftflutningum á landinu
- Einangrun svæðisins, sem flugvöllurinn þjónar

Verkefnaþátturinn gefur grófa niðurstöðu um mikilvægi flugvallarins í samgöngukerfinu. Notuð eru þrjú stig til að lýsa þessum þætti, og tengjast þau flokkun flugvalla. Þannig fá flugvellir í flokki I þrjú stig, flokki II tvö stig og flokki III eitt stig, eins og fram kemur í fjórða dálki töflu 5.2.

Hlutfall flutninga gefur til kynna hversu mikilvægur tiltekinn flugvöllur er í flugsamgöngukerfinu. Þetta hlutfall er sýnt fyrir alla flugvelli í fimmta dálki í töflu 5.2, og byggjast hlutfallstölurnar á meðaltali flutninga á árunum 1984 og 1985. Hlutverk Reykjavíkurflugvallar sem miðstöðvar í

Tafla 5.2 Forgangsröðun áætlunarflugvalla

FLUGVÖLLUR	Farþegar		Verkefni	Flutn.	Einangrun	STIG
	1984	1985	20	100	4	
Reykjavík	252.430	280.926	3	0.452	1	109
Akureyri	104.875	109.094	3	0.181	2	86
Egilsstaðir	45.920	50.771	3	0.082	3	80
Sauðárkrókur	8.682	11.228	3	0.017	2	70
Ísafjörður	43.359	43.834	2	0.074	4	63
Vestmannaeyjar	29.372	50.079	2	0.067	3	59
Patreksfjörður	7.264	9.410	2	0.014	4	57
Húsavík	13.759	16.702	2	0.026	2	51
Hornafjörður	12.681	12.307	2	0.021	2	50
Grímsey	1.652	2.340	1	0.003	5	40
Siglufjörður	5.202	5.356	1	0.009	4	37
Vopnafjörður	3.530	3.518	1	0.006	4	37
Flateyri	2.879	2.672	1	0.005	4	36
Bíldudalur	2.381	2.264	1	0.004	4	36
Norðfjörður	2.467	1.856	1	0.004	4	36
Þingeyri	2.014	2.276	1	0.004	4	36
Þórshöfn	1.842	1.868	1	0.003	4	36
Suðureyri	1.620	998	1	0.002	4	36
Gjögur	856	792	1	0.001	4	36
Bakkafjörður	547	203	1	0.001	4	36
Borgarfjörður	327	243	1	0.000	4	36
Ólafsfjörður	1.588	1.684	1	0.003	3	32
Raufarhöfn	1.512	1.383	1	0.002	3	32
Breiðdalsvík	645	596	1	0.001	3	32
Kópasker	435	692	1	0.001	3	32
Fáskrúðsfjörður	0	0	1	0.000	3	32
Rif	4.462	3.676	1	0.007	2	29
Blönduós	2.239	2.375	1	0.004	2	28
Stykkishólmur	2.225	2.044	1	0.004	2	28
Hólmavík	1.281	1.158	1	0.002	2	28
Grundarfjörður	47	371	1	0.000	2	28
	558.093	622.716				

flugsamgöngukerfinu er augljós, en alls fara rúmlega 45% allra flugflutninga um þennan flugvöll.

Þótt einangrun tiltekins svæðis komi að nokkru fram í hlutfalli farþega og íbúa, er nauðsynlegt að taka sérstakt tillit til hlutverks flugvallar í að rjúfa einangrun þess svæðis. Hér er farin sú leið að meta einangrun á mælikvarða frá 1 til 5. Niðurstöðurnar eru sýndar í sjötta dálkinum í töflu 5.2. Mjög einangruð héruð fá fimm stig, en lægst er gefið eitt stig.

Forgangsröðun flugvalla fæst með því að reikna út einskonar heildarvísitölu eða stig hvers flugvallar. Þessi stigatala er fengin sem vegin heildartala ofangreindra fjögurra þátta. Ýmsar vogtölur voru prófaðar í þessu skyni. Nefndin varð sammála um að nota þær vogtölur, sem eru sýndar fyrir ofan hvern dálk í töflu 5.2, og ákvarða þá röðun flugvalla, sem þar kemur fram. Flugvöllum með sömu stigatölu er raðað eftir flutningsmagni.

5.2 Kostnaðaráætlun

Í viðauka I er að finna sundurliðaða kostnaðaráætlun fyrir allar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til að koma flugvöllum á Íslandi í ástand, sem er í samræmi við flokkun þessara flugvalla og viðeigandi staðla, samanber greinar 4.2 og 4.3 í kafla 4. Þessi kostnaðaráætlun er miðuð við byggingarvísitölu og gengi erlendra gjaldmiðla í janúar 1986. Auk kostnaðarverðs hvers framkvæmdaliðs, eru gefnar nánari skýringar á öllum meiriháttar kostnaðarliðum á hverjum flugvelli.

Niðurstöður ofangreindrar kostnaðaráætlunar er að finna í töflu 5.3, þar sem teknar eru saman kostnaðartölur fyrir alla

framkvæmdaliði á öllum flugvöllum landsins í milljónum króna. Eins og þar kemur fram er áætlaður heildarkostnaður vegna allra framkvæmdanna 2.030 millj. krónur á verðlagi í janúar 1986. Þess upphæð skiptist á milli hinna fimm flokka flugvalla í eftirfarandi hlutföllum:

	þús.kr.	prós.
Áætlunarflugvellir I	810.530	40.5%
Áætlunarflugvellir II	336.363	16.7%
Áætlunarflugvellir III	647.628	32.2%
Aðrir flugvellir IV	87.210	4.4%
Lendingarstaðir V	61.500	3.1%
Flugleiðsögubúnaður og annar búnaður	86.769	3.1%
	2.030.000	100.0%

Í ofangreindum tölum eru innifalin þrjú sérverkefni (sjá töflu 5.3), sem samtals kosta 511,4 millj. kr. og eru 25,2% af heildarkostnaðinum.

Hlutfall hinna ýmsu framkvæmdaliða má sjá af stöplaritinu á mynd 5.1. Þar kemur fram, að framkvæmdir við flugbrautir, þ.e. gerð flugreina, öryggissvæða, akbrauta og hlaða, með bundnu slitlagi á áætlunarflugvöllum, eru lang stærstu verkefnin í þessari kostnaðaráætlun og nema tæplega 53% af heildarkostnaðinum.

Tafla 5.3 Kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar íslenskra flugvalla

Sérverkefni


	1987	1988	1989	1990	1991
Malbik Reykjavík	50.0	37.9			
Ný flugbraut Egilsst.		12.1	50.0	50.0	49.4
Flugstöð Reykjavík				131.0	131.0

Millj.kr.

Flokkur	Forgangsröð/ stigagjöf	Íslenskir flugvellir:	Flugrein/ Flugbraut	Stæði og akbrautir	Flugstöð	Fakjagæymsla	Fjarskiptatæki	Vindmælir/ hitamælir	Loftþrýstimælir	Segulband	Slökkvibunaður	Björgunarbunaður	Snjóplógur	Snjóblásari	Sanddreifari	Brautarsópur	Bremsumælir	Ratsjá	Vatarafmagn	Radioviti/ radar	NDB-Monitor	Markviti	Stefnus.-MLS	Fjarlægðarmælir	Skyggnismælir	Skýjahæðarmælir	Flugbrautarljós	Aðflugshallaljós	Aðflugsljós	Leiðarljós	Leifturljós	Hindranaljós	Flugvallarljósviti	Bundið slitlag	SAMTALS
I	109	Reykjavík	10.0			27.0		0.5		0.4	3.5		6.9		2.7			1.0	3.5	1.0		0.4	24.7		1.4	2.7	6.9	3.5				1.2	1.2			**98.5**
I	86	Akureyri	15.0	3.8			1.1	0.1		0.4	8.1		7.5	2.0		5.5	2.0			23.1			12.4		0.7	2.7		0.6	6.9	2.9				6.6	**101.4**
I	80	Egilsstaðir			5.0								2.9	2.1		5.5	2.0						12.4				1.2			2.9				**34.0**
I	70	Sauðárkrók		2.5	11.3	1.3		0.1		0.1	0.6						1.2								0.7	1.4			6.9				39.4	**65.5**
II	63	Ísafjörður	1.3	2.5	0.6		0.5	0.1		0.1	0.6		7.5			5.5	1.2		1.2					0.7	2.7		1.1				1.2		15.1	**41.9**
II	59	Vestmannaey	5.0			5.0		0.1		0.1	0.6		2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.2				9.7		0.7	1.4	4.6				1.2	2.3		34.4	**73.7**
II	57	Patreksfj.	2.0			5.0	0.5	0.1			0.6	0.7	2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.2	0.3			5.3	2.7	0.7	1.4					1.2	0.6		22.0	**51.7**
II	51	Húsavík	15.0	2.5		6.2		0.1		0.2	0.6		0.8			5.5	1.2		1.1	0.3		0.4	9.7		0.7	1.4						0.6		23.3	**69.6**
II	50	Hornafjörð	17.6			5.0		0.1		0.1	0.6	0.7	2.6	1.7	0.7	1.3	1.2		1.1				12.4		0.7	1.4						0.1		20.9	**68.2**
III	40	Grímsey	7.5			1.2				0.1	3.4				0.7					0.7	0.1	0.4									1.2	0.6	0.3		**16.2**
III	37	Siglufjörð				0.6	0.4			0.1					0.7				1.2			0.4					6.3	1.1			1.1	0.6	0.3	12.4	**25.2**
III	37	Vopnafjörð		5.0	11.3					0.1					0.7																	0.4	11.0	**28.5**
III	36	Flateyri	3.2	0.6	1.3	1.3				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	**29.4**
III	36	Bíldudalur	3.0			1.3				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	**27.2**
III	36	Norðfjörður	3.0	3.8	11.3	0.6				0.1				1.6					1.2	0.7							6.3				1.2		0.3	13.4	**43.5**
III	36	Þingeyri	6.5			0.4									0.7				1.2								6.3	1.2			1.1		0.4	14.0	**31.8**
III	36	Þórshöfn	10.0		1.2	1.2				0.1	3.5				0.7					1.1		0.4					4.6	1.2					0.3	22.3	**46.6**
III	36	Suðureyri								0.2					0.7																1.2	0.6	0.4		**3.1**
III	36	Gjögur	3.0			5.0				0.1	3.4		2.6	1.7	0.7	1.3			1.2	0.7	0.1	0.4						1.2					8.5	**29.9**
III	36	Bakkafjörð	2.5			1.2				0.1	3.4				0.7				1.1	1.0		0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.5	**28.2**
III	36	Borgarfjörð	2.5							0.2	3.5				0.7				1.1		0.1	0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.4	**26.2**
III	32	Ólafsfjörð	1.3	0.6		1.3				0.2	3.5				0.7				1.2								4.6	1.1			1.2		0.4	10.4	**26.5**
III	32	Raufarhöfn	1.9			0.6									0.7					0.7														**25.3**
III	32	Breiðdalsv	6.9	1.2		1.3	0.1	0.1	0.1	0.1	3.5	0.1			0.7				1.1	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	**34.0**
III	32	Kópasker	13.7	2.5		5.0				0.1	3.5			1.7	0.7				1.2	1.1	0.1	0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	20.3	**57.7**
III	32	Fáskrúðsfj.	5.0	2.5	1.2	1.3		0.1	0.1	0.1	3.4	0.1			0.7			1.2	1.2								4.6	1.1			1.2		0.3	10.5	**34.6**
III	29	Rif	10.0							0.2									1.1	0.7		0.4					4.6	1.1					0.4	9.9	**28.4**
III	28	Blönduós	1.5	3.7	1.2	1.3				0.1					0.7					0.7							1.7						0.3	14.4	**25.6**
III	28	Stykkishólm	9.4	2.5		1.3					3.5	0.1			0.7				1.1	0.7											1.1		0.4	12.4	**33.2**
III	28	Hólmavík	15.0	2.5	1.2	0.1				0.2	3.5				0.7				1.2			0.4					4.6	1.2		1.2	1.2			10.4	**43.4**
III	28	Grundarfj.		2.5	1.2	1.2	0.1	0.1	0.1	0.1	3.4				0.7			1.3	1.1	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	**30.5**
Alls:			**171.8**	**38.7**	**46.8**	**75.7**	**2.7**	**1.5**	**0.3**	**3.8**	**63.7**	**1.7**	**36.0**	**14.0**	**18.8**	**27.2**	**11.2**	**3.5**	**27.7**	**34.2**	**0.6**	**5.2**	**86.6**	**2.7**	**6.3**	**15.1**	**88.5**	**22.4**	**13.8**	**7.0**	**20.7**	**8.4**	**8.2**	**414.7**	**1.279.5**
IV		Arngerðare.	2.5	0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.3								**4.8**
IV		Búðardalur	3.0	1.3	1.2		0.1				0.1							0.6									0.3								**6.6**
IV		Bær		0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.4								**2.4**
IV		Djúpivogur	3.8	2.5	1.3		0.1				0.1							0.6																	**8.4**
IV		Hella					0.1				0.1																								**0.2**
IV		Ingólfsfjall	1.3	0.6			0.1				0.1							0.6									0.4								**3.1**
IV		Kirkjub.kl.	1.2	1.3	0.3		0.1				0.1							0.6									0.3								**3.9**
IV		Melgr.eyri	1.3	0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.3								**3.6**
IV		Reykhólar	3.7	1.2	0.6		0.1				0.1							0.6									0.4								**6.7**
IV		Reykjahlíð	10.0	0.6	0.7		0.1				0.1							0.7									0.4								**12.6**
IV		Reykjanes	3.8	0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.3								**6.1**
IV		Sandskeið	6.3				0.1				0.1							0.7									4.6							10.5	**22.3**
IV		Selfoss	6.2								0.1																0.3								**6.6**
IV		Vík	1.3		0.6		0.1				0.1							0.6																	**2.7**
V		Lendingarst	61.5																																**61.5**
Alls:			**105.9**	**9.9**	**7.1**		**1.3**				**1.4**							**7.4**									**8.0**							**10.5**	**151.5**

Mynd 5.1 **Hlutfall helstu framkvæmdaflokka**

(sérverkefni undanskilin)



5.3 Tímaröðun framkvæmda

Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, að framkvæmdum þeim, sem lýst er í grein 5.2, verði lokið á einum áratug. Því er mikilvægt að raða framkvæmdaverkefnunum í tímaröð, þar sem tekið er tillit til eftirfarandi þátta:

- Forgangsröðunar flugvalla
- Innbyrðis forgangsröðunar verkefna á hverjum flugvelli
- Fjármagnsþarfar einstakra framkvæmda
- Hagkvæmni hverrar framkvæmdar

Ýmsar leiðir koma til greina til að samræma þá þætti, sem hér hafa verið nefndir. Flugmálanefnd leggur til, að ráðstöfunarfjármagni hvers árs verði í aðalatriðum skipt á eftirfarandi hlutföllum:

Áætlunarflugvellir	54%
Sérverkefni	25%
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	7%
Búnaður fyrir flugleiðsögu og flugumferðarstjórn	4%
Óráðstafað	10%

Við frekari skiptingu þess fjármagns, sem ætlað er til framkvæmda á áætlunarflugvöllum, skal eftirfarandi aðferð beitt:

1. Fjármagni til framkvæmda á áætlunarflugvöllum verði skipt milli verkefnaflokka þannig, að fjármagn til hvers flokks sé í réttu hlutfalli við áætlaðan heildarkostnað við að ljúka þeim framkvæmdum, sem enn er ólokið, og forgangsröð viðkomandi verkefnaflokks. Skipting fjármagnsins í átta verkefnaflokka samkvæmt þessari aðferð er sýnd í töflu 5.4.

2. Nota skal forgangsröðun verkefna og flugvalla til að ákveða hvernig framkvæmdafé í hverjum flokki er úthlutað til einstakra verkefna. Þannig er lögð áhersla á að ljúka forgangsverkefni hvers framkvæmdaflokks á öllum áætlunarflugvöllum í þeirri röð, sem fram kemur í töflu 5.2. Þó er nauðsynlegt að taka tillit til hagkvæmnisþátta í þessu sambandi bæði varðandi innkaup á búnaði og við gerð verksamninga.

3. Nýtist fjármagn, sem ráðstafað er til einhvers verkefnaflokks ekki af einhverjum ástæðum, er eðlilegt að þetta fjármagn sé flutt til verkefna í flokki, sem er framar í framkvæmdaröðinni.

Í töflu 5.4 er fyrst fundið vægi hvers framkvæmdaflokks sem hlutfall af heildarframkvæmdum á áætlunarflugvöllum. Þetta hlutfall er síðan vegið í öfugu hlutfalli við forgangsröð. Þar sem gert er ráð fyrir að malbikunarframkvæmdir verði látnar sitja á hakanum meðan öðrum verkefnum er sinnt er þessum framkvæmdaflokki gefið núll vægi í töflunni. Lokahlutfall framkvæmdaflokkanna gefur þá til kynna hver skiptingin yrði í upphafi framkvæmdatímabilsins. Þannig yrði 57,8% varið til flugbrauta, 16,5% til flugstöðva o.s.frv. Úthlutun 120 millj. kr. fjárveitingar er sýnd í síðasta dálki töflunnar. Til greina kemur að endurreikna þessi hlutföll á tímabilinu, t.d. þegar framkvæmdir við flugbrautir væru langt komnar.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að forgangsröðun flugvalla er fyrst og fremst sett fram til viðmiðunar, en ber ekki að skoða sem endanlega niðurröðun flugvalla. Til dæmis getur verið nauðsynlegt að taka tillit til öryggis- eða nytjasjónarmiða, þegar fjallað er um úthlutun til einstakra framkvæmda. Sérstaklega skal tekið fram, að nefndin telur ekki rétt að setja upp flugbrautarljós á þeim flugvöllum, þar sem næturflug verður ekki stundað vegna staðbundinna aðstæðna, fyrr en öðrum framkvæmdum í töflu 5.3 er lokið. (Flugvellirnir, sem hér eiga í hlut, eru: Bíldudalur, Flateyri, Þingeyri, Ólafsfjörður, Norðfjörður, Fáskrúðsfjörður, Borgarfjörður og Siglufjörður.)

Gert er ráð fyrir, að einstakar framkvæmdir séu svo stórar í sniðum eða mikilvægar af hagkvæmnis- eða öryggisástæðum, að þær falli ekki inn í ofangreindan ramma að framkvæmdaröðun. Dæmi um slík verkefni eru flugstöð á Reykjavíkurflugvelli, ný

flugbraut á Egilsstöðum og malbikun flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli. Þessi verkefni eru tekin út úr sem sérverkefni í áætluninni. Gerð varaflugvallar fyrir millilandaflug og stækkun og endurbætur á flugstjórnarmiðstöð falla utan þessarar áætlunar.

Nauðsynlegt er, að ávallt sé fyrir hendi sveigjanleiki til að veita meiri fjármunum til einstakra verkefna, en gert er ráð fyrir í þeirri úthlutun framkvæmdafjár, sem áður er lýst og byggist á forgangsröðun framkvæmda og flugvalla. Af þessari ástæðu er gert ráð fyrir, að tíu prósent fjárveitinga til framkvæmda á flugvöllum sé ekki ráðstafað fyrirfram, heldur séu notuð til að ná jafnvægi í framkvæmdaáætlun hvers árs.

Tafla 5.4 Skipting fjármagns milli framkvæmda flokka

Framkvæmdaflokkur	Forgangur		Framkv. (M.kr.)	Hlutf. framkv.	Vegið hlutf.	Loka hlutfall	Úthlutun 120
1. Flugbrautir/stæði	1	1	210.5	0,167	0.167	0.578	69.4
2. Flugstöð/tækjag.	1	2	122.5	0.095	0.048	0.165	19.8
3. Fjarsk.t/veðurm.t	1	3	8.3	0.006	0.002	0.007	0.9
4. Slökkvib./björg.b	1	4	65.4	0.051	0.013	0.044	5.3
5. Snjóhreinsibún.	1	5	107.2	0.084	0.017	0.058	6.9
6. Rafm./aðflugst.	1	6	181.9	0.142	0.024	0.082	9.8
7. Ljósabúnaður	1	7	169.0	0.132	0.019	0.065	7.8
8. Malbik	0	8	414.7	0.323	0.000	0.000	0.0
			1279.5	1.000	0.289	1.000	120.0

5.4 Tillaga að framkvæmdaáætlun

Eftirfarandi töflur sýna tillögur nefndarinnar um skiptingu fjármagns, hvers árs fyrir sig, milli hinna ýmsu flugvalla og verkefna í samræmi við þá aðferð sem lýst er í grein 5.3 hér að framan. Eins og sjá má er megináherslan í upphafi tímabilsins lögð á framkvæmdir við flugbrautir á þessum flugvöllum.

Ekki eru hér gerðar tillögur um skiptingu fjármagns á öðrum flugvöllum og lendingarstöðum.

Tafla 5.5.1 Framkvæmdaráætlun, 1. ár

KOSTNAÐARÁÆTLUN VEGNA UPPBYGGINGAR ÍSLENSKRA FLUGVALLA

Sérverkefni

	1987	1988	1989	1990	1991
Malbik Reykjavík	50.0	37.9			
Ný flugbraut Egilsst.		12.1	50.0	50.0	49.4
Flugstöð Reykjavík				131.0	131.0

Millj.kr.

Flokkur	Forgangsröð/ stigagjöf	Íslenskir flugvellir:	Flugrein/ flugbraut	Stæði og akbrautir	Flugstöð	Tækjageymsla	Fjarskiptatæki	Vindmælir/ hitamælir	Loftþrýstimælir	Segulbönd	Slökkvibúnaður	Björgunar-búnaður	Snjóplógur	Snjóblásari	Sandstrelfari	Brautarsópur	Bremsumælir	Ratlogn	Varaaflsagn	Radíovitl/ radar	NDB-Monitor	Markvitl	Stefnus.-MLS	Fjarlægðar-mælir	Skyggnismælir	Skýjahæðar-mælir	Flugbrautar-ljós	Aðflugshalla-ljós	Aðflugsljós	Leiðarljós	Leifturljós	Hindranaljós	Flugvallar-ljósvitl	Bundið slitlag	SAMTALS
I	109	Reykjavík	10.0			27.0		0.5		0.4	3.5		6.9		2.7			1.0	3.5	1.0		0.4	24.7		1.4	2.7	6.5	3.5			1.2	1.2		98.5
I	86	Akureyri	11.0	3.8			1.1	0.1		0.4	8.1		7.5	2.0		5.5	2.0			23.1			12.4		0.7	2.7		0.6	6.9	2.9				6.6	101.4
I	80	Egilsstaðir			3.5								2.9	2.1		5.5	2.0						12.4				1.2			2.9					34.0
I	70	Sauðarkrók		2.5	11.3	1.3		0.1		0.1	0.6						1.2								0.7	1.4			6.9				39.4	65.5
II	63	Ísafjörður	1.3	2.5	0.6		0.5	0.1		0.1	0.6		7.5			5.5	1.2		1.3						0.7	2.7		1.1			1.2		15.1	41.9
II	59	Vestmannaey	1.3			5.0		0.1		0.1	0.6		2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.3				9.7		0.7	1.4	6.5				1.2	2.3		34.4	73.7
II	57	Patreksfj.	1.3			5.0	0.5	0.1			0.6	0.7	2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.3	0.3			5.3	2.7	0.7	1.4					1.2	0.6		22.0	51.7
II	51	Húsavík	11.0	2.5		6.2		0.1		0.2	0.6		0.8			5.5	1.2		1.3	0.3		0.4	9.7		0.7	1.4						0.6		23.3	69.6
II	50	Hornafjörð	11.0			5.0		0.1		0.1	0.6	0.7	2.6	1.7	0.7	1.3	1.2		1.3				12.4		0.7	1.4						0.1		20.9	68.2
III	40	Grímsey	7.5			1.2				0.1	3.4				0.7					0.7	0.1	0.4									1.2	0.6	0.3			16.2
III	37	Siglufjörð				0.6	0.4			0.1					0.7				1.2			0.4					6.3	1.1			1.1	0.6	0.3	12.4	25.2
III	37	Vopnafjörð		5.0	11.3					0.1					0.7																	0.4	11.0	28.5
III	36	Flateyri	3.2	0.6	1.3	1.3				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	29.4
III	36	Bíldudalur	3.0			1.3				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	27.2
III	36	Norðfjörður	3.0	3.8	11.3	0.6				0.1				1.6					1.2	0.7							6.3				1.2		0.3	13.4	43.5
III	36	Þingeyri	6.5			0.4									0.7				1.2								6.3	1.2			1.1		0.4	14.0	31.8
III	36	Þórshöfn	10.0		1.2	1.2				0.1	3.5				0.7					1.1		0.4					4.6	1.2					0.3	22.3	46.6
III	36	Suðureyri								0.2					0.7																1.2	0.6	0.4		3.1
III	36	Gjögur	3.0			5.0				0.1	3.4		2.6	1.7	0.7	1.3			1.2	0.7	0.1	0.4						1.2						8.5	29.9
III	36	Bakkafjörð	2.5			1.2				0.1	3.4				0.7				1.1	1.0		0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.5	28.2
III	36	Borgarfjörð	2.5							0.2	3.5				0.7				1.1		0.1	0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.4	26.2
III	32	Ólafsfjörð	1.3	0.6		1.3				0.2	3.5				0.7				1.2								4.6	1.1			1.2		0.4	10.4	26.5
III	32	Raufarhöfn	1.9			0.6									0.7					0.7												0.6	0.4	20.0	25.3
III	32	Breiðdalsv	6.9	1.2		1.3	0.1	0.1	0.1	0.1	3.5	0.1			0.7				1.1	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	34.0
III	32	Kópasker	13.7	2.5		5.0				0.1	3.5			1.7	0.7				1.2	1.1	0.1	0.4					4.6	1.2			1.2		0.4	20.3	57.7
III	32	Fáskrúðsfj.	5.0	2.5	1.2	1.3		0.1	0.1	0.1	3.4	0.1			0.7				1.2	1.2							4.6	1.1			1.2		0.3	10.5	34.6
III	29	Rif	10.0							0.2									1.1	0.7		0.4					4.6	1.1					0.4	9.9	28.4
III	28	Blönduós	1.5	3.7	1.2	1.3				0.1					0.7					0.7							1.7						0.3	14.4	25.6
III	28	Stykkishólm	9.4	2.5		1.3					3.5	0.1			0.7				1.1	0.7													0.4	12.4	33.2
III	28	Hólmavík	15.0	2.5	1.2	0.1				0.2	3.5				0.7				1.2			0.4					4.6	1.2			1.1			10.4	43.4
III	28	Grundarfj.		2.5	1.2	1.2	0.1	0.1	0.1	0.1	3.4				0.7				1.3	1.1	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	30.5
Alls:			171.8	38.7	46.8	75.7	2.7	1.5	0.3	3.8	63.7	1.7	36.0	14.0	18.8	27.2	11.2		3.5	27.7	34.2	0.6	5.2	86.6	2.7	6.3	15.1	88.5	22.4	13.8	7.0	20.7	8.4	8.2	414.7	1.279.5
IV		Arnarðare.	2.5	0.6	5.6			0.1			0.1								0.6								0.3								4.8
IV		Aðaldalur	3.0	1.3	1.2			0.1			0.1								0.6								0.3								6.6
IV		Bær		0.6	0.6			0.1			0.1								0.6								0.4								2.4
IV		Djúpivogur	3.8	2.5	1.3			0.1			0.1								0.6																8.4
IV		Hella						0.1			0.1																								0.2
IV		Kirkjub.kl.	1.2	1.3	0.3			0.1			0.1								0.6								0.3								3.9
IV		Melgr.eyri	1.3	0.6	0.6			0.1			0.1								0.6								0.3								3.6
IV		Reykhólar	3.7	1.2	0.6			0.1			0.1								0.6								0.4								6.7
IV		Reykjahlíð	10.0	0.6	0.7			0.1			0.1								0.7								0.4								12.6
IV		Reykjanes	3.8	0.6	0.6			0.1			0.1								0.6								0.3								6.1
IV		Sandskeið	6.3					0.1			0.1								0.7								4.6							10.5	22.3
IV		Selfoss	6.2								0.1																0.3								6.6
IV		Vík	1.3		0.6			0.1			0.1								0.6																2.7
V		Lendingarst	61.5																																61.5
Alls:			105.9	9.9	7.1		1.3				1.4								7.4								8.0							10.5	151.5

Tafla 5.5.2 Framkvæmdaráætlun, 2. ár

KOSTNAÐARÁÆTLUN VEGNA UPPBYGGINGAR ÍSLENSKRA FLUGVALLA

Sérverkefni

	1987	1988	1989	19	90	1991
	50.0	37.9				
Malbik Reykjavík		12.1	50.0	50	.0	49.4
Ný flugbraut Egilsst.				131	.0	131.0
Flugstöð Reykjavík						

Millj.kr.

Flokkur	Forgangsröð/ stigagjöf	Íslenskir flugvellir:	Flugrein/ flugbraut	Stæði og akbrautir	Flugstöð	Lækjageymsla	Fjarskiptatæki	Vindmælir/ hitamælir	Loftþrýstimælir	Segulbúnað	Slökkvibúnaður	Björgunarbúnaður	Snjóplógur	Snjóblásari
I	109	Reykjavík	10.0			27.0		0.5		0.4	3.5		6.9	
I	86	Akureyri	15.0	3.8			1.1	0.1		0.4	8.3		9.8	2.(
I	80	Egilsstaðir			5.0								2.9	2.1
I	70	Sauðarkrókur		2.5	11.3	1.3		0.1		0.1	0.6			
II	63	Ísafjörður	1.3	2.5	0.6		0.5	0.1		0.1	0.6		7.5	
II	59	Vestmannaey	5.0			5.0	0.5	0.1		0.1	0.6		2.6	1.(
II	57	Patreksfj.	2.0			5.0	0.5	0.1			0.6	0.7	2.6	1.(
II	51	Húsavík	15.0	2.5		6.2		0.1		0.2	0.6		0.8	
II	50	Hornafjörð	17.6			5.0		0.1		0.1	0.6	0.7	2.6	1.1
III	40	Grímsey	3.3			1.2				0.1	3.4			
III	37	Siglufjörð				0.6	0.4			0.1				
III	37	Vopnafjörð		5.0	11.3					0.1				
III	36	Flateyri	3.4	0.6	1.3	1.3				0.1	3.5			
III	36	Bíldudalur	3.4			1.3				0.1	3.5			
III	36	Norðfjörður	3.9	3.8	11.3	0.6				0.1				1.6
III	36	Þingeyri	6.1			0.4								
III	36	Þórshöfn	18.8		1.2	1.2				0.1	3.5			
III	36	Suðureyri								0.2				
III	36	Gjögur	2.8			5.0				0.1	3.4		2.6	1.7
III	36	Bakkafjörð	2.1			1.2				0.1	3.4			
III	36	Borgarfjörð	2.5							0.2	3.5			
III	32	Ólafsfjörð	1.3	0.6		1.3				0.2	3.5			
III	32	Raufarhöfn	1.8			0.6								
III	32	Breiðdalsv	6.8	1.2		1.3	0.1	0.1	0.1	0.1	3.5	0.1		
III	32	Kópasker	11.7	2.5		5.0				0.1	3.5			1.7
III	32	Fáskrúðsfj.	5.0	2.5	1.2	1.3		0.1	0.1	0.1	3.4	0.1		
III	29	Rif	10.0							0.2				
III	28	Blönduós	1.5	3.7	1.2	1.3				0.1				
III	28	Stykkishólm	9.4	2.5		1.3					3.5	0.1		
III	28	Hólmavík	15.0	2.5	1.2	0.1				0.2	3.5			
III	28	Grundarfj.		2.5	1.2	1.2	0.1	0.1	0.1	0.1	3.4			
	Alls:		171.8	38.7	46.8	75.7	2.7	1.5	0.3	3.8	63.7	1.7	36.0	14.(
IV		Árnesþáre.	2.5	0.6	0.6		0.1				0.1			
IV		Búðardalur	3.5	1.3	1.2		0.1				0.1			
IV		Bær		0.6	0.6		0.1				0.1			
IV		Djúpivogur	3.8	2.5	1.3		0.1				0.1			
IV		Hella					0.1				0.1			
IV		[illegible]												
IV		Kirkjubæjarkl.	1.2	1.3	0.3		0.1				0.1			
IV		Melgr.eyri	1.3	0.6	0.6		0.1				0.1			
IV		Reykhólar	3.7	1.2	0.6		0.1				0.1			
IV		Reykjahlíð	10.0	0.6	0.7		0.1				0.1			
IV		Reykjanes	1.8	0.6	0.6		0.1				0.1			
IV		Sandskeið	6.1				0.1				0.1			
IV		Selfoss	6.2								0.1			
IV		Vík	1.3		0.6		0.1				0.1			
V		Lendingarst	61.5											
	Alls:		105.9	9.9	7.1		1.3				1.4			

Flokkur	Sanddreifari	Brautarsópur	Bremsumælir	Ratsjá	Vararafmagn	Radiovitl/ radar	NDB-Monitor	Markvitl	Stefnus.-MLS	Fjarlægðarmælir	Skyggnismælir	Skýjahæðarmælir	Flughreutarljós	Aðflugshallaljós	Aðflugsljós	Leiðarljós	Leifturljós	Hindranaljós	Flugvallarljósvitl	Bundið slitlag	SAMTALS
I	2.7			1.0	3.5	1.0		0.4	24.7		1.4	2.7	6.9	3.5				1.2	1.2		98.5
I		5.5	2.0			23.1			12.4		0.7	2.7		0.6	6.9	2.9				6.6	101.4
I		5.5	2.0						12.4				1.2			2.9					34.0
I			1.2								0.7	1.4			6.9					39.4	65.5
II		5.5	1.2		1.2						0.7	2.7		1.1				1.2		15.1	41.9
II	0.7	1.3	1.2		1.2				9.7		0.7	1.4	4.6				1.2	2.3		34.4	73.7
II	0.7	1.3	1.2		1.2	0.3			5.3	2.7	0.7	1.4					1.2	0.6		22.0	51.7
II		5.5	1.2		1.1	0.3		0.4	9.7		0.7	1.4						0.6		23.3	69.6
II	0.7	1.3	1.2		1.1				12.4		0.7	1.4						0.1		20.9	68.2
III	0.7					0.7	0.1	0.4									1.2	0.6	0.3		16.2
III	0.7				3.2			0.4					6.3	1.1			1.1	0.6	0.3	12.4	25.2
III	0.7																		0.4	11.0	28.5
III	0.7				3.2								4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	29.4
III	0.7				3.2								4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	27.2
III					3.2	0.7							6.3				1.2		0.3	13.4	43.5
III	0.7				3.2								6.3	1.2			1.1		0.4	14.0	31.8
III	0.7					1.1		0.4					4.6	1.2					0.3	22.3	46.6
III	0.7																1.2	0.6	0.4		3.1
III	0.7	1.3			3.2	0.7	0.1	0.4						1.2						8.5	29.9
III	0.7				3.2	1.0		0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.5	28.2
III	0.7				3.2		0.1	0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.4	26.2
III	0.7				1.2								4.6	1.1			1.2		0.4	10.4	26.5
III	0.7					0.7												0.6	0.4	20.4	25.3
III	0.7				1.1	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	34.0
III	0.7				1.2	1.1	0.1	0.4					4.6	1.2			1.2		0.4	20.3	57.7
III	0.7			1.2	1.2								4.6	1.1			1.2		0.3	10.5	34.6
III					1.1	0.7		0.4					4.6	1.1					0.4	9.9	28.4
III	0.7					0.7							1.7						0.3	14.4	25.6
III	0.7				1.1	0.7											1.1		0.4	12.4	33.2
III	0.7				1.2			0.4					4.6	1.2		1.2	1.2			10.4	43.4
III	0.7			1.3	1.1	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	30.5
	18.8	27.2	11.2	3.5	27.7	34.2	0.6	5.2	86.6	2.7	6.3	15.1	88.5	22.4	13.8	7.0	20.7	8.4	8.2	414.7	1.279.5
				0.6									0.3								4.8
				0.6									0.3								6.6
				0.6									0.4								2.4
				0.6																	8.4
				0.6																	0.2
																					1.1
				0.6									0.3								3.9
				0.6									0.3								3.6
				0.6									0.3								6.7
				0.6									0.4								12.6
				0.7									0.4								6.1
				0.6									0.3							10.5	22.3
				0.7									4.6								6.6
													0.3								2.7
				0.6																	61.5
				7.4									8.0							10.5	151.5

Tafla 5.5.3 Framkvæmdaráætlun, 3. ár

KOSTNAÐARÁÆTLUN VEGNA UPPBYGGINGAR ÍSLENSKRA FLUGVALLA

Sérverkefni

	1987	1988	1989	1990	1991
Malbik Reykjavík	50.0	37.9			
Ný flugbraut Egilsst.		12.1	50.0	50.0	49.4
Flugstöð Reykjavík				131.0	131.0

Millj.kr.

Flokkur	Forgangsröð/ stigagjöf	Íslenskir flugvellir:	Flugrein/ flugbraut	Stæði og athafnasvæði	Flugstöð	Tækjageymsla	Fjarskiptatæki	Vindmælir/ hitamælir	Loftþrýstimælir	Segulbönd	Slökkvibúnaður	Björgunarbúnaður	Snjóplógur	Snjóblásari	Sanddreifari	Brautarsópur	Bremsumælir	Ratsjá	Varaaflsmagn	Radíovitti/ radar	NDB-Monitor	Markviti	Stefnus.-MLS	Fjarlægðarmælir	Skyggnismælir	Skyjahæðarmælir	Flugbrautarljós	Aðflugshallaljós	Aðflugsljós	Leiðarljós	Leifturljós	Hindranaljós	Flugvallarljósvitti	Bundið slitlag	SAMTALS
I	109	Reykjavík	10.0			27.0				0.4	3.5		6.9		2.7			1.0	3.5	1.0		0.4	24.7		1.4	2.7	6.9	3.5				1.2	1.2		98.5
I	86	Akureyri	15.0				1.1	0.1		0.4	8.1		7.5	2.0		5.5	2.0			23.1			12.4		0.7	2.7		0.6						6.6	101.4
I	80	Egilsstaðir			5.0									2.1		5.5	2.0						12.4				1.2			2.9					34.0
I	70	Sauðárkrókur			11.3			0.1		0.1							1.2								0.7	1.4			6.9					39.4	65.5
II	63	Ísafjörður	1.1		0.6			0.1		0.1			7.5			5.5	1.2		1.2						0.7	2.7		1.1				1.2		15.1	41.9
II	59	Vestmannaey	5.0					0.1		0.1			2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.2				9.7		0.7	1.4	4.6			1.2	2.3			34.4	73.7
II	57	Patreksfj.	2.0				0.5	0.1				0.7	2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.2	0.3			5.3	2.7	0.7	1.4				1.2	0.6			22.0	51.7
II	51	Húsavík	15.0					0.1		0.2			0.8			5.5	1.2		1.1	0.3		0.4	9.7		0.7	1.4					0.6			23.3	69.6
II	50	Hornafjörður	17.6			5.0		0.1		0.1		0.7	2.6	1.7	0.7	1.3	1.2		1.1				12.4		0.7	1.4					0.1			20.9	68.2
III	40	Grímsey	7.5			1.2				0.1					0.7					0.7	0.1	0.4									1.2	0.6	0.3		16.2
III	37	Siglufjörður				0.6				0.1					0.7				1.2			0.4					6.3	1.1			1.1	0.6	0.3	12.4	25.2
III	37	Vopnafjörður			11.3					0.1					0.7																	0.4	11.0	28.5
III	36	Flateyri	3.2		1.3	1.3				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	29.4
III	36	Bíldudalur	3.0			1.3				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	27.2
III	36	Norðfjörður	3.0		11.3	0.6				0.1				1.6					1.2	0.7							6.3				1.2		0.3	13.4	43.5
III	36	Þingeyri	6.5			0.4									0.7				1.2								6.3	1.2			1.1		0.4	14.0	31.8
III	36	Þórshöfn	10.0			1.2				0.1	3.5				0.7					1.1		0.4					4.6	1.2					0.3	22.3	46.6
III	36	Suðureyri								0.2					0.7																1.2	0.6	0.4		3.1
III	36	Gjögur	3.0			5.0				0.1	3.4		2.6	1.7	0.7	1.3			1.2	0.7	0.1	0.4						1.2					8.5	29.9
III	36	Bakkafjörður	2.5			1.2				0.1	3.4				0.7				1.1	1.0		0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.5	28.2
III	36	Borgarfjörður	2.5							0.2	3.5				0.7				1.1		0.1	0.4					4.6	1.2			1.1		0.4	10.4	26.2
III	32	Ólafsfjörður	1.3			1.3				0.2	3.5				0.7				1.2								4.6	1.1			1.2		0.4	10.4	26.5
III	32	Raufarhöfn	1.9			0.6									0.7				1.2	0.7												0.6	0.4	20.4	25.3
III	32	Breiðdalsv	6.9			1.3		0.1	0.1	0.1	3.5	0.1			0.7				1.2	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	34.0
III	32	Kópasker	13.7			5.0				0.1	3.5			1.7	0.7				1.2	1.1	0.1	0.4					4.6	1.2			1.2		0.4	20.3	57.7
III	32	Fáskrúðsfj.	5.0			1.1		0.1	0.1	0.1	3.4	0.1			0.7			1.2	1.2								4.6	1.1			1.2		0.3	10.5	34.6
III	29	Rif	10.0							0.2									1.1	0.7		0.4					4.6	1.1					0.4	9.9	28.4
III	28	Blönduós	1.3		1.3	1.3				0.1					0.7				1.2	0.7							1.7						0.3	14.4	25.6
III	28	Stykkishólm	2.3			1.3					3.5	0.1			0.7				1.3	0.7											1.1		0.4	12.4	33.2
III	28	Hólmavík	11.0			0.1				0.2	3.5				0.7				1.2			0.4								1.2			10.4	43.4
III	28	Grundarfj.				1.2		0.1	0.1	0.1	3.4				0.7			1.3	1.2	0.7	0.1	0.4					4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	30.5
Alls:			171.8	38.7	46.8	75.7	2.7	1.5	0.3	3.8	63.7	1.7	36.0	14.0	18.8	27.2	11.2	3.5	27.7	34.2	0.6	5.2	86.6	2.7	6.3	15.1	88.5	22.4	13.8	7.0	20.7	8.4	8.2	414.7	1.279.5
IV		Arngerðare.	2.5	0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.3								4.8
IV		Búðardalur	3.0	1.3	1.2		0.1				0.1							0.6									0.3								6.6
IV		Bær		0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.4								2.4
IV		Djúpivogur	3.8	2.5	1.3		0.1				0.1							0.6																	8.4
IV		Hella					0.1				0.1																								0.2
[illegible]																		0.6																	
IV		Kirkjub.kl.	1.2	1.3	0.3		0.1				0.1							0.6									0.3								3.9
IV		Melgr.eyri	1.3	0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.3								3.6
IV		Reykhólar	3.7	1.2	0.6		0.1				0.1							0.6									0.4								6.7
IV		Reykjahlíð	10.0	0.6	0.7		0.1				0.1							0.7									0.4								12.6
IV		Reykjanes	1.8	0.6	0.6		0.1				0.1							0.6									0.3								6.1
IV		Sandskeið	6.3				0.1				0.1							0.7									4.6							10.5	22.3
IV		Selfoss	6.2								0.1																0.3								6.6
IV		Vík	1.3		0.6		0.1				0.1							0.6																	2.7
V		Lendingarst	61.5																																61.5
Alls:			105.9	9.9	7.1		1.3				1.4							7.4									8.0							10.5	151.5

Tafla 5.5.4 Framkvæmdaráætlun, 4. ár

KOSTNAÐARÁÆTLUN VEGNA UPPBYGGINGAR ÍSLENSKRA FLUGVALLA

Sérverkefni

	1987	1988	1989	1990	1991
Malbik Reykjavík	50.0	37.9			
Ný flugbraut Egilsst.		12.1	50.0	50.0	49.4
Flugstöð Reykjavík				131.0	131.0

Millj.kr.

Flokkur	Forgangsröð/ stigagjöf	Íslenskir flugvellir:	Flugrein/ flugbraut	Stæði og akbrautir	Flugstöð	Tækjageymsla	Fjarskiptatæki	Vindmælir/ hitamælir	Loftþrýstimælir	Segulbönd	Slökkvibúnaður	Björgunarbúnaður	Snjóplógur	Snjóblásari	Sanddreifari	Brautarsópur	Bremsumælir	Rafl0gn	Varaafmagn	Radiovitl/ radar	NDB-Monitor	Markviti	Stefnus.-MLS	Fjarlægðarmælir	Skyggnismælir	Skyjahæðarmælir	Flugbrautarljós	Aðflugshallaljós	Aðflugsljós	Leiðarljós	Leifturljós	Hindranaljós	Flugvallarljósvitl	Bundið slitlag	SAMTALS
I	109	Reykjavík	10.0			27.0		0.5		0.4	3.5		6.9		2.7			1.0	3.5	2.6		0.4	24.7		1.4	2.7	6.9	3.5				1.2	1.2		98.5
I	86	Akureyri	15.0	3.8			1.1	0.1		0.4	8.1		7.5	2.0		5.5	2.0			23.1			12.4		0.7	2.7		0.6	6.9	2.9				6.6	101.4
I	80	Egilsstaðir			5.0								2.9	2.1		5.5	2.0						12.4				1.2			2.9					34.0
I	70	Sauðárkrók		2.5	11.3	1.3		0.1		0.1	0.6						1.2								0.7	1.4			6.9					39.4	65.5
II	63	Ísafjörður	1.3	2.5	0.6		0.5	0.1		0.1	0.6		7.8			5.5	1.2		1.2						0.7	2.7		1.1				1.2		15.1	41.9
II	59	Vestmannaey	5.0			5.0		0.1		0.1	0.6		2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.2				9.7		0.7	1.4	4.6				1.2	2.3		34.4	73.7
II	57	Patreksfj.	2.0			5.0	0.5	0.1			0.6	0.7	2.6	1.6	0.7	1.3	1.2		1.2	0.3			5.3	2.7	0.7	1.4					1.2	0.6		22.0	51.7
II	51	Húsavík	15.0	2.5		6.2		0.1		0.2	0.6		0.8			5.5	1.2		1.1	0.3		0.4	9.7		0.7	1.4						0.6		23.3	69.6
II	50	Hornafjörð	17.6			10.0		0.1		0.1	0.6	0.7	2.6	1.7	0.7	1.3	1.2		1.1				12.4		0.7	1.4						0.1		20.9	68.2
III	40	Grímsey	7.5			1.1				0.1	3.4				0.7					0.7	0.1	0.4									1.2	0.6	0.3		16.2
III	37	Siglufjörð				8.8	0.4			0.1					0.7				1.2			0.4					6.3	1.1			1.1	0.6	0.3	12.4	25.2
III	37	Vopnafjörð		5.0	11.3					0.1					0.7																	0.4	11.0	28.5
III	36	Flateyri	3.2	0.6	1.3	1.1				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.5	29.4
III	36	Bíldudalur	3.0			1.1				0.1	3.5				0.7				1.1								4.6	1.1			1.1		0.3	10.4	27.2
III	36	Norðfjörður	3.0	3.8	11.3	2.8				0.1				1.6					1.2	0.7							6.3				1.2		0.3	13.4	43.5
III	36	Þingeyri	6.5			1.1									0.7				1.2								6.3	1.2			1.1		0.4	14.0	31.8
Áætlunarflugvellir II	Flugvellir með 1200 að 1800 m flugrein.
Áætlunarflugvellir III	Flugvellir með 800 að 1200 m flugrein.
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	Flugvellir með allt að 800 m flugrein.
Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta	Allur búnaður sem ætlaður er til flugleiðsögu eða flugumferðarstjórnar.
Önnur flugmálastarfsemi	Öll önnur flugmálastarfsemi, en sú sem að framan er talin.

4. gr.

Ráðherra skal leggja skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar fyrir hvert reglulegt Alþingi.

II. KAFLI
FJÁRÖFLUN TIL FRAMKVÆMDA Í FLUGMÁLUM

5.gr.

Greiða skal sérstakt eldsneytisgjald af flugbensíni og þotueldsneyti sem selt er á íslenskum flugvöllum til innanlands-flugs og millilandaflugs. Gjald þetta skal nema kr. 1,30 af hverjum lítra flugbensíns og kr. 0,65 af hverjum lítra þotueldsneytis.

Áætlunarflug milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr.

6. gr.

Flugmálastjórn annast innheimtu eldsneytisgjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmáláætlun.

7. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

8. gr.

Flugvallagjald skal vera kr. 750,00 fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega

skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda ákvæði 9. gr.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

9. gr.

Flugfélög sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða gjald er nemi kr. 100,00 á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2-12 ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

10. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess ber ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda fulltrúa flugmálastjórnar á flugstöð skrá yfir farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir samkvæmt 2. mgr. 7. gr., eða greiða skuli hálft gjald samkvæmt 8. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

11. gr.

Flugvallagjald vegna farþega er ferðast með loftförum, sem skráð eru erlendis, og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða fulltrúa flugmálastjórnar fyrir brottför

loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Flugvallagjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum svo og gjald skv. 9. gr. skal greiða til flugmálastjórnar eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

13. gr.

Sé flugvallagjaldi ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög, er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa flugmálastjórnar lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjald hefur lögtaksrétt.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögreglu stöðva atvinnu-rekstur þess, er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningstæki hans undir innsigli.

14. gr.

Tekjum af flugvallagjaldi skv. 1. mgr. 7. gr. skal varið einungis til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

Tekjum af flugvallagjaldi skv. 9. gr. skal varið til byggingar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli.

15. gr.

Eldsneytisgjald skv. 5. gr. og flugvallagjald skv. 8. og 9. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld

þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986 þ.e. 250 stig.

16. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna sem aflað verður skv. ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

I

Almennt

Með bréfi dagsettu 7. febrúar 1984 skipaði samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Í nefndina voru skipuð Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Andri Hrólfsson stöðvarstjóri, Garðar Sigurðsson alþingismaður, Kristján Egilsson flugstjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri og dr. Þorgeir Pálsson prófessor. Ennfremur var Pétri Einarssyni flugmálastjóra falið að starfa með nefndinni og vera henni til ráðuneytis. Nefndin lauk störfum í september 1986.

Nefndin samdi lagafrumvarp þetta ásamt ítarlegri skýrslu á fylgiskjali I og telst hún hluti greinargerðarinnar. Er þar gerð nánari grein fyrir verkefnum og tillögum nefndarinnar.

Með frumvarpinu er stefnt að lögfestingu áætlanagerðar og fjármögnunar framkvæmda í flugmálum. Frumvarpið er samið með hliðsjón af ákvæðum vegalaga um vegáætlun og laga um fjáröflun til vegagerðar.

II

Um einstaka kafla frumvarpsins

Frumvarpinu er skipt í tvo kafla. I. kafli fjallar um flugmálaáætlun og II. kafli um fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Um I. kafla

Lagt er til að lögfest verði ákvæði um flugmálaáætlun með eftirfarandi meginsjónarmið í huga:

1. Að Alþingi ákveði á skýran og einfaldan hátt áætlun um framkvæmdir í flugmálum og að vilji Alþingis sé bindandi fyrir framkvæmdavaldið.
2. Að Alþingi fái reglulegt yfirlit um störf flugmálastjórnar.
3. Að stuðla að betri nýtingu fjármagns, auknum afköstum og skipulegri vinnubrögðum.

Í skýrslu nefndarinnar á fylgiskjali I er nákvæm áætlun um framkvæmdir í flugmálum.

Um 1.-2. gr.

Greinarnar eru í samræmi við ákvæði vegalaga nr. 6/1977 um vegáætlun.

Um 3. gr.

Flokkun vallanna er í samræmi við flokkun í skýrslu á fylgiskjali I.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um II. kafla

Í þessum kafla er lagt til að fjármögnun framkvæmda í flugmálum verði með tvennum hætti; annars vegar með tekjum af eldsneytisgjaldi og flugvallagjaldi og hins vegar með framlagi úr ríkissjóði.

Með þingsályktun mætti festa þessa upphæð sem ákveðið hlutfall af vergum þjóðartekjum, eins og nú er gert í vegamálum.

Um 5.-6. gr.

Hér er lagt til að eldsneytisgjald verði greitt af innanlands- og Evrópuflugi. Flugmálastjórn annist innheimtu gjaldsins og tekjum sé einungis varið til framkvæmda í flugmálum skv. flugmálaáætlun.

Um 7.-15. gr.

Greinar þessar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 8/1976 um flugvallagjald. Hér er þó lagt til að flugmálastjórn annist innheimtu gjaldsins sem renni til afmarkaðra verkefna skv. gr. frv.

Um 16. gr.

Er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar.

8. KAFLI

EGILSSTAÐAFLUGVÖLLUR

Tillögur og greinargerð

I. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 6. febrúar 1984 skipaði samgönguráðherra Matthías Bjarnason, nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Nefndin skyldi m.a. semja áætlun um almenna flugvelli sem tæki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar. Í bréfinu kom fram að við samningu þessarar áætlunar skyldi lögð áhersla á flugvöllinn á Egilsstöðum og flutning flugbrautar þar. Nefndin hefur fjallað ítarlega um Egilsstaðaflugvöll og fara hér á eftir niðurstöður nefndarinnar varðandi það mál.

Um alllangt skeið hafa farið fram miklar umræður um Egilsstaðaflugvöll og nauðsynlegar úrbætur á honum. Legið hefur fyrir að nauðsynlegt væri að skipta um yfirborð núverandi flugbrautar, en sú framkvæmd er kostnaðarsöm og tekur langan tíma og mun hafa í för með sér truflun á flugi á meðan það rask stendur yfir. Þá er ljóst að núverandi blindaðflug að flugbrautinni er ekki hægt að bæta svo viðunandi sé, en miklir annmarkar eru á blindaðfluginu í núverandi mynd.

II. Undirbúningsvinna.

Á 1017. fundi flugráðs 1982 var samþykkt að gera ítarlegan samanburð á aðflugi að núverandi brautarstæði og nýju brautarstæði á bökkum Lagarfljóts. Jafnframt var þremur verkfræðingum, Ólafi Pálssyni, Sveini Þórarinssyni og Gunnari Torfasyni falið að gera verkfræðilega úttekt og samanburð á því að endurbyggja gamla flugbraut eða byggja nýja á vestara stæði. Við það skyldi miðað að flugbraut yrði fyrir innanlandsflug og gengið út frá þeirri forsendu að flugvél á borð við Boeing 727 200 gæti notað flugbrautina. Verkfræðihópurinn skilaði ítarlegu áliti í apríl 1983 svo og viðauka við skýrslu sína í maí 1983. Á sama tíma skilaði flugöryggisþjónusta flugmálastjórnar undir stjórn Hauks Haukssonar skýrslu um flugleiðsögukerfi og blindaðflug að flugvellinum.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þessar skýrslur. Hefur hún m.a. haldið fund með verkfræðingahópnum svo og farið yfir önnur þau gögn, sem unnin hafa verið vegna þessa máls. Þá hefur nefndin farið á vettvang og skoðað Egils- staðaflugvöll og reynt að gera sér sem gleggsta grein fyrir aðflugi að flugvellinum miðað við þá valkosti um legu brauta sem komið hafa til greina. Í því sambandi flaug nefndin m.a. nokkur aðflug að flugvellinum í flugvél flugmálastjórnar. Á vegum flugmálastjórnar hefur jafnframt verið unnið að þessu máli m.a. kannaðir möguleikar á efnistöku vegna framkvæmdanna. Varðandi tæknilegan undirbúning hefur ekki verið kannað nægilega að hve miklu leyti þurfi að fergja brautina. Þá hefur flugmálastjóri átt viðræður

við landeigendur og er nú í undirbúningi samningur við þá um þetta mál. Að öllu þessu athuguðu hefur nefndin orðið sammála um að gera þær tillögur er í kafla III greinir.

III. Tillögur nefndarinnar.

Byggð verði ný flugbraut vestan við núverandi braut nær Lagarfljóti. Brautarstæðið verði samkvæmt þeirri tillögu sem nefnd hefur verið vestari braut, nyrðri lega. Stefnt verði að 2000 m braut. Við útboð verði boðnir út tveir kostir 1500 m og 2000 m og niðurstöður úr samanburði milli tilboða verði látnar skera úr um það, hvort verkinu verði skipt í tvo áfanga.

1. Helstu rök.

Helstu kostir og gallar þessarar legu eru eftirfarandi:

A. Kostir.

Hindranalaust aðflug. Uppsetning fullkomins category 1 blindaðflugskerfis (ILS) möguleg, samkvæmt ICAO staðli.
Auðveld lenging til suðurs með hliðsjón af landrými fram yfir 2000 metra, ef síðari þarfir krefja.
Að jafnaði bjartara aðflug úr suðri yfir Lagarfljótið. Að- og brottflug veldur minni truflun og ónæði í Egilsstaðakauptúni.
Ekki þarf að færa þjóðveg vegna byggingar brautar.

B. Gallar.

Breytingar nauðsynlegar á núverandi flugstöðvarbygg- ingu.
Veita þarf Eyvindará í nýjan farveg um enn lengri veg en í báðum hinum kostunum.
Land þarf að kaupa undir flugvallarsvæðið.
Flóðhætta á ytri hluta öryggissvæða (10 ára flóð).

Í áliti verkfræðinganna var frekar mælt með syðri legu nýrrar brautar, en við nánari athugun m.a. með viðræðum við eigendur Egilsstaðabúsins hefur komið í ljós, að sú lega myndi hafa í för með sér slíka röskun á búrekstri á Egilsstöðum að um stórfelldar bótagreiðslur yrði að ræða ef sú leið yrði valin og jafnvel hafa Egilsstaðabændur haft á orði, að grundvelli yrði kippt undan búrekstri, ef sú leið yrði farin. Hefur það ráðið miklu um þessa niðurstöðu nefndarinnar. Þá má og benda á að þessi lega hefur lægri aðflugsmöguleika úr suðri.

2. Kostnaður.

Nefndin hefur sérstaklega látið athuga kostnaðarmun á 1500 m og 2000 m flugbraut. Niðurstöður kostnaðaráætlunar eru þær, að kostnaður við 1500 m malbikaða braut verði um 95 milljónir kr. en 2000 m braut um 126 milljónir kr. Að undanförnu hafa tilboð einkum á jarðvinnu reynst verulega undir kostnaðaráætlun. Af þeim ástæðum telur nefndin rétt að bjóða út báða kostina og láta niðurstöður útboða skera úr um áfangaskiptingu.

Nefndin hefur rætt allnokkuð um hugsanlega fjármögnun þessarar framkvæmdar. Hefur m.a. verið athugað, hvort mögulegt sé að fjármagna þessa framkvæmd að einhverju leyti úr norrænum þróunarsjóðum. Einn möguleikinn sem til greina gæti komið í því efni er að fá fjármagn úr sjóði sem ekki hefur enn verið stofnaður, en ákvörðun mun verða tekin um innan skamms. Er hér um að ræða þróunarsjóð fyrir Norðurlönd í vestri, eins og sjóðurinn hefur verið nefndur, þ.e.a.s. Grænland, Ísland og Færeyjar. Að öðru leyti telur nefndin að fjármagna beri þessa framkvæmd með fé að fjárlögum.

3. Framkvæmdatími.

Æskilegt er að unnt verði að ljúka nýrri braut árið 1988 - þ.e. þriggja ára framkvæmdatími miðað við að framkvæmdir hefjist 1986.

Hönnun þyrfti að ljúka á þessu ári.

Rétt er að benda á að síðast var lagt yfirlag á braut Egilsstaðaflugvallar sumarið 1984 og er talið að það muni endast allt að þrjú ár.

Reykjavík, 5. febrúar 1985.

9. KAFLI

NEFNDARÁLIT OG TILLÖGUGERÐ UM VARAFLUGVÖLL FYRIR MILLILANDAFLUG

I. Inngangur.

Samgönguráðherra hefur óskað þess að nefnd, sem hann skipaði með bréfi dags. 6. febr. 1984, til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum, tæki sérstaklega til meðferðar varaflugvöll fyrir millilandaflug. Nefndin hefur fjallað um málið, farið yfir fyrirliggjandi gögn og fer hér á eftir álit hennar og niðurstöður.

II. Undirbúningsvinna.

Á 972. fundi flugráðs 1980 var samþykkt að skipa nefnd til að fjalla um stefnumótun varðandi varaflugvöll norðan eða austanlands sem nothæfur yrði fyrir stórar millilandaflugvélar íslenskra og erlendra flugfélaga, sem notuðu Keflavíkurflugvöll. Formaður nefndarinnar var Jóhannes R. Snorrason yfirflugstjóri.

Nefndin skilaði áliti 9. október 1980. Þar kemur fram, að athugaðir hafi verið í þessu sambandi flugvellirnir á Akureyri, Egilsstöðum, Húsavík og Sauðárkróki. Niðurstaða nefndarinnar var sú að Sauðárkrókur væri hagstæðasta valið og mætti völlurinn þeim kröfum, sem gera yrði til slíks flugvallar.

Á 987. fundi flugráðs þ. 18. des. 1980 var niðurstaða nefndarinnar rædd. Þar var gerð svofelld bókun: "Flugmálastjórn falið að gera yfirlit og áætlun um kostnað, sem því fylgir að gera Sauðárkrók, annars vegar að viðunandi velli fyrir innanlandsflug, og hins vegar að varaflugvelli fyrir millilandaflug. Átt er bæði við framkvæmd og rekstur. Flugráð ítrekar að athuganir eða framkvæmdir við varaflugvöll eigi ekki að hafa áhrif á framkvæmdir við aðra þá flugvelli, sem til álita hafa komið sem varaflugvellir fyrir millilandaflug".

Í framhaldi af þessu var á vegum flugmálastjórnar unnin greinargerð, "Varaflugvöllur við Sauðárkrók", dags. 12. maí 1981 og er höfundur Haukur Hauksson varaflugmálastjóri. Í þeirri greinargerð var fjallað um ýmsa þætti, sem snerta rekstur slíks flugvallar svo og kostnaðaráætlun. Ljóst er að fleiri en einn kostur koma til greina varðandi rekstur, en gert var ráð fyrir að flugbraut yrði minnst 2287 m (7500 fet).

Málið virðist síðan ekki hafa fengið frekari umfjöllun, a.m.k. engar ákvarðanir verið teknar.

III. Ný gögn nefndarinnar.

Nefndin hefur farið yfir ofangreind gögn. Þá hefur hún fengið til viðtals við sig Jóhannes R. Snorrason, formann nefndarinnar frá 1980 og kvaðst hann enn þeirrar skoðunar að Sauðárkróksflugvöllur væri heppilegastur sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

Þá hefur nefndin látið framreikna kostnaðaráætlunina frá

1981. Þar kemur fram að miðað við verðlag í apríl 1985 mun kosta 52.8 milljónir kr. að ganga frá Sauðárkróksflugvelli sem innanlandsflugvelli miðað við þær kröfur, sem ætla má að nefndin geri tillögur um að slíkur flugvöllur þurfi að uppfylla, þ.m.t. malbikun flugbrautar og hitun flugreinar. Viðbótarkostnaður vegna varaflugvallar er 135.7 milljónir kr. þ.m.t. lenging í 2290 m og malbikun flugbrautar, hitun flugreinar, nýr slökkvibúnaður o.fl. Samtals er kostnaður 188.5 milljónir kr.

Þá hefur nefndin leitað umsagnar Flugleiða h/f og Arnarflugs h/f. Í umsögn Flugleiða dags. 13. maí s.l. kemur fram, að félagið leggur áherslu á byggingu varaflugvallar fyrir millilanda-flug, en hann og tilheyrandi tækjabúnaður verði í samræmi við alþjóðakröfur til slíkra flugvalla. Bendir félagið á að flug tveggja hreyfla þota yfir Atlantshafið auki þörfina fyrir slíkan völl á Íslandi og að veðurspár verði veittar fyrir hann. Þá kemur fram að Flugleiðir eru sammála niðurstöðu nefndarinnar frá 1980 um að Sauðárkrókur sé hagstæðasti kosturinn. Að lokum kemur fram í umsögn Flugleiða, að flugbraut megi ekki vera styttri en 2290 m (7500 fet), en æskileg lengd sé 2440 m (8000 fet) eða lengri.

Í umsögn Arnarflugs dags. 29. maí s.l. kemur fram að fátítt sé að flugvélar Arnarflugs geti ekki lent á Keflavíkurflugvelli vegna veðurs eða u.þ.b. tvisvar á ári. Engu að síður verði allar flugvélar að hafa aðgang að fullkomnum varaflugvelli. Í bréfi Arnarflugs eru síðar tilgreind nokkur helstu atriði, sem hafa þarf í huga við val varaflugvallar, og að Sauðárkróksflugvöllur hafi eða geti haft það sem til þarf. Arnarflug mælir því eindregið með því að Sauðárkróksflugvöllur verði byggður upp sem aðal varaflugvöllur Íslands fyrir millilandaflug.

IV. Niðurstöður nefndarinnar.

Nefndin bendir á, að verulegur kostnaður er því fylgjandi að byggja og reka varaflugvöll fyrir millilandaflug. Slík framkvæmd megi ekki hafa slíkan forgang, að hún verði tekin fram yfir ýmsar mikilvægar framkvæmdir við aðra flugvelli landsins. Þá er ekki ljóst, hversu umfangsmikill rekstur verði á slíkum velli né hversu mikinn útbúnað eigi að hafa. Áður en lengra er haldið þarf og að kanna, hvort möguleiki sé á alþjóðlegu fjármagni til framkvæmda og rekstrar.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir gerir nefndin svofelldar tillögur.

TILLÖGUR:

Nefndin mælir með því við samgönguráðherra að stefnt verði að því að Sauðárkróksflugvöllur verði varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Næstu skref í undirbúningi verði sem hér segir:

1. Kannað verði frekar hvaða kröfur eigi að gera um útbúnað á flugvellinum, síðan verði völlurinn forhannaður og nánari kostnaðaráætlun gerð.

2. Gerð verði athugun á því hversu umfangsmikill rekstur skuli fara fram á flugvellinum vegna hlutverks hans sem varaflugvallar, hver sé kostnaður við reksturinn og hvernig hann verði fjármagnaður.

3. Kannað verði hvernig unnt sé að fjármagna stofnkostnað og hvort alþjóðlegt fjármagn sé fáanlegt í því skyni.

Að ofangreindum upplýsingum fengnum verði endanleg ákvörðun tekin um framkvæmdir og tímasetningar þeirra.

Reykjavík, 25. júní 1985.

10. KAFLI

NEFNDARÁLIT OG TILLÖGUR UM FLUGSTÖÐ Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

I. Inngangur.

Með bréfi dags. 6. febrúar 1984 skipaði samgönguráðherra nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Í lýsingu á verkefnum nefndarinnar segir m.a.: "Einnig skal gerð ítarleg áætlun um uppbyggingu nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli og tekið mið af því undirbúningsstarfi, sem byggingarnefnd flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli hefur unnið. Lögð er áhersla á, að samráðs verði leitað við flugrekstraraðila um staðsetningu og fyrirkomulag hinnar nýju stöðvar, jafnframt því að leita umsagnar þeirra aðila, sem um ferðamál fjalla. Stefnt verði að því að framkvæmdir við þessa flugstöð geti hafist eigi síðar en árið 1986".

II. Vinnubrögð nefndarinnar.

Nefndin hefur tekið flugstöð á Reykjavíkurflugvelli sem sérstakt verkefni og hefur fjallað um það á mörgum fundum. Farið hefur verið yfir gögn byggingarnefndar flugstöðvarinnar og fundir haldnir með henni. Þá hafa ennfremur verið haldnir fundir með flugrekstraraðilum og Flugleiðir h.f hafa sent til nefndarinnar ítarlega greinargerð um málið. Þá hefur og verið fjallað um málið í flugráði.

Það hefur tengst starfi nefndarinnar að þessu máli, að borgaryfirvöld hafa stefnt að því að taka deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar til meðferðar og samþykktar á haustmánuðum. Hefur Gísli Halldórsson arkitekt sérstaklega verið ráðinn til þessa verkefnis af hálfu borgaryfirvalda. Staðsetning flugstöðvar er að sjálfsögðu mikilvægur þáttur í heildarskipulagi flugvallarins. Því hefur nefndin haft samráð við Borgarskipulag Reykjavíkur og borgarverkfræðing til að samræmi sé í tillögugerð þessara aðila. Hefur Gísli Halldórsson arkitekt unnið með nefndinni að þessu verkefni svo og Ólafur Pálsson verkfræðingur.

III. Staðsetning.

Tveir staðir hafa helst komið til greina fyrir flugstöð. Annars vegar norðaustan við flugskýli Landhelgisgæslunnar (tilhögun A) og hins vegar við flugturninn (tilhögun B). Nefndin hefur ítarlega rætt þessa tvo staði. Ljóst er að tilhögun B er ódýrari og skv. kostnaðaráætlun þeirra Gísla Halldórssonar og Ólafs Pálssonar er kostnaðarmunur áætlaður um kr. 40.055.000, þ.e. kostnaður við tilhögun B áætlast 196.286 þús. kr. en við tilhögun A 235.341 þús. kr. Tilhögun B fylgja hins vegar ókostir. Með bréfi dags. 8. febrúar 1985 lögðust Flugleiðir h/f mjög eindregið gegn tilhögun B. Var bréfið mjög ítarlegt og helstu ókostir tíundaðir. Þeir voru m.a.: "Ekki væru uppfylltar kröfur um 150 m breið öryggissvæði sinn hvoru megin við flugbraut,

eins og gert væri ráð fyrir í ICAO Annex 14 (Aerodromes). Rými fyrir flugvélarstæði væru ófullnægjandi á þessum stað. Ónæði af hávaða yrði mun minna við staðsetningu A fyrir hótel- og skrifstofubyggingu svo og Landspítalasvæðið. Ekki væri unnt að koma fyrir í námunda við flugstöðina skv. tilhögun B frakt og tækjaskýli svo og flugskýli til geymslu flugvéla og viðhaldsþjónustu".

Þessi hörðu viðbrögð Flugleiða leiddu til þess að kannaðar voru frekar ýmsar hugmyndir um staðsetningu flugstöðvar í geiranum norðaustan við flugskýli Landhelgisgæslunnar. Eftir ítarlegar umræður og samráð bæði við flugrekendur og borgaryfirvöld hefur nefndin fallist á tillögu á uppdrætti dags. 2.10. 1985 og eru kostnaðaráætlanir miðaðar við þá tillögu. Má ætla að full samstaða náist um þá staðsetningu.

IV. Kostnaðaráætlun og byggingarframkvæmdir.

Gerðar hafa verið tillöguteikningar að flugstöðinni, útliti og fyrirkomulagi innan dyra. Er ítarleg grein gerð fyrir forsendum þeirra teikninga í greinargerð Teiknistofunnar hf. Heildarkostnaður skiptist í stórum dráttum sem hér segir:

1.	Flugstöðvarbygging	Kr.	123.131 þús.
2.	Aðkeyrsla og bifreiðastæði	Kr.	18.640 "
3.	Flugvélastæði	Kr.	78.000 "
4.	Hönnun, stjórnun og eftirlit	Kr.	13.770 "
5.	Lausabúnaður	Kr.	1.800 "
		Kr.	235.341 þús.

Rétt er að taka fram að nefndin hefur ekki tekið afstöðu til útlits né fyrirkomulags innan dyra og telur það eðlilegt verkefni byggingarnefndar.

Í tillögum að skipulagi þessa svæðis hefu verið reynt að haga byggingum á þann veg að kostnaðarmunur milli tilhögunar A og B verði sem minnstur. Má þar m.a. nefna að gert er ráð fyrir að flugskýli Landhelgisgæslunnar geti staðið fyrst um sinn. Æskilegt er þó að sem fyrst verði hugað að nýjum stað fyrir Landhelgisgæsluna og kæmi til greina að athuga makaskipti þannig að Landhelgisgæslan fengi flugskýli í flugvallargeira 5, sem Flugleiðir nýta nú, en Flugleiðir núverandi skýli Landhelgisgæslunnar og milligjöf í peningum til að hefja uppbyggingu flugskýla á nýjum stað. Varðandi þann kostnaðarmun milli tilhögunar A og B sem að ofan getur, vill nefndin taka fram, að skipulag flugvallarins gerir í báðum tilvikum ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi og uppbyggingu í geiranum norðaustan við skýli Landhelgisgæslunnar. Kostnaðarmunur þessi kæmi því fyrst og fremst fram í upphafi, við byggingu flugstöðvarinnar sjálfrar, en myndi jafnast út eftir því sem framkvæmdum miðaði áfram við uppbyggingu í þeim geira, þ.e. flugskýli o.fl. Í ofangreindum kostnaðaráætlunum er gert ráð fyrir 110 m breiðu flugvélastæði framan við flugstöð en í upphafi þarf ekki að byggja breiðara en 85 m og lækkar það ofangreindan kostnað við flugvélastæði um 10 milljónir kr. frá því sem fram kemur í áætluninni. Gerð hefur verið verkáætlun sem gerir ráð fyrir að eðlilegur framkvæmdatími væri fjögur ár frá því að hönnun hefst.

V. Tillögur.

Nefndin leggur til að flugstöð á Reykjavíkurflugvelli verði staðsett í geiranum norðaustur af flugskýli Landhelgisgæslunnar (tilhögun A), í samræmi við skipulagsuppdrátt Teiknistofunnar hf dags. 2.10. 1985, sbr. þó það sem að ofan greinir um framtíðarstað fyrir Landhelgisgæsluna.

Að lokinni umfjöllun og ákvörðun ráðherra um tillögur þessar, svo og ákvörðun borgaryfirvalda um deiliskipulag flugvallarsvæðisins, leggur nefndin til að byggingarnefnd flugstöðvar fjalli um nánari hönnun flugstöðvar.

Tillögur um fjármögnun munu fylgja lokaskýrslu nefndarinnar.

Með nefndaráliti þessu fylgir ítarleg greinargerð frá Teiknistofunni hf., þar sem gerð er nákvæm grein fyrir þeim atriðum, sem fjallað er um hér að framan, svo og öðru því er mál þetta varðar.

Reykjavík, 3. október 1985.

Sþ. 559. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning og forvinnu vegna nýrrar flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli. Skal við verk þetta farið eftir tillögum flugmálanefndar. Stefnt skal að því að framkvæmdir hefjist á árinu 1987.

Ríkisstjórninni er heimilt í þessum tilgangi að taka lán allt að 60 000 þús. kr.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Egilsstaðaflugvöllur hefur um alllangan tíma verið til athugunar hjá flugmálayfirvöldum bæði hvað varðar endurbyggingu flugbrautar og eins hugsanlegan flutning vallarins. Á árunum 1972–1973 var unnin áætlun um gerð nýs flugvallar við Snjóholt og nauðsynlegar úrbætur á núverandi velli voru rækilega raktar í skýrslu flugvallanefndar frá 1976. Árið 1982 var samþykkt í flugráði að gera ítarlegan samanburð á aðflugi að núverandi brautarstæði og nýju brautarstæði á bökkum Lagarfljóts. Jafnframt var ákveðið að gera verkfræðilega úttekt og samanburð á því að endurbyggja gömlu flugbrautina eða byggja nýja vestan flugstöðvarinnar. Skýrslur um flugleiðsögukerfi, blindaðflug og brautarstæði lágu fyrir ári síðar.

Flugmálanefnd, sem skilaði lokaskýrslu til samgönguráðuneytisins í október 1986, fékk í upphafi starfs síns sem sérstakt forgangsverkefni að kanna framtíðarskipan Egilsstaðaflugvallar. Í álitsgerð sinni kveðst nefndin hafa kynnt sér ítarlega fyrirliggjandi gögn og greinargerðir, farið á vettvang og í samvinnu við flugmálastjórn athugað nokkra aðra þætti, svo sem eignarrétt að nærliggjandi landsvæðum og möguleika á efnistöku.

Að athuguðu máli gerir nefndin tillögu um byggingu nýrrar flugbrautar vestan við núverandi braut nær Lagarfljóti. Stefnt verði að 2000 m braut, en að í útboði verði tveir kostir 1500 m og 2000 m og niðurstöður samanburðar yrðu látnar ráða hvort verkinu verði skipt í tvo áfanga. Niðurstöður kostnaðaráætlunar nefndarinnar eru að 1500 m braut kosti um 95 milljónir kr., en 2000 m braut um 126 milljónir kr. Nefndin taldi æskilegast að gerð hinnar nýju flugbrautar yrði lokið á þremur árum.

Skýrsla flugmálanefndar hefur verið til athugunar og umfjöllunar í samgönguráðuneytinu og m.a. rækilega um hana fjallað á sérstakri ráðstefnu á vegum ráðuneytisins hinn 12. desember 1986. Þar fengust margar góðar og gagnlegar ábendingar um efnisatriði hennar sem tekið verður tillit til við úrvinnslu nefndartillagna. Í kjölfar skýrslunnar hefur í samgönguráðuneytinu verið útbúið frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum sem lagt verður fyrir yfirstandandi Alþingi. Það var talið rétt að bíða með frekari framvindu tillagnanna þar til frumvarpið hefði fengið eðlilega umfjöllun á Alþingi, en þar sem ástandi Egilsstaðaflugvallar hefur hrakað meir en búist var við verður ekki undan því vikist að grípa nú þegar til sérstakra ráðstafana svo stytta megi sem kostur er tímann þar til ný og viðunandi flugbraut verði tekin í notkun. Af þeim sökum er þingsályktunartillaga þessi flutt nú þótt skammt sé liðið frá fjárlagagerð.

Þar sem ljóst er að allnokkur kostnaður fylgir þingsályktun þessari nái hún fram að ganga er í 2. mgr. hennar gert ráð fyrir heimild til lántöku allt að 60 milljónum kr. árið 1987.

Nd. 560. Frumvarp til laga [318. mál]

um breyting á lögum nr. 54/1986, um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

3. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 60/1984, orðast svo:

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum áður en lánsumsókn er lögð fram, eiga rétt á lánum skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga þessara, enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 13. gr. Kaupi lífeyrissjóður skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu eiga greiðendur iðgjalda til þess sjóðs hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Greiðendur iðgjalda til lífeyrissjóða, sem kaupa skuldabréf fyrir minna en sem nemur 20% af ráðstöfunarfé sínu, eiga ekki rétt til ofangreindra lána. Lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum áður en hann sækir um lán, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita og greiðslutíma iðgjaldanna til hinna einstöku sjóða.

Lánsréttur þeirra, sem hafa verið tímabundið utan vinnumarkaðar vegna árstíðabundinnar atvinnu eða veikinda, skal ekki skerðast af þeim sökum. Hið sama gildir um lánsrétt þeirra, sem hverfa tímabundið frá störfum vegna endurmenntunar eða annars náms, enda hafi þeir átt lánsrétt áður, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi maður haft heimilisstörf að aðalstarfi og ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en nemur fjórðungi ársverks eða meiri árslaun en 75 000 kr. miðað við kauplag á árinu 1985 á hann hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. sé hann ekki í hjúskap eða sambúð en annars á hann sama lánsrétt og maki hans.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa til lífeyrissjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 1. mgr. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði miðast lánsréttur hans við skuldabréfakaup þess sjóðs sem greiðir honum mestan lífeyri á þeim tíma sem sótt er um lánið. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar mgr., eiga hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sama máli gegnir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar og örorku þótt þeir séu ekki lífeyrisþegar.

Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra.

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan tveggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá bindandi svar um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma lánsins. Áður en gengið er frá lánssamningi skal kostnaðar- og greiðsluáætlun liggja fyrir og skal Húsnæðisstofnun kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu.

Lán skulu afgreidd í sömu röð og umsóknir berast, og/eða íbúðir verða veðhæfar, þó þannig að úthlutun til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn gangi fyrir úthlutun annarra lána skv. nánari reglum sem settar skulu í reglugerð. Heimilt er að skipta láninu í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur, enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. skal lántakanda gefinn kostur á að lánssamningur, afgreiðsla og útborgun lánsins verði á vegum viðkomandi lánastofnunar sem þá annast mat kostnaðar- og greiðsluáætlana.

Lán til sama umsækjanda skv. 13., 14. og 25. gr. laga þessara skal ekki veita oftar en á fimm ára fresti að jafnaði.

2. gr.

4. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 60/1984, orðast svo:

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. eru veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Þegar einstaklingur á í hlut ræðst lánsfjárhæð af samningi lífeyrissjóðs umsækjanda um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr., því hvort umsækjandi er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki og af stærð íbúðarinnar sem hér segir:

a. Eigi umsækjandi, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. 12. gr. nemur lán til hverrar íbúðar kr. 2 100 000, en eigi hann lágmarkslánsrétt nemur lán til hverrar íbúðar kr. 700 000. Önnur lán eru hlutfallslega þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans skv. 1. mgr. 12. gr. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.
b. Eigi umsækjendur íbúð fyrir nemur lán til hverrar íbúðar 70% af lánsfjárhæðum skv. a-lið þessarar greinar.
c. Lán samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar skulu skerðast um 2% fyrir hvern m^2 sem íbúðin er stærri en 180 m^2 að frádregnum bílskúr. Stærðarútreikningur íbúða skal gerður samkvæmt staðli ÍST 50.

Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð samkvæmt þessari grein aldrei vera hærri en nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ef húsnæði, sem íbúðarlán hefur verið veitt til, er tekið til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað er til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán samkvæmt þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við lágmarkslánsrétt skv. a-lið 1. mgr. 4. gr., sbr. og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1986.

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

3. gr.

5. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 60/1984, orðast svo:

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. eru veitt til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda.

Þegar einstaklingar eiga í hlut miðast lánsfjárhæð við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og það hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn á rétt á láni sem nemur 70% af lánum skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Umsækjandi, sem átt hefur íbúð áður, skal á sama hátt eiga rétt á láni sem nemur 70% af láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er samkvæmt þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim aðilum, sem reka stofnanir, s.s. fyrir öryrkja eða fatlaða, enda hafi viðkomandi stofnun hlotið starfsleyfi hlutaðeigandi ráðuneytis. Sama gildir um kaup á íbúðum fyrir öryrkja eða fatlaða. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut miðast lánsfjárhæð við hámarkslán skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. og 2. veðrétti.

Lánstími skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1987 er heimilt að undanþiggja þá námsmenn, sem verið hafa í námi er veitti þeim rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna, skilyrðum um greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs í 20 mánuði samtals á undanförnum 24 mánuðum. Sama á við um þá námsmenn sem lögðu inn lánsumsókn á tímabilinu september til desember 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til að sníða af nokkra vankanta, sem komið hafa í ljós á lögunum við framkvæmd þeirra einkum varðandi lánsrétt, þó þannig að ekki verði vikið frá þeirri stefnu sem samningsaðilar og stjórnvöld urðu ásátt um á s.l. vori. Þau atriði, sem einkum þótti ástæða til að taka til endurskoðunar, lúta að rétti fólks sem ekki er reglubundnir þátttakendur á vinnumarkaði og rétti námsmanna og þeirra sem stunda endurmenntun eða annað nám. Einnig voru stærðarreglur laganna teknar til endurskoðunar. Auk þess er lagt til að sett verði í lögin heimild til lánveitinga, t.d. til félagasamtaka eða sveitarfélaga, vegna kaupa á notuðu húsnæði fyrir viðurkenndar stofnanir öryrkja eða fatlaðra eða vegna íbúða fyrir öryrkja eða fatlaða.

Ofangreind atriði voru send húsnæðisnefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til umsagnar. Í umsögn nefndarinnar kom fram að ef óhjákvæmilegt er talið að flytja nú frumvarp til breytinga á lögunum þrátt fyrir litla reynslu af framkvæmd þeirra, legði nefndin áherslu á að reynt verði að hafa tillögurnar eins fáar og unnt er og að leitast verði við að forðast breytingar á lögunum ef talið er fært að styðjast við reglugerðarákvæði eða jafnvel gildandi lagaákvæði. Með þessum fyrirvara lagði nefndin fram tillögur sínar um þau atriði sem greind eru hér að framan. Frumvarp þetta er í aðalatriðum í samræmi við álit nefndarinnar.

Komið hefur í ljós að nokkuð er um það að fólk vinni ekki reglubundið á vinnumarkaði og geti því átt á hættu að missa lánsrétt sinn af þeim sökum. Til þess að koma í veg fyrir að tímabundið brotthvarf af vinnumarkaði valdi missi lánsréttar er lagt til að skilyrði laganna um aðild að lífeyrissjóði undanfarin tvö ár verði rýmkað nokkuð án þess þó að slakað verði á þeirri hvatningu, sem nú er í lögunum, að menn greiði iðgjöld til lífeyrissjóðs af launum sínum. Hins vegar er þegar fyrir í lögunum sérákvæði um þá sem stunda árstíðarbundin störf. Hvað sumarleyfi varðar á fólk ekki að missa rétt meðan á því stendur vegna reglna um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af orlofi. — Um þá sem gera hlé á störfum um skeið, t.d. hálft til eitt ár, vegna endurmenntunar eða annars náms, má segja að ósanngjarnt geti verið að þeir missi rétt sinn til lána hafi þeir áður verið reglubundnir greiðendur til lífeyrissjóðs. Því er lagt til að sett verði sérstakt undantekningarákvæði um slík tilvik.

Hvað varðar námsmenn, sem eiga rétt á láni hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, á þeim nú að vera ljós réttur þeirra til aðildar að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, sbr. 3. gr. laga nr. 72/1982. Í þessu sambandi skal tekið fram að gengið hefur verið frá samkomulagi á milli Söfnunarsjóðsins og Lánasjóðs ísl. námsmanna um að greitt verði í Söfnunarsjóðinn fyrir námsmenn frá og með 1. september 1986. Við greiðslu í sjóðinn öðlast námsmenn að hluta til 9 mánaða lífeyrisrétt og að hluta til 12 mánaða lífeyrisrétt. Ástæðan er sú að ef námsmaður lýkur námi í maí eða júní fær hann 9 mánaða lífeyrisrétt. Ef hann kemur aftur til náms að hausti er honum reiknaður 12 mánaða réttur. Þetta þýðir að komi námsmaður aftur til náms að hausti reiknast námsleyfið inn í lífeyrisgreiðslutímabilið. Framtíðarréttur námsmanna á því að vera tryggður innan ramma núgildandi laga og því ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um það atriði.

Hins vegar er talin ástæða til að setja sérákvæði vegna vanda námsmanna næstu 1–2 árin þar sem þeir hafi ekki haft tækifæri til að búa sig undir breytinguna sem fólst í lögunum. Því er gert ráð fyrir ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi þessu þar sem gert er ráð fyrir heimild til að undanþiggja námsmenn, sem sækja um lán á árunum 1986 og 1987, skilyrðum um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samanlagt 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði tvær efnisbreytingar. Annars vegar sú að í stað skilyrðisins um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs tvö undanfarandi ár sé nægilegt að hafa greitt iðgjöld í 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum. Breytingartillaga þessi kemur fram í 1. og 5. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins. — Hins vegar er lagt til að sett verði undantekningarákvæði um þá sem hverfa tímabundið af vinnumarkaði vegna endurmenntunar eða annars náms, sjá 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er 3. gr. l. nr. 54/1986 óbreytt.

Samkvæmt núgildandi lögum veldur brotthvarf af vinnumarkaði á síðustu 2 árum áður en lánsumsókn er lögð fram réttindamissi. Hér er t.d. um að ræða þá sem ekki eru reglubundnir þátttakendur á vinnumarkaði, m.a. þá sem skipta um atvinnu eða taka sér stutt launalaust leyfi af ýmsum orsökum. Til að koma í veg fyrir að slíkt brotthvarf af vinnumarkaði um skamman tíma leiði til réttindamissis er hér lagt til að gerð verði breyting á skilyrði um greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóða þannig að nægilegt sé að umsækjandi hafi greitt iðgjöld til lífeyrissjóða í 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum. Hvað sumarleyfi varðar skal hins vegar tekið fram að vegna innheimtu orlofs og greiðslna iðgjalda af því fara menn í reynd ekki í sumarleyfi án launa og ætti réttur því ekki að glatast af þeim sökum.

Um þá sem gera hlé á störfum um skeið, t.d. hálft til eitt ár, vegna endurmenntunar eða annars náms má segja að ósanngjarnt geti verið að þeir missi rétt sinn til lána, hafi þeir verið reglubundnir greiðendur lífeyrissjóðs. Því er lagt til að við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1986 verði bætt við 2. málsl. sem feli í sér sérstakt undantekningarákvæði um slík tilvik. Undantekningarákvæði þetta á einnig að leysa vanda ýmissa námsmanna, t.d. iðnnema í verknámi o.fl.

Um 2. gr.

Lögð er til ein efnisbreyting á 4. gr. laga nr. 54/1986, þ.e. tillaga gerð að nýrri reglu um stærðarútreikning íbúða og breytt stærðarmörk, sjá c-lið 1. mgr. 4. gr.

Einnig er lagt til að orðið lágmarksréttur í 4. mgr. 4. gr. sé skilgreint.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Lagt er til að stærðarútreikningar skuli gerðir samkvæmt staðli ÍST 50 svo og að stærðarmörk verði færð í 180 m^2, enda sé það sambærilegt við núgildandi 170 m^2 sé miðað við staðalinn.

Staðall ÍST 50 hefur verið staðfestur af Iðntæknistofnun og tók gildi 1. des. 1986. Bent hefur verið á að með viðmiðun við þennan staðal megi einfalda mjög framkvæmd með tölvutengingu við fasteignamatsskrá þar sem þessum staðli er beitt.

Rétt þykir að orðið lágmarksréttur sé skilgreint í lögunum og er lagt til að miðað verði við lágmarksrétt eins og um fyrstu kaup væri að ræða, þ.e. a-lið 4. gr. sbr. og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1986.

Um 3. gr.

Hér er gerð tillaga um eina efnisbreytingu, þá að heimilt verði að veita lán til kaupa á notuðum íbúðum vegna stofnana eða íbúða fatlaðra eða öryrkja. Breytingin felur í sér viðbót við 5. gr. laga nr. 54/1986, nýja 5. mgr. Hins vegar er sú breyting sem gerð er á 2. mgr. 5. gr. einungis til samræmingar. Að öðru leyti er 5. gr. l. nr. 54/1986 óbreytt.

14. gr. laga nr. 60/1984, sem fjallar um lán vegna kaupa á notuðu húsnæði, var skýrð svo að samkvæmt henni væri ekki gerður greinarmunur á því hvaða aðilar gætu fengi lán. Þannig var, eftir skýringu á 14. gr., talið heimilt að veita lán til félagasamtaka til kaupa á notuðum íbúðum fyrir öryrkja eða fatlaða eða vegna kaupa á notuðu húsnæði vegna stofnana fyrir öryrkja eða fatlaða. Ekki var ætlunin að fella slíka heimild niður með lögunum nr. 54/1986. Til að tryggja þá heimild er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um þetta atriði í 5. gr. laganna þar sem 5. gr. l. nr. 54/1986 tekur að öðru leyti eingöngu mið af einstaklingum, sbr. skilyrði laga nr. 54/1986 um aðild að lífeyrissjóði.

Rétt þykir að binda lánsrétt viðkomandi aðila, s.s. félagasamtaka, því skilyrði að sú stofnun, sem í hlut á, hafi hlotið starfsleyfi viðkomandi ráðuneytis.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gerð tillaga um tímabundið ákvæði um námsmenn, sem gildi árið 1987, og um þá sem sóttu um lán á tímabilinu september til desember 1986, til lausnar á vanda þeirra námsmanna er verið hafa í námi er veitti rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Talið er að hér sé einungis um að ræða vandamál næstu 1–2 árin frá gildistöku laga nr. 54/1986 þar sem menn höfðu ekki haft tækifæri til að búa sig undir breytinguna sem fólst í lögunum. Því er lagt til að heimilt verði að undanþiggja ofangreinda námsmenn, næstu 1–2 árin frá gildistöku laga nr. 54/1986, skilyrðinu um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóð samanlagt í 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum.

Nd. 561. Frumvarp til laga [319. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Hefji reikningseigandi byggingu íbúðarhúsnæðis eða kaupi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða tryggi sér ótímabundinn afnotarétt íbúðar með greiðslu ákveðins hluta af stofnkostnaði íbúðarhúsnæðisins með þeim kvöðum sem greindar eru í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, eða kaupi sér eignarhlut í leiguíbúð skv. 4. mgr. 58. gr. þeirra laga, sbr. c-lið 33. gr. laganna, þá skal innstæðan þó laus. Úttektarfjárhæð má ekki fara fram úr verði því sem greitt er fyrir íbúð eða eignarhlut í íbúð né vera hærri en nemur því framlagi

sem greitt var til tryggingar afnotarétti íbúðar. Innstæðan skal laus frá þeim tíma sem reikningseigandi staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að byggingin sé hafin eða þegar hlutaðeigandi staðfestir kaup á eignarhlut í íbúð eða greiðslu framlags til tryggingar afnotarétti íbúðar, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a.m.k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um húsnæðissparnaðarreikninga, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi í júní 1985, kemur fram að meginreglur frumvarpsins séu þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapi rétt til skattafsláttar. Fram kemur einnig í athugasemdum með frumvarpinu að nauðsynlegt sé að hvetja til sparnaðar áður en hafist er handa um öflun íbúðarhúsnæðis eða meiri háttar endurbóta, auk þess sem almenn þjóðhagsleg rök hníga að auknum sparnaði innanlands.

Ljóst er að það gengur þvert á ofangreind markmið laganna ef túlkun og framkvæmd þeirra er svo þröng að þeim sem stofna húsnæðissparnaðarreikninga vegna öflunar húsnæðis er mismunað allt eftir því hvernig eignaraðild eða eignarhaldi húsnæðis er háttað þó að ákvæði laganna séu að öðru leyti uppfyllt.

Megintilgangur laganna hlýtur að vera að hvetja til sparnaðar vegna öflunar húsnæðis. Verður að telja að það sé ekki í samræmi við vilja Alþingis eða anda laganna ef útiloka á stóra hópa frá þeim rétti sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita, jafnvel þó að eignarhald eða ráðstöfunarréttur á húsnæði sé á einhvern hátt takmarkaður eins og oftast er um félagslegar íbúðarbyggingar.

Á þetta hefur þegar reynt því að fyrir liggur að fjármálaráðuneytið hefur synjað félagsmönnum í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta um þann rétt sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita þó að ekki verði annað séð en að félagsmenn í Búseta uppfylli ákvæði laganna.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af allan vafa í þessu efni og tryggja að sparnaður vegna öflunar húsnæðis, hvort sem er hjá húsnæðissamvinnufélögum eða öðrum félagslegum íbúðabyggingum, veiti sama rétt samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga og önnur kaup á húsnæði til eigin nota.

Frumvarpið var flutt á 108. löggjafarþingi. Tvö nefndarálit komu frá fjárhags- og viðskiptanefnd sem hafði málið til meðferðar (sjá fskj. I og II).

Tillaga 1. minni hl. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar var samþykkt en rökstuðningur 1. minni hl. var sá að viðkomandi ráðuneyti kæmu sér saman um túlkun laganna.

Í svari við fyrirspurn 1. flutningsmanns þessa frumvarps í nóvembermánuði s.l. kom fram að ekki hefði enn náðst samkomulag milli ráðuneytanna um málið.

Flutningsmenn frumvarpsins telja því einsýnt að Alþingi verði að höggva á þennan hnút. Frumvarpið er því lagt fram á nýjan leik með þeirri breytingu sem 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar lagði til á síðasta þingi en það er samhljóða breyting og félagsmálaráðuneytið lagði til þegar frumvarpið var til meðferðar á síðasta þingi.

Fylgiskjal I.

Nefndarálit 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (Páls Péturssonar) um frumvarpið á síðasta þingi.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar. Aflað var umsagna félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Landsbankans, Samvinnubankans, Verslunarbankans, Alþýðubankans og Búseta um frumvarpið.

Túlkun félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis á lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga er ósamhljóða og meðan svo er eru lögin óvirk. Bankarnir benda á að samkvæmt lögunum sé binditími of langur til þess að húsnæðissparnaðarreikningar séu aðlaðandi fyrir innleggjendur.

Fyrsti minni hl. telur óhjákvæmilegt að lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga verði breytt og viðkomandi ráðuneyti komi sér saman um túlkun laganna. Því telur 1. minni hl. rétt að málið hljóti viðeigandi undirbúning í sumar og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fylgiskjal II.

Nefndarálit 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (Jóns Baldvins Hannibalssonar og Svavars Gestssonar) um frumvarpið á síðasta þingi.

Annar minni hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu á orðalagi 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fylgiskjal III.

Breytingartillaga 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JBH, SvG) við frumvarpið á síðasta þingi.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Hefji reikningseigandi byggingu íbúðarhúsnæðis eða kaupi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða tryggi sér ótímabundinn afnotarétt íbúðar með greiðslu ákveðins hluta af stofnkostnaði íbúðarhúsnæðisins með þeim kvöðum sem greindar eru í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, eða kaupi sér eignarhlut í leiguíbúð skv. 4. mgr. 58. gr. þeirra laga, sbr. c-lið 33. gr. laganna, þá skal innstæðan þó laus. Úttektarfjárhæð má ekki fara fram úr verði því sem greitt er fyrir íbúð eða eignarhlut í íbúð né vera hærri en nemur því framlagi sem greitt var til tryggingar afnotarétti íbúðar. Innstæðan skal laus frá þeim tíma sem reikningseigandi staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að byggingin sé hafin eða þegar hlutaðeigandi staðfestir kaup á eignarhlut í íbúð eða greiðslu framlags til tryggingar afnotarétti íbúðar, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a.m.k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

Sþ. 562. Svar [284. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um verð á steypu og sementi.

1. Hver var hækkun meðalverðs sements og steypu á milli áranna 1983–1984, 1984–1985 og 1985–1986, í prósentum og krónum talið: a) hækkun sementsverðs, b) hækkun steypu, c) hækkun steypu án sements?

Svar:

a. Hækkun meðalverðs sements var sem hér segir:

Á milli áranna 1983–1984	25.7%
Á milli áranna 1984–1985	22.2%
Á milli áranna 1985–1986	26.5%

b. Hækkun meðalverðs á steypu var sem hér segir:

Á milli áranna 1983–1984	31.7%
Á milli áranna 1984–1985	37.5%
Á milli áranna 1985–1986	42.7%

c. Hækkun meðalverðs á steypu án sements var sem hér segir:

Á milli áranna 1983–1984	35.4%
Á milli áranna 1984–1985	46.3%
Á milli áranna 1985–1986	50.4%

2. Hvert var meðalverð steypu, steypu án sements og sements framantalin ár?

Svar:

a. Meðalverð á steypu var sem hér segir (kr. á m^3):

Á árinu 1983	2032.70
Á árinu 1984	2676.70
Á árinu 1985	3681.90
Á árinu 1986	5253.80

b. Meðalverð á steypu án sements var sem hér segir (kr. á m^3):

Á árinu 1983	1256.90
Á árinu 1984	1701.80
Á árinu 1985	2490.30
Á árinu 1986	3746.50

c. Meðalverð á sementi var sem hér segir (kr. á tonn):

Á árinu 1983	3103.00
Á árinu 1984	3900.00
Á árinu 1985	4766.00
Á árinu 1986	6028.00

3. Hver var hluti sements af steypuverði þessi ár?

Svar:

Hluti sements af steypuverði var sem hér segir:

Á árinu 1983	38.2%
Á árinu 1984	36.4%
Á árinu 1985	32.3%
Á árinu 1986	28.7%

4. Hvernig var háttað verðlagseftirliti og hver var þáttur verðlagsyfirvalda við verðlagningu steypu og sements á þessu tímabili?

Svar:

Fram til ágústmánaðar 1984 var hámarksverð á steypu án sements ákvarðað af Verðlagsráði. Frá þeim tíma hefur ekki verið ákvarðað hámarksverð á steypu án sements og verðlagsyfirvöld hafa ekki haft afskipti af verðlagningunni. Verðlagsráð hefur ákvarðað hámarksverð á sementi á öllu tímabilinu sem fyrirspurnin nær til.

Ed. 563. Frumvarp til laga [320. mál]

um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI
Vísindaráð.

1. gr.

Vísindaráð er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

Það er hlutverk Vísindaráðs að efla íslenskar vísindarannsóknir í þeim tilgangi að afla þekkingar og skilnings á eðli mannsins og umhverfi hans og búa í haginn fyrir farsæla nýtingu náttúrugæða.

Um verkaskiptingu Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins fer eftir lögum þessum, svo og nánari ákvæðum í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum beggja ráðanna.

2. gr.

Verkefni Vísindaráðs í samræmi við hlutverk ráðsins skv. 1. gr. eru m.a. þessi:

1. Vísindaráð er ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er varðar rannsóknir á verksviði þess, þar á meðal tillögur um framlög ríkissjóðs til vísindastarfsemi. Ráðið skal gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með starfi og skipulagi vísindastofnana.
2. Vísindaráð veitir styrki til rannsóknaverkefna af því fé sem Vísindasjóður hefur til ráðstöfunar í því skyni á ári hverju. Fela má ráðinu úthlutun styrkja sem veittir eru til Íslands af alþjóðastofnunum og ætlaðir eru til vísindarannsókna.
3. Í samvinnu við Rannsóknaráð ríkisins heldur Vísindaráð skýrslur um þær vísindarannsóknir, sem unnið er að hér á landi hverju sinni, annast upplýsingaþjónustu um vísindarannsóknir og stuðlar að nauðsynlegu samstarfi milli þeirra aðila er að rannsóknum vinna. Einnig getur það tekið að sér dreifingu og staðið fyrir útgáfu vísindarita.
4. Vísindaráð hefur fyrir Íslands hönd samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og alþjóðastofnanir. Það hefur einnig eftirlit með rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi á starfssviði ráðsins og fjallar um leyfisveitingar til slíkra rannsókna á þeim sviðum þar sem þeirra er krafist samkvæmt lögum.
5. Vísindaráð ásamt Rannsóknaráði ríkisins lætur skrá yfirlit um tækjaeign rannsóknastofnana og stuðlar að samnýtingu tækja eftir því sem hagkvæmt þykir.

3. gr.

Vísindaráð greinist í þrjár deildir:

1. Náttúruvísindadeild.
2. Líf- og læknisfræðideild.
3. Hug- og félagsvísindadeild.

Kveðið skal nánar á í reglugerð um starfssvið og verkefni einstakra deilda.

Stjórnir deilda, sbr. 5. gr., og stjórn ráðsins, sbr. 4. gr., mynda saman Vísindaráð.

4. gr.

Stjórn Vísindaráðs skal skipuð fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar stjórn Vísindaráðs til fjögurra ára sem hér segir: a) formenn deildarstjórna Vísindaráðs, b) einn tilnefndan af Háskóla Íslands og c) einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður ráðsins.

Stjórn Vísindaráðs hefur umsjón með heildarskipulagi vísindastarfsemi í landinu og fjallar um tillögur deilda í því efni áður en þær eru sendar stjórnvöldum.

Stjórn Vísindaráðs er í fyrirsvari fyrir ráðið gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörslu Vísindasjóðs. Hún ákveður einnig hvernig skipta skuli ráðstöfunarfé Vísindasjóðs á milli deilda ráðsins.

Stjórn Vísindaráðs boðar til sameiginlegs fundar með deildarstjórnum eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að fjalla um meginstefnu í störfum ráðsins.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

a. Stjórn náttúruvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af raunvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af verkfræðideild Háskóla Íslands, tveir tilnefndir af rannsóknastofnunum í náttúruvísindum utan Háskólans og tveir af fundi fulltrúa atvinnuveganna og fulltrúa félaga sem fást við rannsóknir á sviði náttúruvísinda.
b. Stjórn líf- og læknisfræðideildar er skipuð sjö mönnum. Skulu þrír tilnefndir af læknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af tannlæknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af fundi fulltrúa stofnana og félaga sem fást við læknis- og líffræðilegar rannsóknir.
c. Stjórn hug- og félagsvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af fundi stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda.
d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
e. Aðalmenn og varamenn í deildarstjórnum skulu hafa háskólapróf eða sambærilega menntun í viðkomandi fræðigrein.
f. Menntamálaráðherra boðar til funda þeirra sem um getur í a- til c-liðum og skal ákveðið í reglugerð hverja þangað skuli boða.
g. Deildarstjórnir kjósa sér hver sinn formann.

Deildarstjórnir fylgjast með skipulagningu vísindastarfsemi í landinu hver á sínu sviði og eru stjórnvöldum til ráðuneytis í því efni. Þær skulu hafa frumkvæði um vísindastefnu, hlutast til um gerð langtímaáætlana og leggja á ráð um forgangsröðun verkefna.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum af fé Vísindasjóðs sem þær fá til ráðstöfunar og hafa eftirlit með því að þeim sé varið í samræmi við það sem áskilið var er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó að eigin frumkvæði boðið innlendum eða erlendum vísindamanni fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrk má veita til allt að þriggja ára í senn. Deildir Vísindaráðs skulu ekki sjálfar vera beinir aðilar að rannsóknum.

6. gr.

Stjórn Vísindaráðs ræður framkvæmdastjóra ráðsins til fimm ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið að fengnum tillögum ráðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

7. gr.

Rekstrarkostnaður Vísindaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til ráðsmanna.

8. gr.

Reikningar Vísindaráðs, þar með taldir reikningar Vísindasjóðs, skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðun. Eftir lok hvers reikningsárs skal senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf ráðsins ásamt samriti af ársreikningum.

II. KAFLI
Vísindasjóður.

9. gr.

Það er hlutverk Vísindasjóðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn vísindastofnanir og einstaklinga vegna tiltekinna rannsóknaverkefna og vísindalegrar sérþjálfunar. Einnig getur hann styrkt rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum og öðru sem til rannsókna þarf.

10. gr.

Tekjur Vísindasjóðs eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði í fjárlögum ár hvert.
b. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 37. gr. laga nr. 36/1986.
c. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum, en þær skulu undanskildar sköttum og frádráttarhæfar frá skatttekjum á því ári sem þær eru afhentar.

Hluta af árlegum peningatekjum Vísindasjóðs skal samkvæmt ákvörðun stjórnar Vísindaráðs leggja í sérstakan sjóð er nefnist stofndeild Vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má ekki skerða en heimilt er að verja vöxtum af fé hennar til almennrar starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Stjórn Vísindaráðs skiptir árlegu ráðstöfunarfé Vísindasjóðs á milli deilda ráðsins en deildarstjórnir taka ákvörðun um styrkveitingar til einstakra verkefna, sbr. 4. og 5. gr.

III. KAFLI
Rannsóknaráð ríkisins.

12. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

13. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í raunvísindum og tækni og rannsóknum á auðlindum lands og sjávar. Það skal vera

ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis um allt er varðar hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þar á meðal tillögur um framlög ríkissjóðs til þeirrar starfsemi.

Ráðið skal gera tillögur um stefnumörkun fyrir hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og fylgjast með starfi og skipulagi rannsóknastofnana á því sviði.

14. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu eiga sæti sjö menn skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn eins og hér segir:

Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu forstjóra rannsóknastofnana atvinnuveganna, Iðntæknistofnunar Íslands og Orkustofnunar.

Einn samkvæmt tilnefningu verkfræðideildar og raunvísindadeildar Háskóla Íslands í sameiningu.

Einn samkvæmt tilnefningu starfandi vísindamanna í raunvísindum eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

Einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.

Einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.

Einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra.

Einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Hann skal hafa víðtæka reynslu á sviði raunvísinda.

Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum. Menntamálaráðherra skipar varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðherra ákveður þóknun til ráðsmanna.

15. gr.

Rannsóknaráð ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Ráðning er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Hann skal hafa lokið háskólaprófi.

16. gr.

Rekstrarkostnaður Rannsóknaráðs ríkisins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum ár hvert.

17. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins á þeim sviðum sem talin eru í 13. gr. skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir rannsóknastarfsemi sem fram fer í landinu á starfssviði ráðsins og gera tillögur til úrbóta ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt. Rannsóknaráð framkvæmir ekki rannsóknir.
2. Gerð langtímaáætlunar um þróun hagnýtra rannsókna og þróunarstarfsemi. Ráðið skal beita sér fyrir framkvæmd slíkrar áætlunar í samráði við rannsóknastofnanir og samtök atvinnulífsins, m.a. með því að vera til ráðuneytis og gera tillögur um framlag ríkissjóðs til rannsóknastarfseminnar og leita eftir framlagi til hennar eftir öðrum leiðum.
3. Úthlutun styrkja til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til rannsókna, samkvæmt nánari ákvæðum í 18. gr. Fela má ráðinu úthlutun styrkja sem veittir eru til Íslands af alþjóðastofnunum og ætlaðir til rannsókna í þágu atvinnuveganna.
4. Yfirumsjón með óráðstöfuðu landsvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna skv. 59. gr. laga nr. 64/1965, svo og úthlutun styrkja úr Byggingarsjóði rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 19. gr. þessara laga og 61. gr. laga nr. 64/1965 (sbr. lög nr. 22/1973).

5. Fræðsla og kynning á rannsóknastarfseminni, m.a. með ársfundi, ársskýrslu og ráðstefnum.
6. Að stuðla að upplýsingaþjónustu sem vinni bæði að því að koma upplýsingum frá rannsóknastarfseminni á framfæri við atvinnuvegina og upplýsingaöflun fyrir rannsóknastarfsemina.
7. Að eiga samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
8. Eftirlit með starfsemi erlendra vísindamanna hér á landi á þeim sviðum, sem ráðið fjallar um.
9. Önnur þau verkefni sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

IV. KAFLI
Rannsóknasjóður.

18. gr.

Myndaður skal Rannsóknasjóður í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að efla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi til nýsköpunar og styrktar íslensku atvinnulífi. Tekjur þess sjóðs skulu m.a. vera sem hér segir:

1. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
2. Framlög úr Framkvæmdasjóði Íslands, samkvæmt ákvörðun stjórnar hans, er miðist við að lágmarki 10% af hreinum tekjum sjóðsins.
3. Tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins og leitt til arðbærrar framleiðslu.

Sjóður þessi getur veitt styrki til rannsóknaverkefna einstakra vísindamanna, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknaráð ríkisins tekur á móti umsóknum um styrki úr sjóðnum og skipar sérfróða menn til þess að meta slíkar umsóknir. Ráðið ákveður styrkveitingar. Þær skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Rannsóknaráð getur þó boðið innlendum eða erlendum vísindamanni, forstöðumanni rannsóknastofnunar eða fyrirtæki fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Einnig getur Rannsóknaráð að eigin frumkvæði veitt styrki til að undirbúa eða skipuleggja rannsókna- eða þróunarverkefni á sviðum sem ráðið telur mikilvæg.

Niðurstöður af verkefnum, sem notið hafa stuðnings úr Rannsóknasjóði, skulu að jafnaði birtar opinberlega í tímaritum eða skýrslum sem skulu vera aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi. Þó skal styrkþega heimilt að óska þess að niðurstöðum verði haldið leyndum. Skal styrkþegi þá endurgreiða raunvirði hins veitta styrks með kjörum sem nánar er kveðið á um í samningi.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um úthlutanir úr Rannsóknasjóði að fengnum tillögum Rannsóknaráðs.

V. KAFLI
Byggingarsjóður rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna.

19. gr.

Byggingarsjóður rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 61. gr. laga nr. 64/1965 (sbr. lög nr. 22/1973), er í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins. Tekjur þess sjóðs skulu m.a. vera sem hér segir:

1. Fjárveitingar í fjárlögum.
2. Einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands.

Sjóður þessi veiti styrki til meiri háttar tækjakaupa og byggingarframkvæmda. Rannsóknaráð ríkisins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Þær skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

VI. KAFLI
Samvinna Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins.

20. gr.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins skulu hafa með sér nána samvinnu. Sú samvinna skal einkum lúta að eftirfarandi atriðum:

a. Mótun samræmdrar vísinda- og tæknistefnu í landinu.
b. Eflingu og samræmingu grundvallarrannsókna og hagnýtra rannsókna í þágu atvinnuveganna svo sem kostur er.
c. Móttöku og afgreiðslu umsókna til Vísindasjóðs og Rannsóknasjóðs og samræmingu á meðferð og mati á umsóknum, svo og eftirliti með framkvæmd verkefna sem hljóta styrki.
d. Öflun upplýsinga og yfirlits um allar rannsóknir og þróunarstarfsemi í landinu á hverjum tíma og miðlun upplýsinga um þau efni.
e. Kynningu á rannsóknastarfseminni með ársfundum, ársskýrslum og ráðstefnum.
f. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði vísinda- og tæknimála og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á því sviði.
g. Eftirliti með starfsemi erlendra vísindamanna hér á landi.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins skulu reglulega skila sérstakri skýrslu til ráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu og skal hún ásamt greinargerð ráðherra lögð fyrir Alþingi til kynningar og umfjöllunar.

Setja skal á stofn samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er skipuð skal tveimur fulltrúum hvors ráðs og oddamanni er menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að tryggja samvinnu ráðanna og fjalla um þau mál sem þeim eru sameiginleg og varða verkaskiptingu þeirra.

Komið skal á samstarfi milli ráðanna um rekstur skrifstofu og önnur þjónustustörf eftir því sem við verður komið.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Tæki og annar búnaður sem keypt eru fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði skulu undanþegin aðflutningsgjöldum.

22. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1957, um Vísindasjóð, sbr. lög nr. 34/1971, svo og I. kafli (1.–8. gr.) laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Eignir Vísindasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum nr. 51/1957, falla til Vísindasjóðs sem mælt er fyrir um í þessum lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í 14. gr. skulu við fyrstu skipun í Rannsóknaráð ríkisins þrír af þeim, sem skipaðir eru, aðrir en formaður, skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Haustið 1977 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um Rannsóknaráð ríkisins, sbr. lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og samtímis aðra nefnd til að endurskoða lög um Vísindasjóð (nr. 51/1957, sbr. og lög nr. 34/1971). Samkvæmt skipunarbréfi var þeirri nefnd m.a. ætlað að kanna hvort tiltækilegt mundi að stjórnum deilda Vísindasjóðs (hugvísindadeildar og raunvísindadeildar) yrði falið að gegna hlutverki rannsóknaráðs, hvorri á sínu sviði undirstöðurannsókna. Þess var óskað að endurskoðunarnefndirnar tvær hefðu samráð og samstarf sín í milli í því skyni að tillögur þeirra gætu orðið sem traustastur grundvöllur ákvarðana um heildarskipan vísindamála. Jafnframt var boðað að nefndirnar mundu verða beðnar að fjalla í sameiningu um tillögur sem fyrir lágu um stofnun sérstaks rannsóknaráðs á sviði læknisfræði.

Í fyrrtöldu nefndina (um Rannsóknaráð ríkisins) voru skipaðir Steingrímur Hermannsson, þáv. framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs, formaður, dr. Ásbjörn Einarsson, þáv. deildarstjóri í Rannsóknastofnun iðnaðarins, dr. Björn Dagbjartsson, þáv. forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Ellert B. Schram alþingismaður og Sveinbjörn Björnsson, þáv. stjórnarformaður Raunvísindastofnunar Háskólans.

Í síðartöldu nefndina (um Vísindasjóð) voru skipaðir dr. Ólafur Bjarnason, formaður stjórnar Vísindasjóðs, formaður, dr. Guðmundur Pálmason, þáv. formaður stjórnar raunvísindadeildar sjóðsins, dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar hugvísindadeildar, Guðlaugur Þorvaldsson, þáv. háskólarektor, dr. Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, og dr. Sigmundur Guðbjarnason, þáv. formaður framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins.

Vísindasjóðsnefndin skilaði áliti í júní 1981 með tillögum að framvarpi til laga um Vísindaráð ríkisins. Rannsóknaráðsnefnd skilaði áliti í maí 1982 með tillögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þ.e. þeim ákvæðum er varða Rannsóknaráð ríkisins.

Tillögur nefndanna voru í samræmi við sameiginlega málamiðlunarniðurstöðu þeirra um skipan rannsóknaráða fyrir vísindalega rannsóknastarfsemi í landinu. Sú skipan fól í sér að auk Rannsóknaráðs ríkisins, er fjalla skyldi um hagnýtar rannsóknir í raunvísindum og tækni, yrði komið á fót Vísindaráði ríkisins er greindist í þrjár deildir: Náttúruvísindadeild, líf- og læknisfræðideild og hug- og félagsvísindadeild. Jafnframt var gert ráð fyrir samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er ynni að því að tryggja eðlilega samvinnu og verkaskiptingu ráðanna. Fram kom að vísindasjóðsnefnd hefði hallast að því að stofnað yrði eitt sameiginlegt rannsóknaráð er tæki yfir öll svið vísindastarfsemi í landinu en starfaði í fjórum deildum. Rannsóknaráðsnefnd hafnaði hins vegar þeirri leið þar sem hún taldi að með því móti gæti reynst erfitt að skapa nausynleg tengsl atvinnuveganna við rannsóknir í þeirra þágu en tryggja jafnframt sjálfstæði annarrar rannsóknastarfsemi.

Síðan nefndirnar skiluðu áliti hafa tillögur þeirra verið til athugunar og meðferðar með ýmsum hætti. M.a. var fjallað sérstaklega um frumvarpsdrögin á fundi í Rannsóknaráði ríkisins í nóvember 1983 og í framhaldi af þeim umræðum voru tillögurnar sendar ýmsum aðilum til umsagnar. Að tilhlutan menntamálaráðuneytisins var m.a. hugað sérstaklega að möguleikum á því að sameina frumvarpsdrögin með þeim hætti að stofnað yrði eitt vísinda- og rannsóknaráð, deildaskipt, í stað þess að hafa tvö sjálfstæð ráð, en um þetta atriði höfðu skoðanir reynst skiptar eins og áður segir.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er í meginatriðum reist á tillögum nefndanna tveggja sem að framan getur. Þó er valin sú leið að sameina ákvæðin um Vísindaráð og Rannsóknaráð í eina löggjöf með allítarlegum ákvæðum um samstarf þeirra, bæði að því er varðar stefnumótun og framkvæmdaatriði.

Meginatriði frumvarpsins.

Markmið þessa frumvarps er fjórþætt:

1. Að víkka starfssvið Vísindasjóðs, bæta við ráðgefandi og stefnumótandi hlutverki með myndun Vísindaráðs;
2. að veita Rannsóknaráði ríkisins ekki aðeins ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk heldur fela því jafnframt úthlutun rannsóknastyrkja til hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna;
3. að efla samstarf rannsóknaaðila í landinu og skapa vettvang samskipta og verkaskiptingar þeirra sem um þessi mál fjalla;
4. að treysta fjárhagsgrundvöll íslenskra vísindarannsókna.

Helstu nýmæli:

1. Vísindaráð. Stofnað verður Vísindaráð er greinist í þrjár deildir: Náttúruvísindadeild, líf- og læknisfræðideild og hug- og félagsvísindadeild. Gert er ráð fyrir að Vísindasjóður starfi áfram sem fjárhagslega sjálfstæður aðili en verði undir stjórn Vísindaráðs. Vísindaráð (stjórn þess og deildarstjórnir) tekur að því leyti við verkefnum núverandi stjórnar og deildarstjórna Vísindasjóðs en fær auk þess almennt hlutverk rannsóknaráða (m.a. stefnumótun og ráðgjöf við stjórnvöld) á þeim sviðum vísinda sem starfsemi þess tekur til.

2. Rannsóknaráð. Fulltrúum í Rannsóknaráði ríkisins fækkar úr 21 í 7 og verða þeir skipaðir með öðrum hætti en samkvæmt gildandi lögum. Felldur er brott sá þáttur úr verkefnum Rannsóknaráðs sem lýtur að því að ráðið standi sjálft að athugun á nýtingu náttúruauðæfa landsins. Jafnframt er verksvið ráðsins takmarkað við hagnýtar rannsóknir, meira en gert er í gildandi lögum.

3. Rannsóknasjóður. Gert er ráð fyrir lögfestingu rannsóknasjóðs sem Rannsóknaráð ríkisins veitir styrki úr til hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna.

4. Niðurfelling aðflutningsgjalda. Lagt er til að tæki og annar búnaður sem keyptur verður fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði skuli undanþeginn tollum og öðrum aðflutningsgjöldum.

5. Samstarfsnefnd. Gert er ráð fyrir fimm manna samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er skipuð skal tveimur fulltrúum hvors ráðs og oddamanni er menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að tryggja samvinnu ráðanna og fjalla um þau mál sem þeim eru sameiginleg og varða verkaskiptingu þeirra. Komið skal á samstarfi milli ráðanna um rekstur skrifstofu og önnur þjónustustörf eftir því sem við verður komið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stofnun Vísindaráðs og hlutverk þess.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru verkefni Vísindaráðs skilgreind. Vísindaráð veitir styrki til rannsóknaverkefna af því fé sem Vísindasjóður hefur til ráðstöfunar, sbr. 2. gr. núgildandi laga um Vísindasjóð. Að auki skal Vísindaráð (stjórn þess og deildarstjórnir): a) gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með starfsemi vísindastofnana, b) halda skýrslur um þær vísindarannsóknir sem unnið er að hér á landi og stuðla að auknu samstarfi á þessum vettvangi, c) stuðla að auknu samstarfi við erlenda aðila, d) stuðla að samnýtingu tækja, eftir því sem hagkvæmt þykir.

Eitt af mikilvægum verkefnum Vísindaráðs verður formlegt samband við hliðstæðar stofnanir erlendis en slíkan aðila vantar á vettvangi grunnrannsókna.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu Vísindaráðs í þrjár deildir: 1) náttúruvísindadeild, 2) líf- og læknisfræðideild og 3) hug- og félagsvísindadeild í stað tveggja deilda, raunvísindadeildar og hugvísindadeildar, í 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan og hlutverk stjórnar Vísindaráðs. Til að auðvelda samstarf stjórnar Vísindaráðs og deildarstjórna er lagt til að formenn hinna þriggja deilda ráðsins eigi sæti í stjórninni. Einnig er lagt til að stjórn Vísindaráðs hafi með höndum mun víðtækara verkefni en stjórn Vísindasjóðs hefur samkvæmt núgildandi lögum um Vísindasjóðs.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan deildarstjórna. Lagt er til að allmargir fulltrúar í deildarstjórnum séu tilnefndir af ýmsum deildum Háskólans. Um stofnanir og félagasamtök sem tilnefna aðra fulltrúa skal kveðið á í reglugerð. Gert er ráð fyrir að deildarstjórnir verði skipaðar sjö mönnum í stað fimm samkvæmt lögum um Vísindasjóð. Skapar þetta meiri faglega breidd í deildarstjórnir og stuðlar að því að á fundum deildarstjórnar sé ávallt til staðar meiri hluti fastafulltrúa og þá væntanlega starfhæfari eining.

Deildarstjórnum er ætlað hlutverk rannsóknaráða, hverri á sínu sviði, mótun vísindastefnu, gerð langtímaáætlana og úthlutun styrkja af fé Vísindasjóðs sem þær fá til ráðstöfunar.

Um 6.–7. gr.

Hér er gert ráð fyrir ráðningu framkvæmdastjóra í stað ritara deilda Vísindasjóðs samkvæmt núverandi starfsháttum. Jafnframt verður að gera ráð fyrir einum til tveimur starfsmönnum miðað við áætluð umsvif Vísindaráðs. Vakin er athygli á að gert er ráð fyrir samvinnu Vísindaráðs og Rannsóknaráðs um skrifstofuhald, sbr. 20. gr. Gert er ráð fyrir þóknun til vísindaráðsmanna vegna aukinna verkefna en stjórn og deildarstjórnir Vísindasjóðs eru nú ólaunaðar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk Vísindasjóðs til eflingar íslenskum vísindarannsóknum. Ekki er gert ráð fyrir að veita fé úr Vísindasjóði til hefðbundins náms svo sem doktorsnáms.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um tekjustofna Vísindasjóðs. Gert er ráð fyrir að hann njóti áfram árlegrar fjárveitingar í fjárlögum og framlags af arði Seðlabanka Íslands, auk gjafa sem sjóðnum kunna að berast. Framlag Seðlabankans er nú aðaltekjustofn Vísindasjóðs, en heildarráðstöfunartekjur hans árið 1986 voru um 86 milljónir króna.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Ákvæðin um Rannsóknaráð ríkisins í þessu frumvarpi koma í stað 1.–8. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þessi grein svarar til 1. gr. þeirra laga og er óbreytt.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru ákvæði 3. og 5. gr. laga nr. 64/1965 sameinuð til að lýsa með almennu orðalagi hlutverki Rannsóknaráðs á sviði hagnýtra rannsókna og tækni til aðgreiningar frá hlutverki Vísindaráðs skv. 1. og 2. gr. þessa frumvarps.

Um 14. gr.

Þessi grein, um skipan Rannsóknaráðs ríkisins, felur í sér hvað mesta breytingu frá eldri lögum. Í lögunum frá 1965 er gert ráð fyrir 21 manni í Rannsóknaráði með menntamálaráðherra í forsæti og síðan fimm manna framkvæmdanefnd. Í reynd hefur gengið erfiðlega að ná saman fullskipuðum fundum hjá ráðinu, sérstaklega vegna fjarveru alþingismanna í ráðinu. Oft hefur liðið langt á milli funda og samhengi vantað í starfsemi þess. Framkvæmdanefndin hefur verið hinn virki aðili sem markað hefur stefnuna í störfum ráðsins, haft yfirumsjón með daglegum störfum þess og verið framkvæmdastjóra til trausts og halds.

Í framkvæmdanefndinni hafa jafnan setið menn úr Rannsóknaráði sem talist gætu fulltrúar fyrir ákveðna aðila. Með því að gera hér tillögu um sjö ráðsmenn er leitast við að koma á fót rannsóknaráði, sem í heild getur starfað sem líkast því sem framkvæmdanefndin hefur gert. Við þá fækkun, sem gert er ráð fyrir, er ekki ólíklegt að einhverjum aðila þyki sinn hlutur fyrir borð borinn. Þó er leitast við að gæta þess að sem flest sjónarmið komist að. Mikilvægt er að ráðuneyti iðnaðar, landbúnaðar og sjávarútvegs tilnefni fulltrúa með góða þekkingu á viðkomandi atvinnuvegum.

Ekki er nú gert ráð fyrir því að Alþingi kjósi menn úr sínum hópi í Rannsóknaráð. Hins vegar er reiknað með að málefni vísinda og tækni komi reglulega til meðferðar hjá Alþingi með þeim hætti að ráðherra leggi fyrir það skýrslu sem Rannsóknaráð og Vísindaráð taki saman skv. 20. gr. þessa frumvarps.

Lagt er til að einn ráðsmanna sé starfandi vísindamaður, valinn úr hópi þeirra sem starfa á Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun. Vera má að hér þyki um nokkuð stóran og ósamstæðan hóp að ræða, en tillaga um fulltrúa slíks hóps í Rannsóknaráð er ekki ný af nálinni og þykir rétt að það sjónarmið komist á framfæri nú. Menntamálaráðuneytið yrði að hafa forustu um boðun fundar til þess að kjósa þennan fulltrúa.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru gerðar sömu kröfur og nú til framkvæmdastjóra. Hann skal hafa lokið háskólaprófi. Hins vegar er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjóri sé aðeins ráðinn til fimm ára í senn.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um að rekstrarkostnaður Rannsóknaráðs greiðist úr ríkissjóði svo sem verið hefur.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru verkefni Rannsóknaráðs skilgreind. Að mestu er fylgt fordæmi laganna frá 1965. Þó eru nokkur mikilvæg nýmæli þar sem verkefni ráðsins eru færð til samræmis við þá starfshætti og verkefnaval sem mótast hafa hjá Rannsóknaráði ríkisins á undanförnum árum.

Þannig er felldur niður 2. liður 8. gr. gildandi laga um athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina. Ekki er talið eðlilegt né þörf á því að fela Rannsóknaráði ríkisins sérstaklega slíkt rannsóknaverkefni, enda hafa á síðari árum

eflst stofnanir, eins og Iðntæknistofnun Íslands, sem í vaxandi mæli sinnir athugunum á nýtingu náttúruauðæfa landsins.

Nýmæli í grein þessari er gerð langtímaáætlunar um þróun hagnýtra rannsókna og þróunarstarfsemi. Er þetta í samræmi við starfshætti sem þegar hafa verið teknir upp. Mikilvægasta nýmælið er þó ákvæðið í 3. lið um úthlutun styrkja til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana úr Rannsóknasjóði skv. 18. gr.

Um 18. gr.

Með myndun Rannsóknasjóðs í vörslu Rannsóknaráðs er stigið mikilvægt skref í skipulagi vísinda- og tæknimála á Íslandi. Með því að taka á móti umsóknum og fá sérfróða menn til að meta þær er hægt að stuðla að margvíslegum umbótum í rannsóknamálum í landinu:

- Unnt er að hefja með stuttum fyrirvara rannsóknir á nýjum áhugaverðum sviðum.
- Hægt er að hvetja til samstarfs milli einstaklinga, stofnana og við atvinnulífið um rannsóknir og þróunarstarfsemi.
- Með skilyrðum um mótframlög er unnt að hvetja atvinnulífið til þátttöku í framkvæmd og fjármögnun rannsókna og laða fé í rannsóknir sem annars færi til annarra nota.
- Unnt er að auka samkeppni um fjármagn til rannsóknaverkefna og þannig hafa áhrif á vandaðri undirbúning verkefna og auknar kröfur um virkni og færni í framkvæmd rannsókna.

Rannsóknaráð hefur þrisvar fengið fé til úthlutunar með þessum hætti samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar árið 1985 og samkvæmt fjárlögum 1986 og 1987. Þegar hefur fengist mjög góð reynsla af þessu fyrirkomulagi í þá veru sem að ofan er lýst.

Sjóðnum eru ætlaðar tekjur eftir þremur leiðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir árlegum fjárveitingum á fjárlögum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að allt að 10 af hundarði af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs Íslands renni í sjóðinn. Er hér farið eftir því fordæmi sem finna má í lögum um Seðlabanka Íslands, en hluti af arði bankans rennur í Vísindasjóð. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að styrkir sem leiða til arðbærrar framleiðslu séu endurgreiddir með tekjum af einkaleyfum eða hagnaði af framleiðslunni. Samkvæmt endurskoðuðum fjárlögum 1986 var veitt 47,5 millj. kr. til sjóðsins. Stjórn Framkvæmdasjóðs veitti jafnframt 10 millj. kr. af hagnaði ársins 1985 sem var 35,5 millj. kr. Í fjárlögum 1987 nemur fjárveiting til Rannsóknasjóðsins 60 millj. kr.

Heimilt verður Rannsóknaráði að hafa frumkvæði um að bjóða styrki til ákveðinna rannsókna og að láta undirbúa eða skipuleggja verkefni á sviðum sem ráðið telur mikilvæg.

Nauðsynlegt verður að kveða nánar á um skipulag sjóðsins í reglugerð. Um samræmingu á milli styrkveitinga úr Rannsóknasjóði og Vísindasjóði, sem verður í vörslu Vísindaráðs, fjallar samstarfsnefnd rannsóknaráðanna skv. 20. gr. þessa frumvarps.

Um 19. gr.

Í hinum almennu ákvæðum laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965 er í 59. og 60. (nú 61.) gr. getið um byggingar og athafnasvæði rannsóknastarfseminnar. Í þeim lögum er þó ekki getið um það hver skuli hafa forsjá Byggingarsjóðsins og standa fyrir framkvæmdum. Byggingaframkvæmdir á Keldnaholti, sem nú hýsa Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Iðntæknistofnun Íslands að hluta, hafa frá upphafi verið undir umsjón Rannsóknaráðs og framkvæmdastjóra þess og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir við byggingar og annan búnað fyrir rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna munu halda áfram og því þykir rétt að kveða á um vörslu og ráðstöfun Byggingarsjóðs rannsóknastarfseminnar í lögum.

Um 20. gr.

Í grein þessari er kveðið á um náið samstarf Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins. Er með þessu stefnt að því að koma á heildarsamræmi í skipan vísinda- og tæknimála í landinu, tryggja að ekki verði óþarfa skörun og að stjórnvöld geti fengið samræmd yfirlit og tillögur varðandi stefnumótun og framkvæmd í þessum málum. Gert er ráð fyrir að samstarf verði um rekstur skrifstofu og alla almenna upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga um rannsóknastarfsemina í landinu, svo og móttöku umsókna til sjóðanna og reikningshald vegna þeirra. Með þessu á samræming á störfum að vera tryggð í reynd þótt Vísindaráð og Rannsóknaráð komi fram sem sjálfstæðar stofnanir.

Um 21. gr.

Með ákvæði þessu er stefnt að því að rannsóknaaðilar, hvort sem þeir eru opinberar stofnanir eða fyrirtæki, njóti sömu aðstöðu að því er varðar innflutning tækja til rannsókna vegna verkefna sem sjóðirnir styrkja. Til þessa hafa gilt ákvæði um toll- og söluskattsundanþágu til fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum atvinnulífsins, en opinberar stofnanir, m.a. þær sem þjóna slíkum greinum hafa þurft að borga toll og söluskatt af tækjum og búnaði sem þær flytja inn. Þar sem lögð er áhersla á samstarf fyrirtækja og stofnana um framkvæmd og fjármögnun rannsókna þykir óeðlilegt að þessir aðilar sitji ekki við sama borð í þessum efnum og að hið opinbera taki að hluta aftur með tollum og söluskatti það fé sem veitt er til rannsóknaverkefna.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Eignir Vísindasjóðs eru fyrst og fremst húseignin nr. 3 við Bárugötu sem sjóðurinn fékk að gjöf fyrir nokkrum árum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið til bráðabirgða tryggir að ekki falli niður umboð allra meðlima Rannsóknaráðs á sama tíma en að eðlileg samfella verði í störfum ráðsins jafnframt því sem endurskipað er í ráðið að hluta.

Nd. 564. Frumvarp til vaxtalaga. [321. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vexti af fjárkröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé kveðið á í lögum.

2. gr.

Auk vaxta taka lög þessi til annars endurgjalds sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

3. gr.

Ákvæði II. og III. kafla laga þessara um ákvörðun vaxta gilda því aðeins að ekki leiði annað af lögum, samningum eða venju.

II. KAFLI

Almennir vextir.

4. gr.

Almenna vexti skal því aðeins greiða af fjárkröfum fram að gjalddaga þeirra að það leiði af samningum, venju eða lagafyrirmælum.

5. gr.

Þegar samið er um vexti af fjárkröfu, en ekki tiltekin fjárhæð þeirra, skulu vextir vera jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma sem til skuldar er stofnað.

6. gr.

Sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfða vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skal miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma, sbr. 8. gr.

7. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og skulu þeir nema vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er atvikið átti sér stað. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik átti sér stað ber krafan þó vexti frá þeim tíma.

8. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum ber án tafar að tilkynna Seðlabanka Íslands um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi sem Seðlabankinn krefst.

Seðlabankinn skal fyrir lok mánaðar birta í Lögbirtingablaði í aðgengilegu formi öll almenn vaxtakjör hvers viðskiptabanka og sparisjóðanna sameiginlega svo og vegið meðaltal þeirra, svo sem áskilið er í lögum þessum, og skal hver tilkynning lögð til grundvallar samkvæmt lögunum næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

III. KAFLI

Dráttarvextir.

9. gr.

Dráttarvextir skulu reiknast af fjárkröfu frá og með gjalddaga hennar, sé hann fyrir fram ákveðinn, fram að greiðsludegi.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara um greiðslu og áskildi sér rétt til dráttarvaxta. Sé sá mánaðardagur, sem greiðslukrafan miðast við, ekki til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til heimtu kröfunnar, sbr. þó 15. gr. um skaðabætur.

10. gr.

Dráttarvextir af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. þessarar greinar, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,05 til 1,10.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

Viðskiptaráðherra setur, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur um grundvöll og útreikning meðalávöxtunar og dráttarvaxta samkvæmt grein þessari og 11. gr.

11. gr.

Dráttarvextir af löglegum fjárkröfum í erlendum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og meðalvaxta viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,05 til 1,10.

Um útreikning Seðlabanka Íslands á meðalávöxtun og ákvörðun dráttarvaxta skv. 1. mgr. greinarinnar, birtingu útreiknings og gildistíma dráttarvaxta fer eftir ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga þessara.

Sé um gjaldmiðil að ræða sem ekki er gefinn kostur á að eiga á innlendum gjaldeyrisreikningi hér á landi eða gjaldmiðil sem ekki er skráður hér á landi skal miða við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í hlutaðeigandi landi samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands.

12. gr.

Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

13. gr.

Ef atvik, sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt, valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum.

14. gr.

Sé mál höfðað til heimtu fjárkröfu og dráttarvaxta krafist má, þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, dæma dráttarvexti frá þeim tíma, er mál telst höfðað, til greiðsludags enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

15. gr.

Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 10. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Við ákvörðun miskabóta og örorkubóta fyrir líkamstjón geta dómstólar þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

16. gr.

Þegar greiða skal dráttarvexti samkvæmt lögum þessum skulu almennir vextir, verðbætur eða annað umsamið álag falla niður.

IV. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

17. gr.

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra

útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til þeirra sem bera fyrir sig eða framselja samning eins og þar er lýst eða hafa af honum óréttmætan ávinning. Um hlutdeild í brotum að öðru leyti og um tilraun til brota fer eftir III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

18. gr.

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi áskilur sér hærri dráttarvexti en leyfilegt er samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir mikla varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr. taka til brota gegn þessari grein, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ólögmætur er sá samningur ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Oftekna vexti fram að gjalddaga skuldar skal þá miða við það sem er umfram hæstu auglýstu útlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða á hliðstæðum lánum á þeim tíma er til skuldar var stofnað.

20. gr.

Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

V. KAFLI

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sbr. lög nr. 71/1965, og lög nr. 56/1979, um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til allra skulda sem stofnast eftir gildistöku laganna og ákvæði III. kafla til allra fjárkrafna sem falla í gjalddaga eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Refsiákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., skal halda gildi sínu um þau opinber mál sem ríkissaksóknari hefur höfðað til refsingar samkvæmt ákvæði þessu og ekki hafa hlotið fullnaðardóm við gildistöku laga þessara.

II

Nú segir í lánssamningi, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðir dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma og skulu þá dráttarvextir þessir fara eftir 10. gr. laga þessara.

Komi fram í lánssamningi um verðtryggt lán, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að verðtrygging skuli haldast ef greiðsludráttur verður skal regla 16. gr. laga þessara gilda allt að einu um lánssamning þennan.

III

Nú segir í lánssamningi, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir af láni fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfða vexti á hverjum tíma og skulu þá vextir af þessum lánum eftir gildistöku laganna verða jafnháir vegnu meðaltali vaxta af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. desember 1986 fól Matthías Bjarnason viðskiptaráðherra Jónatan Þórmundssyni prófessor að kanna stöðu vaxta- og okurmála, m.a. í tilefni af dómi Hæstaréttar 19. desember s.á. og semja nýtt frumvarp til heildstæðrar löggjafar á þessu sviði. Árangur þess starfs er frumvarp til vaxtalaga sem hér liggur fyrir. Það er unnið í samráði við viðskiptaráðuneytið og Seðlabanka Íslands. Enn fremur var rætt um einstaka þætti þess við sérfróða menn á þessu sviði. III. kafli frumvarpsins um dráttarvexti er í stórum dráttum byggður á frumvarpi til sérstakra laga um dráttarvexti o.fl. sem Benedikt Sigurjónsson fyrrv. hæstaréttardómari og Viðar Már Matthíasson hdl. sömdu og viðskiptaráðherra flutti á Alþingi vorið 1986. Að dráttarvaxtafrumvarpinu var síðan unnið áfram í viðskiptaráðuneytinu. Varð að ráði að fella dráttarvaxtaþáttinn inn í hið nýja vaxtalagafrumvarp með nokkrum breytingum og úrfellingum. Það hefur ótvíræða kosti að setja ein heildarlög um vaxtamál. Við það fæst betri heildarsýn yfir þessi mál, reglurnar verða einfaldari og markvissari og um sum atriði má setja sameiginleg ákvæði án tillits til vaxtaforms. Við samningu dráttarvaxtakaflans var höfð hliðsjón af umsögnum ýmissa aðila um áðurnefnt dráttarvaxtafrumvarp svo og eldri frumvarpsdrögum hæstaréttarlögmannanna Jóns Steinars Gunnlaugssonar og Baldurs Guðlaugssonar um bætur vegna rýrnunar á verðgildi gjaldkræfra peningakrafna (verðgildisbætur) og um dráttarvexti (1980), ásamt greinargerð og umsögnum nokkurra aðila. Enn fremur var litið til erlends réttar á þessu sviði, einkum dönsku vaxtalaganna.

Í gildandi löggjöf eru almenn ákvæði um vexti í lögum nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sbr. l. nr. 71/1965, og lögum nr. 56/1979, um dómvexti, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. Þá eru allmörg sérákvæði í lögum. Vaxtalöggjöfin er nokkuð ósamstæð orðin og úrelt. Er því nauðsynlegt að samræma reglur um vexti og laga þær betur að breyttum viðhorfum og breyttum viðskiptaháttum í þjóðfélaginu. Óhjákvæmilegt er að breyta nokkrum sérákvæðum laga um vexti til samræmis við frumvarp þetta, sjá fylgifrumvörp. Önnur sérlagaákvæði eru látin haldast.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, tekur mið af þeim forsendum:

1. Að viðhalda því takmarkaða vaxtafrelsi sem Íslendingar búa nú við eftir þróun síðustu ára til aukins vaxtafrelsis.
2. Að treysta og samræma lagaheimildir um ákvörðun vaxta, refisábyrgð og viðurlög við okri.
3. Að tryggja upplýsingar um öll almenn vaxtakjör hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og reglulega birtingu þeirra í Lögbirtingablaði á sem aðgengilegastan hátt.
4. Að gera vaxtareglur þannig úr garði að þær verði einfaldari og meðfærilegri í allri framkvæmd en gildandi reglur, m.a. í dómsmálum.
5. Að tryggja efnisleg málalok í þeim okurmálum sem enn eru til meðferðar fyrir dómstólum.

Allt frá árinu 1957 hafði Landsbanki Íslands, Seðlabanki, heimild til að ákveða vexti við innlánsstofnanir. Bankinn nýtti þá heimild fyrst á árinu 1960. Með 13. gr. laga um

Seðlabanka Íslands, nr. 10/1961, hélst hjá hinum nýstofnaða seðlabanka rétturinn til að ákveða hámark vaxta sem innlánsstofnanir máttu reikna af innlánum og útlánum. Heimild þessi náði einnig til ákvörðunar hámarksvaxta samkvæmt lögum nr. 58/1960 og þar með þeirrar undirstöðu sem refsiheimild 2. mgr. 6. gr. um okur byggði á. Vaxtaákvarðanir sínar skv. 13. gr. laga nr. 10/1961 birti Seðlabankinn undantekningarlaust í Lögbirtingablaðinu eins og kveðið var á um í 13. gr.

Sumarið 1984 varð veruleg stefnubreyting í vaxtamálum. Hinn 30. júlí 1984 kynnti ríkisstjórnin víðtækar aðgerðir í peningamálum og aðgerðir vegna rekstrarvanda útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja. Sama dag gaf Seðlabankinn út fréttatilkynningu um sinn þátt í framkvæmd þessara aðgerða. Í tilkynningu sinni lýsti ríkisstjórnin sig samþykka því að Seðlabankinn hækkaði almenna sparisjóðsvexti tímabundið um 2% og jafnframt að hann veitti innlánsstofnunum svigrúm til sjálfstæðrar ákvörðunar annarra innlánsvaxta og útlánsvaxta, þó þannig að ekki leiddi til hækkunar á vaxtamismun. Á grundvelli þessarar ákvörðunar og að höfðu samráði við bankaráð gaf Seðlabankinn út nýja vaxtaákvörðun 2. ágúst s.á. þar sem einungis vextir af sparisjóðsbókum, afurðalánavextir, dráttarvextir og vextir af skuldabréfum, útgefnum fyrir 11. ágúst 1984, voru fastákveðnir af Seðlabankanum. Aðra vexti var innlánsstofnunum heimilað að ákveða sjálfar en þær skyldu þó tilkynna Seðlabankanum um slíkar ákvarðanir þremur dögum áður en þær tækju gildi. Gat þá Seðlabankinn hafnað breytingu ef hann taldi ástæðu til þess. Frumkvæði að vaxtabreytingum var þannig fengið innlánsstofnunum en þó áskilið samþykki Seðlabankans. Fyrstu vaxtaákvarðanir Seðlabankans samkvæmt hinum nýju reglum gengu í gildi 11. ágúst 1984. Samþykkti Seðlabankinn yfirleitt allar tillögur innlánsstofnana en hafði um það áður samráð við viðskiptaráðuneytið.

Við þá mikilvægu breytingu í átt til aukins vaxtafrelsis, sem lýst var hér að framan, var ekki ráðist strax í nauðsynlegar lagabreytingar, svo sem á bankalöggjöf og l. nr. 58/1960. Eðlilegt var að Seðlabankinn hætti að auglýsa gildandi hámarksvexti, að því marki sem skilyrt ákvörðunarvald í þeim efnum var löglega fengið innlánsstofnunum. Í stað hámarksvaxta Seðlabankans komu hámarksvextir þeir sem innlánsstofnanir ákváðu með samþykki Seðlabankans.

Í vaxtatilkynningu Seðlabankans frá 2. ágúst 1984 sagði að vaxtaákvarðanir, teknar í samræmi við þessa tilkynningu, skyldu einnig gilda sem hámarksvextir í hliðstæðum og sambærilegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960 og VII. kafla l. nr. 13/1979. Með þeim hætti var lögð áhersla á það í tilkynningunni að hámarksvextir innlánsstofnana, þannig samþykktir af Seðlabankanum, skyldu um leið gilda sem hámarksvextir samkvæmt lögum nr. 58/1960. Var almennt litið svo á að orðalag 3. gr. l. nr. 58/1960 væri fullnægjandi þótt sú yrði ekki raunin í dómi Hæstaréttar 19. desember 1986.

Þótt ekki væru ákvæði í lögum um birtingarskyldur banka og sparisjóða lagði Seðlabankinn áherslu á það strax í tilkynningu sinni 2. ágúst 1984 og síðar að innlánsstofnanir auglýstu inn- og útlánskjör og lántökukostnað á áberandi og skilmerkilegan hátt í afgreiðslum sínum og gæfu upplýsingar um nafnvexti og ársávöxtun. Einnig birti bankinn reglulega yfirlit yfir helstu vexti sem í gildi voru hjá innlánsstofnunum. Samhliða þessu var unnið að því að samræma reglur um það takmarkaða vaxtafrelsi sem orðin var staðreynd. Í þessu sambandi ákvað Seðlabankinn að gefa út og birta mánaðarlega meðaltal vaxta af nýjum almennum skuldabréfum. Var það fyrst gert með auglýsingu hinn 20. desember 1984 í Lögbirtingablaði með gildistöku frá og með 1. janúar 1985. Auglýsingin bar með sér hverjir voru lægstu og hæstu vextir almennra skuldabréfa hinn 21. dag hvers mánaðar hjá bönkum og sparisjóðum og vegið meðaltal þeirra.

Framangreind skipan vaxtamála hélst óbreytt til 1. nóvember 1986 er lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, tóku gildi. Hin nýju lög Seðlabankans gera ráð fyrir enn auknu

frelsi innlánsstofnana í vaxtamálum í beinu framhaldi af nýrri heildstæðri löggjöf um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og um sparisjóði, nr. 87/1985, er tóku gildi í upphafi árs 1986.

Í kjölfar þeirrar hröðu þróunar, sem átt hefur sér stað í vaxtamálum og bankalöggjöf síðan um mitt ár 1984, er mikilvægt að renna nýjum stoðum undir réttarreglur um vexti, endurnýja sumt miðað við breyttar aðstæður, lögfesta annað sem hefð er komin á og loks að bæta við nýjum ákvæðum í því skyni að bæta þjónustu við almenning, auka aðhald í lánsviðskiptum og treysta réttaröryggi manna gegn misnotkun hins nýfengna samningafrelsis um vaxtakjör.

Frumvarp þetta skiptist í fimm kafla. Í I. kafla eru sameiginleg ákvæði um gildissvið laganna. II kafli fjallar um almenna vexti (samningsvexti) frá lántökudegi og fram að gjalddaga, III. kafli um dráttarvexti (vanskilavexti) frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Í IV. kafla eru refsiákvæði um okur, mótuð með hliðsjón af takmörkuðu vaxtafrelsi og því nokkuð frábrugðin gildandi ákvæði í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 og sömuleiðis nokkuð öðruvísi en vera mundi við fullkomið vaxtafrelsi. Þar eru auk þess ákvæði um önnur réttaráhrif brota gegn lögunum ef samþykkt verða og um málsmeðferð. Loks eru í V. kafla ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og bráðabirgðaráðstafanir. Eru m.a. gerðar ráðstafanir til þess að öll opinber mál, sem höfðuð hafa verið til refsingar fyrir okur en ekki hafa hlotið endanlegan dóm fyrir gildistöku laga þessara, verði rekin áfram fyrir dómstólunum og hljóti þar efnisdóm þrátt fyrir 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru almenn ákvæði um gildissvið frumvarpsins, bæði um almenna vexti (samningsvexti) og dráttarvexti, eftir því sem við á, þ.e. um tegund kröfu og aðra afmörkun hennar (1. gr.), endurgjald lagt að jöfnu við vexti í lánssamningum (2. gr.) og gildi ákvæðanna gagnvart lögum, samningum og venju (3. gr.).

Um 1. gr.

Ákvæði frumvarpsins gilda fyrst og fremst um **fjárkröfur á sviði fjármunaréttar** hvort sem um einhliða eða tvíhliða (gagnkvæm) kröfuréttarsambönd er að ræða. Fjárkrafa verður að vera gild, má t.d. ekki stafa frá málamyndagerningi. Hugtakið fjárkrafa er nokkru víðtækara en peningakrafa en hefur yfirleitt sömu merkingu samkvæmt frumvarpinu. Fjárkrafa getur í upphafi verið krafa um annað en peninga, t.d. krafa um afhendingu vöru, en síðar vegna vanefnda breyst í peningakröfu og þá fyrst leitt til vaxtagreiðslu. Fjárkrafa getur og verið krafa um endurgreiðslu, t.d. þegar kaupum er rift eða rift er ráðstöfun samkvæmt VIII. kafla laga nr. 6/1978 og krafið um endurgreiðslu auðgunar skv. 62. gr. þeirra laga eða bótakrafa er gerð skv. 63. gr. laganna, að því tilskildu að fyrir liggi upplýsingar um fjárhæð bóta. Krafa getur verið hvort sem er í íslenskum eða erlendum gjaldmiðli. Reglur frumvarpsins taka einnig til krafna um greiðslu févítis og hliðstæðra krafna á sviði fjármunaréttar.

Frumvarpið tekur til krafna á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, enda eru mörk fjármunaréttar og annarra réttarsviða oft vandstikuð. Má þar nefna sifjaréttarkröfur og kröfur á sviði allsherjarréttar (opinbers réttar). Í allsherjarrétti eru í gildi mörg sérákvæði um dráttarvexti, sjá 112. gr., sbr. 4. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæði þessi haldast þótt frumvarp þetta verði að lögum. Að því leyti sem sérlagaákvæðum, samningum eða venju er ekki til að dreifa skal beita ákvæðum þessa frumvarps, t.d. um hæð og upphafstíma dráttarvaxta.

Um 2. gr.

Í 4. og 6. gr. laga nr. 58/1960 er **annað endurgjald** lagt að jöfnu við vexti. Skiptir ekki máli hvert endurgjaldið er ef það er **í raun** endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar um tiltekinn tíma, t.d. afföll af skuldabréfum sem ganga kaupum og sölum í formi kaupsamninga enda sé sannað að um dulbúinn lánssamning sé að ræða.

Um 3. gr.

Ákvæði frumvarpsins um ákvörðun vaxta gilda ef annað leiðir ekki af lögum, samningum eða venju. Ákvæðin eru því frávíkjanleg, þ.e. semja má á annan veg en í frumvarpinu greinir, auk þess sem viðskiptavenja (réttarvenja) eða lagafyrirmæli geta leitt til annarrar niðurstöðu. Ákvæðin eru þó ekki frávíkjanleg með samningum að því leyti sem ákvæði frumvarpsins fela beinlínis í sér takmörkun, sbr. 10. og 11. gr. um hámark dráttarvaxta, sbr. 18. gr., eða aðrar réttarreglur, t.d. reglur III. kafla laga nr. 7/1936. 3. gr. tekur ekki til IV. og V. kafla frumvarpsins.

Um II. kafla.

Frumvarpið staðfestir það aukna vaxtafrelsi sem þróast hefur undanfarin ár í fjármálaviðskiptum hér á landi þannig að vaxtabreytingar ráðast einkum af verðbólgu og efnahagshorfum í þjóðfélaginu þegar lánin eru veitt. Almennir vextir (samningsvextir) eru frjálsir samkvæmt frumvarpinu að því leyti að almennt má semja um vaxtahæð og önnur vaxtakjör en farin er sú millileið til verndar lántakendum að takmarka frelsið við ákveðið vaxtamark **ef** frelsið er misnotað. Ef maður hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng annarrra eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti er það refsivert okur skv. 17. gr. frumvarpsins þegar áskildir eru vextir eða annað endurgjald umfram gildandi vaxtahámark sambærilegra bankavaxta. Sama er að segja um endurgreiðsluákvæðið í 19. gr. frumvarpsins. Í því felst engin takmörkun á vaxtahæð **nema ólögmætri aðferð sé beitt** gagnvart lántaka. Þá kemur til endurgreiðslu vaxta sem eru umfram hæstu auglýstu útlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða á hliðstæðum lánum. Eftir því sem vextir fara meira umfram gildandi vaxtamörk innlánsstofnana eykst hættan á því að **óréttmæt hagnýting** þyki hafa átt sér stað og samningur þar með ógildur. Frumvarpið tryggir lánamarkaðnum með þessu verulegt svigrúm umfram gildandi bankavexti en veitir jafnframt lántakendum viðunandi og mun virkari vernd en gildandi lagaákvæði gera.

Um 4. gr.

Það er aðalreglan samkvæmt frumvarpinu eins og verið hefur að engir vextir greiðist fram að gjalddaga kröfu nema um þá sé berum orðum samið eða það leiði af eðlilegri skýringu eða fyllingu samningsins, svo sem ef lánveiting er til alllangs tíma og lánsfjárhæð ekki smávægileg. Skyldur til greiðslu vaxta kann og að leiða af viðskiptavenju eða lagafyrirmælum, t.d. vaxtataka innlánsstofnana, föst reikningsviðskipti atvinnufyrirtækja og verslunarkaup, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er efnislega svipað gildandi ákvæði í 1. gr. laga nr. 58/1960. Tekið er tillit til mismunandi vaxtakjara á markaðnum með því að miða við vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum (sparisjóðsbókum) sem birtist í Lögbirtingablaði eftir ákveðnum reglum, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Er hér gert ráð fyrir líku fyrirkomulagi og verið hefur þótt vissulega megi benda á að raunvextir almennra sparisjóðsbóka hafa lengst af verið fyrir neðan núll.

Um 6. gr.

Þegar samið er ótiltekið um hæstu vexti er eðlilegast að miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru auglýstir á hverjum tíma, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Þegar metið er hvað teljist hliðstætt lán ber auk lánaforms að taka tillit til áhættu (trygginga) og tímalengdar láns.

Um 7. gr.

Í grein þessari eru reglur um vexti af skaðabótakröfum, bæði innan samninga og utan. Lagt er til að kröfur um skaðabætur beri almennt vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Eru vextir hér miðaðir við vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum. Er það gert í trausti þess að þessir vextir fylgi nokkurn veginn verðbólgu.

Fjárhæð skaðabótakröfu kann að miðast við verðlag á síðara tímamarki en tjónsdeginum. Sem dæmi má nefna viðgerðarkostnað á eign sem kemur fyrst til greiðslu mörgum mánuðum eða árum eftir að tjónsatvik átti sér stað.

Um 8. gr.

Grein þessari er ætlað að tryggja almenningi, viðskiptalífi og dómstólum öruggar og aðgengilegar upplýsingar um vaxtakjör innlánsstofnana á föstum og reglulegum tímum. Lögð er í 1. mgr. afdráttarlaus skylda á viðskiptabanka og sparisjóði að tilkynna Seðlabanka án tafar um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi sem Seðlabankinn krefst. Fram að þessu hefur Seðlabankinn aflað þessara upplýsinga án beinna lagafyrirmæla.

Seðlabankinn er skv. 2. mgr. skyldur til að birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði í aðgengilegu formi öll almenn vaxtakjör hvers viðskiptabanka og sparisjóðanna sameiginlega svo og vegið meðaltal vaxta, að því leyti sem nauðsynlegt er samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Tilkynning skal birt fyrir lok mánaðar og gilda næsta mánuð eða uns næsta tilkynning er birt. Ekki er gert ráð fyrir birtingu í Lögbirtingablaði nema einhver breyting hafi orðið frá því að síðast var auglýst. Með **almennum vaxtakjörum** er átt við kjör þeirra innlána- og útlánategunda sem almennt eru notaðar og ekki eru einskorðaðar við eina eða fáar stofnanir. Gert er ráð fyrir að birtar séu upplýsingar um vaxtakjör sparisjóðanna sameiginlega en ekki hvers um sig. Með **vegnu meðaltali** er átt við að vægi einstakra kjara fari eftir notkun þeirra, t.d. með hliðsjón af stærð stofnunar. Æskilegt er þótt ekki sé kveðið á um það í grein þessari að Seðlabankinn birti í upphafi árs eða oftar yfirlit yfir vaxtakjör og tímabil þeirra til glöggvunar fyrir almenning.

Um III. kafla.

Kaflinn fjallar um dráttarvexti (vanskilavexti), sem gert er ráð fyrir sem aðalreglu ef vanskil verða, frá og með gjalddaga kröfu, sé hann fyrir fram ákveðinn, fram að greiðsludegi. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins má þó að nokkru leyti víkja frá þessum reglum, svo sem áður er greint.

Ákvörðun dráttarvaxta má hugsa sér eftir tveimur meginaðferðum. Í frumvarpi þessu eru dráttarvaxtaákvæðin byggð ofan á almennt gildandi vaxtakjör þar sem þau kjör hljóta að vera til viðmiðunar um það tjón sem leiðir af vanskilum í almennri lánastarfsemi. Þessi leið tekur því fyrst og fremst mið af þörfum almennrar lánastarfsemi fyrir gildandi dráttarvexti á hverjum viðskiptadegi og mánuði. Hin aðferðin, þar sem fastir dráttarvextir eru byggðir ofan á verðgildisbætur (höfuðstólsvísitölu) og sérstaklega vexti hvers láns, tekur fremur mið af skaðabótakröfum, dómkröfum og lánum til langs tíma. Þetta kerfi getur reynst flókið þegar um er að ræða óverðtryggð lán með nafnvöxtum og óleyst mál varðandi verðtryggð lán. Rök fyrir verðgildisbótum sem grundvelli dráttarvaxta virðist einkum vera þau að ekki sé á það treystandi að almennt vaxtastig fylgi verðbólgu. Þetta virðist nú brátt ástæðulaus ótti þar sem frjálsræði í markaðsákvörðun vaxta er að vinna sér hefð bæði í lánsviðskiptum og dómsmálum.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins eru reglur um það hvenær heimilt sé að hefja töku dráttarvaxta og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að slík heimild verði virk. Að því er upphafstímann varðar eru reglurnar tvíþættar eftir því hvort gjalddagi er ákveðinn eða ekki.

Lagt er til í 1. mgr. að dráttarvextir reiknist frá og með gjalddaga ef hann er fyrir fram ákveðinn svo sem algengast er. Gjalddagi er sá dagur er kröfuhafi getur krafist greiðslu skuldar. Ef atvik eru með þeim hætti að kröfuhafi geti ekki krafist greiðslu nema að undangenginni uppsögn eða tilkynningu með ákveðnum fresti er gjalddagi kröfunnar fyrst að þessum fresti liðnum. Venja er að reikna vexti lána frá og með lánveitingardegi og fram að gjalddaga. Verði vanskil er á sama hátt eðlilegt að reikna dráttarvexti frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi.

Ef gjalddagi er ekki ákveðinn gildir regla 2. mgr. Samkvæmt henni má kröfuhafi reikna dráttarvexti á kröfuna þegar liðinn er einn mánuður frá því að hann sannanlega krafði skuldara um greiðslu. Að sjálfsögðu verður kröfuhafi að hafa heimild til að krefjast greiðslu svo að hann öðlist rétt til dráttarvaxta. Almennar sönnunarreglur gilda um sönnun fyrir því, að greiðslu hafi verið krafist. Kröfu verður að fylgja áskilnaður um greiðslu dráttarvaxta ef vanskil verða. Slík greiðslukrafa er ákvöð sem skuldbindur móttakandann frá þeim degi er hún kom til hans. Af ákvæðum 2. mgr. leiðir að greiðslukrafa komin til skuldara 30. janúar heimilar töku dráttarvaxta frá og með 28. febrúar (29. febrúar á hlaupári).

Í 3. mgr. felst sú regla að dráttarvexti megi ávallt reikna af kröfu frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til heimtu hennar. Mál telst höfðað þegar dómsstefna hefur verið birt eða ef varnaraðili mætir óstefndur fyrir dómi, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 30. gr. laga nr. 28/1981, um breytingu á þeim lögum. Regla þessi á þó ekki við um skaðabótakröfur, sbr. 15. gr.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um ákvörðun dráttarvaxta af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli, bæði grundvöll ákvörðunar og reikniaðferð. Sú leið varð hér fyrir valinu að tengja dráttarvaxta-ákvörðun almennum gildandi útlánskjörum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Hlutverk dráttarvaxta er tvíþætt. Þeim er í fyrsta lagi ætlað að hvetja til lögmætra efnda á fjárkröfum. Í öðru lagi er þeim ætlað að bæta kröfuhafa það tjón sem almennt má ætla að greiðsludráttur baki honum, án þess að hann þurfi að færa sönnur á hvert raunverulegt tjón hans er vegna greiðsludráttarins. Með hliðsjón af þessum forsendum er regla 1. mgr. við það miðuð að dráttarvextir verði alltaf nokkru hærri en ávöxtun nýrra almennra útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma. Verðbólga á Íslandi hefur verið afar breytileg og þurfa lög að vera nothæf, hvort sem verðbólga er mikil eða lítil. Við aukið vaxtafrelsi má reikna með því, að vextir nýrra útlána miðist fyrst og fremst við ríkjandi verðbólgu og horfur um hana á næstunni. Raunar má búast við að viðskiptabankar og sparisjóðir tryggi að ávöxtun útlána verði almennt hærri en verðbólga á hverjum tíma. Lán til langs tíma geta borið breytilega vexti eða verið verðtryggð.

Ákvæði 10. gr. miðar að því að raunvaxtamunur venjulegra útlána og dráttarvaxta verði óháður nafnvöxtum. Hlutfallið milli endurgreiðslu að viðbættum dráttarvöxtum og endurgreiðslu með venjulegum útlánsvöxtum verður þá nokkurn veginn hið sama hvort sem nafnvextir eru háir eða lágir. Þetta markmið næst hins vegar ekki ef ákveðinni hundraðstölu er bætt við útlánsvexti og enn síður ef bætt er við þá ákveðnu hlutfalli af nafnvöxtum útlána.

Dráttarvextir eru í 1. mgr. skilgreindir sem ársvextir en það stendur opið eftir sem áður að fylgja eldri venjum um styttri innheimtutímabil, t.d. um mánaðarvexti eða dagvexti vegna vanskila. Með hugtakinu **ávöxtun** er átt við ígildi vaxta sem greiddir eru eftir á einu sinni á ári. Með **nýjum almennum útlánum** er átt við ný víxillán og óverðtryggð skuldabréfalán.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. skal Seðlabanki Íslands mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda næsta mánuðinn eða þar til næsta tilkynning er birt. Seðlabankanum er með þessu falið að reikna út grundvöll dráttarvaxtaákvörðunar, þ.e. vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum, og ákvarða síðan hlutfallið samkvæmt reiknireglu 1. mgr. ákvæðisins. Með **vegnu meðaltali** er átt við að tekið sé tillit til vægis í útlánum hvers viðskiptabanka og sparisjóðs, þ.e. bæði vægis milli skuldabréfalána og víxillána og umfangs útlána hjá hverjum viðskiptabanka og sparisjóði.

Lagt er til í 2. mgr. að útreikningur meðalávöxtunar og ákvörðun dráttarvaxta fari fram mánaðarlega og ekki gert ráð fyrir neinum frávikum í því efni, t.d. vegna skyndilegra og verulegra breytinga á útlánskjörum innlánsstofnana. Með því er lögð áhersla á festu og ákveðna reglu sem ætti að koma öllum til góða. Ætlast er til að Seðlabankinn birti vegið meðaltal ársávöxtunar ásamt dráttarvöxtum í Lögbirtingablaði fyrir lok mánaðar, sbr. 2. mgr. 8. gr. Ekki er þó gert ráð fyrir að birt sé auglýsing í Lögbirtingablaði nema einhver breyting hafi orðið frá næstu auglýsingu á undan.

Í 3. mgr. er lagt til að viðskiptaráðherra setji, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur í reglugerðarformi um grundvöll og útreikning meðalársávöxtunar og ákvörðun dráttarvaxta, bæði samkvæmt þessari grein og 11. gr.

Um 11. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um dráttarvexti af löglegum fjárkröfum í erlendum gjaldmiðli. Tekið er fram að um **löglegar** fjárkröfur sé að ræða þar sem það er meginregla íslensks réttar að óheimilt sé að stofna til lánsviðskipta í erlendum gjaldmiðli. Þessa reglu leiðir af 34. gr. laga nr. 13/1979, sbr. upphafsákvæði og 4. tölul. 39. gr. þeirra laga. Þar er gert ráð fyrir, að heimild í lögum eða reglugerð þurfi að liggja til grundvallar slíkum lánsviðskiptum. Í hinum nýju seðlabankalögum, nr. 36/1986, eru hin tilvitnuðu ákvæði ekki felld úr gildi.

Um ákvörðun dráttarvaxta gilda hliðstæðar reglur og í 10. gr. um kröfur í íslenskum gjaldmiðli nema í stað meðalávöxtunar á nýjum almennum útlánum kemur hér meðalávöxtun viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Að öðru leyti má vísa til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er sú regla sett að miða við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í hlutaðeigandi landi sé um gjaldmiðil að ræða sem ekki er gefinn kostur á að eiga á innlendum gjaldeyrisreikningum hér á landi eða gjaldmiðil sem ekki er skráður hér á landi.

Um 12. gr.

Rétt þykir að taka af skarið í lögum um vaxtavöxtun dráttarvaxta, þó þannig að þeir leyfist fyrst eftir 12 mánaða vanskil og á 12 mánaða fresti eftir það. Ákvæði um vaxtavexti hafa verið í auglýsingum Seðlabankans undanfarin ár, sbr. nú síðast auglýsingu 22. desember 1986, sem gerir ráð fyrir svipaðri reglu og frumvarp þetta. Með dómi Hæstaréttar 23. desember sl. var staðfest að heimild Seðlabankans til ákvörðunar dráttarvaxta skv. 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965, tæki til ákvarðana bæði um vaxtahæð og vaxtareikning. Kemur hið nýja ákvæði 12. gr. þannig í reynd í stað 5. gr. gildandi vaxtalaga nr. 58/1960.

Um 13. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að skuldara verði ekki gert að greiða dráttarvexti ef um viðtökudrátt af hálfu kröfuhafa er að ræða. Til þess að um viðtökudrátt geti verið að ræða þarf skuldari að hafa bæði vilja og getu til að greiða og hann þarf að hafa gert kröfuhafa

löglegt greiðslutilboð eða lagt féð inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9/1978. Ákvæði þetta tekur einnig til þeirra tilvika er skuldara er rétt að halda að sér höndum um greiðslu, t.d. vegna vanefnda, eftir atvikum fyrirsjáanlegra vanefnda, af hálfu kröfuhafa.

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur falli niður með öllu meðan á slíkum viðtökudrætti stendur. Er ekki rétt að skylda skuldara til að leggja féð inn á geymslureikning þótt við féð bætist nokkrir bankavextir kröfuhafa til handa.

Um 14. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins er í samræmi við 3. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979, um dómvexti, en lagt er til í 21. gr. frumvarps þessa að þau lög verði numin úr gildi. Nauðsynlegt er að hafa slíka heimild í lögum þegar litið er til þess að hæð dráttarvaxta getur breyst jafnvel mánaðarlega og málarekstur til heimtu kröfu tekur oft langan tíma. Ef frumvarp þetta verður að lögum mundi krafa bera þá dráttarvexti á hverjum tíma sem af útreikningi Seðlabankans leiddi skv. fyrirmælum 10. og 11. gr. frumvarpsins.

Um það, hvenær mál telst höfðað, vísast til athugasemda við 3. mgr. 9. gr. frumvarps þessa.

Um 15. gr.

Lagt er til, að skaðabótakröfur beri dráttarvexti skv. 1. mgr. 10. gr. þegar liðinn er mánuður frá þeim degi er kröfuhafi (tjónþoli) sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf er á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð skaðabóta. Í mörgum tilvikum liggja fyrir nægilegar upplýsingar um tjónsatvik og fjárhæð skaðabóta mjög skömmu eftir að tjónsatvik á sér stað. Í öðrum tilvikum þarf að fá mat sérfróðra manna t.d. á galla söluhlutar og á fjárhæð skaðabóta. Heimild til að krefja um dráttarvexti mundi í slíkum tilvikum stofnast þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega lagði fram slíkt mat.

Þegar um líkamstjón er að ræða þarf almennt að leggja fram örorkumat og útreikning sérfræðings á fjárhæð skaðabóta vegna tekjutaps er leiðir af örorku. Rétt þykir í slíkum tilvikum, svo og vegna miskabótakrafna, að dómstólar geti ákveðið við hvaða tíma dráttarvaxtagreiðslu skuli miða. Tíminn frá slysi, þar til unnt er að leggja fram upplýsingar um örorku sem þörf er á til þess að ákvarða bætur, getur verið svipaður og við önnur tjónsatvik. En æskilegt getur verið að bíða lengur með að meta fjárhæð bóta vegna þess að oft kemur ekki í ljós fyrr en alllöngu eftir slys hver verður varanleg örorka. Vextir fyrir tímabilið frá slysdegi og þar til endanlegt uppgjör fer fram mega ekki stuðla að því að annar hvor málsaðila hafi hag af því að tefja málið og mega ekki heldur verða til þess að uppgjöri sé hraðað meira en góðu hófi gegnir til að meta örorkuna sem best. Því er dómstólum hér fengin heimild til að kveða á um vaxtatímabilin hverju sinni.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að almennir samningsvextir, verðbætur og annað umsamið álag falli niður frá þeim tíma er til greiðslu dráttarvaxta kemur. Leiðir það eðlilega af þeim forsendum sem ákvörðun dráttarvaxta er byggð á í 10.–12. gr. frumvarps þessa.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um refsiábyrgð fyrir okur (17. og 18. gr.), um endurgreiðslu ólögmæts endurgjalds (19. gr.) og málsmeðferð (20. gr.). Svo sem fyrr er fram komið er refsivert okur skilgreint með nýjum hætti í 17. gr., með hliðsjón af þeirri þróun í vaxtamálum sem orðið hefur á undanförnum árum. Okurhugtak 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 er úrelt orðið að því er almenna vexti varðar. Hins vegar veitir misneytingarákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga lántakendum ónóga vernd. Skilyrði þess ákvæðis eru svo ströng að mjög sjaldan reynir á það í framkvæmd. Sama reynsla hefur verið af hliðstæðu

ákvæði í Danmörku. Þess vegna þótti rétt þar í landi að styrkja til muna refsivernd lántakenda og annarra sem standa höllum fæti í samningum vegna fjárhagslegra erfiðleika eða annars aðstöðumunar með því að tveimur nýjum lagaákvæðum var á árinu 1975 bætt inn í hegningarlögin (300. gr. b og c). Höfð var hliðsjón af þessum ákvæðum við samningu frumvarpsins en nauðsynlegt var samt að haga refsiákvæðum þessum með öðrum hætti, m.a. til þess að gera þau skýrari og hnitmiðaðri en tilvitnuð ákvæði dönsku laganna. Hér þurfti auk þess að taka tillit til núverandi aðstæðna í vaxtamálum en Danir hafa lengi búið við mun rýmra vaxtafrelsi. Markmiðin með hinum nýju ákvæðum IV. kafla eru þau fyrst og fremst að veita bæði innlánsstofnunum og almenna lánamarkaðnum hæfilegt svigrúm til athafna og þróunar en veita lántakendum jafnframt viðunandi vernd. Tilhögunin er sú í stórum dráttum að út af fyrir sig má semja um hvaða almenna vexti sem er. En sé farið ólöglega að við samningsgerð, framsal samnings, beitingu hans eða hagnýtingu, samkvæmt því sem lýst er í 17. gr., verður hinn brotlegi að gjalda þess að hafa áskilið sér vexti eða annað endurgjald umfram hæstu gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, á þeim tíma er til skuldar var stofnað. Eftir því sem þetta bil breikkar og vaxtatakan fer lengra umfram vaxtakjör innlánsstofnana því meiri er áhættan, bæði hættan á því að dómstólar telji um óréttmæta hagnýtingu aðstöðumunar að ræða svo og á þyngri viðurlögum ef brot sannast.

Um 17. gr.

Hinu ólögmæta atferli er lýst í upphafi 17. gr. frumvarpsins sem því **að hagnýta sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti.** Hér þarf að vera um misnotkun aðstöðu að ræða, það grófa að dómstólar telji hana refsiverða. Orðin **á óréttmætan hátt** eru ætluð sem eins konar fyrirvari til dómstóla um mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins. Tryggir það á svipaðan hátt og ólögmætisfyrirvari 248. gr. almennra hegningarlaga að ákvæðinu sé beitt með nokkurri varúð. Svipuð aðferð var höfð við lögfestingu 300. gr. b í dönsku hegningarlögunum. Að sjálfsögðu skiptir fjárþröng mestu máli varðandi aðstæður viðsemjandans en rétt þykir að hafa opið ákvæði um hliðstæðan aðstöðumun aðila, t.d. þar sem annar er háður hinum í starfi, vegna fyrri viðskipta, um útvegun fíkniefna o.s.frv. Hæfilega takmörkun á þessu atriði er að finna í óréttmætisfyrirvaranum.

Það atferli, er lýst var hér að framan, þarf að beinast að því **að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá bönkum og sparisjóðum.** Þessi síðari mælikvarði okurháttseminnar er fyrst og fremst hugsaður sem **viðmiðun** í samningum utan bankakerfisins og mælikvarði við mat háttseminnar. Okurbrot er fullframið við áskilnað. Samningur þarf ekki að hafa tekist. Um **annað endurgjald,** t.d. afföll af skuldabréfum, má vísa til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Sem saknæmisskilyrði þarf ákæruvaldið að sýna fram á annaðhvort ásetning eða stórfellt gáleysi. Er það meðalvegur milli gildandi ákvæða í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 (ásetningur eða gáleysi) og 253. gr. alm. hgl. (ásetningur). Sömu kröfur eru gerðar í hinu sérstaka hlutdeildarákvæði 2. mgr. Um tilraun og hlutdeild skv. III. kafla hegningarlaga fer hins vegar eftir almennum reglum þeirra laga.

Þótt fésektir verði að líkindum áfram algengasta refsingin fyrir okur er þó gert ráð fyrir að alvarleg brot af þessu tagi geti varðað refsivist. Unnt væri þá að beita fésektum jafnhliða refsivist, sbr. 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga. Rétt er að taka það fram að sé fangelsi tilgreint í ákvæðinu sem refsitegund er heimilt skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar að beita gæsluvarðhaldi ef rannsóknarnauðsynjar standa til þess.

Í 2. mgr. 17. gr. er sérstakt ákvæði um **eftirfarandi hlutdeild** í okurbrotum, nokkurn veginn hliðstætt ákvæði 300. gr. c í dönsku hegningarlögunum. Með ákvæði þessu er unnt að ná til „skuggamanna", þ.e. þeirra sem skipta við okrara, fjármagna slíka starfsemi og njóta hagnaðar af henni. Sökunautar samkvæmt þessu ákvæði þurfa að uppfylla öll sömu skilyrði

og aðalmenn skv. 1. mgr. Eðli máls samkvæmt er raunar örðugra að sanna sekt á hlutdeildarmennina, ekki síst ásetning eða stórfellt gáleysi. Samkvæmt tveimur fyrstu málsliðunum þarf hinn brotlegi ekki sjálfur að hafa hagnast á viðskiptunum.

Í 3. mgr. 17. gr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um **hlutræna refsiábyrgð lögaðila** þar sem það á við. Slík ákvæði um refsiábyrgð án persónulegrar sakar eru allalgeng orðin í lagasetningu á síðari árum, einkum til þess að bera niður á svokölluðum **efnahagsbrotum** í atvinnustarfsemi fyrirtækja, sbr. lög nr. 10/1960 um söluskatt, 5. mgr. 25. gr., lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, 5. mgr. 107. gr., lög nr. 34/1964, um loftferðir, 183. gr., höfundalög nr. 73/1972, 3. mgr. 54. gr., lög nr. 39/1985, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, 28.–29. gr. og lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, 28. gr. Í sumum þessum ákvæðum felst auk refsiviðurlaga heimild til leyfissviptingar (sviptingar starfsréttinda). Er svo einnig skv. 3. mgr. 17. gr. í frumvarpi þessu. Að sjálfsögðu eru sömu sönnunarkröfur gerðar sem endranær, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ekki þykir eðlilegt að lögaðili sleppi þótt hinn brotlegi finnist ekki, t.d. af því að honum hefur verið sagt upp.

Um 18. gr.

Að því er ólöglega dráttarvaxtatöku varðar er byggt á hinum ófrávíkjanlegu ákvæðum 10. og 11. gr. frumvarpsins um hámark dráttarvaxta. Hér er því hið víðtækara okurhugtak lagt til grundvallar, líkt því sem nú er að finna í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960. Um ákvörðun og birtingu dráttarvaxta eru nú skýrar reglur í tilvitnuðum ákvæðum. Um önnur atriði má vísa til athugasemdanna við 17. gr.

Um 19. gr.

Endurgreiðsluákvæði 19. gr. frumvarpsins svarar til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 að breyttu breytanda. Hugmyndin að baki þessu ákvæði er svipuð og í 17. gr. að öðru leyti en því, að hér er um endurgreiðslu oftekinna vaxta að ræða en ekki refsiábyrgð. Nánar um tilhögun ákvæðisins má vísa til athugasemdanna við II. og IV. kafla. Refsiverður samningur mundi jafnan vera ólögmætur og því ógildur skv. 19. gr. En samningur gæti verið ólögmætur samkvæmt öðrum réttarreglum án þess að leiða til refsiábyrgðar og mundi þá leiða til sömu niðurstöðu.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við almennar reglur en tekið hér með til áherslu og öryggis.

Um V. kafla.

Í V. kafla eru einungis gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.

Um 21. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi ef samþykkt verða. Hér er aðeins lagt til að numin séu úr gildi hin almennu lagaákvæði um vexti en ekki hróflað við sérákvæðum á ýmsum sviðum. Með frumvarpi þessu fylgja þó nokkur fylgifrumvörp til breytinga á lögum sem óhjákvæmilegt þótti að breyta til samræmis.

Í 2. mgr. 21. gr. er tekið af skarið um gildistöku með tilliti til eldri og yngri fjárkrafna.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Með þessu ákvæði er tryggt að þau okurmál, sem þegar hafa verið höfðuð til refsingar fyrir gildistöku laga þessara, geti gengið sinn gang og hlotið efnisdóm. Að öðrum kosti er hætt við að þessi mál séu alveg úr sögunni þótt ef til vill megi deila um hversu mikið mat löggjafans á refsinæmi okurbrota breytist við frumvarp þetta, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Um ákvæði til bráðabirgða II og III.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

1. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um vexti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til vaxtalaga.

Í 38. gr. laga um lausafjárkaup eru ákvæði um vexti í þeim viðskiptum. Eru dráttarvextir ákveðnir 6% ársvextir í verslunarkaupum og 5% ársvextir í öðrum kaupaviðskiptum. Þá eru sérreglur um upphaf vaxtatíma. Ákvæði þessi eru algjörlega úrelt enda ekki eftir þeim farið, sbr. Hrd. 1979, bls. 1142.

Er því lagt til að um þessi viðskipti fari eftir almennum reglum sem fram koma í frumvarpi að lögum um vexti.

Frumvarpið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga
um breytingu á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 54 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 48. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

2. gr.

2. tl. 49. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri er 1. tl. greinir frá þeim degi er hann greiddi hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til vaxtalaga.

Samkvæmt 48. og 49. gr. víxillaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 54/1965, getur víxilhafi eða sá sem víxil hefur leyst til sín krafið þá, sem víxilábyrgð bera gagnvart honum, um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í fyrrgreindu frumvarpi til laga um vexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta fyrrgreindum ákvæðum víxillaganna í samræmi við það.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Fylgiskjal III.

Frumvarp til laga
um breytingu á tékkalögum, nr. 94 19. júní 1933, sbr. lög nr. 55 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

1. gr.

2. tl. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1965, orðist svo:
Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af þeirri fjárhæð frá sýningardegi.

2. gr.

2. tl. 46. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1965, orðist svo:
Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri frá þeim degi er hann greiddi hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til vaxtalaga.

Samkvæmt 45. og 46. gr. tékkalaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 55/1965, getur tékkahafi eða sá sem leyst hefur tékka til sín krafið þá, sem tékkaábyrgð bera gagnvart honum, um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í fyrrgreindu frumvarpi að lögum um vexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta ákvæðum tékkalaganna í samræmi við það.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Fylgiskjal IV.

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 55 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Verði dráttur á greiðslu iðgjalda samkvæmt lögum þessum skal skuldari greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til vaxtalaga.

Samkvæmt 7. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skal greiða dráttarvexti af vangoldnum iðgjöldum, þá hæstu sem Seðlabankinn heimilar innlánsstofnunum að taka.

Í fyrrgreindu frumvarpi að lögum um vexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum heldur með lagareglum. Er því rétt að breyta lagaákvæði þessu í samræmi við það.

Frumvarpið þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal V.

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.

1. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til vaxtalaga.

Í 3. mgr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga er ákveðið að vátryggingarfélag skuli greiða vexti af vátryggingarfjárhæð frá gjalddaga hennar, en ákvæði um gjalddaga eru í 1. mgr. greinarinnar. Vextirnir eru ákveðnir 1% p. a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

Rétt þykir að fella þessi vaxtaákvæði að reglum þeim sem settar eru fram í frumvarpi til laga um vexti enda ekki ástæða hér til sérreglna.

Frumvarpið þarfnast ekki frekari skýringa.

Sþ. 565. Fyrirspurn [322. mál]

til viðskiptaráðherra um viðskiptahagsmuni Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Er ekki nauðsynlegt vegna mikilvægra viðskiptahagsmuna Íslendinga að taka upp viðræður við Evrópubandalagið eftir stækkun þess er Spánn og Portúgal gerðust aðilar að því?
2. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum og hvað hefur verið gert til að undirbúa viðbótarsamninga við Evrópubandalagið?

Sþ. 566. Fyrirspurn [323. mál]

til sjávarútvegsráðherra um framtíð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi framtíð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins?
2. Er fyrirhugað að leggja sjóðinn niður eða er stefnt að því að beita verðjöfnun á útflutning á ósunnum fiski?

Sþ. 567. Fyrirspurn [324. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttisfræðslu.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hvernig hefur verið staðið að jafnréttisfræðslu í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum frá samþykkt laga um jafnrétti kvenna og karla árið 1976?
2. Hvernig er framkvæmd jafnréttisfræðslu háttað nú?

Sþ. 568. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um skipun nefndar til að rannsaka deilur milli fræðsluyfirvalda á Norðurlandi eystra og menntamálaráðuneytisins.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd þriggja manna sem Hæstiréttur tilnefnir til þess að rannsaka deilur fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntamálaráðuneytisins. Nefndin hraði störfum sínum eins og kostur er og skili sem fyrst skýrslu um málið sem ráðherra leggi fyrir yfirstandandi þing.

Greinargerð.

Þrátt fyrir mikla umfjöllun á Alþingi út af deilu milli fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntamálaráðuneytisins eru engar lyktir á deilunni í sjónmáli. Fram hefur komið að umræður og skoðanaskipti um hana hafa truflað mjög kennslu í skólum umdæmisins og ef til vill víðar.

Menntamálaráðherra boðaði til fundar á Akureyri og Húsavík sem ekki leiddu til lausnar svo vitað sé. Fræðsluráð umdæmisins hefur óskað eftir að rannsóknarnefnd verði sett í málið. Ekki er líklegt að nefnd þingmanna fjalli um málið á hlutlausan hátt eða nái samstöðu um álitsgerð eftir þær umræður sem fram hafa farið og þau stóru orð sem fallið hafa í ræðum ráðherra og þingmanna.

Ekki er heldur líklegt að þingsályktunartillaga um slíka nefndarskipun yrði samþykkt þar sem þingmenn og ráðherra virðast sjá málið í gegnum pólitísk gleraugu og getur því sú leið tæpast orðið til þess að leysa þann harða hnút sem þessi deila er komin í. Hins vegar er það skylda Alþingis að leita leiða til að fá fram lausn á þessu máli svo að allt skólahald geti fram farið með eðlilegum hætti.

Það er ekki hægt að horfa upp á það aðgerðarlaust að nemendur líði fyrir það svo vikum skipti að fræðsluyfirvöld og kennarar á Norðurlandi deili við menntamálaráðuneytið um stefnu í kennslumálum, rétt og skyldur fræðsluyfirvalda á landsbyggðinni og hvað sé refsivert athæfi og hvað ekki þegar unnið er að því að minnka aðstöðumuninn, t.d. í sér- og stuðningskennslu.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er lagt til að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn til að kanna þau efnisatriði sem deilt er um því að ætla má að nefnd, sem skipuð er af slíkum aðilum, kanni allar hliðar þessa máls af réttsýni og ef fram kemur samdóma niðurstaða í skýrsluformi til Alþingis muni það leiða til lausnar þessarar deilu með skjótum hætti. Ef dómsmálaleið verður farin mun langur tími líða þar til að niðurstaða fæst og mun það hafa slæm áhrif á nemendur og allt skólahald á Norðurlandi þar til þessi deila er að fullu leyst. Því er þessi tillaga flutt.

Ed. 569. Frumvarp til laga [326. mál]

um lögskráningu sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

Lögskráning fer fram á útgerðarstað skips.

2. gr.

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

Heimilt er að lögskrá aðra en skipverja þann tíma sem viðkomandi dvelja um borð í skipi sem er í förum enda leggi þeir fram yfirlýsingu tryggingafélags um líf- og slysatryggingar.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík er tollstjóri lögskráningarstjóri. Utan heimilisþinghár sinnar er lögreglustjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð ef þess gerist þörf.

Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar lögreglustjóra skv. 1. mgr. skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til lögreglustjóra um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot með símskeyti til hlutaðeigandi skipstjóra og lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmi sínu.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Hvert sinn er nýr maður eða áhöfn er ráðin á skip.
2. Í fyrsta sinn á hverju ári sem skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn enda þótt engin breyting verði á skipshöfn.
3. Hvert sinn sem nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip. Skal þá íslenskt sendiráð eða ræðismaður lögskrá á skipið ef til næst. Sendiráð eða ræðismaður skal síðan þegar tilkynna hina nýju lögskráningu með símskeyti til viðkomandi lögskráningarstjóra.

   Sé ekki unnt að ná til sendiráðs eða ræðismanns þegar ráða verður mann á íslenskt skip erlendis skal skipstjóri þegar tilkynna það til viðkomandi lögskráningarstjóra.
4. Hvert sinn, sem sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslensku skipi sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn er veru skipaverja um borð lýkur, hvort heldur er vegna ráðningarslita eða um stundarsakir, vegna orlofs, slyss, veikinda eða ef skip er ekki í förum um stundarsakir vegna t.d. bilana, viðgerða, endurbóta eða skipi er af öðrum ástæðum ekki haldið úti.

6. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá um að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Hann má eigi leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar, sem skylt er að lögskrá skv. 2. gr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

Þegar svo er ástatt sem segir í 4. tölul. 4. gr. og skipstjóri er eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram skal útgerðarmaður sjá um að lögskráð sé.

II. KAFLI
Framkvæmd lögskráningar.

7. gr.

Við fyrstu árlegu lögskráningu í skiprúm skv. 2. tölul. 4. gr. skal sýna lögskráningarstjóra eftirtalin gögn:

1. Atvinnuskírteini skipstjóra.
2. Mælibréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini eða starfsleyfi þeirra manna er lögskráðir skulu og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu sem þeir eru ráðnir til.
4. Útfyllt skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum.
5. Sjóferðabækur þeirra manna er lögskráðir skulu.
6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal skipstjóri leggja fram skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

8. gr.

Þegar nýir menn eru lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð skal þeim bætt við á skrána meðan hún endist en á aukaskrá sé hún fullrituð. Skal þess þá getið í aðalskránni að aukaskrá hafi verið gerð.

9. gr.

Um sjóferðabækur skipverja fer eftir ákvæðum sjómannalaga og laga um atvinnuréttindi við siglingar á íslenskum skipum svo og reglugerða er settar eru samkvæmt þeim.

10. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skulu allir þeir sem lögskrá á til starfa, sem sérstök réttindi þarf til að gegna lögum samkvæmt, mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá.

Þegar lögskráð er í skiprúm við fyrstu skráningu á árinu skulu allir skipverjar mæta hjá lögskráningarstjóra.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. er skipverjum eigi skylt að mæta við lögskráningu og undirrita skipshafnarskrá þar. Þó getur sérhver skipverja krafist þess að vera viðstaddur er hann skal lögskráður og er skipstjóra þá skylt að heimila það.

11. gr.

Að lokinni lögskráningu skal skráningarstjóri afhenda skipstjóra annað eintak skipshafnarskrárinnar með áritun sinni.

12. gr.

Ef skipstjóri getur ekki gengið frá lögskráningu áður en skip yfirgefur höfn skal hann eða útgerðarmaður skipsins tilkynna lögskráningarstjóra, innan 24 klst., nöfn mannanna og annað sem honum ber að skýra frá við almenna lögskráningu. Skipstjóra er einnig heimilt innan þess tíma að kalla upp næstu strandarstöð og lesa upp nöfn þeirra og störf sem um borð eru. Strandarstöðin skal síðan bera þau boð til viðkomandi lögskráningarstjóra.

Jafnframt skal skipstjóri færa nöfn skipverja og annað, sem skrásetja ber við lögskráningu, á eintak það af skipshafnarskránni sem er í skipinu. Skulu þeir sem þannig eru lögskráðir samþykkja lögskráninguna með áritun sinni á skipshafnarskrána.

Við næstu lögskráningu skal skráningarstjóri bera eintak skipstjóra saman við frumeintak sitt og tilkynningar sem honum hafa borist.

13. gr.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi skulu þeir menn, sem skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti og lýst er í 10. gr., sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar. Ef skipverji er eigi viðstaddur skal skipstjóri tafarlaust láta hann vita um lögskráninguna. Ber skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi ef um er deilt.

Nú hefur skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma og er honum þá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að bera upp andmæli við lögskráningarstjóra.

Óheimilt er að lögskrá úr skiprúmi nema frá þeim degi að telja, er slíkrar skráningar er óskað nema fyrir liggi yfirlýsing frá þeim skipverjum, sem þannig á að lögskrá úr skiprúmi, um að þeir séu því samþykkir.

Sé ráðningu skipverja sannanlega lokið eða hann verður frá störfum vegna slyss eða veikinda eða fer í orlof ber útgerðarmanni eða skipstjóra eigi skylda til að tilkynna viðkomandi skipverja um lögskráningu úr skiprúmi.

III. KAFLI.
Almenn ákvæði.

14. gr.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá.

Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir útgerðarmaður eða hlutaðeigandi sjómaður sjálfur en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanna.

15. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt, sé þess óskað, að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

16. gr.

Heimilt er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það en við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar en bera má þá ákvörðun undir dómstóla.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

18. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63 29. mars 1961, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um lögskráningu sjómanna eru nr. 63/1961, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því síðan.

Með bréfi dags. 2. maí 1986 skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra eftirgreinda aðila í nefnd til að endurskoða lögin:

Ragnhildi Hjaltadóttur deildarstjóra, sem jafnframt var formaður, Helga Laxdal vélfræðing, Hómgeir Jónsson framkvæmdastjóra, Jónas Haraldsson skrifstofustjóra og Hjört Magnússon lögskráningarstjóra.

Framkvæmd lögskráningar hefur töluvert verið gagnrýnd á undanförnum árum og hefur hún í mörgum tilvikum verið í miklu ósamræmi við gildandi lög. Ákvæði gildandi laga verður að telja um margt fullnægjandi að því er varðar lögskráningarkerfið, skyldu til lögskráningar og framkvæmd hennar. Hins vegar eru þau mjög ítarleg og í ýmsum atriðum óskýr og óaðgengileg. Eiga mörg ákvæði þeirra fremur heima í stjórnvaldsreglum en lögum.

Með frumvarpi þessu er leitast við að einfalda ákvæði laga um lögskráningu í þeim tilgangi að stuðla að bættri framkvæmd lögskráningar og færa hana til samræmis við nútímaaðstæður. Er því tekið mið af breyttu hlutverki lögskráningar. Um s.l. aldamót var lögskráning eina skriflega samningsgerðin um kaup og kjör sjómanna og um leið var hún líftrygging. Segja má að þessu tvíþætta hlutverki sé að miklu leyti lokið. Stéttarfélög semja um kaup og kjör og samkvæmt almannatryggingalögum eru allir Íslendingar tryggðir frá vöggu til grafar. Engu að síður á lögskráning að tryggja að tryggingar séu í samræmi við lög og samninga. Þetta hefur mikla þýðingu því að enda þótt útgerðarmaður sé ábyrgur og ríkissjóður bakábyrgur ef ótryggt er þá er heimta bóta við þær aðstæður tímafrek og kostnaðarsöm.

Lögskráning hefur margháttaða þýðingu og með eftirfarandi megintilgang lögskráningar sjómanna í huga er frumvarp þetta lagt fram:

1. Lögskráning á að tryggja að þeir sem eru um borð hafi tilskilin starfsréttindi eða undanþágu.
2. Skráður er siglingatími sjómanna.
3. Lögskráning á að tryggja að tryggingar skipverja séu samkvæmt lögum og samningum.
4. Lögskráning tryggir sönnur á því hverjir voru á skipi ef skip ferst.
5. Lögskráning felur í sér könnun gagna um haffæri skips.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að allar lögskráningar fari ávallt fram á útgerðarstað viðkomandi skips. Með útgerðarstað skips er átt við þann stað sem skip er að staðaldri gert út frá. Það þarf ekki að vera heimahöfn skips.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. gr. gildandi laga er skylt að lögskrá alla sem ráðnir eru til starfa í íslenskum skipum, 12 brl. eða stærri, en frá því eru ákveðnar undantekningar.

Hér er lagt til að skylda til lögskráningar verði bundin við skipverja. Með skipverja er átt við hvern þann sjómann sem á skip er ráðinn til skipsstarfa. Með skipsstörfum er átt við störf sem nauðsynleg eru rekstri eða ferðum skipsins og sem unnin eru af starfsmönnum sem eru um borð í skipinu. Sem dæmi má nefna að skipslæknir á farþegaskipi vinnur tvímælalaust „skipsstörf", en fiskifræðingur, sem vinnur að rannsóknarstörfum sínum um borð í togara meðan á veiðiferð stendur, starfar hins vegar ekki að „skipsstörfum" í þessari merkingu. Í þessu sambandi skiptir meginmáli að viðkomandi manni sé í raun ætlað að vinna „skipsstörf" um borð. Þessi skilgreining er í samræmi við skilgreiningu sjómannalaga á skipverja og athugasemdir við frumvarp til sjómannalaga. Samkvæmt 2. mgr. hefur skipstjóri heimild til að láta lögskrá aðra en skipverja, s.s. maka skipverja, vélaeftirlitsmenn o.fl.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein annast sömu aðilar framkvæmd lögskráningar hver í sínu umdæmi og samkvæmt gildandi lögum.

Hins vegar er hér lagt til að lögfest verði skylda lögreglustjóra til eftirlits með öðrum lögskráningarfulltrúum í umdæmi sínu. Með því er stuðlað að bættri og samræmdari framkvæmd lögskskráningar en nú er. Enn fremur skulu hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar lögreglustjóra hafa eftirlit með lögskráningu og tilkynna lögreglustjóra um öll meint brot á lögunum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um það hvenær skal lögskrá og er nær óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um lögskráningu úr skiprúmi. Tilgreind starfslok eru breytt frá gildandi lögum til samræmis við nútímaviðhorf og ítrekað að menn skuli einungis lögskráðir meðan skip eru í förum.

Um 6. gr.

Hér er lögfest sú meginregla að skipstjóri ber ábyrgð á því að lögskráð sé og verður frumkvæði að koma frá honum í nær öllum tilvikum.

Greinin er óbreytt frá 6. gr. gildandi laga en hér er lagt til að hún verði í I. kafla laganna þar sem hún gildir um lögskráningu á öll skip og á betur heima í almennum kafla laganna.

Um II. kafla.

Í gildandi lögum er greint á milli lögskráningar á skip önnur en fiskiskip sem strangari reglur gilda um og fiskiskip. Þessi greining er síst til þess fallin að einfalda framkvæmd lögskráningar og því er hér lagt til að sömu reglur gildi um öll skip. Ákvæði þessa kafla eru einfaldari en ákvæði II. og III. kafla gildandi laga og er ýmsum ákvæðum sleppt.

Um 7. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá gildandi lögum en gerir þó ráð fyrir nokkrum nýmælum. Í 3. tölul. er bætt við skyldu til að leggja fram starfsleyfi og er hér fyrst og fremst átt við undanþágu til starfa og ótímabundin takmörkuð réttindi samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða laga nr. 112 og 113/1984. Skylda til framlagningar viðskiptabóka er felld niður. Samkvæmt sjómannalögum, nr. 35/1985, er ekki gert ráð fyrir notkun viðskiptabóka enda alllangt um liðið síðan hætt var að nota þær. Annarri málsgrein er ætlað að girða fyrir að lögskráning fari fram nema tilskilin trygging hafi verið tekin og efni hennar sannað frammi fyrir skráningarstjóra.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, skal sérhver skipverji hafa sjóferðabók sem samgönguráðuneytið lætur gera. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorði frá lögskráningarstjóra samkvæmt lögum nr. 112/1984 og 113/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Um 10. gr.

Samkvæmt lögum nr. 63/1961 gilda mismunandi reglur um mætingu skipverja hjá lögskráningarstjóra eftir því hvort um er að ræða fiskiskip eða önnur skip. Þar sem þessi flokkun skipa er felld niður í frumvarpinu þykir rétt að sömu reglur gildi hér um öll skip. Þetta ákvæði er í samræmi við 10. gr. gildandi laga sem fjallar um skip, önnur en fiskiskip.

Um 11. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 12. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Um þetta atriði er nú fjallað í 18. gr. gildandi laga sem gildir einungis um fiskiskip. Grein þessi er töluvert frábrugðin og er samin með hliðsjón af bættum fjarskiptum og í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á framkvæmd lögskráningar. Enn fremur er tekið tillit til tillögu Öryggismálanefndar sjómanna, dags. í október 1986, og gildir um öll skip.

Um 13. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein greinarinnar eru efnislega samhljóða 3. mgr. 19. gr. laga nr. 63/1961, sbr. lög nr. 44/1980. Fjórða málsgrein er nýmæli.

Um III. kafla.

Kaflinn svarar til IV. kafla gildandi laga, en hefur verið töluvert styttur. Lagt er til að felld verði niður ýmis ákvæði. Má þar nefna ákvæði um að lögskráningarstjóra sé skylt að hafa jafnan nægar birgðir af sjóferðabókum og skipshafnarskrám, um að lögskráningarstjóri skuli sýna lipurð utan skrifstofutíma o.fl. Öðrum ákvæðum hefur verið skipað í aðrar greinar og sum þykja óþörf.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 23. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 63/1961, sbr. lög nr. 44/1980. Grein þessari var bætt inn í lögin með lögum nr. 44 23. maí 1980. Í greinargerð með ákvæðinu segir m.a.: „Með ákvæði (3) gr. frumvarpsins er lagt til að stéttarsamtökum sjómanna verði tryggður aðgangur að gögnum lögskráningarstjóra sem miðar að því að skapa möguleika á virku eftirliti með framkvæmd laganna.“

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 25. gr. laga nr. 63/1961, sbr. lög nr. 44/1980. Í greinargerð með breytingunni frá 1980 segir m.a. um þetta ákvæði: „Ákvæði þetta er í samræmi við 6. gr. l. nr. 69/1973 og er ætlað að veita enn frekara aðhald um að reglum laganna um lögskráningu sjómanna verði fylgt, en misbrestur hefur þótt vera á framkvæmd þeirra.“

Um 18.–19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 570. Fyrirspurn [327. mál]

til dómsmálaráðherra um starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hvað líður störfum endurskoðunarnefndar um starfsemi Landhelgisgæslunnar?
2. Er von á niðurstöðum af störfum hennar, og þá hvenær?

Sþ. 571. Fyrirspurn [328. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvað líður könnun á því hvernig hagkvæmast er að auðvelda öllum skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum eins og segir í þingsályktun þeirri er samþykkt var á Alþingi 13. júní 1985?

Sþ. 572. Fyrirspurn [329. mál]

til menntamálaráðherra um framtíðarhlutverk Skriðuklausturs.

Frá Helga Seljan og Jóni Kristjánssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði á s.l. ári og fjalla átti um framtíð Skriðuklausturs í Fljótsdal?

Hvaða áform eru uppi af hálfu ráðherra um að minnast þess 1989 að þá eru 100 ár liðin frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar skálds?

Ed. 573. Frumvarp til laga [330. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1997.

Ágóði happdrættisins skal renna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

2. gr.

Orðin „og afhending fjárins til byggingarsjóðs aldraðs fólks“ í 5. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna skal ágóði af happdrættinu renna til byggingarsjóðs aldraðs fólks, en 60% ágóðans renna þó til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Með frumvarpi þessu er lagt til að ágóði af happdrætti DAS skuli renna óskiptur til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði, en þau samtök hafa staðið að rekstri happdrættisins frá upphafi. Hins vegar verði stjórn samtakanna heimilt að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldrað fólk. Frumvarp þetta er flutt til samræmis við annað frumvarp, er felur í sér að byggingarsjóður aldraðs fólks, sem starfar samkvæmt lögum nr. 49/1963, verði lagður niður.

Auk þess sem að framan greinir felur frumvarpið í sér að heimild til happdrættisins framlengist um þrjú ár, til ársloka 1997.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði.

Ed. 574. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp til umferðarlaga var lagt fram á þessu þingi eftir endurskoðun þingmannanefndar sem dómsmálaráðherra skipaði með bréfi dags. 12. maí 1986. Allir nefndarmenn eiga sæti í allsherjarnefnd efri deildar. Nefndin skilaði af sér með bréfi til ráðuneytisins þann 6. október 1986 og hafði þá farið yfir allar þær umsagnir, sem fyrir lágu, um það frumvarp til umferðarlaga sem til meðferðar var á 108. löggjafarþingi og var þá ekki útrætt. Vísast til athugasemda með frumvarpinu um þær umsagnir. Einnig ræddi nefndin við Arinbjörn Kolbeinsson lækni.

Nefndin hefur nú rætt frumvarpið á sjö fundum. Þar af voru tveir sameiginlegir fundir með samgöngunefnd neðri deildar. M.a. hefur hún kallað til viðræðu fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins og fulltrúa Sambands íslenskra tryggingarfélaga og Tryggingaeftirlitsins. Auk þess hefur Ólafur Walter Stefánsson unnið með nefndinni og veitt henni ráðgjöf og leiðbeiningar. Við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið á síðasta þingi voru kallaðir til fulltrúar ökukennara.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið voru nokkur atriði ekki útrædd hjá þingmannanefndinni sem undirbjó endurskoðaða útgáfu þess. Voru þetta m.a. atriði sem varða ökuhraða, aldur til að stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli og vélsleða, ákvæði um skipan Umferðarráðs o.fl. Nefndin hefur nú í heild rætt þessi atriði og orðið sammála um breytingartillögu þar sem gert er ráð fyrir hækkun hámarkshraða. Einnig ræddi nefndin ákvæði um aldur hjólreiðamanna, og við nánari athugun og samanburð við reglur nágrannaþjóða hefur hún orðið sammála um að lækka aldursmörkin til samræmis við það sem gert var ráð fyrir í fyrra frumvarpi.

Auk þess hefur nefndin orðið sammála um ýmsar lagfæringar á orðalagi sem kveður skýrar á um tilgang lagagreinanna. Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum sem kunna að koma fram milli annarrar og þriðju umræðu málsins.

Alþingi, 4. febr. 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Eiður Guðnason.
	Helgi Seljan.	

Ed. 575. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 8. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:
   Nú notar ökumaður ökutækis, sem ætlað er til neyðaraksturs, sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur og skulu aðrir vegfarendur þá víkja úr vegi í tæka tíð. Ökumenn skulu nema staðar ef nauðsyn ber til. Dómsmálaráðherra ákveður hvernig merkjum þessum skuli háttað. Þau má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til og er stjórnanda ökutækisins skylt að taka tillit til annarra vegfarenda.
   Vélknúið ökutæki, sem í einstakt skipti er notað til aksturs í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúks manns eða slasaðs, og er greinilega auðkennt að framan með hvítri veifu, er við þann akstur jafnsett ökutæki sem ætlað er til neyðaraksturs. Stjórnandi ökutækisins skal tilkynna lögreglunni um aksturinn svo fljótt sem auðið er að akstri loknum. Heimildarlaus notkun hvítrar veifu er bönnuð.
2. Við 14. gr. Í stað „1. og 2. mgr. 38. gr.“ í 3. mgr. komi: 1.–5. mgr. 38. gr.
3. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast biðstöð, þar sem stór fólksbifreið hefur numið staðar, skal, ef ökumaður hennar hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað, draga úr hraða og, ef nauðsyn ber til, nema staðar þannig að fólksbifreiðin geti ekið frá biðstöðinni. Ökumaður fólksbifreiðarinnar skal eftir sem áður hafa sérstaka aðgát til að draga úr hættu.
   Ökumaður, sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal nema staðar áður en komið er að skólabifreiðinni og bíða þar til henni hefur verið ekið frá staðnum. Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát þegar ekið er að og frá slíkum stað og aðgæta sérstaklega hvort börn eru á akbrautinni eða á leið út á hana.
4. Við 22. gr. D-liður 1. mgr. orðist svo: umferð hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.
5. Við 27. gr. Í stað „leggja því þannig“ í 1. mgr. komi: leggja því á þeim stað eða þannig.
6. Við 30. gr. Í stað „stöðvast þannig að“ í fyrri mgr. komi: stöðvast á þannig stað eða svo að.

7. Við 32. gr. Í stað „Ökutæki, sem eigi skulu búin ljósum, skulu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal.
8. Við 37. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst., þó 90 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.
   b. Í stað „90 km“ í 3. mgr. komi: 100 km.
9. Við 38. gr.
   a. Í stað „80 km“ í 1. mgr. komi: 90 km.
   b. Í stað „70 km“ í 2 mgr. komi: 80 km.
   c. Orðið „opinberum“ í 6. mgr. falli niður.
10. Við 40. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:
    Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.
    Eigi má reiða farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.
11. Við 72. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Hver sá, sem situr á bifhjóli eða í hliðarvagni bifhjóls, skal nota hlífðarhjálm.
12. Við 84. gr. Í stað „til stjórnunar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð“ í fyrri mgr. komi: til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð.
13. Við 85. gr. Orðið „viðvörunar“ í 1. mgr. falli niður.
14. Við 96. gr. Greinin orðist svo:
    Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem vátryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu vátryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 92. gr., einn eftir tilnefningu landssamtaka bifreiðaeigenda, og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Ef ágreiningur verður milli vátryggingafélaganna eða landssamtakanna um tilnefningu sker dómsmálaráðherra úr. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.
    Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsháttu nefndarinnar, þar á meðal um það hvernig vátryggingafélögin senda nefndinni þau gögn sem félögin hafa reist bótakröfur sínar á.
    Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en vátryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.
15. Við 99. gr. Við 1. mgr. bætist: Um skipan nefndarinnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 1. mgr. 96. gr.
16. Við 108. gr.
   a. Fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo:
      Nú er ökumaður vélknúins ökutækis búsettur erlendis og ökutæki það sem brotið var framið með skráð erlendis, og getur þá lögreglan lagt hald á ökutækið þar til makleg sekt, málskostnaður, gjald vegna stöðvunarbrota, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt gagnvart ökumönnum sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð nema að því er varðar gjald vegna stöðvunarbrota.
17. Við 119. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Sþ. 576. Tillaga til þingsályktunar [331. mál]

um upplýsingaöflun um markaðsaðstæður erlendis.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að leita samninga við einhverja Norðurlandaþjóð, eina eða fleiri, um aðgang íslenskra fyrirtækja að þeim fjölbreyttu og markvissu upplýsingum sem þær bjóða fyrirtækjum landa sinna um markaði og markaðsaðstæður í einstökum þjóðlöndum.

Greinargerð.

Það er flestum ljóst hve mikilvægt það er fyrir þjóðarhag Íslendinga að við eflum útflutning okkar. Markaðsöflun erlendis hefur reynst okkur erfið viðfangs og kemur þar margt til, m.a. er hún mjög kostnaðarsöm. Það er því mikilsvert að það fé, sem til markaðsöflunar er varið, nýtist sem best en sé ekki eytt til markaðssvæða sem reynast síðan mjög óhentug fyrir íslenskar afurðir.

Á Norðurlöndum og víða meðal annarra þjóða hafa utanríkis- eða viðskiptaráðuneyti mikið safn upplýsinga um staðhætti og sérkenni ýmissa markaðssvæða. Þar koma m.a. fram mikilsverðar upplýsingar um lög og reglur sem varða innflutning, skatta og tolla ásamt neysluvenjum. Upplýsingar þessar eru gjarnan gefnar út í handhægum bókum og bæklingum til hjálpar þeim fyrirtækjum sem eru að velja sér líkleg markaðssvæði. Það þarf ekki að taka fram að slíkar upplýsingar yrðu óheyrilega dýrar ef hvert fyrirtæki fyrir sig þyrfti að afla þeirra. Eins koma þær oft í veg fyrir alvarleg og dýrkeypt mistök.

Þar sem íslensk utanríkis- og viðskiptaþjónusta hefur ekki haft bolmagn til að safna og dreifa slíkum upplýsingum hérlendis enn þá þykir flutningsmönnum þessarar tillögu skynsamlegt að leita stuðnings hjá frændþjóðum okkar þar til betur horfir í þessum efnum hérlendis.

Ed. 577. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Salome Þorkelsdóttir og Stefán Benediktsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. febr. 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm. Eiður Guðnason. Eyjólfur Konráð Jónsson.

Helgi Seljan. Valdimar Indriðason.

Ed. 578. Breytingartillaga [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

8. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Sþ. 579. Þingsályktun [272. mál]

um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

(Afgreidd frá Sþ. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 478.

Sþ. 580. Tillaga til þingsályktunar [332. mál]

um skipulagningu námsbrauta á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Skúli Alexandersson, Helgi Seljan, Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur J. Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson, Karvel Pálmason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að menntamálaráðuneytið hlutist til um að innan framhaldsskólakerfisins verði skipulagðar námsbrautir á sviði sjávarútvegs og námsefni verði samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu og sjómannafræðum, fyrri hluta námi sérskóla sjávarútvegs, þ.e. fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjórnarnámi, og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrautar sem lyki með stúdentsprófi.

Markmið slíks náms væri að búa fólk undir störf í sjávarútvegi og að kynna íslenskan sjávarútveg.

Greinargerð.

Á s.l. hausti fór fram nokkur umræða um skólahald og menntun starfsfólks í sjávarútvegi. Þar bar mest á umfjöllun um skýrslu og störf nefndar sem menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra skipuðu í jan. 1986 til að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi, sjá fylgiskjöl.

Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að stofna skyldi sjávarútvegsskóla í Reykjavík er tæki við hlutverkum Stýrimannaskólans, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Sjávarútvegsskólinn yrði sérskóli á framhaldsskólastigi. Undirbúningsnám að skólanum og nám á einstökum brautum gæti einnig farið fram við aðra framhaldsskóla landsins.

Í október s.l. var haldin ráðstefna þar sem tillögur ráðherranefndarinnar voru kynntar og ræddar. Síðan þá hefur ekki verið rætt um þessi mál á þeim grundvelli að efla sjávarútvegsnám frá grunnskóla til háskóla en umræðan beinst að háskólanáminu einu.

Sjávarútvegsdeild við Háskóla Íslands er sjálfsögð en jafnframt er mikilvert og jafnvel enn brýnna að þess sé kostur að hefja nám í sjómannafræðum og fiskvinnslu í efstu bekkjum grunnskóla en þó sérstaklega í fjölbrauta- og menntaskólum.

Meðan ekki er séð fyrir hvort sú umræða og tillögugerð sem uppi var á síðustu haustdögum eða aðrar aðgerðir stjórnvalda skili árangri og þoki fram til úrvinnslu og framkvæmda þeirri stefnu sem þessi tillaga fjallar um telja flutningsmenn hana jafn tímabæra og á tveimur fyrri þingum.

Tillagan er nú flutt í þriðja sinn á Alþingi. Fyrri tvö skiptin hefur hún ekki fengist útrædd þó að umsagnir þeirra er um hana fjölluðu hafi verið mjög jákvæðar.

Þegar tillagan var flutt á síðasta þingi fylgdi greinargerð sem hér birtist óbreytt.

Um eða yfir 90% af fólki, sem vinnur við sjávarútveg á Íslandi, hefur ekki aflað sér menntunar í skóla til undirbúnings starfsins. Aðeins skipstjórnarmenn, vélstjórar og verkstjórar eru sérmenntaðir til sinna starfa og hafa þó verið tíðar undanþágur frá því.

Stór hluti þess fólks, sem vinnur þessi störf, er mjög vel þjálfaður og með mikla reynslu í sínum störfum. Íslenskur sjávarútvegur hefur hingað til haft á að skipa vel þjálfuðu starfsliði sem hefur aflað sér menntunar fyrst og fremst í starfi. Á þessu er að verða breyting. Færri og færri gera þessi störf að ævistarfi. Ungt fólk, sem áður fór eftir grunnskólanám til starfa við sjávarútveginn, á fiskiskipaflotanum eða í fiskvinnslustöðvunum, heldur nú flest áfram námi og stefnir að stúdentsprófi og síðar að einhverju sérnámi. Í fiskvinnslunni kemur

endurnýjunin frá öðrum starfsstéttum og frá því fólki sem einhverra hluta vegna hefur ekki haldið áfram námi að loknum grunnskóla. Svipað á sér stað hvað varðar sjómannsstarfið.

Mörg undanfarin ár hefur vantað menn með vélstjórnar- og skipstjórnarréttindi á fiskiskip. Síðustu mánuði hefur einnig verið mikil fólksekla í fiskiðnaði. Léleg laun, ótrygg störf og ýmsir aðrir þættir eiga sinn hlut í því að fæla menn frá störfum tengdum sjávarútvegi, á sjó og landi. En þar kemur fleira til.

Í framhaldsskólum er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám ef frá er skilin kennsla í vélfræði í tveimur fjölbrautaskólum. Segja má að með því námsefni, sem nú er í framhaldsskólum, sé unnið að því að útiloka ungt fólk frá námi sem tengist sjávarútvegi. Framhaldsskólarnir hafa hins vegar viðskiptabrautir, þjónustubrautir, iðnbrautir, heilbrigðisbrautir o.fl.

Með tilkomu fjölbrautaskólanna var gert ráð fyrir að þeir mundu sinna „fjölbreytilegu" starfsnámi og búa ungt fólk undir það að taka þátt í atvinnuþróun og tileinka sér nýja starfshætti í aðalatvinnugreinum þjóðarinnar og — þá frekar en ekki síður — sjá nemendum fyrir kennslu í fiskvinnslu og sjóvinnu. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Enn fer stærstur hluti nemenda þessara skóla á bóknáms- og þjónustubrautir.

Við ýmsa grunnskóla á landsbyggðinni hefur verið komið á fót framhaldsdeildum í tengslum við fjölbrautaskóla. Þannig er það t.d. á Vesturlandi. Framhaldsdeildir hafa starfað við grunnskólana í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi og að Laugum í tengslum við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Áformað er að þessi tengsl skólanna á Vesturlandi verði enn aukin.

Námsefni framhaldsdeilda þessara skóla hefur þó ekki tengst starfsnámi nema að mjög takmörkuðu leyti. Kennslan í þessum deildum hefur frekað stuðlað að fjölgun nemenda á hefðbundnum bóknámsbrautum. Sjálfsagt er ríkt í huga margra nemenda að nám sé fyrst og fremst bóklegt og framar öllu þurfi að „læra" til hinna hefðbundnu gömlu háskólagreina. Þess vegna eru þær námsbrautir enn svo áhugaverðar. Hitt er jafnframt augljóst að allt of lítið, og sums staðar ekkert, hefur verið gert til að auðvelda ungu fólki starfsnám.

Sjávarútvegsnám er aðeins boðið fram í sérskólum sem tengjast öðru framhaldsnámi með takmörkuðum hætti. Þeir sérskólar eru nær eingöngu á Reykjavíkursvæðinu. Nám við þá skóla útheimtir óþarflega langar fjarvistir frá heimilum og heimabyggð margra nemenda miðað við að hluti námsins ætti sér stað á heimaslóð.

Það er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám sem valgrein í 9. bekk grunnskóla, ekki heldur í áðurnefndum framhaldsdeildum né fjölbrautaskólunum. Þar með eru þeir nemendur, sem vilja hefja framhaldsnám strax að loknu skyldunámi, raunverulega útilokaðir frá því að afla sér menntunar á sviði sjávarútvegs og sjávarútvegsframleiðslu á því aldursskeiði og á þeim vettvangi sem nemendur óska sér og er þeim eðlilegastur.

Þessi tillaga okkar gerir ráð fyrir að skipulagðar verði námsbrautir á sviði sjávarútvegs innan framhaldsskólakerfisins og er þá átt við framhaldsdeildir grunnskóla og fjölbrautaskóla og að námsefni verði jafnframt samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu og sjómannafræðum, fyrri hluta námi sérskóla sjávarútvegs, þ.e. fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjórnarnámi, og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrautar sem lyki með stúdentsprófi.

Kennsla og námsbrautir munu sjálfsagt verða breytilegar í fyrstu eftir skólum og fara eftir nemendafjölda og aðstöðu til kennslu. Um leið og stofnað yrði til framhaldsskólanáms á þessu sviði víða á landinu sköpuðust skilyrði fyrir fullorðinsnám, endurmenntun og námskeiðahald og með sömu kennslugögnum og framhaldsnám byggðist á. Leita þyrfti samstarfs við samtök sjómanna og fiskvinnslufólks og skólastjórnir sérskóla sjávarútvegsins um allt sem lýtur að skipulagningu og fyrirkomulagi þessa náms.

Eitt af því, sem veldur brottflutningi ungs fólks frá landsbyggðinni, er að sækja þarf nær allt framhaldsnám til stóru þéttbýlisstaðanna, og þá fyrst og fremst til Reykjavíkur. Að námi loknu er þetta unga fólk oft í minni félagslegum tengslum við sína heimabyggð en það umhverfi þar sem námið hefur verið stundað. Auk þess eru oft litlar líkur á því að heimabyggðin geti nýtt það nám sem sótt hefur verið í skóla þéttbýlisins.

Efling framhaldsdeildanna og fjölbrautaskólanna mun hamla gegn brottflutningi fólks af landsbyggðinni og styrkja byggð á viðkomandi stöðum. Kennurum og starfsliði mun fjölga og námstími í heimabyggð lengjast. Fjölgun sérmenntaðs fólks, bæði í hópi kennara og í sjávarútveginum, mun styrkja félagslegan grundvöll greinarinnar og leiða til framfara hvar sem slík þróun á sér stað.

Nýjar leiðir til náms, svo sem tillaga okkar gerir ráð fyrir, munu stuðla að mjög aukinni menntun á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu. Ungt fólk, sem hefur tileinkað sér kunnáttu til að takast á við nýjungar í rekstri og meðferð sjávarafla til að auka gæði og verðmæti hans, mun koma til starfa og styrkja þessar atvinnugreinar. Á því er ekki vanþörf nú og í framtíðinni. Að því verður að stefna að íbúar sjávarútvegsbyggðanna og það starfsfólk, sem við sjávarútveginn vinnur, hafi ekki síðri almenna menntun og sérmenntun vegna starfa sinna en fólk í öðrum starfsgreinum, jafnt í framleiðslu- sem í þjónustustörfum.

Tillaga þessi var flutt í lok síðasta þings en varð ekki rædd og er því endurflutt nú.

Fylgiskjal I.

Skýrsla starfshóps um sjávarútvegsskóla.

1. Formáli.

Menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra komu sér saman í janúar s.l. um að skipa fjögurra manna starfshóp — tvo frá hvoru ráðuneyti — til að ræða og gera síðan tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi.

Sem fulltrúar menntamálaráðuneytisins voru skipaðir Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, formaður hópsins, og Stefán Stefánsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Sem fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins voru skipaðir Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, og Gylfi Gautur Pétursson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Starfsmaður hópsins var ráðinn Lárus Björnsson.

Starfshópurinn hefur heimsótt og rætt við fjölda einstaklinga frá ýmsum samtökum og stofnunum, hérlendis og erlendis, þar á meðal alla helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá sem tengjast fræðslumálum í sjávarútvegi. Í viðtölum kom í ljós að almennt er mikill áhugi á stofnun sjávarútvegsskóla.

Starfshópurinn hefur kynnt sér skipulag sjávarútvegsfræðslu í Noregi og Danmörku (sjá viðauka 3 og 4).

Það er von hópsins að skýrsla þessi veki umræðu um stöðu sjávarútvegsfræðslu á Íslandi og framtíð hennar.

2. Niðurstöður.

Meginniðurstöður starfshópsins eru eftirfarandi:

1. Stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjavík er taki við hlutverkum Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.
2. Gildandi lögum um sjávarútvegsfræðslu verði breytt og sett rúm rammalöggjöf er veiti svigrúm fyrir breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífsins og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins.

3. Sjávarútvegsskólinn verði sérskóli á framhaldsskólastigi og heyri undir menntamálaráðuneytið. Aðfararnám að skólanum og nám á einstökum brautum geti einnig farið fram við aðra framhaldsskóla landsins.
4. Stofnað verði fræðsluráð sjávarútvegsins, skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, rannsóknastofnana og ráðuneyta sem verði stefnumarkandi í fræðslumálum sjávarútvegsins.
5. Sjávarútvegsskólinn fái til umráða húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.
6. Kannað verði mjög vandlega hvort stefnt skuli að því að sjávarútvegsskólinn starfi í þremur önnum, þ.e. haustönn, vetrarönn og sumarönn, og starfi þannig árið um kring.

3. Greinargerð.

A. Núverandi sjávarútvegsfræðsla.

Gildandi lög.

Gildandi lög um fræðslu og atvinnuréttindi í sjávarútvegi eru:

- Lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22/1972.
- Lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 1/1973.
- Lög um vélstjórnarnám, nr. 11/1985.
- Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.
- Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984.
- Lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971.
- Lög um Tækniskóla Íslands, nr. 66/1972.

Í framangreindum lögum eru ýmis ítarleg ákvæði um nám og námsskipan. Stofnun sjávarútvegsskóla krefst nýrrar lagasetningar í stað gildandi laga. Gildandi lög eru um margt það nákvæm að ætla má að þau séu Þrándur í Götu breytinga í námi og þess sveigjanleika sem krefjast verður af skólum er þjóna síbreytilegum þörfum atvinnulífsins. Vegna þessa er lagt til að ný rammalög um sjávarútvegsskóla verði sveigjanleg og að þau rúmi breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífsins og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins á hverjum tíma.

Stjórn og tengsl við atvinnulífið.

Skólar sjávarútvegsfræðslunnar heyra nú undir menntamálaráðuneytið og starfa sem sjálfstæðar stofnanir með litlum tengslum eða samstarfi sín í milli. En sem dæmi um tengsl skólanna við atvinnulífið má nefna það að í lögum um þá eru ákvæði um að hagsmunaaðilar að sjávarútvegi tilnefni fulltrúa í skólanefndirnar. Auk þess tengir starfsþjálfun, svo og ýmis önnur verkefni, skólana sjávarútveginum.

Þróun nemendafjölda.

Verulegur samdráttur hefur orðið á nemendafjölda Vélskólans og Stýrimannaskólans síðustu árin. Á níu árum hefur nemendum þessara skóla fækkað um helming. (Sjá viðauka bls. 14.) Skýringar á þessari þróun eru væntanlega margþættar. Nemendum hefur fækkað í hverjum árgangi. Áhugi á bóknámi er almennt meiri en á verknámi. Fjölbreytni náms á framhaldsskólastigi hefur aukist verulega og jafnframt samkeppnin um nemendur. Nám í Stýrimannaskólanum hefur ekki opna leið til frekara framhaldsnáms í skólakerfinu. Sjávarútvegsnám verður ekki hafið til vegs og virðingar nema með samstilltu átaki allra sem hlut eiga að máli. Verði skipulagi, stjórnun og námsframboði skólanna breytt þannig að notagildi fyrir atvinnulífið aukist mun eftirspurn eftir fólki með menntun þaðan aukast og aðsóknin væntanlega um leið.

Húsnæði.

Kennsla við Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík fer fram í húsakynnum á lóð Sjómannaskólans. Eins og fram hefur komið hefur nemendum þessara skóla fækkað um helming á síðustu níu árum. Húsnæðið er því stórlega vannýtt sem stendur. Auk þess er kennsla skólanna tveggja algjörlega aðskilin þó svo að almennar námsgreinar séu 30–45% námsefnis þeirra. Samræming þessa hluta námsins gæti bætt nýtingu hússins og kennslukrafta verulega. Sama máli gegnir um húsnæði fyrir stjórn skólanna sem er algjörlega aðskilið. Sameiginleg stjórn gæti enn bætt nýtingu húsnæðisins.

Fiskvinnsluskólinn hefur hingað til starfað í leiguhúsnæði, bóknám í Hafnarfirði og verknám í Hafnarfirði og Reykjavík. Vegna vannýtingar Sjómannaskólahússins verður ekki annað séð en að hæglega megi flytja bóknám Fiskvinnsluskólans þangað. Nýtt 1700 m^2 verknámshús skólans er í byggingu í Hafnarfirði og ætti það að geta þjónað sínu hlutverki samkvæmt áætlun.

Námsgreinar.

Athugun á námsvísum Vélskólans og Stýrimannaskólans leiðir í ljós að hlutfall almennra námsgreina í námsefni þeirra er 30% til 45%. Séu inntökuskilyrðin í Fiskvinnsluskólann reiknuð með í námsefni hans eru 50% námsefnisins almennar greinar. Ætla má að kennsla í almennum námsgreinum skólanna þriggja sé að mestu leyti samræmanleg þannig að verulegri hagkvæmni megi ná með sameiningu þeirra. Sameiginlegir þættir sérhæfðs námsefnis skólanna eru nánast engir sem stendur. Hins vegar gæti vægi þeirra aukist við endurskipulagningu námsmarkmiða. Nám í útgerðartækni við rekstrardeild Tækniskóla Íslands er skipulagt sem framhaldsnám fyrir stýrimenn, vélstjóra og fisktækna. Námsefni þessarar námsbrautar á því nánast ekkert sameiginlegt með námsefni hinna skólanna.

B. Stofnun sjávarútvegsskóla.

Hlutverk.

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjavík og taki hann m.a. við hlutverki Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.

Skólinn starfi í upphafi í fimm deildum, siglingafræðideild, vélfræðideild, fiskvinnsludeild, fiskeldisdeild og endurmenntunardeild. Þessar tillögur byggir starfshópurinn á ítarlegum viðræðum við alla helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og þá sem tengjast kennslu í sjávarútvegsfræðum.

Hlutverk skólans verði fyrst og fremst að fullnægja þörf sjávarútvegsgreina fyrir sérhæft starfsfólk. Skólanum verði ætlað að starfa á framhaldsskólastigi og opni brautskráðum nemendum, sem það kjósa, leið til háskólanáms.

Stjórn og tengsl við atvinnulífið.

Lagt er til að sjávarútvegsskólinn heyri undir menntamálaráðuneytið, enda verði hann sérskóli á framhaldsskólastigi. Starfshópurinn telur óheppilegt fyrir sjávarútveginn að tengsl hans við hið almenna skólakerfi raskist. Tengsl skólans við sjávarútveginn verði tryggð í gegnum fræðsluráð sjávarútvegsins. Fræðsluráð sjávarútvegsins verði faglegur tengiliður milli skólans, atvinnulífsins, rannsóknastofnana sjávarútvegsins, sjávarútvegsráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Sjávarútvegsráðherra skipi formann fræðsluráðsins. Hlutverk þess verði það vera menntamálaráðuneytinu til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulags í sjávarútvegsfræðslu. Fræðsluráð sjávarútvegsins veiti umsögn um tillögur að námsskrá í verklegum og bóklegum faggreinum. Árlega skal fræðsluráð sjávarútvegsins


gangast fyrir sérstökum fundi um menntamál í sjávarútvegi þar sem fram fer almenn umræða um stefnumörkun í fræðslumálum sjávarútvegsins.

Stofnun fræðsluráðs sjávarútvegsins er ekki ný hugmynd heldur kemur hún m.a. fram í áfangaskýrslu nefndar sem vann að endurskoðun á lögum um Fiskvinnsluskólann.

Menntamálaráðherra skipar sérstaka skólanefnd skólans sem skipuð sé fimm mönnum. Í henni á sæti formaður fræðsluráðs og að auki þrír menn tilnefndir af fræðsluráði. Skal einn þeirra vera úr röðum skipstjórnarmanna, einn úr röðum vélstjóra og einn úr röðum fiskvinnslumanna. Loks skipar ráðherra einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Skólanefnd markar stefnuna í skólahaldinu og ákveður námsframboð að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Skólanefnd hefur umsjón með og samþykkir fjárlagatillögur og fjárhagsáætlun samkvæmt þeim reglum sem þar um gilda á hverjum tíma. Nefndin lítur eftir því að rekstur miðist við sértekjur og fjárveitingar í fjárlögum hverju sinni.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.



Deildir og námsgreinar.

Sjávarútvegsskólinn skal ávallt vera opinn fyrir nýjungum sem fram koma og því sveigjanlegur þannig að hægt sé að taka upp kennslu í nýjum námsgreinum á nýjum námsbrautum eða með stofnun nýrra deilda. Gert er ráð fyrir að talsverð skörun geti orðið á námsefni milli deilda og því mikilvægt að samnýta kennslukrafta, kennslutæki og kennsluhúsnæði í þeim tilfellum.

Í samtölum við menn í sjávarútvegi hefur þörf á nýjum námsgreinum oft borið á góma. Helst má nefna stjórnunar- og rekstrarfræði, sölu- og markaðsfræði, haffræði, líffræði sjávar, auðlindanýtingu, umhverfisfræði, veiðarfærafræði og veiðitækni. Mikilvægt er að endurnýjun á námsefni skólans sé stöðug þannig að við skólann sé ávallt kennt það nýjasta og besta sem fram kemur á sviði sjávarútvegsins hverju sinni. Að öðru leyti tekur starfshópurinn ekki afstöðu til þessara kennsluþátta að svo stöddu.

Húsnæði.

Nefndin leggur til að sjávarútvegsskólinn fái til afnota húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Með því að sameina skólana undir einu þaki og undir einni stjórn er stefnt að betri nýtingu húsnæðis, hagkvæmni í kennslu og þar með sparnaði í rekstri skólans.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði í skólana þrjá, sem gert er ráð fyrir að sameinaðir verði í sjávarútvegsskólanum, eru hliðstæð inntökuskilyrðum í framhaldsskóla. Starfshópurinn sér ekki ástæðu til að inntökuskilyrðum verði breytt í hinum nýja skóla frá því sem nú er í þeim skólum sem gert er ráð fyrir að verði sameinaðir. Samt sem áður verður slíkt að vega og meta eftir aðstæðum í hverri grein.

Starfstími skólans.

Hópurinn leggur til að kannað verði mjög nákvæmlega hvort ekki sé hagkvæmt að sjávarútvegsskólinn starfi allt árið. Með því móti má nýta sem best þá fjármuni sem bundnir eru í skólahúsnæði og kennslutækjum. Nemendur munu með þessum hætti koma út í atvinnulífið á mismunandi tímum árs og öflugt námskeiðahald, sem gert er ráð fyrir við skólann, gæti farið fram á þeim árstímum er hentugastir þykja.


Lokaorð.

Gera má ráð fyrir að sjávarútvegsskóli, sem er ein stofnun, verði sterkari eining en þrír minni skólar og þar af leiðandi betur búinn til að takast á við verkefni sín. Sérstaklega má nefna þróunarstörf við endurnýjun námsefnis og skipulag nýrra námsbrauta.

Ætla má að betur verði séð fyrir fjárveitingum til skólans njóti hann óskipts stuðnings allra hagsmunaaðila.

Líklegt er að styrkur og atkvæðamikill sjávarútvegsskóli muni almennt njóta meira álits en minni sérskólar og verða fýsilegri kostur efnilegum nemendum en verið hefur.

Þróun nemendafjölda í Fiskvinnsluskólanum, stýrimannaskólunum og vélskólunum árin 1974 - 1986.



Fylgiskjal II.

Guðjón Ármann Eyjólfsson.

Sjávarútvegsskóli.

(Grein í Mbl., 13. des. 1986.)

Fyrir nærri því ári, í janúar 1986, komu menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra sér saman um að skipa fjögurra manna starfshóp, tvo frá hvoru ráðuneyti, til að ræða og gera síðan tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi.

Starfshópinn skipuðu: Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, sem var formaður, Stefán Stefánsson, fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu, Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, og Gylfi Gautur Pétursson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Vinnuhópurinn lagði fram skýrslu um miðjan október sem tekin var til umræðu á opnum fundi sem ráðherrarnir boðuðu til 20. október s.l.

Í fundarboði segir: „Markmið fundarins er að fá fram sjónarmið sem flestra um fræðslu í sjávarútvegi, skiplag hennar og markmið."

Fundur þessi var vel sóttur af ýmsum forsvarsmönnum í sjávarútvegi, nokkrum alþingismönnum, fulltrúum frá ráðuneytum, kennurum Stýrimannaskólans, Vélskólans og Fiskvinnsluskólans ásamt nokkrum nemendum þessara skóla.

Á fundinum voru flutt stutt framsöguerindi um framtíð sjávarútvegsfræðslunnar og viðhorf til skýrslu starfshópsins. Að þeim loknum voru pallborðsumræður og síðan almennar umræður.

Skoðanir um nefndarálitið voru mjög skiptar en í fréttum af fundinum, sem nefndin og fundarboðendur hljóta að bera einhverja ábyrgð á, *er ekki minnst einu orði á andstæðar skoðanir.* Ráðherrarnir tveir, sem boðuðu til fundarins, höfðu ekki tíma eða sáu ekki ástæðu til að sitja lengur undir umræðum en fram að kaffihléi, kl. 10.00, þegar lauk framsöguerindi formanns starfshópsins og Stefáns Ólafs Jónssonar, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, sem flutti erindi sem bar heitið Skólakerfið og sjávarútvegsfræðsla.

Það virðist sem sé sæta litlum tíðindum þó að nefnd komi fram með tillögu um að leggja niður grónar stofnanir sem hafa starfað áratugum saman í þágu sjávarútvegsins. Elsti sjómannaskóli landsins, Stýrimannaskólinn í Reykjavík, hefur t.d. starfað í nærri 100 ár, eða síðan 1891, Vélskóli Íslands í yfir 70 ár, síðan 1915, og Fiskvinnsluskólinn var stofnaður árið 1971 og viðurkennt í ræðu og riti a.m.k. að sá skóli eigi mikla framtíð fyrir sér og maður skyldi ætla að svo skyldi vera í landi sem á allt sitt undir sjávarfangi.

Þetta finnst mér undarlegt fréttamat á tímum þess fjölmiðlaæðis sem nú gengur yfir þjóðina.

Ég efast um að sama afstaða hefði einkennt fundarboðendur og fjölmiðla um skoðanir fundarmanna ef tillaga hefði komið fram um að leggja niður einhvern menntaskóla landsins eða verslunarskóla og sameina öðrum eða þá einhverja háskóladeildina. En í mikilli og háværri umræðu um eigendaskipti eða breytingu á rekstri Borgarspítalans undanfarna daga þá megum við starfsmenn Sjómannaskólans teljast hógværir og lágróma því að tillaga um svo róttæka breytingu á rekstri og starfssviði þessara skóla var sett fram eftir aðeins einn fund með okkur skólastjórum skólanna.

Á því er enginn vafi að ábyrgð ráðherra og ríkisstjórnar, sem ætlar sér að kollvarpa skipulagi gamalgróinna skóla sem hingað til hafa gegnt lykilhlutverki í menntun undirstöðuatvinnuveganna, er mikil. Alla stöðnun ber þó að varast og hefur síður en svo verið sá svipur

á þeim þremur menntastofnunum sem hér um ræðir, heldur verið unnið að breytingum á lögum um skipulag þeirra til aðlögunar breyttum tímum og aðstæðum.

Við stofnun sjávarútvegsskóla hefði ég álitið að sígandi þróun og aðlögun hefði verið farsælust.

Vissulega eru þó til menn í sjávarúvegi sem finnst ekki meira til um starf þessara þriggja skóla eða sjálfstæði en svo að þeir álíta stórsnjallt að bræða þá saman ef með því væri unnt að nýta saman kennslu í nokkrum undirgreinum eins og íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Mætti þá halda að skólarnir hefðu verið þungur baggi á ríkissjóði.

Ég fullyrði að svo hefur ekki verið en næsta léttvægt er þá metið framlag skólanna á sérsviðum hvers skóla þegar fyrrgreind rök eru sett fram. Mætti þá ekki á sömu forsendum slá saman fleiri framhaldsskólum?

Sérskólar.

Menn verða að muna að *þetta eru sérskólar hver á sínu sviði.*

Endurskoðun fræðslu í sjávarútvegi er þó nauðsynleg og efla ber samvinnu milli höfuðskóla sjávarútvegsins, Stýrimannaskólans, Vélskólans og Fiskvinnsluskólans, og hefur verið unnið að því á undanförnum árum. Undir þessa stefnu, að endurskoða og þróa skóla með gát, tók t.d. mjög ákveðið fulltrúi LÍÚ, Jónas Haraldsson lögfræðingur.

Með nýrri löggjöf um bæði Fiskvinnsluskólann og Stýrimannaskólann, sem unnið var að af fullum krafti þar til hugmynd um sjávarútvegsskóla kom fram, var ætlunin að vinna áfram í þessum anda. Ég tel miður að fullbúið frumvarp frá hendi nefndar, sem frú Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. menntamálaráðherra, skipaði í janúar 1985, hefur nú í heilt ár, frá því í desember 1985, legið fullfrágengið á borði núverandi menntamálaráðherra. Ég leyfi mér að vona að þessi umræða verði til þess að ráðherrann leggi fram þetta frumvarp á yfirstandandi þingi sem lið í endurskoðun fræðslu í sjávarútvegi. Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra er maður sprottinn úr umhverfi sjávarútvegs og sjósóknar vestur á fjörðum og er sjálfur þátttakandi í öflugum og farsælum útgerðarrekstri sem á sinni tíð var í hópi frumherja í skuttogaraútgerð á Íslandi. Hann hlýtur því að sjá hvar skórinn kreppir.

Menntun skipstjórnarmanna.

Við erum enn á tímamótum í útgerð fiskiskipa. Ég er sannfærður um að í hönd fara nýir tímar í togara- og fiskiskipaútgerð. Sjávarútveg og fiskveiðar verður að skilgreina markvissar og á annan hátt en gert hefur verið til þessa. Það verður að hverfa frá veiðihugtakinu sem æðsta boðorði og minnast þess að fiskveiðar eru fyrsti og mikilvægasti þáttur í háþróaðri matvælaframleiðslu.


Menntun til þátttöku og ábyrgðar í þannig atvinnugrein eins og skipstjórn á nýtísku fiskiskipum, þ.e. stjórnar á skipi, mönnum og öllum störfum um borð, verður að taka mið af þessari skilgreiningu og markmiði. Drög þau að nýju frumvarpi um menntun skipstjórnarmanna sem voru fullunnin í nóvember 1985 eru í samræmi við þessa skoðun. Ný löggjöf um skipstjórnarnámskeið yrði því mikilsverður áfangi í bættri menntun fiskimanna og farmanna.

Sérstaklega myndi þetta frumvarp hafa jákvæð áhrif á aukna þekkingu á fiskmeðferð og veiðarfærum, en brýnt er að *kenna fiskimönnum meira um fiskmeðferð, fiskmat, veiðarfæri, veiðitækni og líffræði sjávar umhverfis landið.*

Lagt er til að greina námið í deild farmanna og fiskimanna og fá með því lengri tíma til að undirbúa nemendur undir sérhæfð störf.

Með tilkomu nýrra frystitogara og mjög sennilega í framhaldi af þeim nýtísku verksmiðjutogurum sem fullvinna fiskúrgang og slóg og „Surimi"-togara (þegar komnir í Færeyjum) er slík kennsla og sérhæfing nauðsynleg. Vegna aðlögunar að nýjum alþjóðasamþykktum eins og STCW-samþykktinni, sem næstum því öll Evrópulönd urðu aðilar að, 28.

SKIPSTJÓRNARNÁM



apríl 1984, m.a. öll Norðurlöndin og viðskiptalönd okkar í Vestur-Evrópu, er brýnt að lengja og breyta menntun farmanna til samræmis við þessa samþykkt sem fjallar um alþjóðakröfur til menntunar sjómanna og útgáfu skírteina sjómanna og öryggisbúnaðar skipa. Um leið og Ísland undirritar þessa samþykkt eru Íslendingar skuldbundnir að hafa menntun sjómanna og þjálfun í samræmi við samþykktina og eins og nú er í nágrannalöndunum. Hér er sýnd rammamynd til að gera betur grein fyrir þeim hugmyndum sem liggja að baki tillögu að frumvarpi um skipstjórnarnámið. Ég álít að þetta fyrirkomulag skipstjórnarnáms hefði orðið góður undanfari og undirbúningur sérhæfðs sjávarútvegsskóla.

Ég vona sem sé að framtíð skóla sjávarútvegsins, Stýrimannaskólans, Vélskólans og Fiskvinnsluskólans verði ekki fífldjörf kollsteypa sem enginn ber síðan ábyrgð á heldur fái skólarnir að þróast áfram sem sérskólar hver á sínu sviði.

Háskóladeild sjávarútvegs og siglinga.

Um nauðsyn *sérstaks sjávarútvegsskóla* er ég þó ekki í vafa. Ég álít að við eigum að stofna sérstakan háskóla eða háskóladeild sjávarútvegs og siglinga sem framhaldsdeild þeirra þriggja höfuðskóla sjávarútvegs og siglinga sem fyrir eru í landinu.

Sjávarútvegsskólar í því formi sem nefndin hefur gert tillögu um held ég aftur á móti að gætu orðið til mikillar eflingar öllum sjávarútvegi og plássum vítt og breitt um landið, *ef í hverjum landsfjórðungi yrði komið á fót skólum í grunnnámi skipstjórnar, vélstjórnar og fiskvinnslu.*

Með sameiningu þessara þriggja greina á fyrstu stigum er tryggt að unnt sé að halda úti a.m.k. 25–30 manna skóla hvert skólaár í þessum greinum úti á landsbyggðinni og er full þörf á því ef lögum um atvinnuréttindi er framfylgt.


Sjávarútvegsskóla fyrir undirstöðuatvinnuveg okkar Íslendinga sem stendur undir 75% gjaldeyrisöflunar landsmanna á að stofna á háskólastigi. Ég leyfi mér að nefna hann *háskóla sjávarútvegs og siglinga* en á fundinum í Borgartúni kom m.a. fram tillaga frá dr. Grími Valdimarssyni, forstöðumanni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, að stofna ætti *Alþjóðlegan háskóla* í þessum greinum.

Hlutverk sérskólanna, Stýrimannaskólans, Vélskólans, Fiskvinnsluskólans *hvers um sig* er það mikilvægt að ég mótmæli þeirri hugmynd að gera þá að deildum eða brautum í einum skóla. Það yrði þeim síður en svo til eflingar eins og nefndin heldur fram. Skólarnir verða hver á sínu sviði að fylgjast vel með öllu sem gerist á þeirra sérsviði. Nógu erfitt hefur verið fyrir hvern einstakan skóla að fá nægilegt fé til rekstrar og uppbyggingar hvað þá ef þeir yrðu deildir innan stærri eininga. Mér finnst satt að segja undarlegt til þess að hugsa af eyþjóð sem á allt sitt undir hafinu að það skuli talið sjálfsagt að eiga enga sérskóla í landinu eins og stýrimannaskóla og vélskóla sem eru beint tengdir fiskveiðum og siglinum þó að svið þeirra taki að sjálfsögðu til mun fleiri þátta, t.d. skipafélaga, virkjana, hafna o.fl. Þetta lýsir vanmati og vanþekkingu á möguleikum skipstjórnarnáms. Nemendur úr efstu stigum Stýrimannaskólans hafa t.d. farið samhliða stúdentum í Tækniskóla Íslands og staðið sig engu verr en aðrir heldur þvert á móti enda margir þeirra frábærir námsmenn. Á s.l. 10 árum hafa útskrifast 65 útgerðartæknar frá TÍ sem höfðu áður lokið skipstjórnarnámi.

Ég vil kenna hvern þessara skóla við landið sem þeir eiga að þjóna eins og Vélskóli Íslands heitir nú. Stýrimannaskólinn í Reykjavík verði nefndur Stýrimannaskóli Íslands og Fiskvinnsluskólinn Fiskvinnsluskóli Íslands. Á yfirlitsmyndina er merkt VÍ, SÍ og FÍ, að öðru leyti skýrir yfirlitsmyndin sig sjálf.

Tengsl við atvinnulífið.

Á fundinum 20. október s.l. komu fram athyglisverðar hugmyndir og athugasemdir frá Jóni Þórðarsyni sjávarútvegsfræðingi sem hefur stundað nám við Sjávarútvegsskólann í


MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI
(Kosinn til 4 ára í senn)
REKTOR
FRÆÐSLURÁÐ
HÁSKÓLI SJÁVARÚTVEGS OG SIGLINGA
SJÁVAR-ÚTVEGS-DEILD 4 ÁR
ÞRÓUNAR-DEILD SJÁVARÚTV. SIGLINGAR FISKVINNSLA
ÚTGERÐARREKSTUR
FLUTNINGAFR. (SHIPPING) FARSKIP
ÚTGERÐARD. T. Í. FISKISKIP
NÁM Í SÉRGREINUM STÝRIM.SK., VÉLSK. OG FISKV.SK.
MATVÆLAFR. MARKAÐIR
SJÓMÆLINGAR HAFNARGERÐ HAFNARSTJ.
VÉLAVERKFR. FISKVINNSLU-VÉLAR
SKIPAVERK-FRÆÐI
VERKLEG ÞJÁLFUN t.d. 8 - 12 mán.
V. Í. VÉLSKÓLI
S. Í. STÝRIMANNASKÓLI
F. Í. FISKVINNSLUSKÓLI
ÖRYGGIS- OG ELDVARNASKÓLI
ENDURMENNTUN
SJÁVARÚTVEGSSKÓLAR
EINN Í HVERJUM LANDSFJÓRÐUNGI + VESTM.EYJUM.
GRUNNÁM - FYRSTU STIG SKIPSTJÓRNAR,
VÉLSTJÓRNAR OG FISKVINNSLU.
ÁHRIF ATVINNULÍFS

Tromsö í Noregi. Hann skýrði þar frá mikilvægum undirbúningi nemenda undir háskólanám í sjávarútvegsfræðum með þátttöku í atvinnulífinu.

Frá Sjávarútvegsskólanum í Tromsö hafa útskrifast 20–30 íslenskir sjávarútvegsfræðingar við eftirtektarverðan orðstír. Margir þeirra hafa áður stundað nám við Stýrimannaskólann og um framlag íslensku námsmannanna til skólans sagði Odd Handegaard forstjóri skólans nýlega í viðtali við Sjávarfréttir: „Ég tel ekki nokkurn vafa leika á því að þeir Íslendingar, sem hér hafa verið við nám, hafa átt stóran þátt í því hve vel hefur tekist að byggja þetta nám upp. Þeir hafa staðið sig mjög vel, komið vel undirbúnir frá íslenskum skólum og með reynslu úr atvinnulífinu og þeir hafa með námi sínu hér átt mestan þátt í að skapa það alþjóðlega yfirbragð sem skólinn hefur í dag."

Mér finnst því meira en lítið athugavert að starfshópurinn skyldi hvorki ræða við íslenska sjávarútvegsfræðinga né kynna sér Sjávarútvegsskólann í Tromsö í kynnisferð til Norðurlandanna s.l. sumar. Þrátt fyrir staðreyndir hér tíundaðar komast þeir að svo afdrifaríkri niðurstöðu í sambandi við stofnun sjávarútvegsskóla á Íslandi að leggja beri niður Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði, en hinn nýi skóli taki við hlutverkum þessara stofnana. Stýrimannaskólinn í Reykjavík fær þessa einkunn: „Nám í Stýrimannaskólanum hefur ekki opnað leið til frekara framhaldsnáms í skólakerfinu."

Nemendur, sem ljúka prófum frá Vélskólanum, Fiskvinnsluskólanum og Stýrimannaskólanum, fara allir beint út í atvinnulífið. Ég held því að þarna sé komin margumrædd tenging Háskóla Íslands og atvinnulífsins.

Um þennan þátt hefur núverandi rektor Háskóla Íslands, Sigmundur Guðbjarnason, sagt: *„Atvinnulífið hefur þörf fyrir nýja starfskrafta, nýjar hugmyndir og aðstöðu til rannsókna en Háskólinn hefur þörf fyrir fjárstuðning og reynslu atvinnulífsins."*

Þetta eru orð í tíma töluð.

Allar þær deildir, sem eru skrifaðar undir ramma háskóla sjávarútvegs og siglinga, snerta beint meginstoðir íslensks atvinnulífs og hafa sumar gert lengi innan Háskóla Íslands.

Rannsóknastofur HÍ hafa t.d. unnið að lífefnavinnslu úr sjávarfangi og notkun líffvata (ensíma) í fiskiðnaði til vinnslu á eggjahvítuefnum úr fiskúrgangi, slógi, svilum o.fl., notkun lýsis gegn kransæðastíflu o.s.frv. Raunvísindastofnun, reiknifræðistofa o.fl. hafa unnið að sérstöku sjávarútvegslíkani og á sviði öryggismála er unnið að stórmerkum athugunum og tilraunum með sjálfvirkri tilkynningaskyldu íslenskra skipa. *Allt yrði þetta þó markvissara innan slíks skóla.*

Í sambandi við *sérstaka þróunardeild sjávarútvegsskóla* má t.d. benda á stórmerkilegt verkefni sem Frakkar og Spánverjar hafa komið á fót eða *hönnun á fiskiskipi 10. áratugarins.* Þetta er þáttur í EUREKA-áætlun sem Íslendingar urðu aðilar að hinn 30. júní 1986, en hún felur m.a. í sér samstarf um tækniþróun og opnun markaða. Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, kynnti þetta í merkilegri grein í Morgunblaðinu hinn 13. nóvember s.l. Markmið þessa skipaverkefnis er m.a. *á sviði fiskileitartækni, veiðitækni, vinnslu um borð, um geymslu, hleðslu og löndun á fiski, orkusparnað, siglinga- og fjarskiptatækni, öryggi skipa og áhafna, aðbúnað og umhverfi.*

Að öllum þessum þáttum væri unnt að vinna á *þróunardeild sjávarútvegsháskóla.* Án þess að hafa hér um fleiri orð koma í hugann fyrirtæki eins og SIMRAD með fiskileitartæki, RAPP með kraftblakkir, VIKING og RFD með gúmmíbjörgunarbáta og öryggistæki svo að einhver séu nefnd.

Auðvitað mundi slíkur skóli og rannsóknastofnanir hafa enn nánara og beinna samband við sjávarútveginn og sjómenn en verið hefur og enn fremur tengsl við fiskiðnað og þjónustufyrirtæki. Skólinn gæti eflt mjög allan iðnað sem þjónar sjávarútveginum bæði þann iðnað sem fyrir er, t.d. hampiðju, hlerasmíði, tölvur í fiskiðnaði og auk þess stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja.

Herslumun vantar.

Þrátt fyrir ofangreindar staðreyndir og augljósan vilja háskólamanna til að styðja enn betur við bakið á sjávarútveginum og öðrum atvinnuvegum er staðreyndin samt sú *að herslumun og markvissari stefnu hefur vantað.*

Af 1169 stúdentum sem útskrifuðust frá HÍ úr verkfræði- og raunvísindadeild á árunum 1972–1985 *útskrifuðust aðeins 59 með B.S.-próf í matvælafræði.*

Hér er eitthvað að í landi sem lifir af matvælaframleiðslu. Orsaka er einnig að leita í sjálfum sjávarútveginum.

Eins og Jón Kjartansson formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja orðaði það í ágætu erindi um menntun fiskvinnslufólks á fundinum 20. október: „Við viljum gera fiskvinnsluna að fagi eins og kjötvinnslu... Af hverju er ekki eins mikil og sjálfsögð þörf fyrir fiskiðnaðarmenn og kjötiðnaðarmenn?“

En í erindi Jóns kom fram að starfsfræðsla fólks í fiskvinnslugreinum, sem hófst 1984, er stærsta átak, sem hefur verið gert í fullorðinsfræðslu og stöðvaði að nokkru flótta fólks úr atvinnugrein sem ungt fólk hefur varla viljað líta við á tímum almennrar menntunar og upplýsingar og er þetta þó sá atvinnuvegur sem mestu máli skiptir í landinu.

Sá tími heimahyggju, að í sjómennsku og fiskvinnslu sé allt sjálflært og menntun í greininni sé jafnvel af verra taginu (sbr. undanþágumálin), er liðinn og gengur ekki lengur í háþróuðum fiskveiðum og fiskiðnaði sem þessi höfuðatvinnuvegur okkar verður að vera ætlum við okkur að standast harða samkeppni við skömmtun auðlindanna.

Allir geta því tekið heils hugar undir með Halldóri Ásgrímssyni sjávarútvegsráðherra í ræðu hans á fiskiþingi þar sem hann sagði m.a.:

„Það er nauðsynlegt í umræðu um menntamál í sjávarútvegi að huga að þeim breytingum sem kunna að verða í greininni í framtíðinni. Miklar breytingar hafa orðið í vinnslu sjávarafurða á undanförnum árum og á næstu árum munu stórkostlegar tæknframfarir verða á þessu sviði. Samfara aðlögun sjávarútvegs að þessari nýju tækni mun fylgja aukin krafa um hæfara fólk. Sjávarútvegsfyrirtæki munu í framtíðinni hafa þörf fyrir sérmenntað fólk af öllum þeim námsbrautum sem lagt er til að teknar verði upp við sjávarútvegsskólann.

Verði skólakerfið ekki reiðubúið að takast á við nýjar kröfur atvinnulífsins um sérmenntað fólk munum við dragast hratt aftur úr öðrum þjóðum. Til að standast samkeppni verða fyrirtæki að taka upp nýja framleiðslutækni, vöruþróun og markaðsstarf. Það er því fyrirsjáanlegt að þörf verður fyrir fólk sem er menntað á sviði markaðs- og sölumála, stjórnunar, vöruþróunar og fyrirtækjarekstrar.“

En vanda þarf vel til stofnunar slíks sjávarútvegsskóla sem ráðherrann talar um. Hlutverk og verkefni slíks skóla eru ærin. Það þarf því ekki að finna honum verkefni með því að hræra saman sérgreinum þeirra skóla sjávarútvegsins sem fyrir eru þó að finna megi þess dæmi erlendis innan marka minni skóla sem mundu henta okkur eins og hér er bent á með stofnun fjórðungsskóla.

Það verður því *ótímabært að halda áfram endurskoðun laga um Fiskvinnsluskólann og leggja fram tilbúið frumvarp um skipstjórnarfræðsluna og stýrimannaskólana.*

Með nýrri löggjöf og breyttu skipulagi geta þessir skólar þjónað sjávarútvegi og siglingum betur en nú er gert.

Utanríkissiglingar mega ekki gleymast í þessari umræðu. Fátt er Íslendingum nauðsynlegra en siglingar íslenskra vöruflutningaskipa að og frá landinu þó að öll sú umræða hafi af ástæðum öllum kunnar verið á neikvæðu plani undanfarna mánuði.

Ekki er vansalaust að farþegasiglingar að og frá landinu skuli vera í höndum útlendinga og ómögulegt fyrir fólk að komast með skipum milli landa nema fyrir velvilja og kunningsskap. Lítill metnaður virðist vera í þessum málum miðað við það sem áður var. Og mikið öryggisleysi og skammsýni er að Íslendingar skuli ekki eiga stórt olíuflutningaskip fyrir flutninga á olíu og bensíni að og frá landinu. Virðast á þessu sviði ríkja hálfgerðir nauðungarsamningar í sambandi við olíuviðskiptin. Fyrir 20–30 árum síðan önnuðust Íslendingar þessa flutninga sjálfir með eigin olíuflutningaskipi.

Þáttur siglinga má aldrei gleymast í umræðu um stýrimannaskóla og vélskóla. Með orðinu sjávarútvegi er fyrst og fremst átt við útgerð og umsvif fiskiskipa enda þannig skýrt í orðabókum.

Í heildarmynd tillögu og hugmyndum að uppbyggingu „háskóla sjávarútvegs og siglinga“ hefi ég sett öryggis- og eldvarnaskóla en ótrúlegt er að slíkri stofnun skuli ekki fyrir löngu síðan hafa verið komið á fót innan skólakerfisins.

Slíkir skólar eru til í öllum nágrannalöndunum og eru ekki eingöngu til þjónustu þessum atvinnugreinum en einnig til öryggis- og eldvarnafræðslu fyrir starfsfólk í stórfyrirtækjum og slökkviliðum hinna ýmsu borga og héraða.

Gott átak hefur samt verið unnið í öryggismálum með björgunarfræðslu í gamla Þór með styrk stjórnvalda og Slysavarnafélags Íslands. Lokaátak vantar þó, sérstaka stofnun, eldvarnaskóla með athafnasvæði utan en þó í næsta nágrenni mesta þéttbýlis landsins þar sem yrði komið fyrir föstum yfirbyggingum skipa og fleiru sem tilheyrir þannig stofnun til æfinga í slökkvistarfi.

Lokaorð.

Við Íslendingar og íslenskur sjávarútvegur höfum brýna þörf fyrir *stofnun sérstaks sjávarútvegsskóla sem mundi efla mjög þá sérskóla sem fyrir eru í landinu,* Stýrimannaskóla, Vélskóla og Fiskvinnsluskóla. Nemendur efstu deilda þessara sérskóla mundu fyrst og fremst sækja *háskóla sjávarútvegs og siglinga* og þaðan kæmu kennslukraftar og nýjar hugmyndir. Milli sérskólanna þarf að auka innbyrðis tengsl og samstarf þó að þeir fái að þróast áfram sem sjálfstæðir skólar.

Endurmenntun, símenntun, er kjörorð á breytingatímum. Hagræði gæti orðið af því að þessir skólar sameinuðust um þann þátt skólastarfsins. Áhrif atvinnulífsins eiga að hrískast um allar greinar þessara menntastofnana bæði frá sérstöku fræðsluráði, fyrirtækjum í sjávarútvegi, siglingum og iðnaði, sem auk þess eiga fulltrúa í skólanefndum viðkomandi sérskóla eins og verið hefur.

Ed. 581. Lög [271. mál]

um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 430.

Ed. 582. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til laga um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febr. 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Björn Dagbjartsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.

Sþ. 583. Fyrirspurn [333. mál]

til dómsmálaráðherra um skipan löggæslumála á Reyðarfirði.

Frá Helga Seljan, Agli Jónssyni og Jóni Kristjánssyni.

Hvað hyggst dómsmálaráðuneytið gera til úrbóta í löggæslumálum á Reyðarfirði?

Sþ. 584. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Valdimar Indriðason, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara samræmda könnun á jarðvarma og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Markmið slíkrar könnunar verði að safna upplýsingum um vatnsforða af heitu og köldu vatni er hagnýta megi m.a. í þágu fiskeldis til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Greinargerð.

Alkunna er að á síðstu áratugum hafa orðið miklar breytingar í byggð og búsetu manna hér á landi. Fólki hefur fækkað í sveitum en fjölgað í þéttbýli. Meginstraumurinn hefur stefnt utan af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið á suðvesturhorni landsins. Nýjustu upplýsingar og spár benda til þess að þessi byggðaröskun haldi áfram. Að sumu leyti er að sjálfsögðu um eðlilega þróun að ræða þegar afskekkt býli eða byggðarlög fara í eyði og fólkið flytur til staða sem bjóða upp á betri afkomu og léttari lífsbaráttu. En þegar slík þróun snýst upp í alvarlega og óeðlilega röskun eða eyðingu lífvænlegra byggða landsins verður að horfast í augu við þann vanda og leita einhverra úrræða. Um þessar mundir, þegar kvótareglur sníða mönnum þröngan stakk til sjávar og sveita svo að mörgum þykir hart við að búa, eru ríkar ástæður til þess að kanna ný viðhorf til úrbóta. Oft er rætt um nauðsyn þess

að gera atvinnulífið fjölbreyttara í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins og efla hag þjóðarbúsins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þekkja landið sem best, náttúru þess, verðmæti og möguleika til landnýtingar. Margt er lítt kannað í þessum efnum og víða skortir frumrannsóknir. En brýnt er að slíkum rannsóknum verði flýtt eftir föngum svo að ljósara megi verða hverra kosta er völ. Sú tillaga, sem hér er flutt, fjallar um könnun á jarðvarma og fersku vatni á Vesturlandi, frá Hvalfjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn, er hagnýta megi til fiskeldis og á annan hátt til eflingar byggðar og búsetu í Vesturlandskjördæmi.

Það sem hér fer á eftir er m.a. byggt á heimildum frá Orkustofnun og upplýsingum sem fram komu á fundi sem haldinn var á vegum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi í Borgarnesi 8. sept. s.l. um fiskeldismál. Þar voru mættir sveitarstjórnarmenn af Vesturlandi, sérfræðingar frá Orkustofnun, fiskræktarmenn og ýmsir áhugamenn um fiskeldi.

Til fiskeldis þarf vatn sem er hreint og ómengað, ferskt eða salt. Vegna hita vatns og sjávar á Íslandi getur þurft heitt vatn úr jörð til að fiskeldi geti verið arðbært. Ferskvatn og jarðhiti eru náttúrulegar forsendur fiskeldis á ýmsum stigum eldisins. Það er ekki alltaf einfalt mál að afla ferskvatns eða vinna jarðhita því að þar er í mörg horn að líta. Til þess þarf bæði þekkingu og reynslu. Misheppnaðar framkvæmdir, sem byggja á röngum eða engum forsendum, eru dýrustu framkvæmdirnar.

Í Fréttabréfi Orkustofnunar í sept. 1986 segir svo m.a.: „Miklu máli skiptir að traustra upplýsinga um náttúruskilyrði sé aflað áður en lagt er út í stórfelldar fjárfestingar í fiskeldisstöðvum. Frá sjónarhóli Orkustofnunar er einnig um það að ræða að skapa hér á landi stórfelldan nýjan markað fyrir jarðhita til viðbótar við húshitunarmarkaðinn. Slík könnun á nýjum nýtingarmöguleikum íslenskra orkulinda er eitt af hlutverkum Orkustofnunar. Því er eðlilegt að hún leggi nokkuð til af fjárveitingu sinni. En frá sjónarmiði þjóðarbúsins er um miklu stærra mál að ræða, þ.e. að rannsaka sumar grundvallarforsendur nýrrar, hugsanlega meiri háttar, atvinnugreinar, forsendur sem geta ráðið úrslitum um hvort hún er vænleg eða ekki."

Ýmislegt er vitað um jarðhita á Vesturlandi frá fornu fari. Í Borgarfjarðardölum er eitt öflugasta lághitasvæði landsins. Þar hafa allmiklar rannsóknir verið gerðar, sbr. t.d. þessi rit frá Orkustofnun, jarðhitadeild: Mat á jarðvarma á Íslandi (Guðmundur Pálmason o.fl.), Höfuðborgarsvæði — Borgarfjörður, Niðurstöður viðnámsmælinga (Lúðvík S. Georgsson), Borgarfjörður, efnafræði jarðhitavatns (Einar Gunnlaugsson).

Annars staðar, svo sem í Dölum og á Snæfellsnesi, hafa litlar rannsóknir á jarðvarma farið fram þó að nokkrir jarðhitastaðir séu þekktir á því svæði. Þar eru margir áhugamenn um þessi mál. m.a. bændur sem á eigin kostnað hafa lagt út í dýrar rannsóknir af þessu tagi á jörðum sínum, svo og aðrir sem árum saman hafa unnið að fiskræktarmálum í stórum stíl, klaki, hafbeit og sjókvíaeldi, og eru nú reynslunni ríkari. Um skipulagðar rannsóknir á köldu vatni á Vesturlandi er fátt að segja. En allt eru þetta mjög áhugaverð efni og hagnýt. Þess má geta að í Bændaskólanum á Hvanneyri hefur fiskeldi og fiskrækt verið kennd í 30 ár. Þar hafa menn nú hug á að koma upp matfiskeldi.

Hér er gripið á stóru máli og margþættu sem ekki verður rætt hér til neinnar hlítar. Allar grunnrannsóknir af þessu tagi eru fjárfrekar. Þann þátt málsins verður því að athuga sérstaklega. Eðlilegt er að hið opinbera leggi fram fé til frumrannsókna á auðlindum til lands og sjávar, þar á meðal á vatnsforða landsins og nýtingu hans, svo og Orkustofnun af því fé sem hún hefur til ráðstöfunar í þessu skyni. En til greina kemur kostnaðarþátttaka fleiri aðila, svo sem hagsmunahópa og sveitarfélaga.

Til frekari útlistunar fylgir hér með stutt greinargerð um sérverkefni Orkustofnunar tengd fiskeldi á Vesturlandi.

Fylgiskjal.

SÉRVERKEFNI ORKUSTOFNUNAR TENGD FISKELDI Á VESTURLANDI

Inngangur.

Orkustofnun hefur lagt fram í tillögum til fjárlaga fyrir árið 1987 fjögur sérverkefni, þar af tengjast þrjú beinni öflun upplýsinga fyrir fiskeldi en eitt ferskvatnslagi Reykjaness og því fiskeldi að talsverðu marki. Verkefni þessi er áformað að vinna á næstu tveimur til þremur árum, en þau verði sameiginlega fjármögnuð annars vegar af stofnuninni með sérfjárveitingu frá Alþingi og hins vegar af sveitarfélögum sem og öðrum hagsmunaaðilum í héraði.

Til fiskeldis sem atvinnurekstrar þarf mikið af hreinu ómenguðu vatni og hreinum ómenguðum sjó. Hreint ómengað vatn er helst að fá úr grunnvatni sem síað er í gegnum jarðlög í borholur eða brunna. Bestur vaxtarhraði fæst fyrir lax við 10–14 gráður C og er upphitun með jarðhita því hagkvæm. Seiðaeldisstöðvar nota einungis ferskt vatn og er hagkvæmust staðsetning þeirra því þar sem saman fara mikið og gott grunnvatn og jarðhiti.

Eitt verkefnanna varðar náttúruleg skilyrði fiskeldis, þ.e. magn, gæði og vinnslumöguleika jarðvarma og fersks grunnvatns. Eldisaðferðirnar, sem tengjast verkefninu, spanna eftirtalda möguleika:

a. Seiðaeldi í ferskvatni hituðu með jarðhita.
b. Seiða- eða matfiskeldi í volgu vatni af lághitasvæðum eða jaðarsvæðum háhita.

Þau svæði á Vesturlandi, sem talin eru vænlegust til fiskeldis miðað við núverandi þekkingu á jarðhita og fersku vatni, eru: Hvalfjörður, Borgarfjörður og Dalir.

Orkustofnun verður áþreifanlega vör við óvissuna sem ríkir hjá hagsmunaaðilum um hin náttúrulegu skilyrði til að reisa fiskeldisstöðvar og hvar þau sé helst að finna. Til stofnunarinnar eru oft sótt ráð varðandi öflun vitneskju um alla framangreinda náttúruþætti. Mikill skortur þekkingar á þessum atriðum náttúrufars landsins kemur þannig í ljós, sem og þörf rannsókna. Engri opinberri stofnun hefur verið gert lagalega skylt að afla og halda til haga upplýsingum á þessu sviði, nema varðandi jarðhita.

Hér á eftir mun reynt að gera stutta grein fyrir áðurnefndu verkefni hvað varðar:

1. Helstu markmið.
2. Hverju verkefnið skilar í aðra hönd.

Helstu markmið.

Höfuðmarkmið verkefnisins er að afla grunnupplýsinga er beina staðsetningu fiskeldisstöðva á þá staði sem eru fjárhagslega hagkvæmastir. Þá er tekið mið af því að þar sé fyrir hendi nægt ferskvatn og jarðhiti innan gæðamarka sem framleiðslugrein þessi krefst. Grunnupplýsingar þær, sem þannig verður aflað, munu draga úr áhættuþáttum fjárfestingar í þessum atvinnuvegi og jafnframt stuðla að lækkun hennar.

Enn fremur er rétt að hafa í huga að auk upplýsinga um rétta staðsetningu ættu að liggja fyrir ákveðnar vísbendingar um hentuga stærð eininga á hverju svæði fyrir sig og til hvers konar eldis svæðið hentar best.

Hverju verkefnin skila í aðra hönd.

Verkefnið er skipulagt þannig að það skili grunnupplýsingum um eftirtalda þætti:

Kortlagningu þeirra svæða þar sem fyrir hendi eru þau náttúrugæði sem eru undirstaða hagkvæms fiskeldis hérlendis.

a. Líkleg staðsetning stöðva.
b. Möguleg afkastageta.
c. Vatnsgæði.

Sþ. 585. Fyrirspurn [335. mál]

til iðnaðarráðherra um framtíðarskipan iðnráðgjafar í landshlutunum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður undirbúningi að nýjum lögum um „framtíðarskipan iðnráðgjafar í landshlutunum“ sem ríkisstjórnin gerði ráð fyrir að leggja fyrir Alþingi í október 1986?

Nd. 586. Frumvarp til laga [336. mál]

um skipun nefndar utanþingsmanna er rannsaki deilur menntamálaráðuneytisins og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra.

Flm.: Ingvar Gíslason, Steingrímur J. Sigfússon,
Guðmundur Bjarnason, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Hæstiréttur skipar nefnd fimm manna utan Alþingis til að rannsaka deilur menntamálaráðuneytisins og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og það hvort menntamálaráðherra hafi haft fullgildar ástæður til að víkja fræðslustjóra umdæmisins úr starfi. Hæstiréttur ákveður hver skuli vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Nefndin tekur þegar til starfa. Skal hún afla þeirra gagna sem nauðsynleg teljast og tiltæk eru til að skýra málið í heild og einstök atvik þess. Nefndin skal hafa aðgang að upplýsingum og skjölum opinberra aðilja vegna starfa sinna. Skal nefndin sérstaklega kynna sér þann ágreining sem fram hefur komið varðandi framkvæmd sérkennslu í fræðsluumdæminu og samskipti ráðuneytis og fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra (fræðslustjóra og fræðsluráðs) í því sambandi. Enn fremur skal nefndin athuga hvernig háttað er aðstöðu einstakra fræðsluumdæma til að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um sérkennslu og önnur atriði er snerta framkvæmd gildandi skólamálastefnu eftir því sem við verður komið. Nefndin skal semja opinbera skýrslu um störf sín og niðurstöðu rannsóknarinnar og senda Alþingi og menntamálaráðherra skýrsluna, og ber henni að annast um að kynna hana almenningi. Alþingi ber kostnað af störfum nefndarinnar.

3. gr.

Meðan á rannsókn nefndarinnar stendur skal fyrrverandi fræðslustjóri í Norðurlandsumdæmi eystra, sem vikið var úr starfi 13. janúar s.l., halda öllum réttindum sínum sem opinber starfsmaður og a.m.k. hálfum föstum launum, sbr. lög nr. 38/1954. Setja má mann til að gegna embættinu tímabundið en ekki skipa í stöðuna á meðan nefndin starfar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Illvíg opinber deila um fræðslustjóramálið á Norðurlandi eystra hefur nú staðið hartnær mánuð. Upphaf deilunnar, í þeirri mynd sem nú er, verður rakið til þess að menntamálaráðherra, Sverrir Hermannsson, vék fyrirvaralaust úr starfi skipuðum fræðslu-

stjóra í Norðurlandsumdæmi eystra, Sturlu Kristjánssyni, og bar á hann sakir sem ráðherra hefur ekki getað réttlætt. Ekki eru bornar brigður á að ráðherra hafi formlegt vald til að víkja manni úr stöðu ef honum býður svo við að horfa. Hins vegar á ráðherra engan stjórnskipulegan rétt til að vera undanþeginn gagnrýni á gerðir sínar ef alþingismönnum eða öðrum þykir hann misbeita valdi sínu og gildir það jafnt um stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem aðra. Í þessu tiltekna máli er deilt um það hvort ráðherra hafi beitt valdi sínu af sanngirni og réttsýni eða hvort hann hafi misbeitt því. Það er eftirtektarvert að þeir sem gerst þekkja til þessa máls á Norðurlandi, fræðsluráðið, skólastjórar og kennarastéttin í heild, telja að fræðslustjóri sé hafður fyrir rangri sök og að honum hafi verið vikið úr starfi án þess að gildar ástæður hafi verið fyrir hendi. Ráðherra hefur ekki tekist að sannfæra Alþingi og almenning um réttmæti gerða sinna og ólíklegt að málið verði upplýst í meðförum fjölmiðla.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja einsýnt að kjarni þessa máls verði ekki leiddur í ljós nema til komi rannsókn óháðrar nefndar sem vinni hlutlægt að því að upplýsa málið í heild og einstaka þætti þess. Um það efni fjallar frumvarpið.

Sþ. 587. Tillaga til þingsályktunar [337. mál]

um menntun stjórnenda smábáta.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um samræmda kennslu og próf stjórnenda allra skráðra smábáta annarra en fiskibáta. Skulu lögin miða að því að stjórnendur þessara báta hafi skipstjórnarréttindi.

Greinargerð.

Það er ljóst að áhugi Íslendinga á siglingum á skemmtibátum hefur aukist mjög á síðustu árum. Þar er bæði um að ræða siglingar á vélbátum og seglbátum. Þá hefur það aukist að ferðast sé á slíkum bátum milli Íslands og annarra landa. Á öðrum skipum en skemmtibátum þurfa skipstjórnarmenn að hafa hið meira fiskimannapróf til slíkra ferða.

Fæstir þeirra sem eiga skemmtibáta eru vanir sjómennsku og þurfa því að fá fræðslu í sjómennsku og siglingafræði auk þess sem nokkur þekking í veðurfræði er nauðsynleg fyrir þann sem á sjóinn fer.

Eðlilegt má teljast að málum þessum sé skipað með lögum. Yrði þar fjallað um samræmt námsefni og próf undir opinberu eftirliti fyrir stjórnendur skemmtibáta. Með lagasetningunni yrði gert ráð fyrir því að stjórnendur allra skráðra skemmtibáta hefðu skipstjórnarréttindi. Verður það að teljast eðlilegt með tilliti til krafna sem gerðar eru til stjórnenda annarra farartækja, svo sem flugvéla og bifreiða. Mjög er algengt að stjórnendur skemmtibáta taki með sér farþega til lengri og skemmri sjóferða. Líklegt má telja að farþegar geri sér ekki grein fyrir því að ekki séu gerðar kröfur til kunnáttu hjá viðkomandi stjórnanda.

Lög um þessi efni eru því fyrst og fremst til þess að auka öryggi sæfarenda almennt. Þá er einnig eðlilegt að stjórnendur skemmtibáta geti öðlast réttindi og lokið viðurkenndum prófum á þessu sviði án þess að tekið sé mið af kröfum til atvinnuréttinda skipstjórnarmanna. Eðlilegt er talið að lög þessi taki til allra stjórnenda skráðra skemmtibáta, bæði vélbáta og seglbáta. Gæta þyrfti þess að lög þessi færu ekki í bága við lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og rýrðu ekki á nokkurn hátt gildi slíkra réttinda.

Á síðustu árum hefur smábátum í eigu landsmanna fjölgað verulega.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa, er sérhvert skip, sem er sex metrar á lengd eða stærra, skráningarskylt eftir lögunum þegar eignarrétti er svo háttað sem þar er nánar greint. Þá getur siglingamálastjóri skv. 3. gr. sömu laga ákveðið að hve miklu leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta en eru ekki knúin af hreyfiafli af þeim sjálfum, skuli tekin af skipaskrá. Hægt er að fá skráða báta sem ekki ná sex metrum.

Með því að taka skip á skipaskrá með þessum hætti er komið á nauðsynlegu opinberu eftirliti með öllum þeim skipum er ætla má að séu notuð til ferðar á sjó.

Samkvæmt 7. gr. laga um skráningu skipa gefur siglingamálastjóri út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skráðum skipum sem eru stærri en 15 metrar á lengd.

Fyrir skráð skip minni en 15 metra er því aðeins gefið út skrásetningarskírteini að skipið fari milli Íslands og annarra landa. Í þeim tilvikum eru gefin út bæði þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal meðal annarra atriða greina „nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar gefin út“. Hvergi er í lögum getið hvers konar skipstjórnarheimildar hér er krafist.

Í lögum nr. 112 frá 1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, segir í 1. gr.: „Hver íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.“ Í IV. kafla laganna, sem ber yfirskriftina „Um atvinnuréttindi skipstjóra“, eru greind í 7. gr. þau skilyrði sem uppfylla þarf til að geta öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna. Í 8. gr. laganna eru ákvæði um skilyrði til að öðlast skipstjóraréttindi á stærri skipum en 30 rúmlestir. Með tilliti til heitis IV. kafla og laganna í heild *verður að telja að þau eigi aðeins við þau tilvik er menn vilja öðlast atvinnuréttindi sem skipstjórnarmenn á íslenskum skipum.*

Eftir stendur að ekki eru í lögum bein ákvæði um að skipstjórnarréttinda sé krafist af skipstjórnarmönnum skráningarskyldra smábáta sem notaðir eru til siglinga við strendur landsins, til skemmtunar eða í öðru skyni. Er vafasamt hvort hægt sé að gera kröfu til skipstjórnarréttinda samkvæmt lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, til þeirra skipstjórnarmanna skemmtibáta sem sigla milli Íslands og annarra landa.

Sþ. 588. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um úttekt á samskiptum menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir,
Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd er hafi það verkefni að gera úttekt á samskiptum menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra.

Í nefndina skal skipa einn samkvæmt tilnefningu fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra, einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytis og einn samkvæmt tilnefningu Ríkisendurskoðunar og verði hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal kanna alla þætti þessa máls er varða þá deilu sem upp er komin milli fræðsluráðsins og menntamálaráðuneytisins eftir því sem henni þykir ástæða til, þar á meðal réttmæti brottvikningar fræðslustjóra umdæmisins úr starfi.

Nefndin hafi fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist til að skýra málið í heild og einstök atvik þess.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og kostur er og semja skýrslu um störf sín og verði hún birt opinberlega.

Þá ályktar Alþingi að beina því til menntamálaráðherra að skipa einungis tímabundið í stöðu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra þar til niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, auk þess sem samið verði við fyrrverandi fræðslustjóra um kjör hans og réttindi til sama tíma.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Deilur þær, sem upp hafa komið milli fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntamálaráðuneytisins, hafa staðið lengi án þess að niðurstaða sé í augsýn.

Þegar liggja fyrir tvö þingmál um efnið sem að mati flutningsmanna þessarar tillögu eru ekki til þess fallin að leysa deiluna í þeirri stöðu sem hún er nú og miðað við gang mála á undanförnum dögum. Raunar má álíta að þau geti fremur spillt fyrir farsælli lausn en stuðlað að niðurstöðu sem ásættanleg er fyrir alla aðila. Að auki má benda á að ekki getur talist heppilegt að Hæstiréttur gerist óbeinn aðili málsins eins og gert er ráð fyrir í þeim þingmálum sem nú liggja fyrir þar sem málið kann að koma fyrir Hæstarétt á síðari stigum þess.

Engu síður telja flutningsmenn þessarar tillögu að málið sé í þeim hnút að Alþingi verði að láta það til sín taka þar sem ólíklegt verður að teljast að deiluaðilar geti komist að sameiginlegri niðurstöðu. Ef farsæl og árangursrík niðurstaða á að fást er nauðsynlegt að tillaga, sem lögð er fyrir Alþingi um lausn málsins, taki mið af sjónarmiðum og hugmyndum beggja deiluaðila sem fram hafa komið. Telja verður að slíkt tryggi frekar að samstaða geti náðst á vettvangi Alþingis. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Ed. 589. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og farið yfir þær umsagnir sem fyrir liggja. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Helgi Seljan.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 590. Nefndarálit [297. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Einnig hefur nefndin aflað sér upplýsinga um fjölda uppboðsbeiðna hjá einstökum fógetaembættum á landsbyggðinni og uppboð sem þar hafa farið fram. Þær upplýsingar sýna svipaða þróun hvað varðar fjölda uppboðsbeiðna og uppboða eins og þá sem bent er á í athugasemdum með frumvarpinu varðandi höfuðborgarsvæðið. Nefndin telur að frumvarpið leiði til betri framkvæmdar varðandi uppboð og uppboðsbeiðnir og löggjöf sú, sem af því leiðir, hæfi betur þeim aðstæðum sem nú eru í þjóðfélaginu. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Helgi Seljan.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 591. Frumvarp til laga [339. mál]

um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks, nr. 49 20. apríl 1963, falli úr gildi.

2. gr.

Eignir byggingarsjóðs aldraðs fólks og útistandandi kröfur skulu skiptast að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og byggingarsjóðs hjúkurnarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fulltrúaráð sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði hefur óskað eftir breytingum á lögum um happdrætti DAS, nr. 16/1973, og jafnframt að lög nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, verði felld úr gildi. Lög um happdrætti DAS heyra undir dómsmálaráðuneytið og hefur dómsmálaráðherra ákveðið að verða við óskum Sjómannadagssamtakanna um fyrrgreindar breytingar á núgildandi lögum og mun standa að flutningi frumvarps þar um.

Samkvæmt lögum um happdrætti DAS, nú lögum nr. 16/1973, renna 40% af tekjum happdrættis DAS í byggingarsjóð aldraðs fólks en 60% til DAS og hefur svo verið frá

gildistöku laga nr. 49/1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks. Áður rann allur ágóðinn til DAS. Hér er farið fram á að framlög frá happdrætti DAS til byggingarsjóðs aldraðs fólks falli niður og sjóðurinn verði jafnframt lagður niður.

Hlutverk byggingarsjóðs aldraðs fólks, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, er að stuðla með lánveitingum og styrkveitingum að byggingu hentugra íbúða og dvalarheimila fyrir aldrað fólk.

Með tilkomu hinnar nýju húsnæðismálalöggjafar hefur orðið mikil breyting til hins betra á lánamöguleikum til bygginga íbúða fyrir aldraða og má segja að með henni sé margfalt betur komið til móts við lánaþörf aldraðra en með mjög takmörkuðu framkvæmdafé byggingarsjóðs aldraðs fólks. Eignir sjóðsins í árslok 1985 voru 19,7 millj. kr., þar af um helmingur í skuldabréfum. Tekjur sjóðsins 1985 voru annars vegar ágóðahluti (40%) frá happdrætti DAS 4,1 millj. kr. og hins vegar vaxtatekjur 3,1 millj. kr. Aðra tekjuliði hefur sjóðurinn ekki haft á starfstíma sínum.

Þá ber að nefna Framkvæmdasjóð aldraðra sem settur var á stofn fyrir nokkrum árum og nýtur tekna af sérstökum persónuskatti, sbr. lög um málefni aldraðra, nr. 91/1982, með síðari breytingum. Úr sjóðnum er veitt fé til byggingar þjónustuíbúða og hjúkrunarheimila aldraðra svo og til byggingar dvalarheimila og endurbóta á þeim.

Hvað varðar eignir og útistandandi kröfur byggingarsjóðs aldraðs fólks þá þykir eftir atvikum rétt að þær skiptist að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og byggingarsjóðs hjúkrunarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði.

Rétt þykir að miða við að lög þessi taki gildi 30. apríl 1987 þar eð hinn 3. apríl n.k. verður dregið í síðasta sinn i happdrætti DAS á yfirstandandi happdrættisári.

Frumvarp þetta er, eins og áður segir, flutt að beiðni Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði.

Sþ. 592. Svar [128. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kjartans Jóhannssonar um söluskattsskil.

1. Innheimtuaðgerðir vegna söluskattsskulda.

Almenna reglan er sú að það er lagt á vald innheimtumanna ríkissjóðs að meta það hvernig staðið skuli að innheimtu þannig að kröfurnar verði sem best tryggðar. Hins vegar eru dæmi þess að ráðuneytið hafi farið þess á leit við innheimtumenn ríkissjóðs að þeir fresti lokunaraðgerðum eða uppboði á meðan einstök mál eru til athugunar hjá skattyfirvöldum eða beðið er eftir niðurstöðum ríkisskattanefndar eða dómstóla um söluskattsskyldu eða skattfjárhæðir. Venjulega eru slíkar beiðnir ráðuneytis til innheimtumanna gerðar með óformlegum hætti, svo sem með viðræðum við innheimtumenn eða með orðsendingum. Auk þess hafa innheimtumenn stundum óformlegt samráð við ráðuneytið um það hvernig staðið skuli að innheimtu einstakra söluskattsskulda þegar um óvenjuleg atvik er að ræða og þá með það í huga að hafa samráð við ráðuneytið hvernig innheimta verði best tryggð. Þar sem mál þessi eru að öllu jöfnu afgreidd með óformlegum hætti í samráði við innheimtumenn hefur ráðuneytið ekki skrár yfir þau mál þar sem þess hefur verið farið á leit við innheimtumenn að þeir fresti uppboði eða lokunaraðgerðum vegna söluskattsskulda. Af þessum sökum er ekki hægt að svara þessari spurningu með öðrum hætti en hér er gert. Mál af þessu tagi eru þó fá á hverju ári.

2. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum.

Ekki er að finna í lögum almenna heimild til að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

Í 53. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. l. nr. 31/1979, er svohljóðandi heimild:

„Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað tollstjóra að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann eigi vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess er vöruna flutti til landsins.

Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

Af aðflutningsgjöldum, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á samkvæmt 1. mgr., skal heimilt að reikna sömu vexti og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Vextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum."

Fram til þessa hefur heimildin ekki verið notuð til að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en hins vegar verið höfð hliðsjón af henni í undantekningartilvikum þegar veittur hefur verið greiðslufrestur vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum. Heimildir þessar hafa verið mjög takmarkaðar og yfirleitt ekki veittar nema í þeim tilvikum þegar sérstakar ástæður hafa verið taldar geta réttlætt greiðslufrest, t.d. þegar um innkaup á vörum hefur verið að ræða frá löndum sem ekki hafa getað haldið útflutningshöfnum sínum opnum nema hluta úr ári og innflytjendur því orðið að kaupa vörubirgðir sem tekið hefur allt að hálfu ári að selja á innanlandsmarkaði. Sköpuðust þessar aðstæður hér áður fyrr einkum vegna kaupa landsmanna á timbri frá löndum við Eystrasalt. Þá hefur í framkvæmd gilt sú regla að tollafgreiðsla á vörum til skipasmíða og viðgerða að skipasmíðum, viðgerðaraðilum og útgerðarmönnum hefur verið heimilað að greiða aðflutningsgjöld af vörum til þessara nota gegn útgáfu skuldarviðurkenningar sem síðan hefur verið skuldajafnað vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem heimiluð er samkvæmt 28. tölul. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., og reglum nr. 172/1985, um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða. Þá má nefna að fjármálaráðherra hefur gert samkomulag við flest bifreiðainnflutningsfyrirtæki um allt að tuttugu daga greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum nýjum bifreiðum og hafa aðflutningsgjöld af bifreiðum verið þannig lánuð frá árinu 1974. Einnig má hér minnast á að sérstakt greiðslufyrirkomulag hefur gilt um innheimtu gjalds af gas- og brennsluolíum, svo og bensíngjalds.

Samkvæmt 10. tölul. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., sbr. reglur nr. 229/1981, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis, er tollyfirvaldi heimilt að veita mönnum sem búsettir hafa verið erlendis leyfi til tollfrjáls innflutnings á bifreiðum og bifhjólum í allt að þrjá mánuði talið frá komudegi flutningsfars til landsins, að uppfylltum nánar greindum skilyrðum. Taki viðkomandi sér fasta búsetu hér á landi eða flytji búslóð sína hingað til lands skulu aðflutningsgjöld, þar með talið sölugjald, þegar greidd. Innflytjanda er þó heimilt að greiða aðflutningsgjöld, þar með talið sölugjald, gegn útgáfu skuldabréfs er greiðist með þremur jöfnun afborgunum ásamt hæstu lögleyfðum útlánsvöxtum, í fyrsta sinn að liðnum sex mánuðum talið frá komudegi flutningsfars til landsins og hina síðustu að liðnum 12 mánuðum talið frá sama tíma. Sjálfsskuldarábyrgðar banka fyrir greiðslu skuldar, vaxta og dráttarvaxta er krafist.

Í sérstökum tilvikum hefur ráðuneytið heimilað að tekið sé við skuldarviðurkenningu eða víxlum til tryggingar aðflutningsgjöldum og/eða sölugjaldi enda standi vilji stjórnvalda

til að afla lagaheimildar síðar, t.d. í fjárlögum. Við þær ákvarðanir er sérstaklega höfð hliðsjón af sambærilegum afgreiðslum Alþingis. Samþykki Alþingi síðan lög er heimila niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda af þessum innflutningi hefur sú heimild verið notuð til að falla frá innheimtu skuldarviðurkenningar eða víxils.

Hjálagt fylgja listar sem unnir voru af ríkisbókhaldi yfir þá aðila sem heimild hefur verið veitt til að greiða aðflutningsgjöld með skuldarviðurkenningum á árunum 1984 og 1985 og til októberloka 1986. Í listum þessum er um að ræða þrjá dálka er gefa brúttóupphæð veittra skuldarviðurkenninga, að viðbættri stöðu frá fyrra ári, í öðru lagi greiddar og niðurfelldar skuldarviðurkenningar og í þriðja lagi er mismunadálkur sem sýnir stöðu í lok tímabils. Þá fylgja upplýsingar um fjölda veittra skuldarviðurkenninga og heildarfjárhæðir þeirra á árunum 1980–1986.

3. Greiðsla skattsekta.

Engin dæmi eru þess að ráðuneytið hafi heimilað greiðslu skattsekta með skuldabréfum.

Skuldarviðurkenningar vegna innflutnings.

	Upphæð útgefinna skuldarviðurk.	Greiðsla skuldarviðurk. — niðurfellt	Mismunur	Fjöldi skuldarviðurk.
1980	355 914 078	329 753 762	26 160 352	4 594
1981	709 105 186	673 750 500	35 354 686	5 961
1982	801 592 737	714 543 637	87 049 100	7 002
1983	1 303 438 641	1 206 961 080	96 477 561	5 731
1984	1 887 393 939	1 743 276 860	144 117 079	6 063
1985	2 154 938 543	1 911 856 033	243 082 510	5 156
1986	1 942 258 089*	1 688 062 070*	254 196 019*	5 856

Stjörnumerkt tala sýnir skuldarviðurkenningar frá 1. janúar til 31. október 1986.

SKULDAVIÐURKENNINGAR VEGNA INNFLUTNINGS ÁRIÐ 1984

NAFNNÚMER	NAFN	UPPHÆÐ UTGEFINNA SKULDAV	GREIÐSLA SKULDAV/ NIÐURFELLT	STAÐA 31.12.84	FJÖLDI SKULDAV
0028-2537	AÐALGEIR KARLSSON OFL	14.366	14.366-	0	1
0057-3248	AÐALSTEINN ARNBJÖRNSSON	156.154	50.052-	106.102	1
0075-4838	AÐALSTEINN SVEINSSON	39.500	39.500-	0	0
0075-8361	AÐALSTEINN SÆMUNDSSON	61.643	0	61.643	1
0089-4605	ADOLF STEINSSON	19.277	19.277-	0	1
0095-0149	AGNAR ANGANTYSSON	130.375	0	130.375	1
0098-2687	AGNAR HAFSTEINSSON	8.387	8.387-	0	1
0121-7585	AGUST BALDURSSON	194.036	64.679-	129.357	1
0136-3182	AGUST KRISTJANSSON	243.005	243.005-	0	0
0179-8200	AKI GUÐMUNDSSON	48.760	20.492-	28.268	3
0188-5863	ALBERT OLAFSSON	39.088	39.088-	0	2
0191-4286	ALBERT TOMASSON	8.395	8.395-	0	1
0195-7015	ALDAN HF V/BENED GUNNARSS	241.469	0	241.469	2
0220-4258	ALEX DE WAAL C/O SYN HF	27.951	27.951-	0	0
0255-6340	ALFTFIRÐINGUR HF	637.274	507.279-	129.995	13
0302-2404	ANDRI HF	113.793	50.104-	63.689	3
0302-8313	ANDRI ISAKSSON	210.000	210.000-	0	0
0412-3727	ARBORG HF	62.186	62.186-	0	2
0425-9955	ARI H OLAFSSON	52.995	0	52.995	3
0439-3635	ARMANN HERBERTSSON	12.586	12.586-	0	1
0443-2894	ARMANN STEFANSSON	25.270	25.270-	0	1
0447-0273	ARNALDUR VALGARÐSSON	47.739	0	47.739	1
0448-4118	ARNAR BARÐASON	26.989	26.989-	0	2
0453-5987	ARNAR SKULASON	106.885	106.885-	0	2
0454-2045	ARNAR SVERRISSON	10.868	0	10.868	1
0454-7357	ARNARVÖRU HF	33.787	0	33.787	1
0516-8619	ARNI S GUNNARSSON	91.447	91.447-	0	0
0523-4956	ARNI JONASSON	11.043	11.043-	0	1
0534-5820	ARNI JON SIGURÐSSON	28.445	28.445-	0	1
0534-6274	ARNI SIGURÐSSON	51.757	37.229-	14.528	1
0542-1063	ARNI VIKARSSON	90.223	90.223-	0	1
0569-9460	ARNOR SIGURÐSSON	46.798	46.798-	0	0
0570-4871	ARNOR STIGSSON	5.076	5.076-	0	0
0577-0971	ARNÞOR PALSSON	8.069	8.069-	0	1
0587-9515	ARSÆLL SF	12.300	12.300-	0	1
0599-8182	ARVELAR SF	2.434.337	2.434.337-	0	2
0621-4126	ASAR HF	313.311	313.311-	0	3
0657-1409	ASEL HF	45.657	0	45.657	2
0657-5803	ASGEIR HF UTG	16.352	16.352-	0	1
0679-1395	ASGEIR TORFASON	33.763	0	33.763	1
0695-2410	ASGRIMUR EINARSSON	12.367	12.367-	0	1
0701-9106	ASKELL AGNARSSON	74.493	0	74.493	1
0833-0212	ASTVALDUR KRISTINSSON	158.674	158.674-	0	1
0834-0579	ASTVALDUR PETURSSON	47.487	47.487-	0	1
0834-9282	ASTVALDUR VALTYSSON	229.244	229.244-	0	1
0843-0128	ATLI HILMARSSON	90.494	90.494-	0	1
0848-2411	AUÐBJÖRG SF	151.004	151.004-	0	2
0848-2438	AUÐBJÖRG SF	125.833	0	125.833	2
0848-2500	AUÐBJÖRG HF	16.275	16.275-	0	1
0855-0980	AUÐUNN HF	44.642	33.375-	11.267	3
0889-9177	AUSTFIRÐINGUR HF	132.448	132.448-	0	2
0889-9207	AUSTFJARÐARLEIÐ HF	1.584.299	1.584.299-	0	1
0889-9797	AURORA HF	121.642	48.652-	72.990	0
0891-1932	AXEL AXELSSON	256.059	0	256.059	2
0893-3138	AXEL AXELSSON	123.466	123.466-	0	0
0901-8174	AXEL PALSSON HF	6.739	6.739-	0	0
0908-0104	B M VALLA STEYPUSTÖÐ	3.078.651	2.308.990-	769.661	3
0908-6927	BALDUR HF UTGERÐ	196.500	196.500-	0	6
0908-6943	BALDUR HF	703.477	608.457-	95.020	8
0908-6986	BALDUR HF	109.568	109.568-	0	4
0912-1404	BALDUR BOASSON	11.043	11.043-	0	1
0918-4228	BALDUR HALLDORSSON	1.154.072	571.966-	582.106	20
0943-0695	BALDVIN NIELSSON	461.344	373.242-	88.102	7
0943-2418	BALDVIN NJALSSON FISKVERK	26.118	26.118-	0	3
0973-0028	UTGERÐAF BARÐINN HF	185.916	185.816-	100	2
0977-5129	BATALON HF	41.867	13.430-	28.437	2
0979-5243	BENCO HF	22.618	0	22.618	1
0982-1074	BENEDIKT BENEDIKTSSON	32.067	32.067-	0	0
0996-3782	BENEDIKT S PETURSSON	91.889	91.889-	0	5
1008-1513	BENJAMIN GUÐMUNDSSON	65.745	65.745-	0	0
1024-4722	BYGGINGAFEL BERG	23.958	0	23.958	1
1053-5018	BERGUR HF	569.380	536.658-	32.722	6
1053-5034	BERGUR HUGINN HF	1.410.245	1.317.024-	93.221	20

SKULDAVIÐURKENNINGAR VEGNA INNFLUTNINGS ÁRIÐ 1984

NAFNNÚMER	NAFN	UPPHÆÐ UTGEFINNA SKULDAV	GREIÐSLA SKULDAV/ NIÐURFELLT	STAÐA 31.12.84	FJÖLDI SKULDAV
1067-1108	BERGÞÓR GUÐJÓNSSON	165.923	165.923-	0	0
1108-5628	BIFREIÐAR OG LANDB.VELAR	49.578.670	49.578.670-	0	184
1108-9003	BYGGINGAVÖRUVERSL KÓPAVOGS	5.715.317	5.715.317-	0	5
1108-9046	BYGGINGAV VERSL TÓMASAR B	1.441.371	0	1.441.371	1
1108-9275	BILABORG HF	72.208.258	72.208.258-	0	197
1122-9670	BIRGIR INGÓLFSSON	11.915	0	11.915	1
1124-2618	BIRGIR JÓNSSON	220.181	0	220.181	1
1130-4656	BIRGIR BJÖRN SIGURJÓNSSON	22.660	0	22.660	1
1134-0083	BIRGIR VALDIMARSSON	61.179	61.179-	0	2
1143-1143	BIRKIR ÞORSTEINSSON	136.091	136.091-	0	1
1166-8488	BIRTHE BAK VIGNISSON	222.909	222.909-	0	0
1167-0466	BJARG HF UTGERÐ	66.119	30.514-	35.605	4
1174-4737	BJARNI GÍSLASON	7.667	0	7.667	1
1188-3141	BJARNF RAGNAR JÓNSSON	70.088	70.088-	0	3
1203-2889	BJARNI BERGMANN	9.120	9.120-	0	1
1209-9371	BJARNI GARÐARSSON	174.121	0	174.121	3
1212-5496	BJARNI GUÐMUNDSSON	77.299	0	77.299	1
1213-8229	BJARNI HÁKONARSSON	8.155	8.155-	0	0
1219-7810	BJARNI JÓNASSON	120.259	120.259-	0	0
1223-1423	BJARNI KRISTINSSON	6.016	0	6.016	1
1225-4296	BJARNI MAGNÚSSON	16.742	16.742-	0	2
1234-6026	BJARNI SVEINSSON	60.559	0	60.559	1
1253-1087	BJÖRG HF UTGERÐ	18.436	18.436-	0	2
1253-1125	BJÖRG SF UTGERÐ	20.965	20.965-	0	1
1286-9800	BJÖRGUN HF	835.470	667.405-	168.065	19
Þeir menn, sem njóta annarra tekna en launatekna og vilja komast hjá greiðslu verðbóta á tekjuskatt og útsvar af þessum tekjum, sbr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða fjárhæð sem ætla má að nægi til lúkningar væntanlegri álagningu tekjuskatts og útsvars á þessar tekjur. Greiðsla þessi skal innt af hendi eigi síðar en 31. janúar næst á eftir staðgreiðsluári. Greiðslan skal bætast við staðgreiðslu þá, sem maðurinn innti af hendi eða innt hefur verið af hendi fyrir hann, á staðgreiðsluári og færast á staðgreiðsluskrá áður en greiðslustaða hans er ákvörðuð skv. 34. gr.

Nánari fyrirmæli um greiðslur, greiðslustaði, skilagreinar og aðra framkvæmd samkvæmt þessari grein skulu settar í reglugerð af fjármálaráðherra.

39. gr.

Allar tilkynningar, skilagreinar og skýrslur, sem gera skal samkvæmt lögum þessum, skal hlutaðeigandi aðili láta í té ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðendur skulu annast allar skyldur sínar samkvæmt lögum þessum án endurgjalds.

40. gr.

Ákvæði annarra laga er fela í sér að óheimilt sé að innheimta opinber gjöld af bóta- og lífeyrisgreiðslum skulu ekki gilda gagnvart staðgreiðslu samkvæmt þessum lögum.

41. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

42. gr.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur sett sérstök lög um gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting á skattkerfinu hér á landi að innheimta tekjuskatts og útsvars manna verði í formi staðgreiðslu. Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu hérlendis um margra ára skeið og frumvörp þar að lútandi voru lögð fram á Alþingi á árunum 1977 og 1981. Málið er hins vegar nú í mjög breyttu formi frá því sem áður var. Orsakast það bæði af öðru fyrirkomulagi staðgreiðslunnar og einföldun skattkerfisins.

Samhliða þessu frumvarpi um sjálfa skattinnheimtuna eru lögð fram fjögur önnur tengd frumvörp þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar einföldun í skattkerfinu og nauðsynlegum breytingum á öðrum lögum til samræmis við ákvæði þessa frumvarps.

Í fyrsta lagi er um að ræða sérstakt frumvarp um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og ýmis tímabundin úrlausnarefni sem fylgja breytingu úr núverandi kerfi, þar sem skattar eru greiddir eftir á, yfir í staðgreiðslukerfi. Um alla tilhögun í því sambandi vísast til þess frumvarps og athugasemda með því.

Í öðru lagi fylgir frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í því frumvarpi er m.a. að finna ákvæði um ýmsar breytingar á skattstofni og álagningu auk ákvæða um skatthlutfall og skattafslátt o.fl. Í greinargerð með því er að finna útreikninga á skattbyrði og ýmis dæmi um hvernig nýja kerfið kæmi út í reynd.

Þriðja frumvarpið snertir breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga til samræmis við þetta frumvarp. Loks þarf að gera breytingar á lögum um kirkjugarðsgjald og sóknargjöld vegna samruna þessara gjalda við tekjuskattinn.

Alþjóðleg þróun og aðdragandi hérlendis.

Undanfarin ár hafa umræður um skattamál verið fyrirferðarmiklar víða á Vesturlöndum og róttækar skattkerfisbreytingar verið lögfestar. Breytingarnar í Bandaríkjunum, sem gerðar voru á síðasta ári, eru alkunnar en margar aðrar þjóðir hafa einnig gert miklar breytingar á skattheimtu. Víða hefur náðst breið pólitísk samstaða um breytingar á skattkerfi.

Meginmarkmið með þessum skattkerfisbreytingum hefur verið að gera skattlagningu einfaldari, skilvirkari og auðskiljanlegri öllum almenningi. Víða hefur skattstigi verið

einfaldaður til muna með því að fækka þrepum og fella þau hæstu niður til að lækka jaðarskatta. Áherslan hefur færst frá því að beita tekjuskatti til þess að færa fjármuni frá þeim tekjuháu til hinna, sem lægri tekjur hafa, í að reyna að tryggja að þeir sem hafa svipaðar tekjur greiði sambærilega skatta að öðru gefnu. Staðgreiðslu hefur víðast hvar þegar verið komið á og hefur hún því ekki verið liður í þessum skattkerfisbreytingum í öðrum löndum.

Þótt skattkerfið hérlendis, sem byggir á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sé tiltölulega einfalt miðað við skattkerfi í ýmsum öðrum löndum hefur gagnrýni á það farið vaxandi hin síðari ár. Í skýrslu nefndar, sem kannaði umfang skattsvika og lögð var fyrir Alþingi 18. apríl 1986, sbr. ályktun Alþingis 3. maí 1984, er m.a. bent á nauðsyn þess að einfalda skattalögin og fækka skatttegundum.

Í skýrslu nefndarinnar segir m.a.: „Aftur hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir lögum um tekjuskatt og eignarskatt síðan 1978, sbr. stofnlögin nr. 40/1978, lög nr. 75/1981 og síðari breytingar. Undanþágum, frádráttarliðum og valkostum hefur sífellt fjölgað. Einfalda má lögin með því m.a. að koma til móts við mismunandi sérþarfir í tryggingalöggjöf, húsnæðislöggjöf og kjarasamningum í stað þess að gera það í skattalögum."

Síðar segir í áliti nefndarinnar: „Niðurfelling undanþága og fækkun frádráttarliða auðvelda öll skattskil, getur stytt fresti, dregur úr vinnuálagi á skattstofunum og gerir þeim kleift að sinna betur endurskoðun skattframtala og rannsóknum. Með því eykst aðhald og upplýstum brotum fjölgar."

Í nóvembermánuði s.l. skipaði Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra starfshóp til að gera tillögur um breytingar á skattalögum. Starfshópnum var m.a. falið að kanna:

1. Einföldun skattkerfis, m.a. með afnámi sérstakra frádráttarliða manna og lækkun skattþrepa.
2. Skattlagningu á fjármagnstekjur og aðrar eignatekjur og samhengi slíkrar skattlagningar og eignarskatts. Einnig skattlagningu á tekjur í formi hlunninda.
3. Skattlagningu á fyrirtæki, m.a. með tilliti til afskriftareglna og þess hvort lækka megi álagningarprósentu en fella niður í staðinn fjárfestingar- og varasjóðstillag.
4. Staðgreiðslu skatta og hvernig hún tengist öðrum breytingum á lögunum.

Í hópnum hafa átt sæti Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur, sem jafnframt er formaður, Indriði H. Þorlákssson skrifstofustjóri, Skúli Eggert Þórðarson yfirlögfræðingur og Sveinn Jónsson, löggiltur endurskoðandi. Með hópnum hafa starfað náið frá því í desember þeir Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson, deildarstjóri hjá embætti hans, og Lárus Ögmundsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu. Bolli Héðinsson, efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar, kom einnig til starfa með hópnum í janúar.

Ákveðið var á fyrstu dögum í starfi hópsins að tillögur um einföldun skattkerfisins og nauðsynlegar breytingar vegna staðgreiðslu á tekjuskatti einstaklinga skyldu vera forgangsverkefni til að unnt yrði að skila áliti og frumvarpsdrögum fyrir lok janúarmánaðar 1987. Vinnu við víðtækari breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, t.d. vegna skattlagningar fjármagnstekna og annarra eignatekna og vegna skattlagningar fyrirtækja, var þannig vikið aftur fyrir tillögur um breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Ráðgert er að starfshópurinn snúi sér að þessum verkefnum í beinu framhaldi af afgreiðslu þeirra frumvarpa sem nú liggja fyrir.

Við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í desember s.l. voru skattamál einnig til umræðu og sendu samningsaðilar ríkisstjórninni hinn 5. desember sérstakt minnisblað um breytingar á tekjuskattskerfinu. Því svaraði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með bréfi 6. desember. Þar segir m.a.:

„Ríkisstjórnin telur tilllögur þessar um einföldun tekjuskattkerfisins og staðgreiðslu tekjuskatts mikilvægt innlegg í þá umfjöllun sem nú fer fram um breytingar á skattkerfinu.

Hugmyndir þessar hafa verið athugaðar eftir því sem unnt hefur verið á skömmum tíma, m.a. af nefnd sem nú starfar á vegum fjármálaráðuneytisins að því verkefni að endurskoða tekjuskattslögin. Hér er um afar róttækar breytingar á tekjuskattlagningu að ræða sem kalla á viðamikla lagasetningu. Undirbúningur slíkrar lagasetningar krefst margvíslegra athugana á áhrifum þessara breytinga áður en unnt er að taka endanlegar ákvarðanir um einstaka þætti.

Hluti breytinganna samkvæmt hugmyndum samningsaðila er þess eðlis að hann snertir mjög sveitarfélög og aðra aðila með sjálfstæð verkefni samkvæmt lögum og verður ekki um hann fjallað án aðildar þeirra.

Fjármálaráðuneytið mun fela nefnd þeirri, sem að framan greinir, að taka tillögur þessar til umfjöllunar og úrvinnslu og mun hún hafa í því efni samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Í þeirri vinnu og því samstarfi verður lögð áhersla á að gera skattkerfið einfalt, draga úr möguleikum á undanskoti tekna og breikka skattgrunninn með því að draga inn í hann allar tekjur og tekjuígildi og fella niður frádráttarliði.

Það svigrúm, sem þarna myndast, verður fyrst og fremst notað til að hækka skattleysismörk og einnig til að lækka skatthlutfall enda mun slíkt hvetja til bættra skattskila.

Áhersla mun lögð á að frumvarp um þetta efni verði lagt fram á því þingi er nú situr, þannig að unnt verði að taka upp staðgreiðslu beinna skatta í ársbyrjun 1988."

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir ásamt hliðarfrumvörpum, er afrakstur af starfi þess starfshóps sem skipaður var í nóvember og þeirra embættismanna sem með honum hafa starfað. Hópurinn hefur átt ágætt samstarf við ASÍ og VSÍ um málið sem og fulltrúa frá Sambandi sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu um þann þátt þess sem að sveitarfélögunum snýr.

Helstu þættir skattkerfisbreytinganna.

Í frumvarpi þessu og hliðarfrumvörpum með því er gert ráð fyrir að lagður verði á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Þessi tekjuskattur innheimtist ásamt útsvari til sveitarfélags, þannig að í reynd er um að ræða eitt innheimtuhlutfall fyrir alla launþega. Frávik í útsvarsálagningu milli einstakra sveitarfélaga kæmi fram við uppgjör eftir á. Þeim aðilum, sem nú njóta tekna af þeim sérsköttum er hverfa, er tryggð hlutdeild í hinum sameinaða skatti.

Gert er ráð fyrir að innheimtuhlutfallið verði aldrei hærra en 35,5%. Til samanburðar má geta þess að staðgreiðsluígildi hæsta þreps tekjuskatts, útsvars og hinna smærri skatta, sem nú hverfa, hefur verið um 40% samtals undanfarin ár. Af hinu sameiginlega innheimtuhlutfalli renna 28,5% til ríkisins en skatturinn verður þó í raun lægra hlutfall af tekjum vegna skattafsláttar og einstaklingsbundinna greiðslna eins og barnabóta og húsnæðisbóta. Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga er ákvæði um 7% hámarksútsvar í stað 11% nú.

Útreikningar sýna að tekjur ríkisins af hinum sameiginlega skatti verða ívið lægri en verið hefði að óbreyttu kerfi. Tekjur flestra sveitarfélaga yrðu óbreyttar við um 6,25% útsvar. Því má vænta þess að innheimtuhlutfallið 1988, á fyrsta ári staðgreiðslukerfisins, verði 34,75% og þar af renni 28,5% til ríkis en 6,25% til sveitarfélags.

Skattstofn er vergar greiðslur vinnuveitanda til launþega, þ.e. allar launagreiðslur auk ýmissa sérstakra liða, svo sem bifreiðastyrkja, dagpeninga og annarra starfstengdra greiðslna, fríðinda og hlunninda. Þó er gert ráð fyrir að unnt verði, með sérstökum reglum er fjármálaráðherra setur, að undanþiggja staðgreiðslu tilteknar greiðslur þegar öruggt telst að þær séu eingöngu inntar af hendi til þess að greiða kostnað í þágu launagreiðanda.

Gert er ráð fyrir sérstökum persónuafslætti frá skatti að fjárhæð 11 500 kr. á mánuði miðað við verðlag í febrúar 1987. Persónuafslátturinn verður millifæranlegur til maka að þremur fjórðu hlutum og hækkar tvisvar á ári til samræmis við breytingar verðlags.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt segir nánar frá þessum atriðum svo og breytingum á greiðslum barnabóta, sjómannafrádrætti og vaxtafrádrætti húsbyggjenda. Gert er ráð fyrir að í stað þessara frádráttarliða komi sérstakir afslættir frá skatti, annars vegar sjómannaafsláttur og hins vegar húsnæðisbætur sem verði borgaðar út séu þær hærri en álagður skattur viðkomandi.

Staðgreiðsla tekjuskatts samkvæmt frumvarpi þessu nær til almennra launþega og einstaklinga með atvinnurekstur. Hinum síðarnefndu ber að reikna sér endurgjald í samræmi við viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra og miðast mánaðarlegar skattgreiðslur þeirra við þær tekjur. Ríkisskattstjóri ákveður lágmark reiknaðs endurgjalds fyrir upphaf staðgreiðsluárs.

Framkvæmd staðgreiðslukerfisins.

Það staðgreiðslukerfi, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, byggir á tiltölulega einföldum grunni þar sem sömu afdráttarreglur gilda um alla launamenn. Einstaklingsbundin frávik koma til afgreiðslu við uppgjör eftir á þegar framtali staðgreiðsluársins á undan hefur verið skilað. Þá koma skattar á eignir einnig til álagningar.

Sérstakir afsláttarliðir, eins og sjómannaafsláttur og húsnæðisbætur, koma til útreiknings utan við staðgreiðslukerfið. Sama er að segja um barnabætur og verða þær greiddar hlutaðeigandi beint.

Í aðalatriðum gengur kerfið þannig fyrir sig að launþegi afhendir aðallaunagreiðanda sínum skattkort sitt í upphafi árs eða þegar hann hefur störf. Á skattkortinu koma fram persónubundnar upplýsingar um viðkomandi, upplýsingar um skatthlutföll og staðfesting ríkisskattstjóra á því að hlutaðeigandi eigi rétt á persónuafslætti. Stundi maki launþegans ekki launað starf er heimilt að leggja skattkort hans inn hjá launagreiðanda hins makans og kemur persónuafsláttur tekjulausa makans til frádráttar skatti hins að þremur fjórðu hlutum.

Aðeins aðallaunagreiðanda, þ.e. þeim launagreiðanda sem afhent hefur verið skattkort launþegans, er heimilt að draga persónuafslátt launþegans frá skatti hans.

Þegar laun eru greidd reiknar launagreiðandinn skatt af launum viðkomandi og dregur frá persónuafsláttinn og þrjá fjórðu af afslætti maka ef því er að skipta. Skatturinn skiptist milli sveitarfélagsins og ríkisins í þeim hlutföllum sem lögin gera ráð fyrir og leggjast greiðslurnar inn á tilgreindan reikning eða reikninga í bankastofnun eða póststöð ásamt skilagrein. Nánari reglur verða settar um skiptingu á innheimtufé staðgreiðslu milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Þegar staðgreiðsluárinu er lokið fer fram endanleg álagning tekjuskatts og útsvars. Kemur þá í ljós hvort munur er á álögðum skatti og þeim skatti sem inntur hefur verið af hendi með staðgreiðslunni. Eigi gjaldandi inni eftirstöðvar af staðgreiðslu ganga þær fyrst til skuldajöfnunar öðrum ógoldnum en gjaldföllnum opinberum gjöldum en eru ella endurgreiddar með verðbótum. Skuldi gjaldandi hins vegar tekjuskatt og útsvar koma þau til innheimtu með verðbótum ásamt öðrum opinberum gjöldum, eins og t.d. eignarskatti sem lögð kunna að vera á viðkomandi.

Nánari skýringu á þessari framkvæmd er að finna í athugasemdum við einstakar greinar þessa frumvarps og í fylgifrumvörpum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessu upphafsákvæði frumvarpsins er kveðið á um þá grundvallarreglu að staðgreiðsla opinberra gjalda samkvæmt frumvarpinu sé **bráðabirgðagreiðsla** tekjuskatts og útsvars af launum á tekjuári, þ.e. á því ári sem **launatekna** er aflað. Álagning og endanlegt uppgjör fer hins vegar fram að tekjuárinu loknu, sbr. ákvæði VIII. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Greinin kveður í fyrsta lagi á um til hvaða opinberra gjalda staðgreiðsla samkvæmt frumvarpinu tekur til, þ.e. tekjuskatts og útsvars.

Í öðru lagi kveður greinin á um hverjir séu gjaldskyldir. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að staðgreiðsla taki til tekjuskatts manna með ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Að auki felur greinin í sér að staðgreiðsluskyldan taki til þeirra sem dvelja hérlendis án þess að vera hér heimilisfastir og njóta launa fyrir störf sín hér á landi, þ.e. menn sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og um ræðir í 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Lokamálsliður A-liðs 1. mgr. þessarar greinar felur í sér að þeir sem ekki dvelja hérlendis en njóta launa, greiðslna fyrir þjónustu eða starfsemi, leigutekna, arðs og þess háttar tekna eða greiðslna, sem íslenskir aðilar greiða þeim, verði gjaldskyldir af þessum tekjum.

Í þriðja lagi felur greinin í sér afmörkun á þeim tekjum sem staðgreiðslan tekur til, þ.e. tekjum skv. A-lið 1. mgr. 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, með tveimur undantekningum. Annars vegar tekur staðgreiðslan samkvæmt frumvarpinu ekki til launa sem greidd eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsi þessara tekna í samningum sem Ísland er aðili að, sbr. 2. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Hins vegar er um að ræða skattfrjálsa happdrættisvinninga, sbr. 3. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Af framansögðu má ráða að staðgreiðsla tekur t.d. hvorki til tekjuskatts af rekstrarhagnaði né eignatekjum eða eignarskatts eða annarra gjalda sem skattstjórar leggja á.

Sérstök athygli skal vakin á því að gert er ráð fyrir að hætta álagningu og innheimtu sóknargjalds, kirkjugarðsgjalds, sjúkratryggingagjalds og gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra í kjölfar gildistöku þessa frumvarps. Í staðinn er ráðgert að rétthöfum nefndra gjalda verði tryggð ákveðin hlutdeild í tekjuskatti ríkissjóðs. Um þessi atriði vísast nánar til almennra athugasemda hér að framan og frumvarpa til breytinga á umræddum lögum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er að finna samantekt á því til hverra ákvæði frumvarpsins taka en þeir eru, auk þeirra sem um er getið í 2. gr., allir sem greiða laun eða hafa milligöngu um greiðslu launa hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir, sbr. nánar í 7. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í greininni felst skilgreining á hugtakinu „launamaður“ samkvæmt frumvarpinu. Eðli málsins samkvæmt er skilgreining þessi mun víðtækari en almennt tíðkast um þetta hugtak. Þessi hugtakanotkun er valin af augljósum hagkvæmnisástæðum. Í samræmi við það sem um getur í þessari grein telst sá maður vera launamaður sem nýtur tekna sem um ræðir í 5. gr. frumvarpsins. Því ber að skoða þessa grein með tilliti til þess sem um ræðir í 5. gr.

Um 5. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvað teljast laun samkvæmt frumvarpinu. Eins og ráða má af samanburði þessarar greinar við A-lið 1. mgr. 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt teljast þær tekjur, sem þar um ræðir, laun samkvæmt þessu frumvarpi með þeirri undantekningu að meðlög með barni, maka eða fyrrverandi maka teljast ekki laun samkvæmt frumvarpi þessu og falla því ekki undir staðgreiðslu. Hins vegar er sérstaklega kveðið á um að greiðslur, sem um getur í 2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skuli teljast laun í skilningi laga þessara, sbr. síðari málslið A-liðs 2. gr. og 6. tölul. 4. gr. Að öðru leyti vísast til laga um tekjuskatt og eignarskatt varðandi eðli þeirra greiðslna eða tekna sem samkvæmt þessari grein teljast laun.

Um 6. gr.

Svo sem fram kemur í 4. og 6. gr. frv. nær staðgreiðslan til reiknaðs endurgjalds sem manni ber að reikna sér í atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi. Skv. 2. mgr. 14. gr. er greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds mánuður. Samkvæmt grein þessari ákveður ríkisskattstjóri lágmark reiknaðs endurgjalds í hinum ýmsu greinum atvinnurekstrar fyrir upphaf staðgreiðsluárs. Maður, sem stundar atvinnurekstur, er síðan skyldur til þess að reikna sér laun af honum mánaðarlega og skila staðgreiðslu í samræmi við það án tillits til þess hvort tap sé eða hafi verið á rekstrinum. Skili hann staðgreiðslu af lægri fjárhæð en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra segja til um getur hann átt von á því að skattstjóri ákvarði honum endurgjald fyrir starfann. Við þá ákvörðun hefur skattstjóri mun frjálsari hendur en skv. 59. gr. tekjuskattslaga og er t.d. óbundinn af því hvort ákvörðun hans kunni að mynda tap sem fer fram úr almennum fyrningum og gjaldfærslu samkvæmt tekjuskattslögum.

Reglum þessum er fyrst og fremst ætlað að tryggja einfalda og snurðulausa framkvæmd staðgreiðslu þeirra aðila sem hér um ræðir. Um meðferð þessara atriða við álagningu vísast til 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og breytingartillögu við þá grein í frumvarpi sem flutt er samhliða þessu frumvarpi.

Um 7. gr.

Varðandi skýringar á þessari grein vísast til þess sem segir í 5. gr. en hún felur í sér að hver sá, þar á meðal milligöngumaður, sem greiðir laun í skilningi 5. gr. teljist launagreiðandi.

Um 8. gr.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um það að fjármálaráðherra geti með reglugerð ákveðið að ákveðin laun eða ákveðin tegund launa falli ekki undir staðgreiðslu. Hér eru aðallega hafðar í huga greiðslur dagpeninga og ökutækjastyrkja í þeim tilvikum þegar öruggt telst að þær séu eingöngu inntar af hendi til þess að greiða kostnað í þágu launagreiðanda. Nefndar greiðslur mundu þá koma til tekna í uppgjöri eftir á (framtali næsta árs) að frátöldum leyfilegum kostnaði. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 9. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu er að því stefnt að einfalda mjög álagningarkerfi tekjuskatts manna og útsvars. Því er m.a. fyrirhugað að samræma álagningarstofn tekjuskatts og útsvars, fækka mjög frádráttarheimildum auk þess sem þeim verði haldið utan við ákvörðun staðgreiðslu. Jafnframt þessu er stefnt að þeirri grundvallarbreytingu að skatthlutfall hvors skatts um sig verði aðeins eitt. Markmiðið með þessum breytingum er m.a. að sjálfsögðu það að staðgreiðslukerfið verði einfalt og öruggt í framkvæmd.

Í samræmi við það sem að framan segir er í þessari grein kveðið á um að þau hlutföll, sem ákvörðun og innheimta staðgreiðslu á staðgreiðsluári skal byggð á, skuli vera skatthlutfall tekjuskatts annars vegar og hins vegar sérstakt innheimtuhlutfall útsvars sem félagsmálaráðherra ákveður með hliðsjón af álagningu og áformum sveitarfélaga um álagningarhlutföll, sbr. 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Útgáfa skattkorta, sbr. 11. gr., skal samkvæmt þessu byggð á fyrirmælum þessarar greinar og verður þeim ekki breytt nema til komi sérstök lagasetning um það efni. Breytingar á skatthlutföllum hafa, sé ekki sérstaklega kveðið á um annað, engin áhrif á innheimtu staðgreiðsluársins séu þær gerðar eftir 1. desember næst á undan því. Hins vegar mundu slíkar breytingar eftir atvikum gilda varðandi endanlega álagningu á tekjur staðgreiðsluársins. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að útgáfa skattkorta verður að fara fram fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs. Útgáfa þeirra verður væntanlega umfangsmikil og dýr framkvæmd. Auk þessa þykir rétt að stefna að því að sem mestur stöðugleiki verði á ákvörðun staðgreiðslu innan hvers árs.

Rétt er að taka fram að gert er ráð fyrir að innheimta útsvars í staðgreiðslu byggist ætíð á því innheimtuhlutfalli útsvars sem félagsmálaráðherra ákveður. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag fyrir sig geti ákveðið annað hlutfall en innheimtuhlutfallið. Við endanlega álagningu yrði tekið tillit til þessa, sbr. 2. og 3. mgr. greinarinnar. Að öðru leyti vísast um álagningu og uppgjör til athugasemda við VIII. kafla frumvarpsins.

Varðandi 4. mgr. þessarar greinar skal til skýringar tekið fram að ákvæðið lýtur að staðgreiðslu þeirra aðila sem búsettir eru erlendis en njóta greiðslna héðan og eru því ekki skattskyldir að fullu hér á landi, sbr. 2., 3. og 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Réttilega ákvarðaður afdráttur af greiðslum til þessara aðila telst fullnaðargreiðsla nema viðkomandi reki hér jafnframt fasta starfsstöð, sbr. 4. tölul. 3. gr. sömu laga.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein skal miða gjaldskyldu launamanns á staðgreiðsluári við það ár sem næst fer á undan því. Sama gildir um þá sem verða 16 ára á staðgreiðsluári og þá sem dvelja hérlendis tímabundið án þess að vera heimilisfastir hér á landi. Tímamark það, sem hér um ræðir, er nauðsynlegt þar sem launamaður þarf að hafa skattkort sitt handbært til afhendingar hjá launagreiðanda sínum strax við upphaf staðgreiðsluársins. Upphaf gjaldskyldu launamanna, sem ekki hafa áður verið skattskyldir, miðast við áramót. Regla þessi er í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og þykir eðlileg og hagkvæm.

Um 11. gr.

Launagreiðanda ber að ákvarða staðgreiðslu launamanns á grundvelli upplýsinga sem er að finna á skattkorti launamannsins. Auk persónulegra upplýsinga, svo sem um nafn, kennitölu, heimilisfang, hjúskaparstétt, nafn maka, börn o.s.frv., er gert ráð fyrir að á skattkorti séu upplýsingar um skatthlutfall og persónuafslátt. Þar sem gert er ráð fyrir mjög einföldu staðgreiðslukerfi, þ.e. einu skatthlutfalli af sama stofni fyrir bæði tekjuskatt og útsvar, engum frádráttarheimildum, sama persónuafslætti fyrir alla og greiðslu barnabóta utan skattkerfisins verður ekki nauðsyn á skatttöflum eins og tíðkast víða í nágrannalöndunum.

Gerð skattkorta og útsendingu þeirra til launamanna þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs til þess að launamaður hafi skattkort sitt handbært til afhendingar hjá launagreiðanda sínum strax við upphaf þess. Til þess að unnt sé að ná þessu marki verður að byggja á frumgerð þjóðskrár hinn 1. desember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Frá gerð þjóðskrár til loka ársins má vænta ýmissa breytinga á fjölskyldum sumra launamanna vegna giftinga, skilnaða, barnsfæðinga eða dauðsfalla. Í 4. mgr. er rætt um hvernig þessum leiðréttingum verði fyrir komið þannig að skattkort launamannsins beri með

sér réttar upplýsingar um fjölskyldu hans við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Á sjálfu staðgreiðsluárinu verður hins vegar engin breyting gerð á skattkorti launamannsins vegna breytinga á fjölskyldu hans á því ári, sbr. það sem rakið er í athugasemdum með 9. gr. Athygli skal vakin á því að ekki er gert ráð fyrir að blanda barnabótum inn í staðgreiðslukerfið þannig að ekki er þörf á breytingu á skattkortum vegna barnsfæðinga.

Um 12. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa. Þess skal þó getið að gert er ráð fyrir að heimilt sé að gefa út aukaskattkort ef svo stendur á að persónuafsláttur launamanns, sem gegnir fleiri en einu starfi, nýtist að takmörkuðu leyti. Reiknað er með að aukaskattkort verði aðeins gefin út í undantekningartilvikum og að vel athuguðu máli hverju sinni til þess að koma í veg fyrir misnotkun.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að persónuafsláttur annars hjóna sé millifæranlegur með sama hætti og kveðið er á um í A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist með tilliti til mikilvægis hans við skattákvörðun að heimila við afdrátt af launum þess maka sem launatekna nýtur að taka tillit til ónýtts persónuafsláttar hins makans njóti hann engra launatekna á staðgreiðsluári. Í tilvikum sem þessum er heimilt samkvæmt þessari grein að afhenda aðallaunagreiðanda skattkort beggja og ákvarða staðgreiðslu í samræmi við það.

Um 14. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að ekkert launatímabil geti talist lengra en einn mánuður þó að almenna reglan skuli vera ákvæði kjarasamninga þar um. Lengd hvers launatímabils er nauðsynlegt að takmarka við mánuð þar sem ekki er gert ráð fyrir millifæranlegum persónuafslætti á milli mánaða, sbr. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um ákvörðun launa og afdrátt af þeim vegna staðgreiðslu. Samkvæmt henni ber að bæta við launin útborguðu orlofsfé til launamanns, póstgíróstofunnar eða sambærilegs vörsluaðila þess. Sama á við um skattskyld hlunnindi eins og þau eru metin til verðs af ríkisskattstjóra. Þannig ákvörðuð laun mynda stofn sem útreikningur staðgreiðslu launamanns miðast við.

Gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um afdrátt af launum í reglugerð á grundvelli 41. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér þá grundvallarreglu að afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt á hann ekki rétt á persónuafslætti. Með því er tryggt að haldið sé eftir hámarksskatti af launum af viðkomandi launagreiðslum og þannig komið í veg fyrir misnotkun.

Um 16. gr.

Í þessari grein er sett sú meginregla að afdráttur af launum skuli fara fram við útborgun þeirra. Þegar um er ræða laun sem ekki koma til útborgunar fyrr en nokkru eftir að tekjuöflunartímabili lýkur, svo sem greiðslur vegna yfirvinnuálags, ákvæðisvinnu, aflahlutar o.þ.h. greiðslna, er gert ráð fyrir að afdráttur eigi sér stað ekki síðar en þremur mánuðum eftir að launamaður öðlast endanlegan rétt til greiðslnanna.

Um 17. gr.

Grein þessi fjallar um staðgreiðslu barna. Rétt er að vekja athygli á því að börn fá engin skattkort. Gert er ráð fyrir að þau sanni á sér deili með framvísun nafnskírteinis. Launagreiðanda ber, eftir að hafa staðreynt aldur barns, að halda eftir af launum þess þeim hundraðshluta sem um ræðir í 2. mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 2. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga án nokkurs persónuafsláttar og skila í ríkissjóð sem staðgreiðslu barnsins með venjulegum hætti.

Um 18. gr.

Grein þessari er ætlað að koma í veg fyrir að staðgreiðsla leiði til óréttlátrar niðurstöðu miðað við það sem vænta má er álagning vegna tekjuársins fer fram.

Um 19. gr.

Grein þessi, sem fjallar um launagreiðendaskrá, tilkynningar launagreiðenda til skattyfirvalda o.fl. þar að lútandi, þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 20. gr.

Hér kemur tvímælalaust fram að launagreiðendur skuli ótilkvaddir greiða það fé sem þeir hafa haldið eftir eða bar að halda eftir af launum launamanna þeirra. Nýmæli þessarar greinar er að launagreiðandi skuli standa skil á greiðsluskyldri fjárhæð í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga hjá innlánsstofnunum. Enn fremur hefur hann rétt til að velja á milli þessara aðila og skattstjóra er hann skilar skilagrein sinni. Gert er ráð fyrir að í reglum sem fjármálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra verði kveðið á um framkvæmd og fyrirkomulag á því hvar og hvernig launagreiðandi skuli skila því fé sem honum bar að halda eftir af launum launþega samkvæmt lögum þessum.

Um 21. og 22. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 23. og 24. gr.

Greinar þessar fjalla um stjórnun staðgreiðslu og hverjir hafi með höndum framkvæmd hennar, verkefni ríkisskattstjóra og heimildir.

Um 25.–27. gr.

Greinar þessar fjalla um upplýsingaskyldu, eftirlitsheimildir, skyldur skattrannsóknarstjóra og skatteftirlit og heimild fjármálaráðherra til að setja reglur um sérstakt launabókhald.

Um 28. gr.

Grein þessi fjallar um álag á vanskilafé, dráttarvexti af vanskilum og áætlun skattyfirvalda ef skilagreinar styðjast ekki við tilskilið bókhald. Ákvæði þetta er mjög svipaðs eðlis og sambærilegt ákvæði í söluskattslögum enda er hér um sambærilega hluti að ræða, þ.e. viðurlög vegna vanskila á skilafé.

Um 29. gr.

Grein þessi er sambærileg ákvæðum söluskattslaga um innheimtu vanskilafjár, heimildir til stöðvunar atvinnurekstrar o.fl. að öðru leyti en því að samkvæmt henni skal skilafé og álag skv. 28. gr. vera utan skuldaraðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum. Með hliðsjón af eðli þessara krafna þykir þessi skipan óhjákvæmileg.

Um 30. og 31. gr.

Greinar þessar, sem fjalla um refsingar, málsmeðferð, opinbera rannsókn og fyrningar, eru svipaðar reglum söluskattslaga svo og laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 32. gr.

Samkvæmt þessari grein skal fjármálaráðherra í samráði við félagsmálaráðherra setja reglur um hvernig staðgreiðsla opinberra gjalda skuli skiptast hlutfallslega til bráðabirgða milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Umrætt skiptihlutfall hlýtur eðli málsins samkvæmt að ráðast af gildandi reglum um útreikning gjaldanna og fyrri reynslu af álagningu þeirra og innheimtu. Þar sem gjaldheimtur starfa nú er um svipaða bráðabirgðaskiptingu að ræða á innheimtunni. Reikna má með að ákvörðun skiptihlutfallsins verði engum erfiðleikum háð svo framarlega sem álagningarkerfið verði eins einfalt og að er stefnt.

Loks er kveðið á um að sveitarfélög skuli greiða ríkissjóði sem svarar 1% af innheimtu útsvari samkvæmt lögum þessum til þess að standa undir kostnaði ríkissjóðs við framkvæmd laganna.

Um 33. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 34. og 35. gr.

Eins og fram kemur í 1. gr. er staðgreiðsla opinberra gjalda samkvæmt frumvarpi þessu bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars af launatekjum á tekjuárinu. Að loknu staðgreiðsluári ber launamanni að telja fram tekjur sínar á því ári og eignir í lok þess árs með hefðbundnum hætti, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Álagning á grundvelli framtala verður síðan með svipuðu sniði og áður. Að henni lokinni skal ríkisskattstjóri samkvæmt þessari grein bera saman niðurstöður álagningarskrár og skrár um staðgreiðslu á staðgreiðsluárinu sem er eins og áður segir bráðabirgðagreiðsla upp í endanlega álagningu.

Sérstök athygli skal vakin á því að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, er gert ráð fyrir að mismunur, sem í ljós kann að koma þegar staðgreiðsla er dregin frá álögðum tekjuskatti manna og útsvari, skuli taka breytingum í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuári til 1. júlí á álagningarári. Með þessum hætti er stefnt að því að tryggja að raungildi mismunarins, hvort sem hann er jákvæður eða neikvæður, breytist ekki. Ekki er gert ráð fyrir að umræddur mismunur beri vexti.

Tekið skal fram að í álagningarskrá verða að sjálfsögðu upplýsingar um aðra skatta og gjöld er skattstjóra ber að leggja á og ekki eru innheimtir í staðgreiðslukerfinu. Má í þessu sambandi t.d. nefna eignarskatt, aðstöðugjald og launatengd gjöld.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. frumvarpsins ber ríkisskattstjóra að ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með því að draga það sem hann hefur staðgreitt frá því sem lagt hefur verið á hann samkvæmt álagningarskrá. Jákvæður mismunur telst vera greiðsla gjaldandans eftir á og innheimtist hann með hefðbundnum hætti skv. XIII. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt á grundvelli innheimtuskrár eða samkvæmt innheimtuákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga sé um að ræða gjöld sem renna til þeirra, sbr. 35. gr.

Um 36. gr.

Á sama hátt og um ræðir í 35. gr. um innheimtuskrá skal ríkisskattstjóri samkvæmt þessari grein gera endurgreiðsluskrá þegar samanburður á álagningarskrá og staðgreiðsluskrá leiðir í ljós að sú fjárhæð, sem haldið hefur verið eftir í staðgreiðslu, er hærri en álögð gjöld samkvæmt álagningarskrá. Áður en til endurgreiðslu til gjaldandans sjálfs kemur er gert ráð fyrir skuldajöfnun milli hjóna, sbr. 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og sambærilegt ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hér er ekki um neina breytingu á reglum um samábyrgð hjóna á skattgreiðslum að ræða frá því sem nú er.

Auk þessa er í greininni að finna fyrirmæli um skuldajöfnun endurgreiðslu á móti öðrum opinberum gjöldum sem innheimtumenn opinberra gjalda annast. Hér er lögfest regla sem tíðkast hefur í framkvæmd um áraraðir.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Í 121. gr. frumvarps til laga um tekjuskatt og eignarskatt og í frumvarpi til breytinga á tekjustofnalögunum, sem flutt eru samhliða þessu frumvarpi, er gert ráð fyrir að álagður tekjuskattur og útsvar umfram staðgreiðslu skuli verðbættur miðað við lánskjaravísitölu frá 1. júlí á staðgreiðsluári til 1. júlí á álagningarári. Markmiðið með þessu ákvæði er að tryggja raungildi tekjuskatts og útsvars af þeim tekjum sem ekki falla undir staðgreiðslukerfið. Með þessu móti ætti greiðslubyrði tekjuskatts og útsvars að verða sú sama eða svipuð hvort sem skattar þessir eru staðgreiddir eða greiddir eftir á.

Þeir sem njóta tekna sem falla utan staðgreiðslukerfisins eru þannig skyldugir til að greiða áætlaðan tekjuskatt af þessum tekjum í síðasta lagi fyrir 31. janúar næst á eftir staðgreiðsluári vilji þeir komast hjá álagi á mismun tekjuskatts og staðgreiðslu við álagningu.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Eins og fram kemur í 4. gr. frumvarpsins telst sá launþegi sem nýtur ellilauna eða lífeyrisgreiðslna. Skv. 5. gr. frumvarpsins teljast umræddar greiðslur laun og af ákvæðum 7. gr. leiðir að sá sem innir greiðslur þessar af hendi telst launagreiðandi. Af þessu er ljóst að staðgreiðslan nær til þessara greiðslna með sama hætti og launa enda er annað nánast óframkvæmanlegt miðað við eðli staðgreiðslukerfisins og þau markmið sem að er stefnt með því. Því má segja að með frumvarpinu sé gert ráð fyrir að afnumin séu þau ákvæði eldri laga sem takmarka heimildir innheimtumanna þeirra opinberu gjalda sem um ræðir í frumvarpi þessu. Engu að síður þykir til skýringar og öryggis nauðsynlegt að árétta þessa reglu í sérstöku ákvæði. Sem dæmi skal nefnt að samkvæmt greininni eiga ákvæði 61. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, ekki við þegar um er að ræða bráðabirgðainnheimtu tekjuskatts og útsvars samkvæmt frumvarpi þessu. Sama er að segja um ákvæði 22. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og sambærileg ákvæði í lögum um aðra lífeyrissjóði.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði sérstök lög um gildistöku verði frumvarp þetta að lögum.

Ljóst má vera að áður en sérstök lög um gildistöku eru sett, eða jafnframt setningu þeirra, er óhjákvæmilegt að breyta mjög mörgum atriðum í þeim lögum sem um er rætt í 2. gr. frumvarpsins. Þar má sérstaklega nefna nauðsynlegar breytingar á skatt- og gjaldstigum þeirra, frádráttarheimildum vegna samræmingar á skattstofnum, afsláttar- og bótaákvæðum o.fl. í kjölfar skattkerfisbreytingarinnar. Þá er nauðsynlegt að breyta ákvæðum laga um almannatryggingar vegna sjúkratryggingagjalds, laga um sóknargjöld, svo og laga um kirkjugarðsgjald, þar sem reiknað er með að gjöld þessi verði afnumin í núverandi mynd en rétthöfum þeirra þess í stað tryggð ákveðin hlutdeild í tekjum af tekjuskatti ríkisins.

Í ljósi þessa þykir það horfa til einföldunar að flytja sérstakt frumvarp um gildistöku laga samkvæmt frumvarpi þessu. Auk fyrirmæla um gildistöku yrði þar tekið á þeim fjölmörgu tímabundnu atriðum sem kveða þarf á um í kjölfar skattkerfisbreytingarinnar. Að öðrum kosti væri nauðsynlegt að leysa þessi atriði með bráðabirgðaákvæðum í þeim lögum sem setja eða breyta þarf vegna skattkerfisbreytingarinnar.

Að lokum má geta þess að fyrirhugað er að kveða á í gildistökulögunum um hvernig fara skuli með þann hluta álagningar og innheimtu þeirra opinberu gjalda sem falla innan gildissviðs staðgreiðslunnar sem samkvæmt ákvæðum gildandi laga eiga að fara fram á sama ári og staðgreiðsla þessara opinberu gjalda hefst.

Ed. 595. Frumvarp til laga [341. mál]

um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda öðlast gildi 1. janúar 1988.

2. gr.

Innheimta álagðs tekjuskatts og útsvars manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjaldárið 1988 vegna launa á tekjuárinu 1987, fellur niður. Með launum í þessu sambandi er átt við laun eins og þau eru skilgreind í 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Niðurfelling innheimtu skv. 1. mgr. fer fram þannig að sá hluti tekjuskatts manna, sem reiknast samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem svarar til hlutfalls launa af skattskyldum tekjum manns samtals að frádregnum frádrætti skv. 1.–4. tölul. og 6.–8. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. tekjuskattslaga, fellur niður. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. tekjuskattslaga skal óráðstafaður persónuafsláttur ekki nýtast til greiðslu eignarskatts manns á gjaldárinu 1988.

Útsvar manna af launum, sbr. IV. kafla laga nr. 73/1980, skal fellt niður eftir sömu reglum og lýst er í 2. mgr.

3. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 9. gr., 11. gr., 19. gr. og 32. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda koma til framkvæmda á árinu 1987, eftir því sem við á.

Tilkynningarskyldir aðilar skv. 19. gr. staðgreiðslulaga skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 1. október 1987.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal leggja á menn og innheimta tekjuskatt og útsvar vegna launa tekjuársins 1987 hafi launin verið yfirfærð á það ár vegna breytinga á uppgjörsaðferð eða viðmiðun teknanna eða á annan hátt.

Sama á við þegar aukning launa manns á árinu 1987 verður, að mati skattstjóra, ekki rakin til aukins vinnuframlags hans eða aukinnar starfsábyrgðar eða stöðuhækkunar.

Fari fjárhæð reiknaðs endurgjalds manns vegna ársins 1987, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, fram úr reiknuðu endurgjaldi hans fyrir árið 1986, eftir að það hefur verið leiðrétt með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1986 til 1. júlí 1987, að viðbættum 25%, eða fram úr viðmiðunartekjum í starfsgrein hans samkvæmt viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra fyrir árið 1987 telst sú fjárhæð, sem umfram er, hærri viðmiðun til yfirfærðra launatekna skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Óheimilt er manni, sem ber að telja sér til tekna endurgjald, í framtali ársins 1988 vegna tekjuársins 1987, samkvæmt nefndri 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr., að mynda tap vegna þessa í rekstri sínum eða rekstri sem rekinn er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Sömu reglur gilda um reiknað endurgjald maka hans og barna á árinu 1987.

Skattlagning skv. 1. mgr. skal einnig ná til launagreiðslna til manns frá lögaðila, sbr. 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, ef móttakandi greiðslnanna getur, vegna eignarhlutdeildar sinnar í lögaðilanum, haft áhrif á fjárhæð launagreiðslnanna til sín á árinu 1987. Þegar þannig er háttað skal sá hluti launagreiðslna til manns er fer fram úr launum hans frá viðkomandi lögaðila á árinu 1986, eftir að þau hafa verið leiðrétt með hliðsjón af breytingu, sem orðið hefur á lánskjaravísitölu 1. júlí 1987 frá 1. júlí 1986, að viðbættum 25% eða fram úr viðmiðunartekjum í starfsgrein hans samkvæmt viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra fyrir árið 1987, teljast þær launagreiðslur sem umfram eru hærri viðmiðunina til yfirfærðra launatekna skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sömu reglur gilda um laun til maka eða barna manns sem um ræðir í þessari málsgrein.

5. gr.

Yfirfærðar tekjur skv. 4. gr. falla undir 9. tölul. C-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og teljast til tekna tekjuársins 1987 við álagningu á árinu 1988.

6. gr.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 18. gr. laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þau ákvæði sem breytingu tóku með þeim lögum, önnur en ákvæði til bráðabirgða I, sbr. og 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. þessara laga, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu skatta á árinu 1988, vegna tekna á árinu 1987, og eigna í lok þess árs.

7. gr.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 19. gr. laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu þau ákvæði, sem breytingu tóku með þeim lögum, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu útsvars á árinu 1988, vegna tekna á árinu 1987.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I

Í 42. gr. frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er gert ráð fyrir því að þau lög komi ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur sett sérstök lög um gildistöku þeirra. Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við nefnda 42. gr. Hér er um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf en þessi háttur hefur tíðkast nokkuð með grannþjóðum vorum.

Auk ákvæða um sjálfa gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, og ákvæði tengd þeirri gildistöku, eru í frumvarpinu reglur um það hvernig háttað skuli skattlagningu á tekjur manna á síðasta tekjuári áður en staðgreiðsla tekur gildi.

Svo sem ákveðið er í frumvarpi til laga um staðgreiðslu nær hún til launa eins og þau eru skilgreind í 4. gr. þess frumvarps, þ.e. venjulegra launa, reiknaðs endurgjalds í atvinnurekstri, bóta og styrkja, höfundarlauna o.s.frv. Meginregla frumvarps þessa varðandi laun í nefndum skilningi er sú að skattlagning á öll venjuleg og eðlileg laun ársins 1987 falli niður gjaldárið 1988. Af því leiðir að launateknahækkun á árinu 1987, sem stafar af auknu vinnuframlagi gjaldanda sjálfs á því ári, verður ekki skattlögð. Frá þeirri meginreglu er gerð undantekning að því er varðar reiknað endurgjald manna í atvinnurekstri og laun til manna sem eru eigendur eða meðeigendur í því fyrirtæki sem greiðir þeim laun. Í þessum undantekningartilfellum eru sett ákveðin mörk á launateknahækkun milli ára. Fari teknahækkunin 1987 fram úr þessum mörkum verður hún skattlögð á árinu 1988. Ástæðan til setningar þessara sérstöku reglna er sú að þarna er um að ræða aðila, sem eru í aðstöðu til að ákvarða laun sín sjálfir, án tillits til vinnuframlags, þannig að hætta væri á misnotkun skattleysisákvæða vegna ársins 1987. Athygli skal þó vakin á ákvæðum 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem gilda um öll laun sem yfirfærð hafa verið á árinu 1987 vegna breytinga á uppgjörsaðferð teknanna eða viðmiðun þeirra eða á annan hátt.

Skattlagning tekna ársins 1987 á árinu 1988 fer fram með hefðbundnum hætti og mönnum ber að sjálfsögðu að skila framtali 1988, vegna tekna á árinu 1987, og eigna í lok þess árs.

Við álagningu verður sérstaklega að gæta þess að gjaldandi hafi ekki yfirfært launatekjur, er tilheyra öðrum tekjuárum, til tekjuársins 1987.

Tekjuskatts- og eignarskattsálagning verður í aðalatriðum framkvæmd eftir sömu lögum og gilda um álagningu á árinu 1987, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á skattvísitölu í fjárlögum fyrir árið 1988. Þegar álagning 1988 hefur farið fram með þessum hætti er innheimta álagðs tekjuskatts og útsvars á launatekjur manna felld niður samkvæmt ákvæðum 2. gr. frumvarpsins.

II

Í umræðum um breytinguna yfir í staðgreiðslu hefur komið upp sú hugmynd að rétt væri að undanþiggja tekjur ársins 1986 skatti í stað tekna ársins í ár. Hefur í því sambandi verið bent á að draga mætti úr líkum á að menn gætu fært sér skattkerfisbreytinguna í nyt til þess að færa tekjur með óeðlilegum hætti yfir á hið svokallaða „skattlausa“ ár.

Eðlilegast þótti þó að miða við tekjur ársins 1987 í þessu sambandi. Þeir aðilar, sem helst er talið að gætu reynt að misnota skattkerfisbreytinguna, þ.e. þeir, sem sjálfir ákvarða tekjur sínar, hefðu óbreytta möguleika til þess þótt tekjur ársins 1986 yrðu skattlausar. Aðilar með sjálfstæðan rekstur skila inn skattframtölum vegna 1986 síðar en almennir launamenn og hefðu því tækifæri til að telja fram sem hæstar tekjur vegna tekjuársins 1986, þótt framtalsfrestur alls almennings verði liðinn er lög um staðgreiðslu hljóta afgreiðslu á Alþingi. Á móti gætu þessir aðilar talið sér sem minnstar tekjur til tekna fyrir árið 1987 og fengið mismun álagningar 1987 og 1988 greiddan úr ríkissjóði á árinu 1988. Til þess að setja skorður við þessu þyrfti að setja reglur sem yrðu í senn íþyngjandi og afturvirkar.

Í annan stað er ljóst að með því að miða við að tekjur ársins 1986 yrðu skattlausar hefði álagning á tekjur ársins 1987 að hluta til orðið afturvirk, þar eð staðgreiðslan hefði þá í raun tekið gildi 1. janúar 1987. Afturvirkni stríðir gegn grundvallarreglum skattalaga.

Einnig hefði orðið að leggja á samtímis eftir bæði gamla skattkerfinu og hinu nýja sem skapað hefði ýmsa erfiðleika í framkvæmd. Maður, sem fyrst hefði komið á vinnumarkað á árinu 1987 og ekki greitt skatta það ár, hefði sætt tvískattlagningu á árinu 1988 í þeim skilningi að hann hefði þurft að greiða skatt vegna tveggja tekjuviðmiðunarára samtímis.

Loks má geta þess að það liggur í eðli þessa máls að skattur fellur ekki á eitt tekjuár við breytingu úr eftirágreiðslu yfir í staðgreiðslu. Það er því á engan hátt óeðlilegt að venjulegt launafólk geti notað það svigrúm, sem slíkt skattleysi veitir, til þess að auka tekjur sínar með auknu vinnuframlagi eða með öðrum eðlilegum hætti. Öðru máli gegnir að sjálfsögðu um aðila, sem kynnu að reyna að misnota þennan möguleika, með því að yfirfæra tekjur milli ára án þess að á móti komi aukið vinnuframlag, meiri starfsábyrgð, stöðuhækkun eða aðrar eðlilegar skýringar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tekjuskattur og útsvar af launatekjum ársins 1987 verði ekki innheimt á árinu 1988 eins og gera ætti í núgildandi skattakerfi. Þannig er komist hjá því að menn greiði skatt af tekjum tveggja tekjuára á fyrsta staðgreiðsluárinu. Athygli er vakin á því að aðferðin, sem notuð er við að fella niður skattheimtu af tekjum ársins 1987, er sú að tekjuskattur og útsvar verða lögð á með venjulegum hætti, en síðan verður sá hluti þessara álögðu skatta sem svarar til tekjuskatts og útsvars af launum eins og þau eru skilgreind í 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda felldur niður.

Í 2. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti þessi niðurfelling fer fram hjá mönnum sem hafa bæði launatekjur og aðrar tekjur, eins og t.d. eignatekjur og rekstrarhagnað. Niðurfelling tekjuskatts og útsvars fer þannig fram að fundið er það hlutfall sem launatekjur, að teknu tilliti til launatengdra frádráttarliða, eru af skattskyldum tekjum. Sá hluti tekjuskatts og útsvars, sem svarar til framangreinds launahlutfalls, er ekki innheimtur. Á þennan hátt skattleggjast þær tekjur, sem ekki á að fella niður innheimtu af, með því meðalskatthlutfalli sem viðkomandi maður hefði verið skattlagður með í núgildandi skattkerfi.

Í 2. mgr. er einnig að finna ákvæði sem kveður á um að óráðstafaður persónuafsláttur skuli ekki nýtast til greiðslu eignarskatts á árinu 1988. Þetta ákvæði er sett til samræmis við þær reglur, sem gilda munu þegar staðgreiðslukerfið verður komið á, en þá er gert ráð fyrir að persónuafsláttur gangi ekki til greiðslu eignarskatts, enda er eignarskattur álagður eftir á vegna eigna í lok næstliðins árs.

Reglur 2. mgr. ná ekki til manna sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. tekjuskattslaga.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að nokkur ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda komi til framkvæmda þegar á árinu 1987. Þetta er nauðsynlegt vegna ákveðinna aðgerða sem þurfa að fara af stað fyrir ársbyrjun 1988. Hér er t.d. um að ræða viðmiðunarreglur reiknaðs endurgjalds, sem ríkisskattstjóri þarf að setja, reglugerð um innheimtuhlutfall útsvars, sem félagsmálaráðherra þarf að setja, skattkort, tilkynningar launagreiðenda um starfsemi sína og fleira.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna ákvæði, sem sett eru til að koma í veg fyrir að menn, sem til þess hafa aðstöðu, geti á árinu yfirfært tekjur og þannig hækkað launatekjur sínar á því ári í þeim tilgangi að komast hjá skattlagningu án þess að um sé að ræða aukið vinnuframlag eða eðlilegar launabreytingar.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum snerta ákvæði þessi fyrst og fremst þá aðila sem vegna eignaraðildar sinnar við atvinnufyrirtæki geta haft áhrif á launaákvörðun sína. Ákvæðin taka þó einnig til ótengdra aðila sem með breytingu á uppgjörsaðferð eða á annan hátt yfirfæra á árið 1987 tekjur sem annars ættu að tilheyra öðru tekjuári.

Ákvæðin skýra sig að mestu sjálf, en vakin er athygli á því að fari reiknað endurgjald aðila í sjálfstæðum atvinnurekstri fram úr því reiknaða endurgjaldi, sem tekjufært var vegna tekjuársins 1986 að viðbættum 25%, og að teknu tilliti til verðbreytinga eða viðmiðunartekjum ársins 1987, skal það sem umfram er skattleggjast sem yfirfærðar tekjur. Sömu reglur gilda um menn, sem vegna eignaraðildar sinnar við lögaðila, geta haft áhrif á launagreiðslur sínar. Einnig skulu þessar reglur gilda um maka og börn framangreindra aðila.

Um 5. gr.

Yfirfærðar tekjur eins og þær eru skilgreindar í 4. gr. verða skattlagðar við þá álagningu sem fram fer á árinu 1988. Sú upphæð, sem skilgreind verður sem yfirfærðar tekjur, dregst frá þeirri upphæð, sem viðkomandi maður hefur ranglega fært sem launatekjur, og telst í staðinn til eignatekna og hefur þannig áhrif til lækkunar á það hlutfall, sbr. 2. gr., sem notað verður til niðurfellingar innheimtu tekjuskatts og útsvars.

Um 6. og 7. gr.

Ákvæði þessara greina eru sett til þess að álagning á tekjur ársins 1987, sem fram fer á árinu 1988, fari fram samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaga án tillits til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið og gildi taka 1. janúar 1988, að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 596. Frumvarp til laga [342. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Í stað orðsins „sambærilegt“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laganna komi: eigi lægra.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 28. gr. laganna:

a. 2. málsl. 5. tölul. falli brott.
b. 7. tölul. orðist svo: Persónuafsláttur, sjómannaafsláttur, barnabætur og húsnæðisbætur sem um ræðir í VI. kafla laga þessara.

3. gr.

A-liður 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

1. Útgjöld vegna móttekinna ökutækjastyrkja og dagpeninga sem sannað er að séu kostnaður vegna ferða á vegum atvinnurekenda og í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
2. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.
3. Tekjur skv. 4. tölul. A-liðs 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 120. gr.

4. gr.

C-, D- og E-liðir 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 30. gr. falli niður.

5. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 51. gr. falli niður.

6. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Ef maður, sem um ræðir í 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr., telur sér til tekna sem reiknað endurgjald lægri fjárhæð en nemur reiknuðu endurgjaldi, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og 2. tölul. 5. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 6. gr. þeirra, eða lægri fjárhæð en nemur ákvörðun skattstjóra skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga, án þess að nauðsynlegar skýringar fylgi framtali að mati skattstjóra, skal skattstjóri hækka reiknað endurgjald til samræmis við reiknað endurgjald manns á staðgreiðsluári eða í samræmi við fyrri ákvörðun sína, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, og tilkynna gjaldanda þar um. Skattstjóri skal við ákvörðun sína samkvæmt þessari grein gæta aðstöðu viðkomandi manns, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- eða örorkulífeyrisþega samkvæmt þessari grein skal þess gætt að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

7. gr.

1. og 2. tölul. 1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo:

1. Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. A-lið 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. A-lið 1. mgr. 30. gr.
2. Tekjur hjóna skv. C-lið 7. gr. skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tölul. þessarar greinar. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr.

8. gr.

2. mgr. 65. gr. laganna orðast svo:

Þær tekjur barns, sem um ræðir í 1. tölul. A-liðs 7. gr. að frádregnum frádrætti skv. 1. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr., skulu þó skattlagðar sérstaklega hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

9. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. sem hér segir:

1. Af tekjuskattsstofni reiknast 28,5%.
2. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst persónuafsláttur skv. A-lið. 68. gr.
3. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr.

Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

10. gr.

A

68. gr. laganna orðast svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 138 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af skattstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skulu þá 75% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar makans bætast við persónuafslátt hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um ráðstöfun persónuafsláttar launamanna á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í reglugerðinni skal og kveðið á um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili. Persónuafsláttur er ekki millifæranlegur á milli mánaða á staðgreiðsluári.

B

Menn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, skulu njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er veittur skal frá tekjuskatti. Sjómannaafsláttur skal vera 150 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

Í stað þess að draga sjómannaafslátt frá álögðum tekjuskatti vegna tekjuársins getur fjármálaráðherra ákveðið að ríkissjóður greiði þeim sem rétt eiga á sjómannaafslætti fjárhæð ársfjórðungslega á tekjuárinu er svarar til áunnins sjómannaafsláttar samkvæmt upplýsingum frá lögskráningarstjóra. Greiðsla samkvæmt þessari málsgrein skal koma til frádráttar sjómannaafslætti við álagningu tekjuskatts. Nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun, skilagreinar og vottorð frá lögskráningarstjóra, skuldajöfnun á móti vangoldnum opinberum gjöldum o.fl., skulu settar í reglugerð.

Hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki eru lögskráðir, skulu njóta sjómannaafsláttar. Þó skulu þeir ekki njóta greiðslna sem um ræðir í 2. mgr. þessa stafliðs.

11. gr.

69. gr. laganna orðast svo:

A

Barnabætur.

1. Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 12 625 kr. með fyrsta barni en 18 910 kr. með hverju barni umfram eitt.

   Fyrir börn yngri en sjö ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 12 625 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en að framan greinir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

   Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

   Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld fyrri ára.

   Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

   Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

   Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

   Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta og skuldajöfnun þeirra á móti vangoldnum opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

2. Vegna barna, sem um ræðir í 1. tölul., skal ríkissjóður að lokinni álagningu greiða framfæranda barns sérstakan barnabótaauka enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. þessa töluliðs uppfyllt.

   Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 25 250 kr.

   Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7% af því sem samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður tekjuskattsstofn hjóna nær 865 714 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7% af því sem tekjuskattsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er tekjuskattsstofn foreldris nær 704 964 kr.

   Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 620 333 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 143 087 kr.

   Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

   1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
   2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.

3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreindir eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Að öðru leyti skulu ákvæði 4.–7. mgr. 1. tölul. þessarar greinar gilda um barnabótaauka.

B

Húsnæðisbætur.

Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum, enda séu öll eftirgreind skilyrði uppfyllt:

1. Um sé að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast.
2. Íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota.
3. Íbúðin sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Húsnæðisbætur skulu vera 55 000 kr. á ári vegna hverrar íbúðar.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging íbúðarhúsnæðis er hafin eða það keypt, sé um notað íbúðarhúsnæði að ræða, og varir í sex ár frá og með því ári.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald bótaþega á viðkomandi íbúð. Selji bótaþegi íbúð, sem húsnæðisbætur miðast við, innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði falla bótagreiðslur til hans niður. Ónýttur bótaréttur skal þá geymast þar til hann hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Húsnæðisbætur skulu skiptast til helminga á milli hjóna sem skattlögð eru skv. 63. gr. og sambýlisfólks sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. og að jöfnu á milli þeirra einstaklinga sem eru sameigendur íbúðarhúsnæðis sem húsnæðisbætur miðast við.

Húsnæðisbætur skulu greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin ógoldin þinggjöld fyrri ára.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun húsnæðisbóta, fyrirkomulag útborgana og fjölda þeirra á hverju ári.

12. gr.

69. gr. A, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1986, falli niður.

13. gr.

Í stað „5. tölul.“ í 1. mgr. 70. gr. komi: 2. tölul.

14. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.–4. mgr. þessarar greinar og ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

15. gr.

1.–4. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar, og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda, sem um ræðir í 1. mgr., gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal

þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans hafa hliðsjón af tekjubreytingum sem orðið hafa svo og almennu efnahagsástandi. Hjá þeim sem inna af hendi staðgreiðslu skal hundraðshlutinn þó reiknast af mismun álagningar opinberra gjalda og staðgreiðslu, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hafi aðrar tekjur gjaldanda en launatekjur á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Á sama hátt má kveða á um að fyrirframgreiðsla, sem ekki nær tilteknu lágmarki, skuli ekki innheimt. Jafnframt er heimilt að takmarka fyrirframgreiðsluskyldu við þá sem ekki ber að inna af hendi staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

16. gr.

2. mgr. 112. gr. laganna orðast svo:

Nú verður ljóst þegar álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, lýkur eða við endurákvörðun þessara sömu skatta að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að inneignarvextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári.

17. gr.

1. mgr. 113. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum og gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

18. gr.

121. gr. laganna orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr. og 69. gr., skulu breytast tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu, sbr. lög nr. 13/1979, sem hér segir:

1. Hinn 1. janúar á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næst á undan staðgreiðsluári.
2. Hinn 1. júlí á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næst á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní á staðgreiðsluári.

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. desember 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. febrúar 1987, þ.e. 1594 stig, og þeirri sem í gildi verður hinn 1. desember 1987.

Mismunur, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágri staðgreiðslu, skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á tekjuári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á álagningarári. Mismunur, sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal á sama hátt taka sömu hlutfallslegri breytingu miðað við sömu tímamörk. Komi í ljós að ofgreiðsla hefur myndast eftir 1. júlí á staðgreiðsluári má miða upphafsdag verðbótaútreiknings við síðara tímamark eftir nánari reglum sem ráðherra setur með reglugerð.

Um innheimtu, dráttarvexti, innheimtuúrræði og lögvernd verðbóta, sem greiða ber skv. 2. mgr., skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga þessara eins og um tekjuskatt sé að ræða.

19. gr.

123. gr. falli niður.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Maður, sem við álagningu 1987 nýtur vaxtafrádráttar samkvæmt heimild í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr., skal eiga rétt á sérstökum skattafslætti, vaxtaafslætti, í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988, vegna vaxta, sbr. 51. gr., af þeim lánum sem tekin voru á árinu 1987 eða fyrr og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara. Sama gildir um þann sem hóf byggingu eða festi kaup á húsnæði á árunum 1985–1987 en uppfyllir hvorki skilyrði fyrir húsnæðisbótum, sbr. B-lið 69. gr. og ákvæði til bráðabirgða II, né skilyrði 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. fyrir vaxtafrádrætti í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr. vegna vaxtakostnaðar við álagningu opinberra gjalda á árinu 1987 og 1988 en mundi njóta ákvæða E-liðs 1. mgr. 30. gr. héldi það gildi sínu á árinu 1988 vegna álagningar 1989.

Vaxtaafsláttur, sem um ræðir í 1. mgr., ákvarðast þannig að frá frádráttarbærum vöxtum skal draga fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni. Vaxtaafsláttur telst vera 30% af þeirri fjárhæð sem þá er eftir.

Um ráðstöfun vaxtaafsláttar og millifærslu milli hjóna skulu ákvæði A-liðs 68. gr. um persónuafslátt gilda eftir því sem við getur átt að öðru leyti en því að ónýttur vaxtaafsláttur flyst á milli hjóna án skerðingar.

Á árinu 1988 skal ónýttur vaxtaafsláttur þó greiðast út að því marki sem hann fer ekki fram úr húsnæðisbótum skv. B-lið 69. gr. Um útborgun vaxtaafsláttar á árinu 1988 fer að öðru leyti eftir ákvæðum B-liðs 69. gr., eftir því sem við getur átt.

Ákvæði 7. tölul. 28. gr. eiga við um vaxtaafslátt samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

II

Sá sem eignast íbúð í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfyllir að öðru leyti skilyrði B-liðs 69. gr. skal þrátt fyrir gildistökuákvæði laga þessara njóta húsnæðisbóta samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. með sama hætti og sá sem eignast sína fyrstu íbúð á árinu 1988.

III

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda, sem á hafa verið lögð fyrir gildistöku laga þessara, skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Sama á við um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts sem verður lagður á á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eignar í lok þess árs, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er flutt í tengslum við frumvarp um staðgreiðslu skatta. Þessi frumvörp og önnur, sem þeim tengjast, eru samin af starfsmönnum fjármálaráðuneytisins, ríkisskattstjóra og starfsmönnum hans í samvinnu við nefnd sem fjármálaráðherra skipaði s.l. haust í þeim tilgangi að endurskoða lögin. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er gerð grein fyrir tildrögum þess að einstakir þættir endurskoðunarinnar og staðgreiðsla skatta var tekin til meðferðar á undan öðrum þáttum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um allróttæka breytingu á reglum um álagningu beinna skatta á einstaklinga. Tillögur þessar eru annars vegar gerðar með tilliti til þess að róttæk einföldun álagningarreglna er skilyrði þess að við verði komið einföldu og skilvirku staðgreiðslukerfi og hins vegar í þeim tilgangi að álagningarkerfið sjálft verði einfaldara og skiljanlegra þeim sem við það búa.

Núverandi tekjuskattslög eru að vísu ekki mjög flókin að því er varðar skattlagningu launatekna og líklega einfaldari og fremri hliðstæðri löggjöf í nágrannalöndum okkar. Engu að síður eru þær reglur, sem í gildi eru, um útreikning skatta margar og þau hugtök sem notuð eru það flókin að venjulegur skattborgari leggur yfirleitt ekki á sig að kunna skil á þeim öllum.

Tekjutengdir skattar til ríkis, sveitarfélaga og til ýmissa sérverkefna eru margir og byggjast á mismunandi grunni án þess að fyrir því séu augljós rök. Allt gerir þetta skattkerfið torskiljanlegt þeim sem við það eiga að búa.

Helstu breytingar.

Í frumvarpi þessu og hliðarfrumvörpum með því er gert ráð fyrir að lagður verði á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Þessi tekjuskattur innheimtist ásamt útsvari til sveitarfélags þannig að í reynd verður um að ræða eitt álagningarhlutfall fyrir alla launþega að öðru leyti en því að frávik í útsvarsálagningu milli einstakra sveitarfélaga kemur fram við uppgjör eftir á. Þeim aðilum, sem nú njóta tekna af þeim sérsköttum er hverfa, verður á móti tryggð hlutdeild í hinum sameiginlega skatti.

Breytingum samkvæmt frumvarpinu má skipta í tvo meginþætti. Annars vegar er myndaður einn sameiginlegur og breyttur skattstofn og hins vegar er álagningarreglum breytt verulega.

Breyttur skattstofn. Í gildandi lögum eru stofnar til ákvörðunar útsvars og tekjuskatts mismunandi. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að framvegis verði einn stofn myndaður af öllum vergum greiðslum vinnuveitanda til launþega, þ.e. inn í stofninn gangi allar launagreiðslur auk ýmissa sérstakra liða, svo sem bifreiðastyrkja, dagpeninga og annarra

starfstengdra greiðslna, fríðinda og hlunninda. Enn fremur er gert ráð fyrir að lífeyrir og tryggingabætur og aðrar slíkar greiðslur verði hluti skattstofnsins en hluti þeirra hefur verið utan útsvarsstofnsins.

Þessi nýi stofn mun samsvara núgildandi útsvarsstofni að viðbættum núverandi frádráttarliðum sem eru skyldusparnaður, kostnaður á móti ökutækjastyrk og dagpeningum, hlunnindi, verkfæra- og hljóðfærapeningar, helmingur greiddra meðlaga og námsfrádráttur. Enn fremur hækkar stofninn um elli- og örorkulífeyri almannatrygginga.

Vegna breytts álagningarkerfis, einkum mikillar hækkunar á persónuafslætti, mun síðast talda atriðið þó ekki valda álagningu gjalda nema til komi aðrar tekjur í verulegum mæli. Eins er gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum til að koma í veg fyrir að menn greiði skatt af raunverulegum kostnaði sem þeir hafa, t.d. vegna notkunar bifreiða í þágu vinnuveitanda eða á ferðalögum vegna starfs síns.

Álagningarreglur. Gert er ráð fyrir að í stað tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, framlags í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds komi eitt skatthlutfall, 28,5%. Við það er áætlað að bætist 6,25% vegna útsvars til sveitarfélaga þannig að sameiginlegt skatthlutfall yrði 34,75%. Frá hluta ríkissjóðs í þannig reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur og sjómannaafsláttur sem er nýmæli. Af hluta ríkissjóðs greiðast einnig barnabætur og húsnæðisbætur. Miðað er við að hlutdeild sókna og kirkjugarða og Framkvæmdasjóðs aldraðra í skattheimtunni verði hin sama og verið hefur.

Gert er ráð fyrir sérstökum persónuafslætti frá hinum sameinaða skatti að fjárhæð 11 500 kr. á mánuði fyrir hvern skattgreiðanda miðað við verðlag í febrúar 1987 og að hann verði hækkaður tvisvar á ári til samræmis við breytingar verðlags eins og það mælist með lánskjaravísitölu. Afsláttur þessi svarar til þess að tekjur neðan við u.þ.b. 33 000 kr. á þessum tíma séu skattfrjálsar hjá einstaklingum og hvoru barnlausra hjóna um sig en hjá öðrum yrðu skattfrelsismörkin hærri sem nemur barnabótum. Gert er ráð fyrir að skattafslátturinn verði millifæranlegur til maka að þremur fjórðu hlutum.

Í stað sjómannafrádráttar er gert ráð fyrir sérstökum afslætti frá skatti, sjómannaafslætti er nemur 150 kr. á skráningardag, og í stað vaxtafrádráttar húsbyggjenda er gert ráð fyrir 55 000 kr. húsnæðisbótum á ári í sex ár til þeirra sem byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn. Húsnæðisbætur verði borgaðar út séu þær hærri en álagður skattur viðkomandi. Miðað er við að sjómannaafsláttur og húsnæðisbætur kosti ríkissjóð sem næst hið sama og fyrra fyrirkomulag en dreifist hins vegar með jafnari hætti en áður var milli þeirra sem rétt eiga á þeim.

Það útsvarshlutfall, sem að framan greinir, 6,25%, er áætlað með tilliti til þess að tekjur sveitarfélaga af þessum tekjustofni verði hinar sömu og verið hefur. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins af hinum sameiginlega skatti verði þær sömu og verið hefði eða ívið lægri.

Skattstofninn.

Samkvæmt núgildandi lögum eru skattstofnar fyrir útsvar og tekjuskatt ekki hinir sömu. Mismunurinn er aðallega fólginn í því að ekki eru í báðum tilfellum heimilaðir sömu frádráttarliðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir einum sameiginlegum skattstofni. Sá stofn er hinn sami og núverandi útsvarsstofn að brottfelldum að mestu þeim frádráttarliðum sem nú eru leyfðir. Um er að ræða eftirfarandi liði og fjárhæðir eins og þær koma fram á framtali 1986 vegna ársins 1985:

	Fjöldi framteljenda	Fjárhæð í millj. kr.
Útsvarsstofn skv. gildandi lögum	160820	57953
Niðurfelldar frádráttarheimildir samkvæmt frumvarpinu:		
a. Skv. 30 gr. laga nr. 75/1981		
Skyldusparnaður	10900	342
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	22015	1030
Dagpeningar, risna o. fl.	9664	377
Hlunnindi til frádráttar	16906	262
Verkfærapeningar og hljóðfærakostnaður	5823	40
Helmingur greiddra meðlaga	5383	125
Námsfrádráttur	25756	1037
b. Greiðslur almannatrygginga		
Elli- og örorkulífeyrir	24442	2829
Frádráttur vegna skertrar tekjutryggingar	16726	657
Samtala ofangreindra liða		65237
Áætlaður frádráttur vegna sannanlegs kostnaðar launþega af ferðum á vegum vinnuveitanda		500
Áætlaður nýr skattstofn		64737

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að af bifreiðastyrkjum og dagpeningum, sem samkvæmt framangreindu mynda skattstofn, verði 500 milljónir króna viðurkenndar við framtal sem kostnaður sem ekki beri að greiða skatt af.

Þó skattstofninn hækki samkvæmt þessu um rúmlega 7 milljarða króna eða um 12,5% mun það ekki leiða til samsvarandi hækkunar álagningar þar sem verulegur hluti þessarar hækkunar er elli- og örorkulífeyrir sem annars vegar er nú þegar hluti tekjuskattstofns og rennur að stórum hluta til þeirra sem ekki munu greiða skatt vegna hinnar miklu hækkunar á persónuafslætti.

Auk framangreindra frádráttarliða, sem ásamt gildandi útsvarsstofni mynda hinn nýja skattstofn, eru felldir niður frádráttarliðir sem eingöngu hafa haft áhrif á tekjuskatt. Þar sem þessir frádráttarliðir hafa ekki haft áhrif á útsvarsstofn breyta þeir ekki fyrirhuguðum skattstofni frá því sem að framan var greint. Um er að ræða eftirfarandi liði:

	Fjöldi framteljenda	Fjárhæð í millj. kr.
Frádráttur skv. C-lið 1. mgr. 30. gr.:		
Sjómannafrádráttur	10386	515
Farmanna- og fiskimannafrádráttur	10239	638
Kostnaður við stofnun heimilis	2266	60

Í stað tveggja fyrstnefndu frádráttarliðanna er gert ráð fyrir að upp verði tekinn sérstakur sjómannaafsláttur sem fjallað verður um síðar.

Eftirfarandi frádráttarliðir eru samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. 30. gr. núgildandi laga en falla niður samkvæmt frumvarpinu:

	Fjöldi framteljanda	Fjárhæð í millj. kr.
Iðgjöld í lífeyrissjóði	27670	361
Stéttarfélagsgjöld	25472	92
Iðgjöld af lífsábyrgð	3250	14
Vaxtagjöld til frádráttar	18420	2478
Gjafir til menningarmála	462	8
Fastur frádráttur (10%)	131080	6017

Eins og tölur þessar bera með sér notar mikill meiri hluti framteljenda sér fasta frádráttinn. Aðrir frádráttarliðir hafa lítið að segja nema vaxtafrádrátturinn og nýtast þeir ekki nema í tengslum við hann. Gert er ráð fyrir að í stað vaxtafrádráttar komi sérstakar húsnæðisbætur.

Tekjuskattsstofn 1986 að teknu tilliti til frádráttarheimilda var 51 128 milljónir króna hjá 161 299 gjaldendum.

Álagningarreglur.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi fyrst og fremst að einfalda álagningarkerfið og m.a. að skapa þannig forsendu fyrir einfaldri innheimtu í staðgreiðslu. Frumvarpið gerir því ekki ráð fyrir neinni verulegri breytingu á skattheimtu eða lækkun skatta enda væri slíkt ekki raunhæft nema í tengslum við önnur tekjuöflunaráform eða lækkun útgjalda. Til þess að auðvelda þær breytingar, sem frumvarpið felur í sér, var þó ákveðið að gera ráð fyrir nokkurri lækkun tekjuskatta til ríkisins.

Við samningu frumvarpsins var reynt eftir því sem kostur var á að ná þeim markmiðum að tekjur hins opinbera héldust sem næst óbreyttar frá því sem þær voru á árinu 1986 og að dreifing skattbyrðar raskaðist ekki verulega frá þeim tíma að öðru leyti en því að náð yrði settu marki um skattleysismörk.

Að því er varðar tekjur ríkissjóðs var þó tekið tillit til þess að áður hafi verið ákveðin lækkun tekjuskatta um 300 milljónir króna sem kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1987.

Álagningarreglur fyrir þau gjöld, sem frumvarp þetta fjallar um, eru margar og þó hver um sig geti verið einföld virka þær í heild sem allflókið úrlausnarefni og ekki auðgert að meta áhrif þeirra saman. Við athugun sýndi sig þó að framangreindum markmiðun um tekjuöflun og dreifingu skatta var unnt að ná með tiltölulega einföldu álagningarkerfi með einum skattstofni, einu skatthlutfalli og einum almennum skattafslætti. Auk þess er sérstökum markmiðum varðandi einstaka hópa náð með bótum eða afsláttarliðum sem ekki tengjast skattstofni.

Í lýsingu hér á eftir verður miðað við það að útsvar til sveitarfélaga sé 6,25% af skattstofni. Ekki er fjallað um útsvarsákvörðunina í frumvarpi þessu en framangreind tala er það hlutfall sem að mati fjármálaráðuneytisins hefði gefið sveitarfélögum sömu tekjur af útsvari og þau höfðu á árinu 1986 og næstu árum þar á undan.

Sama gildir um sóknargjald og kirkjugarðsgjald. Í þessum lögum eru þessi gjöld ekki ákveðin en hins vegar er hér miðað við að þau verði ákveðin þannig að tekjur af þeim verði hinar sömu og á árinu 1986. Verði ekki svo þarf að endurskoða skatthlutfallið með tilliti til þess.

Álagningarkerfi samkvæmt frumvarpinu er sem hér greinir:

1. Af skattstofni er reiknaður skattur, 34,75%, sem er samansettur úr áætluðum 6,25% til sveitarfélaga og 28,5% til ríkisins og annarra.
2. Frá reiknuðum skatti, sbr. 1. tölulið hjá hverjum einstaklingi, dregst skattafsláttur hans sem nemur 138 000 krónum á ári eða 11 500 krónum á mánuði miðað við febrúar 1987. Jákvæður mismunur greiðist sem skattur en neikvæður mismunur fellur niður. Þó flytjast 75% af ónýttum afslætti til maka.
3. Skatti, sem kemur inn skv. 2. tölulið, er ráðstafað þannig:

Útsvör og önnur gjöld:

a. 6,25% reiknuð af skattstofni framteljenda í hverju sveitarfélagi reiknast sem útsvar og rennur til viðkomandi sveitar- eða bæjarsjóðs.
b. 0,26% reiknuð af skattstofni framteljenda í hverri sókn teljast sóknargjöld og renna til viðkomandi sóknar eftir því sem nánar verður kveðið á um í lögum sem þar um fjalla.
c. 0,13% reiknuð af skattstofni framteljenda í hverju sveitarfélagi teljast kirkjugarðsgjöld og renna til viðkomandi aðila eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum sem þar um fjalla.

Bætur og afsláttur:

d. Barnabætur greiðast foreldrum eftir sömu reglum og á árinu 1987 að því breyttu að barnabætur til einstæðra foreldra hækka og verða ætíð tvöfaldar þær bætur sem hjón eða sambúðarfólk á rétt á. Barnabótaauki greiðist sömuleiðis eftir sömu reglum og nú er. Bætur þessar greiðast út að því leyti sem rétthafi skuldar ekki skatt frá fyrri árum.
e. Húsnæðisbætur að fjárhæð krónur 55 000 á íbúð á ári í sex ár greiðast þeim sem byggja eða kaupa íbúð í fyrsta skipti. Bætur þessar greiðast út að svo miklu leyti sem rétthafi skuldar ekki skatt frá fyrri árum.
f. Sjómannaafsláttur sem nemur 150 krónum á dag til þeirra sem nú njóta sjómanna- og fiskimannafrádráttar. Afsláttur þessi kemur í stað hans og greiðist út á tekjuárinu að því marki sem tekjuskattsgreiðslur eru fyrir hendi frá viðkomandi sé um lögskráðan sjómann að ræða. Ónýttur sjómannaafsláttur fellur niður við endanlega álagningu.

Tekjuliðir, bætur og afslættir.

Við álagningu opinberra gjalda hjá skattstjórum á árinu 1986 urðu niðurstöður varðandi þá tekjuliði opinberra gjalda sem frumvarp þetta nær til sem hér segir:

	Fjöldi gjaldenda	Fjárhæð í millj. kr.
Tekjuskattur vergur	83500	5927
Þar af fór:		
Til greiðslu á útsvari	63620	558
Til greiðslu á sjúkratryggingagjaldi	2418	5
Til greiðslu á eignarskatti	18383	125
Til greiðslu á eignarskattsauka	2661	4
Til greiðslu á barnabótum	68972	1443
Tekjuskattur til ríkisins		3792
Sjúkratryggingagjald	56329	300
Í Framkvæmdasjóð aldraðra	109676	110
Sóknargjald	150495	224
Kirkjugarðsgjald	138210	107
Útsvar	150783	5373
Samtals til innheimtu		9906

Tekið skal fram að álagning kirkjugarðsgjalds fór ekki fram í öllum sveitarfélögum.

Eins og að framan greinir miðast gjaldstuðlar, afsláttarstærðir og bótafjárhæðir í frumvarpinu við að gefa opinberum aðilum sem næst sömu tekjur. Jafnframt er að því stefnt að breyting skattbyrðar einstaklinga verði ekki veruleg umfram það sem stefnt er að í breytingum á einstökum atriðum svo sem hækkun skattleysismarka og breyttum áhrifum af vaxtagreiðslum og fyrirkomulagi varðandi sjómenn.

Verður nú gerð grein fyrir einstökum liðum í þessu efni.

Útsvar. Eins og greint var frá hér að framan er gert ráð fyrir að til sömu tekjuöflunar og nú þurfi álagningarhlutfall útsvars að vera 6,25%. Hlutfall þetta er byggt á samanburði útsvarsálagningar nokkurra undangenginna ára og tekjustofni í staðgreiðslu eins og hann hefði verið á þessum árum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir þær stærðir.

Milljónir króna	Álagning 1986	Álagning 1985	Álagning 1984	Álagning 1983	Álagning 1982	Álagning Meðaltal
Útsvarsstofn	57 953	39 929	30 862	19 709	12 511	32 193
Viðbætur vegna niðurfellingar frádráttarliða 30. gr. A:						
Skyldusparnaður	342	263	216	147	99	213
Kostnaður v/ökutækja	1 030	684	456	243	143	511
Dagpeningar	377	230	159	86	52	181
Hlunnindi	262	185	145	76	45	143
Verkfærapeningar	40	29	26	12	6	23
Frádráttur v/starfsloka	585	346	102	39	—	214
Viðbætur vegna niðurfellingar frádráttarliðanna:						
Helmingur greiddra meðlaga	125	85	61	39	25	67
Námsfrádráttur	1 073	781	617	371	234	615
Viðbót, elli- og örorkulífeyrir	2 829	1 908	1 456	891	584	1 534
Viðbót v/skerðingar á tekjutrygg.	657	461	343	—	—	292
Áætlaður viðurkenndur ferðakostnaður við framtal	500	320	210	120	70	244
Útsvarsstofn með viðbótum	64 773	44 581	34 233	21 493	13 629	35 742
Útsvar álagt	5 373	3 896	3 029	2 129	1 343	3 154
Álagt útsvar sem hlutfall af útsvarsstofni	9,27%	9,76%	9,81%	10,80%	10,73%	9,80%
Álagt útsvar sem hlutfall af útsvarsstofni með viðbótum	8,30%	8,74%	8,85%	9,91%	9,85%	8,82%
Útsvarsstofn í staðgreiðslu (Milli áranna 1985 og 1986 er miðað við 33,5% hækkun launa)	86 472	64 773	44 581	34 233	21 493	50 310
Álagt útsvar sem hlutfall af útsvarsstofni í staðgreiðslu	6,21%	6,01%	6,79%	6,22%	6,25%	6,27%

Öll þessi ár að einu frátöldu er hlutfall útsvars af brúttótekjum sama árs nálægt 6,25%. Það ár, sem sker sig úr, er árið 1984 og stafar það af hinum miklu breytingum í verðlagsþróun sem urðu á árunum á undan sem gerðu það að verkum að útsvarsbyrði þyngdist.

Sóknargjald og kirkjugarðsgjald. Álögð gjöld á árunum 1985 og 1986 voru sem hér segir í samanburði við skattstofn í staðgreiðslu hvort ár.

	Skattstofn millj. kr.	Sóknargjald millj. kr.	%	Kirkjugarðsgjald millj. kr.	%
1985	64 737	107	0,165	75	0,116
1986	86 424	224	0,259	107	0,123

Vegna breyttra lagaákvæða hækkaði sóknargjald verulega á árinu 1986.

Með hliðsjón af þessum tölum er gert ráð fyrir að sóknargjald þurfi að vera 0,26% af skattstofni og kirkjugarðsgjaldið 0,13% til þess að gefa sömu tekjur og voru á síðasta ári.

Barnabætur. Gert er ráð fyrir að barnabætur verði óbreyttar frá því sem þær eru á þessu ári að öðru leyti en því að bætur til einstæðra foreldra verða tvöfaldar þær bætur sem hjón eða sambúðarfólk á rétt á. Barnabótaauki er að öllu leyti hafður óbreyttur. Gert er ráð fyrir að bætur þessar hækki eftir sömu reglu og persónuafsláttur, þ.e. eftir hækkun lánskjaravísitölu.

Húsnæðisbætur. Tekjumissir ríkissjóðs vegna núgildandi ákvæða um vaxtafrádrátt var við álagningu á árinu 1986 um 530 milljónir króna.

Umsóknir um lán til byggingar á fyrstu íbúð á árunum 1984 og 1985 voru um 700 talsins hvort ár. Umsóknir um lán til kaupa á fyrstu íbúð sömu ár voru um 1000 talsins.

Í frumvarpinu er miðað við að húsnæðisbætur verði greiddar í sex ár vegna fyrstu íbúðar. Samkvæmt því má áætla að þegar fram í sæki verði samtímis greiddar bætur vegna um 10 200 íbúða. Bætur á íbúð að fjárhæð rúmlega 50 000 kr. miðað við árið 1986 hefðu því kostað ríkissjóð sama og vaxtafrádrátturinn. Í frumvarpinu er sú fjárhæð færð í 55 000 kr. í febrúar 1987 með tilliti til verðlagsbreytinga til 1. febrúar og eftir það breytist fjárhæðin í samræmi við lánskjaravísitölu.

Þó hér sé gert ráð fyrir sama fé og áður í þennan þátt er ljóst að með hinu nýja fyrirkomulagi verður dreifing fjárins jafnari en áður. Nú njóta þeir mest í vaxtafrádætti sem greiðastan aðgang hafa að lánum. Dreifing frádráttarins sýnir að hann vex með hækkandi tekjum. Samkvæmt frumvarpinu munu allir sem byggja í fyrsta sinn njóta afsláttarins að jöfnu. Mun hann á þeim sex árum, sem hann er við lýði, svara til 65–70% af vöxtum af hámarksláni Húsnæðisstofnunar.

Sjómannaafsláttur. Fjárhæð sjómannaafsláttar er miðuð við að hafa svipuð áhrif hjá sjómönnum og núverandi frádráttarreglur hafa hjá sjómanni með meðaltekjur. Meðaltekjur sjómanna á árinu 1985 voru um 1000 þús. kr. og er áætlað að frádráttarreglurnar hafi leitt til þess að skattar sjómanns með þær tekjur hafi lækkað um rösklega 50 000 krónur. Er afslátturinn því ákveðinn 150 krónur á dag miðað við 360 daga eða 4500 krónur á mánuði.

Tekjuskattur. Til þess að meta áhrif breytinga álagingarkerfisins á tekjur ríkissjóðs var Reiknistofnun Háskóla Íslands fengin til að gera samanburð á mismunandi álagningu á grundvelli úrtaks úr framtölum fyrir árið 1985.

Til þess að meta áhrif kerfisbreytinganna sjálfra voru áhrif vaxtafrádráttar, sjómannafrádráttar og nýting persónuafsláttar til greiðslu á eignarskatti tekin út úr álagningu á árinu 1986 og hún endurunnin þannig breytt.

Til samanburðar var álagning áætluð eins og hún hefði orðið í staðgreiðslu á árinu 1986. Til þess voru tekjur ársins 1985 hækkaðar um 33,5% sem er áætluð meðalhækkun tekna á mann milli áranna 1985 og 1986 og búinn til nýr skattstofn eins og honum er lýst í frumvarpinu. Að því loknu var álagning reiknuð eftir tillögum frumvarpsins.

Álagning þessi tók hvorki mið af húsnæðisbótum né sjómannaafslætti, en þar sem samsvarandi liðir höfðu verið teknir út úr viðmiðuninni og ætlað er að kostnaður við þá sé hinn sami í báðum kerfunum hefur það ekki áhrif á niðurstöðurnar. Sama er að segja um sóknargjald og kirkjugarðsgjald. Þau eru í báðum tilvikum utan samanburðarins.

Útreikningar þessir sýna að við þessa breytingu má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki um nærri 550 milljónir króna. Þar sem hér er miðað við tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 hefur ekki verið tekið tillit til þeirrar ákvörðunar frá síðasta ári að lækka tekjuskatt um 300 milljónir króna. Að teknu tilliti til þess er ný lækkun ríkistekna, sem í frumvarpinu felst, um 250 milljónir króna.

Áhrif á skatta einstaklinga.

Áhrif breytinganna á skatta einstaklinga stafa af tvennu. Annars vegar eru áhrif af breyttu álagningarkerfi og hins vegar áhrif af breyttum skattstofni, þ.e. niðurfelling frádráttarliða o.fl.

Til þess að meta fyrri áhrifin var sett upp líkan af breyttu álagningarkerfi án breytingar á skattstofni að öðru leyti en því að felld var niður 10% frádráttarreglan við myndun tekjuskattsstofns. Slíkt líkan metur því áhrif breytts álagningarkerfis á skatta þeirra sem ekki hafa neina frádráttarliði og ekki nutu ívilnana vegna vaxta eða sjómennsku.

Útreikningar þessa líkans sýna í stórum dráttum að áhrif breytinganna fyrir þessa aðila eru annars vegar hækkun skattleysismarkanna eins og að var stefnt og að ofan þeirra lækka skattar allt að 5–6% af tekjum. Þessi áhrif eru næsta jöfn hjá mismunandi hópum nema hjá einhleypum þar sem þau eru nokkru minni en hjá öðrum. Þessi breyting er mest rétt ofan skattleysismarkanna en minni ofar.

Úr útreikningum Reiknistofnunar H.Í., sem getið var hér að framan, má og lesa áhrif breytinganna að meðtöldum áhrifum af stækkun skattstofnsins. Þeir útreikningar sýna, sem vænta má, minni mismun en þeir sem vitnað er til hér að framan. Samkvæmt þeim lækkar skattbyrði yfirleitt vel upp fyrir miðjan tekjustigann en þar fyrir ofan er niðurstaðan breytileg. Auk áhrifa af breyttum skattstofni hefur brottfall vaxtafrádráttar svo og sjómannafrádráttar hér áhrif, en hvort tveggja hefur meiri áhrif í ofanverðum stiganum en neðar.

Frumvarpinu fylgja töflur sem sýna niðurstöður þeirra útreikninga sem gerðir voru og varpa ljósi á áhrif breyttrar álagningar en hér að neðan er sýnt eitt dæmi. Er þar um að ræða skattlagningu hjóna með tvö börn þar sem bæði afla tekna. Miðað er við að þau hafi ekki haft neina frádráttarliði þannig að heildargreiðslur til þeirra hafi komið til skattlagningar. Stækkun skattstofna hefur því ekki áhrif hjá þeim en í slíkum tilfellum verður breyting skattanna önnur.

Tekjur 1985	Tekjur 1986	Tekjuskattar nú	Tekjuskattar frumvarp	Skatthlutfall nú %	Skatthlutfall frumvarp %
150	200	−76	−77	−37,8	−38,3
225	300	−75	−77	−25,1	−25,5
300	400	−75	−77	−18,7	−19,1
375	500	−71	−76	−14,2	−15,3
449	600	−38	−64	−6,3	−10,7
524	700	−5	−52	−0,7	−7,5
599	800	28	−12	3,6	−1,6
674	900	69	27	7,7	3,0
749	1000	107	62	10,7	6,2

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Núgildandi ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. kveða á um að sá sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skuli telja sér til tekna sambærilegt endurgjald fyrir starf sitt og hann hefði fengið ef hann innti það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Skv. 6. gr. frumvarpsins, sem fjallar um reiknað endurgjald, sbr. 6. gr. frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, eru reglur um reiknað endurgjald hertar verulega. Samkvæmt þeim ber ríkisskattstjóra m.a. að ákveða lágmark reiknaðs endurgjalds sem maður, er

stundar rekstur, skal miða staðgreiðslu sína við. Jafnframt þessu eru fyrri ákvæði um hámark reiknaðs endurgjalds afnumin.

Breyting sú, sem þessi grein felur í sér, er nauðsynleg í ljósi áðurnefndra breytinga. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Skv. 2. málsl. 5. tölul. 28. gr. teljast þær greiðslur ekki til tekna sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs til að standa undir fæðiskostnaði sínum um borð í fiskiskipi. Ákvæði þetta á ekki lengur við vegna þess að breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi þessara greiðslna samkvæmt kjarasamningum sjómanna. Auk þessa er undanþága af þessu tagi andstæð þeim sjónarmiðum sem búa að baki einföldun skattkerfisins í kjölfar staðgreiðslu.

Í 7. tölul. 28. gr. gildandi laga er kveðið svo á að persónuafsláttur og barnabætur teljist ekki til tekna. Skv. 10. og 11. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir sjómannaafslætti og húsnæðisbótum sem í eðli sínu líkjast mjög persónuafslætti og barnabótum. Því þykir ekki hjá því komist að kveða sérstaklega á um að sjómannaafsláttur og húsnæðisbætur teljist ekki til tekna og koma þannig í veg fyrir allan vafa í þessu sambandi.

Um 3. og 4. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan er afnám hinna fjölmörgu frádráttarheimilda frá tekjum, sem í gildi hafa verið í lengri eða skemmri tíma, forsenda þess að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta sem bæði uppfyllir þær kröfur að vera einfalt og öruggt í framkvæmd. Af þessum sökum verður ekki komist hjá því að afnema nær allar gildandi frádráttarheimildir frá tekjum sem um ræðir í A-, C-, D- og E-lið 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Á móti kemur að persónuafsláttur er rúmlega tvöfaldaður, tekinn verður upp sérstakur sjómannaafsláttur, kveðið er á um sérstakar húsnæðisbætur til þeirra sem byggja í fyrsta sinn, auk þess sem jaðarskattshlutfallið lækkar nokkuð. Um þessi atriði vísast að öðru leyti til þess sem rakið er í almennu athugasemdunum hér að framan.

Um þá frádráttarliði, sem gert er ráð fyrir að haldi gildi sínu og kveðið er á um í þessari grein, skal eftirfarandi tekið fram.

Um 1. tölulið. Gert er ráð fyrir að sönnuð útgjöld vegna móttekinna ökutækjastyrkja og dagpeninga verði frádráttarbær frá tekjum við álagningu tekjuskatts. Hins vegar verður meginreglan sú að óheimilt verður að draga þessar greiðslur frá heildarlaunum við ákvörðun staðgreiðslu, sbr. frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Jafnframt þessu er gert ráð fyrir hertum reglum varðandi mat á því hvort hér sé um raunveruleg útgjöld að ræða eða ekki.

Um 2. tölulið. Ákvæðið er samhljóða 6. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. gildandi laga og er nauðsynlegt með tilliti til ýmissa alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Um 3. tölulið. Ákvæðið er samhljóða 7. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. og þykir ekki ástæða til þess að afnema það enda veldur það engum erfiðleikum í framkvæmd.

Um 5. gr.

Í 2. og 3. málsl. 2. mgr. 51. gr. gildandi laga er kveðið á um hvað teljist frádráttarbærir vextir í skilningi E-liðs 1. mgr. 30. gr. o.fl. Ákvæði þessi eru óþörf í ljósi þess að vextir verða ekki frádráttarbærir frá tekjum, sbr. 4. gr., nái frumvarpið fram að ganga.

Um 6. gr.

Samkvæmt 6. gr. frumvarps til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er gert ráð fyrir því að staðgreiðsla manns í atvinnurekstri miðist við reiknað endurgjald hans. Staðgreiðslu-

fyrirkomulagið hefur þannig í för með sér að menn þurfa að reikna sér endurgjald á því ári sem þeir inna af hendi vinnu í þágu reksturs síns í stað þess að gera það eftir lok tekjuárs eins og lög mæla nú fyrir um. Eðlilegast þykir því að leggja til að núgildandi ákvæði um árlegar viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra varðandi reiknað endurgjald verði flutt yfir í 6. gr. staðgreiðslulaga þannig að ríkisskattstjóri muni samkvæmt því setja viðmiðunarreglur fyrir upphaf árs í stað þess að gera það eftir lok árs eins og nú er.

Með hliðsjón af þessu breytta fyrirkomulagi þykir og eðlilegt að gera ráð fyrir því sem aðalreglu að maður telji sér til tekna, að árinu liðnu, sömu fjárhæð og hann hefur reiknað sér á staðgreiðsluárinu. Er því lagt til að maður láti skýringar fylgja ef brugðið er frá þeirri reglu og enn fremur að skattstjóri hafi frjálsari hendur en nú er til þess að leggja mat á skýringar gjaldanda og hækka endurgreiðslur til samræmis við reiknað endurgjald hans á staðgreiðsluári séu skýringar ófullnægjandi. Þó er enn haldið í lögum þeirri takmörkun að ákvörðun skattstjóra megi ekki mynda tap á rekstri sem elli- eða örorkulífeyrisþegar stunda eða tap sem fer fram úr samanlögðum almennum fyrningum og gjaldfærslu hjá öðrum aðilum í rekstri. Sú takmörkun getur því leitt til þess að skattstjóri fái ekki hækkað reiknað endurgjald manns þótt það sé í framtali hans talið lægra en reiknað endurgjald hans á staðgreiðsluári.

Þá er í greininni lagt til að hámark reiknaðs endurgjalds sé afnumið eftir að staðgreiðsla er komin á enda verður ekki séð nauðsyn þess að viðhalda slíku hámarki eftir að 10% frádráttur skv. 2. mgr. 30. gr. gildandi laga hefur verið felldur niður.

Um 7. og 8. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um breytingar á ákvörðun um tekjuskattsstofn hjóna og barna til samræmis við þær breytingar sem verða á frádráttarheimildum, sbr. 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

118. gr.

Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur, að fenginni umsögn Umferðarráðs, reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum.

XVI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Gildistaka.

119. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Jafnframt falla úr gildi umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, með áorðnum breytingum.

120. gr.

Fullnaðarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara án sérstakrar tímatakmörkunar, skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Ákvæði þetta gildir ekki um ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968.

Þeir, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa öðlast rétt til að mega stjórna léttu bifhjóli eða vélsleða, halda þeim rétti sínum, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 3. og 4. mgr. 55. gr. um aldur.

Ed. 598. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. febr.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar skal þinglýsingardómari senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í ökutækjaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. mgr. 7. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo:

Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Sþ. 599. Fyrirspurn [343. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Er kennsla í útvegsfræðum hafin við Háskóla Íslands?
2. Ef ekki, hvað líður undirbúningi hennar?

Sþ. 600. Fyrirspurn [344. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað vegna samninganefnda um stóriðju og vegna stóriðjunefndar.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hver hefur kostnaður orðið vegna samninganefnda um stóriðju og vegna stóriðjunefndar frá 14. júní 1983, svo og undirnefnda eða sérstakra nefnda sem unnið hafa að samningum um stækkun álversins við Straumsvík og byggingu kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð, sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

a. heildarkostnaður vegna hverrar nefndar,
b. sundurliðun eftir árum 1983, 1984, 1985 og 1986,
c. sundurliðun eftir verkefnum,
d. þóknun til einstakra nefndarmanna og starfsmanna nefndanna,
e. þóknun til einstakra ráðunauta (aðkeypt ráðgjöf),
f. ferðakostnaður,
g. annar kostnaður?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 601. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vitamál, nr. 56/1981.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin ræddi málið á fundi sínum og er einhuga um að mæla með samþykkt þess. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Árni Johnsen.

Alþingi, 10. febr. 1987.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Valdimar Indriðason.

Sþ. 602. Tillaga til þingsályktunar [345. mál]

um undirbúning notkunar á blýlausu bensíni hér á landi.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Skúli Alexandersson,
Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að blýlaust bensín verði fáanlegt hér á landi og að vinna að því að það verði samkeppnisfært við bensín með blýi. Skipuð verði nefnd hagsmunaaðila sem geri tillögur til ríkisstjórnarinnar um þetta efni fyrir árslok 1987. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íslendingar hafa um langt skeið tekið þátt í alþjóðasamstarfi um varnir gegn mengun af öllu tagi og samningar hafa verið undirritaðir fyrir Íslands hönd. M.a. hefur ríkisstjórn Íslands undirritað og staðfest alþjóðasáttmála um varnir gegn loftmengun sem gerður var í Genf milli fulltrúa 35 ríkja í nóvember 1979.

Á síðasta þingi Norðurlandaráðs var samþykkt tillaga samgöngunefndar ráðsins um að Norðurlandaþjóðir samræmdu aðgerðir til að hverfa frá notkun bensíns og annars eldsneytis sem inniheldur blý en útblástur eiturefna frá farartækjum, er ganga fyrir slíku eldsneyti, er verulegur loftmengunarvaldur og veldur sem kunnugt er miklum skaða á gróðri og mannvirkjum auk þess sem hann veldur heilsutjóni á fólki. Langflestar Evrópuþjóðir hafa nú hafið sölu á blýlausu eldsneyti en Ísland er meðal örfárra landa þar sem ekki er unnt að kaupa annað en það bensín sem inniheldur blý. Ein ástæða þess er vafalaust sú að bensín er keypt frá Sovétríkjunum en þar er sala blýlauss bensíns ekki hafin. Þar mun þó hafa verið reynt að koma til móts við kröfur um hreinna bensín en svokölluð oktantala þess eldsneytis, sem þar er framleitt, er þó hærri en æskilegt er talið. Um nánari uppýsingar varðandi hina efnafræðilegu hlið málsins vísast annars til greinargerðar Guðmundar G. Haraldssonar, dósents í lífrænni efnafræði við Háskóla Íslands, sem hann gerði góðfúslega að ósk flutningsmanna og er lögð fram með tillögunni sem fylgiskjal I.

Þó að loftmengun sé ekki það vandamál, sem hún er víða um heim, hér á okkar slóðum er óhjákvæmilegt að Íslendingar taki þátt í þeim vörnum gegn mengun sem þjóðir heims vinna nú að í æ ríkara mæli. Ljóst er einnig að innan tíðar verða bifreiðar þannig búnar að þær ganga einungis fyrir blýlausu bensíni. Svíar hafa þegar lögfest að frá árinu 1989 verði ekki framleiddar aðrar bifreiðar en þær sem ganga fyrir blýlausu eldsneyti og í Noregi verður notkun þess lögskyld í janúar 1989. Þjóðir innan Efnahagsbandalagsins hafa ályktað um að almenn notkun verði hafin á blýlausu bensíni frá 1. október 1989 og í Bandaríkjunum og Japan eru nýjar bifreiðar þegar búnar tækjum sem hreinsa útblástur eiturefna en sá búnaður krefst notkunar á blýlausu bensíni.

Það er því ljóst að vandamál geta skapast verði ekki hafinn undirbúningur að þessum breytingum hér á landi sem fyrst. Olíufélögunum mun ekkert að vanbúnaði að hefja sölu blýlauss bensíns hvað varðar búnað en ýmis atriði þarf að kanna, svo sem samkeppnishæfni, kaupsamninga, bifreiðainnflutning og eflaust ótal margt fleira, og þyrfti þar að koma til samvinna hagsmunaaðila, notenda og seljenda. Breyting sem þessi tekur langan tíma en mikilvægt er að vel takist til um undirbúning hennar því að fram hjá henni verður ekki komist.

Á vegum Hollustuverndar ríkisins standa nú yfir mælingar á loftmengun við fjölfarnar akstursleiðir en niðurstöður liggja enn ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum vísindamanna, sem við rannsóknirnar vinna, er þegar vitað að um verulega loftmengun er að ræða vegna

umferðarinnar. Mengunarvandinn eykst hér á landi ekki síður en annars staðar og því er mikilvægt að fylgt verði þeim varnaðarráðstöfunum hér á landi sem aðrar þjóðir leggja nú kapp á.

Tillaga þessi er flutt fyrst og fremst til þess að stjórnvöld hafi frumkvæði að undirbúningi þessara mála hér á landi og hefji viðræður við samningsaðila um kaup á eldsneyti og önnur þau atriði sem stuðlað geta að því að Íslendingar sem aðrar þjóðir taki upp notkun á blýlausu eldsneyti og taki þannig þátt í alþjóðasamstarfi um varnir gegn mengun.

Lokaskjal frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, sem haldin var í Stokkhólmi í september 1986, fylgir tillögunni sem fylgiskjal II.

Fylgiskjal I.

Guðmundur G. Haraldsson:

Notkun á blýbættu eldsneyti.

Afköst bensínhreyfla hafa verið aukin með því að hækka s.k. þjöppunarhlutfall vélarinnar. Slík hækkun á þjöppunarhlutfallinu hefur í för með sér vandamál, sem er s.k. bank eða glamur (knocking). Glamrið er afleiðing af ótímabærri íkveikju bensíngufunnar í hreyflinum og leiðir til dvínandi afkasta. Slíkt vandamál hefur verið leyst á tvo vegu:

1. Með nákvæmu vali eða stjórnun á samsetningu kolvetnanna í eldsneytinu.
2. Með viðbót á blýi í eldsneytið í formi s.k. tetraalkylblýsambanda.

Bensín (gasoline) er blanda kolvetna af margvíslegri gerð og fæst með eimingu á jarðolíu (petroleum). Brennslueiginleikar hinna einstöku kolvetnissambanda í blöndunni eru mjög mismunandi og ákvarðast gæði eldsneytisins því af þeim kolvetnum sem mest er af í blöndunni.

Svokölluð oktantala eldsneytis er mælikvarði á hæfi þess til að koma í veg fyrir framangreint bank og þá um leið brennsluhæfi þess og gæði. Oktantalan er háð samsetningu eldsneytisins m.t.t. kolvetnanna. Mælikvarði hefur verið valinn af handahófi frá 0 fyrir s.k. n-heptan, sem er afleitt í þessu sambandi, upp í 100 fyrir s.k. ísóoktan. Til er þó eldsneyti með oktantölu hærri en 100.

Hátt hlutfall greinóttra kolefniskeðja og s.k. arómatískra kolvetnissambanda í eldsneytinu leiðir til hárrar oktantölu. Því miður er samsetningu þess eldsneytis sem fæst beint úr jarðolíu þannig hátta, að stór hluti þess er línulegar keðjur, en þær leiða til lágrar oktantölu. Þeim er þó unnt að breyta í greinóttar keðjur og arómatísk sambönd með tiltölulega kostnaðarsömum efnaferlum, t.d. svokallaðri hvataðri ummyndun (catalytic reforming). Þetta þýðir í reynd, að því hærri sem oktantalan er þeim mun dýrara verður eldsneytið. Það eldsneyti, sem notað er á bifreiðar í dag, hefur jafnan oktantölu á bilinu 90–100.

Önnur leið og mun kostnaðarminni til að bæta brennslueiginleika eldsneytisins og hækka oktantöluna er notkun bætiefna (additives) í tiltölulega litlu magni. Eitt hið algengasta í þessu sambandi hefur verið blýsambandið tetraethylblý (tetraethyl lead, TEL) og hófst notkun þess á fjórða áratug þessarar aldar. Slíkt blýbætt eldsneyti (leaded gasoline) inniheldur venjulega 0,25–0,75 g af blýi á lítra af eldsneyti og jafngildir slíkt hækkun um u.þ.b. 7 einingar í oktantölu. Blýmagn er þó breytilegt eftir löndum. Í Þýskalandi t.d., þar sem umhverfissamtök eru geysiöflug, hefur blýmagni verið haldið í lágmarki.

Framangreind notkun blýs hefur þó í för með sér alvarlegt mengunarvandamál. Kvað svo rammt að slíkri blýnotkun í Bandaríkjunum að hundruð tonna af blýi dreifðust út í umhverfið dag hvern í formi eitraðra blýoxíða þegar verst lét. Árið 1970 voru t.d. 39% allrar umhverfismengunar í Bandaríkjunum talin eiga rætur að rekja til bifreiðanotkunar. Upp úr þessu hófu umhverfissamtök mjög að beita sér gegn þessu og er notkun blýbætts eldsneytis nú á hröðu undanhaldi þar vestra. Þróunin virðist ætla að taka svipaða stefnu í nágrannalöndum okkar.

Gamla glamurvandamálið er því aftur komið til sögunnar. Til að sporna við því hafa fjórar meginleiðir verið farnar:

1. Breyting á samsetningu eldsneytisins er leiðir til hærri oktantölu og um leið kostnaðarsamari framleiðslu, sbr. framangreint.
2. Notkun blýsnauðra viðbótarefna til hækkunar oktantölu. Má þar nefna methyl tert-butyl ether (MTBE) sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum.
3. Lækkun á þjöppunarhlutfalli sem leiðir til dvínandi afkasta.
4. Endurbætur í hönnun bensínhreyfla.

Hérlendis er einvörðungu boðið upp á blýbætt bensín fyrir bifreiðar. Ekkert mælir gegn notkun blýsnauðs eldsneytis fyrir þær bifreiðar sem þegar eru í notkun hérlendis, svo fremi að oktantalan sé sambærileg. Sömuleiðis er ekkert sem mælir gegn notkun á blýbættu eldsneyti í sjálfu sér á t.d. bandarískar bifreiðar, jafnvel þótt í mælaborði þeirra standi stórum stöfum: „Unleaded Fuel Only“. Slíkt hefur að gera með bandarískra reglugerð gegn mengun sem kveður á um sérstakan útbúnað sem viðbótareiningu í útblásturskerfi bifreiðanna. Slíkar einingar eru búnar hvötum, sem brjóta niður óæskileg köfnunarefnissambönd, sem myndast við brunann, kolmónoxíð og ýmis kolvetnissambönd, sem ekki hafa nýst við brennsluna. Blýið gerir hins vegar slíka hvata óvirka á tiltölulega skömmum tíma og gerir slíkan útbúnað ónothæfan. Hér á Íslandi er engin slík mengunarlöggjöf við lýði og hafa menn í flestum tilvikum látið fjarlægja slíkan útbúnað af bandarískum bifreiðum sínum, t.d. þegar skipt er um hljóðdeyfikerfi.

Tæknilega séð virðist okkur því ekkert að vanbúnaði að taka upp notkun blýsnauðs eldsneytis hér á landi og yrði slíkt fagnaðarefni. Hins vegar hefði slík breyting í för með sér hækkun á bensínverði í samræmi við framangreinda greinargerð.

Fylgiskjal II.

Lokaskjal frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, 8.–10. september 1986.

Með eftirfarandi atriði í huga:

- skaðleg áhrif, staðbundin, svæðisbundin og sem ná til jarðarinnar allrar, er stafa af loftmengandi efnum og súrum úrfellingum, á vistkerfi, jarðveg og vatn, skóga og annan gróður, dýralíf, byggingar, vélbúnað, og menningarsögulega muni, og heilsu manna, einkum barna;
- þá vinnu sem fer fram nú þegar innan ramma sáttmálans um langtímaloftmengun yfir landamæri;
- bókun við áðurnefndan sáttmála, undirritaða í Helsinki í júlí 1985, um að draga skuli úr brennisteinsútstreymi, eða streymi hans yfir landamæri, um að minnsta kosti 30% fyrir árið 1993;

- nauðsyn þess að gera einnig ráðstafanir til að draga úr útstreymi köfnunarefnisoxíða, kolvatnsefna og annarra efnasambanda;
- aukna erfiðleika og aukinn kostnað við að bæta úr umhverfisspjöllum meðan ekki eru gerðar fullnægjandi ráðstafanir og hætta verður á óbætanlegu tjóni;
- þá staðreynd, að þegar er fyrir hendi tækniþekking til að draga verulega úr útstreymi brennisteinstvísýrlings, köfnunarefnisoxíðs og kolvatnsefnis bæði af staðbundnum og færanlegum uppruna;
- þá staðreynd að alþjóðleg samvinna um umhverfisvernd stuðlar að friði og öryggi í Evrópu. Umhverfisvandamál verða aðeins leyst í friði;

leggja þátttakendur áherslu á þörf fyrir:

- árangursríka viðleitni til að draga úr útstreymi brennisteins- og köfnunarefnissambanda og kolvatnsefna með því að nota aukna tækniþekkingu á sviði orku og framleiðslu, endurvinnslu og háþróaða stýritækni ásamt mótun stefnu um skynsamlega orkunotkun; unnt er að leysa núverandi umhverfisvandamál, án þess að skapa ný, með því að beita aðferðum sem taka bæði tillit til umhverfis og framleiðslu;
- auknar aðgerðir gegn útstreymi loftmengandi efna frá fólksflutningabifreiðum, öðrum vélknúnum ökutækjum og flugvélum; þannig þarf betri árangur við að fjarlægja mengunarefni úr útblæstri ökutækja og breytingar á uppbyggingu í samgöngumálum;
- árangursrík mæli- og greiningarkerfi til eftirlits með loftstreymi, dreifingarháttum og áhrifum eðlis- og efnafræðilegra umbreytinga í því skyni að öðlast betri yfirsýn yfir mengun yfir landamæri og orsakasamhengi milli loftmengandi efna og skaðlegra áhrifa þeirra;
- auknar upplýsingar og rannsóknir, bæði á þjóðlegum og samræmdum alþjóðlegum grunni, á uppruna og skaðlegum áhrifum loftmengandi efna og koltvísýrlings á umhverfið og samverkandi tengslum þeirra gagnvart heilsu manna;
- að athygli sé beint sérstaklega að og rannsóknir séu efldar til skýringar á efnafræðilegum umbreytingum sem leitt gætu til myndunar ósons og öðrum ljósefnafræðilegum hvörfum sem gætu valdið alvarlegum skaða á skógum og öðrum gróðri;
- víðtækar áætlanir um viðhald og viðgerðir til að vernda alla þá menningarsögulegu muni og þær sögulegu og menningarsögulegu minjar sem eru óbætanlegur hluti af evrópskri menningararfleifð.

Til að ná þessum markmiðum er eftirfarandi nauðsynlegt:

- að allir aðilar sáttmálans samþykki bókunina um að draga úr brennisteinsútstreymi og að viðræðufundir hefjist innan ramma sáttmálans í þeim tilgangi að setja markmið af meiri stórhug til að draga enn frekar úr brennisteinsútstreymi á síðasta áratug aldarinnar; við setningu þessara markmiða skal meðal annars taka tillit til hver eru álagshættumörk mismunandi svæða og vistkerfa;
- að auka viðleitni til að draga úr útstreymi köfnunarefnisoxíða og kolvatnsefna með það í huga að semja bindandi bókanir þar sem þau ríki, sem undirrita samkomulagið, skuldbinda sig til að draga úr útstreymi innan gefins tímafrests; bæta þarf við þekkingu okkar á þætti mannsins í tilurð, flutningi, og umbreytingum köfnunarefnisoxíða og kolvatnsefna og afleiddra efna í andrúmsloftinu og reikna þarf út streymi þeirra yfir landamæri fyrir hvert land fyrir sig;
- án tillits til tímans, sem það mun taka að ljúka gerð alþjóðlegrar, bindandi bókunar, þá þurfa öll ríki að grípa til árangursríkra aðgerða til að hafa hemil á útstreymi köfnunarefnisoxíða bæði af föstum og færanlegum uppruna;
- að halda áfram að veita því verulegan forgang að þróa orkusparandi aðgerðir og orkugjafa sem eru hagstæðir umhverfinu og framleiðsluhætti sem hafa í för með sér lítið

af úrgangsefnum eða engin slík, einnig að þróa hagkvæma stýritækni; þetta á bæði við um tækniþróun innan einstakra ríkja og í fjölþjóðlegri efnahags- og tæknisamvinnu; ráðstefnan hvetur til fjölþjóðlegra verkefna á þessu sviði;
- að öll ríki leggi aukna áherslu á það í gerð áætlana um stefnu sína í orku-, flutninga- og iðnaðarmálum að samhæfa slíkar áætlanir stefnu í umhverfismálum; í þessu skyni er mælt með vistfræðilegum kostnaðaráætlunum þar sem tekið er tillit til kosta og galla við ýmsar aðferðir við orkuframleiðslu;
- að efla rannsóknir á áhrifum loftmengunar á heilsu manna;
- að auka menningarsamstarf í því skyni að vernda og gera upp menningarsögulega muni og sögulegar og menningarsögulegar minjar sem hætta er búin vegna örra skemmda ef ekki verður dregið úr loftmengun og jafnframt ráðist í umfangsmiklar viðgerðir; ráðstefnan hvetur til sameiginlegra fjölþjóðlegra verkefna á þessu sviði;
- að verslun við þróunarlönd og aðstoð við þau fari fram á þann hátt að viðtakendum sé gerð grein fyrir vistfræðilegum áhrifum framleiðsluaðferða og framleidds varnings og að ráðstafanir séu gerðar til að tryggt sé að vistfræðilega ábyrg þróun fái ævinlega forgang þegar aðstoð er veitt eða tækniþekkingu er miðlað;
- að bæta eftirlit með köfnunarefnisoxíði og kolvatnsefni á framkvæmdaáætlun EMEP. Í þessu sambandi ættu allir aðilar sáttmálans að veita EMEP verulegan stuðning og staðfesta bókunina um fjármögnun stofnunarinnar svo fljótt sem auðið er;
- að auka alþjóðlega samvinnu á sviði rannsókna til að skýra frekar orsakatengsl milli loftmengandi efna, þar á meðal geislavirkra mengunarvalda, efnafræðilegra umbreytinga efnasambanda og umhverfisskemmda; ráðstefnan leggur áherslu á að mikilvægt sé að veita sérstökum fjármunum til rannsókna á díoxíni og ósonmyndun og öðrum ljósefnafræðilegum breytingum;
- að auka alþjóðlega samvinnu, fyrst og fremst innan ramma IAEA, í sambandi við öryggi í kjarnorkuiðnaði og þá hættu sem fylgir því að geislavirk efni sleppa út í umhverfið, í því skyni að afla sem fyrst stuðnings við drög að alþjóðasáttmála um tafarlausa tilkynningarskyldu um kjarnorkuslys og aðstoð vegna kjarnorkuslysa og í neyðartilvikum af völdum geislavirkni;
- að þróa annars vegar alþjóðleg viðvörunarkerfi og vitneskju um aðgerðir sem grípa skal til vegna kjarnorkuslysa, neyðarástands af völdum geislavirkni, og hins vegar viðmiðunarkerfi vegna aðgerða sem grípa þarf til í því skyni að vernda fólk og umhverfi ef um er að ræða að geislavirk efnasambönd í andrúmsloftinu séu ofan eðlilegra marka;
- að hver þjóð, auk þess að styðja aukna alþjóðlega viðleitni, taki á sig ábyrgð á því að taka upp árangursríkar stýriaðgerðir sem taki m.a. til fólksflutningabifreiða, flutningabifreiða og flugvéla og á því að draga úr mengandi útstreymi af staðbundnum uppruna og að þróa tækniþekkingu á sviði orku og framleiðslu sem er vistfræðilega heppileg.

Þátttakendur hvetja ríkisstjórnir landa sinna til að stórauka viðleitni sína á þessum sviðum innan ramma þeirra sáttmála sem í gildi eru eða með annars konar samvinnu eftir því sem við á.

Ráðstefnuna sóttu þingmenn frá eftirtöldum ríkjum: Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Póllandi, Sviss, Sovétríkjunum, Bretlandi, Vestur-Þýskalandi, Austur-Þýskalandi, Tékkóslóvakíu, Austurríki, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Einnig sóttu ráðstefnuna fulltrúar frá eftirtöldum alþjóðastofnunum: Efnahagsmálastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE), þingi Evrópubandalagsins, Evrópuráðinu, Evrópubandalaginu, Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Efnahags- og þróunarstofnuninni (OECD), Ráðinu fyrir gagnkvæma efnahagsaðstoð (SEV), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP).

Lokaskjalið var samþykkt samhljóða af þátttakendum ráðstefnunnar.

Ed. 603. Frumvarp til laga [346. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. ákvæði 1. og 3. tölul. 62. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ákvæði 62.–65. gr. laga nr. 75/1981 skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn samkvæmt ákvæðum 66. gr. laga nr. 75/1981 skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

2. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 75/1981, skal vera 2% af útsvarsstofni.

3. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Sá hundraðshluti af tekjum, sem innheimtur er jafnóðum til greiðslu útsvars hvers árs, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal ákveðinn í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Skal hann áður leita tillagna Sambands íslenskra sveitarfélaga og taka tillit til áforma sveitarstjórna um útsvarsálagningu á komandi ári, en reglugerðin skal gefin út fyrir 15. nóvember ár hvert og taka gildi 1. janúar næstan á eftir.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir hvert almanaksár ákveður sveitarstjórn hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári. Að lokinni afgreiðslu fjárhagsáætlunar skal tilkynna ríkisskattstjóra um ákvörðun sveitarstjórnar.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var við gerð fjárhagsáætlunar ársins um allt að 10% að fengnu samþykki félagsmálaráðherra. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng og fullnægt er skilyrðum 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins.

Tilkynning um breytingar á útsvari skv. 3. og 4. mgr. skal senda skattstjóra og ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

4. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað, fellt niður eða endurgreitt álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að

skattframtölum viðkomandi manna, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, ríkisskattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

5. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara að svo miklu leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabrigðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, skulu greiða það sem vangoldið er á þeim gjalddaga eða gjalddögum sem sveitarstjórn ákveður.

Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldanda fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

6. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Útsvör skulu greidd á tekjuári skv. lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða, en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarsjóði.

Endurgreiðsla sveitarsjóðs skal innt af hendi í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu sveitarsjóðs um útsvar í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 29. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga nr. 75/1981 um verðbætur skulu eiga við um endurgreiðslur eða viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir. Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, eru skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar endanlega álögðu útsvari þeirra. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

34. og 35. gr. laganna falli niður og greinatala breytist til samræmis við það.

8. gr.

39. gr. laganna, sem verður 37. gr. þeirra, orðast svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu aðstöðugjalda.

Aðstöðugjald skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að aðstöðugjald skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning aðstöðugjalda liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í aðstöðugjald fjárhæð sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því aðstöðugjaldi sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts.

Álagt aðstöðugjald, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldanda í heild fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Að öðru leyti skulu ákvæði 24., 28., 29., 32. og 33. gr. eiga við um álagningu og innheimtu aðstöðugjalda eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1989 vegna tekna á árinu 1988. Ákvæði 3. gr. taka þó gildi 1. október 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um innheimtu ógoldinna sveitarsjóðsgjalda, sem á hafa verið lögð fyrir 1. janúar 1988, skulu gilda innheimtuákvæði laga nr. 73 26. nóvember 1980, með breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum, fram að gildistöku þessara laga. Sama á við um innheimtu útsvars sem á verður lagt á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna frumvarps til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 frá 26. nóvember 1980, með síðari breytingum.

Meginbreytingarnar, sem lagðar eru til í þessu frumvarpi, felast í fyrsta lagi í breyttu fyrirkomulagi álagningar útsvara og í öðru lagi í breyttu fyrirkomulagi við innheimtu útsvara. Einnig reyndist í þriðja lagi nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á ákvæðum tekjustofnalaga um innheimtu aðstöðugjalda.

Að öðru leyti vísast til athugasemda og skýringa við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú meginbreyting að stofn til álagningar útsvars verði sá hinn sami og tekjuskattsstofn skv. lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru samhljóða 1. og 2. mgr. 25. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hundraðshluti útsvars er annars vegar lækkaður úr 11% í 7% og hins vegar úr 3% í 2% vegna barna. Þessar hlutfallstölur eru miðaðar við það að þær gefi sveitarfélögum möguleika á sömu útsvarstekjum og þau hafa haft.

Lækkun hundraðshluta útsvars stafar af tvennu. Í fyrsta lagi hækkar útsvarsstofn við að felldir eru niður og lækkaðir ýmsir frádráttarliðir. Í öðru lagi leiðir staðgreiðslukerfi til þess að útsvar fylgir launabreytingum.

Þrátt fyrir ákvæði um hámarksálagningu útsvara er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin hafi sömu möguleika til viðbótarálags og lækkunar eins og áður. Sjálfstæði sveitarfélaga og möguleikar þeirra til að ráða eigin tekjustofnum er því á engan hátt takmarkað frá því sem verið hefur.

Um 3. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að félagsmálaráðherra ákveði með reglugerð árlega nýtingu álagningarhlutfalls skv. 2. gr. að framan. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra leiti umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en reglugerð er gefin út og taki jafnframt tillit til áforma sveitarstjórna um útsvarsálagningu á komandi ári. Miðað er við að reglugerð verði gefin út fyrir 15. nóvember ár hvert vegna ákvörðunar um álagningu og innheimtu staðgreiðslu árið eftir.

Í 2. mgr. er lagt til að sveitarstjórn ákveði árlega við afgreislu fjárhagsáætlunar hvaða hundraðshluti skuli lagður á tekjurnar á því ári. Sú ákvörðun verður hverju sinni að vera innan hámarksákvæða skv. 2. gr. Ákvörðun skal tilkynna ríkisskattstjóra.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við efni 4. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Efni 4. mgr. er í samræmi við 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, sem fjallar um fjárþröng sveitarfélaga.

Ákvæði 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér sama efni og gildandi 27. gr. að öðru leyti en því að lagt er til að tilkynningar um lækkun útsvara berist einnig ríkisskattstjóra.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar til samræmis við frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 6. gr.

Til samræmis við frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er lögð til sú meginbreyting í 1. og 2. mgr. að greiðslur útsvars á tekjuári verði til bráðabirgða. Endanleg álagning fer hins vegar ekki fram fyrr en eftir á. Getur því komið til endurgreiðslu síðar eða viðbótarkröfu frá sveitarsjóði þegar endanleg álagning liggur fyrir.

Önnur ákvæði greinarinnar eru í samræmi við frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 7. gr.

Meginefni gildandi 34. og 35. gr. koma fram í 3. mgr. 3. gr. og í 6. gr. Lagt er því til að fella greinarnar niður og breyta töluröð annarra greina þar á eftir til samræmis.

Um 8. gr.

Nýmæli er um almenna gjalddaga aðstöðugjalda. Slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Ekki er í lögum sérstakt ákvæði um fyrirframgreiðslu aðstöðugjalda, en sum sveitarfélög hafa þó í því sambandi beitt ákvæðum 45. gr. tekjustofnalaga. Hér er tekið upp ákvæði um tíu gjalddaga aðstöðugjalda á ári. Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða einn eða tvo gjalddaga, 15. júlí og 15. október.

Um 9. gr.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um ákvörðun innheimtuhlutfalls o.fl. taka gildi 1. október 1987 en önnur ákvæði frumvarpsins 1. janúar 1988 er staðgreiðsla opinberra gjalda hefst.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða eru tekin af öll tvímæli um að um ógreidd sveitarsjóðsgjöld, sem á hafa verið lögð fyrir 1. janúar 1988, skuli gilda innheimtuákvæði núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 frá 26. nóvember 1980, með síðari breytingum. Sama á við um innheimtu útsvars sem á verður lagt á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987. Er þetta í samræmi við ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ed. 604. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisstarfsemi með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina „RTÁ“.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að ósk stjórnar Útflutningslánasjóðs hefur frumvarp þetta verið samið í viðskiptaráðuneytinu. Þann 1. janúar 1986 tóku gildi ný lög um viðskiptabanka (lög nr. 86/1985) er gera lagabreytingu þessa nauðsynlega. Um nánari skýringar vísast til athugasemda með einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Almennt í löggjöfinni hefur verið litið svo á að þeim aðilum, er takmarka ábyrgð varðandi rekstur sinn, sé bæði rétt og skylt að geta þess í heiti því sem um starfsemina er notað. Til dæmis um slík ákvæði má nefna ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, 2. tölul. 37. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúru, og enn fremur 2. gr. laga nr. 24/1972, um heimild til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð. Gagnvart þriðja aðila er afar mikilvægt að slík takmörkun ábyrgðar komi fram í heiti stofnunar eða fyrirtækis. Með hliðsjón af framangreindu er hér lagt til að hin takmarkaða ábyrgð, sem af frumvarpi þessu leiðir, verði það að lögum, komi fram í heiti sjóðsins svo að ótvírætt sé. Sú framsetning, er ákvæði þetta byggir á, er enn fremur að vissu leyti í samræmi við framsetningu svipaðs ákvæðis í 2. gr. laga nr. 24/1972 og hér á undan er getið.

Um 2. gr.

Þann 1. janúar 1986 tóku gildi lög um viðskiptabanka (lög nr. 86/1985).

Í 1. mgr. 28. gr. laganna segir orðrétt:

„Viðskiptabanka er heimilt að eiga hlut í félögum (stofnunum) með takmarkaðri ábyrgð sem reka viðskiptabankastarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðilegum tengslum við hana.“

Í skýringum með frumvarpi til viðskiptabankalaga segir að þátttaka í félögum eða stofnunum, sem um ræðir í ofangreindri mgr., sé bundin því skilyrði að þar sé eingöngu um að ræða aðild sem takmarki ábyrgð viðskiptabankanna við framlag þeirra til félaganna. Hins vegar er ekkert í þessari mgr. sem setur það skilyrði að félagið sem slíkt sé hlutafélag.

Aðild Landsbanka Íslands að sjóðnum gerir lagabreytingu þessa nauðsynlega.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta þarfnast ekki nánari skýringa en rétt þykir að geta þess að skuldbindingar sjóðsins 31. desember 1985 voru þessar:

Við Landsbanka Íslands lán að fjárhæð SDR 2 694 000 er greiðist ársfjórðungslega á þremur árum, í fyrsta sinn 13. febrúar 1986. Þann 31. desember 1985 jafngilti þetta rúmum 124 millj. kr.

Við Framkvæmdasjóð Íslands lán samtals að fjárhæð 23,8 millj. kr. Um er að ræða verðtryggð lán til 10 ára.

Sjóðurinn hefur ekki tekist á hendur nýjar skuldbindingar eftir gildistöku viðskiptabankalaganna.

Eigið fé sjóðsins var 31. desember 1985 75,9 millj. kr. eða 33,7% af heildarfjármunum. Stofnframlög eigenda námu tæpum 35 millj. kr. af þessari fjárhæð.

Sþ. 605. Svar [243. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. um framlög til framkvæmda í þágu fatlaðra.

Fyrirspurnin er í þremur töluliðum og verður fjallað um hvern þeirra hér á eftir. Upphæðir eru í milljónum króna og miðað er við byggingarvísitölu í framreikningi. Framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er miðað við gildistöku laganna, þ.e. 1. janúar 1984. Upphæðir eru unnar upp úr ríkisreikningi og fjárlögum nema upplýsingar um framkvæmdir sem fengnar eru frá félagsmálaráðuneyti.

1. Hve mikil skerðing hefur að raungildi orðið á lögboðnum framlögum til:
a. Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1983,
b. Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá 1. jan. 1984 til 31. des. 1986?

Svar:

a. Framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra.

Ár	Fjárlög	Framlag skv. lögum	Skerðing	Verðlag 1. nóv. '86
1980	10,6	15,5	4,9	41,8
1981	20,1	23,6	3,5	19,5
1982	28,1	36,8	8,7	31,1
1983	40,0	62,6	22,6	47,5
				139,9

b. Framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra (skv. 1. tölul. 35. gr. í lögum um málefni fatlaðra; sjá einnig meðfylgjandi fylgiskjal vegna nánari skýringa).

Ár	Framlag skv. 1. tölul. 35. gr.	Framlag skv. lögum	Skerðing	Verðlag 1. nóv. '86
1984	40,0	58,2	18,2	31,3
1985*	50,0	76,5	26,5	34,7
1986**	43,4	95,1	51,7	54,4
1987***	70,0	109,0	39,0	35,8
				156,2

* Auk framlags í fjárlögum var veitt 10 m.kr. aukafjárveiting.
** Auk framlags í fjárlögum hefur verið veitt 12 m.kr. aukafjárveiting.
*** Upphæðir miðaðar við byggingarvísitölu 307 á árinu 1987. Nóvembervísitala 1986 er 282. Ráðherra hefur þegar tilkynnt að framlag verði hækkað í 130 m.kr. í fjárlögum.

2. Hverjar hafa verið tekjur af erfðafjárskatti að raungildi frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986? Hve mikið af þeirri fjárhæð hefur runnið til framkvæmda í þágu fatlaðra?

Svar:

Vegna 2. og 3. spurninga verður að hafa í huga að tekjur erfðafjársjóðs eiga að renna óskiptar í Framkvæmdasjóð fatlaðra frá og með árinu 1984 ef ekki koma til skerðingarákvæði í lánsfjárlögum. Fyrir þann tíma var einungis um að ræða ákvæði í lögum um erfðafjársjóð sem sagði: „Fé því sem rennur í erfðafjársjóð samkvæmt 1. gr. skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni ...“

Tekjur af erfðafjárskatti og hluti þeirra til framkvæmda í þágu fatlaðra:

Ár	Erfðafjár-skattur skv. reikn.	Verðlag 1. nóv. '86	Til framkvæmda	Verðlag 1. nóv. '86
1980	6,3	53,3	0,3	47,7
1981	14,7	82,0	6,0	33,5
1982	28,3	101,2	9,8	35,0
1983	37,0	77,8	16,2	34,1
1984	46,0	79,2	20,0	34,4
1985	66,5	87,1	20,0	26,2
1986*	68,0	71,0		

* Áætlað.

3. Hver hafa verið heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986?

Svar:

Heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra, verðlag hvers árs og verðlag 1. nóvember 1986.

Ár	Framkvæmda-sjóður öryrkja og þroskaheftra	Erfðafjársjóður	Framkvæmda-sjóður fatlaðra	Alls	1. nóv. '86
1980	10,6	0,3		10,9	92,3
1981	20,1	6,0		26,1	145,6
1982	28,1	9,8		37,9	135,6
1983	40,0	16,2		56,1	117,9
1984			60,0	60,0	103,3
1985*			70,0	70,0	91,7
1986*			88,4	88,4	93,0
				349,4	779,4

* Aukafjárveiting 10 m.kr. á árinu 1985 og 12 m.kr. 1986.

Fylgiskjal.

Eins og segir í upphafi er lögboðið framlag ríkissjóðs í þessum útreikningum miðað við gildistöku laga um málefni fatlaðra en þau tóku gildi 1. janúar 1984. Ágreiningur er um túlkun þessa ákvæðis og skal það nú skýrt nánar.

Samkvæmt lögunum segir um Framkvæmdasjóð fatlaðra:

„Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a.m.k. jafnvirði 55 milljóna króna miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins."

Meðfylgjandi útreikningar byggjast á upphækkun framlags frá 1. janúar 1984 þegar lögin tóku gildi. Ef miða á við 1. janúar 1983 lítur svarið við a-lið 1. spurningar þannig út (1. tölul. 23. gr. er tilvísun til laga um málefni fatlaðra):

Ár	Framlag skv. 1. tölul. 23. gr.	Framlag skv. lögum	Skerðing	Verðlag 1. nóv. '86
1984	40,0	90,2	50,2	86,5
1985*	50,0	118,6	68,6	89,9
1986**	43,4	147,4	104,0	109,4
1987***	70,0	168,9	98,9	90,8
				376,6

* Auk framlags í fjárlögum var veitt 10 m.kr. aukafjárveiting.
** Auk framlags í fjárlögum hefur verið veitt 12 m.kr. aukafjárveiting.
*** Upphæðir miðaðar við byggingarvísitölu 307 á árinu 1987 en 282 í nóvember 1986. Fjármálaráðherra hefur þegar tilkynnt að framlag verði hækkað í 130 m.kr. í fjárlögum 1987.

Nd. 606. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum.

Til nefndarinnar komu Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Hilmar Jónsson frá ASÍ.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með tveimur breytingum sem verða lagðar fram á sérstöku þskj.

Alþingi, 12. febr. 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 607. Breytingartillögur [213. mál]

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar (SV, SJS, EH, StG, FÞ, KP).

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.
   Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi sérleyfishafa og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.
   Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
   Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn og greiðist þóknun hennar úr ríkissjóði.
2. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við

ferðafólk, leyfi til að auglýsa eða starfrækja sætaferðir þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Bifreiðar, sem notaðar eru til slíkra ferða, skulu hafa hóp- eða sérleyfisréttindi. Um gildistíma slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við skipulagsnefnd.

Sþ. 608. Skýrsla [8. mál]

sjávarútvegsráðherra um úrvinnslu sjávarafla, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi, samkvæmt beiðni.

1. Verkunarskipting bolfiskafla 1982–1986.

Í töflu 1 má sjá verkunarskiptingu og útflutning bolfiskafla á árunum 1982–1986. Tekið skal fram að allar tölur eru miðaðar við óslægðan fisk. Þess vegna eru t.d. tölur um útflutning ísfisks hærri en kemur fram í útflutningsskýrslum. Sérstaklega er munurinn nokkur hvað varðar útflutning með flugvélum, en þar er langmest um flök að ræða. Það sem mesta athygli vekur er mikil aukning á útflutningi ísfisks í gámum. Frysting um borð í *togurum hefur einnig* aukist verulega. Skreiðarverkun hefur hins vegar dregist mjög saman.

Tafla 1:

	1982 tonn ósl.	%	1983 tonn ósl.	%	1984 tonn ósl.	%	1985 tonn ósl.	%	1986 * tonn ósl.	%
Heildarbolfiskafli	689.688	100	602.881	100	563.682	100	585.127	100	630.000	100
a. Seld. ísfiskur erl	45.164	6,5	49.621	8,2	56.999	10,1	81.843	14,0	106.000	16,8
úr fiskiskipum	42.138		39.814		38.629		39.903		40.000	
úr gámum	1.300		4.627		15.070		38.140		62.500	
úr flugvélum	1.726		5.180		3.300		3.800		3.500	
b. Fryst um borð í togurum	2.500	0,4	6.915	1,1	13.667	2,4	19.959	3,4	28.000	4,4
c. Fryst í landi	354.320	51,4	373.244	61,9	349.223	62,0	331.300	56,6	328.000	52,1
d. Söltun	192.593	27,9	148.133	24,6	113.070	20,1	138.771	23,7	155.000	24,6
e. Hersla	88.382	12,8	16.163	2,7	21.170	3,7	4.948	0,8	5.300	0,8
f. Heill fiskur til bræðslu	3.148	0,5	2.885	0,5	2.566	0,5	1.223	0,2	700	0,1
g. Önnur verkun	3.581	0,6	5.920	1,0	6.987	1,2	7.083	1,2	7.000	1,1

* Fyrir liggja tölur um verkunarskiptingu bolfiskaflans fyrstu 11 mánuði ársins, sem var 596.172 tonn. Verkunarskipting í desember er áætluð með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum.

2. Nýting aukaafla eftir verkunar- og veiðiaðferðum.

Það hefur löngum verið hvatt til betri nýtingar þess fiskafla sem veiðist. Athyglin hefur á síðari árum beinst að aukaaflanum. Aukaafli er samheiti á því sem fellur til við aðgerð um borð og/eða vinnslu í landi. Þegar gert er að úti á sjó hefur þessi aukaafli að mestu farið aftur í sjóinn, en í landi er nýtingin öllu betri; hausar, beingarðar og fiskslóg fer að mestu leyti í mjöl. Hausar hafa einnig verið hertir.

Lifur og hrogn eru verðmætasti hluti innyfla og hafa lengstum verið nýtt. Vegna langrar útivistar er lifur að mestu hent ásamt öðru slógi við aðgerð á togurum. Á vetrarvertíð landar bátaflotinn mestum hluta aflans óslægðum og eru þessi líffæri þá nýtt að verulegu leyti. Við veiðar með botnvörpu kemur óhjákvæmilega eitthvað upp af svokölluðum ruslfiski, sem er smáfiskur og tegundir sem ekki eru nýttar, svo sem gulllax og langhali. Þessum hluta aflans er hent fyrir borð. Reynt hefur verið að stuðla að nýtingu vannýttra tegunda, m.a. var gerð tilraun á vinnslu á gulllaxi um borð í Hilmi SU á seinasta ári.

Allhátt verð er greitt fyrir hrogn sem notuð eru til manneldis, en þau eru þó aðeins nýtt á ákveðnu þroskastigi. Tilraunir með notkun hrogna á öðrum þroskastigum til fóðrunar laxa- og silungsseiða hafa gefið góða raun. Með auknu fiskeldi hérlendis gætu því opnast nýir möguleikar á betri nýtingu hrogna. Gott verð er greitt fyrir lifur til lýsisgerðar og niðursuðu.

Mikil vinna hefur verið lögð í athuganir á framleiðslu og nýtingu slógmeltu. Á seinasta ári var haldin ráðstefna á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðuneytisins um meltuvinnslu.

Við meltuvinnslu þarf mjög einfaldan búnað sem auðvelt er að setja um borð í veiðiskip og verður hráefnið þá unnið ferskt í meltu. Markaður er að myndast fyrir meltu en notkunin kemur til með að aukast í fisk- og loðdýraeldi, einnig í gæludýrafóður og sem fóður fyrir húsdýr. Áætluð meltuframleiðsla árið 1986 er 2800 tonn af slógmeltu og 11 000 tonn af loðnumeltu. Í slógi er mikið af ensímum og öðrum lífefnum sem hugsanlega má nýta. Umfangsmiklar tilraunir eru í gangi hér á landi og erlendis til þess að einangra og nýta þessi efni úr innyflunum.

Tilraunir hafa verið gerðar til þess að nýta fiskúrgang í meltu um borð í einum frystitogara, Frera RE, um skeið. Tæknilegir örðugleikar eru vel yfirstíganlegir og á næstunni er stefnt að því að reyna nýja vinnslurás. Þrír aðrir frystitogarar hafa meltutanka um borð en þeir hafa ekki sett upp hökkunarbúnað heldur ætla þeir að bíða og sjá til hvernig til tekst hjá Frera RE.

Í ráðuneytinu hefur verið í undirbúningi reglugerð um að skylda togara til að nýta allan aukaafla um borð. Aðstæður, svo sem tækni og markaðsverð, hafa hingað til ekki þótt nógu tryggar til að fært sé að setja slíka reglugerð. Gert er ráð fyrir að þær aðstæður skapist í framhaldi þeirra tilrauna sem eru í gangi og með hækkandi markaðsverði.

Aukaafurðir í fiskiðnaði henta afar vel í gæludýrafóður. Einn aðili hefur hafið framleiðslu á þurrkuðum fiskkökum úr hausum og hryggjum. Sami aðili hefur framleitt umtalsvert magn af þurrkaðri loðnu í gæludýrafóður. Loðna hefur einnig verið þurrkuð til manneldis og hefur hún líka verið söltuð eða fryst og svo þurrkuð.

Af framansögðu er ljóst að áhersla hefur verið lögð á betri nýtingu á aukaafla, sérstaklega í þágu nýrra atvinnugreina. Mestar vonir eru bundnar við fiskeldi og loðdýraeldi í því efni.

Hér á eftir er fjallað um skiptingu aukaafla eftir verkunaraðferðum, nýtingu hans og áætlað það magn sem hent er fyrir borð úti á sjó. Tekið hefur verið saman það magn sem féll til af hausum, beinum, slógi, lifur og hrognum á árunum 1982–85. Tölurnar eru unnar upp úr upplýsingum Fiskifélagsins um skiptingu afla milli fisktegunda, verkunaraðferða og veiðarfæra. Nýtingu er mjög erfitt að ákveða. Hún er háð tegund pakkninga og árstíma.

Þessar tölur breytast eftir markaðsaðstæðum, þ.e. hvort framleitt er í frystingu, salt eða aflinn fluttur út ísaður. Samsetning aflans hefur einnig mikil áhrif á tölurnar.

Þær fisktegundir, sem teknar voru fyrir, eru þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða. Það að sleppa öðrum bolfiskafla skiptir litlu eða 4–6%. Nýting var metin og reiknað út hvað félli mikið til miðað við að aflinn kæmi óslægður að landi.

I. Áætluð skipting aukaafla eftir verkunaraðferðum.

Í töflu 2 er gerð grein fyrir heildarmagni aukaafla er til fellur við aðgerð og vinnslu á bolfiski. Til grundvallar eru lögð nýtingarhlutföll einstakra fisktegunda. Þar á eftir, töflur 2a–2m, er tekið fyrir magn eftir verkun. Rétt er að ítreka að skekkjumörk á niðurstöðutölum í töflum hér á eftir eru óhjákvæmilega nokkur þar sem byggt er á fyrir fram gefnum stuðlum.

Tafla 2: Aukaafli sem fellur til við vinnslu á bolfiski 1982-1985

Ár	Afli	Hausar	Bein	Slóg	Lifur	Hrogn	óskilgr.*	Samtals	Aukaafli
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn		
1982	657.829	88.500	54.860	46.290	30.190	9.800	79.750	309.390	47,0%
1983	564.787	71.830	54.480	37.200	24.160	8.000	79.750	275.420	48,8%
1984	527.453	66.810	52.210	35.010	22.870	6.600	70.100	253.600	48,0%
1985	574.339	69.790	54.720	38.450	25.140	7.800	72.040	267.940	46,7%

* aukaafli er fellur til við aðgerð og vinnslu á karfa og grálúðu.

a. Frysting.

Stærstur hluti þess afla, sem fer í frystingu, er veiddur með botnvörpu og er gert að aflanum á sjó. Þannig að það eru einungis hausar og beingarðar sem falla til við vinnslu í landi og eru yfirleitt nýttir í beinamjöl, marning og loðdýrafóður. Fiskurinn kemur slægður að landi í frystingu og er því búið að henda um 15–25% aflans í sjóinn.

Frystiskipin vinna aflann um borð og nýta fæst aukaafla og ruslfisk. Fara því um 60–65% aflans aftur í sjóinn. Unnið hefur verið að því að nýta aukaaflann betur og vísast í umfjöllun um meltuvinnslu í 2. kafla hér að framan.

Tafla 2a: Aukaafli sem fellur til við frystingu á bolfiski

Ár	Afli	Hausar	Bein	Slóg	Lifur	Hrogn	Óskilgr.*	Samtals	Aukaafli
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	
1982	339.779	42.420	42.420	19.090	12.230	1.670	76.930	194.760	57,3%
1983	355.965	45.060	45.060	20.280	13.020	1.800	78.924	204.140	57,3%
1984	340.456	44.970	44.970	20.240	13.160	1.800	68.938	194.080	57,0%
1985	330.278	45.820	45.820	20.620	13.430	1.830	59.764	187.280	56,7%

* aukaafli er fellur til við frystingu á karfa og grálúðu.

b. Söltun.

Fiskur, sem fer í salt, er að mestu leyti veiddur með netum eða á línu. Aðallega er veitt á línu og í net á vetrarvertíð. Á vetrarvertíð er leyfilegt að koma með afla óslægðan að landi og fellur því allur aukaaflinn til við vinnslu í landi.

Tafla 2b: Aukaafli sem fellur til við söltun á bolfiski.

Ár	Afli	Hausar	Bein	Slóg	Lifur	Hrogn	Samtals	Aukaafli
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	
1982	191.288	32.520	12.430	17.220	11.480	7.840	81.490	42,6%
1983	145.043	24.660	9.430	13.050	8.700	6.000	61.840	42,6%
1984	111.360	18.930	7.240	10.020	6.680	4.600	47.470	42,6%
1985	136.882	23.270	8.900	12.320	8.210	5.610	58.310	42,6%

c. Hersla.

Það magn, sem fer í skreið, fer minnkandi og er ástæðan sú að Nígeríumarkaður hefur verið nær lokaður. Sala á gæðaskreið til Ítalíu getur aukist og einnig sala á þurrkuðum lönguflökum til Skandinavíu í lútfisk.

Tafla 2c: Aukaafli sem fellur til við herslu á bolfiski.

Ár	Afli	Hausar	Slóg	Lifur	Samtals	Aukaafli
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	
1982	79.761	13.560	7.180	4.730	25.470	31,9%
1983	12.467	2.120	1.120	740	3.980	31,9%
1984	17.158	2.920	1.540	1.030	5.490	32,0%
1985	4.126	700	370	250	1.320	32,0%

d. Önnur verkun (gámaútflutningur o.fl.).

Útflutningur á ísuðum fiski hefur stóraukist hin síðari ár. Fiskurinn er að mestu leyti slægður og ísaður um borð og slógi, lifur, að mestu leyti, og hrognum, um 15–25% af aflanum, hent á miðunum.

Tafla 2d: Aukaafli sem fellur til við aðra vinnslu og útflutning á ferskum fiski.

Ár	Afli	Slóg	Lifur	Hrogn	óskilgr.*	Samtals	Aukaafli
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	
1982	45.272	2.810	1.760	220	650	5.440	12,0%
1983	30.552	2.750	1.700	220	820	5.490	18,0%
1984	35.621	3.210	2.000	250	1.160	6.620	18,6%
1985	102.466	5.140	3.250	400	12.280	21.070	20,6%

* aukaafli er fellur til við aðgerð á grálúðu.

II. Nýting aukaafla 1982–1985.

Tölum um nýtingu aukaafla verður að taka með fyrirvara, þar sem aukaafli er áætlaður eftir ákveðnum forsendum og magn til vinnslu reiknað út frá útflutningsmagni. Því er ekki raunhæft að reikna út nýtingarhlutföll, m.a. vegna birgðabreytinga milli ára.

Tekið var það magn sem flutt var út af afurðum unnum úr hausum, beinum, slógi, lifur og hrognum. Útflutningsmagnið var síðan umreiknað með tilliti til vinnslunýtingar og þannig fundið það magn sem unnið var úr.

a. Hausar.

Hersla á hausum hefur dregist mikið saman vegna lokunar Nígeríumarkaðarins. Hausar fara einnig í beinamjöl. Vinnsla er hafin á söltuðum klofnum þorskhausum (fésum). Á árinu 1986 voru framleidd um 800 tonn af söltuðum fésum og þannig nýttust um 1600 tonn af hausum.

Tafla 2e: Nýting á hausum

	Hausar sem falla til	Til herslu	Til mjölvinnslu
	Tonn	Tonn	Tonn
1982	88.500	12.960	75.500
1983	71.830	23.930	42.880
1984	66.810	3.970	62.840
1985	69.790	720	69.000

b. Marningur/hakk.

Afskurður og beingarðar, sem falla til við frystingu, er það hráefni sem er nýtt í marning. Marningsvinnsla hefur aukist hin síðari ár, en mikið átak hefur verið gert til að kynna marningsvinnslu.

Tafla 2f: Útflutt magn af marning *

Ár	Tonn		
1982	1.461		
1983	1.206		
1984	1.641	*	ekki liggja fyrir tölur um magn af afskurði og
1985	2.191		beingörðum sem fellur til við frystingu.

Vannýttar fisktegundir, svo sem gulllax og kolmunni, henta vel í marningsvinnslu og eru nú þegar nýttar af Færeyingum og Norðmönnum. Stofnstærðir þessara fisktegunda hafa ekki verið nógu vel kannaðar hér við land. Markaður fyrir þessar afurðir er vel þekktur en verðið er frekar lágt. Best væri að hafa þessa vinnslu um borð í frystiskipum þar sem aflinn yrði unninn. Vinnslutækni fyrir vinnslu á gulllaxi og kolmunna hefur verið könnuð og er vel þekkt hér á landi.

Gerðar hafa verið tilraunir með framleiðslu á surimi hér á landi. Surimi er marningur sem hefur verið þveginn og síðan sykri bætt í. Ef takast á að framleiða gæðasurimi þá verður að nota hráefni sem ekki er eldra en 24 klst. frá veiðum. Af þessu sést að besti árangur næst með vinnslu um borð í veiðiskipum.

c. Lifur.

Lifur er aðallega nýtt í lýsisgerð og til niðursuðu. Eitthvert magn fer í mjölvinnslu og dæmi eru um að lifur sé hent í landi. Niðursuða á lifur hefur aukist. Tilraunir hafa verið gerðar með að frysta eða sýra óunna lifur til geymslu og lofa þær góðu.

Tafla 2g: Nýting lifrar úr bolfiskafla skv. magni útfluttra afurða.

Ár	Magn af lifur	Landað	Lýsisgerð		Niðursuða
	Tonn	Tonn	Tonn		Tonn
1982	30.189	12.000	3.770		180
1983	24.162	9.000	4.990		200
1984	22.866	7.700	6.070	*	260
1985	25.136	8.400	3.620		220

* Útflutt magn af lýsi 1984 var mun meira en lýsisframleiðsla þess árs.

d. Hrogn.

Hrogn eru fryst, niðursoðin, niðurlögð eða söltuð. Segja má að það magn af hrognum sem nýtt er sé það magn sem kemur með óslægðum fiski í land. Eitthvert magn fer í mjölvinnslu og einnig fer lítils háttar magn forgörðum.

Mjög erfitt er að meta hve mikið fellur til af hrognum þar sem meta þarf afla á hverjum árstíma, afla á hrygningarsvæðum, hlutfall kynþroska fisks í aflanum, hlutfall hrygna og fleiri þætti. Tölur fyrir hrogn eru því ónákvæmar og birtar með fyrirvara.

Tafla 2h: Nýting hrogna úr bolfiskafla

Ár	Magn af hrognum	Landað	Frysting	Söltun
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1982	9.800	7.800	3.170	2.300
1983	8.000	6.000	1.600	1.500
1984	6.600	4.600	930	1.550
1985	8.000	5.600	890	1.710

e. Fiskmjöl.

Reiknað var hve miklu magni var unnið úr út frá vinnslunýtingu og afurðamagni. Fiskmjöl stendur fyrir magn af þorsk- og beinamjöli. Í mjölvinnsluna fara hausar, bein frá fiskvinnslu auk fiskslógs frá söltun. Aukaafli, sem gert er ráð fyrir að fari í mjölvinnslu, skilar sér ekki allur miðað við umreikning afurða. Ástæðan er fyrst og fremst sú að veruleg rýrnun á sér stað í geymslu og meðhöndlun, auk þess sem hluti af slógi fer forgörðum. Einnig skal taka samanburð á aukaafla í landi og hráefni í mjöl með fyrirvara þar sem hráefni er reiknað út frá útflutningi á árinu sem eðlilega er ekki alltaf í samræmi við framleiðsluna á árinu.

Tafla 2i: Aukaafli sem fór í mjöl

Ár	Aukaafli* í landi	Hráefni í mjöl
	Tonn	Tonn
1982	172.480	138.230
1983	141.240	vantar
1984	131.620	100.700
1985	137.450	87.540

* hausar, bein og slóg

III. Magn af aukaafla sem hent er fyrir borð úti á sjó.

Metið var það magn sem til fellur við aðgerð úti á sjó og er hent í sjóinn. Ekki var hægt að taka frystiskipin sérstaklega fyrir þar sem þau vinna í ólíkar gerðir pakkninga og voru þau því tekin með sem venjulegir togarar. Þó er metið magn af beingörðum og hausum sem frystiskip hentu fyrir borð 1985 og kemur það fram í aukningu á „ruslfiski".

Afli sex frystitogara árið 1985 upp úr sjó var 19 596 tonn. Afli á skip var því nálægt 3266 tonnum. Þar af er áætlað að um 1960 tonnum á hverju skipi hafi verið hent, samtals 11 760 tonnum, sem svarar til 60–65% aflans. Tilraunir hafa verið gerðar, eins og áður hefur komið fram, til þess að nýta fiskúrgang í meltu um borð.

Vélbátar veiða aðallega á línu og í net á vetrarvertíð og kemur stærstur hluti þess afla óslægður að landi. Sá aukaafli skilar sér að mestu leyti í land. Því var ekki talin ástæða til að gera úttekt á því hve miklum aukaafla er hent við netaveiðar og línuveiðar. Reyndar er mjög erfitt að fá slíkar upplýsingar um línuveiðar þar sem fiskur kemur bæði slægður og óslægður að landi. Botnvörpuveiðiskip henda hins vegar nær öllum aukaafla og því auðveldara að reikna út hve miklu þau henda fyrir borð.

a. Skuttogarar — botnvarpa.

Tafla 2j: Aukaafli sem hent var til við botnfiskveiðar

Ár	Afli Tonn	Slóg Tonn	Lifur Tonn	Hrogn Tonn	óskilgr. Tonn	Ruslfiskur Tonn	Samtals	Aukaafli
1982	355.965	20.280	13.020	1.350	2.620	17.800	55.070	15,5%
1983	327.961	16.820	10.960	1.120	2.590	16.400	47.890	14,6%
1984	326.498	17.710	11.630	1.180	2.680	16.400	49.600	15,2%
1985	330.096	19.540	12.850	1.300	2.710	24.300*	60.700	18,4%

* Aukning vegna fjölgunar frystiskipa þ.e. hausum og beingörðum bætt við ruslfisk.

b. Vélbátar — botnvarpa.

Tafla 2k: Aukaafli sem hent var við botnfiskveiðar

Ár	Afli Tonn	Slóg Tonn	Lifur Tonn	Hrogn Tonn	Ruslfiskur Tonn	Samtals Tonn	Aukaafli
1982	57.382	4.710	2.950	520	2.800	10.980	19,1%
1983	59.200	4.820	2.220	510	2.900	10.450	17,6%
1984	41.600	3.440	2.140	380	2.100	8.060	19,4%
1985	38.973	3.170	2.010	350	1.900	7.430	19,1%

Skýringin á því að vélbátar virðast henda hlutfallslega meiri aukaafla en togarar, sbr. töflur 2j og 2k, er sú að karfi og grálúða vega miklu þyngra í afla togara en báta. Karfa er t.a.m., eins og kunnugt er, ávallt landað óslægðum.

c. Niðurstaða.

Af framansögðu má draga þá ályktun að sá aukaafli, sem kemur í land, skili sér að mestu leyti. Hins vegar er mun lakari nýting á þeim afla sem gert er að úti á sjó. Samkvæmt töflu 2m hefur að jafnaði verið hent 120–140 þúsund tonnum af aukaafla á ári á tímabilinu 1982–85 sem samsvarar 22–24% af heildaraflamagni. Hins vegar er ekki hægt að merkja neina þróun í þessu efni ár frá ári. Magnið hefur verið svipað ár frá ári, en gæti farið minnkandi héðan í frá ef vel tekst til með þær vinnslutilraunir sem getið hefur verið um hér að framan.

Tafla 2m: Magn aukaafla sem hent var árin 1982-1985

Ár	Afli Tonn	Slóg Tonn	Lifur Tonn	Hrogn Tonn	óskilgr.* Tonn	Ruslfiskur Tonn	Samtals Tonn	Hlutfall
1982	657.829	24.990	15.970	1.900	79.750	20.600	143.210	22,0
1983	564.787	21.640	13.180	1.700	79.750	19.300	135.570	24,0%
1984	527.453	21.140	13.770	1.600	70.100	18.500	125.110	24,0%
1985	574.339	22.710	14.860	1.700	72.040	26.200**	137.510	24,0%

* Aukaafli sem fellur til við aðgerð á karfa og grálúðu.

** Aukning vegna vinnslu um borð í frystiskipum, beingörðum og hausum hent.

3. og 5. Fjárfestingar í veiðum og vinnslu 1982–1986.

Í töflu 3 má sjá yfirlit um fjárfestingar í veiðum og vinnslu árin 1982–1985, áætlun um 1986 og spá um 1987. Upplýsingar eru ekki fyrir hendi um heildarfjárfestingar vegna rækjuveiða og rækjuvinnslu né heldur vegna frystiskipa. Fjárfestingar í þessum greinum eru innifaldar í heildartölum. Einnig liggur flokkun eftir útgerðarstöðum ekki fyrir. Hins vegar eru í töflum 4 og 5 upplýsingar um lánveitingar Fiskveiðasjóðs til veiða og vinnslu eftir landshlutum á tímabilinu 1982–1986. Gefa þær upplýsingar nokkra vísbendingu um eðli og dreifingu fjárfestingar, sérstaklega hvað fiskiskip snertir, enda hefur langstærsti hluti lána til kaupa og endurbóta á fiskiskipum farið í gegnum Fiskveiðasjóð.

Tafla 3: Fjárfesting í veiðum og vinnslu 1982-87. Verðlag í jan. 1986 (millj. kr.)

	1982	1983	1984	Bráðab. 1985	Áætlun 1986	Spá 1987
Fiskveiðar						
Fiskiskip	1.223	945	778	89		
					1.950	1.950
Endurbætur fiskiskipa	514	519	518	978		
Samtals	1.737	1.464	1.296	1.067	1.950	1.950
Fiskvinnsla						
Byggingar	713	576	489	419		
					1.400	1.400
Vélar og tæki	481	413	727	916		
	1.194	989	1.216	1.335	1.400	1.400

Tafla 4: Afgreidd lán Fiskveiðasjóðs til fiskvinnslustöðva (verðlag jan. 1986) þús. kr.

	1982	1983	1984	1985	1986 1)
Landið allt	140.379	182.764	177.490	163.932	243.262
Suðurland	9.898	0	10.428	27.036	40.400
Reykjanes	35.211	14.191	21.431	24.675	28.570
Reykjavík	21.317	19.760	15.249	2.972	4.000
Vesturland	5.903	18.596	27.210	25.060	40.350
Vestfirðir	16.298	35.073	39.236	32.758	68.847
Norðurl.vestra	12.294	22.215	38.871	6.238	5.000
Norðurl.eystra	27.128	31.167	16.124	21.162	22.000
Asturland	12.329	41.762	8.939	24.030	34.095

1) Rétt er að geta þess að óafgreidd lánsloforð Fiskveiðasjóðs í árslok 1986 námu 455 millj.kr. þar af um 30 millj. kr. vegna rækjuvinnslu.

Tafla 4a: Þar af lán til rækjuvinnslu þús. kr.

	1982	1983	1984	1985	1986
Landið allt	5.485	4.926	17.472	13.117	7.850
Vesturland	0	0	1.280	3.303	0
Vestfirðir	5.484	4.926	16.192	3.576	7.850
Norðurl.vestra	0	0	0	6.238	0

Tafla 5: Afgreidd lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa (verðlag jan. 1986) þús. kr.

	1982	1983	1984	1985	1986 2)
Landið allt	704.861	1.221.534	271.737	583.173	678.763
Suðurland	42.847	17.264	13.944	68.009	136.137
Reykjanes	151.481	102.596	57.314	107.514	244.115
Reykjavík	31.948	24.881	2.293	117.405	63.812
Vesturland	49.530	115.536	20.561	50.499	51.297
Vestfirðir	131.531	507.179	115.592	79.341	21.929
Norðurl.vestra	231.054	47.826	2.184	46.314	68.717
Norðurl.eystra	8.642	19.610	37.853	64.506	29.816
Austurland	57.828	386.822	21.997	49.585	62.940

2) Rétt er að geta þess að óafgreidd lánsloforð Fiskveiðasjóðs í árslok 1986 námu 1.601 millj.kr. þar af 647 millj. kr. vegna nýsmíði og innflutnings fiskiskipa.

Tafla 5a: Þar af lán vegna nýsmíði og innflutn. fiskiskipa (þús. kr.).

	1982	1983	1984	1985	1986
Landið allt	501.144	931.499	108.441	0	52.946
Suðurland	600	669	0	0	0
Reykjanes	101.266	0	0	0	52.946
Reykjavík	9.100	1.088	0	0	0
Vesturland	0	95.214	0	0	0
Vestfirðir	115.136	495.500	108.441	0	0
Norðurl.vestra	227.749	0	0	0	0
Norðurl.eystra	1.244	5.812	0	0	0
Austurland	46.111	333.216	0	0	0

Tafla 5b: Þar af lán vegna endurbóta á fiskiskipum (þús. kr.)

	1982	1983	1984	1985	1986
Landið allt	203.717	290.035	158.704	562.265	516.859
Suðurland	42.248	16.595	13.944	68.009	136.137
Reykjanes	50.255	102.596	53.726	107.514	160.889
Reykjavík	22.848	23.794	2.293	117.405	40.456
Vesturland	49.530	20.142	20.561	50.499	46.706
Vestfirðir	16.395	11.678	7.151	79.341	21.929
Norðurl.vestra	3.305	47.826	2.184	25.405	20.013
Norðurl.eystra	7.418	13.798	36.848	64.506	29.816
Austurland	11.717	53.606	21.997	49.585	60.913

Tafla 5c: Þar af lán vegna frystibúnaðar frystiskipa (þús. kr.)

	1984	1985	1986
Landið allt	1.005	0	48.704
Norðurl.vestra	0	0	48.704
Norðurl.eystra	1.005	0	0

Tafla 5d: Þar af lán vegna rækjuveiða, frysting (þús. kr.)

	1984	1985	1986
Landið allt	3.587	20.908	60.254
Reykjanes	3.587	0	30.281
Reykjavík	0	0	23.355
Vesturland	0	0	4.591
Norðurl.vestra	0	20.908	0
Austurland	0	0	2.027

4. Viðbótarfjárfesting til veiða og vinnslu.

Í reglugerð nr. 98 26. febrúar 1986, um lánaflokka Fiskveiðasjóðs Íslands, segir í 1. gr. að lán vegna nýsmíði, innflutnings og endurbóta á fiskiskipum skuli við það miðuð að afkastageta fiskiskipastólsins aukist ekki. Sett er m.a. skilyrði um fjármögnun framkvæmda umfram það sem felst í láni Fiskveiðasjóðs. Einnig er kveðið á um að lán til endurbóta á fiskiskipum skuli fyrst og fremst stuðla að orkusparnaði og bættri aflameðferð.

Af þessari reglugerð má ráða að stefnt er að markvissri endurnýjun fiskiskipastólsins. Fjárfesting í fiskiskipum verður að vera innan skynsamlegra marka. Hafa verður í huga að afkastageta flotans er nú verulega umfram afrakstursgetu fiskistofnanna. Á árinu 1987 er fyrirhuguð veruleg aukning á lánveitingum Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa og fiskvinnslu, sbr. athugasemdir við töflur 4 og 5 hér að framan, en þar kemur fram að óafgreidd lánsloforð Fiskveiðasjóðs til veiða og vinnslu í árslok 1986 námu samtals rúmum 2000 millj. kr.

Ekki liggja fyrir áætlanir um fjárfestingu í vinnslustöðvum. Það er ekki stjórnvalda að segja til um hvort eða hvar reisa skuli vinnslustöðvar. Afkoma atvinnugreinarinnar á hverjum tíma hlýtur að ráða mestu um fjárfestingar í þeim efnum.

6. Veiðiþol rækjustofna við Ísland.

Árið 1986 hefur einkennst af samdrætti á grunnslóð en mikilli aflaaukningu á djúpslóð. Heildaraflinn er áætlaður um 33 þúsund tonn árið 1986, en var tæp 25 þúsund tonn árið 1985.

Rækjuafli á grunnslóð dróst saman árið 1986 um 25%. Ekki er útlit fyrir aukningu rækjuafla á grunnslóð á þessu ári.

Komið hefur í ljós að veiðiþol rækjustofna á Íslandsmiðum er mjög breytilegt frá einu tímabili til annars. Þannig er nú gert ráð fyrir að veiðiþol rækjustofna á grunnslóð sé aðeins um 3700 tonn (þar af 1500 tonn við Eldey, 300 tonn á Breiðafirði, 400–500 tonn á Arnarfirði, 1000 tonn í Ísafjarðardjúpi og 500 tonn í Húnaflóa). Fyrir fáum árum var veiðiþol á grunnslóð tvöfalt meira en nú er gert ráð fyrir.

Ekki er fullljóst hvað veldur þessum breytingum en aukin þorskgengd á grunnslóð á sennilega talsverðan þátt í því hvernig komið er.

Úthafsrækjuveiðin hefur aukist gífurlega eins og vikið var að hér að framan og verður um 28 þús. tonn árið 1986. Ekki er vitað með vissu hve úthafssvæðin þola mikla veiði enda lítil reynsla fengin af þessum miðum. Ýmislegt bendir þó til þess að þau mið sem nú eru þekkt séu fullnýtt. Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til að úthafsrækjuveiði 1987 verði ekki meiri en á árinu 1986. Ef um aukinn rækjuafla á djúpslóð verður að ræða á næstu árum má gera ráð fyrir að hann komi þá frá nýjum miðum sem hugsanlega eiga eftir að finnast.

Dohrnbankasvæðið er ekki með í þessum áætlunum enda er rækjustofn sá er þar veiðist að hluta Grænlandsmegin við línuna. Undanfarin þrjú ár höfum við þó veitt 600–1800 tonn á ári á því svæði.

7. Ýtir mismunun í gjaldtöku og skattlagningu undir útflutning á ísfiski og útgerð frystitogara?

Eftir að launaskattur fiskvinnslunnar, sem var 2,5%, var felldur niður í febrúar 1986 hefur aðstöðumunur frystingar til sjós annars vegar og á landi hins vegar minnkað verulega. Helsti munurinn nú liggur í því að frystihúsin greiða 1,25% fasteignaskatt að hámarki og verður að telja að sá munur skipti litlu máli. Frystihús greiða aðstöðugjald er nemur 0,65% af rekstrarkostnaði að hámarki sem flest sveitarfélög nýta sér. Fiskiskip greiða hins vegar í aðstöðugjald 0,33% af rekstrarkostnaði. Fiskurinn, sem fer í gegnum vinnslu í landi, myndar því tvisvar sinnum stofn til álagningar aðstöðugjalda. Skapar það vissa mismunun milli frystingar á sjó og í landi. Það sama á við um útflutning ísfisks í gámum. Erfitt er að meta þennan mun, en hæpið er að hann ráði úrslitum um nýtingu afla.

Með lögum nr. 24/1986 var útflutningsgjald á sjávarafurðum fellt niður. Má ætla að sú breyting hafi heldur latt til útflutnings á ísfiski, bæði með afnámi skattlagningar á innlent vinnsluvirði og með því að leiða í ljós raunverulegt heildarverð afla. Einnig má benda á að ísfiskur sætir 10% kvótaálagi, þ.e. hver útflutt 10 tonn eru reiknuð sem 11 tonn frá kvóta.

Af framansögðu má ráða að ekki sé ástæða til að ætla að mismunun í gjaldtöku eða skattlagningu sé það veigamikil að hún ýti undir útflutning á ísfiski. Það sem hefur langmest áhrif í þessu efni er að sjálfsögðu markaðsaðstæður erlendis. Ef ferskfiskmarkaðurinn getur tekið við miklu magni og boðið gott verð er augljóst að það hefur áhrif til aukins útflutnings á ferskum fiski, sérstaklega ef aðrir markaðir eru í lægð, svo sem freðfisk- eða saltfiskmarkaðurinn. Einnig má nefna að sjómenn hafa í mörgum tilfellum haft meiri tekjur ef afli er seldur erlendis, m.a. vegna reglna um skiptaverðmæti sem nú hefur verið samið um breytingar á. Ætla má að þessi breyting dragi úr áhuga sjómanna á sölu afla erlendis.

Hvað varðar útgerð frystitogara má e.t.v. leiða að því rök að sjómannafrádrátturinn hafi einhver áhrif í þá áttina að frystingin hafi flust út á sjó. Það sem mestu skiptir er þó að tekjumöguleikar frystiskipa hafa verið meiri en ísfisktogara. Í mörgum tilfellum hefur frysting um borð bjargað útgerð skipa sem annars hefðu orðið gjaldþrota. Þau hafa náð auknu verðmæti úr botnfiskafla sínum og auk þess átt kost á að bæta afkomuna enn frekar með frystingu á rækju um borð.

8. Þjóðhagsleg hagkvæmni mismunandi vinnsluaðferða og hagnýting sjávarafla.

Telja verður nær óframkvæmanlegt að reikna út þjóðhagslega hagkvæmni mismunandi vinnsluaðferða hverju sinni. Þeir þættir, sem þar hafa áhrif, eru mjög breytilegir. Má nefna vinnuafl, markaðsaðstæður, aflabrögð, tegundaskiptingu og gæði afla. Markaðurinn hlýtur ávallt að ráða mestu um hagnýtingu sjávarafla. Miklu máli skiptir að eðlilegt samræmi sé haft á milli langtíma- og skammtímahagsmuna. Markaðir geta breyst með skömmum fyrirvara. Nægir þar að nefna skreiðarmarkaðinn í Nígeríu sem gaf vel af sér fyrir nokkrum árum. Ef ekki hefðu komið til góð aflabrögð á þeim tíma hefði hin mikla skreiðarframleiðsla getað komið illa niður á frystingunni sem var og er tryggari vinnslugrein.

Það eru framleiðendur sem fyrst og fremst ákveða í hvaða vinnslu aflinn fer og bera ábyrgð á framleiðslunni. Þeirra er að meta aðstæður hverju sinni. Framleiðendur verða að taka tillit til langtímasölusamninga sem sölusamtök þeirra þurfa að standa við. Stjórnvöld hafa ekki beitt miðstýringu hvað varðar hagnýtingu afla. Þau geta hins vegar gripið inn í með óbeinum hætti ef þurfa þykir og haft þannig viss áhrif. Má í því efni nefna Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins sem stjórntæki. Honum er ætlað að draga úr verðsveiflum er verða á útfluttum sjávarafurðum og þjóna þar með langtímahagsmunum. Stefna í lánamálum er annað óbeint stjórntæki. Í reglugerð frá 1986, um lánaflokka Fiskveiðasjóðs, eru t.d. ýmis stefnumarkandi ákvæði, svo sem að ekki er lánað til frystingar úti á sjó. Sjávarútvegsráðuneytið hefur gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um að athugað verði hvort koma megi betra skipulagi á útflutning á ferskum fiski með það fyrir augum að honum verði haldið innan þeirra marka að atvinnuástandi á einstökum stöðum verði ekki stefnt í hættu og slíkur útflutningur skapi ekki þrýsting á stækkun flotans.

Stjórnvöld fylgjast með þróun mála og beita sér gjarnan fyrir nýjungum er til framþróunar horfa. Nefna má að sjávarútvegsráðuneytið hefur upp á síðkastið haft frumkvæði að ýmsum nýjungum á sviði sjávarútvegs og aðstoðað einstaklinga, fyrirtæki og samtök þeirra við að hrinda í framkvæmd ýmsum nýjungum í sjávarútvegi. Má þar nefna átak ráðuneytisins í gæðamálum þar sem reynt var með kynningarstarfi að ná til sjómanna og þeir hvattir til þess að auka gæði aflans og leggja þar með meiri áherslu á aflaverðmæti en tonnafjölda. Í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og sölusamtökin var fram-

kvæmd könnun á nýtingu lifrar og slógs. Á ráðstefnu, sem ráðuneytið gekkst fyrir á s.l. ári, kom fram að allar forsendur eru til staðar þannig að hægt sé að nýta lifur og slóg um borð í togurum. Ljóst er að eftirspurn eftir fiskúrgangi á næstu árum mun aukast mjög mikið til ýmiss konar fóðurgerðar. Sjávarútvegsráðuneytið hefur aðstoðað fyrirtæki sem hafa verið í markaðskönnun á gæludýrafóðri og virðist sú markaðsathugun lofa mjög góðu. Einnig hefur ráðuneytið aðstoðað ýmsa aðila við könnun og rannsóknir á nýtingu vannýttra fiskistofna, svo sem kúfisks, ýmissa krabbategunda, gulllax, langhala, beinhákarls og ígulkers. Í tengslum við þessi verkefni hefur ráðuneytið aðstoðað við ýmiss konar veiðarfæratilraunir.

Af framansögðu má sjá að stefnt hefur verið að því að framleiðsla sjávarafurða sé fjölbreytt. Því er nauðsynlegt að sveigjanleiki sé hvað varðar ráðstöfun afla og vinnsluaðferðir. Með því móti er afkoma sjávarútvegsins og landsmanna allra best tryggð.

Ed. 609. Frumvarp til laga [348. mál]

um iðnráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Það er markmið þessara laga að stuðla að sem jafnastri aðstöðu landshluta, sveitarfélaga, félaga, fyrirtækja og einstaklinga í landinu til að njóta iðnráðgjafar svo sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Með iðnráðgjöf er átt við hvers konar fræðslu um iðnaðarmál, ráðgjöf, útvegun og miðlun upplýsinga, svo og hvers konar þjónustu sem stuðlað getur að iðnþróun, aukinni framleiðni, nýjum atvinnumöguleikum á sviði iðnaðar og bættri stöðu hans í landinu.

3. gr.

Ráðgjafarsjóður iðnaðarins veitir styrki til viðfangsefna, sem um ræðir í 2. gr., í samræmi við þau markmið sem talin eru í 1. gr. Hann lýtur yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Ríkissjóður leggur fjárhæð til sjóðsins samkvæmt því sem ákveðið verður í fjárlögum hverju sinni.

4. gr.

Eftirtalin verkefni má styrkja með framlögum úr ráðgjafarsjóði, sbr. 3. gr.:

Upplýsingaþjónustu um iðnaðarmál. Fræðslustarfsemi, þar á meðal fundahöld, um þau mál. Frumathugun á nýjum atvinnumöguleikum á sviði iðnaðar og á verkefnum við nýsköpun á því sviði, enda sé að jafnaði um að ræða verkefni sem njóta ekki styrkja hjá öðrum sjóðum. Ferðir til að sinna verkefnum sem um ræðir í þessari grein og til öflunar upplýsinga.

5. gr.

Einstök sveitarfélög og samtök þeirra, félög, t.d. iðnþróunarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar, geta fengið framlög úr sjóðnum, enda komi til mótframlög frá þeim og fullnægt sé að öðru leyti skilyrðum er sett verða samkvæmt lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þrem mönnum sem iðnaðarráðherra skipar til tveggja ára í senn. Byggðastofnun tilnefnir einn, Iðntæknistofnun Íslands annan, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins veitir árlega framlög úr ráðgjafarsjóði samkvæmt umsóknum aðila sem 5. gr. tekur til. Hún getur með samþykki iðnaðarráðherra gefið fyrirheit um framlög til að ljúka tilteknu, afmörkuðu verkefni sem tekur lengri tíma en eitt ár. Fyrirheit má þó ekki veita meira en tvö ár fram í tímann.

8. gr.

Stjórnin ákveður meðal annars hve há mótframlög umsækjanda skuli vera. Hún getur áskilið að aðili hafi sérstaka iðnráðgjafa í þjónustu sinni, svo og ákveðið hvort endurgjalds skuli krafist fyrir þjónustu og með hvaða hætti. Ef sérstök ástæða þykir til má fella niður skilyrði um mótframlag skv. 5. gr.

9. gr.

Sá sem framlag fær úr ráðgjafarsjóðnum er skyldur, ef óskað er, að láta stjórninni í té sundurliðaða greinargerð um hvernig framlagi hefur verið varið svo og skýrslu um árangur. Nú telur stjórnin að starfsemi aðila sé ekki með þeim hætti sem lög þessi gera ráð fyrir og getur hún þá stöðvað greiðslur. Ef starfseminni hefur verið mjög ábótavant má endurkrefja greidd framlög að fengnu samþykki ráðherra.

10. gr.

Iðnaðarráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar má meðal annars kveða á um starfshætti stjórnar, daglegan rekstur ráðgjafarsjóðs, frágang umsókna, nánari skilyrði fyrir því að framlög verði veitt, um réttarstöðu iðnráðgjafa samkvæmt þessum lögum, svo og annað sem máli þykir skipta.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987, en lög nr. 86 31. desember 1981 gilda til 30. júní 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1981 voru sett lög um iðnráðgjafa, nr. 86/1981. Ákveðið var að þau skyldu gilda til 31. desember 1985, en það þýddi að fyrir þann tíma skyldu lögin endurskoðuð að fenginni reynslu.

Sérstök nefnd, Samstarfsnefnd um iðnráðgjöf í landshlutunum, sá um framkvæmd laganna í umboði ráðuneytisins. Að tillögu þessarar nefndar fól ráðuneytið Iðntæknistofnun Íslands í mars 1984 að annast samræmingu á störfum iðnráðgjafanna. Þessi nefnd skilaði í september sama ár greinargerð um reynslu af starfseminni. Skýrslan nefnist Iðnráðgjöf í landshlutunum.

Hinn 6. nóvember 1984 skipaði iðnaðarráðuneytið þriggja manna nefnd til að endurskoða lögin um iðnráðgjafa. Þessi nefnd skilaði 16. júlí 1985 frumvarpi um iðnráðgjafa.

Nefndin lagði til að lögin frá 1985 yrðu framlengd til ársloka 1986 og samhliða því að lögfestar yrðu nokkrar breytingar, m.a. um auknar heimildir til að greiða skrifstofu- og ferðakostnað iðnráðgjafa. Skyldi svo stefnt að því að lagt yrði fram frumvarp um framtíðarskipun iðnráðgjafar í landshlutunum á Alþingi í október 1986. Frumvarp nefndarinnar er prentað sem fylgiskjal á þskj. 217 sem lagt var fram á 108. löggjafarþingi 1985–86.

Frumvarp um framlengingu á gildi laganna var lagt fyrir Alþingi og samþykkt þar, lög nr. 103/1985, en frestað var að taka afstöðu til þess frumvarps sem nefndin hafði samið um breytingar á lögunum.

Þegar málið var tekið til athugunar að nýju í iðnaðarráðuneytinu var litið svo á að til greina kæmi grundvallarbreyting á lögunum. Það var og álit Iðntæknistofnunar. Henni var

falið 19. ágúst s.l. að afla upplýsinga um hvernig iðnráðgjöf væri háttað hjá þeim aðilum sem nytu fjárhagslegs stuðnings samkvæmt lögum um iðnráðgjafa.

Spurt var um efnisatriði og miðað við tímabilið frá september 1984:

1. Hverjir hafa starfað sem iðnráðgjafar og hvar?
2. Að hvaða verkefnum hafa þeir unnið?
3. Hvaða árangur hefur náðst?
4. Hver er staðan nú og hvað er helst fram undan?
5. Hver er áætlaður kostnaður fyrir árið 1985 og 1986 (sundurliðaður eftir helstu þáttum)?
6. Hvernig hefur fjármögnun verið háttað?

Greinargerð Iðntæknistofnunar er dags. 20. september s.l. Útdráttur úr greinargerðum, sem bárust, er á fylgiskjali með frumvarpi þessu. Að þessari greinargerð fenginni var svo í samráði við Iðntæknistofnun ofangreint frumvarp samið.

Meginatriði þess er það að iðnráðgjöfin verði markvissari og árangursríkari en verið hefur. Í stað þess að hafa sjálfvirkt styrkjakerfi, eins og nú er, þykir vænlegra til árangurs að styrkja þá aðila sem sýna frumkvæði og hafa vilja og getu til athafna á því sviði sem lögin taka til. Þar með er talin upplýsingaþjónusta um iðnaðarmál, fræðslustarfsemi, fundahöld og ferðakostnaður þar sem gjaldtaka getur ekki átt við.

Ætlunin með frumvarpinu er að einungis njóti stuðnings skilgreind verkefni og þá að jafnaði með mótframlagi umsækjanda. Með þessu er að því stefnt að beina athygli manna að verkefnum sem þeir telja verulegar líkur á að skili árangri.

Nauðsynlegt er að fjárveiting til iðnráðgjafa verði aukin nokkuð frá því sem nú er, en eðlilegt þykir að fjárveiting verði ákveðin af fjárveitingavaldinu hverju sinni. Fjárveiting samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1987 er nokkuð innan við 7 millj. kr., en æskilegt væri að hún yrði a.m.k. 10 milljónir kr.

Sú hugmynd hefur komið fram að rétt væri að ákveðið grunnframlag yrði greitt með svipuðum hætti og nú er, en því fé, sem umfram yrði, væri ráðstafað samkvæmt frumvarpinu. Slíkt mundi aðeins stuðla að því að viðhalda sjálfvirka kerfinu og þar með brjóta í bága við meginmarkmið þessa frumvarps. Þetta er því talið óráðlegt.

Til greina kæmi að kveða nánar á um starfshætti stjórnar ráðgjafarsjóðsins en frá því var fallið, enda eiga slík ákvæði fremur heima í reglugerð.

Þá kom til álita að hafa fyllri ákvæði um réttarstöðu iðnráðgjafa. Sama á við um það efni og það sem nú var nefnt.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gerð grein fyrir markmiði laganna sem er að draga úr því misvægi sem er á aðstöðu aðila úti á landi til að njóta ráðgjafar og aðstoðar á sviði iðnaðar og aðstöðu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Eins og málum er nú háttað eiga aðilar þar greiðari aðgang að þjónustu- og fræðslustofnunum iðnaðarins. Með þessum lögum er reynt að jafna metin.

Ekki þykir rétt að einskorða aðstoð við sveitarfélög og samtök þeirra og iðnþróunarfélög eins og gert er í 1. gr. núgildandi laga. Eðlilegt virðist að sem flestir geti átt kost á aðstoð. Það yrði á valdi sjóðsstjórnar skv. 7. gr. að meta það hvaða verkefni væru líklegust til að skila árangri. Með þessum hætti er hér opnaður möguleiki, t.d. fyrir smærri sveitarfélög, til að ráða iðnráðgjafa í hlutastarf eða til að sinna afmörkuðum verkefnum.

Um 2. gr.

Í skilgreiningu hugtaksins iðnráðgjöf eru tekin upp þau verkefni sem iðnráðgjafar hafa einkum starfað að frá því að núgildandi lög voru sett, sbr. 3. gr. þeirra. Hér er um að ræða

mjög fjölbreytileg verkefni. Ekki er gert ráð fyrir að verið sé að seilast inn á tíðkanlegt verksvið iðnráðgjafarstofa né þeirra aðila sem nú starfa að fræðslumálum á sviði iðnaðar. Eins og orðalagið bendir til er hér um að ræða fyrstu skrefin, en síðan kæmu aðrir til.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að stofnaður verði sérstakur ráðgjafarsjóður iðnaðarins er styrki þá ráðgjöf sem um ræðir í 4. gr. frumvarpsins.

Einhver kynni að telja að ástæðulaust væri að fjölga opinberum sjóðum, fremur ætti að fækka þeim. En hér er raunverulega um það að ræða að í stað þess, að ríkisframlag renni sjálfkrafa til viðtakenda eins og nú er, verði stjórn á því hvernig framlagi verði varið.

Í 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga segir svo um ríkisframlag til iðnráðgjafar: „Framlagið miðast við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka."

Viðmiðun laganna í 2. mgr. 1. gr. er mjög óljós að ekki sé talað um ef bæta ætti við „þátttöku í skrifstofu- og ferðakostnaði samkvæmt mati og nánari ákvörðun ráðuneytisins" eins og tillaga hefur komið fram um. Því þykir eðlilegra að gera ráð fyrir tiltekinni fjárhæð í lögum sem breyttist í samræmi við verðlagsþróun.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að árleg fjárveiting verði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, en í fjárlögum fyrir 1987 eru í þessu skyni veittar 6 830 000 kr. Í því sambandi má benda á að fjárveiting vegna starfa fagráðunauta á sviði landbúnaðar hjá Búnaðarfélagi Íslands og samkvæmt jarðræktarlögum mun vera um 40 millj. kr. samkvæmt fjárlögum fyrir 1987.

Um 4. gr.

Þessi grein virðist ekki þurfa sérstakra skýringa, sbr. skýringar við 2. gr.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru taldir upp þeir sem hugsanlega geti notið styrks úr ráðgjafarsjóði. Hér eru fyrst nefnd sveitarfélög og samtök þeirra og svo iðnþróunarfélög, en aukið er við öðrum aðilum. Ætla má að styrkir til fyrirtækja og einstaklinga yrðu veittir að fenginni umsögn eða upplýsingum hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

Nú er mikið ósamræmi í því hvernig greiðslu fyrir þjónustu og framlögum viðtakenda styrks er háttað. Í sjálfu sér getur það farið mjög eftir atvikum hvernig með skuli fara. Þykir eðlilegra að það verði metið af sjóðsstjórn í stað þess að hafa hið sjálfvirka kerfi og hlýtur hún að hafa til viðmiðunar eðli og umfang verkefnis sem um er að ræða.

Um 6. gr.

Þar sem mál þetta heyrir undir iðnaðarráðherra þykir eðlilegt að hann skipi formann í stjórn ráðgjafarsjóðs. Nauðsynlegt er að traust tengsl séu við Iðntæknistofnun og því er eðlilegt að hún tilnefni henni stjórnarmann, en Byggðastofnun hinn þriðja, sbr. ákvæði 1. gr.

Um 7. gr.

Þar sem mörg verkefni eru þess eðlis að þau geta tekið yfir nokkuð langt tímabil þykir rétt að skapa möguleika á því að veitt verði fyrirheit fram í tímann og þótti hæfilegt að miða við tvö ár. Að þeim tíma loknum má ætla að verkefni sé komið út fyrir verksvið ráðgjafarsjóðs og farið að heyra undir verksvið hinna hefðbundnu sjóða iðnaðarins.

Hér gæti einnig komið til greina fyrirheit til að tryggja starfskrafta ákveðins starfsmanns, en staða iðnráðgjafa er mjög ótraust samkvæmt gildandi lögum.

Um 8. gr.

Áður er vikið stuttlega að mótframlögum. Tilgangurinn með þessari grein er m.a. sá að sýnt sé að umsækjandi hafi bæði vilja og getu til að leggja eitthvað á móti. Þessi mótframlög geta orðið mjög mismunandi eftir eðli þess viðfangsefnis sem um er að ræða. Nauðsynlegt þykir að hafa heimild til að falla frá skilyrði um mótframlög þegar sérstakar ástæður mæla með.

Um 9. gr.

Krafa um greinargerðir er að sjálfsögðu sett fram til að stjórn sjóðsins geti gert sér grein fyrir árangri sem orðið hafi af styrk sjóðsins og hafi rétt til aðhalds um notkun þess fjár.

Um 10. gr.

Í greininni er mælt fyrir um setningu reglugerðar um frekari útfærslu á ákvæðum laganna. Hugmyndin er m.a. sú að staða iðnráðgjafa verði mörkuð nokkru nánar, enda er hún mjög óljós. Hér er um að ræða stétt sem gegnir mikilvægu hlutverki, enda stefnir frumvarpið að því að styrkja stöðu hennar, sbr. ákvæði um það efni í 8. gr.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt þykir að veita nokkurn tíma til að hlutaðeigandi aðilar geti lagað sig að breyttum ákvæðum samkvæmt lögunum.

Fylgiskjal.

Úr greinargerð Iðntæknistofnunar, dags. 20. september 1986, sbr. bréf iðnaðarráðuneytisins, dags. 19. ágúst 1986.

Iðnráðgjöf á Íslandi fer nú fram hjá sjö aðilum sem ýmist eru iðnþróunarfélög eða samtök sveitarfélaga. Þau njóta styrks til starfseminnar eftir lögum um iðnráðgjafa, nr. 86 frá 31. desember 1981.

Starfsemi þessara aðila má greina í tvennt. Annars vegar eru það aðilar sem hafa hluta af sínum tekjum sem útselda vinnu, en það eru iðnþróunarfélögin á Suðurnesjum, í Eyjafirði og á Húsavík. Hins vegar eru það iðnþróunarfélög Norðurlands vestra og Austurlands ásamt samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og Vesturlandi, en þar er ekki tekið gjald fyrir þessa þjónustu. Annað er það sem greinir þessa hópa í sundur, en það er að svæði hinna fyrrnefndu eru lítil yfirferðar landfræðilega og hægt að fara um þau þver og endilöng á einum degi. Hinir aðilarnir þjóna stórum landsvæðum sem erfitt er að komast yfir. Á Vestfjörðum fer ekki fram iðnráðgjöf samkvæmt áðurnefndum lögum.

Segja má að þessi tvö atriði geri það að verkum að þessir aðilar eru illa sambærilegir. Annars vegar er um að ræða þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga á tiltölulega þröngu svæði þar sem iðnráðgjafinn getur haft gott eftirlit með gangi mála. Hins vegar er um að ræða heimsóknir sem oft eru stopular, sérstaklega yfir vetrartímann, og þá fer ráðgjöfin að hluta til fram um síma eða með bréfaskriftum.

Hér á eftir fer lýsing á þessum svæðum hverju fyrir sig. Skýrslur frá öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, eru lagðar til grundvallar þessari samantekt. Einnig fylgir yfirlit yfir kostnað og tekjur hjá þessum aðilum.

Svæði: Suðurnes.
Iðnráðgjafar:
Jón E. Unndórsson, frá september 1984 til dagsins í dag.
Albert Þór Jónsson, frá júlí 1986 til dagsins í dag.

Málefni sem unnið hefur verið að:
Almenn atvinnumál á svæðinu. Megináhersla hefur þó verið lögð á ráðgjöf við nokkur fyrirtæki og hefur orðið gott samstarf milli iðnráðgjafa og þeirra.

Árangur:
Telja verður að umtalsverður árangur hafi náðst á svæðinu og ber þar að nefna samstarf við fyrirtæki eins og Vélsmiðju Ol. Olsen og Íslenskt-franskt eldhús.

Staða mála:
Iðnþróun er rekin sem sérstakt fyrirtæki, Iðnþróunarfélag Suðurnesja hf., og eru hluthafar bæði sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu. Hefur starfsemin verið öflug sérstaklega vegna þess að sami maður hefur gegnt iðnráðgjafarstarfinu um nokkurra ára skeið. Við það hefur náðst ákveðin færni í ráðgjöf og stöðugleiki á svæðinu. Það að fyrirtækið taldi sig hafa bolmagn til að ráða nýjan starfsmann lýsir því vel stöðu mála.

Fjárhagsstaða:
Traust innheimta árgjalda og talsverðar sértekjur gera félagið vel í stakk búið til að standa undir öflugri starfsemi. Ríkisframlagið er notað til að greiða fyrir þá ráðgjöf sem rétt er að veita án endurgjalds og eins fyrir frumkannanir á málum.

Athugasemdir:
Suðurnes eru þéttbyggt svæði miðað við flest önnur héruð sem iðnráðgjafar þurfa að fara um. Því má segja að iðnráðgjafinn nái góðum árangri og þurfi ekki að eyða miklum tíma í ferðalög og einnig er hann í góðum tengslum við þjónustustofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Samvinna fyrirtækjanna og sveitarfélaganna um iðnráðgjafarstarfið er það sem hér hefur ráðið mestu um árangur ásamt því að iðnráðgjafinn er ófeiminn við að taka gjald fyrir þá vinnu sem hann innir af hendi fyrir fyrirtækið. Fyrirtækin eru því vön að greiða fyrir þá þjónustu og nýta sér hana.

Svæði: Vesturland.
Iðnráðgjafar:
Ólafur Sveinsson, frá 1981 til 1. september 1984.
Ragnar Hjörleifsson, frá 1. september 1985 til dagsins í dag.

Málefni sem unnið hefur verið að:
Almenn rekstrarráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu.

Árangur:
Iðnráðgjafinn hefur sett sig inn í mörg mál og verið innan handar við lausn margra verkefna, en ekki er hægt að leggja neinn fastan mælikvarða á starfið.

Staða mála:
Iðnráðgjafinn er starfsmaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og hefur sína vinnuaðstöðu þar. Núverandi ráðgjafi hefur verið í starfinu rúmlega eitt ár og þurfti að vinna

mikið starf frá grunni eftir að starfið hafði legið niðri heilt ár. Vesturland er allstórt svæði og samgöngur við Snæfellsnes yfir vetrartímann eru oft stopular. Starfið hefur því að nokkru leyti takmarkast við Akranes og Borgarnes.

Fjárhagsstaða:

Um enga útselda vinnu er að ræða og ekki sjást neinir tilburðir til að taka slíkt upp. Innheimta gjalda frá sveitarfélögunum er í lágmarki og má segja að ríkisstyrkurinn standi að mestu leyti undir starfseminni því að framlag sveitarfélaga er að mestu fólgið í að veita aðstöðu.

Athugasemdir:

Meðan starfið er einungis einhliða af hálfu sveitarfélaganna og fyrirtækin á svæðinu hafa engra hagsmuna að gæta nema nota þjónustuna er ekki sennilegt að starfið þróist mikið úr því sem komið er. Fyrirtækin eru orðin vön að nota ráðgjafann ókeypis og því yrði erfitt að koma á sértekjuöflun. Helsta ráðið er að stofna iðnþróunarfélag og koma starfseminni undan stjórn sveitarfélaganna.

Svæði: Norðurland vestra.

Iðnráðgjafar:

Eggert Atli Benónýsson, frá september 1985 til júlí 1986.
Friðrik Jónsson, frá júlí 1986 til dagsins í dag.

Málefni sem unnið hefur verið að:

Almenn iðnþróunarverkefni á svæðinu. Ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga.

Árangur:

Helsta verkefnið, sem skilað hefur árangri, er framleiðsla á skelfiskplógi Einars Jóhannessonar uppfinningamanns. Önnur helstu verkefni hafa verið fræðsla og kynningarstarf.

Staða mála:

Um áramót 1985 var stofnað Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra og áttu þátt í því sveitarfélögin á svæðinu frá Hrútafjarðarbotni að Siglufirði. Engin fyrirtæki voru tekin með inn í félagið. Svæði félagsins er víðfeðmt og þar sem iðnráðgjafinn hefur aðsetur sitt á Blönduósi er eðlilegt að mest af hans vinnu tengist því svæði og lítið sé um ferðir á vetrum til annarra staða vegna samgönguerfiðleika.

Fjárhagsstaða:

Árgjöld sveitarfélaganna standa undir ⅔ af kostnaðinum við starfið á móti ríkisframlaginu. Engir tilburðir eru til að taka gjald fyrir þjónustu iðnráðgjafans, enda er hann að mestu nýttur af sveitarfélögunum sem finnst þau vera búin að greiða sitt með sínu árgjaldi.

Athugasemdir:

Nokkur rígur virðist vera milli sveitarfélaganna um staðsetningu iðnráðgjafans því að á þessu sviði er það sá staður, sem hefur ráðgjafann, er mest gagn hefur af honum. Iðnaður er mestur í Skagafirði og er því álitamál hvort rétt sé að ráðgjafinn hafi aðsetur í Húnavatnssýslu. Komi ekki til aukin þátttaka fyrirtækja í starfsemi iðnþróunarfélagsins er hætt við að það stefni í sama farið og þar sem sveitarfélögin ráða hlutunum og iðnráðgjafinn verði launaður fulltrúi atvinnumálanefndar fyrir svæðið.

Svæði: Eyjafjörður.
Iðnráðgjafi:
Ingi Björnsson, frá 1984 til dagsins í dag.

Málefni sem unnið hefur verið að:
Víðtæk verkefni fyrir iðnfyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu.

Árangur:
Talsverður árangur í einstökum verkefnum fyrir fyrirtæki á svæðinu.

Staða mála:
Iðnráðgjöfin fer fram á vegum Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar hf. og er það í eigu 28 aðila, sveitarfélaga, kaupfélaga og félagasamtaka. Félagið hefur hæfilegan starfsvettvang og má segja að ráðgjafinn komist á stund úr degi um allt svæðið án teljandi erfiðleika. Byggð er þétt og talsvert er um iðnað. Félagið starfaði sem sjálfstæður rekstraraðili án stuðnings hins opinbera í upphafi og hafði bolmagn til að hafa tvo starfsmenn lengst af. Núverandi ráðgjafi starfar einn tímabundið meðan verið er að ganga frá ráðningu nýs starfsmanns. Fjárstuðningur ríkisins á svæðinu fór áður til Fjórðungssambands Norðlendinga og hafði það iðnráðgjafa sem annaðist allt Norðurland. Nú er þessu skipt í þrennt: Norðurland vestra, Eyjafjarðarsvæðið og Húsavík.

Fjárhagsstaða:
Iðnþróunarfélagið tekur hálfan styrk frá ríkinu á móti Iðnþróunarfélagi Húsavíkur. Megintekjur koma frá rekstrarframlagi hluthafa og útseldri vinnu.

Athugasemdir:
Samstarfið við sveitarfélögin hefur verið gott og má segja að félagið sé að mörgu leyti til fyrirmyndar hvað rekstur varðar.

Svæði: Húsavík.
Iðnráðgjafi:
Sigurbjörn Þorkelsson, frá mars 1985 til dagsins í dag.

Málefni sem unnið hefur verið að:
Aðstoð við stofnun fyrirtækja og rekstrarráðgjöf við starfandi fyrirtæki.

Árangur:
Af 45 verkefnum, sem unnið hefur verið að, hafa sex verkefni komist í framkvæmd, 15 hefur verið hætt við á frumstigi og 12 hafa leitt af sér neikvæða niðurstöðu, en þrjú verkefni eru í jákvæðri biðstöðu.

Staða mála:
Iðnráðgjöfin er í höndum Iðnþróunarfélags Húsavíkur sem stofnað var haustið 1984. Hafði það lausráðinn ráðgjafa þar til núverandi ráðgjafi tók starfið að sér sem fullt starf. Í félaginu eru einstaklingar og fyrirtæki á svæðinu.

Fjárhagsstaða:
Iðnþróunarfélagið tekur hálfan styrk á móti Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar. Það nýtur einnig framlaga úr bæjarsjóði og félagsgjalda, en að hálfu er það fjármagnað með útseldri vinnu.

Athugasemdir:

Eftir að félagið fór að njóta ríkisframlags varð það að auka þjónustu við nærliggjandi byggðarlög. Áður hafði það þjónað Húsavík eingöngu. Það má segja að geti fyrirtæki og sveitarfélög komið sér saman um slíka starfsemi er víst að hún skilar árangri.

Svæði: Austurland.

Iðnráðgjafar:

Ásgeir Magnússon, mars 1983 til september 1984.
Bergsteinn Gunnarsson, september 1984 til september 1985.
Axel Beck, desember 1985 til dagsins í dag.

Málefni sem unnið hefur verið að:

Almenn iðnráðgjafar- og fræðslumál á iðnsviðinu á svæðinu.

Árangur:

Ekki verður dregið fram neitt einstakt mál sem stórsigur, en mörg smámál hafa tínst til og er vísað til fylgirita sem hægt er að útvega ef óskað verður.

Staða mála:

Austurlandssvæðið er eitt það erfiðasta á landinu frá sjónarhorni iðnráðgjafar. Það er víðfeðmt, frá Langanesi að Lómagnúpi. Á vetrum má segja að ferðir séu mjög stopular og samgöngur erfiðar. Staðsetning iðnráðgjafa á Seyðisfirði eykur á þessi vandkvæði og gerir hann einangraðri en ella. Iðnráðgjöfin er í höndum Iðnþróunarfélags Austurlands og eru félagsmenn bæði sveitarfélög og fyrirtæki. Talsvert rask hefur orðið á starfsemi félagsins og starfsemi þess legið niðri um skeið og því erfitt fyrir nýjan mann að koma starfseminni aftur af stað, en það mál virðist þó vera á góðri leið.

Fjárhagsstaða:

Framlag ríkissjóðs kemur að hálfu á móti framlagi frá sveitarfélögunum og árgjöldum í félagið. Ekki er innheimt fyrir vinnu og er erfitt að byrja á því að óbreyttum aðstæðum.

Athugasemdir:

Á Austurlandsssvæðinu virðist vera talsverður áhugi hjá fyrirtækjum á iðnráðgjöf og vilja þau taka þátt í henni, en staðhættir og sérstaklega staðsetning iðnráðgjafans virðast vera til trafala.

Svæði: Suðurland.

Iðnráðgjafar:

Þorsteinn Garðarsson, frá september 1981 til maí 1985.
Bjarni Jónsson, frá ágúst 1985 til dagsins í dag.

Málefni sem unnið hefur verið að:

Á Suðurlandi er starfræktur Iðnþróunarsjóður Suðurlands og fer tími iðnráðgjafans að hluta til í að kanna mál fyrir hann. Meginstarfið hefur farið í að vinna að almennum nýjum atvinnutækifærum.

Árangur:

Rekja má til starfsemi iðnráðgjafa stofnun nokkurra verksmiðja. Má þar nefna Alpan á Eyrarbakka, Ekta hf. á Eyrarbakka og Límtrésverksmiðjuna á Flúðum. Mörg fleiri smærri verkefni hafa líka litið dagsins ljós.

Staða mála:

Starfsemin er rekin af Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og Iðnþróunarsjóði Suðurlands. Má segja að þátttaka sjóðsins tryggi afskipti fyrirtækja af starfseminni og eru almennt góð tengsl milli fyrirtækja og ráðgjafans. Svæðið býður upp á mikla möguleika. Könnun á nýjum iðnaðartækifærum er verkefni sem iðnráðgjafi ætti að geta unnið að með góðum árangri.

Fjárhagsstaða:

Framlag ríkissjóðs stendur undir um það bil helmingi af rekstrarkostnaðinum vegna iðnráðgjafans. Það sem upp á vantar er greitt af samtökum sveitarfélaga og Iðnþróunarsjóðnum. Ekki er rukkað fyrir vinnu iðnráðgjafans, enda er hann oft í almennum atvinnumálaverkefnum.

Athugasemdir:

Sé litið á fjölda íbúa og umfang svæðisins er ljóst að á þessu sviði er ærinn starfi fyrir iðnráðgjafa. Verkefnin eru hins vegar það mörg að erfitt er fyrir einn mann að sinna þeim svo vel fari. Góður stuðningur er af hálfu sveitarfélaga og fyrirtækja, en það má segja að Suðurland bjóði upp á að hafa einn iðnráðgjafa í ráðgjöf og annan við að kanna atvinnutækifæri.

Kostnaðaryfirlit vegna iðnráðgjafar.

Ár: / Svæði:*	1985 Suðurnes	1986 Norðurl.v.	1986 Eyjafj.	1986 Húsavík	1986 Austfj.	1985 Suðurl.	Samtals	%
Tekjur:								
Ríkisframlag	651 483	650 000	360 000	364 000	800 000	651 000	3 466 483	28.8
Framl. félaga	1 008 967	1 300 000	1 460 000	600 000	1 005 000	639 000	6 012 967	49.8
Útseld vinna	499 086		650 000	607 000			1 756 000	14.6
Aðrar tekjur	148 859				675 000		823 859	6.8
Samtals tekjur:	2 308 395	1 950 000	2 470 000	1 571 000	2 486 000	1 290 000	12 059 309	100.00
Gjöld:								
Laun og launat.	838 323	800 000	2 520 000	1 270 000	705 000	725 000	6 858 323	55.5
Skrifstofuk.	408 675	600 000	660 000	191 000	522 000	270 000	2 651 675	21.4
Ferðakostnaður		200 000	180 000	120 000	491 600	295 000	1 286 600	10.5
Annar kostn.		350 000	450 000		761 400		1 561 400	12.6
Samtals gjöld:	1 246 998	1 950 000	3 810 000	1 581 000	2 480 000	1 290 000	12 357 998	100.0

* Upplýsingar um tekjur og gjöld bárust ekki frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

Ed. 610. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Árna Johnsen.

1. Við 37. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst., þó 100 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 110 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er að greiða fyrir umferð, enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.
2. Við 107. gr.
   Orðin „Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár“ í fyrri mgr. falli brott.

Ed. 611. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. bætist:
   Torfærutæki:
   Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.
2. Við 32. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl, en frá 1. maí til 31. ágúst skulu þau vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag og til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Þá skulu lögboðin ljós bifreiða og annarra ökutækja vera tendruð á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skulu búin ljósum, skulu þá merkt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.
   c. Við bætist ný mgr. er orðist svo:
      Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um notkun ljósa og ljósabúnað bifreiða.
3. Heiti VI. kafla breytist og verði:
   SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL, BIFHJÓL OG TORFÆRUTÆKI.
4. Við 41. gr.
   a. Fyrirsögn á undan greininni verði: **Bifhjól og torfæruhjól.**
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Við akstur bifhjóls eða torfærutækis skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.
   c. Við bætist ný mgr. er orðist svo:
      Torfæruhjóli má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis.
5. Við 55. gr.
   a. Fyrirsögn á undan greininni verði:
      Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla, torfærutækja og vélsleða.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Enginn má stjórna vélsleða eða torfærutæki nema hann sé fullra 16 ára og hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki.
6. Við 63. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það.

Sþ. 612. Svar [34. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um kostnað og niðurskurð vegna gæslu í heimavistum og reksturs mötuneyta.

1. Hversu mikinn kostnað ber ríkið vegna: a) gæslu í heimavistum, b) reksturs mötuneyta í grunnskólum?

Svar:

a. 15 800 þús. kr. á fjárlögum 1987.
b. 46 000 þús. kr. á fjárlögum 1987.

2. Hverjar eru tillögur menntamálaráðherra um niðurskurð á þessum kostnaðarliðum og breytingar á viðkomandi starfsemi?

Svar:

Samkvæmt tillögum, sem menntamálaráðherra lagði fram í desember s.l., var gert ráð fyrir breyttri kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við gæslu og mötuneyti. Við upphaf skólaárs 1987–88 skyldi ríkið greiða 50% launakostnaðar við gæslu og mötuneyti í heimavistum. Annar kostnaður skyldi greiddur af sveitarfélögunum, þar með talinn kostnaður við gæslu og mötuneyti nemenda í daglegum akstri.

3. Hverjir eiga að taka á sig þann kostnað sem af umræddum niðurskurði leiðir?

Svar:

Sveitarfélög, sbr. 2. lið svarsins.

Nd. 613. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [336. mál]

í málinu: Frv. til l. um skipun nefndar utanþingsmanna er rannsaki deilur menntamálaráðuneytisins og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

Dómstólar eiga einir úrskurðarvald um það hvort frávikning fyrrverandi fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra hafi verið réttmæt að lögum, sbr. 2. og 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Fyrrverandi fræðslustjóri hefur þegar vísað máli þessu til meðferðar dómstóla í samræmi við þessa heimild með stefnu útgefinni 12. febrúar s.l.

Menntamálaráðuneytið hefur með bréfi, dagsettu 5. febrúar og ítrekað 10. febrúar, fallist í meginatriðum á hugmyndir fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra er verða mættu til þess að bæta samskipti menntamálaráðuneytisins og fræðsluráðs. Í bréfum þessum lýsir ráðuneytið sig reiðubúið til þess að fallast á skipun nefndar sem fjalla eigi um störf fræðsluráðs og fræðsluskrifstofu og samskipti þeirra aðila við menntamálaráðuneytið.

Þá hefur ráðuneytið fallist á að umsóknarfrestur um stöðu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra verði framlengdur að ósk fræðsluráðsins.

Með vísan til framanritaðs telur deildin rétt að vísa máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 614. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Salome Þorkelsdóttur, Helga Seljan, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Valdimar Indriðasyni, Jóni Kristjánssyni og Stefáni Benediktssyni.

1. Við f-lið 1. mgr. 113. gr. bætist: með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem nái yfir landið allt.
2. Við 115. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.

Nd. 615. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 616. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 617. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tvö frumvörp um umboðsmann Alþingis sem deildin hefur vísað til hennar. Það sem fyrr var lagt fram er frv. Gunnars G. Schram, Péturs Sigurðssonar, Ellerts B. Schram og Friðriks Sophussonar á þskj. 28. Hið síðara er stjórnarfrumvarp um sama efni á þskj. 523.

Síðara frumvarpið er í flestum meginatriðum samhljóða þingmannafrumvarpinu á þskj. 28. Ræddi nefndin því bæði frumvörpin sameiginlega. Kallaði hún til viðtals um efni þeirra Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóra, Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í stjórnarfarsrétti, og Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Jafnframt var aflað umsagna annarra um bæði frumvörpin.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að hún leggur til að frv. á þskj. 523 verði samþykkt en með ýmsum breytingum sem m.a. eiga rætur sínar að rekja til hlutaðeigandi ákvæða í frumvarpinu um umboðsmann Alþingis á þskj. 28. Eru þær breytingartillögur, sem nefndin flytur, að finna á sérstöku þingskjali.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 618. Breytingartillögur [294. mál]

við frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi: Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosningin gildir til fjögurra ára.
   b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Sama hátt skal hafa á ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja að víkja honum úr embætti.
   c. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Umboðsmaður nýtur sömu launa og annarra lögkjara og hæstaréttardómari eftir því sem við verður komið. Hann á rétt til biðlauna í þrjá mánuði er hann lætur af starfi.
   Umboðsmanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja.

Sþ. 619. Fyrirspurn [349. mál]

til landbúnaðarráðherra um veitingu dýralæknisembætta.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Eftir hvaða reglum velur landbúnaðarráðherra úr hópi umsækjenda um embætti héraðsdýralækna?
2. Hverju sætir að svonefnd „starfsaldursregla“ Dýralæknafélags Íslands hefur margsinnis verið sniðgengin við veitingu embætta héraðsdýralækna?
3. Hyggst ráðherra grípa til annarra aðgerða til að tryggja afskekktum og tekjurýrum héruðum dýralæknisþjónustu ef fallið verður frá því að hafa hliðsjón af „starfsaldursreglu“ Dýralæknafélagsins?

Sþ. 620. Fyrirspurn [350. mál]

til fjármálaráðherra um öryrkjabifreiðir.

Frá Helga Seljan og Karvel Pálmasyni.

Hvernig verður komið til móts við þá öryrkja er keyptu bifreiðir á árinu 1986 og nutu þá mjög skertrar fyrirgreiðslu?

Nd. 621. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá kosningalaganefnd.

Frumvörp áþekk þessu hafa verið til meðferðar á s.l. þremur þingum en ekki hlotið afgreiðslu.

Þegar kosningalagafrumvarpið, sem samkomulag tókst um vorið 1983, var til meðferðar á Alþingi 1983–84, sbr. lög nr. 66/1984, var ljóst að á því voru nokkrir annmarkar sem þurftu leiðréttingar við. Það var á hinn bóginn vilji margra þingmanna að kanna hvort samstaða gæti náðst um ítarlega endurskoðun frumvarpsins. Því varð að ráði að lagfæra ekki tæknilega ágalla þess fyrr en þeirri endurskoðun lyki.

Nefndir hafa nú starfað á þremur þingum og kannað margar hugmyndir og hlýtt á álit sérfræðinga. Lagðar hafa verið fyrir nefndirnar heilsteyptar tillögur um breytt úthlutunarákvæði. Þannig hefur Jón Ragnar Stefánsson dósent lagt fram nákvæmar greinargerðir þar sem ákvæði gildandi laga eru gagnrýnd en um leið gerðar tillögur um önnur ákvæði. Hafa ábendingar hans haft drjúg áhrif á nefndarstarfið og ýmis atriði í máli hans verið tekin til greina. Þá hafa þau Guðmundur Guðmundsson tölfræðingur, Sigrún Helgadóttir reiknifræðingur og Þorkell Helgason prófessor lagt fram sameiginlegt álit um úthlutunarreglur og gert tillögur um breytingar. Þorkell Helgason hefur jafnframt lagt fram tillögur að nýju úthlutunarkerfi. Allar þessar tillögur víkja talsvert frá gildandi ákvæðum.

Nefndin hefur kynnt sér þessar tillögur og kannað ýmsa aðra möguleika en ekki hefur náðst samstaða um að hverfa frá því kerfi sem markað var með lögunum frá 1984. Því hefur

starf nefndarinnar á þessu þingi beinst að því að sníða nokkra vankanta af lögunum. Það er ekki auðvelt verk því að grundvallaratriði kosningalaganna, svo sem jöfnuður milli flokka, nokkurt misvægi atkvæða og misstór kjördæmi, eru með ýmsum hætti ósamrýmanleg. Við þessa endurskoðun hefur helsta markmiðið því verið að einfalda úthlutunarreglurnar, sérstaklega um kjördæmissætin, og jafnframt gera þær rökréttari, einkum við úthlutun jöfnunarsæta. Við það starf hefur nefndin sem fyrr notið aðstoðar Þorkels Helgasonar sem hefur unnið margvísleg gögn fyrir nefndina. Helgi Bernódusson, deildarstjóri á skrifstofu Alþingis, hefur lagt nefndinni mikilsvert lið við að færa samkomulagsatriði innan hennar í viðhlítandi búning og ganga frá tillögum hennar.

Nefndin hefur átt gott samstarf við Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og hefur hann verið með í ráðum um ýmsar lagfæringar á frumvarpinu. Einnig hefur Jón G. Tómasson borgarlögmaður liðsinnt nefndinni.

Landskjörstjórnarmenn sátu fund með nefndinni og voru þeim kynntar tillögur hennar. Enn fremur voru þeir Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, Eiríkur Tómasson hrl. og Sigurður Líndal prófessor kvaddir til viðræðna við nefndina um nokkur atriði í breytingartillögum hennar.

Nefndinni bárust óskir frá framkvæmdastjórum stjórnmálaflokkanna um nokkrar breytingar á fyrirkomulagi utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Lúta þær einkum að því að lengja þann frest sem til hennar er ætlaður og jafnframt að koma fastara skipulagi á val listabókstafa handa stjórnmálasamtökum og verður það eftir tillögum nefndarinnar fært frá yfirkjörstjórnum til dómsmálaráðuneytis.

Nefndin gerir tillögur um að ákvæði laganna um varaþingmenn verði rýmkuð á þann hátt að forfallist varamaður taki sæti hans sá sem næstur er honum í röðinni á framboðslista. Gildi þá hliðstæðar reglur um forföll varamanna og aðalmanna. Þykir og eðlilegt að þingmaður eigi þess ávallt kost að frá varamann í sinn stað.

Ákvæði gildandi laga um kjördag, síðasta laugardag júnímánaðar, eru úrelt orðin og gerir nefndin að tillögu sinni að almennur kjördagur verði framvegis annar laugardagur í maí. Með þessu er nefndin ekki að taka afstöðu til kjördags í vor.

Veigamestu breytingartillögur nefndarinnar fjalla um breytingar á reglum um úthlutun þingsæta, 111.–114. gr. laganna. Hvergi er um verulegar efnisbreytingar að ræða og enn sem fyrr byggt á „reglu stærstu leifar“ við úthlutun þingsæta.

1. Einföldun: breytt hugtök.

Í gildandi lögum er hugtakið „þingsætahlutur“ notað sem viðmiðun við úthlutun. Er þingsætahlutur skilgreindur í 111. gr. laganna sem hlutdeild hvers lista í þingsætum síns kjördæmis. Listi, sem hlýtur 25% gildra atkvæða í fimm-manna kjördæmi, fær þá sem upphaflegan þingsætahlut 25% af þingsætatölu kjördæmisins, þ.e. 1,25 hluti. Úthlutun fer hverju sinni til þess lista sem á hæstan þingsætahlut. Að lokinni hverri úthlutun er þingsætahlutur síðan lækkaður um einn.

Lagt er til að lýsa þessari úthlutun þingsæta á annan hátt. Þarf þá að styðjast við hugtak sem nefnt er *„kjördæmistala“*. Er hún skilgreind í hverju kjördæmi sem meðalfjöldi atkvæða að baki hverju þingsæti. Hafi t.d. verið greidd 6000 atkvæði í fimm-manna kjördæmi telst kjördæmistala þess vera 6000/5=1200. Þá er úthlutað fyrst til þess lista sem hefur flest atkvæði, t.d. til þess lista er fékk 25% eða 1500 atkvæði. Að lokinni úthlutun er atkvæðatala listans lækkuð um kjördæmistöluna. Í þessu dæmi verður þess vegna ný atkvæðatala listans 1500÷1200=300 atkvæði.

Er þess vænst að úthlutunarreglur verði auðskildari og líkari eldri aðferðum með þessu móti. Einkum þykir hin breytta aðferð eiga betur við þegar verið er að úthluta fyrstu þremur fjórðungum sæta hvers kjördæmis. Á hinn bóginn er ávinningurinn minni þegar komið er að úthlutun jöfnunarsæta. Þá verður óhjákvæmilegt að bera saman stöðu listanna í mörgum

kjördæmum. Vegna stærðarmunar kjördæma og mismunandi þingsætatölu er þá ekki unnt að nota atkvæðatölu. Í þess stað verður nú að styðjast við „hlutfall atkvæða af kjördæmistölu“, sem er þá í reynd jafngilt þingsætahlut í gildandi lögum.

Atkvæðatala listans í fyrrgreindu dæmi telst vera, að lokinni úthlutun eins sætis til þessa lista, jöfn 300/6000=5% af kjördæmistölunni. Sé kosið í öðru kjördæmi um 10 þingsæti, gild atkvæði séu 15000 og fái listi þar 1000 atkvæði nemur kjördæmistalan 1500 atkvæðum og hlutfall listans 1000/1500=67%, enda hafi listinn enn ekki hlotið neitt sæti. Þessi síðarnefndi listi á því að öðru jöfnu fremur tilkall til jöfnunarsætis en sá fyrrnefndi.

2. Endurreikningsákvæði.

Öll rök hníga að því að endurreikna beri kjördæmistölur í hvert sinn sem landsframboð hljóta fulla tölu þingsæta eða koma ekki til álita við frekari úthlutun. Er það gert með því að draga frá gildum atkvæðum þau atkvæði sem þeir listar fengu sem eru úr leik við úthlutun sæta. Jafnframt skal draga frá þingsætatölu kjördæmisins þingsæti þau sem þessum lista hefur verið úthlutað. Mælir þá kjördæmistalan ávallt meðaltölu atkvæða að baki hverju sæti hjá þeim listum sem enn eiga kost á þingsætum. Samtímis ber þá að ákvarða á ný tölu ónotaðra atkvæða þeirra lista sem eftir eru. Er það gert sem fyrr með því að draga hina nýju kjördæmistölu frá upphaflegum atkvæðum hvers lista svo oft sem listinn hefur hlotið sæti.

Hin stærðfræðilegu rök fyrir endurreikningi koma einna skýrast fram í því að summa ónotaðra atkvæða er hverju sinni í samræmi við tölu þeirra sæta sem eftir er að úthluta, þ.e. jöfn kjördæmistölu fyrir hvert úthlutað sæti. Þannig er ávallt „atkvæðainnistæða“ til fyrir þeim sætum sem eftir er að úthluta. Það eru mikil lýti á ákvæðum gildandi laga að þar kann jöfnunarsætum að vera úthlutað eftir neikvæðum atkvæðaleifum.

Endurreikningsákvæði voru í fyrstu drögum gildandi laga en voru felld út á síðustu stundu þar eð þau þóttu flækja úthlutunarreglur um of. Gildandi lög kveða á um ákveðna röð kjördæma við úthlutun flestra jöfnunarsæta og því er í reynd ekki verið að bera saman stöðu lista í mörgum kjördæmum. Þess vegna þótti stætt á að hverfa frá endurreikningnum enda þótt ljóst væri að úthlutun á grundvelli neikvæðra atkvæðaleifa væri ekki útilokuð. Nú er lagt til að afnema þessa föstu úthlutunarröð (sjá 6. kafla). Þá er með öllu ótækt að beita ekki endurreikningi.

Endurreikningsákvæðum má lýsa með dæmi:

1. tafla: Fimm-manna kjördæmi, úthlutun fjögurra sæta.

Listar:	X	Y	Z	U	Samtals	Kjördæmistala
Atkv:	2900	1500	1100	500	6000	1200
Sæti nr.:						
1.	-1200					
	1700					
2.	-1200					
	500					
3.		-1200				
		300				
4.			-1200			
			-100			
Atkvæðaleif	500	300	-100	500	1200	

Eins og fram kemur er fyrstu fjórum sætum úthlutað þannig að tvö koma í hlut X-listans og eitt í hlut Y- og Z-listans hvors um sig. Athygli skal vakin á því að summa ónotaðra atkvæða (atkvæðaleifa) er 1200 eins og kjördæmistalan enda er einu sæti óúthlutað.

Nú er komið að úthlutun jöfnunarsæta. Þá eru X- og U-listinn hæstir og jafnir að atkvæðum. Eigi Y-listinn ekki tilkall til jöfnunarsæta, þegar komið er að úthlutun í kjördæminu, ber að endurskoða kjördæmistöluna og draga atkvæði og þingsæti Y-listans frá. Kjördæmistalan verður þá (6000–1500)/(5-1)=1125. Staðan í kjördæminu er þá þessi:

2. tafla. Fimm-manna kjördæmi, Y-listi á ekki tilkall til jöfnunarsæta.

Listar:	X	Y	Z	U	Samtals	Kjördæmistala
Atkv.	2900		1100	500	4500	1125
- notað	-2250		-1125			
Atkvæðaleif	650		-25	500	1125	

Enn er summa atkvæðaleifanna jöfn kjördæmistölunni. Svo væri ekki án endurreiknings, þar eð hin ónothæfu atkvæði Y-listans teldust þá ekki með.

Nú er atkvæðaleif X-listans hærri en atkvæðaleif U-listans svo að X-listinn fengi jöfnunarsætið.

Ef hins vegar Z-listinn er úr leik þegar komið er að úthlutun þessa jöfnunarsætis hefur endurreikningurinn öfug áhrif. Kjördæmistalan verður nú (6000-1100)/(5-1)=1225. Endurreiknaðar atkvæðatölur eru þá þessar:

3. tafla: Fimm-manna kjördæmi. Z-listi á ekki tilkall til jöfnunarsæta.

Listar:	X	Y	Z	U	Samtals	Kjördæmistala
Atkv.	2900	1500		500	4900	1225
- notað	-2450	-1225				
Atkvæðaleif	450	275		500	1225	

Nú er það U-listinn sem hreppir sætið.

Endurreikningsákvæði koma við sögu í tveimur lagagreinum í þeirri breyttu gerð laganna sem hér er lögð fram.

3. Lágmarksákvæði við úthlutun kjördæmasæta.

Fjórði töluliður í 112. gr. gildandi laga hljóðar svo:

„Nú er þingsætahlutur lista minni en 0,8 og skal þá ekki úthluta þeim lista fleiri þingsætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nema hann teljist til landsframboðs sem hlotið hefur a.m.k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.“

Tilgangur þessa töluliðar er sá að hindra að smálistar eða sérframboð fái sæti út á óeðlilega lítið fylgi, án þess þó að flokkslistar á landsmælikvarða gjaldi þess.

Tilvísun til landsfylgis orkar hér tvímælis vegna ákvæða í síðustu málsgrein 31. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir að heimilt sé að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis með vísun til landsfylgis. Í þessari grein kosningalaganna er á hinn bóginn verið að úthluta fyrstu þremur fjórðungum sæta, og síðasta fjórðungi kann að vera úthlutað einvörðungu með hliðsjón af landsfylgi. Til samans kynni því að vera farið fram yfir þá heimild að einungis megi ráðstafa 1/4 þingsæta með vísun til landsfylgis.

Ákvæðið í 4. tölul. 112. gr. verður að skoða í samhengi við hindrun í 3. tölul. sömu greinar þar sem sett er almennt mark við 7% fylgi í kjördæmi. Lagt er til að þessir þröskuldar verði sameinaðir í einn sem þá felur í sér að listar eigi ekki tilkall til sætis í þessari umferð, þ.e. við kjördæmisúthlutunina, nema þeir hafi hlotið atkvæðafylgi er nemur a.m.k. 2/3 af kjördæmistölu.

Ef margir listar eru undir slíku marki getur verið ósanngjarnt að dæma þá alla úr leik. Það gerir hinum, sem yfir markinu eru, of hátt undir höfði. Þá má benda á að gera verður ráð fyrir að fylgi geti dreifst svo mjög að allir listar séu undir markinu. Þá yrði að hafa sérstakt undanþáguákvæði. Í stað þess er lagt til að markið verði einungis látið ná til þess minnsta í hverju kjördæmi í senn, en þá ber samkvæmt hinum almennu ákvæðum um kjördæmistöluna að endurreikna hana. Sé nú næstminnsti listinn enn undir endurreiknuðu marki er hann úr leik, o.s.frv.

Sé litið á dæmið í 2. kafla og gert ráð fyrir að tveir minnstu listarnir í kjördæminu hafi hlotið 600 og 750 atkvæði koma áhrif þessarar hindrunar vel í ljós. Sé heildartölu atkvæða ekki breytt verður kjördæmistalan áfram 1200. Hindrunin nemur þá 2/3 af 1200 eða 800 atkvæðum. Listarnir eru því báðir undir markinu. Nú ber að fella fyrst niður atkvæði þess minni. Þá verður ný kjördæmistala (6000÷600)/5=1080. En 2/3 af 1080 eru 720. Næstminnsti listinn er þá yfir markinu og á því þátttökurétt í úthlutun. Væri hann einungis með 700 atkvæði yrði hann dæmdur úr leik og kjördæmistala reiknuð á ný og yrði þá (6000÷600÷700)/5=940 o.s.frv.

Eftir þessa breytingu á efni laganna verður nokkru auðveldara að koma sérframboði að en að óbreyttum ákvæðunum. Á hinn bóginn er öllu erfiðara fyrir flokkslista að fá sæti út á lítið fylgi. Þeir kunna á hinn bóginn að koma til álita við úthlutun jöfnunarsæta.

4. Breyttur réttur til jöfnunarsæta.

Í 113. gr. gildandi laga er kveðið á um skiptingu jöfnunarsæta milli flokka eða landsframboða. Er þar áskilið að aðeins þau landsframboð, sem náð hafa 5% af landsfylgi, eigi tilkall til jöfnunarsæta. Nefndin telur að hér verði að rýmka til vegna ákvæða í stjórnarskrá og heimila einnig þeim landsframboðum, sem hlotið hafa þingsæti samkvæmt núverandi 112. gr., rétt til jöfnunarsæta, enda þótt þau hafi ekki náð 5% af öllum gildum atkvæðum á landinu. Er lagt til að ákvæðið verði einfaldað og látið nægja að þau landsframboð ein, sem hlotið hafa mann kjörinn eftir núverandi 112. gr., eigi tilkall til jöfnunarsæta.

5. Lágmarksákvæði við úthlutun jöfnunarsæta.

Jöfnunarsætum er úthlutað til þeirra lista sem eiga að hljóta þau eftir 114. gr. gildandi laga. Greinina þarf að umskrifa vegna ákvæða um kjördæmistölu í stað þingsætahluta, svo og vegna ákvæðisins um endurreikning.

Jöfnunarsætunum (öðrum en því óbundna) er úthlutað í þremur áföngum í gildandi lögum. Í þeim fyrsta fá þeir listar forgang sem nú hafa atkvæðatölu sem nemur a.m.k. 0,8 þingsætahlut eða 80% af kjördæmistölu. Í öðrum áfanga er ráðstafað einu sæti til hvers kjördæmis í ákveðinni röð og í þeim þriðja er útdeilt síðustu sætunum sem ávallt eru í Reykjavík eða á Reykjanesi.

Í öðrum áfanga er í lögunum hindrun er nemur 7% gildra atkvæða. Samsvarar þetta 35% af kjördæmistölu í fimm-manna kjördæmunum en t.d. 49% af kjördæmistölu í sjömanna kjördæmi. Í fyrsta áfanga er mun hærri hindrun. Í þriðja áfanga er nú engin hindrun. Er hér lagt til að sett verði almenn hindrun er gildi í öllum áföngum. Hún verður þá að miðast við hlutfall af kjördæmistölu en ekki atkvæðahlutfall. Er lagt til að hún nemi 1/3 af kjördæmistölu og taki einnig til úthlutunar á óbundna þingsætinu. Það er þó vilji

nefndarinnar að viðhalda 7%–þröskuldinum óbreyttum í öðrum áfanga. Hann er þá áhrifameiri en hinn nýi þröskuldur í þeim áfanga. Almenni þröskuldurinn hefur því einvörðungu áhrif í þriðja áfanga, svo og við úthlutun á óbundna sætinu.

Áhrif af hinum nýja almenna þröskuldi eru þó einnig óbein. Lagt er til að kjördæmistölur verði endurreiknaðar við jöfnunarsætaúthlutun ef listar eru undir þriðjungsmarki. Þá kæmi til greina að fella einungis niður einn lista í senn séu margir undir markinu, sbr. ákvæði um hindrun við kjördæmisúthlutun, sjá 3. kafla. Ekki þykir þó ástæða til þeirrar nákvæmni nú þar eð hindrunin er mun lægri.

Ekki kemur til greina að láta 7%–hindrunina eina gilda í öllum áföngum. Til þess er hún of há í tveimur stærstu kjördæmunum. Því er ekki heldur rétt að láta 7% hindrunina hafa áhrif á útreikning kjördæmistalna.

6. Breyttur forgangur kjördæma til jöfnunarsæta.

Í öðrum áfanga við úthlutun jöfnunarsæta er í gildandi lögum gengið á kjördæmin eftir vaxandi kjósendatölu. Byrjað er í fámennasta kjördæminu, Vestfjörðum, og jöfnunarsæti úthlutað, þá farið í það næstminnsta o.s.frv.

Finna má dæmi þess að stærðarröðin leiði til ósanngirni í úthlutun. Má t.d. benda á flokk sem á eftir eitt jöfnunarsæti þegar „hringferðin“ hefst. Eigi flokkurinn styrk til að hljóta fimmta mann í minnsta eða næstminnsta kjördæminu fær hann sæti þar burtséð frá því hvort hann kunni að eiga lista, jafnvel í öðrum fimm-manna kjördæmum sem séu betur að sætinu komnir.

Megintilgangur þessa ákvæðis var sá að tryggja vissan forgang kjördæmanna utan Reykjavíkur og Reykjaness við úthlutun jöfnunarsæta. Rökin fyrir þeim forgangi voru og eru þau að úthlutun á skjön við atkvæðatölur í kjördæminu stingi minna í stúf í stórum en litlum kjördæmum. Þessu markmiði má ná með einfaldara og sanngjarnara ákvæði. Er lagt til *að í öðrum áfanga fari eitt og aðeins eitt sæti til hvers þeirra kjördæma sem ekki fengu úthlutun í fyrsta áfanga.* Að öðru leyti komi öll kjördæmi jafnt til álita og fari sæti fyrst til þess lista sem hefur þá atkvæðatölu sem nemur hæstum hundraðshluta af kjördæmistölu, en á þann veg er bundnum jöfnunarsætum öllum úthlutað.

Að jafnaði ganga sæti í fyrsta áfanga til Reykjavíkur og Reykjaness og ekki til annarra kjördæma. Því leiðir af orðalagi annars áfanga að þar er sætum oftast úthlutað til landsbyggðarkjördæmanna einvörðungu.

Benda má á að það ákvæði, sem nú er lagt til, var í vinnudrögum að gildandi lögum en vék fyrir „hringferðar“-ákvæðinu í lokagerð. Er því hér, sem og varðandi fleiri ákvæði, horfið til baka til fyrstu gerðar tillagna um breytingar á kosningalögunum.

7. Óbundna þingsætið.

Þingsætum skal skv. 5. gr. kosningalaganna ráðstafa til kjördæma fyrir kosningar þannig að þingsætatala hvers kjördæmis er ljós áður en kosið er, en ræðst ekki af kosningaúrslitum. Frá þessu ákvæði er ein undantekning. Einu jöfnunarsæti skal ráðstafa til kjördæmis að loknum kosningum.

Ákvæði um úthlutun á þessu óbundna þingsæti eru nú í 5. tölul. 114. gr. Segir þar að sætinu skuli úthluta því landsframboði, sem hljóta skal sætið, og þeim lista þess sem nú hefur hæstan þingsætahlut eða hæstan hundraðshluta kjördæmistölu. Á þessu ákvæði eru hnökrar. Undir sérstökum kringumstæðum gæti sætinu verið úthlutað út á lítið eða ekkert atkvæðafylgi. Meinbugirnir felast í því að þingsætahlutir eru ekki endurreiknaðir í gildandi lögum.

Gerð er tillaga um lagfæringu á þessu ákvæði. Verður það efnislega jafngilt gildandi lögum, en byggist nú á endurreikningi. Endurreikningur verður nú með nokkuð sérstæðu

móti þar sem litið er á sama flokk í mörgum kjördæmum en ekki marga lista í sama kjördæmi. Að loknum endurreikningi fer sætið sem fyrr til þess lista framboðsins sem hæstan hefur hundraðshluta atkvæða af kjördæmistölu.

Ákvæðið skýrist frekar með dæmum í fylgiskjölum I og II.

8. Viðlagaákvæði.

Í gildandi kosningalög vantar viðlagaákvæði sem grípa má til í mjög afbrigðilegum tilvikum.

Svo kann að fara að ekki takist að ráðstafa öllum jöfnunarsætum samkvæmt almennum reglum laganna. Augljósasta dæmi um þetta er þegar í einhverju kjördæmi er enginn sá listi í framboði sem á tilkall til jöfnunarsætis. Þá verður að ljúka úthlutun í slíkum kjördæmum án tillits til landsúrslita, enda þótt það kynni að leiða til meira misvægis milli flokka. Hér hlýtur þó krafa stjórnarskrár um fulla tölu þingsæta í hverju kjördæmi að hafa forgang fram yfir kröfuna um flokkajöfnuð.

Í sumum þessara ólíklegu tilvika væri unnt að fylla tölu þingsæta með breyttri niðurröðun jöfnunarsæta, þ.e. án skerðingar á tölu þeirra. Á hinn bóginn er lagt til að fara einföldustu leiðina og láta sama viðlagaákvæðið taka til allra tilvika.

Ákvæðið felur í sér að öll úthlutun jöfnunarsæta verði tekin til baka og lokið úthlutun í þeim kjördæmum, sem ekki hlutu fulla þingmannatölu, skv. ákvæðum um kjördæmisúthlutun. Síðan verði afgangi jöfnunarsæta úthlutað á ný. Ákvæðið verður í sérstakri lagagrein.

Samstaða er innan nefndarinnar um allar breytingartillögur hennar. Mælir nefndin að öðru leyti með samþykkt frumvarpsins.

Fulltrúar Kvennalistans hafa setið nokkra fundi nefndarinnar.

Alþingi, 16. febr. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm.	Gunnar G. Schram, fundaskr.	Svavar Gestsson.
Guðmundur Einarsson.	Halldór Blöndal.	Friðrik Sophusson.
	Guðmundur Bjarnason.	

Fylgiskjal I.

ÚTHLUTUN MEÐ EINFÖLDU DÆMI

Hér er sýnt með einföldu dæmi hvernig úthlutun þingsæta færi fram eftir þeim lagaákvæðum sem nefndin leggur til. Kjördæmi eru aðeins þrjú og þingsæti eru 24. Er þess vænst að með þessu móti fáist greinargott yfirlit yfir úthlutunarákvæðin. Í öðru fylgiskjali er sýnd öll úthlutunin á grundvelli atkvæðatalna í kosningunum 1983.

Í 1. töflu eru sýndar atkvæðatölur og aðrar forsendur í þessu dæmi:

1. tafla

Atkvæðatölur og kjördæmistölur.

Kjördæmi	Sæti	Listar: X	Y	Z	U	Samt.	Kjörd-tala	Þrösk. 2/3
Stórt	12	3550	11000	5200	4250	24000	2000	1333
Miðlungs	6	3300	4800	600	300	9000	1500	1000
							1450	967
							1350	
Lítið	5	2800	1500	1200	500	6000	1200	800
							1100	
Samtals	23	9650	17300	7000	5050	39000		
		24,7%	44,4%	17,9%	12,9%			

Eins og fram kemur fellur U-listinn í litla kjördæminu undir þröskuldinn, svo og Z- og U-listarnir í miðlungs-kjördæminu, og þarf því að endurreikna kjördæmistölur. Þannig er kjördæmistalan í miðlungskjördæminu í upphafi 1500, lækkar í 1450 við brottfall U-listans og að lokum í 1350 þegar bæði Z- og U-listarnir eru úr leik.

111. gr.

Fyrst er úthlutað ¾ sæta hvers kjördæmis án tillits til landsúrslita.

2. tafla

Úthlutun á fyrstu ¾ sæta.

Sýnd er atkvæðatala eftir hverja úthlutun. Jafnframt eru sýnd ónotuð atkvæði, atkvæðaleif.

Kjördæmi		X	Y	Z	U	Samt.	Kjd.t.
Stórt	Atkvæði	3550	11000	5200	4250	24000	2000
		1550	9000	3200	2250		
			7000	1200			
			5000				
			3000				
			1000				
	Atkvæðaleif	1550	1000	1200	2250	6000	
	Sæti	1	5	2	1	9	
Miðlungs	Atkvæði	3300	4800	0	0	8100	1350
		1950	3450				
		600	2100				
			750				
	Atkvæðaleif	600	750	0	0	1350	
	Sæti	2	3	0	0	5	
Lítið	Atkvæði	2800	1500	1200	0	5500	1100
		1700	400	100			
		600					
	Atkvæðaleif	600	400	100	0	1100	
	Sæti	2	1	1	0	4	
Landið	**Sæti alls**	**5**	**9**	**3**	**1**	**18**	

112. gr.

Þá er komið að skiptingu jöfnunarsæta. Þau eru 6 (5 og óbundið sæti að auki). Þeim er skipt samkvæmt d'Hondts-reglu og eru jöfnunarsæti hvers lista sem hér segir:

3. tafla

Skipting jöfnunarsæta.

	X	Y	Z	U	Samt.
Jöfnunarsæti	1	2	1	2	6
Heildarsæti	6	11	4	3	24

113. gr.

Til þess að sjá hvaða listar hljóta sætin ber að reikna hlutföll atkvæðaleifa af kjördæmistölu. Nú gildir nýr og lægri þröskuldur og er einungis U-listinn í miðlungskjördæminu úr sögunni.

4. tafla

Úthlutun jöfnunarsæta.

Sýnd er ný atkvæðaleif eftir úthlutun kjördæmissæta miðað við nýjar kjördæmistölur. Þá koma og fram hlutföll af kjördæmistölu.

Kjördæmi		X	Y	Z	U	Samt.	Kjörd-tala	Þrösk. 1/3
Stórt	Atkvæði	3550	11000	5200	4250	24000	2000	667
	Sæti	1	5	2	1			
	Atkvæðaleif	1550	1000	1200	2250	6000		
	Hlutafallstala (%)	78	50	60	113	300		
Miðlungs	Atkvæði	3300	4800	600	0	8700	1450	500
	Sæti	2	3	0	0			
	Atkvæðaleif	400	450	600	0	1450		
	Hlutfallstala (%)	28	31	41	0	100		
Lítið	Atkvæði	2800	1500	1200	500	6000	1200	400
	Sæti	2	1	1	0			
	Atkvæðaleif	400	300	0	500	1200		
	Hlutfallstala (%)	33	25	0	42	100		

1. áfangi

Úthluta skal á hæstu hlutfallstölu sem er yfir 4/5. Einn listi uppfyllir þetta skilyrði:

Nr. jöfnunarsætis	Kjördæmi	Listi	Hlutfallstala
1	Stórt	U	113%

2. áfangi

Í þessum áfanga skal úthluta einu þingsæti í hverju þeirra kjördæma sem ekki fengu úthlutun í fyrsta áfanga. Stóra kjördæmið er því úr leik í þessum áfanga.

Þá er það skilyrði að listi hafi hlotið 7% fylgi. Því kemur Z-listinn í miðlungskjördæminu ekki til álita.

Fyrsta úthlutun í þessum áfanga er:

Nr. jöfnunarsætis	Kjördæmi	Listi	Hlutfallstala
2	Lítið	U	42%

Nú hefur U-flokkurinn fengi fulla tölu þingsæta. Þá ber að endurreikna kjördæmistölur. Enn fremur er úthlutun lokið í litla kjördæminu. Því er 4. tafla endurskoðuð og einfölduð:

5. tafla

Úthlutun jöfnunarsæta.

Kjördæmi		X	Y	Z	Samt.	Kjördæmistala
Miðlungs	Atkvæði	3300	4800	600	8700	1450
	Sæti	2	3	0		
	Atkvæðaleif	400	450	600	1450	
	Hlutfallstala (%)	28	31	41	100	

Enn er eftir úthlutun í öðrum áfanga í miðlungskjördæminu. Þar sem Z-listinn hefur minna en 7% fylgi kemur hann ekki til álita.

Nr. jöfnunarsætis	Kjördæmi	Listi	Hlutfallstala
3	Miðlungs	Y	31%

3. áfangi

Þá er komið að þriðja áfanga. Einungis stóra kjördæmið er eftir:

6. tafla

Úthlutun jöfnunarsæta.

Kjördæmi		X	Y	Z	Samt.	K-tala
Stórt	Atkvæði	3550	11000	5200	19750	1975
	Sæti	1	5	2		
	Atkvæðaleif	1575	1125	1250	3950	
	Hlutfallstala (%)	80	57	63	200	

Fyrst fær þá X-listinn sæti:

Nr. jöfnunarsætis	Kjördæmi	Listi	Hlutfallstala
4	Stórt	X	80%

Nú hefur X-listinn fengið öll sín sæti. Því þarf enn að endurreikna:

7. tafla

Úthlutun jöfnunarsæta.

Kjördæmi		Y	Z	Samt.	Kjördæmistala
Stórt	Atkvæði	11000	5200	16200	2025
	Sæti	5	2		
	Atkvæðaleif	875	1150	2025	
	Hlutfallstala (%)	43	57	100	

Síðasta bundna jöfnunarsætið fer þá til Z-listans:

Nr. jöfnunarsætis	Kjördæmi	Listi	Hlutfallstala
5	Stórt	Z	57%

4. áfangi

Nú skortir Y-listann einan þingsæti. Hann fær því óbundna þingsætið. Í því skyni þarf nokkra reikninga sem lýst er í heild í næstu töflu:

8. tafla

Úthlutun óbundins sætis.

	Staða Y-listans eftir kjördæmum						
Kjördæmi	Atkvæði	K-tala 1.áf.	Heildar-hlutfall	Sæti	Ný K-tala	Ný leif	Nýtt hlutfall
Stórt	11000	2000	550%	5	1829	1855	101%
Miðlungs	4800	1450	331%	4	1326	−504	−38%
Lítið	1500	1200	125%	1	1097	403	37%
Samtals			10,06	10			1,00

Fyrsti talnadálkurinn sýnir upphafleg atkvæði listans. Sá næsti kjördæmistölur eins og þær voru við upphaf 1. áfanga. Þriðji dálkur tilgreinir hlutföll atkvæða af kjördæmistölu og undir honum er summa hlutfallanna. Í næsta dálki er sú tala sæta sem listinn hefur fengið. Þá er reiknuð ný kjördæmistala með því að margfalda kjördæmistölu í öðrum dálki með broti sem hefur summu hlutfallanna í þriðja dálki (10,06) sem teljara en heildarsætistölu flokksins (11=10+1) sem nefnara. Er útkoman í fimmta dálki. Þá er í sjötta dálki reiknuð atkvæðaleif á venjulegan hátt og hlutfall hennar af hinni nýju kjördæmistölu í aftasta dálki. Eins og sjá má er summa hlutfallanna jöfn 1.

Óbundna sætið fer til þess lista sem hefur hæsta nýja hlutfallstölu, þ.e. Y-listans í stóra kjördæminu.

Að lokum skal úthlutunin dregin saman og sýnt hvaða frávik eru frá því að d'Hondts-regla fái að ráða í hverju kjördæmi.

9. tafla

Atkvæði, sæti og sæti skv. d'Hondts-reglu.

Kjördæmi	Sæti	Listar: X	Y	Z	U	Samt.
Stórt	Atkvæði	3550	11000	5200	4250	24000
	Sæti	2	6	3	2	13
	Sæti skv. d'Hondt	2	6	3	2	13
Miðlungs	Atkvæði	3300	4800	600	300	9000
	Sæti	2	4	0	0	6
	Sæti skv. d'Hondt	2	4	0	0	6
Lítið	Atkvæði	2800	1500	1200	500	6000
	Sæti	2	1	1	1	5
	Sæti skv. d'Hondt	3	1	1	0	5
Samtals	Atkvæði	9650	17300	7000	5050	39000
	Sæti	6	11	4	3	24
	Sæti skv. d'Hondt	7	11	4	2	24
	Sæti við landskjör	6	11	4	3	24

Eins og sjá má víkur úthlutun í kjördæmum einu sinni frá úthlutun eftir hreinni reglu d'Hondts. Samkvæmt samtölum sæta verður ekki hjá því komist.

Neðsta línan sýnir skiptingu sæta væri landið í dæminu eitt kjördæmi. Þar kemur fram að flokkajöfnuður næst.

Fylgiskjal II.

ALÞINGISKOSNINGAR 1983

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum 1983 eftir reglum í breytingartillögum nefndarinnar.

I. Úthlutun þingsæta í kjördæmum skv. 111. gr.

Athugasemdir:

1. Kjördæmistala er gild atkvæði deilt með þingsætatölu kjördæmis.
2. ⅔ kjördæmistölu: skilyrði þess að listi hljóti þingsæti við kjördæmisúthlutun.
3. ⅓ kjördæmistölu: skilyrði þess að listi hljóti þingsæti við úthlutun jöfnunarsæta.
4. Endurreiknuð kjördæmistala: gild atkvæði, að frádregnum atkvæðum þeirra lista sem ekki eiga rétt á úthlutun, deilt með þingsætatölu kjördæmis.
5. 7% fylgi: skilyrði þess að listi hljóti þingsæti í öðrum áfanga jöfnunarúthlutunar.

Reykjavík. Gild atkvæði: 50755; 7%: 3553.
Kjördæmistala: **2819** (⅔: 1880; ⅓: 940).

	A	B	C	D	G	V
	5470	**4781**	**4815**	**21807**	**9634**	**4248**
	2651	1962	1996	**18988**	**6815**	1429
				16169	**3996**	
				13350	1177	
				10531		
				7712		
				4893		
				2074		
Sæti nr.	9	12	11	1,2,3,4,5,7,10	6,8,14	13

Reykjanes. Gild atkvæði: 28927; 7%: 2025.
Kjördæmistala: **2629** (⅔: 1753; ⅓: 877).

	A	B	C	D	G	V
	4289	**3444**	**2345**	**12779**	**3984**	2086
	1660	815		**10150**	1355	
				7521		
				4892		
				2263		
Sæti nr.	5	7	8	1,2,3,4,9	6	

Vesturland. Gild atkvæði: 7843; 7%: 549.
Kjördæmistala: 1568 (⅔: 1046; ⅓: 523).
C-listinn er undir ⅔-mörkunum.
Endurreiknuð: **1469** (⅔: 980).

	A	B	C	D	G
	1059	**2369**	(497)	**2725**	**1193**
		900		**1256**	
Sæti nr.		2		1,3	4

Vestfirðir. Gild atkvæði: 5504; 7%: 386.
Kjördæmistala: 1100 (⅔: 734; ⅓: 367).
C-, G- og T-listar undir ⅔-mörkum; C-listi fellur út.
Endurreiknuð: 1061 (⅔: 708).
T-listi enn undir ⅔-mörkum.
Endurreiknuð á ný: **933.**

	A	B	C	D	G	T
	924	**1510**	(197)	**1511**	**723**	(639)
		577		578		
Sæti nr.	3	2		1	4	

Norðurland vestra. Gild atkvæði: 5702; 7%: 400.
Kjördæmistala: 1140 (⅔: 760; ⅓: 380).
A-, C- og BB-listar undir ⅔-mörkum; C-listi fellur út.
Endurreiknuð: 1105 (⅔: 737).
A- og BB-listar undir ⅔-mörkum; A-listi fellur út.
Endurreiknuð á ný: 1022 (⅔: 682).
BB-listi undir ⅔-mörkum.
Endurreiknuð enn: **891.**

	A	B	C	D	G	BB
	(411)	**1641**	(177)	**1786**	**1028**	(659)
		750		**895**	137	
Sæti nr.		2		1,4	3	

Norðurland eystra. Gild atkvæði: 13704; 7%: 960.
Kjördæmistala: 1957 (⅔: 1305; ⅓: 653).
C- og V-listar undir ⅔-mörkum. C-listi fellur út.
Endurreiknuð: 1868 (⅔: 1246).
V-listi undir ⅔ mörkum.
Endurreiknuð á ný: **1755.**

	A	B	C	D	G	V
	1504	**4751**	(623)	**3727**	**2308**	(791)
		2996		**1972**	553	
		1241		217		
Sæti nr.	6	1,3		2,5	4	

Austurland. Gild atkvæði: 7006; 7%: 491.
Kjördæmistala: 1401 (⅔: 934; ⅓: 467).
A- og C-listar undir ⅔-mörkum; C-listi fellur út.
Endurreiknuð: 1347 (⅔: 899).
A-listi undir ⅔-mörkum.
Endurreiknuð á ný: **1292.**

	A	B	C	D	G
	(279)	**2655**	(267)	**1714**	**2091**
		1363		422	799
		71			
Sæti nr.		1,4		3	2

Suðurland. Gild atkvæði: 10521; 7%: 737.
Kjördæmistala: 1753 (⅔: 1169; ⅓: 584).
C-listi undir ⅔-mörkum.
Endurreiknuð: **1658.**

A	B	C	D	G
1278	**2944**	(568)	**4202**	**1529**
	1286		**2544**	
			886	
Sæti nr.	2,5		1,3	4

II. Úthlutun þingsæta skv. 112. gr.

	A	B/BB	C	D	G	V
	15214	24754	9489	50251	22490	7125
	3043	**2063**	**3163**	**2185**	**2045**	**3563**
	2536	1904	**2372**	**2094**	1874	**2375**
	2173		1898	**2010**		1781
	1902			**1933**		
				1861		
Sæti nr.	3,4,8	10	2,6	7,9,12,13	11	1,5

III. Þingsætatala landsframboða alls skv. 111. og 112. gr.

	A	B/BB	C	D	G	V
111. gr.	4	11	2	22	10	1
112. gr.	3	1	2	4	1	2
	7	12	4	26	11	3

IV. Kjördæmistala og hlutfallstala við úthlutun skv. 113. gr.
(Neikvæðum tölum sleppt.)

Tafla I.

	Kjördæmistala	A	B	C	D	G	V/BB
Reykjavík	(2819)	**94%**	70%	71%	74%	42%	51%
Reykjanes	(2629)	63%	31%	—	—	52%	**79%**
Vesturland	(1469)	**72%**	61%		—	—	
Vestfirðir	(933*)	—	62%		62%	—	
Norðurland vestra	(1105*)	37%	49%	37%	—	—	60%
Norðurland eystra	(1868*)	—	54%		—	24%	42%
Austurland	(1292)		5%		33%	62%	
Suðurland	(1658)	**77%**	—		53%	—	

* = Kjördæmistala endurreiknuð.
— = Neikvæð tala.
Tölum lista sem ekki koma til álita (vegna þriðjungsmarksins) er sleppt.
Aths. Endurreikna þarf kjördæmistölu í tveimur kjördæmum. A- og BB-listar á Norðurlandi vestra, sem voru undir ⅔ mörkum við kjördæmisúthlutun, koma nú til álita við jöfnunarúthlutun; eins stendur á um V-lista á Norðurlandi eystra.

ÚTHLUTUN:
1. áfangi: 51. sæti Reykjavík A-2.
2. áfangi: 52. sæti Reykjanesi V-1.
53. sæti Suðurland A-1.
54. sæti Vesturland A-1.

Úthlutun til A-lista er lokið. Kjördæmistölur eru nú endurreiknaðar þannig að atkvæði A-listanna eru dregin frá gildum atkvæðum í hverju kjördæmi og þingsæti þeirra frá þingsætatölu hvers kjördæmis.

Í töflu II eru aðeins tilgreind þau kjördæmi sem eiga eftir að fá þingsæti skv. 2. áfanga.

Tafla II.

	Kjördæmistala	B	C	D	G	V/BB
Vestfirðir	(936*)	61%		61%	—	
Norðurland vestra	(1022*)	61%		—	1%	**64%**
Norðurland eystra	(1929*)	46%		—	20%	41%
Austurland	(1292)	5%		33%	62%	

ÚTHLUTUN:
2. áfangi (frh.): 55. sæti Norðurland vestra BB-1.

Úthlutun til B-lista lokið. Kjördæmistölur endurreiknaðar án atkvæða og þingsæta B-listanna.

Tafla III.

	Kjördæmistala	C	D	G	V
Vestfirðir	(744*)		**103%**	—	
Norðurland eystra	(1706*)		18%	35%	46%
Austurland	(1268*)		35%	**65%**	

ÚTHLUTUN:
2. áfangi (frh.): 56. sæti Vestfirðir D-2.
57. sæti Austurland G-2.
Úthlutun lokið til G-lista; kjördæmistala endurreiknuð í því eina kjördæmi sem eftir er í 2. áfanga og nú án atkvæða og þingsæta A-, B- og G-lista.

Tafla IV.

	Kjördæmistala	C	D	V
Norðurland eystra	(1506*)		**47%**	53%

V-listi er undir 7%-marki og kemur því ekki til greina í þessum áfanga.
ÚTHLUTUN:
2. áfangi (frh.): 58. sæti Norðurland eystra D-3.

Tafla V.

	Kjördæmistala	C	D	V
Reykjavík	(2572*)	87%	**148%**	65%
Reykjanes	(2151*)	9%	**94%**	—

ÚTHLUTUN:
3. áfangi: 59. sæti Reykjavík D-8.
60. sæti Reykjanes D-6.
Úthlutun lokið til D-lista.

Tafla VI.

	Kjördæmistala	C	V
Reykjavík	(2265*)	**113%**	**88%**

ÚTHLUTUN:
3. áfangil 61. sæti Reykjavík C-2.
62. sæti Reykjavík V-2.
Úthlutun lokið til V-lista. Úthlutun skv. 3. áfanga enn fremur lokið.

V. Úthlutun óbundna þingsætisins.

Óbundna sætið kemur í hlut C-lista. Aðeins tveir listar þess landsframboðs koma til álita, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi; aðrir listar ná ekki þriðjungsmarki.

Tafla VII.

	Reykjavík	Reykjanes	
Atkvæði	4815	2345	
Upphafleg kjördæmistala	2819	2629	
Hlutfallstala	171%	89%	= 260%:4 = 65%
Meðalhlutfall af kjördæmistölu	2820×65%	2630×65%	
Ný kjördæmistala	1832	1708	
Þingsæti	2	1	
Staða lista	1151	637	
Hlutfall	**63%**	37%	=100%

Aths.: Nýja kjördæmistalan hér er 65% af kjördæmistölunni eins og hún var fyrst reiknuð skv. 113. gr. 65% eru fundin með því að leggja saman hlutfallstölur landsframboðsins (hér C-listanna) og deila þeirri útkomu með 4, þ.e. þeim þingsætafjölda sem framboðið á að fá.

ÚTHLUTUN:
4. áfangi: 63. sæti Reykjavík C-3.

VI. Yfirlit um endanlega skiptingu þingsæta.

	A	B/BB	C	D	G	V
Reykjavík	2	1	3	8	3	2
Reykjanes	1	1	1	6	1	1
Vesturland	1	1		2	1	
Vestfirðir	1	1		2	1	
Norðurland vestra		1/1		2	1	
Norðurland eystra	1	2		3	1	
Austurland		2		1	2	
Suðurland	1	2		2	1	
	7	12	4	26	11	3

Nd. 622. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá kosningalaganefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður svohljóðandi:
   Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 114. gr.“ í c-lið komi: skv. ákvæðum 4. tölul. 3. mgr. 113. gr.
2. Á eftir 7. gr. komi ný gr. (verði 8. gr.) er orðist svo:
   Í stað „113. og 114. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna komi: 112. og 113. gr.
3. Á eftir 8. gr. komi ný gr. (verði 10. gr.) og orðist svo:
   Við 39. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:
   Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

4. Í stað 9. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (11. gr.) 40. gr. laganna orðist svo:
   Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar.
   Hyggist stjórnmálasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum og þrem dögum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna eftir óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum.
   Breyting á auglýsingu ráðuneytisins skv. 1. mgr., eða viðauki við hana þangað til frestur skv. 2. mgr. er liðinn, skal jafnóðum tilkynnt landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.
   b. (12. gr.) 41. gr. laganna orðist svo:
   Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista landsframboða með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka, sbr. 40. gr.
   Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ..., o.s.frv. eftir því sem við á.
   c. (13. gr.) 42. gr. laganna orðist svo:
   Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar, sem saman eiga, sbr. 27. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.
   Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnum og hún afgreitt framboðslista á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð. Auglýsingu skv. þessari mgr. skal birta eigi síðar en þrem vikum fyrir kjördag.
   Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.
5. Við 10. gr. (verði 14. gr.). B-liður orðist svo:
   Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: átta vikum.
6. Á eftir 12. gr. komi ný gr. (verði 17. gr.) er orðist svo:
   57. gr. laganna, sbr. lög nr. 90/1981, orðist svo:
   Þá er almennar reglulegar alþingiskosningar fara fram skal kjördagur vera hinn sami um land allt, annar laugardagur í maímánuði.
   Allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.
   Kjörtímabilið er fjögur ár.
7. Á eftir 14. gr. komi ný gr. (verði 20. gr.) er orðist svo:
   3. mgr. 63. gr. laganna, sbr. l. nr. 15/1974, orðist svo:
   Kjörstjóri skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar hvenær atkvæðagreiðsla getur farið

fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar og skv. nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þrem vikum fyrir kjördag og skal tilkynna umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um hana fyrir fram. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

8. 15. gr. (verði 21. gr.) orðist svo:

Fyrri mgr. 64. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

9. Við 16. gr. (verði 22. gr.). 1. efnismgr. orðist svo:

Áður en kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, fær afhent kjörgögn skal hann, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og nafnnúmer.

10. Á eftir 16. gr. komi ný gr. (verði 23. gr.) er orðist svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að skrám þeim sem um getur í 1. mgr. 66. gr. Þeir skulu og hafa aðgang að skránni um aðsend atkvæði, sbr. 1. mgr. 71. gr.

11. Á eftir 22. gr. komi ný gr. (verði 30. gr.) er orðist svo:

104. gr. laganna orðist svo:

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 5. mgr. 71. gr. skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

12. Í stað 25. og 26. gr. komi fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (33. gr.) 111. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu ef því er að skipta.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur ⅔ kjördæmistölunnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

b. (34. gr.) 112. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þeim þingsætum skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað, skal skipt milli landsframboða eftir ákvæðum þessarar greinar. Við þá úthlutun koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærri en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

c. (35. gr.) 113. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-liðum, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni áður en úthlutað er skv. næsta áfanga:

1. áfangi: Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur ⅘ af kjördæmistölu eða meira.

2. *áfangi*: Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó því aðeins úthluta lista þingsæti að hann hafi fengið 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. *áfangi*: Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.
4. *áfangi*: Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. stafliðum a–e:
   a. Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárri hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
   b. Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
   c. Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
   d. Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
   e. Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.

d. (36. gr.) 114. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 113. gr. og skal þá taka úthlutun skv. henni, svo og 112. gr., til baka. Ljúka skal úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1.–2. tölul. 111. gr. og beita síðan ákvæðum 112.–113. gr. á ný, svo oft sem þarf til að ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.

Ef tvær eða fleiri atkvæðatölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

13. Á eftir 26. gr. komi ný gr. (verði 37. gr.) er orðist svo:

116. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 111.–115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið skv. fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

14. Á eftir 28. gr. komi ný gr. (verði 40. gr.) er orðist svo:

Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr.“ í 119. gr. laganna komi: skv. 111. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 112. og 113. gr.

15. Á eftir 32. gr. komi ný gr. (verði 45. gr.) er orðist svo:

1. mgr. 130. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

Nd. 623. Frumvarp til umferðarlaga. [119. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. febr.)

Samhljóða þskj. 597 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Akbraut:
Sá hluti vegar, sem ætlaður er fyrir umferð ökutækja.

Akrein:
Hver og ein af samhliða reinum, sem akbraut er skipt í að endilöngu með merkjum eða er nægilega breið fyrir umferð bifreiða í einni röð.

Ásþungi:
Þungi, sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.

Bifhjól:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Sem bifhjól telst einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni.

Bifreið:
a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst.
c. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

Dráttarvél:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum.

Eftirvagn:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Eigin þyngd:
Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum búnaði, sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum o.þ.h.

Gangbraut:
Sérstaklega merktur hluti vegar, sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt:
Sá hluti vegar til hliðar við akbraut, sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.

Heildarþyngd:
Þyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd, sem leyfð er við skráningu þess.

Hliðarvagn:
Ökutæki á einu hjóli, sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Lagning ökutækis:
Staða ökutækis, með eða án ökumanns, lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

Létt bifhjól:
Bifhjól með aflvél eigi stærri en 2,5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli, sem eigi er hannað til hraðari aksturs en 50 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Reiðhjól:
Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks. Sem reiðhjól telst einnig vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Stór fólksbifreið:
Bifreið, sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Tengitæki:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og er ekki eftirvagn. Enn fremur hjólhýsi og tjaldvagn.

Torfærutæki:
Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vegamót:
Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.

Vegfarandi:
Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegur:
Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúið ökutæki:
Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram.

Vélsleði:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vinnuvél:
a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
c. Vélknúið ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.

Þéttbýli:
Svæði afmarkað með sérstökum merkjum, sem tákna þéttbýli.

Ökutæki:
Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

32. gr. hljóðar svo:
Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl, en frá 1. maí til 31. ágúst skulu þau vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag og til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás.

Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Þá skulu lögboðin ljós bifreiða og annarra ökutækja vera tendruð á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skulu búin ljósum, skulu þá merkt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Nota skal háan ljósgeisla, þegar sjónsvið ökumanns nægir ella ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:
a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Þokuljós má einungis nota í þoku eða þéttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um notkun ljósa og ljósabúnað bifreiða.

VI. kafli hljóðar svo:

SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL, BIFHJÓL OG TORFÆRUTÆKI

Reiðhjól.

39. gr.

Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða, ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamaður skal hjóla hægra megin á akrein þeirri, sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs, ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, má vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Gildir þetta þrátt fyrir umferðarmerki eða önnur merki, nema þau séu sérstaklega ætluð hjólreiðamönnum.

Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Læsa skal reiðhjóli, sem lagt er, nema því sé lagt um stutta stund, og ganga þannig frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af.

40. gr.

Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Eigi má reiða farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

Eigi má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól og torfæruhjól.

41. gr.

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

Við akstur bifhjóls eða torfærutækis skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klofvega.

Torfæruhjóli má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis.

42. gr.

Ökumaður létts bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og að jafnaði báðar hendur á stýri.

Ökumaður létts bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Eigi má reiða farþega á léttu bifhjóli.

Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

55. gr. hljóðar svo:

Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla, torfærutækja og vélsleða.

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Ökuskírteini til að mega stjórna dráttarvél má ekki veita þeim, sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 14 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna vinnuvél utan vegar, enda sé ökumaður fullra 17 ára.

Enginn má stjórna léttu bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifhjóli. Ökuskírteini til að mega stjórna léttu bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 16 ára.

Enginn má stjórna vélsleða eða torfærutæki nema hann sé fullra 16 ára og hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki.

Ákvæði 48. gr., 3.–5. mgr. 51. gr., 52. og 53. gr. gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um ökuskírteini samkvæmt grein þessari. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

63. gr. hljóðar svo:

Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um eftirvagn, sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að eigi þurfi að skrá ökutæki, sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

113. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn, og skal hlutverk þess vera:

a. að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,
b. að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,
c. að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,
d. að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,
e. að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum,
f. að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem nái yfir landið allt,
g. að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru, er umferð varðar,
h. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
i. að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði, og
j. að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða.

Umferðarráði ber árlega að efna til opinnar ráðstefnu um umferðaröryggismál.

115. gr. hljóðar svo:

Innan Umferðarráðs skal starfa fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum, sem Umferðarráð velur til eins árs í senn.

Framkvæmdanefnd fer með yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn á starfsemi ráðsins og ræður starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri skulu vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um, og gefa ráðinu skýrslu um starfsemi þess á milli funda.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ed. 624. Frumvarp til laga [351. mál]

um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

A-liður 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 2 676 000 kr. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1988 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1988. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í fyrsta sinn við álagningu gjalda á gjaldárinu 1987 miðað við eignarskattsstofn í árslok 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt a-lið 2. gr. laga nr. 49/1986 skal fjárhæð skattfrelsismarka manna vegna sérstaks eignarskatts, sem renna skal í byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu, breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum ársins 1987 að gefin verði upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 2. gr. laga nr. 49/1986 með sérstökum lögum.

Því er þetta frumvarp lagt fram. Samkvæmt því er lagt til að skattfrelsismörk laganna hækki um 23% á milli ára eða sem nemur hækkun fasteignamats íbúðarhúsnæðis og er það í samræmi við þá hækkun á skattfrelsismörkum eignarskatts sem gerð var með lögum nr. 72/1986, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ed. 625. Frumvarp til laga [352. mál]

um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

3. og 4. tölul. 1. gr. laganna orðast svo:

1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða með framkvæmd alþjóðasamninga.

1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings og varmaflæðis.

2. gr.

1. tölul. 2. gr. laganna orðast svo:

2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði þ.m.t. eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

3. gr.

2. tölul. 21 2. gr. laganna orðast svo:

2.2.21 Hávaða, titring, hitastreymi og óþef, m.a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.

4. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m.a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
6. Frárennsli og skolp.
7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir loftmengun.
8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
9. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
10. Önnur sambærileg atriði.

Enn fremur skal setja ákvæði um:

11. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
12. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.

5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg, sbr. 5.5.

5.3. Heimilt er sveitarstjórnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. og 3. gr., að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins er ekki falið eftirlit með mengandi starfsemi. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

5.4. Svæðisnefnd hefur yfirumsjón með fjármálum heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði og gerir tillögur að fjárhagsáætlun og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga á svæðinu fyrir næsta reikningsár og skal hafa sent þær hlutaðeigandi sveitarstjórnum til staðfestingar fyrir 1. nóv. ár hvert. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu, sbr. 5.3., renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar og það sem á vantar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda 1. des. næstliðins árs, sbr. 5.5.

5.5. Tillögur svæðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir sem hafa frest til athugasemda til 1. desember sama ár. Komi fram athugasemdir ber svæðisnefnd að ræða þær við viðkomandi forsvarsmenn sveitarfélaga og leita samkomulags. Náist ekki samkomulag ræður fjárhagslegur meiri hluti.

5.6. Náist ekki samkomulag um hver skuli annast fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlit svæðisins ber stærsta sveitarfélaginu að annast það gegn hæfilegri þóknun.

6. gr.

1. og 2. tölul. 6. gr. laganna orðast svo:

6.1. Í landinu skulu starfa 46 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan nefndarmanna og kosningar fer sem hér segir:

6.2. **Reykjavíkursvæði:**
Þar starfar ein nefnd, skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

7. gr.

Nýir 3. og 4. tölul. 6. gr. laganna orðast svo og aðrir liðir færast til er því nemur:

6.3. **Akranessvæði:**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.4. **Vesturlandssvæði:**
Þar starfa fjórar nefndir.

1. **Borgarnes,** ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
   Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.
2. **Ólafsvík,** ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
   Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn, kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
3. **Stykkishólmur,** ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
   Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn, kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4. **Búðardalur,** ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
   Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

8. gr.

12. tölul. 6. gr. laganna verður 13. tölul. 6. gr. laganna og orðast svo:

6.13. **Kópavogssvæði:**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

9. gr.

Nýr 13. tölul. 6. gr. laganna orðast svo og aðrir liðir færast til sem því nemur:

6.14. **Kjósarsvæði:**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellshreppur tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

10. gr.

17. tölul. 6. gr. laganna verður 19. tölul. 6. gr. laganna og orðast svo:

6.19. Formaður svæðisnefndar sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram þar sem við á.

11. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík) sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Suðurnesjasvæði,

Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fara heilbrigðisnefndir með störf svæðisnefnda auk héraðslæknis sem er formaður.

11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

11.3. Verkefni svæðisnefndar er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða og hafa yfirumsjón með fjármálum í samræmi við 5. gr.

12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

13.1. Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.

13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvarnaeftirliti, eiturefnaeftirliti og rannsóknum, sem þessu eru tengdar, og sér um framkvæmd þeirra í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.

13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu ofangreinds eftirlits í landinu, m.a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á þessu sviði, m.a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.

13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.

13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.

13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um mál er varða hollustuhætti.

13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.

13.8. Stofnunin leitar ráðgjafar landlæknis og yfirdýralæknis í málum sem snerta starfsemi þessara embætta.

13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.

13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.

13.11. Upplýsingar og tilkynningar stofnunarinnar til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

13. gr.

2. og 3. tölul. 14. gr. laganna orðast svo:

14.2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. Hún skal koma saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og móta stefnu í málefnum stofnunarinnar og hafa umsjón með gerð fjárlagatillagna.

14.3. Rekstur stofnunarinnar skal að öðru leyti vera í höndum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem skipuð skal formanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum sem ráðherra velur.

14. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

15.1. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar til fjögurra ára. Einungis má skipa mann sem hefur háskólamenntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði.

15.2. Framkvæmdastjóri annast fjármálalega stjórnun og stjórn almennrar skrifstofu. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

15. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við svið stofnunarinnar.

16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum fagbókakosti.

16. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

17.1. Stofnuninni skal skipt í fjögur svið: Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.

17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 2. gr., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum sviðum stofnunarinnar, sbr. 3. og 4. tölul. 17. gr.
Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu og eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neysluvara. Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu innlendra vörutegunda á sviði matvæla og neysluvara samkvæmt tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.

17.3. Rannsóknastofa annast efna- og gerlafræðilegar rannsóknir sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Enn fremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 3. gr. Mengunarvarnir annast enn fremur:

1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi.

17.5. Eiturefnaeftirlit annast yfirumsjón með vöruskráningu og innflutningi eiturefna og hættulegra efna í nauðsynjavörum. Jafnframt skal eiturefnaeftirlit hafa yfirumsjón með eftirliti annarra vara sem geta verið skaðlegar heilsu manna og sem ekki er falið öðrum samkvæmt lögum. Skráning innlendra vörutegunda á sviði nauðsynjavara fer fram að fengnum tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.

17.6. Ráðherra getur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og sérhæfð verkefni sem stofnuninni er falið að annast.

17.7. Hollustuvernd ríkisins getur tekið að sér verkefni bæði rannsóknir og ráðgjöf að fengnum tillögum stjórnar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

17. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar þar sem fram skulu koma frekari ákvæði um verkefni og verkaskiptingu.

18. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.

1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og starfsreynslu í heilbrigðiseftirliti.
2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði örveru- og/eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði rannsókna á matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði mengunarvarna.
4. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu á eiturefnafræði og starfsreynslu á því sviði.

19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn til fjögurra ára að fengnum tillögum stjórnar.

19.3. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

19. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

20.1. Framkvæmdastjóri ræður skrifstofufólk.

20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu til starfa á ýmsum sviðum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk á einstökum sviðum að höfðu samráði við framkvæmdastjórn.

20. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

21.1. Eiturefnanefnd, skv. lögum nr. 85/1968, manneldisráði, skv. lögum nr. 45/1978, og tóbaksvarnanefnd, skv. lögum nr. 74/1984, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánu samstarfi við hana, en halda að fullu sjálfstæði samkvæmt fyrrgreindum lögum. Ráðinn skal erindreki að stofnuninni til fræðslu- og upplýsingastarfa og skal hann enn fremur annast erindrekstur fyrir eiturefnanefnd, manneldisráð og tóbaksvarnanefnd.

21.2. Stofnunin skal hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit, Siglingamálastofnun og Ríkismat sjávarafurða um öll mál er varða starfsemi þeirra.

21. gr.

1. og 2. tölul. 22. gr. laganna orðast svo:

22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., og mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. Bann eða takmörkun hundahalds og annars gæludýrahalds.
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

22. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðaskiptingu 2.–14. tölul. 6. gr.

23. gr.

3. tölul. 24. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

4. og 5. tölul. 24. gr. laganna orðast svo:

24.4. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði skal starfa heilbrigðisfulltrúi sem framkvæmdastjóri eftirlitsins í fullu starfi. Þar sem aðeins einn heilbrigðisfulltrúi er starfandi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri.

24.5. Ekki skulu að jafnaði koma fleiri en 10 000 íbúar á hvert stöðugildi heilbrigðisfulltrúa.

25. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að ósk viðkomandi sveitarfélaga og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr.

26. gr.

2. tölul. 26. gr. laganna orðast svo:

26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins.

27. gr.

4. og 5. tölul. 26. gr. laganna falla brott og 6. tölul. 26. gr. laganna verður 4. tölul. 26. gr. laganna.

28. gr.

9. tölul. 27. gr. laganna orðast svo:

27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

29. gr.

1. tölul. 29. gr. laganna orðast svo:

29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

30. gr.

6. tölul. 29. gr. laganna orðast svo:

29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 8., 10. og 11. tölul. 27. gr.

31. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.

31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 53/1984 og lög nr. 31/1970, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd sem í eiga sæti hlutaðeigandi forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, forstjórar Vinnueftirlits ríkisins og Ríkismats sjávarafurða og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið.

31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara eða reglna settum samkvæmt þeim skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

34.1. Hollustuvernd ríkisns getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 109/1984 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Starfsreglur skv. 17. gr. skulu taka gildi við gildistöku laganna.

II

Innan árs frá gildistöku laga þessara skal á vegum Hollustuverndar ríkisins (heilbrigðiseftirlits og eiturefnaeftirlits, sbr. 2. og 5. tölul. 17. gr.) komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum, svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni eða hættuleg efni.

III

Þegar í stað skal hafist handa við uppbyggingu aðstöðu innan rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins til að annast efnafræðilegar rannsóknir vegna almenns heilbrigðiseftirlits, eftirlits með matvælum og öðrum neysluvörum, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í árslok 1987 og skal við það miðuð að aðstöðu verði fyrir komið eigi síðar en í árslok 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 28. júlí 1986 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd til að endurskoða lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, áður lög nr. 50/1981 með sama heiti, í samræmi við 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í áðurnefndum lögum en samkvæmt þeim ber að ljúka endurskoðun fyrir 1. ágúst 1987.

Í nefndina voru skipaðir: Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur, formaður, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, tilnefndur af landlækni, Valdimar Brynjólfsson heilbrigðisfulltrúi, tilnefndur af Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands. Ritari og sérstakur starfsmaður nefndarinnar var skipaður Þórhallur Halldórsson forstöðumaður.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 50/1981, hafa í reynd tvisvar hlotið endurskoðun frá gildistöku sem var 1. ágúst 1982, annars vegar með lögum nr. 92/1984, sem felld voru saman við fyrri lögin og gefin út svo breytt með lögum nr. 109/1984, og hins vegar með setningu laga nr. 117/1985, um geislavarnir. Fyrri breytingin varðaði fyrst og fremst heimildir sveitarfélaganna og Hollustuverndar ríkisins til gjaldtöku vegna heilbrigðiseftirlitsins og rannsóknastarfa. Með síðari breytingunni var geislavarnastarfsemin tekin frá Hollustuvernd ríkisins og sett undir sérstaka stofnun, Geislavarnir ríkisins. Eitt af verkefnum nefndarinnar hefur því verið að fella breytingar í kjölfar áðurnefndra laga inn í frumvarp það sem hér liggur frammi.

Með setningu nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þ.e. laga nr. 50/1981, var fyrst og fremst stefnt að þremur nýjum markmiðum sem eru:

1. Heilsteypt og samræmt heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit á landinu öllu.
2. Felldar voru undir eina stofnun, Hollustuvernd ríkisins, þrjár stofnanir á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem störfuðu á þessum vettvangi, þ.e. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins.
3. Sett var á fót sérstök mengunarvarnadeild innan Hollustuverndar ríkisins og í fyrsta skipti var í íslenskum lögum kveðið á um mengandi atvinnurekstur á heildstæðan hátt.

Það eru því fyrst og fremst ofangreind þrjú atriði sem komu til umfjöllunar í nefndinni við endurskoðun laganna auk þess sem ýmis smærri atriði eru færð til betri vegar eða felld út með vísun til fenginnar reynslu.

Nefndin er sammála um að reynslan af fyrsta markmiðinu sé í meginatriðum góð. Þannig hefur næstum tekist á aðeins fjórum árum að koma á, á landinu öllu, heilbrigðiseftirliti, sem er í höndum sérkunnáttumanna að verulegu leyti. Þar sem þetta hefur ekki enn tekist eru áform uppi um úrbætur innan skamms. Um þetta atriði vísast nánar til greinargerðar hér á eftir þar sem fjallað er um reynslu af framkvæmd gildandi laga í héraði. Með skírskotun til jákvæðrar þróunar þessara mála í héruðum landsins og nánast engra athugasemda frá umsagnaraðilum leggur nefndin aðeins til smávægilegar breytingar og leiðréttingar á II. kafla laganna þar sem fjallað er um stjórn og skipan mála í sveitarfélögum landsins. Breytingarnar snerta fyrst og fremst stöðu svæðisnefnda um heilbrigðiseftirlit, þ.e. afskipti þeirra af fjármálum og um samskipti sveitarfélaga, sem standa saman að heilbrigðiseftirliti á hinum 13 eftirlitssvæðum, þannig að síður komi til erfiðleika við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlana. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 5.–11. gr. í frumvarpinu.

Varðandi starfsemi Hollustuverndar ríkisins, sem fjallað er um í III. kafla gildandi laga, er nefndin sammála um að ekki hafi tekist til sem skyldi. Þannig hefur stofnuninni langt því frá, mest sakir fjárskorts, tekist að sinna þeim veigamiklu verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögunum. Þótt þar komi til fjárskortur, eins og áður segir, húsnæðisleysi og skortur á efnarannsóknum matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara eiga hér önnur atriði við, sem reyna verður að bæta með breytingum á lögunum. Er hér fyrst og fremst um stjórnun stofnunarinnar að ræða. Leggur nefndin til að hún verði gerð skilvirkari og að málum verði þannig komið fyrir að möguleikar gefist til betri stjórnunar en hingað til. Nauðsyn virkrar stjórnunar er brýn þar sem um er að ræða stofnun sem samkvæmt eðli sínu nýtur minni hylli þeirra er stjórna fjármálum en ýmsar aðrar stofnanir og möguleikar til tekjuöflunar eru litlir að svo miklu leyti sem störf hennar lúta að almenningi, en það er ein af

aðalskyldum hennar og hlýtur svo ávallt að vera. Fyrir því er lagt til að í stað forstjóra komi framkvæmdastjóri með rekstrarmenntun og rekstrarreynslu sem starfi með sérstakri þriggja manna starfsstjórn sem ráðherra velur úr sjö manna stjórn stofnunarinnar. Ekki skal þetta frekar tíundað hér en þess í stað vísað til athugasemda við 12.–20. gr. Þó skal hér tekið fram að nefndin leggur til að sviðum stofnunarinnar verði fjölgað um eitt, þ.e. eiturefnasvið, en um nauðsyn þess þarf vart að fjölyrða þótt nefna megi sífellt aukna notkun eiturefna og hættulegra efna ekki síst í nauðsynjavörum. Vísast um þetta nánar til athugasemda við 16. gr.

Um starfsemi mengunarvarnadeildar og ákvæða laganna um mengunarvarnir telur nefndin of skamman tíma hafa liðið til þess að hægt sé að dæma þar um af fullri vissu. Enn fremur komi hér meira til, þ.e. samræmd stefna í stjórnun umhverfismála, þ.m.t. mengunarvarnamála, en um þessa þætti eru skoðanir mjög skiptar og engin heildaráætlun í gildi. Rétt er þó að benda á að á undanförnum fjórum árum hefur ýmsu verið áorkað og vísast þar til greinargerðar um starfsemi mengunarvarnadeildar hér á eftir. Nefndin leggur því ekki til efnislegar breytingar á þessum þætti.

Í störfum sínum hefur nefndin leitast við að fá umsagnir sem flestra aðila. Þannig voru eftirtaldir aðilar ýmist boðaðir á fund nefndarinnar, gefinn kostur á að setja fram skriflegar athugasemdir eða beinlínis beðnir um þær:

Umsagnaraðilar:

Forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, formenn svæðisnefnda, framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlits, aðrir starfandi heilbrigðisfulltrúar, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, landlæknir, yfirdýralæknir, eiturefnanefnd, manneldisráð, tóbaksvarnanefnd, Vinnueftirlit ríkisins, Ríkismat sjávarafurða, Siglingamálastofnun, Náttúruverndarráð, Samtök heilbrigðisstétta, Geislavarnir ríkisins, Neytendasamtökin, Vinnumálasamband samvinnufélaga, Vinnuveitendasamband Íslands, Félag íslenskra iðnrekenda, Félag íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtök Íslands.

Auk þess var á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir beiðni nefndarinnar auglýst í dagblöðum eftir umsögnum og athugasemdum vegna endurskoðunarinnar.

Eftirtaldir aðilar mættu á fundi nefndarinnar og/eða sendu inn skriflegar athugasemdir:

Rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins, mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins, heilbrigðiseftirlit Hollustuverndar ríkisins, Halldór Runólfsson deildardýralæknir, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis, Tryggvi Þórðarson heilbrigðisfulltrúi, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis, heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis, formaður svæðisnefndar Vesturlandshéraðs, heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis, heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis vestra, Friðrik J. Friðriksson, formaður svæðisnefndar Norðurlands vestra, Skúli G. Johnsen, formaður svæðisnefndar Reykjavíkursvæðis, Þorkell Jóhannesson, formaður eiturefnanefndar, heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðarsvæðis, heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra, Hilmar Bjarnason, heilbrigðisfulltrúi Eskifirði, heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis, heilbrigðiseftirlit Suðurnesjasvæðis, heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðarsvæðis, heilbrigðiseftirlit Kópavogssvæðis, Dýralæknafélag Íslands, Félag íslenskra stórkaupmanna, manneldisráð Íslands, Náttúruverndarráð, Neytendasamtökin, Siglingamálastofnun ríkisins, Vinnuveitendasamband Íslands, Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands, Síldarverksmiðjur ríkisins, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands, yfirdýralæknir, sveitarstjóri Mosfellshrepps og formaður svæðisnefndar Suðurnesja, Hafnarfjarðarsvæðis og Kópavogssvæðis.

Aðrir sáu hvorki ástæðu til þess að mæta á fund nefndarinnar né senda inn skriflegar athugasemdir.

Að fengnum athugasemdum hefur nefndin unnið að gerð þessa frumvarps frá því í sept. s.l. og reynt að samræma sjónarmið þeirra sem þær gerðu eftir því sem unnt er.

Auk þess sem þegar hefur verið drepið á hér að framan og verður gert í athugasemdum hér á eftir vill nefndin sérstaklega hnykkja á tveimur atriðum sem nauðsynlegt er að tekist verði á við í náinni framtíð.

Fyrra atriðið snertir læknisfræðilega starfsemi í tengslum við Hollustuvernd ríkisins. Nefndin telur að slíka starfsemi beri ekki að byggja upp innan stofnunarinnar heldur beri að koma henni fyrir innan embættis landlæknis þar sem hún mundi enn fremur nýtast annarri starfsemi eins og héraðslæknisembættunum sem auk þess tengjast heilbrigðiseftirliti vegna þess að héraðslæknar eru formenn svæðisnefnda um heilbrigðiseftirlit. Vill nefndin sérstaklega undirstrika nauðsyn þessa starfs hjá réttum aðila og þau sjónarmið er liggja hér að baki.

Síðara atriðið varðar það sem nefnt hefur verið skörun eftirlitsins og byggist á því að margir aðilar með ólíkan stjórnarfarslegan bakgrunn eru að sinna svipuðu eftirliti.

Þótt mikið hafi verið um ofangreinda skörun rætt á undanförnum árum hefur lítið áunnist. Það sýnir löggjöf undanfarinna ára á þessu sviði ekki síst um einstakar ríkisstofnanir. Þó er rétt að benda á að tekist hefur góð samvinna milli Vinnueftirlits ríkisins og Hollustuverndar ríkisins um þau mál, sem geta valdið skörun milli þeirra, en verkaskipting milli þeirra er miklu skýrari samkvæmt gildandi lögum en áður var. Nefndin vill vekja sérstaka athygli á þessum skörunaratriðum hér þar sem slíkt ástand getur ekki gengið til langframa öðruvísi en til réttaróvissu komi og þverrandi trúar almennings og hlutaðeigandi aðila á slíku eftirliti, svo ekki sé getið um óþarfa kostnað sem ávallt fylgir eftirliti margra aðila. Lausnin er ekki endilega fólgin í því að fella saman starfsemi einstakra stofnana heldur frekar í því að samræma stjórnun þeirra.

Samkvæmt 9. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981 átti að gera könnun á því hvort sameina eða samræma megi frekar starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Skyldi könnun þessari lokið eigi síðar en 1. ágúst 1985. Nefnd hefur verið starfandi á þessu sviði síðan á miðju ári 1985. Ekki hefur neitt komið út úr þeirri vinnu ennþá og virðist ekki að vænta árangurs, enda telja nefndarmenn að reynsla af framkvæmd laga nr. 109/1984 sé ekki nægjanlega mikil til þess að hægt sé að leggja til frekari samræmingu.

Á fundum frumvarpsnefndarinnar komu ofangreind samræmingarmál oft til umræðu ekki síst vegna spurningarinnar um hvað væri hægt að fela heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna af eftirliti hinna ríkisreknu stofnana sem áður eru nefndar, að svo miklu leyti sem slíkt getur tengst starfseminni í sveitarfélögum landsins. Sem dæmi um slíkt eftirlit var endurskoðunarnefndin sammála um að hluta af eftirliti með framleiðslu sjávarafurða yrði hæglega komið fyrir í höndunum á heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna sem flestir hafa háskólamenntun, ekki síst á sviði matvælaframleiðslu. Væri þannig hægt að skapa heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna traustari starfsgrundvöll.

Reynsla af framkvæmd gildandi laga í héraði.

Sú svæðaskipting, sem tekin var upp, hefur með lögum nr. 50/1981 (nú lög nr. 109/1984) styrkt heilbrigðiseftirlit í landinu og komið á virku eftirliti í sveitarfélögum þar sem lítið sem ekkert eftirlit var í áður.

Það er samdóma álit eftirlitsaðila að þar sem eftirlit hefur komist til framkvæmda á svæðunum og heilbrigðisfulltrúi er í fullu starfi, sé virkni þess góð og mikið hafi áunnist.

Það sem fyrst og fremst hefur valdið erfiðleikum er tregða nokkurra sveitarfélaga til samstarfs um heilbrigðiseftirlit, en erfiðleikum er bundið að kveða á um slík samskiptamál í

lögum sem þessum, þar sem gengið er út frá samvinnu sveitarfélaganna eftir viðteknum reglum. Tregða þessi kom í byrjun fyrst og fremst fram vegna aukins kostnaðar sem einstök sveitarfélög töldu að þau yrðu fyrir. Með tilkomu heimildar til gjaldtöku af eftirlitsskyldum fyrirtækjum 1984 gjörbreyttist viðhorfið til eftirlitsins og hafa margir lýst því yfir að hún sé raunverulega forsenda þess að hægt sé að halda uppi viðunandi heilbrigðiseftirliti.

Framkvæmt eftirlit í héruðum og breytingar samkvæmt gildandi lögum hefur verið sem hér segir:

Akranessvæði.

Fyrir 1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi í fullu starfi á Akranesi, svo er einnig í dag. Þess ber að geta að Akranessvæði, þ.e. kaupstaðurinn og hrepparnir sunnan heiðar eins og það er kallað (Hvalfjörður, Svínadalur, Melar), var á árinu 1984 gert að sérstöku heilbrigðiseftirlitssvæði en hafði áður tilheyrt Vesturlandssvæði. Heilbrigðisfulltrúi starfaði á Akranesi fyrir og við gildistöku laganna og starfar nú á Akranessvæði, þ.e. einn framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits, eitt stöðugildi. Akranessvæði var sett gjaldskrá 1985.

Vesturlandssvæði.

Fyrir 1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi starfandi á Vesturlandssvæði. Starfaði sá eingöngu fyrir Borgarnes og var í 20% starfi. Í dag er á Vesturlandssvæði einn framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits, eitt stöðugildi. Hann hefur aðsetur í Borgarnesi.

Vestfjarðasvæði.

Fyrir 1. ágúst 1982 voru þrír heilbrigðisfulltrúar á Vestfjarðasvæði, allir í hlutastörfum. Einn fyrir Patreksfjörð, einn fyrir Flateyri, einn fyrir Ísafjörð og Bolungarvík. Stöðugildi þessara þriggja manna voru 0,68. Í dag eru heilbrigðisfulltrúar á Vestfjarðasvæði fjórir og skiptist svæðið þannig: Einn heilbrigðisfulltrúi starfar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu með aðsetri á Patreksfirði, einn heilbrigðisfulltrúi starfar fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og hefur aðsetur á Flateyri, heilbrigðisfulltrúi fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, Ísafjörð og Bolungarvík hefur aðsetur á Ísafirði. Heilbrigðisfulltrúi fyrir Strandasýslu hefur aðsetur á Hólmavík. Samanlögð stöðugildi þessara fjögurra heilbrigðisfulltrúa eru 2,15.

Norðurlandssvæði vestra.

Fyrir 1. ágúst 1982 störfuðu tveir heilbrigðisfulltrúar á Norðurlandssvæði vestra, annar á Sauðárkróki og hinn á Siglufirði. Voru þeir í hlutastörfum fyrir þessi bæjarfélög. Stöðugildi taldist vera 0,58 til samans. Nú er á Norðurlandssvæði vestra einn heilbrigðisfulltrúi sem starfar fyrir allt svæðið. Stöðugildi er 1,0.

Eyjafjarðarsvæði.

Á Eyjafjarðarsvæði hafa mannabreytingar orðið hvað minnstar varðandi mannahald. Árið 1982 voru tveir heilbrigðisfulltrúar starfandi í 1,33 stöðugildum fyrir Akureyri. Í dag eru tveir heilbrigðisfulltrúar í 1,33 stöðugildum en starfa fyrir allt svæðið.

Norðurlandssvæði eystra.

1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi í 50% starfi á Húsavík. Nú eru heilbrigðisfulltrúar tveir, stöðugildi 1,15 og starfað á öllu svæðinu.

Austfjarðasvæði.

Á Austfjarðasvæði töldust 1 ágúst 1982 fimm heilbrigðisfulltrúar í hlutastörfum á jafnmörgum þéttbýlissvæðum. Stöðugildi 1,73. Í dag er sama tala heilbrigðisfulltrúa (þ.e.

fimm) og hlutastörf eingöngu, stöðugildi 1,67. Enn eru héruð á Austfjarðasvæði, bæði í dreifbýli og þéttbýli, er ekki hafa þjónustu heilbrigðisfulltrúa, Suðurfirðirnir allir ásamt Vopnafirði.

Suðurlandssvæði.

1. ágúst 1982 störfuðu tveir heilbrigðisfulltrúar á Suðurlandssvæði í hlutastörfum samtals 0,60 stöðugildi. Störfuðu þeir hvor í sínum þéttbýliskjarnanum. Nú eru tveir heilbrigðisfulltrúar starfandi, stöðugildi 1,15, þar af er annar í fullu starfi fyrir svæðið allt, en hinn er í hlutastarfi fyrir Vestmannaeyjar.

Suðurnesjasvæði.

1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi í 1,0 stöðugildi á svæðinu en í dag eru tveir heilbrigðisfulltrúar í tveimur stöðugildum og sinna þeir einnig Keflavíkurflugvelli.

Hafnarfjarðarsvæði.

1. ágúst 1982 voru tveir heilbrigðisfulltrúar í 1,25 stöðugildum. Í dag eru 2 heilbrigðisfulltrúar í 1,50 stöðugildum.

Kópavogssvæði.

1. ágúst 1982 voru tveir heilbrigðisfulltrúar í 1,50 stöðugildum á Kópavogssvæði og svo er einnig í dag en starfssvæðið hefur aukist með dreifbýlishreppunum á svæðinu.

Reykjavíkursvæði.

1. ágúst 1982 voru átta heilbrigðisfulltrúar starfandi í átta stöðugildum á Reykjavíkursvæði. Nú eru starfandi 6½ heilbrigðisfulltrúi í jafnmörgum stöðugildum, er því óráðstafað í 1½ stöðugildi.

Samkvæmt ofanrituðu eru stöðugildi heilbrigðisfulltrúa nú 23,55 sem eru setin af 31 heilbrigðisfulltrúa. Hinn 1. ágúst 1982 þegar lögin öðluðust gildi voru stöðugildi 18,38 sem voru setin af 30 heilbrigðisfulltrúum.

Rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins.

Við gildistöku laganna 1. ágúst 1982 voru starfandi auk forstöðumanns við rannsóknastofu stofnunarinnar tveir náttúrufræðingar, einn líffræðingur og sex rannsóknarmenn. Í dag eru auk forstöðumanns einn deildargerlafræðingur, einn gerlafræðingur, þrír líffræðingar, þar af tveir í hálfri stöðu og fimm rannsóknarmenn. Auk þess starfar líffræðingur við tímabundið verkefni í hálfu starfi.

Með lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins ætlað að annast efna- og gerlafræðilegar rannsóknir á sviði matvæla-, neyslu og nauðsynjavara og mengunar fyrir heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir hér á landi. Áður hafði rannsóknastofan verið rekin sem sjálfstæð stofnun skv. lögum nr. 74/1977, um Matvælarannsóknir ríkisins, og haft sambærilegu hlutverki að gegna fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

Þó að Matvælarannsóknir ríkisins hafi starfað í næstum sex ár, var ekki komið upp efnarannsóknaaðstöðu hjá stofnuninni. Eingöngu var því um gerlarannsóknir að ræða og fór brátt svo að allt húsnæði, sem stofnuninni var ætlað, var tekið undir gerlarannsóknir vegna síaukinna verkefna á því sviði. Á það skal bent að forsvarsmenn stofnunarinnar gerðu margítrekaðar tilraunir til að fá fjármagn til tækjakaupa og leyfi til stöðuráðninga vegna efnarannsókna, en án árangurs.

Eftir að Hollustuvernd ríkisins hóf starfsemi, hefur engin breyting orðið á húsnæðismálum rannsóknastofunnar og enn þá er eingöngu um að ræða rannsóknir á sviði gerlarannsókna. Gerlarannsóknirnar hafa aftur á móti aukist jafnt og þétt á undanförnum árum og því er starfsfólk rannsóknastofunnar nú mun fleira en þegar Matvælarannsóknir ríkisins byrjuðu starfsemi sína.

Ekki hefur verið staðið við lagaskyldur varðandi efnarannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir þrátt fyrir næstum 10 ára gömul lagaákvæði þar að lútandi. Í þeim tilfellum, sem bráðnauðsynlega hefur þurft á efnarannsóknum að halda, hefur rannsóknastofan stundum haft milligöngu um að koma sýnum í rannsókn á öðrum íslenskum rannsóknastofum eða á rannsóknastofum erlendis. Hér er þó aðeins um mjög fá sýni að ræða á hverju ári þar sem rannsóknastofunni hefur aldrei verið ætlað sérstakt fé til að greiða þessar rannsóknir og hefur orðið að taka það af rekstrarfé.

Gerlarannsóknir hafa lengst af verið framkvæmdar fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu án sérstaks endurgjalds. Með breyttum lögum, sbr. lög nr. 109/1984 (áður lög nr. 50/1981), var sveitarfélögum heimiluð gjaldtaka vegna eftirlitsskylds reksturs og rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins heimilað að krefja sveitarfélög um ákveðna greiðslu fyrir rannsóknir á sýnum vegna heilbrigðiseftirlits. Ekki má þó krefjast hærri greiðslu en nemur 50% af rannsóknarkostnaði fyrir hvert sýni. Frá 1984 hefur stjórn stofnunarinnar nýtt sér þessa heimild til þess að afla lögskipaðra sértekna þannig að sveitarfélögin greiða 25–30% af rannsóknarkostnaði við hvert sýni.

Með gjaldtökunni hefur dregið talsvert úr sýnafjölda sem heilbrigðiseftirlitið óskar að fá rannsakaðan með tilliti til gerlagróðurs. Hefur því verið slakað verulega á þeim kröfum sem gerðar voru til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna um leyfilegan sýnafjölda á árinu 1983 þegar gerlarannsóknir rannsóknastofunnar gátu ekki lengur annað öllum þeim sýnum sem óskað var rannsóknar á. Um leið og sýnum frá heilbrigðiseftirlitinu hefur farið fækkandi hefur fjöldi sýna frá fyrirtækjum og einkaaðilum aukist. Þessi sýni eru nú allt að 20% af heildarfjölda rannsakaðra sýna og fer greiðsla fyrir þessar rannsóknir fram samkvæmt ákveðinni gjaldskrá.

Mjög brýnt er að tekin verði ákvörðun um efnarannsóknir á vegum Hollustuverndar ríkisins því að mörg mikilvæg verkefni bíða úrlausnar á þessu sviði. Segja má að í dag sé sama og ekkert eftirlit með efnasamsetningu og tilvist aukaefna í matvælum og öðrum neysluvörum. Auk þess getur stofnunin ekki sinnt neinum efnarannsóknum vegna mengunarvarna. Ljóst er að kostnaður við að koma á fót efnarannsóknastofu, sem gegnir þessu tvíþætta hlutverki, hlýtur að vera mikill.

Greinargerð mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

Með stofnun Hollustuverndar ríkisins var í fyrsta sinn í lögum hér á landi sett á stofn deild sem eingöngu var ætlað það hlutverk að sinna mengunarvörnum.

Vísir að slíkri starfsemi var áður hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, en verkefni Hollustuverndar ríkisins eru mun víðtækari á sviði mengunarvarna. Í því sambandi nægir að benda á skilgreiningu á mengun í 1. gr. laga nr. 109/1984 og enn fremur þar sem segir í sömu grein að lögin nái yfir alla starfsemi og framkvæmd sem haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar.

Þegar Hollustuvernd ríkisins tók til starfa árið 1982 voru starfsmenn mengunarvarna sex í sex stöðuheimildum, þ.e. forstöðumaður, verkfræðingur, eðlisfræðingur, tveir mengunarsérfræðingar og ritari.

Með stofnun Geislavarna ríkisins, sem í upphafi var hluti af mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins, fækkaði starfsmönnum um tvo og auk þess var ritari færður til almennrar skrifstofu.

Síðari hluta árs 1985 fékkst ný stöðuheimild fyrir verkfræðing. Stöðuheimildir í dag eru þannig fjórar. Starfsmenn eru hins vegar fimm, þ.e. forstöðumaður, verkfræðingur, efnaverkfræðingur, vatnalíffræðingur og umhverfisskipulagsfræðingur.

Frá því mengunarvarnir tóku til starfa hefur verið unnið talsvert af sérverkefnum, þ.e. verkefnum sem unnin eru gegn greiðslu. Farið var út á þessa braut vegna þess að á þann hátt einan, vegna lítilla fjárveitinga, var unnt að afla mælitækjabúnaðar og með honum nokkurra upplýsinga um mengun hér á landi.

Mengunarvarnir eiga nú þokkalegan búnað til mælinga á loftmengun og hávaðamengun, en uppbygging á búnaði til vatnsmengunarmælinga hefur ekki átt sér stað enn. Slíkur búnaður verður þó stöðugt mikilvægari m.a. vegna örrar uppbyggingar í fiskeldi.

Skýrslur, sem gefnar hafa verið út á vegum mengunarvarna, eru m.a. um loftmengunarmælingar á Sauðárkróki, Höfn í Hornafirði, Reyðarfirði og Akranesi og von er á skýrslum um loftmengunarmælingar á Grundartanga, við Álverið í Straumsvík og í Reykjavík. Auk þess er von á skýrslu um hávaðamælingar í umhverfi Keflavíkurflugvallar.

Mengunarvarnir eru geysilega vítt svið og verða ekki stundaðar svo vel sé án sérhæfingar. Innan mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins hefur þessi sérhæfing verið byggð upp á undanförnum árum eftir því sem hægt er í litlu þjóðfélagi. En nú er svo komið að innan mengunarvarna starfa sérfræðingar á sviði loftmengunar, vatnsmengunar, hávaðamengunar og förgunar úrgangs. Auk þess starfar einn sérfræðingur sérstaklega á tæknisviði sem tengt er vinnslu starfsleyfistillagna.

Tveir starfsmenn eru reyndar í einu stöðugildi og er það algjörlega ófullnægjandi og horfir til hreinna vandræða, ef ekki verður breyting á, vegna aukinna verkefna þegar á árinu 1987.

Jafn lítil þjóð og Íslendingar mun aldrei geta byggt upp þá sérhæfingu sem nauðsynleg er til að geta leyst öll þau margvíslegu verkefni sem upp koma á sviði mengunarvarna. Þess vegna er samvinna við aðrar þjóðir á þessu sviði nauðsynleg.

Vísir er nú kominn að þátttöku í samstarfi Norðurlandaþjóða á sviði umhverfismála. Samstarf þessara þjóða hefur á undanförnum árum verið mjög mikið en mest án þátttöku Íslendinga.

Aukin þátttaka er tvímælalaust mikilvægur liður í uppbyggingu mengunarvarna hér á landi, enda tegundir mengunar hér þær sömu og hjá öðrum þjóðum.

Unnið hefur verið að gerð mengunarvarnareglugerðar og munu drög væntanlega liggja fyrir eftir áramótin 1986/1987. Einn hluti reglugerðarinnar hefur reyndar þegar tekið gildi, þ.e. reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Margar starfsleyfistillögur og leyfi fyrir staðsetningu mengandi starfsemi hafa þegar verið afgreidd samkvæmt reglugerðinni.

Áberandi hingað til eru afgreiðslur hvað varðar fjölda fiskeldisstöðva og fiskimjölsverksmiðja.

Á þessu verður breyting á næstunni, enda eiga öll starfandi fyrirtæki, sem falla undir reglugerðina og ekki hafa gilt starfsleyfi, að hafa sótt um það fyrir 1. mars 1987.

Í framhaldi af útgáfu ofangreindrar reglugerðar var gefin út gjaldskrá nr. 355/1986 vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja. Gjaldskrá þessi er mjög mikilvæg og mun gera mengunarvörnum kleift að halda uppi reglubundnu sérhæfðu eftirliti með mengandi starfsemi, en á það hefur mjög skort til þessa.

Óhætt er að fullyrða að vegna naumra fjárveitinga frá því Hollustuvernd ríkisins tók til starfa hafi uppbygging mengunarvarna gengið hægt. Því til staðfestingar má nefna að engin ný stöðuheimild sérfræðings fékkst fyrr en rúmum þremur árum eftir gildistöku laga nr. 50/1981.

Mengunarvarnareglugerð, sem semja á skv. 3. gr., hefur einungis að litlum hluta tekið gildi. Einum mikilvægasta þættinum, fræðslu- og upplýsingastarfsemi, hefur til þessa nánast ekkert verið unnt að sinna.

Sérhæfðu eftirliti með mengun og mengandi starfsemi er enn mjög ábótavant. Ekki hefur reynst unnt að taka á þeim mjög svo mikilvæga málaflokki, förgun eiturefna og hættulegra efna.

Nauðsynlegt er að á þessu verði breyting og að fjárveitingar til mengunarvarna verði í samræmi við þau fjölmörgu verkefni sem vinna þarf á því sviði.

Greinargerð heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir starfsemi heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins frá gildistöku laganna nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. Starfsfólk.

Er lögin tóku gildi í ágúst 1982 voru starfandi auk forstöðumanns deildardýralæknir, heilbrigðisráðunautur og ritari. Starfsliðið í dag er óbreytt að öðru leyti en því að staða ritara var flutt til yfirstjórnar stofnunarinnar og árið 1983 var ráðinn næringarfræðingur sem deildarráðunautur í fullt starf.

2. Uppbygging heilbrigðiseftirlits í landinu.

Frá gildistöku laganna hefur eitt af mikilvægustu verkefnunum verið að vinna að endurskipulagningu heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Með hinum nýju lögum voru gerðar grundvallarbreytingar á skipulagningu heilbrigðiseftirlitsins og var heilbrigðisnefndum fækkað úr 224 í 47 og landinu skipt í 12 heilbrigðiseftirlitssvæði. Veruleg mótstaða reyndist vera hjá mörgum sveitarstjórnum víða um land gegn hinni nýju löggjöf og þá fyrst og fremst hjá þeim sem ekki höfðu áður sinnt heilbrigðiseftirliti að einhverju marki. Helstu athugasemdir sem gerðar voru við hið nýja fyrirkomulag voru þær að sveitarstjórnir töldu sig ekki hafa fjármagn til að standa undir kostnaði við heilbrigðiseftirlitið. Víðtæk fundahöld af hálfu stofnunarinnar með heimamönnum í þeim tilgangi að kynna hina nýju löggjöf og koma henni í framkvæmd skiluðu verulegum árangri. Stofnunin beitti sér einnig fyrir endurskoðun laganna árið 1984 í því skyni að heimila sveitarfélögunum gjaldtöku af eftirlitsskyldri starfsemi lögum samkvæmt. Nokkur svæði nýttu sér þessa heimild þegar í stað en á öðrum svæðum t.d. höfuðborgarsvæðinu hefur þessi heimild ekki verið nýtt.

Við gildistöku laganna voru starfandi 30 heilbrigðisfulltrúar og höfðu um helmingur þeirra sérmenntun á háskólastigi í heilbrigðiseftirliti. Í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 50/1981 var haldið réttindanámskeið haustið 1983 fyrir þá heilbrigðisfulltrúa sem voru í starfi og ekki höfðu tilskilda sérmenntun. Þátttaka á þessu námskeiði var sett sem skilyrði fyrir því að menn öðluðust réttindi sem heilbrigðisfulltrúar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 150/1983, um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Ofangreind reglugerð var sett með stoð í lögum nr. 50/1981 og með tilkomu hennar voru fyrst gerðar opinberar kröfur um menntun heilbrigðisfulltrúa um leið og starfsheiti þeirra hlaut löggildingu.

Árangur af störfum síðastliðinna ára er nú að koma í ljós og má segja að skipulagning heilbrigðiseftirlits sé komin í nokkuð viðunandi horf á öllum svæðum að undanskildum hluta Austfjarðasvæðis. Þá hefur sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúum fjölgað og má m.a. geta þess að sex dýralæknar hafa sótt starfsþjálfun við stofnunina á síðastliðnum tveimur árum í þeim tilgangi að öðlast réttindi sem heilbrigðisfulltrúar. Þá hafa enn fremur sex matvælafræðingar og nokkrir líffræðingar hlotið réttindi sem heilbrigðisfulltrúar að lokinni starfsþjálfun í heilbrigðiseftirliti.

Í dag eru starfandi 31 heilbrigðisfulltrúi og af þeim eru tveir þriðju sérmenntaðir. Af þessu má sjá að mikið hefur áunnist í því að fá sérmenntaða starfsmenn að heilbrigðiseftirlitinu en eitt af frumskilyrðum fyrir því að árangur náist á þessu þýðingarmikla forvarnarstigi heilbrigðisþjónustunnar er vel menntað starfsfólk.

3. Samræming heilbrigðiseftirlits.

Til að vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlitsins í landinu, sem stofnuninni er ætlað að annast samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og enn fremur til að fyrirbyggja eftir því sem hægt er tvíverknað og skörun í eftirliti, skipuleggur stofnunin á hverju ári fundi með starfandi heilbrigðisfulltrúum og héraðslæknum.

Héraðslæknar gegna þýðingarmiklu hlutverki í uppbyggingu heilbrigðiseftirlitsins þar sem þeir eru formenn svæðisnefnda á eftirlitssvæðum. Á fundum þessum eru tekin fyrir og rædd fyrst og fremst þau verkefni sem eru til umfjöllunar hjá stofnuninni og heilbrigðiseftirlitinu hverju sinni. Einnig hafa sótt þessa fundi fulltrúar frá ýmsum stofnunum sem á einn eða annan hátt tengjast starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Má þar nefna m.a. fulltrúa frá landlæknisembættinu, yfirdýralækni, Ríkismati sjávarafurða, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins.

4. Nokkur verkefni heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins.

Matvæli:

Notkun aukaefna. Merking umbúða. Sérreglugerðir t.d. mjólkurreglugerð. Endurskoðun matvælalöggjafar. Innflutningseftirlit. Samning reglugerðar um egg og eggjavörur. Aðskotaefni í matvælum. Notkun vítamína og steinefna í matvælum. Norrænt og alþjóðlegt samstarf á sviði matvælalöggjafar. Umfjöllun um bætiefni og náttúruvörur.

Nauðsynjavörur:

Eftirlit með umbúðamerkingum fyrir vörur sem innihalda eiturefni og hættuleg efni. Önnur verkefni í samræmi við ákvæði reglugerða um eiturefni og hættuleg efni. Vörur sem geta verið skaðlegar heilbrigði vegna hönnunar eða annarra atriða.

Almennt heilbrigðiseftirlit:

Samræming eftirlitsins, heilbrigðisreglugerð og ýmsar sérreglugerðir.

Fræðsla:

Fræðsla og ráðgjöf fyrir heilbrigðiseftirlitið, almenning og innflytjendur, framleiðendur og söluaðila vegna ofangreindra málaflokka.

5. Starfsgrundvöllur Hollustuverndar ríkisins.

Frá því lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, tóku gildi hefur uppbygging Hollustuverndar ríkisins gengið hægt þar sem fjárveitingavaldið hefur skammtað stofnuninni naumt miðað við lögbundin verkefni. Í fjárlagatillögum fyrir árið 1987 eru t.d. aðeins áætlaðar 500 þús. kr. í stofnkostnað fyrir stofnunina í heild.

Leggja ber því höfuðáherslu á að starfsemi Hollustuverndar ríkisins verði efld og sérstök áhersla lögð á að tryggja rekstrargrundvöll stofnunarinnar.

Af þeim málaflokkum og verkefnum sem hér hafa verið gerð nokkur skil má sjá að þau eru margþætt og þurfa mikla undirbúningsvinnu. Þau eru enn fremur flest þess eðlis að leita þarf samvinnu og samráðs við marga hagsmunaaðila og þeir starfsmenn sem þessi verk vinna eyða miklum tíma í að veita alls konar ráðgjöf og upplýsingar.

Það má því ljóst vera að taka þarf til endurmats þær fjárveitingar sem Hollustuvernd ríkisins hefur verið veitt fram að þessu ef stofnunin á að geta skilað því hlutverki sem löggjafinn hefur falið henni.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Lagt er til að svæðisnefndir heilbrigðiseftirlits verði styrktar og þeim falin yfirumsjón með fjármálum eftirlitsins úti í héruðum.
2. Lagðar eru til skýrar reglur um kostnaðarskiptingu og að tekjur eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna renni í sameiginlegan rekstrarsjóð.
3. Skýrari ákvæði eru um fjárreiður eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna og hvernig fari um afgreiðslu í ágreiningsmálum.
4. Heilbrigðisnefndirnar í Mosfellssveit og á Seltjarnarnesi verða gerðar að sérstöku heilbrigðiseftirlitssvæði.
5. Lagt er til að stjórn Hollustuverndar ríkisins verði styrkt með því að skipa sérstaka rekstrarstjórn og framkvæmdastjóra rekstrar.
6. Lagt er til að stofnað verði nýtt svið innan Hollustuverndar ríkisins sem annist eiturefnaeftirlit.
7. Sett eru inn ákvæði um innflutningseftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum á vegum Hollustuverndar ríkisins.
8. Kveðið er á um vöruskráningarskyldu Hollustuverndar ríkisins varðandi erlend og innlend matvæli og aðrar neysluvörur og vörur sem geta verið skaðlegar heilsu manna.
9. Lögð er til sú regla að framkvæmdastjóri og forstöðumenn sviða Hollustuverndar ríkisins verði skipaðir til fjögurra ára.
10. Lagt er til að við Hollustuvernd ríkisins starfi sérstakur fræðslu- og upplýsingafulltrúi sem jafnframt annist erindrekstur fyrir eiturefnanefnd, manneldisráð og tóbaksvarnanefnd.
11. Rýmkaður er afskiptaréttur Hollustuverndar ríkisins til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana láti heilbrigðisnefnd málið ekki til sín taka eða sinni því lítið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða heldur leiðréttingar, annars vegar samkvæmt tilmælum Siglingamálastofnunar og snertir það framkvæmd alþjóðasamninga og hins vegar vegna þegar samþykktra breytinga með tilkomu laga nr. 117/1985, um geislavarnir, en samkvæmt þeim voru öll ákvæði laga nr. 109/1984 varðandi geislun felld úr gildi.

Um 2. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til varða samningu heilbrigðisreglugerðar, og er gert ráð fyrir að setja megi ákvæði í fleiri reglugerðir en heilbrigðisreglugerð, þ.e. að heilbrigðisreglugerðir geti orðið fleiri en ein sé ástæða til að taka á einstökum þáttum í sérreglugerðum.

Um 3. gr.

Hér er bætt inn í 2. tölul. 21 2. gr. orðunum „hitastreymi“ og „óþef“ en eftirlitsaðilar eru sammála um að í heilbrigðisreglugerð þurfi að vera ákvæði um þetta að svo miklu leyti sem mengunarvarnareglugerð tekur ekki á þessum málum. Hér má sem dæmi nefna hitastreymi frá leiðslum og tækjum og óþef frá híbýlum manna.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir sams konar setningu reglugerða varðandi mengunarvarnir og heilbrigðisreglugerð og vísast um það til athugasemda við 2. gr.

Enn fremur að mengunarvarnareglugerð/reglugerðir gildi fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi eins og heilbrigðisreglugerð en ákvæði þess efnis eru ekki í gildandi lögum. Aðrar breytingar snerta gildistöku laga nr. 117/1985, um geislavarnir, og vikið er að þeim í athugasemdum um 1. gr.

Um 5. gr.

Þær breytingar sem hér eru gerðar lúta að því að styrkja svæðisnefndir heilbrigðiseftirlitssvæðanna, gera þær ábyrgar fyrir yfirumsjón með fjármálum eftirlitsins þótt fjárhagslega ábyrgðin verði áfram eins og eðlilegt er hjá sveitarstjórnunum. Lagðar eru til skýrar reglur um kostnaðarskiptingu og að tekjur renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu á rekstri eftirlitsins. Enn fremur eru lagðar til skýrar reglur um athugasemdir sveitarfélaga við fjárhagstillögur svæðisnefnda og hvernig skuli skorið úr ágreiningi.

Einnig er gerð tillaga um hver skuli annast fjárreiður eftirlitsins náist ekki samkomulag um það. Um alla þessa þætti hefur skort skýr lagaákvæði og hefur þetta torveldað eftirlitið þar sem t.d. fámenn sveitarfélög hafa leitt hjá sér að samþykkja fjárhagsáætlanir. Í greininni er enn fremur lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geti innheimt gjöld af eftirlitsskyldum mengandi rekstri sem Hollustuvernd ríkisins hefur ekki með að gera. Sem stendur skortir lagaheimildir til þess og geta sveitarfélögin einungis innheimt gjöld af eftirlitsskyldri starfsemi sem fellur undir heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr. laganna og reglugerð nr. 45/1972, ásamt síðari breytingum. Að öðru leyti er um orðalagsbreytingar að ræða og lengri frest til að skila fjárhagstillögum.

Um 6. gr.

Breytingin er fólgin í því að í Reykjavík verði fimm fulltrúar í heilbrigðisnefnd í stað sjö. Er þetta í samræmi við samþykktir borgarstjórnar varðandi skipan nefnda á vegum Reykjavíkur. Enn fremur er Seltjarnarneskaupstaður tekinn undan Reykjavíkursvæði og færður yfir á nýtt svæði með Mosfellssveit, Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi, sem nefnist Kjósarsvæði, sbr. nánari athugasemdir við 7.–9. gr. Er þetta gert vegna beiðni forráðamanna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Um 7.–9. gr.

Af fenginni reynslu eru ekki lagðar til nema leiðréttingar og smábreytingar við skiptingu landsins í heilbrigðiseftirlitssvæði. Um er að ræða tvær breytingar, annars vegar varðandi Akranessvæði, sem gert var að sérstöku svæði með reglugerð nr. 191/1985, og hins vegar varðandi Kjósarsvæði sem lagt er til samkvæmt tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórna að verði sérstakt svæði.

Um 10. gr.

Lagt er til að í stað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sjái héraðslæknir um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram. Engin ástæða er til þess eftir að lögin hafa í reynd komist til framkvæmda að ráðuneytið annist þennan þátt þótt slíkt væri nauðsynlegt í upphafi. Héraðslæknar eru formenn svæðisnefnda og sérstakir erindrekar ráðuneytisins í læknishéruðum og því manna best til þessa hlutverks fallnir.

Um 11. gr.

Breyting á 1. tölul. 11. gr. tekur mið af breyttu fyrirkomulagi af fjölgun eftirlitssvæða, sbr. nánar athugasemdir um 7. gr.

Breyting á 2. tölul. 11. gr. er í því fólgin að í stað þess að koma saman einu sinni á ári hið minnsta komi svæðisnefndir saman a.m.k. tvisvar á ári. Helgast þetta af aukinni ábyrgð svæðisnefndanna sérstaklega með fjárhagslegum rekstri eftirlitsins.

Breyting á 3. tölul. 11. gr. tekur mið af auknum verkefnum svæðisnefnda, sbr. athugasemdir um 5. gr.

Um 12. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á sjálfri starfsemi Hollustuverndar ríkisins eru eftirfarandi:

1. Lögð eru til skýrari ákvæði um með hvaða eftirliti stofnunin skuli hafa yfirumsjón og er helsta nýmælið eiturefnaeftirlitið.
2. Felld eru niður ákvæðin um menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa, sbr. 8. tölul. 13. gr. gildandi laga, enda ekki lengur um knýjandi ákvæði að ræða þar sem ræst hefur úr þessum málum og nægjanlegt framboð af sérmenntuðu starfsfólki þegar fyrir hendi.
3. Lagt er til að stofnuninni verði skylt að leita ráðgjafar landlæknis og yfirdýralæknis í málum sem snerta þá, en ýmis mál sem stofnunin hefur með að gera snerta starfsemi þeirra. Má sem dæmi nefna matareitranir og sjúkdóma frá mönnum og dýrum sem geta borist í matvæli og aðrar neysluvörur.
4. Varðandi upplýsingaskyldu stofnunarinnar gagnvart fjölmiðlum er lagt til annað og ótvíræðara orðalag þannig að ekki komi til misskilnings, t.d. í þá veru að aðrir aðilar, t.d. heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, megi ekki gefa upplýsingar sem þessar.

Að öðru leyti er um smávægilegar orðalagsbreytingar að ræða.

Um 13. gr.

Ekki eru lagðar til breytingar á skipan sjálfrar stjórnar stofnunarinnar. Hins vegar er lagt til að úr hópi stjórnarmanna skipi ráðherra, auk formanns, tvo aðila í framkvæmdastjórn sem hefðu með höndum raunverulega rekstrarstjórn stofnunarinnar. Þannig kæmi stjórn stofnunarinnar einungis saman til stefnumótunar og til að ganga frá fjárhagsáætlunum og fjárlagatillögum auk annarra verkefna sem lögin kveða sérstaklega á um. Á þennan hátt er unnt að styrkja fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar en hann hefur verið veikur. Kemur það skýrt fram í umsögnum margra þeirra sem létu endurskoðunarnefndinni í té álit á gildandi lögum. Að öðru leyti vísast til ítarlegrar greinargerðar í inngangi hér að framan.

Um 14. gr.

Í stað forstjóra er lagt til að starfi framkvæmdastjóri sem hafi menntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði og að hann skuli skipaður til fjögurra ára. Hlutverk hans verður að annast fjármálalega stjórnun undir yfirstjórn rekstrarstjórnar og að stjórna almennri skrifstofu. Á þennan hátt er reynt að styrkja rekstrarstjórnun stofnunarinnar og gert ráð fyrir því að forstöðumenn einstakra sviða stofnunarinnar reki sína starfsemi eins og fjárlög mæla fyrir um og sértekjur leyfa. Ástæðulaust er að forstöðumenn þurfi að bera þessi mál undir aðra en stjórn, þ.e. fyrst og fremst rekstrarstjórn, þar sem hin faglega ábyrgð er í þeirra höndum og öll afskipti millistiga geta haft bein eða óbein áhrif á faglega stjórnun.

Vegna verkaskiptingar stofnunarinnar og ríkra krafna um sérmenntun forstöðumanna er óraunhæft að setja þá undir stjórn millistiga og er því eðlilegast að í stað forstjóra komi framkvæmdastjóri sem beri ábyrgð gagnvart stjórn á þeim þáttum sem honum ber að annast um framkvæmd á og forstöðumenn á sínum fagmálum.

Að öðru leyti vísast til röksemda í inngangi hér að framan.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um starfssvið Hollustuverndar ríkisins. Breyting frá gildandi lögum, auk lagfæringa vegna stofnunar Geislavarna ríkisins með lögum nr. 117/1985, eru þær helstar að lagt er til að stofnað verði nýtt svið innan stofnunarinnar er annist eiturefnaeftirlit. Eiturefnaeftirliti yrði m.a. falið að sjá um ýmiss konar framkvæmd sem segja má að í dag sé í höndum eiturefnanefndar samkvæmt lögum nr. 68/1968. Greint er á milli verkefna eiturefnaeftirlits og heilbrigðiseftirlits, bætt við verkefnum, t.d. innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og kveðið á um vöruskráningu á vegum stofnunarinnar. Enn fremur eru rýmkuð ákvæðin er heimila stofnuninni að taka að sér rannsóknarþjónustu og sérhæfð verkefni, m.a. fyrir aðra en heilbrigðiseftirlitið, og upphæð ekki bundin við ákveðið hlutfall kostnaðar. Reynslan hefur sýnt að stofnunin verður að geta treyst meira á tekjur vegna gjaldtöku en verið hefur og að lög megi ekki beinlínis standa gegn því að hún geti veitt öðrum en heilbrigðiseftirlitinu þjónustu.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Breytingin er fólgin í ákvæðunum um forstöðumann eiturefnaeftirlits, sbr. nýmæli í 16. gr. frumvarpsins, og í skýrari ákvæðum um menntun forstöðumanns rannsóknastofu.

Einnig er gert ráð fyrir því að forstöðumenn séu skipaðir til fjögurra ára eins og framkvæmdastjóri.

Um 19. gr.

Einungis er um að ræða breytingu í samræmi við breytingar sem komið hafa fram í fyrri greinum.

Um 20. gr.

Lagt er til að auk þeirra aðila sem 21. gr. gildandi laga fjallar um komi tóbaksvarnanefnd, samkvæmt lögum nr. 74/1984, en Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa veigamiklu hlutverki að gegna samkvæmt þeim lögum og er öll samvinna við tóbaksvarnanefnd mjög háð sameiginlegum erindrekstri.

Einnig er lagt til að til stofnunarinnar verði ráðinn fræðslu- og upplýsingafulltrúi sem jafnframt annist erindrekstur fyrir nefndinar þrjár. Starfsemi af þessu tagi hefur engin verið hjá stofnuninni og er brýnt að bætt verði úr. Má hér sérstaklega benda á starfsemi fræðslufulltrúa Vinnueftirlits ríkisins. Að öðru leyti vísast um þetta til inngangs hér að framan.

Inn í 2. tölul. 21. gr. er skotið Ríkismati sjávarafurða og þarfnast það ekki skýringa.

Um 21. gr.

Lagt er til að sveitarfélögin geti ekki aðeins sett sér heilbrigðissamþykktir um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert heldur eigi mengunarvarnareglugerð einnig við. Auk þess er lagt til að setja megi inn í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun gæludýrahalds en ekki eingöngu hundahalds eins og gildandi lög gera.

Um 22. gr.

Breyting er fólgin í fjölgun eftirlitssvæða, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Lagt er til að 3. tölul. 24. gr. falli brott, enda greinin óþörf þar sem hún er komin inn í ákvæði 5. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Í stað þess að krefjast þess að heilbrigðisfulltrúastörf skuli vera fullt starf er lagt til að einn heilbrigðisfulltrúi, þ.e. framkvæmdastjóri eftirlitsins, verði að vera í fullu starfi. Í reynd er hér ekki um efnisbreytingu að ræða heldur skýrar kveðið á um þetta atriði og að ákveðinn íbúafjöldi skuli að jafnaði vera að baki hverju stöðugildi en ekki hverjum starfsmanni.

Um 25. gr.

Rýmkaðar eru heimildir fyrir ráðherra til þess að breyta skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða og þau ekki bundin öðrum skilyrðum en ósk hlutaðeigandi sveitarstjórna og umsögn Hollustuverndar ríkisins auk annarra skilyrða sem einstök ákvæði laganna kunna að geyma, t.d. um framkvæmdastjóra og fullt starf.

Um 26. gr.

Breytingin er fólgin í því að ekki er lengur ástæða til þess að leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins þar sem hér eftir verða ekki ráðnir aðrir til starfa sem heilbrigðisfulltrúar en þeir sem hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisráðherra, sbr. reglugerð nr. 150/1983, um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Áður en slík leyfi eru veitt gefur Hollustuvernd ríkisins umsögn um hæfni umsækjanda og tillögur um veitingu starfsréttinda.

Um 27. gr.

Með skírskotun til athugasemda með 26. gr. frumvarpsins og þess að nægjanlegt framboð er af sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúum eru 4. og 5. tölul. 26. gr. laganna óþarfir.

Um 28. gr.

Lagt er til að heilbrigðisnefndir geti, auk þess að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla, einnig gefið fyrirmæli um hið sama, eigi í hlut neyslu- og nauðsynjavörur þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Skortur á slíku ákvæði hefur veikt eftirlitið nokkuð.

Um 29. gr.

Í stað þess að nauðsyn ráðstöfunar eins og hún er skýrð í 1. tölul. 29. gr. gildandi laga miðist við almannaheill er lagt til að nægjanlegt sé að ráðstöfun sé nauðsynleg, enda má segja að þegar um almannaheill er að ræða sé ástand orðið þannig að ráðstafanir komi að litlu gagni. Með auknu eftirliti og sérhæfðu starfsfólki er nánast útilokað að til slíks ástands komi nema annarlegar ástæður liggi að baki. Hollustuvernd ríkisins verður að geta gripið til ráðstafana án þess að um almannaheill sé að ræða þó ekki sé nema til þess að koma á samræmdu eftirliti í landinu öllu.

Um 30. gr.

Rýmkaður er réttur fulltrúa Hollustuverndar ríkisins til að taka sýni í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit en samkvæmt gildandi lögum miðast hann eingöngu við þau verkefni sem stofnuninni er falið beint eftirlit með. Stofnunin getur ekki starfað undir svo ströngum skilyrðum.

Um 31. gr.

Breytingin á 31. gr. gildandi laga tekur mið af breytingum á öðrum greinum laganna, t.d. varðandi forstjóra Hollustuverndar ríkisins og aukin verkefni svæðisnefnda, auk leiðréttinga vegna nýsettra laga, t.d. um Ríkismat sjávarafurða, nr. 53/1984. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um 32. gr.

Rýmkuð er heimild Hollustuverndar ríkisins til þess að semja við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu og hún ekki bundin neinum sérstökum skilyrðum eins og gildandi lög gera.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að nauðsynlegt er að breytingar verði felldar inn í meginmál gildandi laga, nr. 109/1984, enda um töluvert efnisfrekar breytingar að ræða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I

Þarfnast ekki skýringar.

II

Ein stærsta brotalöm heilbrigðiseftirlitsins er skortur á eftirliti með innflutningi matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara. Er mjög brýnt að koma á slíku eftirliti svo ekki verði fluttar inn til landsins vörur sem jafnvel hafa ekki komist á markað annars staðar. Annars þarfnast þessi þáttur, svo nauðsynlegur sem hann er, ekki skýringa.

III

Eins og fram kemur í greinargerð hér áður varðandi starfsemi rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins og víðar skortir enn, 10 árum eftir að lög voru sett þar að lútandi, aðstöðu fyrir efnarannsóknir vegna heilbrigðiseftirlitsins, t.d. vegna matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Ekki verður lengur undan þeirri ábyrgð skotist og til þess að koma slíkri starfsemi á fót er lagt til að þegar í stað skuli hafist handa við uppbygginguna, enda gefast vonandi möguleikar til þess bráðlega, þótt í smáum stíl verði, þegar stofnunin flyst í nýtt húsnæði.

Til þess að tryggja framgang verksins er gert ráð fyrir að áætlun um uppbygginguna verði lögð fyrir Alþingi fyrir árslok 1987 þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til slíkra rannsókna. Þrátt fyrir margítrekaðar og rökstuddar beiðnir hafa engar fjárveitingar farið til slíkrar uppbyggingar þótt lög hafi skyldað stofnunina (áður Matvælarannsóknir ríkisins) til þess í 10 ár að sinna þessu verkefni.

Sþ. 626. Tillaga til þingsályktunar [353. mál]

um þjóðarátak í umferðaröryggi.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Helgi Seljan, Jón Kristjánsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kristín Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Stefán Guðmundsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sjö manna til að vinna að undirbúningi þjóðarátaks í umferðaröryggi. Í henni skulu eiga sæti fulltrúar frá landlæknisembætti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Sambandi íslenskra auglýsingastofa. Stefnt skal að því að átakið hefjist í byrjun árs 1988 og standi í þrjú ár.

Greinargerð.

Talið er að ár hvert slasist á þriðja þúsund Íslendingar í umferðinni. Þegar gert hefur verið átak til að fækka slysum hefur árangurinn ekki látið á sér standa eins og t.d. árið 1968 þegar skipt var yfir í hægri umferð og á norrænu umferðaröryggisári árið 1983. Á þessu ári hafa tryggingafélögin ákveðið að berjast gegn umferðarslysum undir kjörorðinu „Fararheill“ og ber að fagna því.

Því miður sýnir reynslan að árangurinn af eins árs átaki er skammvinnur og fljótt sækir aftur í sama horf. Því telja flutningsmenn nauðsynlegt að taka á þessum málum af mun meiri festu en áður og efna til þriggja ára átaks til að auka öryggi í umferðinni. Með markvissri fræðslu, sem m.a. byggir á auglýsingatækni, svo og með öðrum aðgerðum, er fullvíst að ná má árangri sem mun fljótlega skila sér t.d. í minni útgjöldum ríkisins til heilbrigðismála. Í því sambandi má minna á útreikninga forstjóra Ríkisspítala sem sýnir að á einu ári kosta umferðarslysin jafn mikið og rekstur Landspítalans.

Tilgangur þjóðarátaks í umferðaröryggi er að gjörbreyta hegðun Íslendinga í umferðinni, jafnt ökumanna sem gangandi vegfarenda, þannig að tillitssemi við aðra vegfarendur og kunnátta, sem greiði fyrir umferð og auki umferðaröryggi, verði sjálfsagður þáttur í daglegri hegðun. Með þessu móti má nánast útrýma þeim umferðarslysum sem stafa af vankunnáttu, þjálfunarleysi og tillitsleysi við aðra vegfarendur.

Flutningsmenn leggja til að þess verði farið á leit við bifreiðatryggingafélögin að þau veiti sömu upphæð til þessa átaks eins og þau veita til Fararheillar, en jafnframt veiti Alþingi jafn háa fjárhæð til átaksins. Þannig yrðu til ráðstöfunar 20–25 milljónir króna á hverju ári þessi þrjú ár.

Nauðsynlegt er að hraða undirbúningi þessa þjóðarátaks í umferðaröryggi svo að takast megi að hrinda því af stað í byrjun næsta árs.

Ed. 627. Frumvarp til laga [354. mál]

um grunnskóla.

Frá mennamálaráðherra.

I. KAFLI

Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á aldrinum 7–15 ára er skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Hann getur verið ein stofnun og einnig má skipta honum í einingar, eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnar að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 6–12 ára börn þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið. Sveitarstjórn skal leita umsagnar skólanefndar og skólastjóra.

5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við menntamálaráðuneytið rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði um starfstíma skóla. Menntamálaráðuneytið úrskurðar hvort eða að hve miklu leyti undanþága skuli veitt.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar sem það hefur tekist á hendur eða á það hafa verið lagðar með lögum þessum. Getur menntamálaráðuneytið hlutast til um að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það hefur náð skólaskyldualdri og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið skal hann tilkynna skólanefnd um málið. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun skólanefndar getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 68. gr., og
b. börn er búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Heimilt er skólastjóra að veita tímabundna undanþágu, allt að einum mánuði frá skólasókn, telji hann til þess gildar ástæður. Skólanefnd skal þegar gert viðvart um slíkar undanþágur.

II. KAFLI

Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd skipuð tveimur

fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði sem kunna að verða varðandi þessi samskipti áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. *Reykjanesumdæmi*, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Garðakaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.
2. *Vesturlandsumdæmi*, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Ólafsvíkurkaupstað og Dalasýslu.
3. *Vestfjarðaumdæmi*, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
4. *Norðurlandsumdæmi vestra*, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. *Norðurlandsumdæmi eystra*, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.
6. *Austurlandsumdæmi*, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. *Suðurlandsumdæmi*, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Selfosskaupstað.

Í Reykjavík fer menntamálaráðuneytið með þau verkefni sem fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu eru falin með lögum þessum.

11. gr.

Heimilt er sveitarfélögum eða samtökum þeirra að stofna nefnd eða ráð (fræðsluráð) til að fjalla um eða fara með sameiginleg málefni á sviði fræðslumála.

Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður fræðslustjóra til að hafa umsjón með skólastarfi í fræðsluumdæmum, sbr. 10. og 13. gr., og setur þeim erindisbréf.

Við ráðningu í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir sem hafa rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a.m.k. þrjú ár.

13. gr.

Fræðslustjóri er starfsmaður menntamálaráðuneytisins um málefni grunnskóla í fræðsluumdæmi og skal búsettur þar.

Í umboði menntamálaráðuneytisins hefur fræðslustjóri eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs í sínu umdæmi og sér til þess að nemendur njóti kennslu og þjónustu samkvæmt lögum og öðrum fyrirmælum menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið starfrækir fræðsluskrifstofu í fræðsluumdæmi og er fræðslustjóri forstöðumaður hennar. Staðsetning fræðsluskrifstofu skal ákveðin að höfðu samráði við sveitarstjórnir í umdæminu eða samtök þeirra. Á fræðsluskrifstofu skal m.a. fylgst með framkvæmd skólaskyldu, sbr. 1. og 6. gr. Þar skal höfð tilsjón með því að allir skólar eigi aðgang að ráðgjöf á sviði stuðnings- og sérkennslumála. Fræðsluskrifstofa annast önnur þau þjónustuverkefni menntamálaráðuneytisins sem hagkvæmt þykir hverju sinni m.a. á sviði menningarmála.

Allur kostnaður við rekstur fræðsluskrifstofa greiðist úr ríkissjóði.

Í Reykjavík fer menntamálaráðuneytið með þau verkefni sem fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu eru falin með lögum þessum.

15. gr.

Skólahverfi er sú eining er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

a. Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans án samvinnu við önnur sveitarfélög.
b. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1. ef það skiptist landfræðilega milli a.m.k. tveggja skólahverfa,
2. ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann, en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Skólasel frá aðalskóla, sbr. 4. gr., tilheyra skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana sem rekin eru skv. 49. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu landsins í skólahverfi að fengnum tillögum eða umsögnum sveitarstjórna, skólanefnda og skólastjóra sem hlut eiga að máli.

16. gr.

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi, erindisbréf og samþykktir viðkomandi sveitarstjórnar ákveða nánar. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn, sbr. 17. gr.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf er kveður nánar á um störf þeirra.

17. gr.

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a. Fimm mönnum í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 1000 íbúa eða fleiri, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn skal sveitarfélagið, þar sem skólinn er, kjósa oddamann ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

b. Þremur mönnum í öðrum sveitarfélögum þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi.

c. Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn kýs það sveitarfélag tvo er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár áður en kosið er.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1–15 skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri skulu kjörnir tveir kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda ákvæði sveitarstjórnalaga nr. 8/1986. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um málefni skóla hans.

18. gr.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi aðbúnaður til fræðslunnar. Hún lítur eftir, í samráði við skólastjóra, að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

19. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla og stjórnar starfi hans í samráði við kennara og skólanefnd undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar.

Í skólum, sem eiga rétt á 15 föstum kennurum eða fleiri auk skólastjóra, er almennum kennarafundi heimilt í upphafi hvers skólaárs að kjósa þriggja manna kennararáð sem er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Menntamálaráðuneytið setur skólastjórum erindisbréf.

20. gr.

Skylt er starfsmönnum skóla að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra í skólahverfinu og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Nú óska foreldrar sem börn eiga í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur eftir að stofnuð séu samtök foreldra og/eða foreldra og kennara við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar.

Samtökin setja sér samþykktir til að starfa eftir og halda gerðabók.

Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.

Nemendaráð hvers skóla setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

21. gr.

Við hvern grunnskóla er skólanefnd heimilt að stofna skólaráð sem sé ráðgefandi um skipulag skólans, starfshætti hans og þróun. Skólaráð skal sérstaklega fjalla um þau atriði sem snerta samstarf heimila og skóla.

Fulltrúar í skólaráð skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skipa: Skólastjóri eða staðgengill hans, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsmanna skólans, fulltrúi nemenda, fulltrúi skólanefndar og tveir fulltrúar foreldra tilnefndir af samtökum foreldra skólans séu þau starfandi, annars kjörnir á almennum foreldrafundi. Skólaráð kýs sér formann, ritara og varaformann. Það skal halda gerðabók.

III. KAFLI

Skólahúsnæði.

22. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Við gerð skólahúsnæðis skal miðað við einsetningu a.m.k. frá og með fjórða bekk. Menntamálaráðuneytið úrskurðar að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar við hvaða gerð og stærð skólamannvirkja kostnaðarþátttaka ríkisins miðast.

Telji sveitarstjórn að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum skal hún gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir sem hljóta þurfa samþykki menntamálaráðuneytis áður en framkvæmdir hefjast að því er kostnaðarþátttöku ríkissjóðs varðar. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef samkomulag næst ekki um hvort ráðist skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins að fenginni umsögn örnefnanefndar.

23. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

a. íbúafjölda,
b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
c. þann barnafjölda sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
d. kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags sem aðild á að skólahverfi skal miða a- og b-liði við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi þar sem fyrir eru skólabyggingar sem það mun hafa not af skal það, eftir því sem um semst, kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum sem fyrir eru og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar sé þess óskað og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það og skal það þá heimilt, enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

24. gr.

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu rúm í öðru húsnæði.

Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverða.

Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

25. gr.

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ.e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

26. gr.

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins.

27. gr.

Viðhald skólahúsa og búnaðar, þar með talin endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt.

28. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar með taldir skólastjóra- og kennarabústaðir sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólastjóra og skólanefndar sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

IV. KAFLI

Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

29. gr.

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Um embættisgengi skólastjóra grunnskóla gilda ákvæði laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöður skólastjóra og ræður þá að fengnum tillögum viðkomandi skólanefnda sem veita umsóknum móttöku.

30. gr.

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara. Um embættisgengi yfirkennara gilda lög nr. 48/1986.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóri skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær er berast um stöðu yfirkennara.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Í skólum, þar sem starfa færri kennarar en um getur í 1. mgr., felur skólastjóri í samráði við skólanefnd í upphafi skólaárs einum af föstum kennurum skólans að annast skólastjórn í forföllum sínum.

Menntamálaráðuneytið setur yfirkennurum og staðgenglum skólastjóra erindisbréf.

31. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður, skipar eða setur kennara til starfa í skólahverfi samkvæmt lögum þessum að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Um embættisgengi kennara fer eftir ákvæðum laga nr. 48/1986.

Menntamálaráðuneytið setur kennurum erindisbréf.

32. gr.

Þegar kennarastaða losnar í skólahverfi ber skólanefnd að tilkynna það menntamálaráðuneytinu sem auglýsir stöðuna. Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur. Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar og skólastjóra fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er.

33. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsfólk grunnskóla annað en kennara og starfsfólk á skólasafni, sbr. 65. gr. Sveitarstjórn ræður starfsfólk á skrifstofu, í mötuneyti, gæslu, skólaakstur, húsvörslu og félagsstörf að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri stjórnar og ákveður verkaskiptingu starfsmanna í samráði við skólanefnd.

Sveitarstjórnir geta falið skólanefndum eða skólastjórum að annast ráðningar í umboði sínu.

34. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvö eða fleiri skólahverfi samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við eitt. Ríkissjóður greiðir ferðakostnað kennara sem þannig eru ráðnir.

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda vera í höndum starfsmanna með uppeldismenntun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

35. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og leitast við að efla samstarf skóla og heimila, sbr. 20. gr.

36. gr.

Til endurmenntunar skólastjóra og kennara á grunnskólastigi skal auk orlofs, sbr. 37. gr., verja fjárhæð sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

Menntamálaráðuneytið skipuleggur þetta fræðslustarf í samráði við þær stofnanir sem annast menntun kennara.

37. gr.

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða b) a.m.k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun sem mennamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma sem skólar hérlendis starfa ekki og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvarlarkostnaði þeirra kennara sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en fjórum mánuðum nemur til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. mgr. má veita kennara sem gegnt hefur embætti í fimm ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

V. KAFLI

Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

38. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal hefjast 1. september ár hvert og ljúka 31. maí. Fjöldi kennslu- og prófdaga skal að lágmarki vera 150 dagar (8 mánuðir) og 165 dagar (9 mánuðir). Menntamálaráðuneytið getur að ósk skólanefndar veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum og skal þá taka tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfi.

Skólanefnd ákveður með samþykki menntamálaráðuneytisins lengd árlegs starfstíma skóla.

Æski skólanefnd að fullnægja námsskyldu barna að hluta með sumarskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað slíkt.

Ráðuneytið skal árlega gefa út skóladagatal.

39. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.–9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta og skal þar við það miðað að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki en fimmtungi hans að lágmarki.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá þar sem m.a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:

a. þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenskar bókmenntir,
b. undirstöðukennslu í stærðfræði,
c. þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum,
d. fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði,
e. kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð,
f. fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna, sbr. nr. 23/1983,
g. kennslu um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði,
h. kennslu í erlendum tungumálum og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir,
i. kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt,
j. kennslu í íþróttum og sundi, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum,
k. verklegt nám,
l. ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla,
m. kynningu á atvinnulífi, námsmöguleikum að loknum grunnskóla og öðru sem áhrif getur haft á starfsval.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár í viðmiðunarstundaskrá, sbr. þó 41. gr. Sé ekki unnt að halda uppi kennslu í einstökum námsgreinum skal þeim stundafjölda ráðstafað samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Í aðalnámsskrá skal sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum þar sem nauðsynlegt er að nemendur á mismunandi aldri séu saman í deild, sbr. 44. gr.

Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur sem njóta sérkennslu skv. 47. og 48. gr.

Menntamálaráðuneytið gefur út endurskoðaða aðalnámsskrá grunnskóla eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

40. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Í félagsstarfi þessu skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Skólastjóri skipuleggur þessa starfsemi þannig að hún falli sem best að eðlilegu skólastarfi. Skal áætlun skólastjóra hljóta samþykki sveitarstjórnar, sbr. 73. gr.

Menntamálaráðuneytið gengst fyrir námskeiðum fyrir þá starfsmenn er með þessi mál fara í skólum og sér um að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

41. gr.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemenda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a. í forskóla allt að 840 mínútur,
b. í 1. bekk 920 mínútur,
c. í 2. bekk 960 mínútur,
d. í 3. bekk 1080 mínútur,
e. í 4. bekk 1280 mínútur,
f. í 5. bekk 1360 mínútur,
g. í 6. bekk 1400 mínútur,
h. í 7. bekk 1440–1480 mínútur,
i. í 8. bekk 1440–1480 mínútur,
j. í 9. bekk 1440–1480 mínútur.

Í forskóla og allt að 6. bekk er skólastjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

42. gr.

Í grunnskóla skal nemendum veitt jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í skóladagatali, sbr. 38. gr.

43. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 47. og 48. gr., skal við það miðað að jafnaði að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla sé sem næst 24. Tala nemenda í einstakri bekkjardeild forskóla til 3. bekkjar skal vera 29 en 30 í öðrum bekkjum.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 39. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það sem kenna ber.

44. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur í forskóla til 7. bekkjar eru á mismunandi aldri saman í deild, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a. 10 nemendur ef aldurflokkar eru fimm til sjö,
b. 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir,
c. 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír,
d. 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

45. gr.

Í 8.–9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólanefnd og skólastjóra.

Til þess að 8.–9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í þessum deildum ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins, enda gildi þá ákvæði 44. gr.

VI. KAFLI

Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

46. gr.

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 48., 49. og 68. gr. þessara laga.

Skólastjóra er heimilt að höfðu samráði við kennara og að ósk eða með samþykki forráðamanna að flýta skólagöngu nemanda miðað við aldur hans og ákvæði þessara laga svo og færa hann milli aldursárganga skóla og námshópa.

Nemandi sem lokið hefur öllu námi skv. námsskrá grunnskóla, með tilskildum árangri, öðlast rétt til framhaldsnáms án tillits til aldurs hans eða tímalengdar við nám í grunnskóla.

47. gr.

Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt á stuðnings- og/eða sérkennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkvæmt 49. gr. Kennslan fer fram eftir því sem hentast þykir eftir fötlun nemenda og aðstæðum skóla. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stuðnings- og sérkennslu í grunnskólum.

48. gr.

Kennslu skv. 47. gr. skulu njóta:

a. börn sem að dómi ráðgjafarþjónustu skortir getu til að stunda venjulegt grunnskólanám;
b. börn sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
c. börn sem að dómi ráðgjafarþjónustu eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
d. börn sem að dómi ráðgjafarþjónustu eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
e. börn sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi ráðgjafarþjónustu, þar með talin seinþroska börn.

49. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a- og b-liðum 48. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum skv. þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit ráðgjafarþjónustu um að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um að slíkar sérstofnanir séu starfræktar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c-, d- og e-liðum 48. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur ráðgjafarþjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um deildir og stofnanir skv. þessari grein, og skal þar m.a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkri þjónustu.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

50. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

51. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólafélaga.

Skólareglur skulu hljóta samþykki skólanefndar áður en þær taka gildi.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamann hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafaraðila skólans.

Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda úr skóla um stundarsakir ef sérstaklega stendur á, en tilkynna skal hann forráðamönnum nemandans og skólanefnd þá ákvörðun tafarlaust.

Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

52. gr.

Telji skólastjóri að kennari — eða telji kennari að skólastjóri — hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim getur hann vísað málinu til skólanefndar sem leitar lausna en að öðrum kosti vísar því til menntamálaráðuneytisins.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim fer um málið eins og segir í 1. mgr.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI

Námsmat.

53. gr.

Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi sem skólinn setur þeim, sbr. 39. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

54. gr.

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 55. gr. Kennarar skulu gefa vitnisburði í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Vitnisburðir skulu færðir í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

55. gr.

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a.m.k. móðurmáli og stærðfræði. Skal einkum við það miðað að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum þar sem eðlileg skil verða í náminu.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

56. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá valgreinar hans í 7.–9. bekk svo og úrslit prófa.

Einkunnir úr samræmdum og/eða stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir.

57. gr.

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga skv. 54. eða 55. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1. og 2. bekk þrjá daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf dögum að meðaltali.

Óheimilt er að fella niður kennslu í þessu skyni umfram það sem hér segir, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

58. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að skipa skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri sem eigi sækja almennan grunnskóla.

VIII. KAFLI

Skólaþróun, rannsóknir o.fl.

59. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn rannsókna- og tilraunastarfs í skólum, hefur með höndum setningu námsmarkmiða, endurskoðun á námsefni og setur grunnskólum námsskrá. Það sér um gerð samræmdra og staðlaðra prófa og viðhefur kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf.

60. gr.

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, sbr. 59. gr., fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar eftir því sem þörf er á og fé veitt til á fjárlögum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntamálaráðuneytisins, og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennslureynslu.

61. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því sem greiða á til hans samkvæmt lögum greiðir ríkissjóður það sem umfram er, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega starfs- og kostnaðaráætlun fyrir fram.

IX. KAFLI

Ráðgjafarþjónusta grunnskóla.

62. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn ráðgjafarþjónustu í grunnskólum og sér um að allir grunnskólar eigi aðgang að ráðgjöf á sviði stuðnings- og sérkennslumála. Starfsemi þessi skal skipulögð í samráði við skólastjóra og skólanefndir eftir því sem við á.

Ráðgjafarþjónustu skal ráðuneytið starfrækja í hverju fræðsluumdæmi eftir því sem við verður komið en getur þó falið tiltekinni stofnun að annast þessa starfsemi að hluta eða öllu leyti eða sameinað annarri skyldri starfsemi. Þjónusta þessi starfar fyrir kennslu og uppeldisstofnanir umdæmisins eftir því sem ráðuneytið ákveður.

Kostnaður við starfsemi þessa greiðist úr ríkissjóði.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um ráðgjafarþjónustu grunnskóla.

63. gr.

Ráðgjafarþjónusta grunnskóla skal styðja einstakar kennslu- og uppeldisstofnanir í viðleitni þeirra til að bæta starfshætti sína og auka varnaðarstarf. Hún skal vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi og vinna að því að sálfræðileg og uppeldisfræðileg þekking nýtist skólunum á sem flestum sviðum.

Ráðgjafarþjónusta skal veita foreldrum og kennurum ráðgjöf og fræðslu varðandi uppeldi, nám og kennslu en jafnframt vera nemendum til ráðgjafar og aðstoðar eftir því sem þörf krefur. Hún annast athuganir á nemendum, sem til hennar er vísað, er sýna merki geðrænna erfiðleika og leiðbeinir um meðferð þeirra eða vísar á viðeigandi meðferðarúrræði, sbr. 48. gr.

64. gr.

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafarþjónustu grunnskóla geta m.a. verið læknar, sálfræðingar, uppeldisfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar.

Starfsmenn ráðgjafarþjónustu skulu hafa tilskilda menntun.

Menntamálaráðuneytið ræður starfsmenn ráðgjafarþjónustu og setur þeim erindisbréf.

X. KAFLI

Skólasöfn.

65. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningssöfn og skólasöfn ef sveitarstjórn telur slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Menntamálaráðuneytið ræður, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, starfsfólk til starfa í skólasafni.

XI. KAFLI

Heilsuvernd.

66. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir gildandi lögum, um heilsuvernd í skólum. Sá aðili, sem fer með stjórn heilsuverndar í skóla, skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag þeirrar starfsemi.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að starfsfólk heilsuverndar ræki sín störf í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem sett hefur verið samkvæmt framangreindu.

Um kostnað heilsuverndar samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum laga nr. 59/1983 og telst því ekki til skólakostnaðar.

XII. KAFLI

Forskóli.

67. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn, forskóla fyrir fimm ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi menntamálaráðuneytisins.

XIII. KAFLI

Einkaskólar.

68. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 67. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu skv. 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs, senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

XIV. KAFLI

Fjármál.

69. gr.

Ríkissjóður greiðir í þeim skólum sem lög þessi taka til allan launakostnað skólastjóra, yfirkennara, kennara og annarra þeirra starfsmanna er ríkið ræður til kennslu eða annarra starfa. Til launakostnaðar telst í þessu sambandi, auk beinna launagreiðslna, allur kostnaður er rekja má til kjarasamninga ríkisins og sérsamninga þess við stéttarfélög eða einstaklinga. Greiðslur ríkissjóðs á launakostnaði vegna kennslu á grunnskólastigi og ráðninga kennara í hverju skólahverfi skulu að hámarki miðast við að á hverja bekkjardeild komi, miðað við 40 mín. kennslustund:

20 stundir á viku í forskóla,
23 stundir á viku í 1. bekk,
23 stundir á viku í 2. bekk,
27 stundir á viku í 3. bekk,
30 stundir á viku í 4. bekk,
33 stundir á viku í 5. bekk,
35 stundir á viku í 6. bekk,
36 stundir á viku í 7. bekk,
36 stundir á viku í 8. bekk,
36 stundir á viku í 9. bekk,

enda sé fjöldi nemenda í bekkjardeildum eða námshópum í samræmi við ákvæði laga þessara sbr. 41., 43., 44. og 45. gr.

Þar sem fleiri en einn skóli er í skólahverfi skal miða við hvern einstakan skóla og eðlilega skólasókn nemenda eftir búsetu.

Heimilt er að auka nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, sbr. 43. gr. og 44. gr. gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum sem svarar til allt að fjórum stundum fyrir hvern nemanda sem umfram er.

Á hvern nemanda í 1.–2. bekk komi 0,12 stundir á viku og í 3.–9. bekk 0,21 stundir á viku til skiptingar bekkja m.a. í verklegri kennslu, enda sé meðalfjöldi nemenda í bekkjardeildum skóla 13 eða meiri.

Til skiptingar bekkja í valgreinum komi 0,12 stundir á viku á nemanda í þeim skólum, sem bjóða upp á valgreinar í 8. og/eða 9. bekk, og miðast þá eingöngu við þá nemendur sem njóta kennslunnar, en þó að lágmarki fjórar stundir á viku í viðkomandi skóla.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ákveða stundir til skiptingar bekkjardeilda umfram það sem að framan greinir þegar sérstaklega stendur á, um allt að 0,015 stundir á nemanda á viku.

Auk áðurnefnds kennslukostnaðar, greiðir ríkissjóður viðurkennda sjúkrakennslu, forfallakennslu, stuðnings- og sérkennslu nemenda, sbr. 47. gr. og 48. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og áætlun sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt, svo og laun stjórnskipaðra prófdómara.

70. gr.

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað skólasafna í grunnskólum að hálfu á móti sveitarsjóðum, með öðrum stofnbúnaði viðkomandi skóla. Í skólasafni skal við það miðað að a.m.k. 10 eintök bóka séu á hvern nemanda sem húsrýmisáætlun skólans er miðuð við. Til starfa á skólasafni greiðir ríkissjóður á starfsvikum skóla klukkustundafjölda sem nemur 5,5% viðbót við þann kennslustundafjölda sem grunnskóli á rétt á til almennrar kennslu skv. 69. gr.

71. gr.

Í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiða sveitarfélögin ein viðhald fasteigna, tækja og búnaðar, hitun, lýsingu, húsaleigu, tryggingagjöld, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað sem ríkissjóði ber ekki að greiða samkvæmt lögum þessum. Þá greiða sveitarfélög launakostnað þeirra starfsmanna er þau ráða, sbr. 33. gr. Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

72. gr.

Í sérdeildum, sem reknar eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, sbr. 4. mgr. 49. gr., greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar er menntamálaráðuneytið setur, sbr. 49. gr., og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra deilda.

73. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Áætlunina skal miða við komandi rekstrarár skólans. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar, áður en hún er send menntamálaráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag sem ráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal skólastjóri endurskoða við upphaf skólaárs.

74. gr.

Vegna hvers nemanda í grunnskóla, sem býr í 5–15 km akstursfjarlægð frá skóla sínum, greiði ríkissjóður viðkomandi sveitarfélögum 1050 kr. á hverja starfsviku skólans. En vegna hvers nemanda, sem býr í 15–25 km frá skóla sínum, greiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélögum 1600 kr. á hverja starfsviku skólans. En vegna hvers nemanda, sem býr í meira en 30 km fjarlægð frá skóla sínum, greiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélögum 2200 kr. á hverja starfsviku skólans.

Ofangreindar upphæðir eru miðaðar við verðlag í janúar 1987 og skulu breytast í samræmi við breytingar á aksturstöxtum sérleyfishafa 70%, og breytingu á meðallaunum kennara 30%, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Framlög ríkissjóðs samkvæmt ofanskráðu verði innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á starfstíma skóla.

75. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd þessara laga að því er varðar skóla sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga og skulu því afhentir endurskoðaðir ársreikningar allra grunnskóla.

Halda skal bókhald yfir heildarkostnað við skólahald á grunnskólastigi, og sér menntamálaráðuneytið um að svo sé gert.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

XV. KAFLI

Gildistaka og reglugerð.

76. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

77. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda í upphafi skólaárs 1988–89.

Jafnframt falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974, og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta flytur menntamálaráðherra til kynningar og mun hann fara þess á leit við menntamálanefnd efri deildar að hún dreifi því til umsagnar.

Menntamálaráðuneytið hefur þegar sent eftirtöldum aðilum frumvarpið: Bandalagi kennarafélaga, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Skólameistarafélagi Íslands, skólastjórum grunnskóla, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fósturskólanum, Námsgagnastofnun, fræðslustjórum og formönnum fræðsluráða.

Hinn 15. apríl 1986 skipaði menntamálaráðherra Sverrir Hermannsson nefnd til að endurskoða lög um grunnskóla, nr. 63/1974, og lög um skólakostnað, nr. 49/1967. Í nefndinni áttu sæti Páll Dagbjartsson, skólastjóri Varmahlíð, formaður, Ingólfur Ármannsson skólastjóri, Akureyri, Ragnar Júlíusson skólastjóri, Reykjavík, allir án tilnefningar, Björn L. Halldórsson skrifstofustjóri, Reykjavík, tilnefndur af borgarstjóra, Leifur Eysteinsson deildarstjóri, Reykjavík, tilnefndur af fjármálaráðherra, Kristinn Jóhannsson, forseti bæjarstjórnar, Neskaupstað, og Valgarður Hilmarsson oddviti, Fremstagili, tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Auk þeirra nefndarmanna, sem að framan eru taldir, hefur Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, setið fundi nefndarinnar eftir því sem hún hefur haft tök á og fylgst náið með störfum hennar.

Í skipunarbréfi ráðherra var farið fram á að nefndin hefði náið samstarf við aðra nefnd, sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins, við samningu draga að frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Í skipunarbréfi ráðherra segir m.a.: „Þess er óskað að endurskoðunin beinist í byrjun einkum að því að setja skýrari og einfaldari reglur um skiptingu kostnaðar við stofnun og rekstur skólanna en nú gilda. Kæmi t.d. til álita að allur kostnaður við

framhaldsskóla greiddist af ríkisvaldinu en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiddist af sveitarfélögum enda yrði að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af slíku fyrirkomulagi kynni að leiða."

Nefndin kom saman til síns fyrsta fundar mánudaginn 12. maí í Reykjavík og um vorið voru haldnir nokkrir fundir, en vegna sumarleyfa og anna nefndarmanna á öðrum vettvangi lá starfsemi nefndarinnar að nokkru niðri þar til síðla sumars að tekið var til starfa á nýjan leik.

Samkvæmt ósk, er fram kemur í skipunarbréfi ráðherra frá 15. apríl 1986, beindist athugun og umræða hjá nefndinni fyrst að kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í sambandi við skólahald og þá í byrjun könnuð sú hugmynd sem fram kemur í fyrrnefndu bréfi hvort til álita komi að sveitarfélögin taki alveg að sér grunnskólahaldið í landinu en ríkissjóður sjái um kostnað við framhaldsskólann.

Á nefndarfundi 9. júní var eftirfarandi samþykkt samhljóða í nefndinni:

„Nefndarmenn eru allir á þeirri skoðun að þessi hugmynd sé ekki raunhæf og framkvæmanleg eins og sakir standa, þ.e. að fela sveitarfélögunum alfarið að sjá um grunnskólann með auknum tekjustofnum en ríkissjóður sæi um rekstur framhaldsskólans. Meginrök allra nefndarmanna eru þau hin sömu að með því móti yrði um svo stórfelldan fjármagnsflutning að ræða, allt að tveimur milljörðum króna, að slíkt sé ekki framkvæmanlegt nema áður eða samhliða fari fram heildarendurskoðun og uppstokkun á öllum verkaskiptum og tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga. Með því að taka skólakostnað þar einan út úr þyrfti að setja þar reglur um það hvernig þessu fjármagni skuli skipt niður. Þær reglur yrðu að líkindum ekki einfaldari en þær sem nú gilda og til hvers er þá barist. Nefndarmenn eru sammála um að næsta skref endurskoðunarinnar skuli byggjast á þessari niðurstöðu. *Nefndarmenn hafa orðið sammála um að endurskoðunin skuli beinast að eftirfarandi meginþáttum auk þess sem að framan greinir:*

1. Farið verði ítarlega yfir alla þætti skólakostnaðar með það fyrir augum að einfalda allar reglur er snerta fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.
2. Stefnt verði að því að einfalda og skýra allar línur í stjórnun skólamála og auka vald og ábyrgð sveitarstjórna (skólanefnda) og skólastjóra frá því sem nú er.
3. Fjármálaleg ábyrgð sveitarstjórna í reksturskostnaði verði aukin með nýjum reglum um kostnaðarskiptingu í skólarekstri.
4. Aukið verði forræði heimaaðila um innra starf skólanna og þannig gefist svigrúm til að laga skólahald að nokkru eftir stað- og atvinnuháttum vítt um landið.
5. Menntamálaráðuneytið annist nauðsynlegt eftirlit með því að ákveðnum lágmarkskröfum samkvæmt viðmiðunarstundaskrá eða menntunarmarkmiðum sé fullnægt.
6. Breytt verði starfssviði fræðslustjóra og um leið starfsemi er fram fer á fræðsluskrifstofum.
7. Reksturskostnaður grunnskóla í dreifbýli verði skoðaður sérstaklega, skal þar nefna skólaakstur, upphitunarkostnað, heimavistargæslu, mötuneyti, viðhaldskostnað o.fl."

Í öllum meginatriðum hefur með frumvarpi þessu tekist að ná þeim markmiðum sem hér var stefnt að:

1. Skýrt er í frumvarpinu verk og valdsvið hvers aðila í stjórnun skóla og millilíðum fækkað.
2. Ábyrgð og vald heimaaðila, þ.e. sveitarstjórna og skólanefnda, er aukið til muna með tilliti til þess að hafa áhrif á innra starf skólans og laga það sem best að staðháttum í heimabyggð.
3. Tekist hefur með einföldun á skólakostnaðarskiptingu að fela sveitarstjórnum framkvæmd og vald á ákveðnum þáttum fjármála, en það ætti að leiða af sér hina bestu nýtingu fjármuna.
4. Með sérstökum reglum hefur verið tekið tillit til mjög breytilegra aðstæðna í strjálbýli.

Það var ákveðið strax í upphafi er nefndin hóf störf að ekki yrði óskað eftir umsögnum og tillögum frá hinum ýmsu hagsmunaaðilum um endurskoðunina heldur byggt á þeim gögnum, sem þegar liggja fyrir, um endurskoðun grunnskólalaga því að þetta er ekki í fyrsta skipti er lög þessi koma til skoðunar. Fyrir liggur nefndarálit frá nefnd er skipuð var 25. maí 1979 af þáverandi menntamálaráðherra Ragnari Arnalds. Það nefndarálit er ítarlegt og byggir m.a. á umsögnum víða að og er því að nokkru ljóst hver viðhorf hinna ýmsu hagsmunaaðila eru til fyrrnefndra laga. Auk þessa nefndarálits hafa verið lögð fram frumvörp á Alþingi um breytingar á grunnskólalögum og umræður farið fram um hina ýmsu þætti og vankanta sem á lögunum eru. Auðvitað eru skiptar skoðanir um ágæti laganna og framkvæmd þeirra. Slíkur skoðanamunur er einnig innan þeirrar nefndar sem hér starfar en leitast hefur verið við að samræma sjónarmið og ræða hin ýmsu atriði fordómalaust í víðu samhengi. Þannig hefur náðst samstaða í nefndinni um flestar þær tillögur sem hér liggja fyrir.

Nefndin vill leggja sérstaka áherslu á það að sá málaflokkur, sem hér um ræðir, er nokkuð vandmeðfarinn og byggist það einkum á tvennu. Í fyrsta lagi snertir þetta svo að segja hvert einasta mannsbarn í landinu því að um er að ræða grunninn að menntun og menningu þjóðarinnar og í öðru lagi eru aðstæður hér á landi svo gífurlega misjafnar í ýmsu tilliti. Erfitt er því að móta reglur sem eiga alls staðar við án sérstakra undantekninga.

Svo sem fyrr er drepið á hefur umtalsverður tími farið í það hjá nefndinni að skoða skólakostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, enda óskað eftir því sérstaklega að sá þáttur yrði skoðaður. Nefndarmenn voru á einu máli um það að þessi samskipti væru nú í óæskilegum farvegi og hefði það leitt af sér ýmsa örðugleika á undanförnum árum til tjóns fyrir skólahaldið í landinu í heild.

Eins og drepið hefur verið á er dálítið örðugt að semja reglur er taki annars vegar mið af hinni dreifðu byggð og hins vegar aðstæðum í Reykjavíkurborg eða hinum stærstu kaupstöðum. Þetta hefur þó nefndin reynt að gera eins og fram kemur í greinargerð við XIV. kafla frumvarpsins sem fjallar einkum um fjármál. Í fyrsta lagi er stefnt að því að skilja á milli þátta þannig að ríkið sjái að fullu um suma kostnaðarliði en sveitarfélög um aðra. Þannig verði glögg skil á milli og því ekki um að ræða sérstök reikningsuppgjör árlega. Leiðir þetta til þess að samskipti sveitarfélaganna og ríkisins varðandi skólakostnað verði einfölduð til muna.

Þó nefndin hafi ekki haft beint samstarf við nefnd þá er vann að endurskoðun framhaldsskólafrumvarpsins þá hefur verið upplýsingastreymi á milli m.a. vegna þess að einn nefndarmanna í grunnskólanefnd, Björn Halldórsson, sat einnig í framhaldsskólanefnd. Vitað er að hugmyndir þær er fyrir liggja um samræmd lög um framhaldsskólann gera ráð fyrir að umtalsverð útgjöld færist frá sveitarfélögum yfir til ríkisins, þ.e. að ríkið taki á sig aukinn kostnað vegna reksturs framhaldsskólanna. *Lögð skal áhersla á að rétt er að skoða þessi mál í samhengi.*

Það virðist vera almennur vilji fyrir því, bæði hjá forsvarsmönnum sveitarfélaga og ríkis, að einfalda allar reglur er snerta fjármálaleg samskipti þessara aðila og að fá skýrar línur og hrein skipti í sem flestum málaflokkum. En taka verður tillit til þess að fjárhagsleg afkoma sveitarfélaga er afar misjöfn og ræðst m.a. af fólksfjölda, tekjumöguleikum og landfræðilegum aðstæðum af þeim sökum er afar erfitt að láta hið sama gilda um öll sveitarfélög. Þá skiptir í raun ekki máli hvað málaflokkurinn heitir sem við á í því tilviki. Með tilliti til skólakostnaðar virðist í fljótu bragði vera hægt að flokka sveitarfélögin í nokkra flokka. Í dreifbýli er ástand mála þannig að sveitarfélögin þola ekki auknar byrðar og í þeim tilfellum alveg óraunhæft að ætla þeim stærri hlut í skólakostnaði en nú viðgengst. Á hitt skal bent að í mörgum tilfellum mætti eflaust með betra skipulagi og hagræðingu lækka til muna útgjöld sveitarfélaganna sem hér um ræðir.

Skólahald kostar mikið fé ár hvert og því mikilvægt að þeir fjármunir allir, sem til skóla- og fræðslumála fara, nýtist sem best í farsælu skólastarfi og hagnýtri og góðri menntun.

Spurningin er hvernig nálgast megi þetta markmið. Sjálfsagt eru margar leiðir færar en vænlegt þykir nefndinni að færa ábyrgð og ákvarðanatöku sem næst vettvangi. Hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar fólksins í hverju byggðarlagi taki sem flestar ákvarðanir og beri um leið fjármálalega ábyrgð. Þetta síðastnefnda atriði hefur verið haft að leiðarljósi í þeim hugmyndum sem fram eru settar um einföldun í stjórnkerfi varðandi grunnskólamál og reynt eftir föngum að færa vald og ákvarðanatöku til sveitarstjórna og skólanefnda en yfirstjórn menntamála verður að sjálfsögðu í menntamálaráðuneyti.

Rétt er að geta þess að skoðanir nefndarmanna voru nokkuð skiptar varðandi stöðu og verkefni fræðslustjóra, fræðsluskrifstofa og ráðgjafarþjónustu (sbr. sérálit). M.a. kom fram sú skoðun að æskilegt væri að ganga mun lengra í því að færa verkefni til sveitarstjórna og/eða samtaka þeirra og allur kostnaður vegna reksturs fræðsluskrifstofu og ráðgjafarþjónustu yrði greiddur af sveitarfélögum. Þá hefði einnig orðið að flytja allan kostnað sem af þessari þjónustu leiðir, m.a. allan launakostnað vegna stuðnings- og sérkennslu, yfir á sveitarfélög. En það væri í mótsögn við þá meginstefnu sem fylgt hefur verið að ríkið greiði öll kennslulaun.

Nefndin varð sammála um þær tillögur að frumvarpi sem hún skilaði menntamálaráðherra með eftirfarandi frávikum:

a. Valgarður Hilmarsson og Kristinn V. Jóhannsson skila séráliti varðandi 13. grein. (Fylgiskjal I.)
b. Björn Halldórsson, Valgarður Hilmarsson og Kristinn V. Jóhannsson leggja fram bókun varðandi skiptingu kostnaðar af viðhaldi skólamannvirkja. (Fylgiskjal II.)
c. Björn Halldórsson leggur fram bókun varðandi stöðu og starfssvið fræðslustjóra. (Fylgiskjal III.)
d. Ingólfur Ármannsson, Kristinn V. Jóhannsson og Valgarður Hilmarsson leggja fram bókun varðandi stofnun kennslugagnamiðstöðva við fræðsluskrifstofur. (Fylgiskjal IV.)
e. Valgarður Hilmarsson leggur fram bókun varðandi úrskurðarvald fræðslustjóra o.fl. (Fylgiskjal V.)

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins eru skýrðar helstu breytingar frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 63/1974. Eftirtaldar greinar þeirra laga eru felldar út úr frumvarpi þessu:

12. gr. og vísast þar til athugasemda við 11. gr.

35. gr. þar sem hún er talin óþörf vegna tilkomu laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Enn fremur vegna þeirra breytinga sem í þessu frumvarpi eru gerðar á 30., 31. og 32. gr. gildandi laga um grunnskóla.

36. gr. þar sem talið er eðlilegt að efni greinar þessarar verði framvegis ákvæði í kjarasamningum.

64. gr. þar sem óþarft virðist vera að setja í lög ákvæði um fjárveitingar til rannsóknarverkefna.

68. gr., 69. gr. og 70. gr. þar sem efni þeirra kemur fram í ýmsum greinum frumvarpsins, t.d. 62. og 39. gr. Sjá enn fremur athugasemdir við IX. kafla.

78. gr. Um efni hennar er vísað til 58. og 69. gr. frumvarpsins þar sem skýrt er tekið fram að ríkissjóður greiði laun þeirra sem ríkið ræður til starfa og falla því prófdómarar og trúnaðarmenn þar undir. Enn fremur er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að sveitarfélög greiði kostnað vegna umsjónar og mötuneytis nemenda í heimavist og heimanakstri, sjá 74. gr. frumvarpsins ásamt athugasemdum.

79. gr. þar sem ákvæði þessarar greinar eru þegar tilgreind í 71., 70., 74., 66. og 34. gr. frumvarpsins.

85. gr. og 86. gr. þar sem frumvarpið miðar við að ríkissjóður greiði allan kostnað af starfsemi fræðsluskrifstofu, sbr. 14. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða breytingar frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, sem fela það í sér að forskóli fyrir sex ára börn er nú færður inn í grunnskólann og tilheyrir honum því í einu og öllu, svo sem lög þessi gera ráð fyrir, að því undanskildu að ekki er um skyldunám að ræða. Þá er nefndin sammála um að aflétta því ákvæði í gildandi lögum að 9. bekkur tilheyri skólaskyldu.

Hvað varðar skólahald í þessum tveimur bekkjum grunnskólans, 6 ára bekk og 9. bekk, þá er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélögum sé skylt að bjóða upp á nám með sama hætti og fyrir þá sem skyldaðir eru að sækja skóla (1.–8. bekk).

Um 2. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 63/1974.

Um 3. gr.

Hér er gildandi lögum um grunnskóla breytt til samræmis við breytingar í 1. gr. og felld niður orðin „þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla“ og orðið „sveitarstjórn“ kemur í stað „fræðsluráð“.

Um 4. gr.

Er óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla hvað merkingu varðar, aðeins orðalagsbreytingar til samræmingar. Í stað orðsins „fræðsluráðs“ kemur „sveitarstjórnar“ og í stað „7–10 ára“ kemur „6–12 ára“. Svigrúm er hér aukið sem leitt getur til hagræðingar varðandi akstur o.fl.

Um 5. gr.

Mikil uppbygging skólamannvirkja hefur átt sér stað á undanförnum árum og því er hér um orðalagsbreytingar að ræða frá gildandi lögum um grunnskóla. Nefndinni þótti ekki ástæða til að síðasta málsgrein 5. gr. laganna stæði áfram þar sem ákvæðið á ekki lengur við.

Um 6. gr.

Óbreytt að efni til frá gildandi lögum um grunnskóla. Í stað orðsins „fræðslustjóra“ kemur „skólanefnd“.

Um 7. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að skólastjóri hafi heimild til þess að veita tímabundna undanþágu frá skólasókn allt að einum mánuði. Ætla má að skólastjórinn hafi yfirleitt besta aðstöðu til að vega og meta ástæður í slíkum undantekningartilvikum og alger óþarfi að flækja þau mál frekar, svo sem gildandi lög um grunnskóla gera ráð fyrir.

Um 9. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla.

Um 10. gr.

Landinu utan Reykjavíkur verði skipt í fræðsluumdæmi svo sem er í gildandi lögum um grunnskóla, þó svo að leiða megi sterk rök að því að sú skipting getur orkað tvímælis og kemur þar margt til.

1. Vegna þess að gert er ráð fyrir breyttri kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga er ekki knýjandi nauðsyn á skiptingu af þessu tagi.
2. Vitað er um landsvæði (héruð, sveitir) sem bæði landfræðilega og samgangnalega séð eiga mun eðlilegri samskipti inn á önnur svæði en þau sem gildandi lög um grunnskóla gera ráð fyrir.
3. Sú starfsemi, sem gert er ráð fyrir að eftirleiðis fari fram á fræðsluskrifstofum, þarf alls ekki endilega að afmarkast af þessari umdæmaskiptingu.

Hér er gert ráð fyrir þeirri sérstöðu Reykjavíkur að hún telst ekki sérstakt fræðsluumdæmi.

Borgin hefur sérstöðu af ýmsu tagi vegna stærðar sinnar og fjölmennis.

Í Reykjavík fer saman aðeins eitt skólahverfi og eitt sveitarfélag og því er ekki þörf á sömu samræmingu á milli sveitarfélaga. Þar sem menntamálaráðuneytið er í Reykjavík er ekki gert ráð fyrir sérstakri fræðsluskrifstofu.

Felld er niður sú breyting sem gerð var með lögum nr. 29/1978 um heimild til að stofna sérstök fræðsluumdæmi í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri.

Næstsíðasta málsgreinin í 10. gr. gildandi laga um grunnskóla er flutt í 14. gr. og fellt út orðið „fræðsluráð". (Sjá 11. gr.)

Um 11. gr.

Vísað er til þess hluta greinargerðar þessarar sem fjallar um nýja kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, svo og í þá stefnu sem tekin var í upphafi þessarar endurskoðunar og hefur að markmiði að einfalda og skýra allar línur í stjórnun skólamála. Flest þau verkefni, sem fræðsluráð hefur með höndum samkvæmt texta gildandi laga, eru færð til sveitarstjórna og skólanefnda, nær vettvangi og þannig fækkað milliliðum í stjórnsýslunni. Öll stjórnun hefur því möguleika á að verða einfaldari og um leið skilvirkari.

Yfirstjórn menntamála hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera í höndum menntamálaráðherra og ráðuneytis hans og því afar vafasamt að fræðsluráð geti farið með umboð menntamálaráðuneytisins sem engin áhrif getur haft á kjör manna til starfa þar. Í reynd hafa fræðsluráð í flestum tilfellum eingöngu litið á sig sem fulltrúa heimaaðila.

Rétt þykir að hafa í lögunum heimildarákvæði um að sveitarfélög eða samtök þeirra geti kjörið nefnd eða ráð til að fara með sameiginleg málefni er snúa að skyldum sveitarfélaganna um framkvæmd laganna. Landshlutasamtök hafa ekki lagastoð svo sem gildandi lög um grunnskóla gera ráð fyrir og til umræðu var er þau voru sett. Því er hér einungis talað um sveitarfélög eða samtök þeirra. Vísað er og til sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og þeirra ákvæða sem þar gilda um samstarf sveitarfélaganna.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir því að fræðslustjórar starfi í hverju fræðsluumdæmi. Þeir verði eftirleiðis sem hingað til ráðnir af menntamálaráðuneytinu og starfsmenn þess. Reynslan hefur sýnt að það tvöfalda kerfi, sem að nokkru er gert ráð fyrir í gildandi lögum um grunnskóla, hefur reynst mjög erfitt í framkvæmd hvað varðar störf fræðslustjóra og að nokkru störf fræðsluráða. Hér eru því tekin af öll tvímæli um að fræðslustjórar starfi á vegum menntamálaráðuneytisins, enda þiggi þeir laun sín úr ríkissjóði. Þeir annist eða hafi umsjón með, f.h. menntamálaráðuneytisins, svæðisbundna þjónustu sem eingöngu er fjármögnuð af

ríkissjóði. Séu ákvæði loðin og tvíræð hvað varðar afmarkanir verksviða í stjórnkerfinu leiðir það einungis til deilna og bitnar á þeim sem síst skyldi, í þessu tilfelli nemendum.

Gert er ráð fyrir óbreyttum kröfum til menntunar og starfsreynslu þeirra sem ráða skal í störf fræðslustjóra.

Eðlilegt þykir að ráðuneytið setji þessum starfsmönnum sínum erindisbréf.

Um 13. gr.

Í 14. gr. gildandi laga um grunnskóla eru störf fræðslustjóra tíunduð þó að sú upptalning sé hvorki tæmandi né heldur alls staðar skýr. Ekki eru tiltæk gild rök fyrir því að nauðsyn sé á að skilgreina í lögum störf eins starfsmanns menntamálaráðuneytisins frekar en þá allra annarra. Í lagatextanum er fjallað um starfsvettvang fræðslustjóra í almennu orðalagi, en gert ráð fyrir að ráðuneytið setji frekari fyrirmæli þar um í erindisbréfi, sbr. 12. gr. Minna skal á að gert er ráð fyrir að fjármálaleg uppgjörsstörf milli ríkis og sveitarfélaga verði eftirleiðis að mestu úr sögunni.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið starfræki þjónustuskrifstofur í fræðsluumdæmunum (fræðsluskrifstofur/skólaskrifstofur). Kostnaður við þá starfsemi greiðist allur úr ríkissjóði en ekki að hluta til af sveitarfélögunum eins og nú er. Er þetta liður í breyttri skólakostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Auk þeirra verkefna, sem nefnd eru í greininni, hlýtur að teljast eðlilegt að þessi svæðisskrifstofa ráðuneytisins annist helstu stjórnsýsluþætti sem varða sérstaklega viðkomandi umdæmi, svo sem ráðgjöf, upplýsingaöflun, áætlanagerð, vinnuskýrslur o.s.frv.

Starfsemi og umfang þessara þjónustuskrifstofa mun að sjálfsögðu tengjast þeim verkefnum sem fræðslustjóri hefur með höndum hverju sinni og öðrum þeim verkefnum sem ráðuneytið ákveður.

Um 15. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 16. gr. gildandi laga um grunnskóla að öðru leyti en því að í stað orðsins „útibú“ er sett „skólasel“ og ekki er tilvitnun í fjármálakafla, enda er hann breyttur frá gildandi lögum. Nokkrar orðalagsbreytingar frá síðustu málsgrein 16. gr. felast í því að lagt er til að menntamálaráðuneytið *ákveði* og hafi frumkvæði og úrskurðarvald um skiptingu landsins í skólahverfi, að fengnum tillögum eða umsögnum sveitarstjórna og skólanefnda sem hlut eiga að máli. Það er skoðun nefndarinnar að kominn sé tími til að endurskoða skiptingu landsins í skólahverfi með það í huga að stækka þau víða í dreifbýlinu. Setja ákvæði um „aðalskóla“ og „skólasel“ í tengslum við hann. Þannig ætti að fást mun hagkvæmari rekstrareiningar bæði hvað varðar kennslu og annað skipulag. Þetta verður að sjálfsögðu að ráðast af aðstæðum í hverju tilviki, en hafa ber í huga að miklar breytingar hafa orðið á samgöngum og búsetu frá því að núverandi skipulag tók gildi.

Um 16. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum um grunnskóla. Óþarft þykir að taka sérstaklega fram í lögunum að sveitarstjórnum sé heimilt að ráða sér einn eða annan starfsmann, svo sem skólafulltrúa, reikningshaldara eða aðra. Um slíkt fer eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

Um 17. gr.

Íbúatala skv. a-lið 1. mgr. 18. gr. gildandi laga um grunnskóla er hækkuð úr 900 í 1000 íbúa. Þriðja síðasta málsgrein 18. gr. laganna er felld út svo og síðasta málsgreinin. Þá falla út í næstsíðustu málsgrein orðin „sömu ákvæði og um fræðsluráð“. D-liður fellur brott þar sem hann er óþarfur ef felld eru út orðin „með jafnri aðild árganga“ í c-lið.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um starfssvið skólanefnda. Hér hefur nokkuð verið breytt orðalagi 19. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Önnur málsgrein hefur verið flutt í 22. gr. Þriðja málsgrein hefur verið felld brott og 4. mgr. verið flutt í 22. gr. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji skólanefndum erindisbréf þar sem tilgreint er um starfssvið og starfshætti, en skólanefnd er samkvæmt frumvarpi þessu ætlað mun meira hlutverk ásamt sveitarstjórn í stjórnun skólamálanna.

Um 19. gr.

Hér eru tekin af öll tvímæli um að skólastjóri telst forstöðumaður þess skóla sem hann starfar við og stjórnar starfi hans. Lagðar eru línur um stjórnun innan grunnskóla og er hér um orðalagsbreytingar og mikla einföldun frá gildandi lögum um grunnskóla að ræða. Starfssvið skólastjóra við stjórnun skóla er tilgreint skýrar og fækkað til muna þeim aðilum sem hann í sínu stjórnunarstarfi er skyldur til að hafa samráð við og leita álits hjá við ákvarðanatöku. Samkvæmt gildandi lögum er staða skólastjórans mjög óljós og oft og tíðum flókin. Vakin er athygli á því að hér er gert ráð fyrir því að almennur kennarafundur sé skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skóla. Heimilt verður að kjósa kennararáð úr hópi kennara í fjölmennum skólum eða þar sem starfa 15 fastráðnir kennarar eða fleiri. Sé heimildin notuð þá fer kennararáðið með umboð kennara milli kennarafunda. Skólastjórar skulu starfa undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins og setur það þeim erindisbréf.

Um 20. gr.

Hér eru sameinaðar 21. og 22. gr. gildandi laga um grunnskóla er fjalla um foreldrafélög og nemendaráð. Lögð er áhersla á aukin samskipti heimila og skóla, en þau geta orðið með ýmsum hætti. Má þar nefna fræðslu og kynningu á skólamálum almennt, upplýsingamiðlun um innra starf skólans og samstarf foreldra, kennara og nemenda.

Í kaflanum um nemendaráð er lögð áhersla á að það fjalli fyrst og fremst um eigin málefni (málefni nemenda svo sem félagslíf) og höfð í huga þau áhrif sem nemendur geta haft í gegnum skólaráð, sbr. 21. gr. Ekki þykir eðlilegt að nemendaráð í grunnskóla hafi á annan hátt afskipti af stjórnun eða starfsháttum skóla.

Ekki er talið rétt að lögbinda ákvæði um foreldrasamtök eða nemendaráð.

Um 21. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Tilgangurinn með heimildarákvæði þessu er að gefa foreldrum, nemendum, skólanefndum og starfsfólki skóla kost á að stofna samstarfsvettvang til að ráða ráðum um innra starf skólanna og hafa þá um leið aukin áhrif á þróun hans. Málaflokkar þeir, sem skólaráð tæki til umfjöllunar, gætu til að mynda verið skólareglur, samskipti heimila og skóla, skólamáltíðir, starfstími skóla, ferðalög nemenda, félagslíf nemenda, tilrauna- og rannsóknarverkefni, valgreinar o.fl.

Um 22. gr.

Greinin hefur verið að nokkru umorðuð og inn í hana bætt ákvæðum sem áður voru í 19. gr. gildandi laga. Tekin eru af öll tvímæli um að frumkvæði og framkvæmdir við skólabyggingar skuli vera í höndum viðkomandi sveitarstjórnar sem hefur samráð við menntamálaráðuneytið um alla tilhögun varðandi kostnaðarþátttöku ríkisins í framkvæmdunum. Nýju stefnumarkandi ákvæði er bætt í frumvarpið, en það kveður á um að allir skólar skuli vera einsetnir a.m.k. frá og með 4. bekk. Fellt er út ákvæði 3. mgr. 23. gr. gildandi laga um grunnskóla varðandi sérstakar 10 ára framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar fyrir allt landið.

Um 23. gr.

Óbreytt frá 24. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 24. gr.

Óbreytt frá 25. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 25. gr.

Óbreytt frá 26. gr. gildandi laga um grunnskóla, en niður fellt ákvæðið um að ráðuneytið skuli efna til sérstakrar samkeppni um hönnun skólabygginga þegar ástæða þykir til. Þetta orðalag virðist þjóna litlum tilgangi þar sem ráðuneytið hlýtur að ráða því hvenær ástæða er til slíks eða ekki. Til þess þarf ekki lagaheimild.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Hér er kveðið á um það að sveitarfélög eru skyld að sjá um framkvæmd viðhalds skólamannvirkja svo að fullnægjandi sé.

Um 28. gr.

Hér er um orðalagsbreytingar að ræða frá 29. gr. gildandi laga um grunnskóla. Víxlað er orðunum „skólastjóra“ og „skólanefndar“ í 1. mgr. og bætt þar inn orðunum „þar með taldir skólastjóra- og kennarabústaðir“. Þá er í síðustu málsgrein sett orðið „sveitarstjórn“ í stað „skólanefnd“ og getur hún, að fenginni umsögn skólanefndar og með samþykki menntamálaráðuneytisins, tekið ákvörðun um notkun skólahúsnæðis utan skólatíma, t.d. hótelrekstur.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 30. gr. gildandi laga um grunnskóla að öðru leyti en því að vitnað er til laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Nefndin ræddi nokkuð um það hvort afnema ætti æviráðningar kennara og skólastjóra og þá um leið allra opinberra starfsmanna. Er nefndin sammála í því efni, en taldi sér ekki fært að leggja slíkt til í þessu frumvarpi. Málið yrði að skoða í víðara samhengi og væri full ástæða til slíks.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir ofurlitlum breytingum frá gildandi lögum um grunnskóla. Eðlilegast er að ráðning yfirkennara fylgi sömu reglum og ráðning annarra kennara, sbr. lög nr. 48/1986. Þá er hér fellt út úr lögunum ákvæði sem gerir ráð fyrir að menntamálaráðuneytið ákveði lágmarkskennsluskyldu yfirkennara. Að sjálfsögðu eiga að gilda um yfirkennara sömu reglur og skólastjóra og aðra kennara. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að skólastjóri *feli* þeim kennara, er hann kveður til, stjórn í forföllum sínum allt að tveimur mánuðum. Nefndin telur að þetta ákvæði standist varla og sé þar að auki ekki gott fyrirkomulag. Þess vegna er í síðustu málsgrein ákvæði sem gerir ráð fyrir að skólanefnd og skólastjóri skuli í sameiningu ganga frá því áður en skóli hefst ár hvert, hver af kennurum skólans skuli vera staðgengill skólastjóra í forföllum hans hvort sem um lengri eða skemmri tíma er að ræða. Gera verður ráð fyrir því að samið sé um þóknun fyrir slík störf í kjarasamningum.

Um 31. gr.

Undir ákvæði þessarar greinar falla stunda- og forfallakennarar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 32. gr.

Stefnt er að því að ráðningar kennara fari fram fyrr en verið hefur og er því hér nefndur 1. júní í stað 1. júlí í gildandi lögum um grunnskóla. Gert er ráð fyrir því að skólanefnd sendi tillögur um kennararáðningar til ráðuneytisins og er það í samræmi við breytingar sem ganga í gegnum öll lögin og fyrr er frá greint. Engu að síður er ekkert því til fyrirstöðu að fræðslustjóri gangi frá og annist um kennararáðningar í sínu umdæmi í umboði ráðuneytisins. Með þessu móti eru mál öll einfölduð í meðferð.

Um 33. gr.

Samkvæmt því sem áður er vitnað til um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi skólakostnað eru hér gerðar nokkrar breytingar á ráðningu starfsfólks til annarra starfa en kennslu við grunnskóla. Þessi grein er í gildandi lögum um grunnskóla mjög loðin í orðalagi og þar að auki eru í henni vandræðaákvæði í síðustu málsgreininni sem fjallar um endurráðningar sem verða sjálfkrafa ef sérstaklega er ekki tilkynnt um annað fyrir 1. júní. Gert er ráð fyrir að grein þessi fjalli um og kveði skýrt á um það að sveitarstjórn ráði starfsfólk grunnskóla annað en kennara og starfsfólk á skólasafni, þ.e. það starfsfólk sem sveitarstjórn greiðir laun. Fellt er niður ákvæðið um endurráðningar frá 1. júní og verður að líta svo á að í ráðningarsamningi sé tilgreint um ráðningartíma þegar starfsfólk er ráðið til starfa.

Um 34. gr.

Tillagan er að mestu samhljóða 37. gr. gildandi laga um grunnskóla en felld út önnur málsgrein vegna ákvæða í lögum nr. 48/1986. Þá er einnig síðasta málsgrein 37. gr. felld út, enda þegar inni í textanum að umsjón með nemendum á heimavistum skuli vera í höndum fólks með uppeldismenntun.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Gert er ráð fyrir óbreyttri merkingu 39. gr. gildandi laga um grunnskóla. Í stað orðsins „má“ er sett orðið „skal“. Þá eru tekin af öll tvímæli um að skólastjórar og yfirkennarar falli undir þau ákvæði um endurmenntun sem hér er fjallað um. Málefni þeirra hafa hingað til verið vanrækt í endurmenntunarstarfinu og þarf úr að bæta hið fyrsta því að öll þróun í skólastarfi byggist ekki hvað síst á því að skólastjórnendur séu meðvitandi um stefnu og strauma í skólamálum.

Bætt er inn ákvæði um að þessi fræðslustarfsemi sé á ábyrgð menntamálaráðuneytisins og ber því að sjá um að slíkt sé framkvæmt.

Um 37. gr.

Óbreytt frá 40. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 38. gr.

Hér er um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi lögum um grunnskóla. Gert er ráð fyrir því að reglulegur starfstími skóla verði 8–9 mánuðir í stað 7–9 mánuðir. Mestur hluti nemenda í þéttbýli stundar nú nám í 9 mánuði ársins og flestir skólar í dreifbýli starfa í 8–8½ mánuð. Annað heyrir nú til algerra undantekninga. Þróunin hefur gengið í þá átt að samræma skólagöngu nemenda með lengingu starfstíma skóla í dreifbýli samhliða því að vikulegur starfstími miðast nú eingöngu við fimm daga kennsluviku í stað sex daga áður í sumum tilfellum. Engin ástæða er til að útiloka þá möguleika að kenna sex daga skólaviku

gegn styttingu árlegs starfstíma ef slíkt hentar betur með tilliti til aðstæðna í byggðarlagi. Þá var nefndin og sammála um að rétt væri að hafa sveigjanleika í árlegum starfstíma um einn mánuð en alveg ástæðulaust að sá munur væri meiri. Sjá enn fremur greinargerð með 42. gr. varðandi leyfi á starfstíma skóla.

Um 39. gr.

Þessi grein er 42. gr. gildandi laga um grunnskóla óbreytt að mestu. Sund er sett inn í j-lið því nefndin er sammála um að eðlilegast sé að kennsla í sundi og framkvæmd sundskyldunnar fari fram sem skyldunámsefni í grunnskólanum. Bætt er inn einum staflið, m-lið, sem kveður á um það að í grunnskólanum skuli fræða unglinga um vinnumarkaðinn á hverjum tíma, um framhaldsnám og námsmöguleika að loknum grunnskóla ásamt kynningu á sem flestum þeim þáttum sem áhrif geta haft á starfsval. 70 gr. gildandi laga fjallar um þetta atriði sem hér um ræðir og í framhaldi af þessari breytingartillögu leggur nefndin til að 70. gr. gildandi laga falli út. Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þessa fræðslustarfs sem hér er til umfjöllunar og skal því á engan hátt gert lægra undir höfði en öðrum þáttum í grunnskólanáminu samkvæmt þessari grein. Nefndin lítur svo á að menntamálaráðuneytið sé skyldugt til að sjá um að nauðsynleg gögn séu jafnan fyrir hendi svo að starfs- og námsráðgjöf geti farið fram í efstu bekkjum grunnskóla.

Þó svo að hér hafi verið gerð tillaga um að bæta inn einum lið og þannig í raun verið að leggja til aukningu á efni sem taka þarf inn í grunnskólanámið, ber að vara við því að auka sífellt við án þess að taka eitthvað af námsefni út í staðinn eða á einhvern hátt breyta því sem fyrir er. Virðist svo sem endurskoðunar sé þörf á öllu námsefni grunnskólans og umfangi þess miðað við það sem viðgengst í dag. Ekki er því að neita að menntunin kallar á sífellt meiri sérhæfingu sem útheimtir ákveðna sérþekkingu meðal þeirra sem fást við kennslu. Af því leiðir að æskilegt er að hafa nokkurt svigrúm í námsskrá og viðmiðunarskrá hvað varðar þann möguleika að brjóta upp hefðbundna stundaskrá og kenna hin ýmsu fræði í námskeiðsformi, í efri bekkjum sérstaklega. Á þetta ekki síst við um það sem fellur undir m-lið tillögunnar svo og ýmsa aðra fræðslu sem fram skal fara samkvæmt öðrum lögum. Má þar nefna umferðarfræðslu, kynlífsfræðslu, jafnréttisfræðslu, bindindisfræðslu o.fl.

Brott hefur verið fellt ákvæðið um atvinnuþátttöku nemenda þar sem það hefur reynst illframkvæmanlegt.

Um 40. gr.

Nefndin vill leggja áherslu á að í öllum skólum gefist nemendum kostur á að taka þátt í félagsstarfi utan hins hefðbundna kennsludags en samt sem áður sem óaðskiljanlegum hluta af skólastarfi. Þessi starfsemi getur sem best átt sér stað í samstarfi við íþrótta- og/eða æskulýðsfélög. Miðað er við að félagsstarf þetta sé undir stjórn skólastjóra að því marki er snertir afnot af húsnæði skóla hans eða er háð skipulagningu hans á skólastarfi. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að sveitarstjórn verður að samþykkja áætlun skólastjóra um þessa félagsstarfsemi þar sem sveitarstjórn ber af henni allan kostnað hér eftir. Rétt er að sú áætlun skólastjóra komi fram með öðrum þáttum í starfsáætlun skólastjóra, sbr. 82. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Í síðustu málsgrein er sett inn orðið „starfsmenn“ í stað orðsins „kennari“ þar sem ekki er endilega gefið að kennarar skóla sjái um þetta félagsstarf.

Um 41. gr.

Þar sem forskóli er orðinn hluti af grunnskólanum þykir eðlilegt að ákvarða hér um kennslutíma á sama hátt og gert er með aðra bekki og þar með 9. bekk. Lagt er til að vikulegur kennslutími skuli nema allt að 840 mínútum. Hér ber að hafa í huga að í fámennum

skólum er viðhöfð samkennsla og þar af leiðandi nauðsynlegt að hafa nokkurt svigrúm til þess að nemendur geti fylgst að t.d. í akstri o.fl.

Vikulegur kennslutími fyrsta bekkjar lengist frá gildandi lögum um grunnskóla úr 880 mínútum í 920 mínútur vegna sundkennslu.

Um 42. gr.

Í lögum skal einungis bundinn sá tími sem nemendur fá leyfi frá skóla um jól og áramót. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að kveðið sé í skóladagatali á um starfsdaga skóla og þá sem viðmiðun en ekki ófrávíkjanlega reglu. Þennan sveigjanleika telur nefndin unnt að hafa ef búið er að fastbinda fjölda kennslu- og prófdaga. Vísað er til greinargerðar með 38. gr. varðandi þá stefnu að heimamenn (skólanefnd og foreldrar) verði með í ráðum varðandi alla tilhögun. Sem dæmi skal nefnt að ekkert er því til fyrirstöðu að kennt sé fram á miðvikudag í dymbilviku, svo sem var gert hér áður og reyndar viðgengst enn í dag.

Það er álit nefndarmanna að leyfisdagar nemenda þurfi ekki endilega að vera túlkaðir sem leyfisdagar starfsfólks.

Um 43. gr.

Meðaltal nemenda í bekkjardeildum hefur verið lækkað úr 28 samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla í 24 og miðað við að nemendur í bekkjardeildum forskóla til 3. bekkjar fari að jafnaði ekki yfir 29 og 30 í öðrum bekkjum skólans.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. hefur í stað „1.–6. bekkjar“ í 47. gr. gildandi laga um grunnskóla verið sett inn „forskóla til 7. bekkjar“. Bætt er inn nýjum staflið í 1. mgr. er varðar kennslu í mjög fámennum skólum. Þar af leiðir að síðasta málsgrein 47. gr. gildandi laga um grunnskóla er óþörf, enda vikið nánar að kennslutímakvóta og skiptistundum í 69. gr.

Um 45. gr.

Í 1. mgr. hefur verið sett inn „8.–9. bekk“ í stað „7.–9. bekk“ í 48. gr. gildandi laga um grunnskóla, og í stað „skólayfirvöld“ í lok 1. mgr. sömu greinar er sett inn „skólanefnd og skólastjóri“.

Um 46. gr.

Gert er ráð fyrir því að 2. mgr. 49. gr. gildandi laga um grunnskóla falli brott, enda óþörf að því er best verður séð og vísast þar til 1. gr. Í 2. mgr. er verið að auka til muna svigrúm til þess að börn geti færst á milli bekkja og þannig lokið grunnskólanámi fyrr en á því ári sem þau verða 16 ára. Hér er stefnt að því að nálgast frekar það markmið sem sett er fram í 2. gr., þ.e. að koma til móts við þarfir hvers og eins. Hér er verið að gera tilraun til að hverfa frá því sem nefnt hefur verið meðalmennskukerfi. Þau börn, sem hafa þroska og færni til að takast á hendur erfiðari verkefni en aldur þeirra segir til um samkvæmt námskrá, eiga að fá það svo fremi að skólastjóri, kennari og forráðamaður barnsins mæli með því og samþykki. Sjálfsagt þykir að ætíð liggi fyrir samþykki frá foreldrum eða forráðamönnum. Það er álit nefndarinnar að seinkun nemenda í grunnskóla eigi að vera alger undantekningartilvik sem ekki komi til framkvæmda nema fyrir liggi meðmæli frá ráðgjafarþjónstu. Þetta svigrúm, sem hér er verið að veita, á að geta bætt skólastarfið, gera það fjölbreyttara og meira aðlaðandi fyrir börnin. Þá er einnig stigið skref í þá átt að nemendur geti lokið sínu framhaldsnámi ári fyrr en nú er. Er það mjög til samræmis við það sem tíðkast í okkar nágrannalöndum. Verði það almennt að þetta svigrúm verði nýtt í skólum mun það án efa leiða til bættrar nýtingar fjármuna í skólakerfinu.

Rétt er að vekja athygli á því sérstaklega að það eru skólastjórar, kennarar og foreldrar sem axla ábyrgð í þessu sambandi og ef til vill er það sjálfgefið að foreldrar eigi hér síðasta orðið. Hins vegar er mjög eðlilegt að ráðgjafarþjónusta skóla veiti upplýsingar og ráðgjöf í þessu efni sem og öðrum í almennu eðlilegu skólastarfi.

Síðasta málsgrein 49. gr. gildandi laga um grunnskóla fellur brott vegna þess að hér er gert ráð fyrir að skólaskyldu ljúki við lok 8. bekkjar.

Um 47. gr.

50. gr. gildandi laga um grunnskóla að mestu óbreytt. Fellt er út orðið „sérstakrar“ í 1. mgr. og síðar í sömu málsgrein er orðinu „afbrigði“ breytt í „fötlun“. Fellt er brott heimildarákvæðið í lok greinarinnar sem veitir heimild til að auka álag á þessa nemendur umfram það sem viðmiðunarnámsskrá gerir ráð fyrir almennt. Verður það að teljast frekar vafasamt.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um stuðnings- og sérkennslu í grunnskólum.

Um 48. gr.

Vísað er til 62. gr. og greinargerðar um „ráðgjafarþjónustu“ skóla. Hér er um breytingu á nafngift að ræða og gengur hún í gegnum þessa grein. Í a-lið er í stað orðsins „hæfileika“ í 51. gr. gildandi laga um grunnskóla sett orðið „getu“.

Um 49. gr.

Í stað „sálfræðiþjónustu“ í 52. gr. gildandi laga um grunnskóla kemur „ráðgjafarþjónustu“. Í stað orðanna „verði reistar“ í 2. mgr. 52. gr. gildandi laga um grunnskóla stendur „séu starfræktar“. Fellt er brott ákvæðið um 10 ára framkvæmdaáætlun, enda eru þau ár blessunarlega liðin í aldanna skaut frá því lögin um grunnskóla tóku gildi.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um deildir og stofnanir samkvæmt þessari grein.

Um 50. gr.

Óbreytt frá 53. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 51. gr.

Orðalagi 54. gr. gildandi laga um grunnskóla er breytt. Sett er ákvæði um að skólareglur skuli hljóta samþykki skólanefndar áður en þær taka gildi. Breytingar aðrar miða að einfaldari málsmeðferð í þeim tilvikum sem hér um ræðir og lögð er aukin áhersla á úrlausn á vettvangi heima áður en máli er vísað til meðferðar utan skóla, enda er það til samræmis við það sem viðgengst almennt nú. Þar sem hér er oftast um viðkvæm og vandmeðfarin mál að ræða ber nauðsyn til að um þau verði sett reglugerð.

Um 52. gr.

Hér er lögð sú skylda á herðar skólanefndum að þær geri allt sem hægt er til að leysa úr ágreiningsefnum ef upp koma áður en mál eru send ráðuneyti til meðferðar.

Um 53. gr.

Óbreytt frá 56. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 54. gr.

Óbreytt frá 57. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 55. gr.

Í fyrstu málsgrein er fellt brott „svo fljótt sem við verður komið“. Að öðru leyti er greinin óbreytt frá 58. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 56. gr.

Gera verður ráð fyrir að valgreinar geti verið hluti námsins frá og með 7. bekk, og má hvetja til að slíkt verði reynt a.m.k. í auknum mæli. Fellt er brott úr 59. gr. gildandi laga um grunnskóla „og hafa einkunnir kennara ekki áhrif á þær“. Þetta ákvæði er óþarft þar sem fyrr er kveðið á um að þessar einkunnir skuli færa inn á skírteini nemanda sem sjálfstæðar einkunnir.

Um 57. gr.

Óbreytt frá 60. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 58. gr.

Hér er gert ráð fyrir að skipun prófdómara sé heimildarákvæði til handa menntamálaráðuneyti. Þriðja málsgrein 61. gr. gildandi laga um grunnskóla er felld brott þar sem hún þjónar ekki tilgangi a.m.k. miðað við óbreytt orðalag.

Tillaga er um að ríkissjóður sjái einn um greiðslu þóknunar fyrir prófdómarastörf. Þá er og nauðsyn á að sett sé reglugerð um námsmat.

Um VIII. kafla.

Hér er gerð tillaga um að breyta nafni kaflans í „Skólaþróun, rannsóknir o.fl.“. Efni, innihald og fyrirætlan með þessum kafla er fyrst og fremst að stuðla að eðlilegri þróun í skólastarfi á Íslandi. Til stuðnings slíku þróunarstarfi er nauðsynlegt að viðhafa rannsóknarstarfsemi og kannanir ýmiss konar, en þær eru ekki neitt aðalatriði út af fyrir sig.

Um 59. gr.

Skýrt er tekið fram að ráðuneytið hafi með höndum yfirumsjón með öllum könnunum og rannsóknum í skólum og veiti heimildir til þeirra sem safna vilja upplýsingum í skólum, innan ramma laga og reglugerða. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið stuðli að framförum og þróun í skólum, m.a. með tilraunanámsefni og ýmsum meiri og minni háttar nýjungum í skipulagi eða starfsháttum, sbr. 61. gr. Brott er fellt úr 62. gr. gildandi laga um grunnskóla ákvæði sem kveður á um að ráðuneyti skuli hafa samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka um útgáfu námsbóka. Í gildi eru nú gengin lög um Námsgagnastofnun og vísast til þeirra hvað það atriði áhrærir. Brott er fellt niðurlag síðustu málsgreinar 62. gr. gildandi laga um grunnskóla þar sem ákvæðið er komið inn í 36. gr. frumvarpsins.

Um 60. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 61. gr.

Óbreytt frá 65. gr. gildandi laga um grunnskóla að öðru leyti en því að lagt er til að ríkissjóður greiði þann kostnað af starfrækslu tilraunaskóla sem er umfram það sem greiða á til skólans samkvæmt frumvarpi þessu.

Um IX. kafla.

Nafni kaflans hefur verið breytt. Er það gert til að leggja aukna áherslu á að sú þjónusta, sem hér er verið að fjalla um, er fyrst og fremst til þess ætluð að efla og bæta

skólastarf almennt þannig að skólinn eigi auðveldara með að ná þeim markmiðum sem 2. gr. gerir ráð fyrir. Starfsemi þessi sé ráðgefandi á sviði stuðnings- og sérkennslumála og ekki stýrandi eða stjórnandi varðandi nám og kennslu almennt í skólum. Með þessari nafnbreytingu er ekki verið að kasta rýrð á sálarfræðina sem slíka eða þá sem bera titil þeirrar fræðigreinar, heldur gerð tillaga um notkun safnheitis sem nái yfir alla sérfræðinga sem annast ráðgjafarstörf fyrir skólana.

Svo sem fyrr segir er gert ráð fyrir að ráðgjafarþjónusta skóla snúist að mestu um stuðnings- og sérkennslu og eigi hún að rísa undir nafni verður hún að hafa á að skipa sérmenntuðu starfsfólki. Það kunna að vera skiptar skoðanir á því hversu sérhæfða þjónustu unnt er að veita dreift um landið, en það sem höfuðmáli skiptir er að öllum skólum sé tryggður greiður aðgangur að sérfræðingum á þessu sviði. Er hér miðað að því.

Þá er með breytingum skapað svigrúm til þess að ráðgjafarstarfsemi á sviði uppeldis-, kennslu- og félagsmála (skólastofnanir, svæðisstjórnir, félagsmálastofnanir, heilbrigðiskerfi), sem starfrækt er af ríki og sveitarfélögum, geti sameinast undir einn hatt þar sem aðstæður leyfa og verður að telja það ótvíræða kosti. Með því móti yrði skipulagning auðveldari og starfið markvissara.

Um 62. gr.

Hér er um verulegar breytingar að ræða frá 66. gr. gildandi laga um grunnskóla sem felast m.a. í:

1. Ráðgjafarþjónusta grunnskóla er undir yfirstjórn og skipulagi menntamálaráðuneytisins, enda öll kostuð af ríkissjóði. Eðlilegt getur talist að starfsemi þessi tengist starfsemi fræðsluskrifstofu og störfum fræðslustjóra sem gegnir þar stjórnunarstörfum f.h. ráðuneytis.
2. Upphafsmálsgreinin er mjög afdráttarlaus og tryggir öllum skólum aðgang að sérfræðingum á sviði stuðnings- og sérkennslumála.
3. Menntamálaráðuneytið á að starfrækja ráðgjafarþjónustu í hverju fræðsluumdæmi eftir því sem við verður komið. Í þessu tilliti verður að taka mið af samgöngum og öðrum þáttum í allri skipulagningu þar með talið mati á því hversu sérhæfð þjónusta þessi skal vera á hverjum stað. Um meiri sveigjanleika er að ræða en samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla og á það að geta leitt til hagræðingar og bættrar þjónustu.
4. Fyrsta mgr. felur í sér að ráðuneytið þarf að skipuleggja þjónustu þessa í heild yfir allt landið. Það verður að teljast æskilegt a.m.k.
5. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan kostnað af ráðgjafarþjónustu skóla. Um nánari tilhögun verður að setja ákvæði í reglugerð.

Um 63. gr.

Vísað er til ákvæða um setningu reglugerðar varðandi ráðgjafarþjónustu, enda verður trauðla í lagatexta skilgreint út í hörgul starfsemi hennar og umfang. Eðlilegt er að setja í lög stefnumarkandi línur og hefur orðalagi verið breytt í þessa veru.

Um 64. gr.

Hér eru nefndir þeir sérfræðingar sem t.d. gætu verið starfsmenn ráðgjafarþjónstu. Þessi upptalning er ekki tæmandi og kemur ekki í veg fyrir að einhverjir aðrir sérmenntaðir starfsmenn gætu starfað við ráðgjafarþjónustu. Hér eru tekin af öll tvímæli um að menntamálráðuneytið ráði starfsfólk til ráðgjafarþjónustu, enda laun þeirra öll greidd úr ríkissjóði. Vísað er hér enn til setningar reglugerðar varðandi starfsemi ráðgjafarþjónustu.

Um X. kafla.

Nafni kaflans er hér breytt. Sú breyting þarfnast í raun ekki skýringa.

Á safni þessu á að vera fyrir hendi ýmiss konar búnaður, kennslu- og námsgögn og eru bækur einungis hluti þeirra. Líta ber á skólasafn sem óaðskiljanlegan hluta skóla og aðstöðu þar. Því er talið sjálfsagt að safn af þessu tagi sé fyrir hendi í öllum grunnskólum og ekki miðað við 5.–9. bekk svo sem ákvæði í 76. gr. gildandi laga um grunnskóla gera ráð fyrir.

Um 65. gr.

Orðalagi er breytt frá 1. mgr. 72. gr. gildandi laga um grunnskóla hvað varðar sameiningu skólasafna og almenningssafna. Nefndin hefur allan fyrirvara á að slík sameining sé æskileg og þjóni einhverjum tilgangi. Þessi möguleiki er þó ekki útilokaður.

Felld er brott upptalning skv. 3. mgr. 72. gr. gildandi laga um grunnskóla á þeim gögnum sem tilheyra skólasafni. Breytingar eru örar á þessu sviði með tilkomu nýrrar tækni og því getur ákvæði af þessu tagi verið til óþurftar sé það bundið í lögum.

Þar sem skólasafnið er óaðskiljanlegur hluti skóla og starfsemi, sú sem þar fer fram, samofin kennslu er gert ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið ráði starfsfólk til starfa þar og greiði því laun. Ekki er óeðlilegt að kennarar annist störf þessi í minni skólum a.m.k. Sjá enn fremur greinargerð með 70. gr.

Um 66. gr.

Vísað er í gildandi lög sem fjalla um heilsuvernd í skólum. Nefndin lítur svo á að grunnskólalög eigi ekki að tilgreina þá starfsemi frekar. Ítrekað skal að litið er á alla heilsuvernd, hvort sem hún fer fram í skólum, á heilsugæslustöðvum eða annars staðar, sem hluta af almennri heilbrigðisþjónustu landsmanna og falli undir sömu löggjöf. Kostnaður þar af leiðandi fari eftir sömu reglum og annar heilsugæslukostnaður og teljist því ekki til skólakostnaðar.

Um 67. gr.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð ráð fyrir að sex ára bekkur forskóla falli undir ákvæði grunnskólans hvað alla tilhögun varðar. Því er í þessari grein aðeins vikið að kennslu fimm ára barna. Fellt er brott ákvæði um ráðningu kennara sérstaklega að forskóla og gert ráð fyrir að um það gildi ákvæði laga nr. 48/1986.

Um 68. gr.

Óbreytt frá 75. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um XIV. kafla.

Kveðið er á um skyldu ríkissjóðs til þess að greiða að fullu allan launakostnað þeirra starfsmanna er ráðnir eru við grunnskóla til stjórnunar- og kennslustarfa og starfa á skólasöfnum.

Hér er um verulega breytingu að ræða frá gildandi lögum um grunnskóla en þar er gert ráð fyrir að skylda ríkissjóðs í þessu efni sé takmörkuð við tiltekið hámark og greiðslur til annarra starfa, t.d. skrifstofustarfa, vörslu í söfnum og stjórnunar, miðist við ákveðið hlutfall af hámarki kennslustunda — svonefnt H. Er því um mikla einföldun uppgjörsreglu að ræða og um leið er skólum tryggður tvímælalaus réttur til greiðslu launakostnaðar.

Sá stundafjöldi, sem til greiðslu kemur, er miðaður við eðlilegt meðaltal nemenda í námshópum en heimild veitt til hækkunar þess stundafjölda ef nemendafjöldi er hærri í einstökum tilfellum. Meðaltal er lækkað nokkuð frá núgildandi ákvæðum, sbr. 43. gr., en jafnframt fellt niður bann við nemendafjölda yfir 30 í einstaka tilfelli og hlýtur slíkt að vera

mat skólastjóra hverju sinni. Eru slíkri hækkun þröng takmörk sett og kemur aukinn stundafjöldi til er nemendatal er hækkað.

Við endurskoðun ákvæða gildandi laga um grunnskóla um fjármál í frumvarpi þessu er að því stefnt að hvor aðili um sig, ríki og sveitarfélag, hafi alfarið forræði tiltekinna þátta skólastarfsins og beri um leið fulla fjármálalega ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Jafnframt er að því stefnt að almennar reglur um skólakostnað taki jafnt til allra skóla án tillits til stærðar eða staðsetningar á landinu, en sá kostnaður sem sérstakur er vegna landfræðilegra aðstæðna, teljist utan almennra reglna og þátttaka ríkisins í honum kæmi til greiðslu sem framlag miðað við hvern nemanda, að teknu tilliti til hinna sérstöku aðstæðna hans hverju sinni. Mikil vinna hefur verið lögð í að kanna þessar aðstæður miðað við skólasókn veturinn 1986–1987 og hefur tekist að mynda reglu er gefur svipaða dreifingu framlaga til þessara rekstrarþátta og nú er í raun, en hér er miðað við akstur nemenda, heimavistarkostnað og vörslu.

Gert er ráð fyrir að þau störf við stjórnun grunnskóla þar sem rekstrarþátttaka var áður miðuð við hlutfall af H verði nú alfarið kostuð af öðrum hvorum aðilanum þannig að ríkissjóður greiði vörslu í bókasöfnum og kostnað vegna kennsluafsláttar skólastjóra og yfirkennara en sveitarfélög greiði að fullu laun vegna skrifstofustarfa og félagsstarfa og annarra starfa við skóla er þau ráða starfsfólk til.

Því er gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði allan almennan rekstrarkostnað grunnskóla án þátttöku ríkissjóðs með þeirri undantekningu þó að ríkissjóður greiði kostnað við heilbrigðiseftirlit og heilsugæslu í grunnskólum í sömu hlutföllum og gilda um rekstur heilsugæslustöðva.

Síðan er það sveitarfélaga að skipuleggja skólasókn nemenda sinna með sem hagkvæmustum hætti, og er slíkt í samræmi við þá heildarstefnu við endurskoðun laganna að auka sem verða má forræði heimamanna varðandi stjórnun og rekstur skólanna en draga úr þörf fyrir bein afskipti ríkisvaldsins.

Ekki er gert ráð fyrir að tillögurnar breyti að ráði heildarkostnaði við rekstur grunnskólanna frá því sem nú er.

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir að sveitarfélögin yfirtaki að öllu leyti kostnað vegna húsaleigu, trygginga, skrifstofustarfa, vörslu í matar- og kaffitímum og félagsmála.

Í fjárlögum fyrir 1987 er gert ráð fyrir að þessi kostnaður sé um 58 milljónir (verðlag í janúar 1986).

Einnig er gert ráð fyrir að sveitarfélögin yfirtaki allan aksturskostnað í þéttbýli sem er áætlaður um 18 milljónir (verðlag í janúar 1986).

Á móti er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki kostnað sveitarfélaganna af rekstri fræðsluskrifstofa og ráðgjafarþjónustu. Er sá kostnaður áætlaður um 22 milljónir (verðlag í janúar 1986). Sú kostnaðaraukning sem hér hefur verið tilgreind og færist yfir á sveitarfélögin dreifist að mestu leyti í nokkuð réttu hlutfalli við nemendafjölda og er um 1400 kr. á nemanda að meðaltali (verðlag í janúar 1987).

Um 69. gr.

Varðandi kennslumagn miða þær breytingar sem gerðar eru einkum að því að aðlaga frumvarpið að því sem nú er í raun í framkvæmd og er þá um leið reynt að taka tillit til þeirra breyttu forsendna sem komið hafa til frá því að gildandi lög um grunnskóla voru sett 1974.

Þá er einnig reynt að koma að nokkru til móts við hugmyndir um nauðsyn á meiri sveigjanleika í uppbyggingu kennslunnar, samsetningu námshópa o.s.frv.

Að því leyti er einnig gert ráð fyrir að skólastjórnendur geti, í samráði við fulltrúa ráðuneytis, tekið tillit til aðstæðna hverju sinni, t.d. varðandi tímabundinn skort á kennurum til ákveðinna sérhæfðra starfa o.þ.h.

Varðandi stuðnings- og sérkennslu telur nefndin ekki hægt að binda ákveðnar viðmiðanir í lögum þar sem hér sé um einstaklingsbundna þjónustu að ræða sem í sumum tilvikum krefjist mjög sérhæfðrar meðferðar. Er því ekki hægt að reikna með að almenn fyrirmæli í lögum um fjármagn og skiptingu þess leiði til hagkvæmrar eða réttlátrar skiptingar. Því er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að rammi að slíkum ákvæðum sé í sérkennslureglugerð, sbr. 47. gr.

Um 70. gr.

Fyrri hluti greinarinnar var áður í 79. gr. gildandi laga um grunnskóla og er hér tekinn óbreyttur. Ákvæði þetta tryggir skólum ákveðinn lágmarksbókakost í skólasafn.

Síðari hluti greinarinnar kveður á um það starfshlutfall sem ríkissjóður kostar vegna starfa í bókasafni. Gildir það um alla skóla.

Um 71. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Gerðar eru smávægilegar orðalagsbreytingar frá 81. gr. gildandi laga um grunnskóla en engar efnislegar og frekari skýringar því óþarfar.

Um 73. gr.

Brott eru felld orðin „er telst vera frá 1. júlí til 30. júní“ úr 82. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Fjárlög miðast við almanaksárið svo og fjárhagsáætlanir allra sveitarfélaga. Sjálfsagt verður að teljast og óhjákvæmilegt að skólar miði sínar áætlanir við sama tíma. Verði umtalsverðar breytingar á milli skólaára, sem fyrir fram gerð fjárhags- og rekstursáætlun skóla gerir ekki ráð fyrir, verður að taka einstök tilvik fyrir sérstaklega.

Um 74. gr.

Hér er fjallað um kostnaðarliði sem eingöngu koma til hjá þeim sveitarfélögum þar sem nemendur þurfa að sækja um alllangan veg í sinn skóla. Vegna þessara nemenda eru áætluð útgjöld ríkissjóðs 1987 um 150 millj. kr. (verðlag í janúar 1986). Þar sem hér er um sérútgjöld að ræða, sem einkum leggjast á nemendur í minni sveitarfélögum, telur nefndin óhjákvæmilegt að ríkissjóður haldi áfram að leggja umræddum sveitarfélögum til sérstakar fjárveitingar. Hér er átt við framlög vegna aksturs, gæslu í heimavistum og biðtíma og launakostnaðar í mötuneytum.

Lagt er til að aðferðum við skiptingu þessa fjármagns milli sveitarfélaga verði breytt. Tilhögun sú, sem hér er gert ráð fyrir, er mun einfaldari í framkvæmd en núverandi fyrirkomulag og færir um leið meiri ábyrgð á framkvæmdinni til heimaaðila. Einnig á túlkunaratriðum að fækka frá því sem nú er.

Það er ljóst að þetta fyrirkomulag mun nokkuð breyta heildarfjárupphæðum, sem hvert sveitarfélag fær frá ríkissjóði, en þó virðist sú tilfærsla yfirleitt ekki fara yfir u.þ.b. 20% ef miðað er við hliðstæða þjónustu.

Eins og nú er er sú þjónusta, sem nemendur fá, mismikil eftir skólahverfum og telur nefndin að þessar breytingar mundu að ýmsu leyti geta stuðlað að meira jafnvægi í þessum efnum.

Um 75. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa, en nefndin vill leggja áherslu á að brýna nauðsyn ber til að á einum stað liggi fyrir upplýsingar um heildarkostnað skólahalds í landinu.

Um 76.–77. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Sérálit vegna 13. gr.

Greinin fjallar um meginverkefni fræðslustjóra. Ekki dylst að breitt bil er á milli yfirlýstra markmiða grunnskólalaganna, m.a. hvað varðar jafnan rétt til náms, og raunveruleikans. Þetta kemur hvað berlegast í ljós þegar skoðað er hversu stjórnvöld láta viðgangast mismunun á skólaþjónustu í þéttbýli og dreifbýli án þess að markvisst sé unnið að úrbótum. Eitt af því sem þessu veldur er of mikil miðstýring í menntamálum; flestum eða öllum ákvörðunum þarf að vísa til menntamálaráðuneytisins í Reykjavík. Það er því þörf á valddreifingu. Við teljum að líklegasta leiðin til raunverulegrar tilfærslu valds út í byggðir landsins sé að efla starfsemi fræðsluskrifstofanna. Markmiðið er að sem flest mál verði leyst heima í héraði.

Þess vegna leggjum við til að 13. gr. orðist svo:

„Meginverkefni fræðlustjóra eru:

1. Hann fylgist með því að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann annast, í umboði menntamálaráðuneytis, greiðslur á framlögum ríkisins til rekstrar skóla (sbr. 69., 70. og 74. gr. þessara laga).
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér skilyrði skóla, þ.e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 19. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir er hann telur þörf, sbr. 52. gr.“

Valgarður Hilmarsson. *Kristinn V. Jóhannsson.*

Fylgiskjal II.

Bókun I.

Við undirritaðir vísum til samþykktar Landsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga 1986, svohljóðandi:

„Breyta verður núgildandi reglum um kostnað af viðhaldi skólamannvirkja á þann veg að kostnaðarskiptingin fari eftir eignarhlut ríkis og sveitarfélaga.“

Teljum við því eðlilegt að viðhaldskostnaður skólamannvirkja skiptist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Kristinn V. Jóhannsson. *Valgarður Hilmarsson.* *Björn Halldórsson.*

Fylgiskjal III.

Bókun II.

Ég tel réttara að miða ákvæði laganna um fræðslustjóra og fræðsluskrifstofur við heimild, en ekki skyldu, til að halda slíkri starfsemi uppi.

Þá virðist ástæðulaust að telja upp í lögum verkefni þessara starfsmanna menntamálaráðuneytisins. Slíkt hlýtur að ákvarðast af mati ráðuneytisins hverju sinni.

Björn Halldórsson.

Fylgiskjal IV.

Bókun III.

Við teljum brýnt að komið verði upp kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofurnar. Tilgangurinn er að auðvelda nemendum, hvar sem þeir búa á landinu, að hagnýta sér fjölbreytt kennslugögn í námi.

Teljum við eðlilegt að ákvæði þar að lútandi verði sett í lög um námsgagnastofnun.

Ingólfur Ármannsson. *Kristinn V. Jóhannsson.* *Valgarður Hilmarsson.*

Fylgiskjal V.

Bókun IV.

Þó að ég leggi ekki fram ákveðnar tillögur um breytingar við fleiri greinar eru nokkur atriði sem ég vildi hafa á annan veg. Þar ber fyrst að telja að í nokkrum greinum eru felldar út umsagnir, úrskurðir og tillöguréttur til handa fræðslustjóra þar sem ég vildi hafa óbreytt frá gildandi lögum.

Þá er á nokkrum stöðum, að mínu mati, ekki nógu skýrt kveðið á um vissa hluti, svo sem um ráðgjafarþjónstu.

Í tillögunum eru ákvæði um þessa þjónustu mjög óljós og til muna óljósari en í gildandi lögum.

Valgarður Hilmarsson.

Sþ. 628. Fyrirspurn [355. mál]

til samgönguráðherra um símaþjónustu.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á afnotagjaldi síma á síðustu fjórum árum?
2. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á skrefatalningu:
   a. á dagtaxta,
   b. á nætur- og helgidagataxta?
3. Hvað hefur verið gert til úrbóta á þeim svæðum þar sem síminn verður óvirkur vegna of mikils álags?
4. Er til áætlun um lagfæringu svo að síminn geti verið það öryggistæki sem honum hefur verið ætlað?

Ed. 629. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um sjómannadag.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fjórum fundum og fékk til viðtals fulltrúa frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi kaupskipaútgerða.

Nefndin fékk einnig frá allsherjarnefnd til umfjöllunar frumvarp um frídag sjómanna, 3. mál. Bæði frumvörpin voru rædd í samhengi og gerðar breytingartillögur við stjórnarfrumvarpið sem fylgja á sérstöku þingskjali. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til sérstöðu varðandi einstakar greinar eða málsliði greina.

Alþingi, 17. febr. 1987.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Björn Dagbjartsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Árni Johnsen.	Jón Kristjánsson.

Karl Steinar Guðnason.

Ed. 630. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um sjómannadag.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. 2. málsl. fyrri mgr. orðist svo: Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á undan.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði 1. gr. taka ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskipi, sem liggur í íslenskri höfn og eigi hefur látið úr höfn

fyrir kl. 12 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi, eigi heimilt að láta úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Ferjur milli lands og eyja eru undanþegnar ákvæðum 1. gr.

Strandferðaskip og sanddæluskip skulu halda höfn þar sem þau eru stödd á sjómannadag.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Hafrannsóknastofnunin skal skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.

Nd. 631. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá forsætisráðherra.

Á eftir 35. gr. komi **ákvæði til bráðabirgða** er orðist svo:
Kjördagur við almennar alþingiskosningar árið 1987 skal vera laugardagurinn 25. apríl.

Sþ. 632. Nefndarálit [62. mál]

um till. til þál. um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skilorðseftirliti ríkisins, fangapresti Þjóðkirkjunnar, Sakfræðifélagi Íslands og Félagasamtökunum Vernd. Þá hefur Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur komið á fund nefndarinnar til viðtals.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu og er breytingartillagan flutt á sérstöku þingskjali. Meginefni breytingartillögunnar er í samræmi við ábendingu frá Sakfræðifélaginu. Lagt er til að fellt verði niður ákvæði um að samfélagsþjónusta geti orðið til að gera skilorðsdóma markvissari, en þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur megintilgangurinn verið sá að hún kæmi í stað óskilorðsbundinna refsivistardóma og markmið hennar þar með að fækka föngum.

Að lokum er í breytingartillögunni lagt til að frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar verði lagt fyrir Alþingi verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð. Er það í samræmi við álit Sakfræðifélagsins að ekki sé heimild í núgildandi hegningarlögum, nr. 19/1940, fyrir því að beita samfélagsþjónustu sem úrræði í refsimálum.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Kristín S. Kvaran, frsm.
Þórarinn Sigurjónsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Björn Dagbjartsson.

Sþ. 633. Breytingartillaga [62. mál]

við till. til þál. um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð semji hún frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar sem lagt verði fyrir Alþingi.

Sþ. 634. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um innflutning búfjár.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Landbúnaðarráðuneyti, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda og yfirdýralækni. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu og er breytingartillaga flutt á sérstöku þingskjali. Breytingartillagan lýtur að því að lagt er í vald ráðuneytisins hvort það skipar nefnd í þetta verk eða stendur að því á annan hátt. Þá er tímamörkum í tillögunni breytt.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Kristín S. Kvaran.
Björn Dagbjartsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 635. Breytingartillaga [106. mál]

við till. til þál. um endurskoðun laga um innflutning búfjár.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem fjallar um þær tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á. Stefnt verði að því að leggja lagafrumvarp um mál þetta fyrir næsta þing.

Sþ. 636. Nefndarálit [6. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnun, Líffræðistofnun Háskólans og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu og er breytingartillaga flutt á sérstöku þingskjali. Breytingartillagan miðar fyrst og fremst að því að hér verði ekki eingöngu um vistfræðilega úttekt að ræða heldur verði jafnframt unnið að hagkvæmniathugun á veiði botnsjávartegunda.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Björn Dagbjartsson.
Davíð Aðalsteinsson.	Kristín S. Kvaran.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 637. Breytingartillaga [6. mál]

við till. til þál. um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða. Jafnframt verði athuguð hagkvæmni í veiðum botnlægra tegunda.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka því á næstu fimm árum og til þess verði veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði.

Ed. 638. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frv. á fimm fundum og fékk til viðtals við sig fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Sambandi fiskvinnslustöðva í VSÍ, Landssambandi smábátaeigenda, Undirbúningsfélagi fiskmarkaðar í Reykjavík og Fiskmarkaðinum hf. í Hafnarfirði.

Nefndin óskaði einnig eftir skriflegum umsögnum frá landshlutasamtökum fiskvinnslustöðva, útvegsmanna og verkalýðsfélaga og enn fremur var undirbúningsnefndum um fiskmarkað á Dalvík og Akureyri skrifað. Svör bárust frá Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja, Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar og Útvegsmannafélagi Norðurlands. Þá barst munnleg umsögn frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja.

Í öllum umsögnum var hvatt til þess að frumvarpið næði fram að ganga. Einnig töldu allir viðmælendur nefndarinnar það til bóta að veitt yrði lagaheimild til starfrækslu uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla.

Nefndin féllst á þau rök sumra viðmælenda sinna að lengja bæri gildistíma laganna um eitt ár og flytur því svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

9. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1989.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þessari breytingu.

Alþingi, 18. febr. 1987.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Björn Dagbjartsson, fundaskr.	Kolbrún Jónsdóttir.
Árni Johnsen.	Karl Steinar Guðnason.	Jón Kristjánsson.
	Skúli Alexandersson.	

Sþ. 639. Fyrirspurn [356. mál]

til menntamálaráðherra um framtíð rásar tvö.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Er rás tvö hjá Ríkisútvarpinu ætlað að vera í samkeppni við útvarpsstöðvar í einkaeign?

Sþ. 640. Fyrirspurn [357. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskt efni sjónvarpsstöðva í einkaeign.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir því að sjónvarpsstöðvum í einkaeign verði gert að flytja íslenskt efni sem verði ákveðinn hluti af dagskránni eða að ákveðnu hlutfalli af því fé, sem notað er til dagskrárgerðar eða kaupa á dagskrárefni, verði varið til íslenskrar dagskrárgerðar í því skyni að standa vörð um íslenska menningu?

Ed. 641. Lög [193. mál]

um breyting á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

(Afgreidd frá Ed. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 552.

Nd. 642. Lög [295. mál]

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 527.

Sþ. 643. Fyrirspurn [358. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjárreiður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Frá Páli Péturssyni.

1. Hverjar voru tekjur Framleiðnisjóðs árið 1985?
2. Hverjar voru tekjur Framleiðnisjóðs árið 1986?
3. Hvernig var fjármunum Framleiðnisjóðs varið árið 1985? Sundurliðað eftir málaflokkum.
4. Hvernig var fjármunum Framleiðnisjóðs varið árið 1986? Sundurliðað eftir málaflokkum.
5. Hver er tekjuáætlun Framleiðnisjóðs fyrir árið 1987?
6. Hverjar eru skuldbindingar Framleiðnisjóðs vegna ársins 1987?
7. Hverjar eru skuldbindingar Framleiðnisjóðs vegna ársins 1988?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 644. Frumvarp til laga [359. mál]

um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og skal hlutverk hlutafélagsbankans vera að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi og starfsemi í tengslum við hana. Stefnt skal að því að hlutafé hlutafélagsbankans verði allt að 1000 milljónir króna. Í þessu skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. Að leggja Útvegsbanka Íslands, þ.e. eignir, skuldir og skuldbindingar bankans, til hins nýja hlutafélagsbanka, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.
b. Að leggja fram í reiðufé allt að 800 milljónum króna sem hlutafé í hinum nýja hlutafélagsbanka, sbr. þó c-lið hér á eftir. Ríkissjóði skal heimilt að taka lán í Seðlabanka Íslands til að fjármagna hlutafjárframlag sitt og er í því skyni heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, varðandi lánstíma.
c. Að kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka. Nú skrá slíkir aðilar sig fyrir meira en 200 milljónum króna í hlutafé áður en hlutafélagsbankinn er stofnaður og skal þá heimilt hlutafjárframlag ríkissjóðs skv. b-lið hér að framan lækka jafnmikið og hlutafjáráskrift annarra aðila er umfram 200 milljónir króna.
d. Að ákveða fjárhæð hluta með það í huga að einstaklingar og lögaðilar geti keypt hlut í hinum nýja hlutafélagsbanka.

2. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands skal, þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélagsbanka skv. 1. gr. með hlutafjárframlagi sem nema má allt að 200 milljónum króna og skal Fiskveiðasjóði heimilt að taka í þessu skyni lán allt að þeirri fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt.

9. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, falli niður.

3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gilda ekki um tölu stofnenda og tölu hluthafa í hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, um takmörkun atkvæðisréttar gilda ekki að því er varðar eignaraðild ríkisins að hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

4. gr.

Viðskiptaráðherra skal skipa sérstaka matsnefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við þann dag sem hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur hann, sbr. 1. mgr. 12. gr. Matsnefndin skal skipuð þremur mönnum og skal einn vera samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, en þann þriðja skipar viðskiptaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður matsnefndarinnar. Við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi skal matsnefndin m.a. meta það hvort afskrifa beri einhver útlán Útvegsbanka Íslands umfram það sem þegar hefur verið gert í reikningum bankans. Einnig skal tekið tillit til áhrifa þess skattalega hagræðis sem Útvegsbanka Íslands fylgir við yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr., sbr. 17. gr. Viðskiptaráðherra setur matsnefndinni erindisbréf. Matsnefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum úr Útvegsbanka Íslands. Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skal veita matsnefnd-

inni aðstoð og upplýsingar eftir því sem þörf er á. Matsnefndin skal ljúka störfum fyrir árslok 1987. Kostnaður við störf matsnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands skv. framangreindu mati vera neikvæð ábyrgist ríkissjóður skv. 1. gr. hlutafélagsbanka mismuninn. Skal ríkissjóði þá heimilt að inna slíka greiðslu af hendi með útgáfu skuldabréfs til 10 ára er sé verðtryggt frá yfirtökudegi og beri frá sama tíma meðaltalsvexti samsvarandi útlána hjá bönkum og sparisjóðum á hverjum tíma. Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands skv. framangreindu mati vera jákvæðari greiðir hlutafélagsbanki skv. 1. gr. ríkissjóði mismuninn og skal honum þá heimilt að inna slíka greiðslu af hendi með útgáfu skuldabréfs til 10 ára er sé verðtryggt frá yfirtökudegi og beri frá sama tíma meðaltalsvexti samsvarandi útlána hjá bönkum og sparisjóðum á hverjum tíma.

5. gr.

Fastráðnir starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna og bankanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga rétt á starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. við stofnun hans. Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Útvegsbanka Íslands, við starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fellur þá niður réttur hans til launa það sem eftir er af uppsagnarfresti hjá Útvegsbanka Íslands ef hinu nýja starfi fylgja jafnhá eða hærri laun en hann áður hafði, en ella greiðist launamismunurinn til loka uppsagnarfrestsins.

Um ráðningu bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumanns endurskoðunardeildar hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

6. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands sem stofnað er til áður en bankinn er lagður niður með yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr. samkvæmt lögum þessum, sbr. og 2. mgr. Ríkisábyrgð á innstæðum í Útvegsbanka Íslands fellur þó niður tveimur árum eftir yfirtöku hins nýja hlutafélagsbanka á Útvegsbanka Íslands, sbr. 1. mgr. 12. gr. Ríkissjóður ábyrgist jafnframt nýjar innstæður í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. til sama tíma.

Ríkissjóður yfirtekur ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa fyrir gildistökudag laga þessara eða stofnast munu fram að yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr. Eftirlaunasjóður Útvegsbanka Íslands flyst eigi til hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og tekur sjóðurinn eftir yfirtökudag eigi lengur við iðgjöldum en skal starfræktur áfram til lúkningar þeim skuldbindingum sem á honum hvíla.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Útvegsbanka Íslands, við starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og skal þá réttur hans til elli- og örorkulífeyris og réttur maka hans og barna til maka- eða barnalífeyris eða annar réttur skv. reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., eigi vera lakari en verið hefði ef hann hefði áfram greitt iðgjald til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands þann tíma sem hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Ríkissjóður og hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skulu þá greiða það sem á vantar að greiðslur úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Útvegsbanka Íslands og greiðslur, sem réttur hefur stofnast til úr þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi starfsmaður greiðir til meðan hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr., séu samanlagt jafnháar og greiðslur hefðu numið úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Útvegsbanka Íslands skv. þeirri reglugerð fyrir sjóðinn sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., ef viðkomandi starfsmaður hefði áfram greitt til hans. Skal greiðsluhlutfall ríkissjóðs annars vegar og hlutafélagsbanka skv. 1. gr. hins vegar

af þessum mismun vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum aðila um sig. Ríkissjóður, hlutafélagsbanki skv. 1. gr. og Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands skulu semja sín á milli um nánari framkvæmd þessa ákvæðis og skal við það miðað að einn þessara aðila annist útborganir vegna viðkomandi starfsmanns en endurkrefji síðan hina og hlutaðeigandi lífeyrissjóð eftir því sem við á.

Eftir gildistöku laga þessara skal reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af lögum þessum. Fjármálaráðherra skal tilnefna einn fulltrúa í stjórn sjóðsins í stað formanns bankaráðs og eins bankastjóra Útvegsbanka Íslands uns endurskoðun reglugerðar um sjóðinn er lokið, en við þá endurskoðun skal við það miðað að stjórn sjóðsins verði framvegis skipuð jafnmörgum mönnum frá fjármálaráðherra og þeim sem greitt hafa til sjóðsins. Heimilt skal að fela Tryggingastofnun ríkisins umsjón með rekstri sjóðsins, ávöxtun á fé hans og greiðslur úr honum.

7. gr.

Innlánsreikningar við Útvegsbanka Íslands skulu flytjast til hins nýja hlutafélagsbanka nema innstæðueigendur óski annars. Skal Útvegsbanki Íslands sjá um opinberar auglýsingar til sinna viðskiptavina vegna þessa.

8. gr.

Greiðslustaður skuldaskjala í eigu eða til innheimtu hjá Útvegsbanka Íslands skal vera í hinum nýja hlutafélagsbanka eftir yfirtöku hans á Útvegsbankanum. Almenn opinber auglýsing til viðskiptavina nægir til að gera þeim þetta kunnugt.

9. gr.

Hlutabréf í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn.

10. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að selja hlutafé ríkissjóðs í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Söluverð hlutabréfa skal ákveðið með tilliti til eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfa hlutafélagsbankans á hverjum tíma. Heimilt skal að bjóða hlutabréf ríkissjóðs til sölu á Verðbréfaþingi Íslands.

11. gr.

Lög þessi koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Stofnfund hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal halda innan mánaðar frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir hlutafélagsbankann fram á stofnfundinum.

12. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987 og telst Útvegsbanki Íslands niður lagður frá og með þeim degi.

Innköllun til lánardrottna Útvegsbanka Íslands skal eigi gefin út.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 86/1985 skal hlutafélagsbanka skv. 1. gr. veittur frestur til ársloka 1990 til að koma bókfærðu virði fasteigna og búnaðar, sem hann notar til starfsemi sinnar, í það horf sem þar er ákveðið.

14. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. kemur í stað Útvegsbanka Íslands í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, skal bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

16. gr.

Viðskiptaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í honum.

17. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. tekur við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum Útvegsbanka Íslands.

18. gr.

Um hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skulu, að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara, gilda ákvæði laga um viðskiptabanka og laga um hlutafélög eftir því sem við á.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Umboð núverandi bankaráðs Útvegsbanka Íslands skal haldast þar til hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur starfsemi bankans, sbr. 1. mgr. 12. gr., en fellur þá niður.

II

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hlutafélagsbanka skv. 1. gr. sem stofnast gagnvart erlendum aðilum fyrir 1. maí 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til laga um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands er lagt fram af ríkisstjórninni í framhaldi af samkomulagi stjórnarflokkanna 3. febrúar 1987. Megintilgangur frumvarpsins er að stofnað verði hlutafélag um rekstur Útvegsbankans. Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélagsbankans, en henni er heimilt að kveðja aðra aðila til samvinnu um það. Hlutafjárframlag ríkisins má skv. frumvarpinu hæst verða 800 milljónir króna, en heimilt hámarkshlutafjárframlag ríkisins lækkar ef hlutafjáráskrift annarra aðila er umfram 200 milljónir króna. Talið er að hlutafé að fjárhæð 1000 millj. króna, sem að er stefnt, tryggi að hinn nýi banki geti sinnt hlutverk sínu í bankakerfinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóði Íslands verði heimilt að taka þátt í stofnun hins nýja hlutafélagsbanka með allt að 200 millj. króna hlutafjárframlagi.

Gert er ráð fyrir að ríkisstjórninni sé heimilt að selja hlutafé ríkissjóðs skv. 1. gr. frumvarpsins og séu engar hömlur á sölu hlutanna, en verð þeirra taki mið af eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfum hins nýja banka á hverjum tíma. Hlutabréfin má bjóða til sölu á Verðbréfaþingi Íslands.

Frumvarpið byggir á því að um hinn nýja banka gildi ákvæði laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eftir því sem við getur átt. Helstu frávikin eru í 3. og 4. gr. frumvarpsins og fjalla um tölu stofnenda, tölu hluthafa og frávik frá takmörkun atkvæðisréttar að því er varðar eignaraðild ríkisins. Frávik þessi eru talin nauðsynleg eins og á stendur. Einnig felst í 15. gr. frumvarpsins undanþága frá gildandi lögum varðandi eignaraðild erlendra banka að viðskiptabönkum.

Nýmæli eru í frumvarpinu að því er varðar eignaraðild erlendra banka í hinum fyrirhugaða hlutafélagsbanka. Gert er ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um viðskiptabanka skuli bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár hins nýja banka.

Frumvarpið fjallar ítarlega um hvernig fara skuli með mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans þegar hann er lagður niður með yfirtöku hins nýja hlutafélagsbanka. Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi sérstaka matsnefnd í þessu skyni sem ljúki störfum fyrir n.k. áramót.

Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að tekið verði á málum sem snúa að fastráðnu starfsfólki Útvegsbankans og skuli það við stofnun hans eiga rétt á starfi hjá hinum nýja hlutafélagsbanka. Frumvarpið gerir og ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki ábyrgð Útvegsbankans á lífeyrissjóði starfsmanna og sjóðurinn verði einungis starfræktur áfram til lúkningar þeim skuldbindingum sem á honum hvíla.

Í frumvarpinu er tekið fram að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbankans sem stofnað er til áður en bankinn er lagður niður með yfirtöku hins nýja banka. Þó er gert ráð fyrir að ríkisábyrgð á innstæðum falli niður tveimur árum eftir yfirtökuna og nái ábyrgðin einnig til nýrra innstæðna til sama tíma. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir heimild til að veita ríkisábyrgð á skuldbindingum hins fyrirhugaða banka sem stofnast gagnvart erlendum aðilum. Greind heimild, sem fellur úr gildi tveimur árum eftir fyrirhugaða yfirtöku, er talin mjög æskileg til að samningsstaða hins nýja hlutafélagsbanka verði ekki verri en efni standa til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. gr. er ríkisstjórninni falið að hafa forgöngu um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og er henni heimilt að kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka. Skal stefnt að því að hlutafé hins nýja banka verði allt að 1000 milljónum króna. Auk þess að leggja Útvegsbanka Íslands til hins nýja hlutafélagsbanka er ríkinu heimilt að leggja fram allt að 800 milljónum króna sem hlutafé í hinum nýja banka, en þó skal heimilt hlutafjárframlag ríkisins lækka jafnmikið og hlutafjáráskrift annarra aðila er umfram 200 milljónir króna. Ef aðrir aðilar skrá sig til dæmis fyrir 350 milljónum króna í hlutafé má hlutafjárframlag ríkisins ekki fara fram úr 650 milljónum króna. Útvegsbanki Íslands verður ekki metinn til hlutafjár, sbr. nánar um 2. gr. hér á eftir.

Ríkissjóði skal heimilt að taka lán í Seðlabanka Íslands til að fjármagna hlutafjárframlag sitt og fer þá um lánstíma skv. nánari samkomulagi milli ríkissjóðs og Seðlabanka þar sem tekið er fram að víkja megi frá ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, varðandi lánstíma. Í tilvitnaðri lagagrein segir að lán þau, er ríkissjóður tekur í Seðlabankanum, skuli greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans. Samkvæmt frumvarpinu má víkja frá þessu að því er varðar umrætt lán.

Með því að hvort tveggja er að ríkisstjórninni er með frumvarpinu veitt heimild til að kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka og til að selja það hlutafé, sem ríkisstjórnin eignast í bankanum, sbr. 10. gr. frumvarpsins, er tekið fram í 1. gr. frumvarpsins að ríkisstjórninni sé heimilt að ákveða fjárhæð hluta með það í huga að einstaklingar og lögaðilar geti keypt hlut í hinum nýja banka.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að Fiskveiðasjóður hafi heimild til að taka þátt í stofnun hins nýja hlutafélagsbanka með hlutafjárframlagi sem nema megi allt að 200 milljónum króna og skal sjóðnum heimilt að taka lán í þessu skyni. Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hvort og þá að hvaða marki Fiskveiðasjóður nýtir þessa heimild.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 9. gr. laga um Fiskveiðasjóð falli niður. Samkvæmt 9. gr. fiskveiðasjóðslaganna er það meginregla að handbært fé Fiskveiðasjóðs skuli geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Ekki þykja rök til að takmarka með þessum hætti eðlilegt valfrelsi Fiskveiðasjóðs varðandi innlánsviðskipti við innlánsstofnanir, enda geyma hvorki lög um Iðnlánasjóð né lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins ákvæði af þessu tagi.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. er lagt til að ákvæði viðskiptabanka- og hlutafélagalaga um tölu stofnenda og tölu hluthafa gildi ekki um nýja hlutafélagsbankann. Í 2. mgr. er tekið fram að þau ákvæði viðskiptabankalaga, sem takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa við ⅕ samanlagðra atkvæða í hlutafélagsbanka, gildi ekki að því er varðar eignaraðild ríkisins að hinum nýja hlutafélagsbanka. Þótt ríkið kveðji aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka og stefni að því að selja hlutafé sitt í bankanum er ekki ljóst hver tala stofnenda og fyrstu hluthafa í honum verður eða hver eignarhlutur ríkisins verður við stofnun bankans og síðar og þykir því óhjákvæmilegt að afla lagaheimildar fyrir undanþágum frá nefndum lagaákvæðum.

Um 4. gr.

Hinn nýi hlutafélagsbanki verður stofnaður um Útvegsbanka Íslands. Hann yfirtekur eignir, skuldir og skuldbindingar Útvegsbanka Íslands, sbr. þó undantekningar sem greinir í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Vegna þeirra vandkvæða, sem á því eru að leggja mat á bankann miðað við yfirtökudag, fyrr en þá síðar, er lagt til í frumvarpinu að við ákvörðun á heildarhlutafé hins nýja hlutafélagsbanka og hlutafjáreign ríkisins í honum verði eingöngu litið til þess nýja hlutafjár sem hlutafjáráskrift fæst að við stofnun bankans, en Útvegsbanki Íslands sem slíkur verði ekki metinn til hlutafjár. Eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands miðað við yfirtökudag verði hins vegar metin af sérstakri þriggja manna matsnefnd sem viðskiptaráðherra skipi. Við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi á matsnefndin m.a. að leggja mat á raunvirði útlána Útvegsbanka Íslands, en í því felst að nefndinni er ætlað að afskrifa útlán í þeim mæli sem ástæða þykir til. Einnig á nefndin við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans að meta til verðmæta það skattalega hagræði sem nýi hlutafélagsbankinn fær með yfirtöku á Útvegsbankanum. Ekki er að öðru leyti í frumvarpinu kveðið á um þær forsendur sem matsnefndin á að leggja til grundvallar mati sínu, en tekið fram að viðskiptaráðherra láti matsnefndinni í té erindisbréf þar sem verkefnið verður nánar afmarkað. Matsnefndin á að ljúka störfum fyrir árslok 1987.

Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands samkvæmt framangreindu mati neikvæð er gert ráð fyrir því að ríkissjóður bæti hinum nýja hlutafélagsbanka það sem upp á vantar. Ef eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands reynist á hinn bóginn hafa verið jákvæð á yfirtökudegi ber hinum nýja hlutafélagsbanka að greiða ríkissjóði mismuninn. Sams konar ákvæði um heimilt greiðsluform og greiðslutíma gilda í báðum tilvikum. Með mati því á eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands sem nú hefur verið lýst og eftirfarandi uppgjöri á milli ríkissjóðs og hins nýja hlutafélagsbanka á grundvelli þess er í senn leitast við að eyða allri óvissu um það við hvers konar búi nýi bankinn tekur og að tryggja fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs sem eiganda Útvegsbanka Íslands og fjárhagslega hagsmuni þeirra sem gerast hluthafar í hinum nýja banka vegna yfirtöku hlutafélagsbanka á Útvegsbanka Íslands.

Um 5. gr.

Þótt hlutafélagsbankinn, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að stofnaður verði, taki við af Útvegsbanka Íslands verður Útvegsbanki Íslands lagður niður sem slíkur. Því verður að segja öllu starfsfólki Útvegsbanka upp störfum með samningsbundnum uppsagnarfresti.

Nýi bankinn þarf að ráða sér starfsfólk með formlegum hætti. Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fastráðnir starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna og bankanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skuli við stofnun nýja hlutafélagsbankans eiga rétt á starfi hjá honum. Jafnframt er kveðið á um það í 5. gr. að niður falli réttur starfsmanna Útvegsbanka Íslands til launa á uppsagnarfresti hjá þeim banka ef þeir taka við starfi hjá hinum nýja banka, nema að því marki sem hinu nýja starfi kynnu að fylgja lægri laun en þeir áður höfðu. Samkvæmt kjarasamningum bankamanna flytja bankamenn áunnin starfsaldursréttindi með sér á milli banka. Er því ljóst að bankamenn, sem hefja störf í hinum nýja hlutafélagsbanka, munu halda þeim starfsaldursréttindum sem þeir hafa áunnið sér samkvæmt kjarasamningum. Ljóst er hins vegar að sérsamningar, sem Útvegsbanki Íslands kann að hafa gert við einstaka starfsmenn um launa- eða starfskjör umfram ákvæði kjarasamninga, flytjast ekki sjálfkrafa yfir á nýja bankann.

Samkvæmt viðskiptabankalögum ræður bankaráð bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar viðskiptabanka og ákveður laun þeirra og önnur ráðningarkjör. Lagt er til að þessari skipan verði haldið við ráðningu þessara starfsmanna til hins nýja banka.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. viðskiptabankalaga segir að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Samkvæmt þessu ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands sem stofnað er til fram að því að bankinn er lagður niður. Vegna yfirtöku hlutafélagsbankans á Útvegsbanka Íslands þykir rétt að árétta í frumvarpinu ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Útvegsbankans. Frá þeirri meginreglu, að ábyrgð ríkissjóðs standi þar til skuldbinding, sem Útvegsbanki Íslands hefur tekist á hendur, hefur verið efnd, er þó gerð sú undantekning að ríkisábyrgð á innstæðum, sem lagðar hafa verið inn í Útvegsbanka Íslands, falli niður tveimur árum eftir yfirtökudag nýja hlutafélagsbankans á Útvegsbankanum. Til þess að stuðla að snurðulausum umskiptum við yfirtöku nýja hlutafélagsbankans á Útvegsbanka Íslands og eðlilegu framhaldi innlánsviðskipta er og kveðið svo á í 6. gr. að ríkissjóður ábyrgist jafnframt nýjar innstæður í hlutafélagsbankanum í tvö ár frá yfirtökudegi.

Útvegsbanki Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Áætlað hefur verið að þessar skuldbindingar Útvegsbankans nemi nokkrum hundruðum milljóna króna þótt vandasamt sé að reikna slíkt út nákvæmlega þar sem skuldbindingar Eftirlaunasjóðsins falla til á mörgum áratugum og útreikningar því háðir ýmsum forsendum. Vegna þess hverjum erfiðleikum slíkir útreikningar eru bundnir og vegna þeirra áhrifa, sem það hefði á mat á eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands og uppgjör skv. 2. mgr. 4. gr. ef á honum hvíldu umræddar lífeyrisskuldbindingar við yfirtöku hlutafélagsbankans á honum, er kveðið svo á í 2. mgr. 6. gr. að ríkissjóður yfirtaki ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa eða stofnast munu fram að yfirtökudegi. Með þessu móti dreifast slíkar greiðslur ríkissjóðs á miklu lengri tíma, en ef fylgt yrði uppgjörsaðferð skv. 2. mgr. 4. gr. Þar sem það er Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbankans sem formlega hefur tekið á sig eftirlaunaskuldbindingar og Eftirlaunasjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn er gert ráð fyrir að Eftirlaunasjóðurinn verði starfræktur áfram til lúkningar þeim skuldbindingum sem á honum hvíla. Hins vegar er tekið fram að Eftirlaunasjóðurinn flytjist ekki til nýja bankans og taki eftir yfirtökudag ekki lengur við iðgjöldum. Er óhjákvæmilegt annað en að „loka“ sjóðnum á þennan hátt svo að skilin verði skýr að því er varðar ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Eftirlaunasjóðsins. Starfsmenn hins nýja hlutafélagsbanka verða því annað hvort að stofna nýjan lífeyrissjóð í samvinnu við yfirstjórn bankans eða hefja iðgjalda-

greiðslur til einhvers lífeyrissjóðs sem fyrir er. Það er stjórnar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbankans að ákveða í samráði við eigendur sjóðsins hvar sjóðurinn skuli vistaður meðan hann lýkur hlutverki sínu, en skv. frumvarpinu skal heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins umsjón með rekstri Eftirlaunasjóðsins, ávöxtun á fé hans og greiðslur úr honum.

Samkvæmt reglum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands öðlast sjóðfélagar ekki rétt til eftirlauna úr sjóðnum nema þeir hafi greitt til hans í tiltekinn árafjölda. Réttur til að áunnin eftirlaun taki mið af þeim launum sem á hverjum tíma fylgja því starfi sem viðkomandi gegndi síðast stofnast heldur ekki fyrr en greitt hefur verið í sjóðinn í nokkurn tíma. Frumvarpið byggir á því að starfsmenn nýja bankans hefji lífeyrisgreiðslur í annan lífeyrissjóð. Starfstími hjá Útvegsbanka Íslands, sem ekki hefur enn skapað rétt til eftirlauna eða launatengingar, nýtist starfsmönnum ekki í nýjum lífeyrissjóði. Eftirlaunaréttindi starfsmanna Útvegsbanka Íslands, sem hefja störf í nýja bankanum, gætu því í ýmsum tilvikum orðið lakari en verið hefði að öllu óbreyttu, ef ekki kæmu til sérstakar ráðstafanir. Í frumvarpinu er kveðið á um að ríkissjóður og nýi hlutafélagsbankinn skuli bæta starfsmönnum og þeim sem leiða rétt sinn frá þeim, svo sem maki starfsmanns eða börn hans, þetta hlutfallslega, miðað við starfstíma viðkomandi annars vegar í Útvegsbanka Íslands og hins vegar í nýja bankanum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður, nýi bankinn og Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands semji sín á milli um nánari framkvæmd þessa.

Tekið skal fram að um lífeyrisréttindi núverandi og fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands fer skv. sérstökum samningum þeirra við bankann. Nýi hlutafélagsbankinn yfirtekur þessar skuldbindingar og eru þær á meðal þess sem matsnefnd skv. 4. gr. á að leggja mat á.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að reglugerð Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands skuli endurskoðuð í kjölfar lagasetningarinnar.

Um 7.–9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins ræðst það af hlutafjáráskrift annarra aðila hvert hlutafjárframlag og þar með eignarhluti ríkisins verður við stofnun hlutafélagsbankans. Samkvæmt 10. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að selja það hlutafé sem ríkið eignast í bankanum. Þessi heimild er ekki bundin neinum skilyrðum eða takmörkunum öðrum en þeim sem varða ákvörðun söluverðs hlutabréfa ríkissjóðs. Ef virkur hlutabréfamarkaður hefði náð að myndast hér á landi hefði verið eðlilegast að láta markaðinn ákveða sölugengi þessara hlutabréfa. En þar sem svo er ekki er sett fram sú meginviðmiðun að söluverðið skuli ákveðið með tilliti til eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfa hlutafélagsbankans á hverjum tíma. Jafnframt er tekið fram að heimilt sé að bjóða hlutabréf ríkissjóðs til sölu á Verðbréfaþingi Íslands.

Um 11.–12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 2. mgr. 36. gr. viðskiptabankalaganna segir að bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, megi ekki vera hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans. Rétt þykir að veita nýja hlutafélagsbankanum nokkurn frest til þess að koma þessum málum í rétt horf og er um að ræða sama aðlögunartíma og starfandi viðskiptabönkum og bönkum, sem stofnaðir verða með samruna þeirra, er skv. 54. gr. viðskiptabankalaganna veittur til að koma eigið fé í það horf sem lögin áskilja.

Um 14. gr.

Samkvæmt lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal Útvegsbanki Íslands veita Fiskveiðasjóði nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Einnig segir að stjórn Útvegsbanka Íslands ráði aðra starfsmenn Fiskveiðasjóðs en forstjóra og aðstoðarforstjóra. Þá tilnefnir Útvegsbanki Íslands einn fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs. Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að nýi hlutafélagsbankinn komi í stað Útvegsbanka Íslands í fiskveiðasjóðslögunum, en í því felst að hann yfirtekur framangreint hlutverk Útvegsbankans gagnvart Fiskveiðasjóði.

Tekið skal fram að þó að stjórn Útvegsbanka Íslands ráði flesta starfsmenn Fiskveiðasjóðs og tekið sé fram í fiskveiðasjóðslögunum að um laun og kjör þeirra gildi sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbanka Íslands eru þeir eftir sem áður starfsmenn Fiskveiðasjóðs. Því þarf ekki að segja þeim upp störfum þótt segja verði starfsfólki Útvegsbanka Íslands upp störfum vegna þess að bankinn verður lagður niður með yfirtöku hlutafélagsbankans á honum.

Um 15. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. viðskiptabankalaganna segir að hlutafé í hlutafélagsbanka skuli allt vera í íslenskri eigu. Með 15. gr. er lagt til að frá þessu skuli vikið að því er varðar hinn nýja hlutafélagsbanka sem stofnaður verður samkvæmt frumvarpinu þannig að erlendir bankar megi á hverjum tíma eiga samtals allt að 25% hlutafjár í bankanum. Þessi heimild tekur bæði til eignaraðildar að hlutafélagsbankanum við stofnun hans og síðar. Séu hinir erlendu bankar tveir eða fleiri má samanlögð hlutafjáreign þeirra ekki fara fram úr 25%.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að viðskiptaráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsbankans. Í því felst m.a. að hann stendur að söfnun hlutafjár, undirbýr drög að samþykktum fyrir hinn nýja banka og boðar til stofnfundar hans. Einnig er lagt til að viðskiptaráðherra fari með eignarhlut ríkisins í hinum nýja banka, þ.e. mál er varða eignaraðild ríkisins að bankanum.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að hlutafélagsbankinn taki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum Útvegsbanka Íslands. Uppsöfnuð, ónýtt rekstrartöp Útvegsbanka Íslands eru veruleg og mun nýi hlutafélagsbankinn geta dregið þau frá tekjum sínum ef og þegar rekstur hans skilar hagnaði í framtíðinni, sbr. 7. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Kveðið er á um það í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins að matsnefndin skuli m.a. taka tillit til þessa skattalega hagræðis er hún metur eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 645. Frumvarp til laga [360. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Annar og þriðji málsliður 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. september 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er í tengslum við frumvarp til tollalaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, er óheimilt að tollafgreiða vörur nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um það að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti, t.d. með lántöku eða greiðslufresti.

Með auknu frelsi í viðskiptum milli landa, sem markvisst hefur verið stefnt að á alþjóðlegum vettvangi og íslensk stjórnvöld hafa haft að leiðarljósi á undanförnum árum, hefur jafnt og þétt verið unnið að því að draga úr beinum afskiptum stjórnvalda af innflutningsverslun landsmanna.

Þannnig er langmestur hluti innflutnings til landsins ekki lengur háður leyfisveitingum og sama gildir nú um útflutning á iðnaðarvörum. Enn fremur hafa reglur um gjaldeyrismál verið gerðar frjálslegri á undanförnum árum þar á meðal reglur um gjaldeyriseign fyrirtækja sem einstaklinga. Í ljósi þessa er eðlilegt framhald þessarar þróunar í innflutnings- og gjaldeyrismálum að reglur varðandi tollmeðferð á vörum séu einfaldaðar.

Til þess að nálgast megi fyrrnefnd markmið er því lagt til samkvæmt frumvarpi þessu að tollyfirvöldum verði ekki lengur gert að skyldu að fylgjast með því að erlendar kröfur vegna kaupa á vörum til landsins hafi verið greiddar í banka eða greiðsla tryggð.

Gert er ráð fyrir að af hálfu viðskiptaráðuneytisins verði settar nánari reglur varðandi gjaldeyrisviðskipti vegna innflutnings á vörum þar sem innflytjendum verði gert að gera bönkum grein fyrir viðskiptum varðandi vörur sem afhentar fást frá farmflytjendum gegn greiðslufresti án þess að greiðsla hafi áður verið innt af hendi, en greiði í öðrum tilvikum kröfur vegna slíkra vörusendinga innan tilskilins frests. Til þess að auðvelda gjaldeyrisyfirvöldum eftirlit með þessum viðskiptum er jafnframt gert ráð fyrir að tollyfirvöld láti gjaldeyriseftirlitinu í té upplýsingar um innflutning til landsins til samanburðar við þau gögn, sem viðskiptabankar hafa, um gjaldeyrisviðskipti vegna innflutnings á vörum. Um heimild til setningar skilyrða um innflutning og gjaldeyrissölu samkvæmt framansögðu og viðurlög ef út af þeim er brugðið vísast til 3. mgr. 1. gr., 15. gr. og 17. gr. laga nr. 63/1979.

Rétt þykir einnig að taka fram að eftirlit með greiðslu fyrir innfluttar vörur fer í flestum tilvikum sjálfkrafa fram þar sem farmflytjandi er oftast skuldbundinn til þess að afhenda ekki vöru fyrr en sýnt er að greiðsla hafi farið fram.

Ed. 646. Frumvarp til laga [361. mál]

um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Lög þessi taka til allra sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra, sbr. þó 2. mgr.

Undanskildir lögum þessum eru þó þeir sjóðir og stofnanir sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum enda þótt skipulagsskrá þeirra sé staðfest.

2. gr.

Stofnfé sjóðs eða stofnunar, sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal vera 50 000 kr. hið minnsta. Heimilt skal þó ef sérstakar ástæður þykja mæla með að stofnfé nemi lægri upphæð. Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert skuli vera markmið sjóðs eða stofnunar og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá skal greina skýrt hvernig stjórn sjóðs eða stofnunar skal skipuð og hver bera skuli ábyrgð á fjárvörslu.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um alla sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og nefnist hún sjóðaskrá.

Staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á sjóði eða stofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðs eða stofnunar, sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

4. gr.

Hafi skýrsla og reikningur sjóðs eða stofnunar, sbr. 3. gr., eigi borist í eitt ár eða reikningsskil reynast ófullkomin getur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðsins eða stofnunarinnar og taka í sína vörslu skjöl og eignir. Skal lögreglustjóri hafa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmálaráðherra hefur gert aðra skipan mála.

Kostnað, sem leiðir af rannsókn á fjárreiðum og vörslu sjóðs skv. 1. mgr., má leggja á viðkomandi sjóð eða stofnun eftir mati dómsmálaráðherra og í samráði við Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign sjóðs eða stofnunar er lög þessi taka til, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Áður en tekin er afstaða til umsóknar um veðsetningu eða sölu slíkrar fasteignar skal leitað umsagnar Ríkisendurskoðunar.

6. gr.

Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá

heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda, svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar sjóðs eða stofnunar til breytinganna.

Eftir sömu reglum og greinir í 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að sameina tvo eða fleiri sjóði eða stofnanir í einn sjóð eða stofnun. Þá er dómsmálaráðherra heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Áður en breytt er staðfestri skipulagsskrá, sjóðir eða stofnanir sameinaðar eða lagðar niður skal ætíð leita umsagnar Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun getur einnig átt frumkvæði að því að tekin verði afstaða til aðgerða samkvæmt framansögðu.

7. gr.

Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um efni og gerð skipulagsskráa og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara. Má í því sambandi og í samráði við Ríkisendurskoðun setja nánari reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar eftir því sem þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 20 20. maí 1964, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skal láta gera skrá um þá sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri fyrir gildistöku laga þessara. Jafnframt skal kannað hvort eigi er ástæða til að breyta gildandi skipulagsskrám eða sameina sjóði eða stofnanir eða leggja niður. Skal þessu verki lokið fyrir árslok 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Um aldir hafa verið stofnaðir sjóðir hér á landi. Engin almenn löggjöf hefur verið sett um stofnun eða starfsemi sjóða en vitneskja hefur varðveist um þá sjóði sem staðfestar hafa verið reglur fyrir af ríkisvaldinu og varðveittar hafa verið í skjalasöfnum þess og svo síðar jafnan birtar (Lovsamling for Island og síðar Stjórnartíðindi B-deild). Réttarfræðingar hafa talið að stofnun sjóða sé og hafi verið frjáls, þ.e. ekki hafi verið neinar hömlur á henni almennt, en vitneskja er lítil sem engin um sjóði aðra en þá sem hlotið hafa staðfestingu ríkisvaldsins. Þegar rætt er um sjóði og stofnanir í þessari greinargerð er átt við hvers konar sjálfseignarstofnanir sem fengið hafa staðfestingu ríkisvaldsins og sem settar hafa verið reglur fyrir og ætlað er að varðveitast í því skyni sem reglurnar mæla nánar fyrir um. Upphaf þeirra staðfestingarheimilda, sem nú eru í framkvæmd, byggist á því að þjóðhöfðingi (einvaldskonungur), sem áður hefur sjálfur veitt slíka staðfestingu, hefur veitt „kansellíi“ sínu almennt umboð til að veita slíkar staðfestingar en slík reglusetning þjóðhöfðingja (einvaldsins), sem jafngilti lagasetningu, hefur síðan flust til þeirra stjórnvalda sem á eftir komu (sbr. lög um Stjórnarráð Íslands frá 1969 og reglugerð skv. þeim nr. 96/1969 þar sem staðfest er að dóms- og kirkjumálaráðuneytið fjalli um skipulagsskrár).

Segja má að um aldir hafi möguleikar til varðveislu á fjármunum að hætti sjóða og stofnana á Íslandi verið takmarkaðir við jarðeignir, þ.e. bújarðir, þar sem í þeim eignum einum varð eign ávöxtuð hér á landi, en svo sem alkunna er eru peningastofnanir aðeins aldargamalt fyrirbæri hér á landi. Fjármunaeign hér á landi á örbirgðaröldum var takmörkuð og í lok 19. aldar breyttust þær aðstæður hægt, en á síðustu 40–50 árum hefur

varðveisla sjóðafjár liðið mjög vegna endurtekinna tímabila óðaverðbólgu. Það er því viðbúið að þeirra sjóða, sem stofnaðir hafa verið á undangenginni öld, sjái nú lítinn stað þar sem þessar aðstæður hafa stuðlað að því að sjóðeignir, sem almennt voru ekki verulegar, hafi ekki staðist þau áföll sem undangengin verðbólgutímabil hafa valdið. Jafnframt kemur svo til að skort hefur heimildir til að móta efnisinnihald á skipulagsskrám til tryggingar varðveislu þeirra við þær aðstæður og reyndar einnig, til skamms tíma, úrræði til þess.

Þessu frumvarpi er fyrst og fremst ætlaður tvenns konar tilgangur: 1) Að móta reglur um hvernig reyna megi að fá betri yfirsýn yfir þá sjóði sem enn lifa og enn fremur að bjóða fram heimildir til að endurnýja, í samræmi við möguleika þeirra til framhaldsstarfa, reglur um ráðstöfun sjóðeignar með þeim breytingum sem umráðaaðilar telja vænlegastar og helst samrýmast upphaflegum tilgangi sjóðsstofnenda. 2) Enn fremur eru í fyrstu fimm greinum frumvarpsins settar fram einfaldar reglur um staðfestingu á skipulagsskrám um eftirlit með sjóðunum og um ráðstafanir sem gera ber ef brestir verða á lögskipuðum vinnubrögðum stjórnenda. Í 6. gr. eru hin almennu ákvæði um heimildir til breytingar á skipulagsskrám vegna breyttra aðstæðna, sameiningar sjóða og eftir atvikum niðurfellingu á skipulagsskrám jafnhliða ráðstöfun sjóðfjár sem næst megi komast upphaflegum sjónarmiðum stofnenda. Um allar breytingar er fyrirskipað samráð við Ríkisendurskoðun. Loks er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir rannsókn á tilvist sjóða og stofnana frá liðinni tíð.

Við samningu frumvarps þessa hefur samráð verið haft við ríkisendurskoðanda en Ríkisendurskoðun hefur um árabil verið hvetjandi þess að löggjöf verði sett um þetta efni.

Í athugasemdum um einstakar greinar hér á eftir verður gerð nokkur frekari grein fyrir efni þeirra.

Um 1. gr.

Staðfestingarhættir á skipulagsskrám hafa verið þeir um aldir vegna upphaflegrar ákvörðunar einvaldskonungs að þær hafa verið staðfestar „ad mandatum“ eða „í umboði“ þjóðhöfðingjans þar sem ekki hafa verið sett nein almenn lög um þetta efni svo að fyrri háttur hefur haldist. Segja má að nútímahættir krefjist tæpast svo veglegs forms sem aftur getur átt við um það efni sem undanþegið er skv. 2. mgr. 1. gr., þ.e. sérstakir sjóðir sem stofnað er til með sérstökum lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum sem almennt koma til meðferðar þjóðhöfðingjans.

Um 2. gr.

Það upphæðamark, sem hér er gert ráð fyrir, 50 000 kr., er tölulega hið sama og í nýlega settum dönskum lögum, þ.e. samsvarandi meira en 250 þús. ísl. kr., en þá má hafa í huga að þau lög ákveða almenna skráningarskyldu sjóða sem ná þeirri upphæð. Er þar í greinargerð að í huga sé haft að undanþegnir séu minni háttar sjóðir til þess að þær skyldur, sem á eru lagðar, hvíli ekki t.d. á legstaðasjóðum og öðrum með takmörkuð verkefni og mjög lítil umsvif.

Um 3. gr.

Í þessari og næstu greinum eru m.a. markaðar reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar um eftirlit með starfsháttum sjóða og stofnana er hlotið hafa staðfestingu skipulagsskrár.

Um 4. gr.

Sbr. athugasemd við 3. gr. Það fer eftir niðurstöðu athugana samkvæmt þessari grein hvort grípa þarf til sérstakra frekari ráðstafana og þá hverra.

Um 5. gr.

Sala eða veðsetning fasteignar sjóðs eða stofnunar eru það afdrifaríkar ráðstafanir um fjármuni sjóðs eða stofnunar að rétt þykir að áskilja að eftirlitsaðilar fjalli um þær.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru mjög mikilvæg vegna liðins tíma vegna breyttrar verðmætastöðu sjóðeigna og breytinga á þjóðfélagsháttum. Jafnframt er þörf á heimildum fyrir breytingar á ókomnum tíma þar sem einnig má áfram gera ráð fyrir að aðstæður kunni að breytast þannig að grundvöllur, sem lagður er í skipulagsskrá, raskist svo að breytinga þurfi með svo að skipulagsskrá fullnægi þörfum á ókomnum tímum. Efni þessarar greinar er rétt að skoða í samhengi við þá „innköllun" sem ráðgerð er í ákvæði til bráðabirgða er fylgja lagafrumvarpinu.

Um 7. gr.

Samkvæmt undanfarandi lagagreinum og ákvæði til bráðabirgða þurfa dómsmálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun að eiga samstarf í ýmsum efnum. Ekki mun þörf á reglugerðarákvæðum um þau efni yfirleitt, en á hinu er ótvíræð þörf að marka nánari reglur um efni og gerð á skipulagsskrám.

Um 8. gr.

Ekki er tilefni til sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem lýst er í upphafi greinargerðar hér að framan má ætla að tugir eða e.t.v. hundruð staðfestra sjóða séu orðnir svo til að engu eða horfnir með öllu, en æskilegt er að gera enn tilraun til að fá yfirsýn í því efni og gera síðan þær ráðstafanir sem tiltækar eru. Þegar þeirri könnun er lokið má síðan á nýjum grunni og e.t.v. með breyttum lögum koma þessum málefnum í skaplegt horf.

Nd. 647. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. febr.)

1. gr.

1. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

5. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „kosningar" í b-lið 1. mgr. komi: almennar alþingiskosningar.
b. Í stað „alþingiskosningum" tvívegis í b-lið 1. mgr. komi: almennum alþingiskosningum.
c. Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 114. gr." í c-lið komi: skv. ákvæðum 4. tölul. 3. mgr. 113. gr.

d. 2. mgr. orðist svo:

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Sá sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

4. gr.

15. gr. (sbr. lög nr. 48/1968 og 66/1984) orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. mgr. 19. gr.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölu. 1. gr. enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu þegar þeir fóru af landi brott.
3. Þá sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. þessarar greinar að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri og skal rita framan við mánaðardaginn: *Fær atkvæðisrétt.* Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

5. gr.

21. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn er mál getur varðað.
b. 3. mgr. (sbr. lög nr. 90/1981) falli niður.

6. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. bætist: Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn sem mál getur varðað.

7. gr.

Í stað „3 vikum og 3 dögum“ í 1. mgr. 26. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: 4 vikum.

8. gr.

Í stað „113. og 114. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna komi: 112. og 113. gr.

9. gr.

Í stað „þess háttar, undirkjörstjórnir um“ í 2. mgr. 35. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um.

10. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

11. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar.

Hyggist stjórnmálasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum og þrem dögum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna eftir óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum.

Breyting á auglýsingu ráðuneytisins skv. 1. mgr., eða viðauki við hana þangað til frestur skv. 2. mgr. er liðinn, skal jafnóðum tilkynnt landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

12. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista landsframboða með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka, sbr. 40. gr.

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ..., o.s.frv. eftir því sem við á.

13. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar, sem saman eiga, sbr. 27. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnum og hún afgreitt framboðslista á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð. Auglýsingu skv. þessari mgr. skal birta eigi síðar en þrem vikum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

14. gr.

44. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjóndöprum.
b. Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: átta vikum.

15. gr.

Orðin „vegna fjarveru“ í 45. gr. falli niður.

16. gr.

3. mgr. 53. gr. orðist svo:

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ..... (nafn stjórnmálasamtakanna).

17. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 90/1981, orðist svo:

Þá er almennar reglulegar alþingiskosningar fara fram skal kjördagur vera hinn sami um land allt, annar laugardagur í maímánuði.

Allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

18. gr.

4. mgr. 59. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) verði 2. mgr. 83. gr.

19. gr.

62. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

20. gr.

3. mgr. 63. gr. laganna, sbr. l. nr. 15/1974, orðist svo:

Kjörstjóri skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraða skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar og skv. nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þrem vikum fyrir kjördag og skal tilkynna umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um hana fyrir fram. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

21. gr.

Fyrri mgr. 64. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

22. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 66. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áður en kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, fær afhent kjörgögn skal hann, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og nafnnúmer.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjald, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á er hann hefur skrifað á seðil sinn og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim sem aðstoð veitti að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjórna og á fylgibréfið að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína er þannig þarfnast hjálpar.

23. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að skrám þeim sem um getur í 1. mgr. 66. gr. Þeir skulu og hafa aðgang að skránni um aðsend atkvæði, sbr. 1. mgr. 71. gr.

24. gr.

6. mgr. 71. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) falli niður.

25. gr.

Í stað 3. málsl. 76. gr. komi: Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

26. gr.

92. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

27. gr.

Orðin „eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.)“ í 96. gr. falli niður.

28. gr.

Við 2. mgr. 101. gr. bætist: sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

29. gr.

Í stað „sama stjórnmálaflokki“ í 103. gr. komi: sömu stjórnmálasamtökum.

30. gr.

104. gr. laganna orðist svo:

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 5. mgr. 71. gr. skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

31. gr.

Í stað „stjórnmálaflokks“ í 1. mgr. 106. gr. komi: stjórnmálasamtaka.

32. gr.

2. mgr. 109. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

33. gr.

111. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu ef því er að skipta.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur ⅔ kjördæmistölunnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

34. gr.

112. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þeim þingsætum skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað, skal skipt milli landsframboða eftir ákvæðum þessarar greinar. Við þá úthlutun koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærri en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

35. gr.

113. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-liðum, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni áður en úthlutað er skv. næsta áfanga:

1. áfangi: Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur ⅘ af kjördæmistölu eða meira.
2. áfangi: Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó því aðeins úthluta lista þingsæti að hann hafi fengið 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. áfangi: Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.

4. *áfangi*: Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. stafliðum a–e:
   a. Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárri hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
   b. Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
   c. Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
   d. Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
   e. Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.

36. gr.

114. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 113. gr. og skal þá taka úthlutun skv. henni, svo og 112. gr., til baka. Ljúka skal úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1.–2. tölul. 111. gr. og beita síðan ákvæðum 112.–113. gr. á ný, svo oft sem þarf til að ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.

Ef tvær eða fleiri atkvæðatölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

37. gr.

116. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 111.–115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið skv. fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

38. gr.

117. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

39. gr.

Í stað „hefur“ í 1. málsl. 118. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: hafa.

40. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr.“ í 119. gr. laganna komi: skv. 111. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 112. og 113. gr.

41. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 120. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna.

42. gr.

Í stað „sbr. 121. og 122. gr.“ í 121. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: sbr. 128. og 129. gr.

43. gr.

125. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „flokksmerki“ í 4. og 5. tölul. komi: merki stjórnmálasamtaka.
b. Í stað „heimilisfastan“ í 6. tölul. komi: eiga lögheimili.

44. gr.

128. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Á undan „yfirkjörstjórn“ í 1. mgr. komi: landskjörstjórn og.
b. 4. mgr. orðist svo:

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

c. 5. mgr. falli niður.

45. gr.

1. mgr. 130. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

46. gr.

133. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. 2. tölul. orðist svo: Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.
b. 9. tölul. falli niður.

47. gr.

2. tölul. 134. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði laga nr. 6 6. apríl 1966, nr. 48 30. apríl 1968, nr. 15 5. apríl 1974, nr. 90 31. desember 1981, nr. 4 15. mars 1983 og nr. 66 1. júní 1984, allra um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjördagur við almennar alþingiskosningar árið 1987 skal vera laugardagurinn 25. apríl.

Nd. 648. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá kosningalaganefnd.

1. Við 11. gr. Í stað orðanna „eftir óskum þeirra“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: að fengnum óskum þeirra.
2. Við 33. gr. Í stað orðanna „ef því er að skipta“ í síðasta málsl. 2. tölul. fyrri mgr. komi: svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Við 34. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.
4. Við 35. gr.
   a. 4. málsl. 3. mgr. orðist svo: Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst.
   b. Síðari málsl. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo: Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
5. Við 36. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr. Úthluta skal þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. til eins þeirra landsframboða sem nú skortir þingsæti. Ákvarða skal hlutfallstölur fyrir hvert landsframboð um sig samkvæmt ákvæðum a til e-liða 4. tölul. 3. mgr. 113. gr. Hlýtur sá listi sætið sem þá hefur hæsta hlutfallstölu.
   b. Í stað orðsins „atkvæðatölur“ í 2. mgr. komi: tölur.

Nd. 649. Frumvarp til laga [294. mál]

um umboðsmann Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. febr.)

Samhljóða þskj. 523 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosningin gildir til fjögurra ára. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.

Ef umboðsmaður andast eða verður af öðrum sökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis skal sameinað þing kjósa umboðsmann að nýju. Sama hátt skal hafa á ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja að víkja honum úr embætti.

Við tímabundin forföll umboðsmanns getur Alþingi kosið staðgengil til að gegna embættinu meðan forföll vara.

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

13. gr. hljóðar svo:

Umboðsmaður nýtur sömu launa og annarra lögkjara og hæstaréttardómari eftir því sem við verður komið. Hann á rétt til biðlauna í þrjá mánuði er hann lætur af starfi.

Umboðsmanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja.

Ed. 650. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. febr.)

Samhljóða þskj. 647 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

40. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar.

Hyggist stjórnmálasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum og þrem dögum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður

ráðuneytið bókstaf samtakanna að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum.

Breyting á auglýsingu ráðuneytisins skv. 1. mgr., eða viðauki við hana þangað til frestur skv. 2. mgr. er liðinn, skal jafnóðum tilkynnt landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

33. gr. hljóðar svo:

111. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur ⅔ kjördæmistölunnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

34. gr. hljóðar svo:

112. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærri en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

35. gr. hljóðar svo:

113. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-liðum, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst:

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur 4/5 af kjördæmistölu eða meira.
2. *áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. *áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.
4. *áfangi:* Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. stafliðum a–e:
   a. Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárri hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
   b. Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
   c. Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
   d. Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
   e. Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.

36. gr. hljóðar svo:

114. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr. Úthluta skal þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. til eins þeirra landsframboða sem nú skortir þingsæti. Ákvarða skal hlutfallstölur fyrir hvert landsframboð um sig samkvæmt ákvæðum a til e-liða 4. tölul. 3. mgr. 113. gr. Hlýtur sá listi sætið sem þá hefur hæsta hlutfallstölu.

Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

Sþ. 651. Tillaga til þingsályktunar [362. mál]

um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum og öðrum mannvirkjum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Þ. Þórðarson,
Guðmundur Bjarnason, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna og gera tillögur um ábyrgð þeirra sem beint og óbeint tengjast húsbyggingum og annarri mannvirkjagerð. Skal einkum hugað að fyrningarfresti á bótakröfum vegna galla, á hendur efnissölum, byggingaraðilum og hönnuðum og leitast við að samræma og einfalda reglur í þessum efnum til hagsbóta neytendum og þeim sem hlut eiga að byggingarstarfsemi.

Greinargerð.

Alkunna er að margvíslegir gallar á húsbyggingum og öðrum mannvirkjum hafa löngum verið mikið vandamál hér á landi. Í grófum dráttum verður þessum göllum skipt í tvennt, þ.e. *galla á byggingarefni og í annan stað mistök við hönnun og smíði*. Ábyrgðar- og/eða fyrningartími vegna þessara galla gagnvart eiganda húsnæðis er þó með afar mismunandi hætti, og raunar er þessu alls ekki skýrt skipað í lögum. Þó er ljóst að þær meginreglur, sem í gildi virðast vera hér á landi, geta vart talist sanngjarnar eða rökrænar og eru þá bæði hafðir í huga hagsmunir húseigenda og þeirra sem beint og óbeint tengjast mannvirkjagerð, svo sem hönnuða og byggingaraðila.

Til að skýra hvað hér um ræðir skulu í örstuttu máli reifaðir tveir hæstaréttardómar sem varða galla á steinsteyptum húsum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1966 (37. bindi, bls. 764) voru málavextir þeir að með kaupsamningi haustið 1959 keypti kona nokkur tveggja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Seljandi var byggingarfélag það sem reist hafði húsið. Skömmu síðar tók að bera á göllum í hinni seldu íbúð og stefndi konan byggingarfélaginu til greiðslu bóta vegna gallanna. Gallarnir voru aðallega fólgnir í sprungum í gólfum og veggjum. Á sumum veggjunum opnuðust allstórar rifur, múrhúðun losnaði frá, hurðarkarmar skekktust og málning skemmdist. Byggingarfélagið mótmælti þó öllum kröfum um bætur. Niðurstaða Hæstaréttar varð þó sú að gallarnir ættu rót sína að rekja til *missmíða* við gerð hússins og bæri byggingarfélagið ábyrgð á þeim. Var félagið því dæmt til að greiða konunni nokkrar bætur.

Athygli skal vakin á því að álitaefnið í þessum dómi varðaði *missmíð* sem rakin varð til *rangra vinnubragða byggingaraðilanna*. Málið horfir aftur á móti við með nokkuð öðrum hætti ef um hefði verið að ræða gallaða steypu en ekkert væri athugavert við verkframkvæmdina sem slíka. *Hér er komið að muninum á ábyrgð á verki annars vegar og ábyrgð á efni hins vegar.* Til að varpa ljósi á þetta atriði skal greint frá niðurstöðum í dómi Hæstaréttar frá árinu 1983 (54. bindi, bls. 1469). Þar var steypustöð sýknuð af kröfum húseiganda vegna gallaðrar steypu sem hann hafði keypt af stöðinni í hús sitt árið 1961 og 1962. Í undirrétti hafði húseigandinn unnið málið, en steypustöðin áfrýjaði til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar er vísað í 54. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, en hún hljóðar svo:

„Nú er ár liðið frá því er kaupandi fékk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma, eða haft svik í frammi.“

Í dóminum segir síðan orðrétt:

„Við það þykir mega miða, að stefndi (þ.e. húseigandinn) hafi ekki orðið var við, að steinsteypunni hefði verið áfátt, fyrr en skemmdir komu í ljós í útveggjum húss hans síðari

hluta júnímánaðar 1976. Þá var hins vegar fyrir löngu fallinn niður allur réttur hans til skaðabóta úr hendi áfrýjanda (þ.e. steypustöðvarinnar) samkvæmt framangreindu lagaákvæði, þar sem nær 14 ár voru liðin, frá því að stefndi veitti steypunni viðtöku, og því úti sá ársfrestur, sem 54. gr. lausafjárkaupalaga setur kaupanda til að bera fyrir sig, að söluhlut hafi verið ábótavant. Er í því sambandi þess að geta, að hvorki verður á það fallist með stefnda, að umrætt ákvæði taki ekki til hinnar seldu steinsteypu vegna þess, að fyrir notkun sína hafi hún orðið hluti af fasteign, né er því haldið fram í málinu, að undantekningarákvæði greinarinnar eigi við í skiptum málsaðila."

Af þessum tveimur dómum verður m.a. ráðið að ábyrgð efnissala og raunar einnig byggingaraðila vegna margs konar byggingarefnis, þar á meðal steypu sem þeir leggi til í húsbygginga, varir einungis í eitt ár, þ.e. um fyrningu fer eftir ákvæðum laga um lausafjárkaup. Á hinn bóginn er „ábyrgðartími" vegna verkframkvæmdanna sem slíkra til muna lengri. Um það efni verður að leita annarra réttarheimilda, m.a. til ákvæða laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Sumarið 1986 gaf Landssamband iðnaðarmanna út ritið *Byggingarlögfræði*, en höfundur þess er Sigmar Ármannsson lögfræðingur. Í riti þessu segir orðrétt m.a.:

„Ljóst er, að ábyrgðartími vegna galla, sem verður vart í fasteignum, getur verið mismunandi. Ábyrgð þess, sem selur efni, varir einungis í eitt ár. Ábyrgð byggingarfyrirtækja, iðnmeistara og hönnuða stendur á hinn bóginn miklu lengur. Geta þessir aðilar átt von á því að vera dregnir til ábyrgðar vegna verka sinna jafnvel áratugum eftir verklok. Er þá við það miðað, að fyrningarfrestur hefjist ekki fyrr en sá, sem vill bera galla fyrir sig, varð gallans var eða mátti verða hans var. Missmíð eða röng hönnun er oft þess eðlis, að gallans verður ekki vart fyrr en eftir langan tíma. Á sama hátt og færa má ýmis rök fyrir því, að eins árs ábyrgðartími efnissala, t.d. steypustöðva, sé óeðlilega skammur og ósanngjarn fyrir kaupanda eignar, er unnt að telja upp fjölmargt, sem mælir gegn því, að ábyrgðartími þeirra, sem annast smíði húseigna, skuli geta staðið svo lengi eins og raun ber vitni. *Kjarni máls er, að hér þarf að finna einhvern meðalveg, sem taki mið af hagsmunum allra, þ.e. kaupenda, efnissala, byggingarfyrirtækja, iðnmeistara og hönnuða.* Erlendis, t.d. í Danmörku, hefur á undanförnum árum mjög verið að þessum málum hugað. Hefur þar verið leitast við að samræma lengd ábyrgðartíma allra, sem tengjast byggingarframkvæmdum og selja efni til þeirra, og miða hann við fimm ár frá því að þjónusta var veitt, afhending efnis fór fram eða verkframkvæmd var lokið. Tímabært er, að hér á landi verði þessi atriði einnig tekin til athugunar. Í áðurnefndum dómi Hæstaréttar frá árinu 1983, þar sem steypustöð var sýknuð af bótakröfum vegna gallaðrar steypu með vísan til þess, að liðinn hafi verið ársfrestur kaupanda til að bera fyrir sig galla, skilaði einn dómari sératkvæði. Í þessu sératkvæði kemur fram í hnotskurn það vandamál, sem hér er við að fást. Skal því efni sératkvæðisins rakið hér að lokum. Í upphafi lýsir dómarinn því yfir að hann sé sammála því, að sýkna beri steypustöðina. Síðan segir orðrétt: „Enda þótt steypa verði ekki að fasteign, fyrr en hún hefur bundist og breyst í varanlegt mannvirki, þá er það ekki sjálfgefið, að hún falli undir fyrningarákvæði laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, þar sem hún er allt annars eðlis en venjulegur verslunarvarningur, sem téð lög taka fyrst og fremst til. Það eru einkum og sér í lagi hinar ýmsu framleiðsluvörur, sem daglega ganga kaupum og sölum, svo sem skæði og klæði, tól og tæki alls konar, sem lög nr. 39/1922 taka yfir. Einkum verður munurinn milli steypu og annars lausafjár skýr, þegar kemur til gallanna og uppgötvunar þeirra. Í venjulegum verslunarvarningi koma gallar yfirleitt fljótt fram eða unnt er að staðreyna þá tiltölulega tímanlega með vandlegri skoðun. Um steypu er þessu þveröfugt farið. Erfitt er að staðreyna galla á steypuefni við afhendingu, og gallar koma yfirleitt ekki í ljós fyrr en mörgum árum síðar, m.a. vegna þess, að steypan er venjulega varin með pússningu eða málningu, nema hvort tveggja sé. Það er því með öllu ótækt að fella skaðabætur vegna

steypugalla undir hinn skamma fyrningarfrest 54. gr. laga nr. 39/1922. Slíkt leiðir til ranglætis gagnvart kaupanda, gerir ábyrgð seljanda of léttvæga og stuðlar því eigi að vöruvöndun. Því þarf að skapa dómvenju á þessu sviði, er tekur sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðila, kaupanda og seljanda steypuefnis. Þess vegna ber að leitast við að finna jafnvægi á metaskálunum milli skaðabótaréttar kaupanda annars vegar og ábyrgðar seljanda hins vegar ...“

Af öllu því sem hér hefur verið gert að umtalsefni hlýtur að vera ljóst að afar brýnt er að löggjafinn láti þessi mál til sín taka og skipi þeim í eðlilegt horf. Ekki síst er það nauðsynlegt þar sem hér eru oft verulegir fjármunir í húfi og getur í alvarlegustu tilvikum varðað missi aleigu þeirra sem í hlut eiga. Ætla verður að mál þetta verði að vinnast í samráði við fjölmarga hagsmunaaðila, t.d. samtök neytenda, fulltrúa byggingariðnaðarins og hönnuða, svo að einhverjir séu nefndir. Þá er og ástæða til að huga að vátryggingaþætti þessara mála.

Ed. 652. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 6. maí 1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 19. febr. 1987.

Eyjólfur Konráð Jónsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 653. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Páli Péturssyni.

1. 1. mgr. 32. gr. orðist svo:
   Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn.
2. A- og b-liðir 64. gr. orðist svo:
   a. umdæmaskráningu ökutækja,
   b. tilkynningu um eigendaskipti og umskráningu ökutækja.

Nd. 654. Lög [291. mál]

um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

(Afgreidd frá Nd. 19. febr.)

Samhljóða þskj. 520.

Nd. 655. Lög [292. mál]

um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

(Afgreidd frá Nd. 19. febr.)

Samhljóða þskj. 521.

Ed. 656. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:
Póst- og símamálastofnun skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott og breytist númeraröð síðari greina í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 36/1977 var í fyrsta sinn bundin í lögum tala og verkefni aðaldeilda Póst- og símamálastofnunar, en ákvæði þar að lútandi höfðu áður verið í reglugerðum. Nefnd sú, er samdi frumvarp til téðra laga, taldi mikilvægt að festa skipulag stofnunarinnar svo að eigi væri unnt að breyta því í reglugerð án rækilegrar athugunar.

Á undanförnum árum hefur hins vegar orðið mikil breyting á skipulagi og starfsháttum opinberra stofnana. Hefur þótt nauðsynlegt að gefa stjórnvöldum meira svigrúm til skipulagningar á starfsemi þeirra til skiptingar á verkum, valdi og ábyrgð milli fólks og deilda og til þess að ná settu marki, betri þjónustu, meiri hagræðingu og auknum afköstum. Stjórn opinberra fyrirtækja er að þessu leyti ekki frábrugðin stjórn einkafyrirtækja, sem auðvitað þurfa að aðlaga sitt skipulag breyttum þörfum markaðarins og nútímaviðhorfum til stjórnunar.

Nýleg löggjöf ber nokkur merki þeirrar breytingar sem orðið hefur með því að veita ráðherra heimild til að ákvarða stjórnskipulag opinberra stofnana í reglugerð. Af lögum um stofnanir samgönguráðuneytisins má t.d. nefna eftirfarandi:

1. Hafnalög, nr. 69/1984, 6. gr.: „Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.“
2. Lög um Landmælingar Íslands, nr. 31/1985, 4. gr.: „Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð.“
3. Lög um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, 5. gr.: „Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar.“
4. Lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, 3. gr.: „Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.“

Um flugmálastjórn, skipulag, starfshætti og verkefni, er fjallað í reglugerð nr. 276/1983.

Með vísan til framanritaðs er ljóst að með frumvarpi þessu er lagt til að skipulag Póst- og símamálastofnunar verði ákvarðað með sama hætti og skipulag annarra stofnana ráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum hljóðar 5. gr. þannig:

„Starfsemi póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta stofnunarinnar og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í fjórar aðaldeildir, fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í fjögur póst- og símaumdæmi.

Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi. Framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar heyra beint undir póst- og símamálastjóra.“

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er með lagagrein þessari lagt til að lögfest verði að stjórnskipulag stofnunarinnar skuli ákveðið í reglugerð er ráðherra setur og vísast til framangreindra athugasemda um rökstuðning fyrir því.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að 6. gr. gildandi laga falli brott, en hún er svohljóðandi:

„Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.

Helstu verkefni hverrar aðaldeildar eru m.a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild:** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ.m.t. allar almennar áætlanir vegna rekstrar og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalbókhald, fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild:** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetning á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radíósambönd stofnunarinnar, radíóeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild:** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjalasafna og umsjón mötuneyta.

4. **Viðskiptadeild:** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frímerkjaútgáfa og -varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.“

Með vísan til 1. gr. þessa frumvarps er lagt er til að framangreind ákvæði falli brott úr lögunum, en að það verði sett í vald ráðherra að ákvarða skipulag stofnunarinnar og þá m.a. skiptingu verkefna milli aðaldeilda.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 657. Frumvarp til laga [364. mál]

um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja Alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á kaupskipum (STCW, 1978).

2. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun A.481 sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1981.

3. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna (International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, STCW) var undirrituð í London 7. júlí 1978, en öðlast gildi 28. apríl 1984. Samþykktin nær til sjómanna á kaupskipum.

Hinn 31. desember 1986 höfðu 52 ríki staðfest samþykktina, þar á meðal öll nágrannaríki okkar og helstu viðskiptaþjóðir.

Samþykkt þessi er fyrsta alþjóðasamþykktin sem hefur að geyma meginreglur um öryggi áhafna sem allar siglingaþjóðir heims geta fallist á. Enda þótt samþykktin fjalli um áhöfn skipa fremur en skipin sjálf er hún talin einhver mikilvægasta samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Með samþykktinni er að vissu marki leitast við að samræma kröfur sem gerðar eru til skipanna sjálfra, öryggis þeirra og búnaðar og kröfur um lágmarksþekkingu og kunnáttu þeirra sem á skipunum eru. Mikinn hluta sjóslysa má rekja til mannlegrar yfirsjónar frekar en vanbúnaðar skipa og er það von manna að með framkvæmd samþykktarinnar verði öryggi á hafinu bætt til mikilla muna.

Þess má geta að Öryggismálanefnd sjómanna gerði í skýrslu sinni, sem dagsett er í október 1986, tillögu um staðfestingu samþykktarinnar og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla ákvæði hennar.

Samþykktin skiptist í 17 greinar ásamt Viðauka sem telst hluti hennar.

Í samþykktinni eru fyrirmæli til aðildarríkja um upplýsingamiðlun, samræmingu og útgáfu atvinnuskírteina og annarra skírteina varðandi þjálfun áhafna skipa og undanþágur til starfa ásamt heimild til eftirlits með áhöfnum skipa aðildarríkja.

1. Þjálfun.

Í samþykktinni eru þjálfunarkröfur til sjómanna tilteknar mjög nákvæmlega. Er þar m.a. kveðið á um lögskipaðar lágmarkskröfur til menntunar, kennslu í fagskólum sjómanna, kennslu fyrir þá sem annast fjarskipti á skipum og kennslu og þjálfun yfir- og undirmanna í meðferð öryggis- og björgunartækja. Enn fremur eru í samþykktinni kröfur um sérstaka þjálfun yfirmanna á olíu-, gas- og efnaflutningaskipum.

2. Útgáfa skírteina.

Samkvæmt samþykktinni skulu gefin út sérstök skírteini til þeirra sem fullnægja ákvæðum hennar um menntun og þjálfun. Þannig verði gefin út skírteini fyrir skipstjórnarmenn, vélstjóra, þá er annast fjarskipti og þá sem hlotið hafa kennslu og þjálfun í meðferð öryggis- og björgunartækja. Skírteinin gilda í fimm ár og til framlengingar þurfa menn að hafa starfað til sjós eða sótt endurmenntunar- og þjálfunarnámskeið.

3. Vaktstaða.

Ítarleg ákvæði eru í samþykktinni um vaktstöðu í brú og vél kaupskipa.

Til þess að undirbúa framkvæmd samþykktarinnar hér á landi og í framhaldi þess fullgildingu hans er nauðsynlegt að setja reglur um nokkra þætti hennar, svo sem um útgáfu skírteina og vaktstöðu sjómanna.

Um 2. gr.

Í ályktun A.481, sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 19. nóvember 1981, eru aðildarríki hvött til þess að ákveða lágmarksmönnun fyrir þau skip sem Alþjóðasamþykktin (STCW) gildir um og gefa út mönnunarskírteini (Safe Manning Document) fyrir hvert skip.

Hér á landi eru engar reglur til um heildarmönnun skipa. Í lögum um atvinnuréttindi yfirmanna á skipum eru einungis ákvæði um fjölda skipstjórnarmanna og vélstjóra en fjöldi undirmanna hefur hingað til verið ákveðinn með samningum útgerðarmanna og sjómanna. Til að tryggja eðlilegt öryggi áhafna og skipa í samræmi við ályktunina er nauðsynlegt að setja reglur um lágmarksheildarmönnun kaupskipa, en eins og áður greinir gildir samþykktin aðeins um kaupskip.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT UM MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKILRÍKI OG VAKTSTÖÐUR SJÓMANNA, 1978
(INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR SEAFARERS, 1978)

SAMNINGSAÐILAR ÞESSARAR SAMÞYKKTAR

ÆSKJA þess að auka öryggi lífs og eigna á sjó og varnir gegn mengun sjávar með því að samþykkja alþjóðastaðla um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna,

ÁLÍTA að þessu marki megi best ná með því að gera alþjóðasamþykkt um staðla fyrir menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna,

HAFA SAMÞYKKT eftirfarandi:

1. gr.

ALMENNAR SAMNINGSSKYLDUR

1. Samningsaðilar taka í gildi ákvæði Alþjóðasamþykktarinnar og fylgiskjals (Annex) hennar sem eru hluti samþykktarinnar. Sérhver tilvísun til Alþjóðsamþykktarinnar er samtímis tilvísun til fylgiskjals hennar (Annex).
2. Samningsaðilarnir láta öll lög, tilskipanir, fyrirmæli og reglur taka gildi og framkvæma allt það annað sem er nauðsynlegt til þess að Alþjóðasamþykktin fái fullt og raunverulegt gildi og tryggja með hliðsjón af öryggi lífs og eigna á sjó og vörnum gegn mengun sjávar að sjómenn í skipum séu hæfir til starfa sinna.

2. gr.
SKILGREININGAR

Í þessari Alþjóðasamþykkt merkir nema annað sé tekið fram:

a. „Samningsaðili“, aðildarríki þar sem Alþjóðasamþykktin hefur tekið gildi;
b. „Stjórnvöld“, ríkisstjórn aðildarríkis sem heimilar skipi að sigla undir fána sínum;
c. „Skírteini“, skjal sem er í gildi, hvaða nafni sem það nefnist, gefið út af eða með heimild stjórnvalda eða viðurkennt af þeim og heimilar skírteinishafa að starfa það sem greint er í skírteininu eða heimilað er samkvæmt reglum viðkomandi lands;
d. „Skírteinishafi“, réttmætur handhafi skírteinis;
e. „Stofnunin“, Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO);
f. „Aðalritari“, aðalritari Stofnunarinnar;
g. „Hafskip“, skip annað en það sem siglir eingöngu á vötnum eða í landvari (innan skerja) eða þar sem hafnareglugerðir gilda;
h. „Fiskiskip“, skip sem notað er við að veiða fisk, hval, sel eða annað úr lífríki sjávar;
i. „Radíófjarskiptareglur“, reglur um radíófjarskipti sem eru í fylgiskjali með — eða talið er að séu í fylgiskjali með — nýjustu alþjóðafjarskiptasamþykktinni sem í gildi er á hverjum tíma.

3. gr.
GILDISSVIÐ

Alþjóðasamþykktin nær til sjómanna á skipum sem sigla undir fána aðildarríkis nema þeirra sem eru á:

a. herskipum, aðstoðarskipum sjóhersins eða öðrum í eigu ríkisins eða gerð eru út af því eingöngu til opinberra starfa sem ekki eru í verslunarskyni; samt sem áður skal hver samningsaðili tryggja með því að gera viðeigandi ráðstafanir, sem þó eru ekki til hindrunar störfum eða starfsgetu þessara skipa sem eru í eigu aðildarríkja eða gerð út af þeim, að áhafnir þessara skipa uppfylli ákvæði Alþjóðasamþykktarinnar að svo miklu leyti sem það telst eðlilegt og hagkvæmt;
b. fiskiskipum;
c. lystisnekkjum sem ekki eru í verslunarsiglingum eða
d. tréskipum af frumstæðri gerð.

4. gr.
UPPLÝSINGAMIÐLUN

1. Samningsaðilar skulu veita aðalritaranum, svo fljótt sem auðið er:
   a. upplýsingar um lög, fyrirmæli, skipanir, reglur og önnur ákvæði sem gefin hafa verið út og snerta hin margvíslegu mál á vettvangi Alþjóðasamþykktarinnar;
   b. allar upplýsingar, þar sem slíkt á við, um námsefni og námstíma ásamt prófum og öðrum skilyrðum fyrir sérhverju skilríki sem gefið er út í samræmi við Alþjóðasamþykktina;
   c. nægjanlegan fjölda af sýnishornum af skírteinum sem gefin eru út í samræmi við Alþjóðasamþykktina.
2. Aðalritarinn skal tilkynna öllum samningsaðilunum um allar upplýsingar sem honum hafa verið veittar í samræmi við lið (1) (a) og auk þess í samræmi við ákvæði 9. og 10. greina. Skal hann, sé þess óskað, veita þeim allar þær upplýsingar sem honum hafa borist samkvæmt ákvæðum liða (1) (b) og (c).

5. gr.
AÐRIR SAMNINGAR OG TÚLKUN ÞEIRRA

1. Allir fyrri samningar, samþykktir og ráðstafanir, sem eru um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna og í gildi eru milli aðildarríkjanna, skulu áfram halda fullu gildi út samningstíma sinn hvað viðvíkur:
   a. sjómönnum sem Alþjóðasamþykkt þessi nær ekki til;
   b. sjómönnum sem Alþjóðasamþykkt þessi nær til, en í málum sem samþykktin hefir ekki nein sérstök ákvæði um.
2. Að því marki þó, sem þessir samningar, samþykktir eða ráðstafanir eru í ósamræmi við ákvæði Alþjóðasamþykktarinnar, skulu samningsaðilarnir endurskoða skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningum, samþykktum og ráðstöfunum í þeim tilgangi að tryggja að ekki sé ósamræmi milli þessara skuldbindinga og ákvæða Alþjóðasamþykktarinnar.
3. Öll atriði, sem engin sérstök ákvæði Alþjóðasamþykktarinnar fjalla um, eru áfram háð lagasetningu aðildarríkjanna.
4. Ekkert í Alþjóðasamþykktinni skal hafa rétt fram yfir hafréttarlög sem sett eru á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafréttarmál sem haldin er samkvæmt ályktun 2750 C(XXV) allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, né núverandi eða framtíðarkröfur og lagalega túlkun einhvers ríkis á hafréttarlögum og hvers eðlis landhelgin er né stærð hennar.

6. gr.
SKÍRTEINI

1. Skírteini fyrir skipstjóra, stýrimenn eða aðra yfirmenn skal gefa út til þeirra umsækjenda sem fullnægja, að mati stjórnvalda, skilyrðum um störf, aldur, heilbrigði, þjálfun, hæfileika og próf í samræmi við tilheyrandi ákvæði í fylgiskjali (Annes) Alþjóðasamþykktarinnar.
2. Skírteini fyrir skipstjóra og stýrimenn, sem gefin eru út samkvæmt þessum kafla, skulu gerð af þeim stjórnvöldum sem gefa þau út eins og lýst er í reglu I/2 í fylgiskjalinu (Annex). Ef tungumál skírteinisins er ekki enska skal vera á skírteininu þýðing á ensku.

7. gr.
ÁKVÆÐI VEGNA UMSKIPTA

1. Skírteini um hæfni til starfs eða þjónustu, sem Alþjóðasamþykktin krefst einnig skírteinis fyrir og sem gefið var út af samningsaðila áður en Alþjóðasamþykktin tók gildi hjá honum í samræmi við lög hans eða radíófjarskiptareglurnar, skal áfram viðurkennt í gildi eftir að Alþjóðasamþykktin hefir gengið í gildi hjá samningsaðilanum.
2. Eftir að Alþjóðasamþykktin hefur tekið gildi hjá samningsaðila er stjórnvöldum þar heimilt að gefa áfram út í nokkurn tíma skírteini um hæfni í samræmi við fyrri starfsvenjur, en þó ekki lengur en í fimm ár. Slík skírteini skulu viðurkennd í gildi með hliðsjón af tilgangi Alþjóðasamþykktarinnar. Á umskiptatímum skal aðeins gefa út þessi skírteini til sjómanna, sem hófu störf sín á sjó áður en Alþjóðasamþykktin tók gildi hjá þeim, til tiltekinna starfa á sjó, svo sem skírteinin vísa til. Stjórnvöld skulu tryggja að allir aðrir umsækjendur um skírteini gangi undir próf og fái skírteini í samræmi við Alþjóðasamþykktina.
3. Samningsaðila er heimilt innan tveggja ára frá gildistöku Alþjóðasamþykktarinnar hjá honum að gefa út starfsskírteini til sjómanna sem hvorki eiga viðeigandi skírteini

samkvæmt Alþjóðasamþykktinni né skírteini um hæfni gefið út samkvæmt lögum samningsaðilans fyrir gildistöku Alþjóðasamþykktarinnar hjá honum, en sem hafa þó:

a. unnið í starfi, sem þeir sækja um starfsskírteini fyrir, ekki skemur en í þrjú ár til sjós á síðastliðnum sjö árum fyrir gildistöku Alþjóðasamþykktarinnar hjá samningsaðilanum;
b. lagt fram sannanir fyrir því að þeir hafi á fullnægjandi hátt leyst störf sín af hendi;
c. fullnægi kröfum stjórnvalda um heilbrigði, að meðtalinni sjón og heyrn, með hliðsjón af aldri umsækjanda.

Samkvæmt tilgangi Alþjóðasamþykktarinnar skal telja starfsskírteini sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum þessa kafla jafngild skírteinum sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum Alþjóðasamþykktarinnar.

8. gr.
UNDANÞÁGUR

1. Ef stjórnvöld álíta, í neyðartilfellum, að það valdi ekki mönnum neinni hættu, eignum né umhverfi, má veita tilteknum sjómanni undanþágu til að vinna á ákveðnu skipi í ákveðinn tíma, en þó ekki lengur en í sex mánuði sem hann hefur ekki tilskilin skírteini fyrir, nema störf loftskeyta- eða radíófjarskiptamanna, en þó eins og viðkomandi radíóreglugerðir heimila, að því tilskildu að sá sem undanþáguna fær sé fullhæfur að mati stjórnvalda til þess að annast þetta starf á öruggan hátt. Samt sem áður skal ekki veita skipstjóra né yfirvélstjóra undanþágur nema í neyðartilfellum (Force Majeure) og aðeins í sem skemmstan tíma.
2. Undanþágu fyrir stöðu skal aðeins veita manni sem hefur full réttindi fyrir næstu lægri stöðu. Þar sem Alþjóðasamþykktin krefst ekki skírteina fyrir næstu lægri stöðu má veita manni undanþágu sem hefur hæfileika og reynslu að mati stjórnvalda og sem augljóslega jafngilda þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu stöðunnar, að því tilskildu þó að hafi umræddur maður engin tilskilin réttindi skal hann skyldur til þess að standast próf, sem stjórnvöld samþykkja, til þess að sýna fram á að þessa undanþágu megi veita að skaðlausu. Að auki skulu stjórnvöld tryggja, að stöðuna fái, svo fljótt sem auðið er, maður með tilskilin réttindi.
3. Samningsaðilar skulu, svo fljótt sem auðið er eftir 1. janúar ár hvert, veita aðalritaranum upplýsingar um heildarfjölda undanþágna, sem veittar hafa verið, fyrir hverja starfsgrein á hafskipum sem krafist er skírteina fyrir, ásamt upplýsingum um heildarfjölda þessara skipa yfir og undir 1600 brl.

9. gr.
JAFNGILDI

1. Alþjóðasamþykktin skal ekki standa í vegi fyrir því að stjórnvöld haldi áfram leiðum eða taki upp aðrar leiðir til menntunar eða þjálfunar, að meðtöldum þeim leiðum sem eru fyrir þjónustustörf á sjó og fyrir skipulag um borð í tengslum við þróun tæknibúnaðar, einnig þróun sérhannaðra skipa og sérhæfðra siglinga, þó að því tilskildu að þjónusta til sjós, þekking og afköst í siglingum og tæknileg stjórnun skipa og farms tryggi að vissu marki öryggi á sjó og stuðli að vörnum gegn mengun, að minnsta kosti til jafns við ákvæði Alþjóðasamþykktarinnar.
2. Lýsingu á þessum menntunar- og þjálfunarleiðum skal gefa aðalritaranum svo fljótt sem auðið er, en hann dreifir þeim síðan til allra samningsaðila.

10. gr.
EFTIRLIT

1. Meðan skip eru í höfn samningsaðila, nema þau sem eru undanþegin skv. 3. gr., eru þau háð eftirliti opinberra aðila sem samningsaðilinn hefur veitt umboð til þess að sannreyna, hvort allir sjómenn, sem ber að hafa skírteini samkvæmt ákvæðum Alþjóðasamþykktarinnar, hafi þau eða viðeigandi undanþágur. Viðurkenna skal þessi skírteini nema augljós ástæða sé til þess að ætla að skírteini hafi verið fengið á ólögmætan hátt eða skírteinishafi sé ekki sá sem skírteinið var upphaflega veitt.
2. Í því tilfelli, að í ljós koma einhverjar misgjörðir þegar ákvæðum liðar (1) er beitt eða þegar ákvæðum reglu I/4 „Eftirlitsaðgerðir“ í fylgiskjalinu (Annex) er beitt, skal sá opinberi aðili, sem framkvæmir eftirlitið, þegar í stað tilkynna skriflega skipstjóra skipsins um málið og konsúlnum eða í fjarveru hans næsta sendifulltrúa eða siglingamálafulltrúa þess ríkis sem veitir skipinu rétt til þess að sigla undir fána sínum svo að unnt verði að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar tilkynningar skulu greina vel frá þeim misgjörðum sem í ljós komu og ástæðuna fyrir því að samningsaðilinn telur að þessar misgjörðir séu hættulegar mönnum, eignum og umhverfi.
3. Þegar eftirlitsákvæðum liðar (1) er beitt og tekið er tillit til stærðar og gerðar skipsins og lengdar og eðli sjóferðarinnar og ágallarnir sem fjallað er um í lið (3) í reglu I/4 hafa ekki verið lagfærðir og álitið er að þeir séu hættulegir mönnum, eignum og umhverfi skal samningsaðili sá, sem framkvæmir eftirlitið, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skipið sigli ekki á ný, nema eftir að eftirlitsákvæðum þessum er fullnægt að því marki að ekki sé lengur hætta á ferð. Strax skal tilkynna aðalritaranum um ástæðurnar fyrir þessum aðgerðum.
4. Þegar eftirlit samkvæmt þessari grein er framkvæmt skal allt gert til þess að skipi sé hvorki haldið né það tafið að óþörfu. Ef skipi er haldið eða það tafið að óþörfu af þessum ástæðum á það rétt til skaðabóta fyrir það tjón sem það hefur orðið fyrir vegna þessa.
5. Ákvæðum þessarar greinar skal beitt eins og nauðsyn krefur til þess að tryggja að skip, sem sigla undir fána ríkis sem ekki er samningsaðili, hljóti ekki hagkvæmari afgreiðslu en skip sem siglir undir fána samningsaðila.

11. gr.
EFLING TÆKNISAMVINNU

1. Aðilar að Alþjóðasamþykktinni skulu efla stuðning sinn, í samráði við og með aðstoð Stofnunarinnar, við þá samningsaðila sem óska eftir tæknilegri aðstoð við eftirfarandi:
   a. menntun og þjálfun starfsfólks við stjórnunar- og tæknistörf;
   b. að setja á stofn sjómannaskóla og koma á fót annarri aðstöðu til þjálfunar sjómanna;
   c. að útvega tæki og aðstöðu fyrir mennta- og þjálfunarstofnanir;
   d. að semja viðeigandi menntunaráætlun sem einnig nær yfir verklega þjálfun til sjós; og
   e. að styrkja aðrar gerðir og ráðstafanir sem auka hæfni sjómanna;
   í eigin landi eða löndum í samvinnu við nálæg ríki til þess að ná tilgangi og markmiði Alþjóðasamþykktarinnar og um leið að taka sérstakt tillit til þarfa þróunarríkjanna í þessu efni.
2. Að sínu leyti skal Stofnunin sækjast eftir að ná framangreindum markmiðum eins og eðlilegt þykir í samráði eða samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, sérstaklega Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO).

12. gr.
BREYTINGAR

1. Alþjóðasamþykktinni má breyta á einhvern eftirfarandi hátt:
   a. breyting gerð eftir athugun á Alþjóðasamþykktinni hjá Stofnuninni;
      i. sérhverri breytingu, sem lögð er til af samningsaðila, skal komið á framfæri við aðalritarann, sem skal svo dreifa breytingartillögunni til allra meðlima Stofnunarinnar, allra samningsaðila og aðalritara Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), að minnsta kosti sex mánuðum áður en hún kemur til athugunar;
      ii. sérhverri breytingu, sem lögð er til á þennan hátt og dreift er, skal komið til siglingaöryggisnefndar (Maritime Safety Committee) Stofnunarinnar til athugunar;
      iii. samningsaðilum, hvort sem þeir eru meðlimir Stofnunarinnar eða ekki, skal heimilt að taka þátt í störfum siglingaöryggisnefndarinnar við athugun og afgreiðslu á breytingum;
      iv. breytingar skulu samþykktar með tveim þriðju meiri hluta atkvæða samningsaðila sem eru viðstaddir atkvæðagreiðsluna og þátt taka í henni í siglingaöryggisnefndinni sem hefur verið stækkuð eins og ákveðið er, sbr. undirlið (a) (iii) (hér eftir nefnd stækkuð siglingaöryggisnefnd), að því tilskildu að ekki minna en einn þriðji samningsaðilanna skuli vera viðstaddir þegar kosning fer fram;
      v. breytingum, sem samþykktar hafa verið á þennan hátt, skal aðalritarinn dreifa til allra samningsaðilanna til staðfestingar;
      vi. breyting við grein skal talin staðfest þann dag, sem hún hefur verið staðfest af tveim þriðju samningsaaðilanna.
      vii. breyting við fylgiskjalið (Annex) skal talin staðfest:
         1. að tveim árum liðnum frá þeim degi þegar henni var dreift til samningsaðilanna til staðfestingar; eða
         2. að loknu öðru tímabili sem ekki skal vera skemmra en eitt ár og ákveðið er samtímis því að breytingin er samþykkt með tveim þriðju meiri hluta atkvæða samningsaðilanna sem eru viðstaddir atkvæðagreiðsluna og þátt taka í henni í stækkuðu siglingaöryggisnefndinni;

      aftur á móti skoðast breyting ekki samþykkt ef innan þessa tiltekna tíma annaðhvort meira en einn þriðji hluti samningsaðilanna eða samningsaðilar, sem eiga samanlagðan kaupskipaflota sem ekki er minni en fimmtíu hundraðshlutar af heildar brúttórúmlestafjölda kaupskipa heimsins, skipa yfir 100 brl hvert, tilkynna aðalritaranum að þau séu andvíg breytingunni;
      viii. breyting við grein skal taka gildi hjá þeim samningsaðilum, sem hafa staðfest hana, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa verið staðfest á og hjá hverjum þeim samningsaðila, sem staðfestir hana síðar, sex mánuðum eftir þann dag sem viðkomandi samningsaðili stafestir breytinguna á;
      ix. breyting við fylgiskjalið (Annex) skal taka gildi hjá öllum samningsaðilum, nema þeim sem hafa andmælt breytingunni í samræmi við undirlið (a) (vii) og ekki hafa dregið andmælin til baka sex mánuðum eftir þann dag sem talið er að hún hafi verið staðfest á. Fyrir þennan ákveðna gildistökudag, getur sérhver samningsaðili tilkynnt aðalritaranum að hann undanskilji sig frá því að taka breytinguna í gildi í tiltekinn tíma sem ekki má vera lengri en eitt ár, talið frá deim degi sem hún tók gildi á, eða í lengri tíma eins og ákveða má með tveimur þriðju meiri hluta atkvæða samningsaðila sem eru viðstaddir og þátt taka í atkvæðagreiðslunni í stækkuðu siglingaöryggisnefndinni þegar breytingin er þar samþykkt; eða

b. breyting gerð á ráðstefnu:
   i. að ósk samningsaðila, sem studd er að minnsta kosti af þriðjungi samningsaðilanna, þá skal stofnunin halda, í samvinnu við eða í samráði við aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ráðstefnu samningsaðila til að athuga breytingar á Alþjóðasamþykktinni;
   ii. sérhverri breytingu, sem samþykkt er á slíkri ráðstefnu með tveim þriðju meiri hluta atkvæða viðstaddra samningsaðila og sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni, skal aðalritarinn dreifa til allra samningsaðilanna til staðfestingar;
   iii. nema ráðstefnan ákveði annað skal talið að breytingin hafi verið stðafest og skal taka gildi eins og skilgreint er í undirlið (a) (vi) og (viii) eða undirliðum (a) (vii) og (a) (ix), eftir því hvað við á, að því tilskildu að þegar vísað er í þessum undirliðum til stækkuðu siglingaöryggisnefndarinnar sé það túlkað svo að það vísi til ráðstefnunnar.
2. Sérhverri yfirlýsingu um staðfestingu á eða mótmæli við breytingu eða einhverri yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt lið (1) (a) (ix), skal komið skriflega til aðalritarans sem tilkynna skal öllum samningsaðilum um sérhverja slíka tilkynningu og um daginn sem hún er móttekin.
3. Aðalritarinn skal tilkynna öllum samningsaðilunum um sérhverja breytingu sem taka mun gildi og tilkynna um leið sérhvern gildistökudag.

13. gr.

UNDIRRITUN, FULLGILDING, STAÐFESTING, SAMÞYKKI OG AÐILD

1. Alþjóðasamþykktin skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum Stofnunarinnar frá 1. desember 1978 til 30. nóvember 1979, en eftir þann tíma liggur hún þar frammi til aðildar. Öll ríki geta orðið aðilar með því að:
   a. undirrita án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   b. undirrita með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki sem síðar verði fullgilt, staðfest eða samþykkt; eða
   c. gerast aðili.
2. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal gerð með því að afhenda aðalritara Stofnunarinnar skjal þess efnis.
3. Aðalritara Stofnunarinnar ber að skýra öllum ríkisstjórnum, sem undirritað hafa Alþjóðasamþykktina eða gerst hafa aðilar að henni og einnig aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, frá undirritun eða framlögðu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjali og deginum sem það var lagt fram á.

14. gr.

GILDISTAKA

1. Alþjóðasamþykktin tekur gildi að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi, þegar eigi færri en tuttugu og fimm ríki, sem eiga samanlagðan kaupskipaflota að stærð ekki undir fimmtíu hundraðshlutum af heildar brúttórúmlestastærð kaupskipaflota heimsins, skipa yfir 100 brl. hvert, hafa annaðhvort undirritað hana án skilyrða um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða lagt nauðsynlegt fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal fram eða gerst aðilar í samræmi við 13. grein.
2. Aðalritarinn skal tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað Alþjóðasamþykktina eða gerst hafa aðilar að henni, um gildistökudag hennar.

3. Sérhvert fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal, sem lagt er fram á þeim tólf mánuðum sem rætt er um í lið 1, tekur gildi um leið og Alþjóðasamþykktin tekur gildi eða þrem mánuðum eftir að þetta skjal hefur verið lagt fram hvort sem síðar verður.
4. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar eða aðildarskjölin, sem eru afhent eftir gildistökudag Alþjóðasamþykktarinnar, taka gildi þrem mánuðum eftir afhendingardag skjalanna.
5. Eftir að breyting við Alþjóðasamþykktina er talin staðfest samkvæmt 12. grein á sérhver fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild við Alþjóðasamþykktina eins og henni hefur verið breytt.

15. gr.
UPPSÖGN

1. Að liðnum fimm árum frá því, að Alþjóðasamþykkt þessi gekk í gildi hjá einhverju aðildarríkjanna, getur ríkisstjórn þess ríkis hvenær sem er sagt henni upp.
2. Segja skal upp á þann hátt að aðalritara Stofnunarinnar er afhent uppsagnarbréfið, en hann skal skýra öllum hinum ríkisstjórnum aðildarríkjanna og aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá sérhverri slíkri tilkynningu sem honum berst hvaða dag tekið var á móti henni, svo og hvaða dag hún gengur í gildi.
3. Uppsögn tekur gildi tólf mánuðum eftir að aðalritarinn hefur tekið á móti uppsagnarbréfinu eða eftir lengri tíma sem tilskilja má í þessu bréfi.

16. gr.
VARSLA OG SKRÁSETNING

1. Alþjóðasamþykktina skal afhenda aðalritara Stofnunarinnar til vörslu, en hann skal senda staðfest afrit af henni til allra ríkja sem hafa undirritað Alþjóðasamþykktina eða gerst aðilar að henni.
2. Jafnskjótt og Alþjóðasamþykktin tekur gildi skal aðalritari Stofnunarinnar senda texta hennar til aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar þar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

17. gr.
TUNGUMÁL

Af Alþjóðasamþykktinni er gert eitt eintak á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og skoðast hvert þessara eintaka sem frumtexti. Opinberar þýðingar skal gera á arabísku og þýsku og varðveitast með undirritaða frumtextanum.

TIL STAÐFESTINGAR ÞESSU hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa fullgilda heimild viðkomandi ríkisstjórnar til undirritunar, undirritað þessa Alþjóðasamþykkt.

GERT Í LUNDÚNUM sjöunda dag júlímánaðar, nítján hundruð sjötíu og átta.

ATTACHMENT 1

INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR SEAFARERS, 1978

THE PARTIES TO THIS CONVENTION,

DESIRING to promote safety of life and property at sea and the protection of the marine environment by establishing in common agreement international standards of training, certification and watchkeeping for seafarers,

CONSIDERING that this end may best be achieved by the conclusion of an International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers,

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE I

General Obligations under the Convention

(1) The Parties undertake to give effect to the provisions of the Convention and the Annex thereto, which shall constitute an integral part of the Convention. Every reference to the Convention constitutes at the same time a reference to the Annex.

(2) The Parties undertake to promulgate all laws, decrees, orders and regulations and to take all other steps which may be necessary to give the Convention full and complete effect, so as to ensure that, from the point of view of safety of life and property at sea and the protection of the marine environment, seafarers on board ships are qualified and fit for their duties.

ARTICLE II

Definitions

For the purpose of the Convention, unless expressly provided otherwise:

(a) "Party" means a State for which the Convention has entered into force;

(b) "Administration" means the Government of the Party whose flag the ship is entitled to fly;

(c) "Certificate" means a valid document, by whatever name it may be known, issued by or under the authority of the Administration or recognized by the Administration authorizing the holder to serve as stated in this document or as authorized by national regulations;

(d) "Certificated" means properly holding a certificate;

(e) "Organization" means the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization (IMCO);

(f) "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization;

(g) "Sea-going ship" means a ship other than those which navigate exclusively in inland waters or in waters within, or closely adjacent to, sheltered waters or areas where port regulations apply;

(h) "Fishing vessel" means a vessel used for catching fish, whales, seals, walrus or other living resources of the sea;

(i) "Radio Regulations" means the Radio Regulations annexed to, or regarded as being annexed to, the most recent International Telecommunication Convention which may be in force at any time.

ARTICLE III

Application

The Convention shall apply to seafarers serving on board sea-going ships entitled to fly the flag of a Party except to those serving on board:

(a) warships, naval auxiliaries or other ships owned or operated by a State and engaged only on governmental non-commercial service; however, each Party shall ensure by the adoption of appropriate measures not impairing the operations or operational capabilities of such ships owned or operated by it, that the persons serving on board such ships meet the requirements of the Convention so far as is reasonable and practicable;

(b) fishing vessels;

(c) pleasure yachts not engaged in trade; or

(d) wooden ships of primitive build.

ARTICLE IV

Communication of Information

(1) The Parties shall communicate as soon as practicable to the Secretary-General:

(a) the text of laws, decrees, orders, regulations and instruments promulgated on the various matters within the scope of the Convention;

(b) full details, where appropriate, of contents and duration of study courses, together with their national examination and other requirements for each certificate issued in compliance with the Convention;

(c) a sufficient number of specimen certificates issued in compliance with the Convention.

(2) The Secretary-General shall notify all Parties of the receipt of any communication under paragraph (1)(a) and, *inter alia,* for the purposes of Articles IX and X, shall, on request, provide them with any information communicated to him under paragraphs (1)(b) and (c).

ARTICLE V

Other Treaties and Interpretation

(1) All prior treaties, conventions and arrangements relating to standards of training, certification and watchkeeping for seafarers in force between the Parties, shall continue to have full and complete effect during the terms thereof as regards:

(a) seafarers to whom this Convention does not apply;

(b) seafarers to whom this Convention applies, in respect of matters for which it has not expressly provided.

(2) To the extent, however, that such treaties, conventions or arrangements conflict with the provisions of the Convention, the Parties shall review their commitments under such treaties, conventions and arrangements with a view to ensuring that there is no conflict between these commitments and their obligations under the Convention.

(3) All matters which are not expressly provided for in the Convention remain subject to the legislation of Parties.

(4) Nothing in the Convention shall prejudice the codification and development of the law of the sea by the United Nations Conference on the Law of the Sea convened pursuant to resolution 2750 C(XXV) of the General Assembly of the United Nations, nor the present or future claims and legal views of any State concerning the law of the sea and the nature and extent of coastal and flag State jurisdiction.

ARTICLE VI

Certificates

(1) Certificates for masters, officers or ratings shall be issued to those candidates who, to the satisfaction of the Administration, meet the requirements for service, age, medical fitness, training, qualification and examinations in accordance with the appropriate provisions of the Annex to the Convention.

(2) Certificates for masters and officers, issued in compliance with this Article, shall be endorsed by the issuing Administration in the form as prescribed in Regulation I/2 of the Annex. If the language used is not English, the endorsement shall include a translation into that language.

ARTICLE VII

Transitional Provisions

(1) A certificate of competency or of service in a capacity for which the Convention requires a certificate and which before entry into force of the Convention for a Party is issued in accordance with the laws of that Party or the Radio Regulations, shall be recognized as valid for service after entry into force of the Convention for that Party.

(2) After the entry into force of the Convention for a Party, its Administration may continue to issue certificates of competency in accordance with its previous practices for a period not exceeding five years. Such certificates shall be recognized as valid for the purpose of the Convention. During this transitional period such certificates shall be issued only to seafarers who had commenced their sea service before entry into force of the Convention for that Party within the specific ship department to which those certificates relate. The Administration shall ensure that all other candidates for certification shall be examined and certificated in accordance with the Convention.

(3) A Party may, within two years after entry into force of the Convention for that Party, issue a certificate of service to seafarers who hold neither an appropriate certificate under the Convention nor a certificate of competency issued under its laws before entry into force of the Convention for that Party but who have:

(a) served in the capacity for which they seek a certificate of service for not less than three years at sea within the last seven years preceeding entry force of the Convention for that Party;

(b) produced evidence that they have performed that service satisfactorily;

(c) satisfied the Administration as to medical fitness, including eyesight and hearing, taking into account their age at the time of application.

For the purpose of the Convention, a certificate of service issued under this paragraph shall be regarded as the equivalent of a certificate issued under the Convention.

ARTICLE VIII

Dispensation

(1) In circumstances of exceptional necessity, Administrations, if in their opinion this does not cause danger to persons, property or the environment, may issue a dispensation permitting a specified seafarer to serve in a specified ship for a specified period not exceeding six months in a capacity, other than that of the radio officer or radiotelephone operator, except as provided by the relevant Radio Regulations, for which he does not hold the appropriate certificate, provided that the person to whom the dispensation is issued shall be adequately qualified to fill the vacant post in a safe manner, to the satisfaction of the Administration. However, dispensations shall not be granted to a master or chief engineer officer, except in circumstances of *force majeure* and then only for the shortest possible period.

(2) Any dispensation granted for a post shall be granted only to a person properly certificated to fill the post immediately below. Where certification of the post below is not required by the Convention, a dispensation may be issued to a person whose qualification and experience are, in the opinion of the Administration, of a clear equivalence to the requirements for the post to be filled, provided that, if such a person holds no appropriate certificate, he shall be required to pass a test accepted by the Administration as demonstrating that such a dispensation may safely be issued. In addition, Administrations shall ensure that the post in question is filled by the holder of an appropriate certificate as soon as possible.

(3) Parties shall, as soon as possible after 1 January of each year, send a report to the Secretary-General giving information of the total number of dispensations in respect of each capacity for which a certificate is required that have been issued during the year to sea-going ships, together with information as to the numbers of those ships above and below 1 600 gross register tons respectively.

ARTICLE IX

Equivalents

(1) The Convention shall not prevent an Administration from retaining or adopting other educational and training arrangements, including those involving sea-going service and shipboard organization especially adapted to technical developments and to special types of ships and trades, provided that the level of sea-going service, knowledge and efficiency as regards navigational and technical handling of ship and cargo ensures a degree of safety at sea and has a preventive

effect as regards pollution at least equivalent to the requirements of the Convention.

(2) Details of such arrangements shall be reported as early as practicable to the Secretary-General who shall circulate such particulars to all Parties.

ARTICLE X

Control

(1) Ships, except those excluded by Article III, are subject, while in the ports of a Party, to control by officers duly authorized by that Party to verify that all seafarers serving on board who are required to be certificated by the Convention are so certificated or hold an appropriate dispensation. Such certificates shall be accepted unless there are clear grounds for believing that a certificate has been fraudulently obtained or that the holder of a certificate is not the person to whom that certificate was originally issued.

(2) In the event that any deficiencies are found under paragraph (1) or under the procedures specified in Regulation I/4 – "Control Procedures", the officer carrying out the control shall forthwith inform, in writing, the master of the ship and the Consul or, in his absence, the nearest diplomatic representative or the maritime authority of the State whose flag the ship is entitled to fly, so that appropriate action may be taken. Such notification shall specify the details of the deficiencies found and the grounds on which the Party determines that these deficiencies pose a danger to persons, property or the environment.

(3) In exercising the control under paragraph (1) if, taking into account the size and type of the ship and the length and nature of the voyage, the deficiencies referred to in paragraph (3) of Regulation I/4 are not corrected and it is determined that this fact poses a danger to persons, property or the environment, the Party carrying out the control shall take steps to ensure that the ship will not sail unless and until these requirements are met to the extent that the danger has been removed. The facts concerning the action taken shall be reported promptly to the Secretary-General.

(4) When exercising control under this Article, all possible efforts shall be made to avoid a ship being unduly detained or delayed. If a ship is so detained or delayed it shall be entitled to compensation for any loss or damage resulting therefrom.

(5) This Article shall be applied as may be necessary to ensure that no more favourable treatment is given to ships entitled to fly the flag of a non-Party than is given to ships entitled to fly the flag of a Party.

ARTICLE XI

Promotion of Technical Co-operation

(1) Parties to the Convention shall promote, in consultation with, and with the assistance of, the Organization, support for those Parties which request technical assistance for:

(a) training of administrative and technical personnel;

(b) establishment of institutions for the training of seafarers;

(c) supply of equipment and facilities for training institutions;

(d) development of adequate training programmes, including practical training on sea-going ships; and

(e) facilitation of other measures and arrangements to enhance the qualifications of seafarers;

preferably on a national, sub-regional or regional basis, to further the aims and purposes of the Convention, taking into account the special needs of developing countries in this regard.

(2) On its part, the Organization shall pursue the aforesaid efforts, as appropriate, in consultation or association with other international organizations, particularly the International Labour Organisation.

ARTICLE XII

Amendments

(1) The Convention may be amended by either of the following procedures:

(a) amendments after consideration within the Organization:

923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.

946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA.

3.2.1. Stofnbrautir.

1 Suðurlandsvegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur — Flúðir.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri — Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
Biskupstungnabraut — Laugarvatn.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
43 Grindavíkurvegur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut — Sandgerði.
46 Víknavegur:
47 Flugvallarvegur Keflavík.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.
416 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
431 Hafravatnsvegur.
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
51 Akranesvegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur — Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur — Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.

617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur — Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
808 Árskógssandsvegur.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur — Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur — Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR.

F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Af Landvegi (26) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið:
Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur:
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála, á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið:
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið:
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR.

0.1. HEILDARFJÁRMAGN.

Samkvæmt markmiðum langtímaáætlunar um vegagerð skyldu útgjöld til vegáætlunar verða sem svarar 2,4% af þjóðarframleiðslu frá og með árinu 1985. Í þessari áætlun er gengið út frá að við þessi markmið verði staðið að frátöldu árinu 1987 en þá er framlag í samræmi við fjárlög.

Sú viðmiðun við þjóðarframleiðslu sem sett var fram í langtímaáætlun byggði á eldri grunni við útreikning hennar. Nú hefur hins vegar verið breytt um aðferðir við útreikning þjóðarframleiðslu og er eldri grunnur útreiknings 89,2% af þeim nýja og nýtt hlutfall miðað við sömu upphæð 2,14%.

Upphæð þjóðarframleiðslu er samkvæmt nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar og allar tölur eru á verðlagi fjárlaga þ.e. meðaltal ársins 1987. Aukning þjóðarframleiðslu eftir 1987 er eins og áætlað var í langtímaáætlun 2,5% á ári.

Í samræmi við ofangreindar forsendur verður fjármagn vegáætlunar 1987—1990 eins og fram kemur á töflu hér á eftir.

	Aukin Þjóðarfrl. framl.	Þjóðarfrl. nýr grunnur mkr.	Þjóðarfrl. gamall grunnur mkr.	Hlutf. til vegamála	Útgjöld til vegamála m.kr.
1987	4,0%	164 000	146 300	1,5%	2150
1988	2,5%	168 100	149 900	2,4%	3600
1989	2,5%	172 300	153 700	2,4%	3690
1990	2,5%	176 600	157 500	2,4%	3780

0.2 VERÐGRUNDVÖLLUR ÁÆTLUNARINNAR.

Allar tölur í þessari áætlun eru settar fram á sama verðlagi, verðlagi fjárlaga, sem er áætlað meðalverðlag ársins 1987. Er það talið vera um 5% hærra en verðlag í lok ársins 1986. Gert er ráð fyrir, að verðlag áranna 1988—90 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

	1985	1986	1987—1990
Vísitölur vegagerðar	1545	1770	2100
Hækkun		14,6%	18,6%

Hækkanir vísitölu vegagerðar urðu nokkuð minni á árinu 1986 en á vísitölu byggingarkostnaðar m.a. vegna hins lága olíuverðs og taxta vinnuvéla. Af þessum ástæðum er áætluð meðalhækkun vegagerðarvísitölu milli 1986 og 1987 heldur meiri en almennar hækkanir.

0.3. TENGSL VEGÁÆTLUNAR OG LANGTÍMAÁÆTLUNAR.

Vegáætlun sú sem hér er fjallað um tekur til annars tímabils langtímaáætlunar. Við skiptingu útgjalda er byggt á langtímaáætlun en einnig er höfð hliðsjón af síðari tveim árum vegáætlunar 1985—1988. Á föstu verði felur tillagan í sér 30% minnkun fjármagns 1987, þar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er skert miðað við langtímaáætlun. Hin árin er nokkur aukning þannig að ef litið er á tímabilið allt er framkvæmdarmagn næstum það sama og stefnt var að á öðru tímabili langtímaáætlunar.

Hér á eftir verður borið saman það fjármagn, sem varið hefur verið til nýbygginga og sumarviðhalds á árunum 1983—1986 og það fjármagn sem verja átti til þessara verkefna samkvæmt langtímaáætlun. Allar tölur eru á verðlagi vegáætlunar þ.e. vt 2100.

	1983	1984	1985	1986	Samt.	Hlutf.
Nýjar framkv.:						
Langtímaáætlun	1165	1258	1380	1387	5190	100%
Vegáætlun	926	1065	1054	1010	4053	78%
Sumarviðhald:						
Langtímaáætlun	749	781	822	865	3217	100%
Hlutf. af þörf	80%	82%	85%	88%		
Vegáætlun	587	723	745	712	2767	86%
Hlutf.af þörf	63%	76%	77%	72%		

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1987—1990.

1.1 MARKAÐAR TEKJUR.

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir tekjum af mörkuðum stofnum Vegagerðarinnar. Árið 1987 er í samræmi við fjárlög, en meginforsenda fyrir seinni árin er að tekjur aukist á föstu verði sem næst 2,5%. Heildartekjur eru áætlaðar eins og fram kemur í töflu hér að neðan.

Ár	Bensín-gjald	Þungask. km-gjald	Þungask. árgjald	Samtals
1987	1450	540	160	2150
1988	1500	555	165	2220
1989	1540	570	170	2280
1990	1580	585	175	2340

1.1.0 Spá um bifreiðafjölda.

Bifreiðum hefur fjölgað mjög ört hér síðustu árin. Er nú svo komið að bifreiðaeign á íbúa er að verða með því hæsta sem þekkist í heiminum. Eflaust eru margar ástæður fyrir mikilli bifreiðaeign Íslendinga, en telja má að þar vegi þungt strjálbýli og miklar vegalengdir ásamt því, að bifreiðin er tiltölulega hagkvæmur kostur til fólks- og vöruflutninga. Fjölgun bifreiða er eðlilega mjög sveiflukennd milli ára og endurspeglast þar almennt ástand efnahagsmála. Sem dæmi má nefna, að síðustu 10 ár var fjölgun bifreiða milli einstakra ára mest 7,9%, minnst 0,2%

Árbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Fólksfl. bílar	Vöru-bílar	Burðargeta vörub.(tonn)	Bifr. alls
1960	14.228	89	325	5.703		20.256
1970	37.304	183	555	5.727	23.525	43.586
1980	81.025	357	1.117	7.873	39.394	90.015
1985	100.477	415	1.165	11.560	50.697	113.202
Árleg aukn. s.l. 10 ár	7,0%	6,2%	5,1%	6,8%		

Mikill innflutningur bíla var á síðasta ári en gert ráð fyrir að meðaltali 2,5% árlegri aukningu næstu 4 árin.

Ár	Bifreiða-fjöldi 1/7	Þar af með bensínhreyfli	Innfluttir bílar
1987	124.000	111.400	10.000
1988	128.300	115.200	10.000
1989	132.800	119.300	10.000
1990	137.500	123.500	10.000

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Tekjur af bensíni eru háðar fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bíl svo og upphæð bensíngjaldsins og annarra skattstofna. Síðastliðin ár hefur meðaleyðslan minnkað eins og sést á eftirfarandi töflu.

	1970	1975	1980	1985	1986
Meðaleyðsla á bifreið	1.732	1.623	1.412	1.275	1.260

Áætlað er að meðaleyðsla haldi áfram að minnka eitthvað. Bensínsala eykst á þessu ári um 3 mltr. og síðan um 2,5% á ári hin þrjú árin. Bensíngjaldið var hækkað nú 1. jan. í 10,49 kr/ltr. úr 9,54 kr/ltr. Er öll áætlunin sett fram á því verðlagi.

Ár	Fjöldi bíla	Meðal-eyðsla	Notkun m.ltr.	Bensíngj. kr/ltr.	Bensíngj. m.kr.
1987	111.400	1.250	139,5	10,49	1450
1988	115.200	1.240	143,0	10,49	1500
1989	119.300	1.230	146,5	10,49	1540
1990	123.500	1.220	150,5	10,49	1580

1.1.2. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er greiddur af díselbílum og samsvarar hann bensíngjaldi hjá bensínbílum. Þungaskattur er tvennskonar. Annars vegar er árgjald og hins vegar km-gjald. Árgjald er eins og nafnið bendir til fast árlegt og hækkar eftir eigin þyngd bílsins. Aðalreglan er sú, að það er innheimt af díselbílum sem eru að heildarþunga 3 tonn og minni. Þó er eigendum þeirra heimilt að velja á milli km-gjalds og árgjalds. Þetta er viss galli á kerfinu þar sem hver og einn hefur möguleika á að velja það skattform sem heldur skatti þeirra í lágmarki. Önnur frávik frá aðalreglunni eru þau að af bílum í eigu bænda er greitt hálft gjald.

Km-gjald fyrir hvern ekinn kilómetra er greitt af öðrum díselbílum og er það stighækkandi eftir þyngd. Gjaldið er innheimt þrisvar sinnum á ári.

Áætlun um tekjur af þungaskatti gerir ráð fyrir um 2,5% aukningu á ári. Taxtar þungaskatts voru hækkaðir um 10% um sl. áramót og eru seinni árin einnig á því verði.

(Upphæðir í m.kr.)

Ár	Árgjald	Km-gjald	Samtals
1987	160	540	700
1988	165	555	720
1989	170	570	740
1990	175	585	760

1.2. ÖNNUR FRAMLÖG.

Ekki er tekin afstaða til þess með hvaða hætti það, sem á vantar til að ná fjárhagslegum markmiðum áætlunarinnar, verður fjármagnað, en ljóst er að það verður ekki nema að hluta gert með hækkun markaðra stofna Vegagerðarinnar.

	1987	1988	1989	1990
Önnur framlög	0	1330	1410	1440

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1987—1990.

2.0. STARFSMANNAMÁL.

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 371 um síðustu áramót í 365 stöðugildum. Þar af var 151 starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna í 146 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 156. Ekki er gert ráð fyrir að heimiluðum stöðugildum verði fjölgað á áætlunartímabilinu, en þörf er fyrir þau stöðugildi, sem fyrir hendi eru.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og í umdæmi.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst rekstur aðalskrifstofu í Reykjavík og bókhaldsskrifstofa í umdæmum. Frá árinu 1987 var tekið í notkun nýtt tölvuvinnslukerfi fyrir bókhald ríkisins (BÁR 2). Fyrra úrvinnslukerfi hafði verið í notkun í um 3 ár og ekki reynst sem skyldi. Nýja kerfið er mjög sveigjanlegt í uppbyggingu og svarar vel þörfum framkvæmdastofnunar sem Vegagerðarinnar. Kerfið er með fullkominni sívinnslu og verður lögð áhersla á að minnka útskriftir á pappír sem mest. Verður á árinu 1987 haldið áfram að þróa og nýta möguleika hins nýja kerfis.

Þá verður einnig frá árinu 1987 breytt til með bókhaldslega meðferð kostnaðar við rekstur og framkvæmdir. Þessi breytta skipan eykur fjárhagslegt sjálfstæði umdæma á rekstrarliðum og markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni í rekstri.

Fastir starfsmenn 31. desember 1986.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals des. 1986
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	3	2	38
Tæknilegur undirbúningur	33	5	5	6	5	5	7	5	71
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhaldah.skv. lfl. BSRB	15	1					1	1	18
Iðnlærðir verkstjórar	8	1		3	1	2	4	3	22
Verkstjórar	2	7	5	9	7	6	11	11	58
Iðnaðarmenn	14	2		5	1	2	3	3	30
Vélamenn	7	7	7	15	13	7	11	12	79
Verkamenn	10	6	1	4	2	4	6	5	38
Ráðskonur, matreiðslumenn	5	1		1	1	1	2	1	12
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsmenn í desember 1978	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsmenn í desember 1977	188	31	27	57	29	25	67	46	470

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveitingu þess liðar verður varið til greiðslu dagvinnulauna fastra starfsmanna og rekstrarkostnaðar tækniskrifstofu. Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og ýmiss konar rannsóknir og áætlanagerð. Hönnunar- og eftirlitskostnaður þeirra verkefna, sem eru í framkvæmd hverju sinni, verður eftir sem áður færður á þau, eftir því sem við á.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirliti og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannahald í sambandi við aflestra.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til manna, sem hafa engan eða lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum manna, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1984 nutu alls 36 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa flestir greitt iðgjöld það lengi.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti.

Fyrir nokkrum árum var gerð úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega en við þá úttekt voru hafðar til hliðsjónar gæðakröfur Svía og Norðmanna til sinna þjóðvega.

Við úttektina var miðað við, að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ.e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi en mikið vantar á að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar á árunum 1979—85 verið frá 59% til 79% af reiknaðri fjármagnsþörf sumarviðhalds.

Nú er unnið að endurskoðun á fjármagnsþörf til sumarviðhalds. Sú endurskoðun mun m.a. taka mið af þeirri aukningu sem orðið hefur á bundnum slitlögum og þeirri reynslu sem fengist hefur af endingu þeirra. Ljóst þykir að slík endurskoðun mun leiða af sér einhverja röskun á fjárþörf milli liða, umfram það sem kemur fram í þessum tillögum. Þessari endurskoðun verður ekki lokið fyrir afgreiðslu vegáætlunar nú en tekið verður mið af henni við næstu endurskoðun. Ekki er líklegt að heildarþörf fyrir viðhaldsfé muni breytast mikið við endurskoðunina.

Enn er mikið af malarvegum með mjög þunga umferð og erfitt að halda þeim í viðunandi ástandi. Í lok ársins 1986 eru um 30 km með meiri sumardagsumferð en 1000 bíla, 200 km með meira en 500 bíla á dag og 1170 km með meira en 200 bíla sumardagsumferð.

Gerð er tillaga um að fjárveiting 1987 verði 671 m.kr. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnsþörf eykst um 1,5% á ári vegna aukinnar umferðar, og að lagðir séu um 200 km af bundnum slitlögum á ári. Tillögur fyrir 1987 verða að skoðast sem algert lágmark.

Í eftirfarandi töflu eru sýndar tillögur um fjárveitingar til viðhalds þjóðvega.

	1987	1988	1989	1990
		Tillögur í m.kr.		
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	198	198	202	210
2. Viðhald vega með bundið slitlag	151	151	154	160
3. Viðhald brúa	31	31	32	33
4. Viðhald varnargarða	4	4	4	4
5. Heflun vega	112	112	115	119
6. Rykbinding	41	41	42	44
7. Vinnsla efnis	105	105	107	111
8. Vatnask. og ófyrirséð	23	23	24	25
9. Vegmerkingar	6	6	6	6
	671	671	686	712

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð umferð, en efnisgæði, úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlag eins og hér er tilgreint, miðað við lengd malarvega í árslok 1986.

Sumardagsumferð bílar/dag		Ár á milli endurnýjunar slitlags	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endurnýjun slitlags km
Minni en	50	10,0	2521	252
	50— 100	8,5	1306	154
	100— 200	6,5	1807	278
	200— 300	5,0	558	112
	300— 500	3,5	413	118
	500— 750	2,5	153	61
	750—1000	2,0	17	9
Meira en	1000	2,0	30	15

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en alltof oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggjast. Þetta er m.a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum. Árið 1985 skiptist kostnaður við viðhald malarvega, efnisvinnslu og vatnaskemmda sem hér segir, á áætluðu verðlagi 1987.

	M.kr.	%
Eftirlit og hreinsun	37,6	8,5
Umferðarmerki, stikur og leiðarar	24,5	5,6
Mölburður	84,5	19,2
Efnisvinnsla	74,2	16,8
Ræsi, skurðir, rásir	30,2	6,9
Viðgerðir og styrking á malarvegum	120,1	27,3
Vatnaskemmdir	13,0	2,9
Sérstök verk	56,6	12,8
Samtals	440,7	100,0

Kostnaður við eftirlit, hreinsun, stikur og umferðarmerki er bæði vegna malarvega og vega með bundnu slitlagi.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Árið 1985 var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 128 m.kr. sem skiptist á eftirtalda kostnaðarliði, á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1987.

	M.kr.	%
Vegmálun	14,7	11,5
Umferðarljós, lýsing	9,0	7,1
Yfirlagnir	80,7	63,3
Axlir, gangbrautir	8,3	6,5
Viðgerðir	14,8	11,6
Samtals	127,5	100,0

Fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við lengd bundins slitlags í árslok 1986 og áætlaða aukningu til loka áætlunartímabilsins.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldsþörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 4 m.kr. verði varið á ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla að þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára.

2.2.1.5. Vegheflun.

Árið 1985 varð kostnaður við heflun malarvega 104 m.kr. á verðlagi vegáætlunar 1987.

Fjármagnsþörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveimur síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnsþörf.

2.2.1.6. Rykbinding.

Árið 1985 var varið til rykbindingar 30 m.kr. á verðlagi vegáætlunar 1987 og voru rykbundnir um 1750 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnsþörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 200 bíla á dag miðað við sumardagsumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum.

Árlega þarf að vinna um 350 þús. m^3 af slitlagsefni og er þá miðað við að malað efni sé á öllum þjóðvegum. Árið 1985 voru unnir 305 þús. m^3 af malarslitlagsefni.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við að bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðssléttleika slitlagsins.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið og fyrir síðustu ár er fjármagnsþörf talin um 23 m.kr. árið 1987.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til vegmerkinga verði 6 m.kr. á ári. Unnið verður að áframhaldandi endurbótum á vegmerkingum, auk þess sem gert er ráð fyrir auknum kostnaði við viðhald merkjanna.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Á meðfylgjandi töflu er sýndur kostnaður við vetrarþjónustu sl. 10 ár. Nýkaup snjótanna sem eru árlega um 9 m.kr. eru ekki meðtalin. Kostnaður er mjög sveiflukenndur og hefur hæst orðið 326 m.kr. en lægst 126 m.kr. Það hefur sýnt sig að batnandi vegir og

breyttar umferðar- og flutningsvenjur kalla á aukna þjónustu. Á sl. ári var snjómokstursreglum breytt og þjónusta enn aukin. Miklar breytingar hafa orðið á aðferðum við snjómokstur undanfarin ár sem kemur fram í því að mokstur með vegheflum hefur minnkað en aukist með vörubílum. Aukin notkun vörubíla veldur því að þjónusta batnar þar sem mokstursbraði þeirra er mun meiri en einnig er kostnaður verulega lægri.

Ár	Á verðl. vegáætl. m.kr.	Hlutfallstala miðað við meðaltal
1977	167	76
1978	207	94
1979	234	107
1980	152	69
1981	287	131
1982	231	105
1983	326	149
1984	289	132
1985	126	58
1986	179	82

Sl. 10 ár hefur meðalkostnaður á ári við vetrarþjónustu skipt á tímabil verið eins og fram kemur hér á eftir.

	Jan. mars	Apríl júní	Júlí sept.	Okt. des.	Samt.
1977—1980	92	37	11	56	196
1981—1984	145	58	10	74	292
1985—1986	57	32	7	58	154

Vegna hagstæðs tíðarfars það sem af er vetri er gerð tillaga um að fjárveiting verði aðeins undir meðallagi árið 1987 eða 207 m.kr.

TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA.

Á árinu 1987 er hlutfallsleg skipting fjár milli framkvæmdaliða í samræmi við gildandi vegáætlun. Lækkun fjárveitinga í krónutölu þetta ár svarar nokkurn veginn til þess hluta fjárveitinga í gildandi vegáætlun, sem ekki var skipt á verkefni.

Einstök verkefni eiga því að geta haldið krónutölu sinni, ef ekki koma til breytingar af öðrum ástæðum.

Hin árin (1988—90) er skipting milli framkvæmdaliða í megindráttum í samræmi við tillögu að nýrri langtímaáætlun, sem nú er endurskoðuð í fyrsta sinn. Í langtímaáætlun er kostnaður við brýr á stofnbrautum talinn með kostnaði viðkomandi vegarkafla. Til að hjálpa til við fjármögnun þessara brúa var hluti af brúafé tekinn inn í fjárveitingar til stofnbrauta. Í vegáætlun er visst hagræði að því að halda fjárveitingum til brúa aðskildum frá fjárveitingum til almennra stofnbrauta (sérstök verkefni innihalda fjárveitingar til vega og brúa jöfnum höndum). Slík tilfærsla fjár af stofnbrautum yfir á brýr getur farið fram við meðferð málsins á Alþingi.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

Við skiptingu fjár á einstaka liði er haldið þeim hlutföllum, sem fram koma í langtímaáætlun. Eru það svipuð hlutföll og gilt hafa undanfarin ár.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Hér er haldið þeirri skiptingu á verkefnaflokka, sem notuð hefur verið hin síðustu ár og gefið góða raun, þ.e. almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkfni. Eru hlutföll milli flokka svipuð og í gildandi vegáætlun. Fjárveiting til Ó-vega hækkar þó hlutfallslega meira en aðrar fjárveitingar árin 1988—90, þó að sú hækkun dugi ekki til að fjármagna jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla, sbr. athugasemdir við lið d. Skipting fjárveitinga á verkefnaflokka er sem hér segir:

	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989 m.kr.	1990 m.kr.
1) Almenn verkefni	251	235	240	244
2) Bundin slitlög	174	170	170	171
3) Sérstök verkefni	193	173	175	176
4) Ó-vegir	38	57	57	57
5) Reykjavíkursvæðið	20	49	52	56

1) Almenn verkefni.
Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Fjárveitingar undir þessum lið geta þó einnig gengið til bundins slitlags í tengslum við nýbyggingu vega svo og til brúa sem bundnar eru vegaframkvæmdum.

2) Bundin slitlög.
Fjárveitingar af þessum lið fara til að leggja bundið slitlag bæði á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa, svo og á kafla sem byggðir eru upp fyrir fjárveitingu af almennum verkefnum.

3) Sérstök verkefni.
Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði viðkomandi verka, þar með talið brúargerð og bundið slitlag.

4) Ó-vegir.
Fjárveiting er í samræmi við tillögu að langtímaáætlun. Framkvæmdum við Óshlíð lýkur að mestu á þessu og næsta ári. Við gerð síðustu vegáætlunar var miðað við að hefja mætti jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla 1988, og var það raunar 1–2 árum fyrr en upphaflega var reiknað með í langtímaáætlun. Þrátt fyrir nokkra hækkun fjárv. til Ó-vega 1988–90 nægja þær hvergi nærri til að standa undir kostnaði við jarðgangagerð. Til að svo megi verða, þarf fjárveitingar af stærðinni 200—250 m.kr. á ári.

5) Reykjavíkursvæðið.
Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þarfir fyrir úrbætur vaxa því hraðar en almennt á vegakerfinu. Lagt er til að sérstök fjárveiting renni til þessa verkefnis, en það tekur til þjóðvega innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og næsta nágrennis til suðurs, þ.e. til Hafnarfjarðar.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Fjárveiting til þjóðbrauta 1987 er 133 m.kr., en hækkar í 139 m.kr. síðasta ár tímabilsins.

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum.

Lagt er til að sérstök fjárveiting sem samþykkt var í gildandi vegáætlun til að flýta lögn bundins slitlags á þá þjóðvegi í kauptúnum og kaupstöðum, sem enn hafa malarslitlag, haldi áfram út þetta áætlunartímabil. Er við það miðað að verkefni þessu verði þá að mestu lokið. Fjárveiting þessi er 24 m.kr.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu.

Áætlað er að í árslok 1986 séu ógreiddar girðingakröfur um 95 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 3600 ha meðfram vegum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa verkefnis verði 14 m.kr. á ári.

2.4. TIL BRÚAGERÐA.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 66 m.kr. 1987, en 67 m.kr. 1988, og 68 m.kr. 1989. Þessar fjárveitingar fela einungis í sér hluta af fjárveitingu til brúa á stofnbrautum. Millifærsla af almennum verkefnum á stofnbrautum til brúa getur farið fram við meðferð málsins á Alþingi.

2.5. TIL FJALLVEGA O.FL.

Verkefni í þessum flokki eru vaxandi, og er lagt til að þau fái nokkra aukningu á síðasta hluta tímabilsins.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Aðalfjallvegir eru taldir um 800 km. Lagt er til að fjárveiting til þeirra verði 5 m.kr. á árinu 1987, en 6 m.kr. á ári 1988–89 og 7 m.kr. 1990.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 5 m.kr. á árinu 1987, 5 m.kr. á árunum 1988–89 og 7 m.kr. 1990.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 4 m.kr. á árinu 1985—88 og 9 m.kr. árið 1990.

2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 1 m.kr. á árunum 1987—90.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA.

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalds við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins þann 1. desember næsta ár á undan. Tímakaup þetta var kr. 100,87 þann 1. desember 1985 og kr. 154,53 þann 1. desember 1986 og er ekki miðað við að það tímakaup hækki neitt á árunum 1987–1989.

Samkvæmt vegalögum skal ríkisframlag eigi vera lægra en tveimur og hálfum sinnum innheimt heimaframlög, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. gr. sömu laga, næsta ár á undan.

Ríkisframlag á móti aukaframlögum heimamanna er heimilt en eigi skylt að greiða á viðkomandi ári og er ekki áætlað að greiða neitt af því á árinu 1987, sem tilheyrir því ári. Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1987–1988 áætlaðar eins og hér segir. (Upphæðir í m.kr.)

		1987		1988
Framlög heimamanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga		38,2		38,2
Fasteignask. samkv. 23. gr. vegalaga		0,2		0,2
Aukaframlög heimamanna		8,3		8,3
Aukaframlag ríkis á sama ári	0,0		10,4	
Aukaframlag ríkis vegna fyrra árs	12,4		19,0	
Ríkisframlag samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	62,6	75,0	96,0	115,0
Samtals		121,7		161,7

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM.

Vegalögum var breytt á Alþingi 14. mars 1983, þannig að framlag til þjóðvega í þéttbýli er ekki lengur bundið við ákveðinn hundraðshluta af mörkuðum tekjum Vegasjóðs (12 ½%). Nú er framlagið ákveðið af Alþingi hverju sinni án skilyrða í lögum.

Lagt er til að fjárveitingin verði 124,0 m.kr. árið 1987, en hækki í 135 m.kr. árið 1988 og 141 m.kr. árið 1989.

Samkvæmt vegalögum er ¾ hlutum fjárframlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirri þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis samkv. 34. gr. vegalaga. (Upphæðir í m.kr.).

Ár	1987	1988	1989	1990
Heildarframlag	124	135	141	145
¼ hluta ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis	31	34	35	36
Til skipta samkv. íbúatölu	93	101	106	109

Íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1985 var 216.524. Fjárveiting 1986 var alls 113 m.kr. og upphæð á hvern íbúa kr. 391,41.

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari að vegáætlun 1987–90 er engin sérstök fjárveiting til véla- og verkfærakaupa. Gert er ráð fyrir að afskriftafé véla standi undir kostnaði við endurnýjun á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast en ekki fást leigðar á almennum markaði svo sem vegheflum, tækjum til viðgerða á bundnum slitlögum, vélum til brúagerða o.s.frv.

2.8.2. Til bygginga áhaldahúsa.

Engin sérstök fjárveiting er ætluð til byggingar áhaldahúsa en hluti af rekstrartekjum véla og hluti af áhaldaleigu verður varið til þess að sinna aðkallandi verkefnum.

Helstu verkefni eru að ljúka þeim byggingum sem byrjað er á auk breytinga og venjulegs viðhalds á húsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting þessi er ½% af tekjum Vegasjóðs. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

2.10. ÓRÁÐSTAFAÐ

Eins og áður er getið miðast niðurstöðutölur áranna 1988—90 við 2,4% af þjóðarframleiðslu, eins og langtímaáætlun um vegagerð gerir ráð fyrir. Fjármagni er hér skipt á verkefni sem nemur mörkuðum tekjustofnum. Það sem eftir er, er geymt til skiptingar á verkefni síðar.

III. UM FLOKKUN VEGA.

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.-01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1987.

3.2.1. Stofnbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum, sem töldust stofnbrautir samkvæmt vegáætlun 1985–1988.

343 Álfsstétt lengist lítilsháttar, náði áður að höfn.

41 Reykjanesbraut liggi nú ofan við Njarðvíkur- og Keflavíkurkaupstað.

44 Hafnavegur, sá hluti hans, sem var stofnbraut verði þjóðbraut vegna breytts fyrirkomulags á Keflavíkurflugvelli.

46 Víknavegur, nýr sem nafn og númer, en var áður hluti af Reykjanesbraut.

47 Flugvallarvegur Keflavík, sem er nýr og liggur að nýrri flugstöðvarbyggingu.

422 Njarðvíkurvegur breytist lítilsháttar, náði áður að höfn.

56 Kerlingarskarðsvegur. Nýtt nafn og númer, var nær allur hluti af Stykkishólmsvegi, og þjóðbraut.

58 Stykkishólmsvegur. Númersbreyting. Var áður stofnbrautarhlutinn af 56 Stykkishólmsvegi.

Í fylgiskjali 2.3.1.-01. eru vegalengdir stofnbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust þjóðbrautir samkvæmt vegáætlun 1985—1988.

425 Nesvegur styttist, endar nú á Grindavíkurvegi ofan Grindavíkur.

427 Ísólfsskálavegur var áður hluti af Nesvegi.

577 Helgafellssveitarvegur færist, vegna breytingar sem varð á legu Snæfellsnesvegar haustið 1986. Gamla leiðin um Berserkjahraun falli niður sem þjóðvegur.

677 Reykhólavegur styttist, náði áður að Stað.

83 Grenivíkurvegur styttist, náði áður að Melum.

802 Garðsvegur er nýr sem nafn og númer, en var hluti af Ólafsfjarðarvegi til ársins 1985.

812 Bakkavegur styttist um kaflann framhjá Arnarnesi.

828 Veigastaðavegur er nýr sem nafn og númer, en var áður hluti af Norðurlandsvegi.

869 Langanesvegur styttist, náði áður að Lóni, og yfirtekur flugvallarveg við Þórshöfn.

875 Flugvallarvegur við Þórshöfn verði hluti af Langanesvegi og fellur þá niður nafnið og númerið. Þá er lagt til að eftirtaldir vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:

417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.

606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.

634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.

Í fylgiskjali 2.3.2.-01. eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj.2.2.1.-01

Sumarviðhald þjóðvega.
Kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1987.

Ár	Viðhalds-kostnaður m.kr.	Lengd þjóðvega km	Viðhalds-kostn.á km þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á þjóðvegum m.km	Kostn. á hvern ekinn kílómetra kr.
1975	490	8386	58,4	71 364	420	1,17
1976	532	8336	63,8	71 459	420	1,27
1977	461	8336	55,3	73 410	449	1,03
1978	574	8409	68,3	78 481	450	1,28
1979	589	8338	70,6	84 141	449	1,31
1980	619	8328	74,3	90 015	472	1,31
1981	590	8316	70,9	95 606	485	1,22
1982	687	8306	82,7	100 936	500	1,37
1983	586	8306	70,6	106 459	485	1,21
1984	723	8269	87,4	108 254	524	1,38
1985	745	8225	90,6	113 202	579	1,29

Fskj.2.3.0.—01.

Þjóðvegir 1. janúar 1987.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurlandskjördæmi	493,2	1082,0	14,8	1590.0
Reykjaneskjördæmi	192,6	176,3	72,1*	441,0
Vesturlandskjördæmi	509,3	865,7	13,4	1388,4
Vestfjarðakjördæmi	807,5	512,7	14,8	1335,0
Norðurlandskjördæmi vestra	363,0	715,5	14,4	1092,9
Norðurlandskjördæmi eystra	577,8	609,6	15,2	1202,6
Austurlandskjördæmi	846,8	537,3	27,3	1411,4
Samtals	3790,2	4499,1	172,0	8461,3

* Lengd þjóðvega í þéttbýli, Reykjavík meðtalin.

Fskj.2.3.0.—02.

Bundið slitlag 1. janúar 1987.

	Steypa km	Malbik km	Olíumöl km	Klæðning km	Samtals km
Suðurlandskjördæmi		7,44	108,88	230,57	346,89
Reykjaneskjördæmi	46,69	51,17	62,86	40,93	201,65
Vesturlandskjördæmi		2,81	15,11	167,31	185,23
Vestfjarðakjördæmi		9,13		110,80	119,93
Norðurlandskjördæmi vestra	0,80			173,81	174,61
Norðurlandskjördæmi eystra		11,54		163,04	174,58
Austurlandskjördæmi	0,65		10,83	208,18	219,66
Samtals	48,14	82,09	197,68	1094,64	1422,55

Fskj. 2.3.1.—01.

Stofnbrautir 1. janúar 1987.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	8,0	485,2	493,2
Reykjaneskjördæmi	6,3	186,3	192,6
Vesturlandskjördæmi		509,3	509,3
Vestfjarðakjördæmi		807,5	807,5
Norðurlandskjördæmi vestra		363,0	363,0
Norðurlandskjördæmi eystra		577,8	577,8
Austurlandskjördæmi		846,8	846,8
Samtals	14,3	3775,9	3790,2

Fskj. 2.3.2.—01.

Þjóðbrautir 1. janúar 1987.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	2,7	1079,3	1082,0
Reykjaneskjördæmi		176,3	176,3
Vesturlandskjördæmi	17,4	848,3	865,7
Vestfjarðakjördæmi	9,0	503,7	512,7
Norðurlandskjördæmi vestra	15,4	700,1	715,5
Norðurlandskjördæmi eystra		609,6	609,6
Austurlandskjördæmi		537,3	537,3
Samtals	44,5	4454,6	4499,1

Fskj. 2.4.-01.

Aldur brúa 10 m og lengri

Byggingartími	Á stofn-brautum	Á þjóð-brautum	Á sýslu-vegum	Alls	Reiknað álag
Fyrir 1910	0	1	1	2	Mannþröng 400 kg á ferm.
1910—1919	4	2	1	7	Mannþröng 400 kg á ferm.
1920—1929	4	8	2	14	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1930—1939	21	38	4	63	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1940—1949	33	42	5	80	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	95	91	28	214	Vagn 20—34 tonn
1960—1969	73	62	39	174	Vagn 20—34 tonn
1970—1979	96	25	24	145	Vagn 20—63 tonn
1980—1986	36	18	8	62	Vagn 63 tonn
Aldur óviss	0	2	2	4	
Samtals	362	289	114	765	

Fskj. 2.6.—01.

Sýsluvegir 1. janúar 1987.

	Samkv. a-c lið 19. gr.				Samkv. d-e lið 19.gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V.-Skaftafellssýsla			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla			222,3	222,3		222,3	
Árnessýsla			264,3	264,3	6,7	271,0	
							626,1
Gullbringusýsla			5,8	5,8		5,8	
Kjósarsýsla		1,0	87,5	88,5		88,5	
							94,3
Borgarfjarðarsýsla		0,4	74,4	74,8	17,3	92,1	
Mýrasýsla		7,1	111,8	118,9	35,6	154,5	
Dalasýsla	6,9	18,0	54,8	79,7	13,0	92,7	
Snæf.-og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							492,0
A.-Barðastrandarsýsla		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V.-Barðastrandarsýsla		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N.-Ísafjarðarsýsla		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V.-Húnavatnssýsla	0,6	7,2	92,4	100,2	66,2	166,4	
A.-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla	15,9	34,5	156,5	206,9	6,9	213,8	
							489,3
Eyjafjarðarsýsla	0,2	4,7	102,1	107,0	13,8	120,8	
S.-Þingeyjarsýsla		16,1	170,3	186,4	2,3	188,7	
N.-Þingeyjarsýsla	1,6	5,0	118,4	125,0		125,0	
							434,5
N.-Múlasýsla		34,4	160,8	195,2	35,3	230,5	
S.-Múlasýsla		12,1	112,2	124,3	42,5	166,8	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	2,1	65,0	67,9	27,0	94,9	
							492,2

Fskj. 2.7. — 0.1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1987.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	13,8	0,9	14,7	0,1
Reykjanes	27,9	0,5	28,4	1,9
Reykjavík	33,9	1,8	35,7	6,1
Vesturland	13,2	0,2	13,4	
Vestfirðir	14,4	0,4	14,8	
Norðurland vestra	12,3	1,3	13,6	0,8
Norðurland eystra	14,1	1,1	15,2	
Austfirðir	25,0	2,3	27,3	
Samtals	154,6	8,5	163,1	8,9

Sþ. 659. Tillaga til þingsályktunar [366. mál]

um mótun opinberrar neyslu- og manneldisstefnu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur Einarsson, Skúli Alexandersson, Davíð Aðalsteinsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Eggert Haukdal, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að vinna að mótun opinberrar neyslu- og manneldisstefnu. Meginatriði stefnunnar verði:

1. Hollusta fæðunnar þar sem lögð verði til grundvallar manneldismarkmið manneldisráðs.
2. Leiðbeiningar og fræðsla um hollt mataræði, samsetningu fæðunnar, meðferð matvæla og matreiðslu.
3. Hvatning til neyslu hollrar og næringarríkrar fæðu.
4. Gæðakröfur matvöru með tilliti til litar- og bragðefna.
5. Betra mataræði á stofnunum.
6. Efling næringarrannsókna.
7. Að lögð verði áhersla á nýtingu innlendrar framleiðslu.
8. Að stjórnvöld stýri neyslunni með verðlagningu.

Greinargerð.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um hvert stefni í fæðuvali barna og unglinga hér á landi, og jafnvel fullorðinna líka. Komið hefur í ljós að nægilegt framboð hollra matvara í landinu eitt sér er ekki trygging fyrir hollu mataræði.

Ýmsir sjúkdómar hafa verið tengdir röngu mataræði. Þar má einkum nefna tannskemmdir, offitu, æðakölkun, ýmsa sjúkdóma í meltingarfærum, kransæðastíflu, sykursýki og krabbamein. Segja má að þetta gildi um þær þjóðir heims sem búa við velmegun.

Óhemjufé er varið í lækningar og viðgerðir í stað þess að beina sjónum að forvarnarstarfi.

Engin heildarstefna í neyslu- og manneldismálum er fyrir hendi hér á landi og er orðið tímabært að hún verði mörkuð eins og gert hefur verið með góðum árangri í ýmsum grannríkjum okkar.

Markmið og leiðir.

Markmið við neyslu- og manneldisstefnu er að ýta undir heilsusamlegar matarvenjur til þess að bæta heilbrigðisástand þjóðarinnar. Tilgangurinn er ekki einvörðungu sá að koma í veg fyrir sjúkdóma sem tengjast röngu mataræði, heldur einnig að tryggja sem mest líkamlega og andlega heilbrigði ævilangt.

Neyslu- og manneldismarkmið skulu tryggja að íslensk matvælaframleiðsla verði í samræmi við neysluþarfir.

Sérstakt tillit verður að taka til þeirra þjóðfélagshópa sem er öðrum fremur hætt við áföllum vegna rangrar og óhollrar fæðu. Þar má nefna ungbörn, aldraða og þá sem njóta umönnunar á heimilum eða stofnunum.

Reynt skal að halda verði á hollustuvörum í lágmarki og stýra neyslunni með hollustusjónarmið að leiðarljósi.

Átak í neyslu- og manneldismálum verður ekki gert án þess að það tengist hollustuaðgerðum í heilbrigðismálum sem og á öðrum vettvangi. Þar má nefna samfelldan skóladag og hollar skólamáltíðir. Þetta tvennt tíðkast yfirleitt ekki hér á landi og á það ófremdarástand stóran þátt í óhollu mataræði barna og unglinga.

Manneldismarkmið.

Nýlega kynnti manneldisráð manneldismarkmið fyrir Íslendinga. Þau eru miðuð við það sem vitað er um neyslu þjóðarinnar og þær breytingar sem æskilegar má telja. Byggt er á þeim neyslukönnunum sem manneldisráð hefur gengist fyrir. Manneldismarkmið þessi eru ráðleggingar fyrir almenning, byggðar á vísindalegum rannsóknum á næringarefnum og áhrifum þeirra á vöxt og viðgang mannslíkamans. Þau eru svipuð þeim manneldismarkmiðum sem nágrannaþjóðir okkar hafa sett sér.

Fylgiskjal I.

MANNELDISMARKMIÐ FYRIR ÍSLENDINGA

1. Heildarneysla orkuefna sé miðuð við að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd.
2. Hæfilegt er að úr kolvetnum fáist um 50–60% af orkunni, einkum úr grófu korni, grænmeti og ávöxtum, þar af ekki yfir 10% úr sykri.
3. Hæfilegt er að fita veiti ekki meira en 35% af orkunni og hlutfall fjölómettaðrar og mettaðrar fitu verði aukið í allt að 0,4.
4. Hæfilegt er að hvíta (prótein) veiti að minnsta kosti 10% orkunnar.
5. Hæfilegt er að neysla á matarsalti sé undir átta grömmum á dag fyrir fullorðna.
6. Hæfilegt er að D-vítamínneysla fari ekki undir 10 µg (400 alþjóðaeiningar) á dag.
7. Stefnt skal að sem fjölbreyttustu fæðuvali úr eftirfarandi fæðuflokkum:
   1. Kornmat.
   2. Mjólkurmat.
   3. Grænmeti og ávöxtum.
   4. Kjöti, fiski og eggjum.

GREINARGERÐ UM MANNELDISMARKMIÐIN

Manneldisráð Íslands birtir meðfylgjandi manneldismarkmið í þeim tilgangi að efla heilbrigði þjóðarinnar með því að veita leiðbeiningar um fæðuval.

Leiðbeiningarnar eru í samræmi við þau fræði sem næringar- og manneldisfræði byggir á, en þau eru í stöðugri þróun eins og önnur vísindi. Jafnframt því sem þekking eykst fer fram sífellt endurmat á manneldismarkmiðum þjóða. Getur það leitt til, ásamt breyttum lifnaðarháttum, að misjöfn áhersla sé lögð á vægi einstakra þátta manneldis. Skal aðeins nefndur munur sem er á mataræði fátækra þjóða og auðugra.

Manneldisráð Íslands beinir ráðleggingum sínum til almennings og sérstaklega þeirra sem bera ábyrgð á manneldi á heimilum og á stofnunum, svo sem sjúkrahúsum, dvalarheilmilum, skólum og mötuneytum. Einnig ber fyrirtækjum, sem stunda matvælavinnslu og matvælaiðnað, að taka mið af leiðbeiningum manneldisráðs Íslands, m.a. með því að gera fullnægjandi grein fyrir næringargildi vörutegunda sinna, svo og innihaldi hálfmatreiddra og tilbúinna rétta.

EINSTAKAR GREINAR MARKMIÐANNA

1. Orkuefni.

Heildarneysla orkuefna sé miðuð við að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd.

Á síðari tímum hefur orðið sú breyting á lifnaðarháttum þorra manna að mikil líkamleg áreynsla við vinnu er úr sögunni. Því þarf að draga úr orkumagni fæðisins í samræmi við það. Samt sem áður þarf að fást í daglegu fæði jafn mikið af steinefnum og flestum vítamínum eins og áður ásamt fæðutrefjum sem kyrrsetumenn mega síst án vera. Því er ráðlegt að skerða hlut orkuauðugra og bætiefnasnauðra fæðutegunda, svo sem sætra og feitra matvæla.

Kostir þess að orkuefni fæðunnar gefi einungis næga orku til viðhalds störfum líffæranna og orkukræfra athafna eru einkum að með því er komið í veg fyrir ofeldi og spornað við þeim kvillum sem því fylgja.

2. Kolvetni.

Hæfilegt er að úr kolvetnum fáist 50–60% af orkunni, einkum úr kornmat, grænmeti og ávöxtum, þar af ekki yfir 10% úr sykri.

Samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 gaf sykur um 19% að meðaltali af heildarorku fæðisins. Draga þarf stórlega úr sykurneyslu en auka að miklum mun hlut sterkju sem fæst úr kornmat, baunum og kartöflum og í minna mæli úr öðrum garðávöxtum.

Kostir þess að auka hlut sterkjuauðugra fæðutegunda eru einkum að þeim fylgja mikilvæg bætiefni og fæðutrefjar. Kím og hýðishlutar korntegundanna geyma megnið af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum sem þar er að finna og auk þess fituefni af bestu gerð. Því þarf að leggja áherslu á að velja korntegundir sem ekki hafa verið sviptar þessum bætiefnum, svo sem haframjöl, rúgmjöl og heilhveiti, og nota brauð gerð úr óskertum korntegundum.

Kostir þess að skerða sykurneyslu eru einkum að með því dregur úr hættu á tannskemmdum. Einnig fá þá fjölþættari fæðutegundir stærri hlutdeild í heildarneyslunni.

3. Fita.

Fituneysla fari ekki yfir 35% af heildarorkunni og hlutfall fjölómettaðrar fitu verði aukið frá því sem nú er í allt að 0,4. Til þess að ná þessu marki má draga úr neyslu kjötfitu, mjólkurfitu og harðrar jurtafeiti en nota þess í stað mjúka fitu. Gott er að auka neyslu á fiski, fiskolíum og annarri mjúkri fitu.

Mælt er með að skerða fituneyslu að mun. Samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 gaf fita að meðaltali 41% af orkumagni fæðisins, en æskilegt hlutfall er innan við 35%. Því markmiði skal ná með því að draga úr notkun feitra kjöt- og mjólkurafurða, spara feitt viðbit og takmarka fitunotkun við daglega matreiðslu. Jafnframt er ráðlagt að auka fiskolíur í fæði og nota jurtaolíur í matreiðslu, fitu sem storknar ekki í kæliskáp, en takmarka hlut harðrar fitu svo sem kostur er.

Kostir þess að minnka heildarmagn fitu í fæði eru einkum að með því er mögulegt að auka þátt fæðutegunda sem auðugri eru af bætiefnum en gefa minni orku — færri hitaeiningar — fæðið verður með því fullkomnara og leiðir síður til ofeldis.

Kostir þess að nota mjúka fitu en sniðganga harða felast í mismunandi eiginleikum fitutegunda. Olíur ríkar af fjölómettuðum fitusýrum lækka fremur kólesteról í blóði, en í harðri fitu eru fitusýrur sem hafa gagnstæð áhrif, auka kólesteról í blóði og þar með hættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

4. Hvíta (prótein).

Hæfilegt er að hvíta veiti að minnsta kosti 10% orkunnar.

Nægileg og fullkomin hvíta fæst úr innlendum fæðutegundum: fiski, kjöti, mjólkurmat og eggjum. Í neyslukönnun manneldisráðs 1979–1980 fengust að meðaltali 16% af orku fæðisins úr hvítu. Þess ber að gæta að í fæðutegundum auðugum af hvítu eru mörg önnur efni líkamanum nauðsynleg, svo sem járn í kjöti, kalk í mjólkurmat og hollar fitusýrur í fiski. Því má ekki ganga of langt í að takmarka neyslu þessara fæðutegunda.

5. Matarsalt.

Talið er að mikil saltneysla geti átt þátt í að auka háþrýsting. Of hár blóðþrýstingur, háþrýstingur, er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Því er mælt með að takmarka saltneyslu með því að sneiða hjá saltmeti og takmarka salt í matreiðslu og við borðhald að því marki að dagsneysla sé undir átta grömmum.

6. D-vítamín.

Samkvæmt neyslukönnun manneldisráðs 1979–1980 var að meðaltali of lítið af D-vítamíni í daglegu fæði landsmanna miðað við ráðlagða dagskammta.

Ráðlagt er að bæta úr því með lýsisneyslu. Í einni teskeið (5 ml) af þorskalýsi fæst dagskammtur af D-vítamíni og að auki fjölómettuð fita.

D-vítamín er nauðsynlegt til þess að kalkið í fæðunni skili sér inn í efnaskipti líkamans (frásogist) og nýtist við myndun og viðhald beinvefs, þar á meðal tanna. Fleiri efnaferlar eru háðir D-vítamíni og kalkbúskap líkamans.

Af ufsalýsi þarf aðeins hálfa teskeið til þess að fá dagskammt af D-vítamíni, en sé það notað skerðast fiskolíurnar að sama skapi.

Í lýsispillum er D-vítamín en lítið af fiskolíum.

Þess ber að gæta að óhófsneysla A- og D-vítamína getur verið skaðleg, t.d. ef margra vítamínauðugra meðala er neytt samtímis að staðaldri.

7. Fæðuval.

Stefnt skal að sem fjölbreyttustu fæðuvali úr eftirfarandi fæðuflokkum í þeim hlutföllum orkuefna sem að framan greinir:

1. Kornmat.
2. Mjólkurmat.
3. Grænmeti og ávöxtum.
4. Kjöti, fiski og eggjum.

Engin ein fæðutegund, hversu holl sem hún er talin, inniheldur í hæfilegum hlutföllum öll þau næringarefni sem nauðsynleg eru. Því getur einhæft fæði aukið líkur á að einhver næringarefni skorti.

Með fjölþættu vali fæðutegunda er unnt að gera fæðisáætlanir sem uppfylla kröfur um alhliða næringu.

Fylgiskjal II.

Magnús R. Gíslason:

Varnarstarf gegn tannskemmdum.

Í Íslendingum skemmast fleiri tennur en hjá flestum öðrum þjóðum og þótt ástandið hafi batnað er það enn ólíkt verra en hjá t.d. hinum Norðurlandaþjóðunum samkvæmt nýjustu rannsóknum.

Flesta tannsjúkdóma er hægt að koma í veg fyrir með einföldum ráðum og er það mest á valdi hvers og eins hvort það tekst, enda hefur öðrum Norðurlandaþjóðum tekist að fækka tannskemmdum um meira en helming á fáum árum.

Í því sambandi er án efa mikilvægast rétt fæðuval og góðar matarvenjur. Vegur þar þyngst að neyta holls morgunverðar og annarra aðalmáltíða, að halda neyslu sykurs, sælgætis og sætra drykkja í lágmarki, forðast bita milli mála, stunda rétta tannhirðu og hagnýta kosti flúors, t.d. í tannkremi, flúorskoli og töflum. Þess vegna var slagorðið „Þínar tennur — þitt að velja“ valið sem einkunnarorð varna gegn tannskemmdum árið 1987. Kom það fram sem hugmynd 10 ára nemanda úr Álftamýrarskóla, Hlyns Atlasonar, í ritgerðasamkeppni sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið stóðu fyrir á tannverndardeginum fyrir tveimur árum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur beitt sér fyrir vörnum gegn tannskemmdum undanfarin ár og varði til þess 2½ milljón króna á s.l. ári. Um þetta starf hefur ráðuneytið haft samráð við fulltrúa frá Tannlæknafélagi Íslands og tannlæknadeild Háskóla Íslands og nú hefur Ragnhildur Helgadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, gefið út reglugerð þar sem þessi samvinna hefur verið sett í fastari skorður með stofnun tannverndarráðs. Jafnframt hefur ráðherrann tryggt tvöföldun fjárframlaga til varna gegn tannskemmdum.

„Sjoppufæði.“

Breyttir þjóðfélagshættir, m.a. aukin sókn kvenna út á vinnumarkaðinn, hafa leitt til þess að víða hérlendis hefur vönduðum heimilismáltíðum fækkað, sérstaklega á morgnana og í hádeginu. Því miður virðist „sjoppufæði“ hafa komið í staðinn.

Sjoppur eru ótrúlega margar hérlendis og auk þess er algengt að svonefnt „sjoppufæði“ sé til sölu á ólíklegustu stöðum, eins og t.d. bensínstöðvum, myndbandaleigum og sjúkrahúsum. Varla er opnaður svo nýr skóli að ekki sé sett upp sjoppa í næsta nágrenni, jafnvel í bráðabirgðahúsnæði á skólalóðinni sé hús ekki til staðar áður. Sama er að segja um

sundstaði og íþróttahús. Einnig er algengt að sjoppur séu einhvers konar samkomustaður eða félagsheimili fyrir unglinga, ekki síst á stöðum úti á landi.

Þetta er óæskileg þróun sem án efa á stærstan þátt í hve margar tennur skemmast í Íslendingum og erfiðlega gengur að draga úr tannskemmdum.

Tannskemmdir og sykur.

Sykurneysla Íslendinga er meiri en hjá flestum öðrum þjóðum og fer vaxandi.

Sannað er að samband er á milli sykurneyslu og tannskemmda. Kom það skýrt fram t.d. í Noregi á stríðsárunum en þá fækkaði tannskemmdum mikið um leið og sykurneyslan minnkaði.

Einnig hefur sýnt sig að verð á sykri hefur áhrif á neysluna eins og varð hérlendis árið 1975 þegar heimsmarkaðsverð á sykri hækkaði.

Hér á landi er sykur mjög ódýr og hefur verðið farið lækkandi. Kostar kílóið aðeins tæplega þriðjung af því sem það kostar í Finnlandi og Danmörku, og í Noregi og Svíþjóð er sykur meira en tvöfalt dýrari en hér.

Smásöluverð á 1 kg af sykri í dollurum.

	1982	1983	1984	1985
Danmörk	1.47	1.46	1.31	1.31
Finnland	1.48	1.33	1.42	1.39
Ísland	0.62	0.66	0.45	0.40
Noregur	1.32	1.22	1.06	0.93
Svíþjóð	0.88	0.80	0.81	0.81

Athugandi er hvort ekki sé ráðlegt að hækka verð á sykri og nota mismuninn til heilsugæslu, t.d. tannverndar eða niðurgreiðslu á skólamáltíðum.

Álögð gjöld 1987.

	Tollur	Vörugjald	Söluskattur	Annað	
Sykur	0	0	0	0	Afgreiðslugjald var fellt niður
Tannburstar	50%	24%	27.5%	1%	afgreiðslugjald
Tannkrem	0	30%	27.5%	1%	afgreiðslugjald

Tannskemmdir og sælgæti.

Árið 1960 voru framleidd tæplega 500 tonn af sælgæti hérlendis. Árið 1985 mun framleiðslan hafa orðið um 1900 tonn. Við þetta bætist innflutt sælgæti sem nam 2000 tonnum. Þar að auki kemur sælgæti keypt í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, en salan þar nam um 300 tonnum og jókst í um 350 tonn á s.l. ári. Reikna má því með að neysla Íslendinga sé rúm 4000 tonn á ári eða meira en 11 tonn á dag sem samsvarar rúmum 17 kg á mann á ári eða nærri 1 ½ kg á mann í hverjum mánuði.

Athyglisverðast er ef til vill það magn sem flugfarþegar kaupa í Fríhöfninni eða rúmt tonn á degi hverjum s.l. ár. Fyrir það greiddu þeir 2,8 milljónir dollara eða 112 milljónir ísl. króna sem samsvarar rúmlega helmingi þeirrar upphæðar sem Tryggingastofnunin greiddi árið 1985 fyrir tannlækningar.

Sælgæti er sú vörutegund sem mest selst af í Fríhöfninni. Vín seldist 1985 fyrir sem svarar 2,4 milljónir dollara og tóbak fyrir 2 milljónir dollara.

Breyttir þjóðfélagshættir hafa leitt til þess að vönduðum heimilismáltíðum virðist hafa fækkað. Því miður virðist „sjoppufæði" komið í staðinn, enda sýna rannsóknir að Íslendingar fá 20% af orkuþörf sinni með neyslu sykurs þegar æskilegt er talið að aðeins 10% komi úr sykri. Afleiðingin kemur skýrast fram í hinum mikla fjölda tannskemmda Íslendinga þó að annað hljóti að fylgja með, t.d. offita.

Tannskemmdir og gosdrykkir.

Gosdrykkjaneysla hefur aukist mikið á undanförnum árum.

Árið 1960 drukku Íslendingar 3,6 milljónir lítra, en árið 1985 var magnið komið í 23,4 milljónir lítra sem samsvarar 97 lítrum á mann á ári eða um einni flösku á mann á dag.

Í þessu er þó ekki talin með neysla á ýmsum drykkjum sem oftast eru með ávaxtabragði, en þeir eru allmisjafnir að gæðum.

Sé miðað við Noreg er þróunin ákaflega óheppileg í þessum efnum.

Neysla gosdrykkja á mann á Íslandi og í Noregi.

Ár	Ísland	Noregur
1960	20.7 l	
1970	45.7 l	40.1 l
1980	78.1 l	59.0 l
1985	97.0 l	

Tannskemmdastuðull 12 ára barna. DMF-T.
Fækkun tannskemmda.

	Fyrri skoðun		Síðari skoðun		Fækkun tannskemmda
Noregur	1973	8.4	1982	4.4	47.6%
Finnland	1975	7.5	1981	4.0	46.7%
Holland	1974	7.5	1982	3.9	48.0%
Nýja-Sjáland	1973	6.0	1983	3.3	45.0%
Stóra-Bretland	1973	4.7	1983	3.0	36.2%
Írland	1972	5.4	1980	4.4	18.5%
Ástralía	1975	4.8	1983	2.7	43.7%
Bandaríkin	1965	4.0	1980	2.7	32.5%
Ísland	1983	8.0	1986	6.6	17.3%

Sþ. 660. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]

um hafnaáætlun fyrir árin 1987–1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Alþingi ályktar samkv. 29. gr. hafnalaga nr. 69/1984, að árin 1987—1990 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkv. eftirfarandi hafnaáætlun:

I. Yfirlit yfir áætlaðan framkvæmdakostnað árin 1987—1990.

Höfn	1987 m.kr.	1988 m.kr.	89–90 m.kr.	Samtals m.kr.
Vesturland				
Grundartangi				
Akranes	2,4	4,5	39,0	45,9
Borgarnes	2,0	2,0	4,0	8,0
Arnarstapi	1,5			1,5
Hellnar				
Rif (landshöfn)				
Ólafsvík	10,5	29,0	17,0	56,5
Grundarfjörður	0,7	5,0	4,0	9,7
Stykkishólmur	6,0	8,5	38,5	53,0
	23,1	49,0	102,5	174,6
Vestfirðir				
Reykhólahöfn (Karlsey)				
Brjánslækur	6,7	26,0	23,5	56,2
Patreksfjörður	3,3	5,0		8,3
Tálknafjörður	9,8	4,0		13,8
Bíldudalur		11,5		11,5
Þingeyri		5,5		5,5
Flateyri		2,0	6,5	8,5
Suðureyri			46,5	46,5
Bolungarvík		7,5	93,0	100,5
Ísafjörður	14,4	28,0	40,5	82,9
Súðavík	0,8	12,5	2,5	15,8
Norðurfjörður	1,4	1,5		2,9
Drangsnes	1,5	5,0		6,5
Hólmavík	0,0	1,0	7,0	8,0
	37,9	109,5	219,5	366,9
Norðurland vestra				
Hvammstangi		15,0		15,0
Blönduós	5,0		90,0	95,0
Skagaströnd	2,7		21,0	23,7
Sauðárkrókur	8,0	3,0	25,0	36,0
Hofsós	1,6	5,0		6,6
Haganesvík	3,6	2,0		5,6
Siglufjörður	8,6	14,0	18,0	40,6
	29,5	39,0	154,0	222,5

Höfn	1987 m.kr.	1988 m.kr.	89–90 m.kr.	Samtals m.kr.
Norðurland eystra				
Ólafsfjörður	11,0	9,0	30,0	50,0
Dalvík		3,0	18,0	21,0
Hrísey			13,5	13,5
Árskógssandur	20,5	5,0	17,0	42,5
Hauganes				
Hjalteyri			2,0	2,0
Akureyri		16,5	18,0	34,5
Svalbarðseyri		1,0		1,0
Grenivík		14,0		14,0
Grímsey	4,0	14,0	27,0	45,0
Húsavík	3,8	34,0	34,0	71,8
Hallbjarnarstaðarkrókur				
Kópasker		1,0	14,5	15,5
Raufarhöfn	11,5	15,0	11,0	37,5
Þórshöfn	0,0	1,0	6,0	7,0
	50,8	113,5	191,0	355,3
Austurland				
Bakkafjörður	2,5	4,5		7,0
Vopnafjörður	17,5		8,0	25,5
Borgarfjörður eystri	0,4		50,0	50,4
Seyðisfjörður		51,5	45,0	96,5
Neskaupstaður		2,5	14,0	16,5
Eskifjörður		34,0	10,0	44,0
Reyðarfjörður			38,0	38,0
Fáskrúðsfjörður	1,0	21,0	9,0	31,0
Stöðvarfjörður		10,5	9,0	19,5
Breiðdalsvík	0,8		30,0	30,8
Djúpivogur	1,2	3,0	1,5	5,7
Höfn í Hornafirði	5,4	7,0	13,5	25,9
	28,8	134,0	228,0	390,8
Suðurland				
Dyrhólaey	0,6			0,6
Vestmannaeyjar	13,3	23,0	39,0	75,3
Stokkseyri				
Eyrarbakki				
Þorlákshöfn (landshöfn)				
	13,9	23,0	39,0	75,9
Reykjanes				
Grindavík	1,5	4,0	57,0	62,5
Hafnir			9,5	9,5
Sandgerði	7,0	22,5	40,0	69,5
Garður				
Keflavík/Njarðvík (landshöfn)				
Vogar				
Hafnarfjörður		15,0	7,0	22,0
Garðabær		4,0		4,0
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	0,0
	8,5	45,5	113,5	167,5
Stofnkostnaður við slysavarnir sbr. 23. gr. reglugerðar um hafnamál (Nr. 494/1986)		20,0		20,0

II. Sundurliðun framkvæmda í höfnum í eigu sveitarfélaga árin 1987 til 1990, verðlag í janúar 1987 (byggingarvísitala 293).

Skýringar við sundurliðun:

* Táknar að fyrirhugað er að gera líkan af höfninni. Endanleg útfærsla mannvirkja verður ákveðin út frá niðurstöðum tilrauna í líkani. Tímasetning framkvæmda byggir á að unnt sé að hefja tilraunir með hafnalíkön í rannsóknarstöð Hafnamálastofnunar fyrri hluta árs 1988. Kostnaðartala er byggð á lauslegu mati á stærð framkvæmdar.

** Táknar að í áætlun viðkomandi hafnarstjórnar er gert ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við verkáfangann á árinu 1987. Fjárveiting ríkissjóðs 1987 nægir hins vegar ekki og er reiknað með að það sem á vantar fáist 1988. Kostnaðartölum er skipt niður á árin í hlutfalli við fjárveitingar.

*** Táknar stórframkvæmd við brimvarnargarð, sem erfitt er að áfangaskipta, og því líkur til að fjármagna verði a.m.k. hluta hafnarsjóðs að verulegu leyti með lánsfé.

Höfn Lýsing framkvæmda	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989–90 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTURLAND				
Akranes				
** Lagnir og þekja á aðalhafnargarð	2,4	3,5		75%
Landfylling við flotbryggju		1,0		75%
Styrking brimvarnar á aðalhafnarg.			28,0	75%
Endurbygging og stækkun S.R.-bryggju			11,0	75%
Borgarnes				
Innsiglingarmerki	2,0			75%
Ljósamastur og raflögn		2,0		75%
Frágangur og steypt þekja			4,0	75%
Arnarstapi				
Frágangur námu og bryggju	1,5			75%
Hellnar				
Rif (sjá Landshafnir)				
Ólafsvík				
Sprengt f. stálþili við Norðurtanga	10,5			75%
Stálþil við Norðurtanga 1. áf. (120 m)		29,0		75%
Endurbyggð þekja á Norðurgarði			1,0	75%
Dýpkun við Norðurtanga (sv. I og II)			16,0	75%
Grundarfjörður				
Steypt ljósam. og vatnshús	0,7			75%
Lagnir og þekja á nýja hluta Norðurg.		5,0		75%
Endurb. kants og þekju á eldri hl. Ng.			4,0	75%
Stykkishólmur				
Endurbygging trébryggju í Stykkinu	6,0			75%
Frágangur stálþils í Skipavík		3,5		75%
** Aðstaða fyrir smábáta við Árnasteina		5,0		75%
Grjótgarður út í Súgandisey			12,0	75%
Flotbryggja við Stykkið			2,5	75%
Stálþilsbakki við Súgandisey (50 m)			18,0	75%
Flotbrú að bílferju við Súgandisey			6,0	75%
Vesturland samtals	**23,1**	**49,0**	**102,5**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989–90 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTFIRÐIR				
Reykhólar (Karlsey)				
Brjánslækur				
** Brimvarnargarður (170 m)	6,7	26,0		75%
Stálþilsbakki með kantbita (40 m)			13,5	75%
Lagnir, þekja og innsiglingarmerki			4,0	75%
Flotbrú að bílferju			6,0	75%
Patreksfjörður				
Endurbygging kantbita	2,5			75%
Löndunarkrani	0,8			40%
Smábátaaðstaða 1. áfangi		5,0		75%
Tálknafjörður				
Endurbygging trébryggju (41 m)	9,8			75%
Rafbúnaður í nýju bryggjuna		2,0		75%
Flotbryggjur		2,0		75%
Bíldudalur				
Dýpkun og fyrirstöðugarður		11,5		75%
Þingeyri				
Slitlag á tengibraut á hafnarsvæðinu		5,5		75%
Flateyri				
Hafnarvog		2,0		40%
Grjótgarður lengdur (40 m)			3,0	75%
Þekja og frág. stálþilsbakka			3,5	75%
Suðureyri				
Dýpkun innsiglingar			26,0	90%
Fyrirstöðugarður			14,0	75%
Grjótvörn á öldubrjót			6,5	75%
Bolungarvík				
Frág. stálþils við Grundagarð		7,5		75%
*** Brimvarnargarður við Brjót 1. áf. (90 m)			93,0	75%
Ísafjörður				
** Stálþil í Sundahöfn (120 m viðlega)	14,4	24,0		75%
Þekja og gámaplan			15,5	75%
Kantur og þekja í bátahöfn endurbyggð		4,0	4,0	75%
Dýpkun og fyrirst.garður			21,0	75%
Súðavík				
Löndunarkrani	0,8			40%
Löndunarbryggja (45 m)		12,5		75%
Dýpkun			2,5	75%
Norðurfjörður				
Steyptur kantbiti	1,4			75%
Steypt þekja		1,5		75%
Drangsnes				
Flotbryggja (28 m)	1,5			75%
Löndunarbryggja (20 m)		5,0		75%
Hólmavík				
** Löndunarkrani		1,0		40%
Frágangur stálþils o.fl.			4,0	75%
Aðastaða fyrir smábáta			3,0	75%
Vestfirðir samtals	**37,9**	**109,5**	**219,5**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989–90 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND VESTRA				
Hvammstangi				
Skjólgarður fyrir smábáta		3,0		75%
Harðviðarbryggja (40 m)		12,0		75%
Blönduós				
Undirbúningur v. brimvarnargarðs	5,0			75%
*** Brimvarnargarður (220 m)			90,0	75%
Skagaströnd				
Frágangur við dráttarbraut	2,7			40%
Nýr viðlegukantur í austurhöfn (70 m)			15,0	75%
Dýpkun við nýja viðlegukantinn			6,0	75%
Sauðárkrókur				
Smábátahöfn 1. áfangi	8,0			75%
Suðurgarður 1. áfangi		3,0		75%
* Norðurgarður, lenging grjótgarðs			25,0	75%
Hofsós				
Uppsetning hafnarvogar og löndunarkr.	1,6			40%
Bráðab. viðgerð Norðurgarðs		5,0		75%
Haganesvík				
Steypt utan með bryggju	3,6			75%
Bátaplan og þekja endurbyggð		2,0		75%
Siglufjörður				
Brimvörn utan við Brjót	8,6			75%
** Gamlar bryggjur rifnar		1,0		75%
Dýpkun innan við eyrina		13,0		75%
Viðlegukantur (60 m) 1. áfangi			18,0	75%
Norðurland vestra samtals	**29,5**	**39,0**	**154,0**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989–90 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND EYSTRA				
Ólafsfjörður				
Dýpkun	8,3		75	90%
Smábátahöfn 1. áfangi	2,7			75%
Frág. suðurhl. innsiglingar í Vesturh.		9,0		75%
* Ytri mannvirki			30,0	75%
Dalvík				
Slitlag á tengibraut á hafnarsvæði		3,0		75%
Breikkun og grjótvörn á Norðurgarð			18,0	75%
Hrísey				
* Lengin Norðurgarðs (80 m)			13,5	75%
Árskógssandur				
Harðviðarbryggja (43 m viðlega)	13,8			75%
** Grjótgarður (70 m)	6,7	5,0		75%
Lenging stálþilsbakka (55 m)			17,0	75%
Hauganes				
Hjalteyri				
Dýpkun			2,0	75%
Akureyri				
** Sandgerðisbót, slitlag, lagnir, lýsing		3,0		75%
** Slippkantur, lenging (20 m) og brúsi		13,0		75%
** Skipulag hafnarsvæðis		0,5		75%
Fiskihöfn, grjótgarður (250 m)			18,0	75%
Svalbarðseyri				
Raflögn og þybbur á bryggju		1,0		75%
Grenivík				
Lengin viðlegukants (50 m)		14,0		75%
Grímsey				
Grjótvörn 1. áfangi	4,0			75%
* Lenging viðlegukants 1. áfangi		14,0		75%
* Lengin viðlegukants 2. áfangi			5,0	75%
* Dýpkun með sprengingum			6,0	75%
* Grjótvörn 2. áfangi			16,0	75%
Húsavík				
Skipastæði við dráttarbraut	3,8			40%
*** Breikkun og grjótvörn á Norðurgarð		34,0	34,0	75%
Hallbjarnarstaðarkrókur				
Kópasker				
Löndunarkrani		1,0		40%
Smábátahöfn			14,5	75%
Raufarhöfn				
Löndunarkantur við frystihús 2. áf.	11,5			75%
Löndunarkantur við frystihús verklok		9,0		75%
Endurbygging hafskipabryggju		6,0		75%
Dýpkun innsiglingar			10,0	90%
Endurbætur á skjólgarði í bátahöfn			1,0	75%
Þórshöfn				
Innsilgingarmerki		1,0		75%
Viðlega fyrir smábáta			3,0	75%
Dýpkun hafnar			3,0	75%
Norðurland eystra samtals	**50,8**	**113,5**	**191,0**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989–90 m.kr.	Hlutur ríkissj.
AUSTURLAND				
Bakkafjörður				
Ljósamastur og raflögn	1,0			75%
Löndunarbryggja (17 m)	1,5	3,5		75%
Löndunarkrani		1,0		40%
Vopnafjörður				
Lenging stálþilsbakka v. Ásgarðs (55 m)	17,5			75%
Lagnir og þekja á stálþilsbakkann			3,0	75%
Smábátaaðstaða			5,0	75%
Borgarfjörður eystri				
Innsiglingarmerki	0,4			75%
* ***Brimvarnargarður og viðlegukantur			50,0	75%
Seyðisfjörður				
Dráttarbraut 1. áfangi		50,0		40%
Þekja á stálþil í Fjarðarhöfn		1,0		75%
Smábátahöfn, flotbryggjur og frág.		0,5	1,0	75%
Dýpkun í Fjarðarhöfn			20,0	75%
Dráttarbraut 2. áfangi			24,0	40%
Neskaupstaður				
Hafnarvog		2,5		40%
Dýpkun hafnar			14,0	75%
Eskifjörður				
Ný bryggja við fiskimjölsverksmiðju				
1. áf. stálþil með kantbita (130 m)		30,0		75%
2. áf. dýpkun		3,0		75%
3. áf. lagnir og þekja			6,0	75%
** Löndunarkrani		1,0		40%
Smábátahöfn 1. áfangi			4,0	75%
Reyðarfjörður				
Stálþilsbakki (100 m)				
stálþil með kantbita			25,0	75%
dýpkun			8,0	75%
Smábátahöfn 1. áfangi			5,0	75%
Fáskrúðsfjörður				
Smábátahöfn, lok 1. áfanga	1,0			75%
Stálþilsbakki við frystihús (80 m)				
stálþil með kantbita		21,0		75%
lagnir og þekja			5,0	75%
Smábátahöfn, bryggjur og frágangur			4,0	57%
Stöðvarfjörður				
Hafnarvog		2,5		40%
Lagnir og þekja á stálþilsgarð		8,0		75%
Dýpkun við stálþilsgarð			9,0	75%
Breiðdalsvík				
Löndunarkrani	0,8			40%
* Viðlegukantur 1. áfangi			30,0	75%
Djúpivogur				
Innsiglingarmerki	1,2			75%
Smábátahöfn, dýpkun og fyrirst.garðar		3,0		75%
Flotbryggjur (30 m)			1,5	75%
Höfn í Hornafirði				
Lagnir í Miklagarðsbryggju	1,4			75%
Dýpkun hafnar	4,0	6,0	10,0	75%
Endurbætur á innsiglingarmerkjum		1,0	1,5	75%
Steypt þekja á Óslandsbryggju			2,0	75%
Austurland samtals	**28,8**	**134,0**	**228,0**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1987 m.kr.	1988 m.kr.	1989–90 m.kr.	Hlutur ríkissj.
SUÐURLAND				
Dyrhólaey				
Frágangur sjósetningarrennu	0,6			75%
Vestmannaeyjar				
Yfirborðsfrágangur við skipalyftu	4,7		3,5	40%
Lokafrágangur viðgerðarkants	3,7			75%
Dýpkun hafnarinnar	4,9	5,0	10,0	75%
Stálþilsbakki austan skipalyftu (75 m)		18,0	2,5	75%
Stálþilsbakki frá Binnabryggju austur að viðgerðarkanti (90 m)			23,0	75%
Stokkseyri				
Eyrarbakki				
Þorlákshöfn (sjá Landshafnir)				
Suðurland samtals:	**13,9**	**23,0**	**39,0**	
REYKJANES				
Grindavík				
Kvíabryggja-landveggur	1,5			75%
Flotbryggja		3,0		75%
Löndunarkrani		1,0		40%
Stálþil við Miðgarð þil með kantbita (75 m)			24,5	75%
Dýpkun fram af Miðgarði			32,5	75%
Hafnir				
Grjótgarður austan hafnar (200 m)			9,5	75%
Sandgerði				
Þekja og frág. stálþils	5,0			75%
Dýpkun innsiglingarrennu				
Tæknilegur undirbúningur	2,0			90%
Framkvæmdir 1. áfangi			30,0	90%
Flotbryggjur (35 m)		3,5		75%
Grjótvörn og breikkun Norðurgarðs		19,0	10,0	75%
Garður				
Keflavík/Njarðvík (sjá Landshafnir)				
Vogar				
Hafnarfjörður				
** Suðurbakki III. áfangi (verklok)		10,0		50%
** Dýpkun í Suðurhöfn		5,0		50%
Styrking Norðurgarðs			7,0	50%
Garðabær				
Kantbiti, þekja o.fl.		4,0		75%
Kópavogur				
Reykjanes samtals	**8,5**	**45,5**	**113,5**	

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur.

Samkvæmt hafnalögum skal Hafnamálastofnun vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Í apríl 1985 gekk Hafnamálastofnun síðast frá slíkri áætlun og skilaði af sér til samgönguráðuneytisins. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda urðu mjög litlar árin 1985 og 1986, þannig að lítið saxaðist á þau verkefni, er áætlunin náði til og því vandkvæðum bundið að endurskoða hana. Nú þegar fjárlög ársins 1987 liggja fyrir er hins vegar ljóst að framlög til hafnargerða hafa hækkað verulega og því raunhæft að taka áætlunina til endurskoðunar.

Áætlun þessi er að stofni til byggð á sömu gögnum og fyrri áætlun svo og umsóknum hafnarstjórna um framlög úr ríkissjóði, er sendar voru samgönguráðuneyti og fjárveitinganefnd Alþingis haustin 1985 og 1986.

Samkvæmt hafnalögum skal Hafnamálastofnun senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlanatímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórninni tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur. Þar sem 109. löggjafarþing á eftir að starfa svo skamman tíma gefst ekki tími til að leita umsagna frá hafnarstjórnum við tillögunum fyrr en eftir þinglok. Áætlunin er því lögð fram fyrir Alþingi sem drög um leið og hún er send út til hafnarstjórna. Á hausti komanda er síðan ætlunin að leggja hana fram í endanlegu formi fyrir Alþingi til staðfestingar.

Áætlun þessi nær eingöngu til framkvæmda í höfnum, sem eru í eigu sveitarfélaga og njóta jafnframt ríkisstyrks. Það þýðir að Reykjavíkurhöfn og landshafnirnar þrjár, Rif, Þorlákshöfn og Keflavík — Njarðvík, eru undanskildar.

Allar kostnaðartölur eru á verðlagi janúarmánaðar 1987 (byggingarvísitala 293 stig).

II. Nýframkvæmdir.

1. Skipting í verkefnaflokka.

Í hafnalögum er kveðið á um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum í höfnum í eigu sveitarfélaga. Þátttökuhlutfall ríkissjóðs er mismunandi allt eftir því, hvers eðlis framkvæmdin er. Þó er heimilt skv. 27. gr. hafnalaga að lækka ríkisframlög til hafna, sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku.

Skipting framkvæmda í verkefnaflokka er sem hér segir:

	1987 m.kr.	1988 m.kr.	89—90 m.kr.	Samtals m.kr.
a) Almenn verkefni	140,1	376,5	481,5	998,1
b) Brimvarnargarðar	31,0	75,0	472,5,	578,5
c) Dýpkun siglingarleiða	6,2	0,0	66,0	72,2
d) Sérhæfður búnaður	15,2	62,0	27,5	104,7
Samtals framkvæmdir	192,5	513,5	1047,5	1753,5

a) Almenn verkefni:
Til þessa verkefnaflokks teljast m.a. bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir innan hafna, uppfyllingar og umferðaræðar innan hafnarsvæða, vatns-, raf- og holræsalagnir, siglingamerki svo og mengunar- og slysavarnir. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaður þessara mannvirkja.

b) Brimvarnargarðar:
Þetta eru yfirleitt dýrustu mannvirkin í hverri höfn. Erfitt er að áfangaskipta framkvæmdum við byggingu brimvarnargarða og hefur því oft þurft að fjármagna bæði hluta hafnarsjóðs og ríkissjóðs með lánsfjármagni. Stærstu verkefnin á áætlunartímabilinu eru á Bolungarvík, Blönduósi, Húsavík og Borgarfirði eystri. Samtals er áætlað að kostnaður við umrædd 4 mannvirki nemi 306 milljónum króna. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaðar við brimvarnargarða.

c) Dýpkun siglingarleiða:
Ríkissjóður greiðir 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingarleiðar að höfn.

d) Sérhæfður búnaður:
Til þessa verkefnaflokks teljast upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir, hafnsögubátar og fastir kranar til löndunar úr smábátum. Ríkissjóður greiðir allt að 40% stofnkostnaðar.

Miðað við þá greiðsluþátttöku ríkissjóðs, sem hér er getið að framan, er skipting fjárveitinga ríkissjóðs á verkefnaflokka sem hér segir:

	1987 m.kr.	1988 m.kr.	89–90 m.kr.	Samtals m.kr.
a) Almenn verkefni	105,1	278,6	361,1	744,8
b) Brimvarnargarðar	23,2	56,2	352,6	432,0
c) Dýpkun siglingarleiða	5,6	0,0	59,4	65,0
d) Sérhæfður búnaður	6,1	24,8	11,0	41,9
Samtals	140,0	359,6	784,1	1283,7

Hér að framan er einungis reiknað með að ákvæðum 27. gr. hafnalaga um skerðingu ríkisframlags sé beitt gagnvart Hafnarfjarðarhöfn. Þar er reiknað með að ríkishlutinn sé lækkaður úr 75% í 50%. Á fylgiskjölum 1, 2, 3 og 4 er að finna upplýsingar um afkomu hafnanna. Upplýsingarnar eru fengnar úr skýrslu Hafnasambands sveitarfélaga: „Fjárhagur og gjaldskrár hafna 1985, 1986 og 1987". Um er að ræða tölur byggðar á ársreikningum 1985 en tölur fyrir árin 1986 og 1987 eru áætlaðar.

Skýringin á því, að hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum 1987 (140,0 m.kr.) er talinn allverulega lægri en tilsvarandi fjárveiting á fjárlögum 1987 (218,5 m.kr.) er sú, að mismunurinn fór til að gera upp eldri framkvæmdir.

2. Stofnkostnaður vegna átaks um slysavarnir.

Í nýrri reglugerð um hafnamál (nr. 494/1986) er sérstakur kafli um slysavarnir í höfnum en samkvæmt hafnalögum telst stofnkostnaður við slysavarnir styrkhæfur. Með slysavörnum er hér átt við aðgerðir sem miða eiga að því að koma í veg fyrir hugsanleg slys á mönnum, t.d. takmörkun umferðar um hafnarsvæði og öryggisbúnað, sem ætlaður er til að koma í veg fyrir slys og nota má til bjargar þeim, sem fyrir óhöppum verða. Til öryggisbúnaðar teljast t.d.: lausir og fastir stigar, bjarghringir, krókstakjar, björgunarnet, ljós á hafnarbökkum, girðingar og hlið, símar o.fl.

Í 23. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að Hafnamálastofnun skuli aðstoða hafnarstjórnir við að gera áætlanir um að koma slysavörnum í viðunandi horf og stofnkostnað við þær. Stefnt skal að því að áætlunum þessum verði lokið á árinu 1987 og framkvæmd þeirra lokið eigi síðar en í árslok 1988.

Lagt er til að veitt verði sérstök fjárveiting til að standa undir þessu átaki. Er hér gert ráð fyrir að 20 milljónum króna verði varið til slysavarna í höfnum árið 1988. Tala þessi getur breyst þegar endanlegar áætlanir liggja fyrir. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar við slysavarnir.

III. Uppgjör eldri framkvæmda.

Óuppgerður hlutur ríkissjóðs í eldri framkvæmdum.

Eftirfarandi skrá yfir óuppgerðan hlut ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum, sem unnar voru 1986 eða fyrr er byggð á bráðabirgðauppgjöri Hafnamálastofnunar ríkisins frá janúar 1987 og því tekið tillit til fjárveitinga er veittar voru á fjárlögum 1987.

	M.kr.
1. Ísafjörður	12,7
2. Norðurfjörður	6,0
3. Hólmavík	2,0
4. Akureyri	6,1
5. Raufarhöfn	1,2
6. Þórshöfn	4,7
7. Bakkafjörður	8,6
8. Hafnarfjörður	11,8
Samtals	**53,1**

IV. Frumrannsóknir.

Með frumrannsóknum er m.a. átt við gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, rannsóknir á byggingarefnum (t.d. á grjóti í brimvarnargarða), öldurannsóknir, straumfræðirannsóknir, líkantilraunir og hagkvæmniathuganir. Þegar rannsóknir eru komnar á það stig að unnt sé að taka ákvörðun um staðsetningu mannvirkis, gerð og byggingarefni telst frumrannsóknum lokið.

Stærstu verkefnin, sem unnin hefur verið að síðastliðin þrjú ár, eru við hafnirnar á Blönduósi (1984), Bolungarvík (1985), Norðurfirði (1985), Akranesi (1986) og Húsavík (1986). Niðurstöður liggja fyrir í skýrsluformi og er þar jafnframt að finna tillögur um, hvernig unnt er að bæta hafnarskilyrðin á viðkomandi stöðum.

Öldumælingar eru yfirleitt tímafrekasti þáttur frumrannsóknanna en þær geta tekið 2—5 ár allt eftir veðurfari. Veturinn 1988 til 1989 er áætlað að hefja öldumælingar á Grenivík, Djúpavogi, Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Úthafsöldumælingar eru undirstaða öldumælinga við hafnir og er ráðgert að halda áfram mælingum á Grímseyjarsundi og út af Garðskaga og hefja mælingar við Suður- og Suðausturland.

Miðað við að líkantilraunir geti hafist í nýrri rannsóknarstöð Hafnamálastofnunar í byrjun árs 1988, er gert ráð fyrir að rannsóknum ljúki á eftirtöldum höfnum sem hér segir: Grímsey (1988), Ólafsfjörður (1988), Sauðárkrókur (1989), Borgarfjörður eystri (1989), Breiðdalsvík (1990), Hrísey (1990) og Siglufjörður (1990). Þá verður unnið að nauðsynlegum rannsóknum í öðrum höfnum eftir því sem áætlaðar framkvæmdir gefa tilefni til.

Ríkissjóður greiðir að fullu kostnað við frumrannsóknir og er til þeirra ætlað fjármagn á sérstökum lið fjárlaga, er nemur 8,9 milljónum króna árið 1987. Þegar tilraunir með hafnalíkön hefjast á ný í rannsóknastöð Hafnamálastofnunar verður þessi liður að hækka sem nemur rekstrarkostnaði stöðvarinnar. Áður en ákvæði um, að ríkissjóður greiddi frumrannsóknir að fullu, tók gildi með nýjum hafnalögum 1. janúar 1985, var kostnaður við frumrannsóknir greiddur með framkvæmdafé viðkomandi hafnar.

Fylgiskjal 1.

Fjárhagur og gjaldskrár 17 hafna 1985.

	(1) Tekjur alls m.kr.	(2) Rekstrar-gjöld alls m.kr.	(3) Framlegð alls m.kr.	(8) Vextir af lánum alls m.kr.	(9) Rekstrar-afgangur (3-8) alls m.kr.	(10) Afborg. af lánum alls m.kr.	(11) Greiðslu-afgangur (9-10) alls m.kr.	
1. Akranes	12,38	6,75	5,63	0,30	5,33	0,30	5,03	
2. Akureyri	17,24	11,49	5,74	0,06	5,68	0,23	5,45	
3. Bolungarvík	4,52	2,48	2,05	0,30	1,75	3,50	−1,75	+ 1,143
4. Dalvík	3,68	2,24	1,44	0,15	1,29	0,45	0,84	(0,425% við-
5. Eskifjörður	8,23	3,82	4,41	0,00	4,41	0,00	4,41	bótaraflgjald)
6. Grundarfjörður	1,95	1,93	0,02	0,08	−0,06	0,18	−0,24	
7. Hafnarfjörður	27,95	13,30	14,65	0,02	14,63	0,31	14,32	
8. Húsavík	5,43	3,61	1,83	0,09	1,74	0,18	1,56	
9. Höfn	6,96	3,79	3,17	0,40	2,77	1,30	1,47	
10. Ísafjörður	14,38	6,97	7,42	0,60	6,82	0,40	6,42	
11. Ólafsvík	5,89	4,16	1,73	0,20	1,53	0,25	1,28	
12. Sandgerði	7,27	5,34	1,93	0,80	1,13	0,30	0,83	
13. Sauðárkrókur	4,22	1,87	2,35	0,20	2,15	0,34	1,81	
14. Vopnafjörður	1,88	1,14	0,74	0,06	0,68	0,14	0,54	
15. Þingeyri	1,47	0,46	1,00	0,15	0,85	0,40	0,45	
Alls	123,44	69,33	54,11	3,41	50,70	8,28	42,42	
58. Reykjavík	197,99	111,93	86,07	21,98	64,09	31,98	32,11	
59. Keflavík-Njarðvík .	15,84	10,37	5,47	0,21	5,26	1,37	3,89	

Skýringar:
1) Vextir og afborganir voru ýmist fengnar úr ársreikningum hafnarsjóða eða úr lánaskrá Hafnamálast.
2) Ríkissjóður greiðir vexti og afborganir af lánum hjá landshöfninni.

Fylgiskjal 2.

Fjárhagur og gjaldskrár 17 hafna 1986.

	(1) Tekjur alls m.kr.	(2) Rekstrar-gjöld alls m.kr.	(3) Framlegð alls m.kr.	(8) Vextir af lánum alls m.kr.	(9) Rekstrar-afgangur (3-8) alls m.kr.	(10) Afborg. af lánum alls m.kr.	(11) Greiðslu-afgangur (9-10) alls m.kr.	
1. Akranes	16,22	8,58	7,64	0,24	7,40	0,53	6,87	
2. Akureyri	21,57	14,60	6,97	0,08	6,89	0,23	6,66	
3. Bolungarvík	5,78	3,15	2,64	0,21	2,43	0,64	1,79	+ 1,383
4. Dalvík	4,80	2,85	1,95	0,20	1,75	0,46	1,29	(0,425% við-
5. Eskifjörður	8,28	4,85	3.43	0,00	3,43	0,00	3,43	bótaraflgjald)
6. Grundarfjörður	2,48	2,45	0,03	0,07	−0,04	0,21	−0,25	
7. Hafnarfjörður	32,96	16,89	16,07	0,02	16,05	0,11	15,94	
8. Húsavík	7,16	4,58	2,58	0,05	2,53	0,22	2,31	
9. Höfn	8,40	4,81	3,59	0,30	3,29	1,50	1,79	
10. Ísafjörður	18,19	8,85	9,35	0,80	8,55	1,30	7,25	
11. Ólafsvík	7,12	5,29	1,83	0,16	1,67	0,41	1,26	
12. Sandgerði	9,00	6,78	2,23	1,30	0,93	0,44	0,49	
13. Sauðárkrókur	5,54	2,37	3,17	0,14	3,03	0,44	2,59	
14. Vopnafjörður	2,37	1,44	0,93	0,06	0,87	0,16	0,71	
15. Þingeyri	1,89	0,59	1,31	0,17	1,14	0,63	0,51	
Alls	151,77	88,06	63,71	3,80	59,91	7,28	52,63	
58. Reykjavík	242,87	142,15	100,72	13,18	87,54	42,60	44,94	
59. Keflavík-Njarðvík .	19,21	13,17	6,04	0,16	5,88	1,80	4,08	

Skýringar:

1) Vextir og afborganir af föstum lánum eru skv. lánaskrá Hafnamálastofnunar ríkisins og er ekki tekið tillit til dráttarvaxta né vaxta og afborgana af skammtímalánum.

2) Ríkissjóður greiðir vexti, verðbætur og afborganir af lánum hjá landshöfninni.

Fylgiskjal 3.

Fjárhagur og gjaldskrár 17 hafna 1987.

	(1) Tekjur alls m.kr.	(2) Rekstrar-gjöld alls m.kr.	(3) Framlegð alls m.kr.	(8) Vextir af lánum alls m.kr.	(9) Rekstrar-afgangur (3-8) alls m.kr.	(10) Afborg. af lánum alls m.kr.	(11) Greiðslu-afgangur (9-10) alls m.kr.	
1. Akranes	18,66	9,86	8,79	0,20	8,59	0,45	8,14	
2. Akureyri	24,80	16,79	8,02	0,05	7,97	0,15	7,82	
3. Bolungarvík	6,65	3,62	3,04	0,15	2,89	0,71	2,18	+ 1,590
4. Dalvík	5,51	3,28	2,23	0,12	2,11	0,54	1,57	(0,425% við-
5. Eskifjörður	9,49	5,58	3.91	0,00	3,91	0,00	3,91	bótaraflgjald)
6. Grundarfjörður	2,85	2,82	0,03	0,06	−0,03	0,24	−0,27	
7. Hafnarfjörður	38,04	19,42	18,62	0,01	18,61	0,02	18,59	
8. Húsavík	8,27	5,27	3,01	0,04	2,97	0,10	2,87	
9. Höfn	9,63	5,53	4,10	0,21	3,89	1,70	2,19	
10. Ísafjörður	20,87	10,18	10,69	0,67	10,02	0,81	9,21	
11. Ólafsvík	8,17	6,08	2,09	0,14	1,95	0,41	1,54	
12. Sandgerði	10,31	7,79	2,52	1,25	1,27	0,46	0,81	
13. Sauðárkrókur	6,37	2,72	3,64	0,14	3,50	0,48	3,02	
14. Vopnafjörður	2,73	1,66	1,07	0,06	1,01	0,23	0,78	
15. Þingeyri	2,18	0,67	1,50	0,15	1,35	0,64	0,71	
Alls	174,52	101,26	73,26	3,25	70,01	6,94	63,07	
58. Reykjavík	282,97	163,47	119,50	12,00	107,50	36,00	71,50	
59. Keflavík-Njarðvík . .	22,02	15,14	6,88	0,06	6,82	0,88	5,94	

Skýringar:

1) Vextir og afborganir af föstum lánum eru skv. lánaskrá Hafnamálastofnunar ríkisins og er ekki tekið tillit til dráttarvaxta né vaxta og afborgana af skammtímalánum.
2) Gengi var áætlað 12% hærra og lánskjara- og byggingarvísitala 15% hærri en 1. okt. 1986.
3) Ríkissjóður greiðir vexti, verðbætur og afborganir af lánum hjá landshöfninni.

Fylgiskjal 4.

Tekjur og gjöld allra hafna 1985.

68 hafnir árið 1985	0,85% aflagj. þ.kr.	1 Tekjur þ.kr.	2 Gjöld þ.kr.	3=1–2 Framlegð þ.kr.	4 Vex+afb. þ.kr.[1])	5=3–4 Afgangur þ.kr.	
1. Akranes	(2.190)	12.379	6.754	5.625	600	5.025	
2. Akureyri	(2.600)	17.238	11.494	5.744	290	5.454	
3. Bolungarvík	(2.287)	4.524	2.476	2.048	3.800	−1.752	
4. Dalvík	(1.777)	3.680	2.243	1.437	600	837	
5. Eskifjörður	(2.644)	8.234	3.821	4.413	0	4.413	
6. Grundarfjörður	(1.125)	1.950	1.929	21	260	−239	
7. Hafnarfjörður	(2.492)	27.946	13.295	14.651	330	14.321	
8. Húsavík	(1.396)	5.433	3.605	1.828	270	1.558	
9. Höfn	(2.584)	6.960	3.788	3.172	1.700	1.472	
10. Ísafjörður	(4.642)	14.382	6.967	7.415	1.000	6.415	
11. Ólafsvík	(1.903)	5.888	4.163	1.725	450	1.275	
12. Sandgerði	(3.712)	7.267	5.336	1.931	1.100	831	
13. Sauðárkrókur	(1.519)	4.215	1.865	2.350	540	1.810	
14. Vopnafjörður	(1.021)	1.878	1.137	741	200	541	
15. Þingeyri	(712)	1.465	461	1.004	550	454	
1.–15. samtals	(32.604)	123.439	69.334	54.105	11.609	42.415	
16. Arnarst., Breiðav.	(30)	30	50	−20	10	−30	*(áætl.)
17. Árskógs. Hauganes	(500)	1.053	532	521	120	401	
18. Bakkafjörður	(208)	245	156	89	100	−11	
19. Bíldudalur	(600)	1.103	631	472	10	462	
20. Blönduós	(62)	426	276	150	100	50	
21. Borgarfj. (eystri)	(100)	137	137	0	50	−50	
22. Borgarnes	(0)	301	443	−142	20	−162	
23. Breiðdalsvík	(543)	1.084	224	860	200	660	
24. Djúpivogur	(900)	1.855	579	1.276	250	1.026	
25. Eyrarbakki	(34)	86	227	−141	60	−201	
26. Fáskrúðsfjörður	(1.299)	3.013	1.342	1.671	370	1.301	
27. Flateyri	(611)	1.122	758	364	20	344	
28. Grenivík	(350)	439	324	115	240	−125	
29. Grindavík	(3.678)	9.669	6.460	3.209	5.000	−1.791	
30. Grímsey	(275)	391	127	264	10	254	
31. Grundartangi	(0)	6.095	337	5.758	5.800	−42	
32. Hjalteyri	(17)	36	30	6	40	−34	
33. Hofsós	(115)	278	145	133	110	23	
34. Hólmavík	(800)	906	756	150	130	20	
35. Hrísey	(593)	1.781	1.151	630	150	480	
36. Hvammstangi	(427)	744	601	143	90	53	
37. Kópasker	(80)	132	242	−110	60	−170	
38. Kópavogur	(0)	517	78	439	0	439	
39. Neskaupstaður	(2.787)	6.431	3.341	3.090	1.500	1.590	
40. Ólafsfjörður	(1.395)	2.727	1.539	1.188	550	638	
41. Patreksfjörður	(621)	2.945	3.106	−161	300	−461	
42. Raufarhöfn	(2.000)	4.868	1.182	3.686	50	3.636	
43. Reyðarfjörður	(799)	3.644	1.104	2.540	10	2.530	
44. Reykhólahöfn	(0)	0	0	0	0	0	*(áætl.)

Tekjur og gjöld allra hafna 1985 (frh.).

68 hafnir árið 1985	0,85% aflagj. þ.kr.	1 Tekjur þ.kr.	2 Gjöld þ.kr.	3=1–2 Framlegð þ.kr.	4 Vex-afb. þ.kr.[1])	5=3–4 Afgangur þ.kr.	
45. Seyðisfjörður	(3.175)	9.595	4.594	5.001	700	4.301	
46. Siglufjörður	(3.188)	7.675	3.880	3.795	150	3.645	
47. Skagaströnd	(1.618)	2.794	1.293	1.501	1.100	401	
48. Stokkseyri	(130)	139	307	−168	30	−198	
49. Stykkishólmur	(1.750)	4.459	1.783	2.676	950	1.726	
50. Stöðvarfjörður	(650)	1.298	219	1.079	220	859	
51. Suðureyri	(650)	1.739	655	1.084	300	784	
52. Súðavík	(500)	689	786	−97	170	−267	
53. Svalbarðseyri	(0)	71	19	52	55	−3	
54. Tálknafjörður	(867)	1.733	502	1.231	170	1.061	
55. Vestmannaeyjar	(6.654)	22.499	14.165	8.334	10.000	−1.666	
56. Vogahöfn	(0)	19	133	−114	120	−234	
57. Þórshöfn	(583)	1.030	850	180	200	−20	
1.–57. alls	(71.193)	229.237	124.398	104.839	41.205	63.634	
58. Reykjavíkurhöfn	(4.894)	197.993	111.928	86.065	53.960	32.105	
59. Keflavík/Njarðv.	(4.206)	15.839	10.370	5.469	1.580	3.889[2])	
60. Rifshöfn	(1.076)	2.391	2.162	229	1.630	−1.401[2])	
61. Þorlákshöfn	(4.100)	10.172	9.906	266	5.790	−5.524[2])	
62. Drangsnes	(150)	200	150	50	20	30	*(áætl.)
63. Garðabær	(0)	0	0	0	0	0	
64. Garður	(0)	19	82	−63	80	−143	
65. Hafnir	(0)	83	1.111	−1.028	0	−1.028	
66. Norðurfjörður	(0)	10	10	0	0	0	*(áætl.)
67. Tjörneshöfn	(15)	18	23	−5	0	−5	
68. Örlygshöfn	(0)	10	10	0	0	0	*(áætl.)
1.–68. alls =							
Allar hafnir 1985	(85.634)	455.972	260.150	195.822	104.265	91.557	
Allar hafnir 1984	(60.957)	329.882	186.841	143.041	75.969	67.072	

Ath. Niðurstöðutölur sumra hafnasjóða eru fengnar símleiðis eða skv. bráðabirgðauppgjöri.

Skýringar
1) Sbr. lánaskrá Hafnamálastofnunar og ársreikning hafnasjóða.
2) Ríkissj. greiðir vexti og afb. hjá landshöfnunum.

Ed. 661. Frumvarp til laga [368. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi gilda til 31. des. 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, eiga þau að falla úr gildi um n.k. áramót. Ljóst er að meginatriði laganna verða að gilda til frambúðar eða verða hluti af öðrum lögum. Má þar nefna skipun öldrunarmála, fyrirkomulag dvalarstofnana, ákvæði um heimaþjónustu og Framkvæmdasjóð aldraðra. Ráðuneytið hyggst fela nýskipaðri samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. laganna að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag þessara mála. Slíkar tillögur munu ekki liggja fyrir fyrr en á næsta ári og er því nauðsynlegt að framlengja gildandi lög um eitt ár eigi ekki að stefna málinu í óvissu.

Ed. 662. Frumvarp til laga [209. mál]

um sjómannadag.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. febr.)

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur sjómanna með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á undan.

Sjómannadagurinn skal vera almennur fánadagur.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskipi, sem liggur í íslenskri höfn og eigi hefur látið úr höfn fyrir kl. 12 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi, eigi heimilt að láta úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Ferjur milli lands og eyja eru undanþegnar ákvæðum 1. gr.

Strandferðaskip og sanddæluskip skulu halda höfn þar sem þau eru stödd á sjómannadag.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til skipa Landhelgisgæslu Íslands. Stjórn Landhelgisgæslunnar ber þó að sjá til þess að skipin séu í höfn ef þau hafa ekki aðkallandi verkefnum að gegna að hennar mati.

4. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

5. gr.

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.

6. gr.

Útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Brot gegn lögunum varða sektum í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 663. Fyrirspurn [369. mál]

til viðskiptaráðherra um nýtingu erlends áhættufjármagns í íslensku atvinnulífi.

Frá Gunnari G. Schram.

Munu verða settar reglur á næstunni um rýmkun á rétti manna til þess að afla erlends áhættufjármagns til fjárfestingar í íslensku atvinnulífi?

Sþ. 664. Fyrirspurn [370. mál]

til félagsmálaráðherra um einangrun húsa.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis um einangrun húsa frá 21. maí 1981?

Sþ. 665. Tillaga til þingsályktunar [371. mál]

um húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að leita nú þegar leiða til lausnar húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum.

Greinargerð.

Flestir verða einhvern tíma á ævinni fyrir því að veikjast eða að einhver þeim nákominn þurfi á læknismeðferð að halda. Slíkt er nógu erfitt í sjálfu sér þótt ekki bætist við langar fjarvistir frá heimili, húsnæðisvandi, sundrung fjölskyldu, vinnutap og margháttuð fjárútlát, m.a. vegna tvöfalds heimilishalds, barnagæslu, ferðalaga o.s.frv.

Þetta er þó því miður reynsla margra. Fyrir íbúa landsbyggðarinnar, sem þurfa að sækja sérhæfða læknisþjónustu til Reykjavíkur, í flestum tilvikum til Landspítalans, er þetta þungbær reynsla og oft mjög dýr.

Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu til þingsályktunar spurðist nýlega fyrir um það á þingi hvernig háttað væri aðstoð við foreldra veikra barna og vísast um það til fylgiskjals, en eins og sjá má af svörum heilbrigðisráðherra er slík aðstoð af skornum skammti.

Frá því þessar umræður urðu í sameinuðu þingi 27. jan. s.l. hafa ýmsir bent flutningsmönnum á að vandi af þessu tagi er síður en svo eingöngu bundinn við foreldra veikra barna, heldur getur hann einnig átt við maka eða aðra aðstandendur sjúklinga.

Þennan vanda þarf að leysa. Sumpart á að vera unnt að bæta aðstöðu þessa fólks í gegnum tryggingalöggjöfina, en ekki þarf nein lög til þess að leysa húsnæðisvanda þess. Það er hægt að gera með skömmum fyrirvara. Þar er það viljinn sem ræður.

Kanna þarf hversu marga um er að ræða til jafnaðar sem þurfa á húsnæði að halda af þessum sökum. Á grundvelli slíkrar könnunar þarf að tryggja að alltaf sé til staðar húsnæði sem aðstandendur sjúklinga geta fengið leigt á góðum kjörum svo að þeir þurfi a.m.k. ekki að vera þjakaðir af húsnæðisáhyggjum til viðbótar við alla aðra erfiðleika.

Flutningsmenn telja eðlilegt að heilbrigðisráðuneytið leiti samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga og Rauða kross Íslands um lausn þessa vanda.

Fylgiskjal.

Aðstoð við foreldra veikra barna.
(Umræður í Sþ. 27. jan. 1987.)

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Aðstöðumunur birtist okkur í ýmsum myndum í þjóðfélaginu sem við viljum þó gjarnan kenna við velferð. Ein þessara mynda hefur nýverið skýrst fyrir þeirri sem hér talar vegna þess að góð vinkona mín varð fyrir því áfalli að barnið hennar varð veikt og hefur þurft að dveljast langdvölum á sjúkrahúsi, á Landspítalanum. Sú er reyndar búsett hér í grenndinni og hefur ekki þurft að brjóta upp heimili sitt eða ferðast um langan veg til að geta verið hjá barninu sínu í veikindum þess, en hún hefur hins vegar orðið fyrir gífurlegu vinnutapi og tekjumissi og kostnaði vegna ferða þótt ekki sé lengra að fara. Heimilishald hefur vitanlega farið úr skorðum og allt er þetta til viðbótar við það tilfinningarót og sálræna álag sem fylgir alvarlegum veikindum, ekki síst þegar börn eiga í hlut.

Í gegnum alla þessa reynslu, sem nú hefur staðið í þrjá mánuði, hefur hún svo kynnst hópi barna og foreldra í svipuðum aðstæðum sem þó geta orðið miklu erfiðari og óviðráðanlegri en hér hefur verið lýst. Nokkrar mæður veikra barna, sem eru til meðferðar á Landspítalanum, hafa kynnst vel á undanförnum vikum og mánuðum og kalla sig í gamni grátkonurnar, en öllu gamni fylgir alvara og vildi ég nú heldur sæma þær heitinu hversdagshetjur. Þær hafa tekið saman nokkrar staðreyndir sem tala sínu máli. Við skulum heyra dæmi:

Fyrsta dæmið er um fimm manna fjölskyldu frá Vesturlandi. Elsta barnið, tíu ára, hefur dvalist meira og minna á sjúkrahúsi s.l. þrjú ár. Læknar mæla eindregið með því að barnið fari ekki út fyrir Reykjavíkursvæðið að vetrarlagi. Móðirin fær eftir langa leit íbúð til leigu á 20 þús. kr. á mánuði og tekur til sín yngri börnin. Faðirinn er bundinn búi heima.

Annað dæmi: Fimm manna fjölskylda frá Vestfjörðum. Yngsta barnið, eins árs, hefur dvalið á sjúkrahúsi meira og minna frá fæðingu. Fjölskyldan tekur sig upp frá heimabyggð og flyst á mölina í litla íbúð. Faðirinn fer á sjó til að geta séð fyrir sér og sínum.

Þriggja manna fjölskylda frá Norðurlandi vestra. Barnið, fimm ára, hefur dvalið á sjúkrahúsi meira og minna í sjö mánuði. Fjölskyldan flytur úr heimabyggð, leigir íbúð á 27 þús. kr., ég vek athygli á leiguupphæðinni, 27 þús. kr. á mánuði, meðan hús þeirra stendur autt heima. Þau geta ekki leigt það.

Fimm manna fjölskylda frá Norðurlandi eystra. Yngsta barnið, sjö ára, hefur dvalist á sjúkrahúsi í hálft ár. Móðirin fékk íbúð leigða í þrjá mánuði á 10 þús. kr. á mánuði og telst mjög heppin.

Fimmta dæmið er fjögurra manna fjölskylda frá Suðurlandi. Yngra barnið er eins árs. Það hefur dvalið á sjúkrahúsi meira og minna frá fæðingu og móðirin á þeytingi milli landshluta, býr hjá vinum og vandamönnum. Fjölskyldan hugleiðir að bregða búi og flytja nær borginni til að geta verið samvistum við barnið.

Hér er dæmi um fimm manna fjölskyldu frá Suðurlandi. Yngsta barnið, eins árs, hefur dvalið á sjúkrahúsi meira og minna frá fæðingu. Fjölskyldan brá búi og býr í lítilli íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

Og síðasta dæmið er um sex manna fjölskyldu frá Suðurnesjum sem er þó ekki lengra frá höfuðborgarsvæðinu en það. Yngsta barnið er þriggja ára og hefur dvalist á sjúkrahúsi s.l. þrjá mánuði og verður þar væntanlega næstu árin. Fjölskyldunni er eindregið ráðlagt af læknum að flytja nær borginni. Hún leigir íbúð á 20 þús. kr. á mánuði á meðan nýtt hús þeirra stendur autt í heimabyggð og er hvorki hægt að leigja það né selja.

Þessi upptalning er eins og gefur að skilja fjarri því að vera tæmandi. Allar þessar fjölskyldur hafa orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu þar sem mæðurnar hafa í flestum tilfellum unnið launuð störf. En eins og nærri má geta er hér um mikinn vanda að ræða og því spyr ég á þskj. 381 um aðstoð við foreldra veikra barna. Þar sem ég er komin yfir tímamörk ætla ég ekki að lesa upp þær spurningar, en vænti svars frá heilbrmrh.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvernig er háttað aðstoð við foreldra veikra barna á landsbyggðinni sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum vegna læknismeðferðar?“

1. Svarið að því er varðar almannatryggingalögin er að þau fjalla ekki um slík tilvik.
2. Heimildarákvæði eru til í reglugerð um sjúkrasjóði stéttarfélaga um styrkveitingar til félagsmanna í þessum tilfellum.
3. Kjarasamningar hafa aðeins komið inn á þessi mál en ekki þó hvað snertir langtíma fjarveru starfsmanna frá vinnu.
4. Heimilt er að veita lækkun á tekjuskattsstofni skv. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómi, er fatlað eða vangefið og er á framfæri umsækjanda og er þá tekið tillit til útgjalda umfram venjulegan framfærslukostnað. Í svipuðum tilfellum eru einnig heimilar greiðslur vegna örorkustyrks fyrir börn.
5. Sveitastjórnir um málefni fatlaðra svo og viðkomandi sveitarstjórnir hafa veitt styrki af þessu tilefni, en engar fastar reglur eru þar um.

2. liður fsp. var: „Fá foreldrarnir greiddan ferðakostnað og hvernig er þeim greiðslum háttað?“

Svarið er þetta: Samkvæmt reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands í reglugerð nr. 70/1982 telst sérstakt fargjald fylgdarmanns því aðeins ferðakostnaður sem sjúkrasamlag greiðir að sjúklingurinn sé tólf ára eða yngri eða ósjálfbjarga. Greinarmunur er gerður á endurgreiðslum vegna langra ferða annars vegar og stuttra og tíðari ferða hins vegar.

Að því er varðar langar ferðir er gert ráð fyrir því að fjallað sé sérstaklega um sjúklinga sem þurfa að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. þrisvar á tólf mánaða tímabili en tvisvar á næstu tólf mánuðum ef þörf verður á framhaldsmeðferð. Sjúklingur þarf að framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 1100 kr. en síðari ferðir að frádregnum 550 kr. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri skal miða við hann.

Að því er varðar stuttar og tíðar ferðir er þetta að segja: Sjúklingur þarf að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. átta sinnum á fjögurra vikna tímabili. Eftir fyrsta mánuðinn endurgreiðir sjúkrasamlag ⅔ hluta kostnaðar við farnar ferðir, enda sé fyrir hendi vottorð læknis með staðfestum komudögum. Síðan endurgreiðir samlag á sama hátt kostnaðinn hálfsmánaðarlega gegn framvísun læknisvottorðs. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með áætlunarbíl eða skipi á hverjum tíma, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Ef ætla má að sannanlegur ferðakostnaður sé lægri skal miða við hann. Ferðakostnaður innanbæjar með leigubíl milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar reiknast einnig til endurgreiðslu samkvæmt framlögðum skýrum kvittunum, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili né bifreið í eigu venslamanns hins sjúka.

Skv. 43. gr. almannatryggingalaganna endurgreiðir sjúkrasamlag ⅞ af einu fargjaldi fylgdarmanns sjúklings í áætlunarferð og er þá ekki sett skilyrði um aldur sjúklings heldur sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo farið að fylgdar sé þörf. Ekki er tekið sérstaklega tillit til þess hvort um foreldri sjúklings er að ræða né heldur það gert að skilyrði sérstaklega.

Í þriðja lagi var spurt: „Hafa foreldrar í eitthvert hús að venda meðan á meðferð stendur?“

Sjúkrahótel Rauða krossins hefur boðið sjúklingum utan af landsbyggðinni upp á gistingu á meðan á meðferð barns stendur. Þannig fær eitt foreldri sem fylgir barni sínu, sem er í meðferð hjá lækni eða í göngudeildarþjónustu sjúkrahúss, gistingu endurgjaldslaust, en sjúkrahótelið þiggur daggjald fyrir hjá sjúkratryggingum. Sé barnið lagt inn á sjúkrahús fellur daggjaldsgreiðslan niður og foreldrið verður þá að greiða fyrir sig sjálft. Daggjald sjúkrahótels Rauða krossins er í dag 1421 kr. Sjúkrahótelið mun flytja bráðlega í nýtt húsnæði við Rauðarárstíg þar sem 28 gistirými standa til boða eins og nú er, en forsenda fyrir þeim flutningi eða kaupum á öðru húsi fyrir sjúkrahótelið er einmitt sú að þar verði aðstaða til gistirýmis fyrir foreldra sem eru með börn sín til lækninga í borginni og það eins þó að barnið sé vistað á sjúkrahúsi ef þörfin er talin brýn að foreldrið sé nærri, eins og oft mundi að sjálfsögðu vera. Þegar barnið væri komið á sjúkrahús er gert ráð fyrir að unnt væri að hýsa foreldrið gegn vægu gjaldi. Til þess þarf þátttöku stjórnvalda og ég fyrir mitt leyti er því hlynnt að það sé gert því að mér er ljóst að hér er vandi á ferðum sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Gistiheimili Landssamtakanna Þroskahjálpar í Melgerði 7, Kópavogi, býður upp á gistirúm fyrir fjóra aðila ásamt börnum. Árið 1985 var um 2000 gistinætur að ræða á þessu heimili. Foreldrum er veitt ókeypis gisting meðan á meðferð stendur og eins þótt barnið sé lagt inn á stofnun meðan húsnæði leyfir. Gistiheimilið er kostað af félmrn.

Að tilstuðlan samtakanna Samhjálp foreldra gáfu kvenfélagið Hringurinn, Rauði krossinn og Krabbameinsfélag Íslands ríkisspítulunum tveggja herbergja íbúð við Leifsgötu 5 í Reykjavík þar sem fyrirhugað er að hafa gistiaðstöðu í lengri eða skemmri tíma fyrir aðstandendur tveggja barna með illkynja sjúkdóma. Ríkisspítalarnir munu annast rekstur íbúðarinnar, en greiðslur fyrir afnot af íbúðinni eru enn óákveðnar, en stefnt er að því að þeim verði mjög stillt í hóf ef þær verða þá einhverjar.

Ljóst er að margt er enn ógert í þessum efnum. Margir foreldrar veikra barna svo og þeir sem koma til Reykjavíkur af landsbyggðinni til að leita sér lækninga eiga oftast nær ekki í önnur hús að venda en hjá vinum og ættingjum eða þá í húsnæði sem þeir taka sjálfir á leigu meðan á meðferð stendur. Í nokkrum tilvikum hefur ráðuneytið haft milligöngu með að útvega húsnæði og þá hefur oft verið leitað samkomulags við félagsmálastofnanir, annaðhvort hér í Reykjavíkurborg eða þá á höfuðborgarsvæðinu, og það í sumum tilfellum tekist og öðrum ekki.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Mér virðist ljóst af svörum hennar að því miður taka ekki lög né neinar reglur á þessum vanda í raun og veru og er fjarri því að nóg sé að gert. Ég kannast við þá kosti sem hæstv. ráðh. nefndi og ég held að það sé afskaplega ljóst, það er það a.m.k. í mínum huga, að þeir duga ekki, duga engan veginn. Ég náði reyndar ekki nákvæmlega skýringum hennar á því hvaða kostir foreldrum bjóðast vegna ferðalaga, en samkvæmt upplýsingum sem ég hef eru ferðir foreldris til og frá heimabyggð ekki greiddar fyrr en farnar hafa verið, ja, ég hélt að það væru þrjár ferðir, mér heyrðist hæstv. ráðh. segja tvær ferðir fram og til baka, þannig að það þarf alla vega að leggja töluvert út fyrir fram. Það er í mínum huga ljóst að þetta er ekki fullnægjandi því að auk angistar vegna veikinda barna sinna, tvístraðra fjölskyldna, öryggisleysis samfara búferlaflutningum o.fl. þurfa þessir foreldrar að fást við mikinn fjárhagsvanda. Það kemur oft til dagvistunar systkina veika barnsins svo að móðirin geti dvalið á spítalanum og kostnaður við það er talsverður. Ég veit um dæmi þess að móðir búsett úti á landi hefur ekki farið heim til sín í þrjá mánuði vegna þess að hún hafði ekki efni á því að lána ríkinu fargjaldið.

Það er húsnæðisvandinn sem er verstur fyrir þetta fólk og það voru mér nokkur vonbrigði að heyra ekki um nein stórhuga áform um að taka á þeim vanda. Mæður utan af landi hafa oft búið hjá vinum og vandamönnum og það sjá allir að það gengur ekki til lengdar.

Alþm. utan af landi kannast við þann vanda sem er samfara tvöföldu heimilishaldi og miklum ferðalögum heiman og heim. Fjármálayfirvöld sýna því skilning og greiða þann kostnað. Ég held að það minnsta sem við gætum gert væri að reyna að leysa húsnæðisvanda þessa fólks, þ.e. foreldra veikra barna. Ég held að það væri ráð að ríkið eða ríkisspítalarnir og sveitarfélög sameinuðust um íbúðir í Reykjavík sem væru leigðar fyrir rekstrarkostnaði og leigðu þetta fjölskyldum utan af landi. Þetta er ekki kröfuhart fólk. Það biður ekki um lúxus heldur öryggi. Í mörgum tilvikum gætu mæður veikra barna sameinast um íbúð því að sá stuðningur sem þær geta veitt hver annarri er mikilvægari en fermetrafjöldi.

Að lokum vildi ég upplýsa þingheim um að það er ekki nóg með það að foreldrar veikra barna verði fyrir fjárútlátum, óþægindum og tekjutapi heldur leggja þeir mikla vinnu af mörkum á sjúkrahúsunum sem munar um í þeim alvarlega skorti á starfsfólki sem þar ríkir. Ég skora á hæstv. heilbrmrh., sem ég held að hafi skilning á þessu máli, að kanna þetta betur og finna lausn bæði nú þegar og til frambúðar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft mikilsverðu máli sem ástæða er til að gefa betri gaum en gert hefur verið. Ég held að ljóst megi vera af orðum hæstv. heilbrmrh. að þetta rúmast ekki innan almannatryggingalöggjafarinnar sem við búum við. En það er eigi að síður mjög stórt skarð sem höggvið er í afkomu einstakra fjölskyldna í landinu. Kannske er það ekki stór upphæð á landsvísu og í slíku góðæri sem við Íslendingar erum nú taldir búa við ætti þjóðinni ekki að verða það um megn að kippa hér í liðinn. Þetta er mjög breytilegt eftir því hvar fólk er búsett á landinu. Það eru stærri skörð sem þetta heggur í afkomuna hjá fólki sem á heima úti á landsbyggðinni en í nágrenni Reykjavíkur þó skarðið sé alltaf stórt.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. minntist á sjúkrasjóði stéttarfélaga og kjarasamninga stéttarfélaga. Ég er þeirrar skoðunar að launafólk eigi ekki að þurfa að kaupa sér rétt af því tagi sem hér um ræðir í sjúkrasjóði síns stéttarfélags eða stéttarfélögin sjálf. Hér á samfélagið að sjálfsögðu að koma til skjalanna og borga það sem þarf að borga, en ekki vera að kaupa þetta í gegnum launasamninga með einum eða öðrum hætti.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langaði í þessu mikilvæga máli að biðja ráðherra að svara aðeins ítarlegar. Hún benti á tvo kosti. Annar er húsnæði á Leifsgötu sem hefur verið gefið. Mig langaði að spyrja nánar um hvenær það húsnæði kemst í gagnið og hverjum ber það hlutverk að innrétta eða fullgera það húsnæði þannig að það verði íbúðarhæft. Í öðru lagi nefndi hún þær umbreytingar sem eiga að verða á því húsi sem áður var Hótel Hof og Rauðakrossheimilinu er ætlað að flytja í. Hvenær er áætlað að það hús verði tilbúið?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. þm. hefur borið fram sjálfstæðar fsp. um gang byggingarframkvæmda á tveimur stöðum í bænum. Það eru vissulega byggingarframkvæmdir sem koma þessu máli við. En fsp. er þess eðlis að ég tel að það verði að koma sjálfstæð fsp. um þetta atriði og ég skal afla þessara upplýsinga. En svör við þessum spurningum fela ekki í sér beint svar við þeirri fsp. sem hér liggur fyrir á þskj. og ber að svara samkvæmt þingsköpum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég er ekki sammála hæstv. ráðh. Mér finnst þessi ítrekun hv. 3. landsk. þm. koma í mjög eðlilegu samhengi við þessa umræðu.

Nd. 666. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Halldór Blöndal.

Alþingi, 18. febr. 1987.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Pétur Sigurðsson.	Gunnar G. Schram.	Guðmundur Einarsson.

Nd. 667. Frumvarp til laga [213. mál]

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. febr.)

1. gr.

Leyfi samgönguráðuneytisins þarf til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri.

Leyfi þarf og til að hafa á hendi reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma þrjá til átta farþega.

Með reglubundnum fólksflutningum er í lögum þessum átt við fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess.

Með óreglubundnum fólksflutningum er átt við aðra fólksflutninga en reglubundna.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. eru þrenns konar:

1. Sérleyfi felur í sér leyfi til reglubundinna fólksflutninga.
2. Leyfi til hópferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess.
3. Leyfi til sætaferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga á ákveðinni leið þar sem seld eru einstök sæti.

3. gr.

Leyfi þarf ekki til ferða með starfsfólk að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda með eigin bifreiðum hans og til aksturs skólabarna úr og í skóla.

4. gr.

Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi sérleyfishafa og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn og greiðist þóknun hennar úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

a. Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.
c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a-lið, séu til þess rökstuddar ástæður að mati skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, veitt sérleyfi til skemmri tíma en fimm ára en þó aldrei skemur en til eins árs í senn.

Enn fremur er heimil endurskoðun b- og c-liða svo oft sem þurfa þykir.

Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

Við veitingu sérleyfis til nýs aðila er ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda sérleyfið því skilyrði að hinn nýi sérleyfishafi skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi sérleyfisleið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

6. gr.

Skipulagsnefnd skal gera tillögur til samgönguráðherra um veitingu réttinda til hópferðaaksturs.

Réttindi skulu hljóða á nafn eiganda bifreiðar eða bifreiða. Tilgreina skal skráningarnúmer, stærð, gerð og aldur bifreiðar. Bifreið, sem hópferðaleyfi hefur verið gefið út fyrir, má eingöngu nota til fólksflutninga meðan leyfið gildir.

Við veitingu slíkra leyfa í fyrsta sinn skulu þau gilda í eitt ár. Við endurveitingu mega leyfin gilda í allt að fimm ár.

Hópferðaleyfi skulu gefin út af samgönguráðuneytinu og eru óframseljanleg.

Sérleyfi til fólksflutninga skv. 5. gr. gildir jafnframt sem hópferðaleyfi án sérstakrar umsóknar.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni frá heildarsamtökum eigenda hópferðabifreiða og/eða sérleyfishafa að setja með reglugerð ákvæði um starfsemi og fjölda bifreiða til hópferðaflutninga, enda liggi fyrir rökstutt álit skipulagsnefndar fólksflutninga.

Þeir hópferðaleyfishafar, er hópferðaleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði fá endurveitingu ef þeir sækja um hana og hafa áður rækt hópferðastarfsemi sína vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

7. gr.

Að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við ferðafólk, leyfi til að auglýsa eða starfrækja sætaferðir þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Bifreiðar, sem notaðar eru til slíkra ferða, skulu hafa hóp- eða sérleyfisréttindi. Um gildistíma slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við skipulagsnefnd.

Umsóknir skulu vera skriflegar þar sem tilgreind er starfsemi þess sem sækir um leyfið og rökstudd nauðsyn slíkra ferða í tengslum við hana. Enn fremur skal tilgreina fyrirhugaðar leiðir, brottfararstaði, brottfarartíma, ferðatíðni og annað er máli skiptir.

Setja skal reglur um hvaða skyldur slíkir leyfishafar skulu uppfylla.

Við umfjöllun beiðnanna skal skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði.

8. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins sem áður hefur verið veitt sérleyfi til og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Einkaleyfi skv. 2. mgr. gildir jafnt þótt akstur strætisvagna samkvæmt því nái til nærliggjandi sveitarfélaga.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga að binda einkaleyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

9. gr.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

10. gr.

Brjóti leyfishafar á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga, að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 29 23. mars 1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Ed. 668. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á tveimur fundum og fengið til viðtals herra Pétur Sigurgeirsson biskup, séra Ólaf Skúlason dómprófast og Þorleif Pálsson deildarstjóra. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur það verið alllengi í smíðum og er vandlega undirbúið. Af hálfu kirkjunnar manna, flestra, er lögð áhersla á að frumvarpið verði að lögum og hefur kirkjuþing mælt með því.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. febr. 1987.

Árni Johnsen, varaform., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Magnús H. Magnússon.

Ed. 669. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (ÁJ, SDK, SalÞ, EKJ, ÁRJ, MHM).

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra.
2. Við 6. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ráðherra veitir þeim embættið sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups.
3. Á eftir 22. gr. komi **ákvæði til bráðabirgða** er orðist svo:
   Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Sþ. 670. Fyrirspurn [372. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um geðheilbrigðismál.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður ráðstöfunum til úrbóta í geðheilbrigðismálum, sbr. ályktun Alþingis frá 7. maí 1981?

Hver eru brýnustu verkefni í geðheilbrigðismálum að mati ráðuneytisins?

Sþ. 671. Fyrirspurn [373. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stefnumörkun í áfengismálum.

Frá Helga Seljan.

Hvað hyggst ráðherra gera til að hrinda í framkvæmd tillögum nefndar sem fjallaði um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum og skilaði áliti í janúarbyrjun s.l.?

Sþ. 672. Fyrirspurn [374. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður störfum nefndar um úrbætur í fangelsismálum og hver eru áform ráðuneytisins hvað varðar þennan málaflokk?

Ed. 673. Frumvarp til laga [273. mál]

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. febr.)

Samhljóða þskj. 479 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1989.

Ed. 674. Nefndarálit [316. mál]

um frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um frumvarpið. Til viðræðna við nefndina komu fulltrúar frá Flugleiðum, Arnarflugi, Flugfélagi Norðurlands, Flugfélaginu Erni Ísafirði,

Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, samgönguráðuneytinu, Olíufélaginu hf.; enn fremur Pétur Guðmundsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, Ásgeir Einarsson, skrifstofustjóri Keflavíkurflugvallar, og Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur. Einnig sátu fund nefndarinnar Pétur Einarsson flugmálastjóri og Jóhann Jónsson skrifstofustjóri.

Skriflegar umsagnir bárust frá eftirgreindum aðilum: Arnarflugi, Flugleiðum, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar.

Þær breytingar á frumvarpinu, sem nefndin flytur tillögur um, varða einkum fjáröflun til framkvæmda. Lagt er til að í stað eldsneytisgjalds skv. 5. gr. frumvarpsins verði sérstakt gjald lagt á olíufélögin. Að frumvarpinu óbreyttu hefði 5. gr. þess hugsanlega stangast á við gildandi samninga milli ríkja.

Þá er til samræmis við gildistöku laganna gerð tillaga um breytingu á 17. gr. frumvarpsins þar er lagt til að ný gjaldtaka í formi flugvallagjalds og sérstaks gjalds komi til framkvæmda 1. júlí n.k. Þessi gjöld verði innheimt af flugmálastjórn og þeim tekjum verði varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun. Sá hluti flugvallagjalds, sem innheimtur er samkvæmt fjárlögum, færist til flugmálastjórnar 1. janúar 1988 og verði þá markaður tekjustofn til flugmálaáætlunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 23. febr. 1987.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Árni Johnsen.	Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 675. Breytingartillögur [316. mál]

við frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þeir sem selja flugvélabensín og þotueldsneyti á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs skulu greiða af því sérstakt gjald. Gjald þetta skal nema 1,30 kr. af hverjum lítra flugvélabensíns og 0,65 kr. af hverjum lítra þotueldsneytis.
   Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs.
   Eldsneyti til áætlunarflugs milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.
3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Sérstakt gjald skv. 5. gr. og flugvallagjald skv. 8. og 9. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi, allt að þeirri hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986, þ.e. 250 stig.

4. Við 16. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:
   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.
5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og 18/1980, um breytingu á þeim.
6. Á eftir 17. gr. komi **ákvæði til bráðabirgða** svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga þessara skal ráðstöfun tekna vegna flugvallagjalds á fjárlögum ársins 1987 standa óbreytt. Hækkun flugvallagjalds skv. 9. gr., sem nemur 82 kr. á hvern farþega, skal renna til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun, sbr. 14. gr. laga þessara.

Sþ. 676. Tillaga til þingsályktunar [375. mál]

um að fela menntamálaráðherra að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, frá 3. janúar og 2. apríl 1986.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Helgadóttir,
Ragnar Arnalds, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. janúar og 2. apríl 1986, þannig að þau ákvæði sem áður giltu um útreikning á framfærslukostnaði námsmanna taki gildi að nýju.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að gera ráðstafanir með aukafjárveitingum og lántökum til að tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, út árið sem er að líða.

Greinargerð.

Hliðstæð tillaga var flutt seint á síðasta þingi, þegar ljóst var að ekkert yrði í það sinn úr áformum um breytingar á námslánalöggjöfinni, en varð ekki útrædd.

Nú tæpu ári síðar er staðan að því leyti til svipuð að útséð er orðið um að þær breytingar á lögum um námslán og námsstyrki, sem menntamálaráðherra hefur boðað með stórum orðum, nái fram að ganga, og er það skoðun flutningsmanna að farið hafi fé betra. Vinnubrögð öll í þessu máli hafa verið með því ógæfulegasta sem sést hefur hjá ríkisstjórninni eða einstökum ráðherrum hennar og er þá langt til jafnað. Flutningsmenn leggja á það áherslu nú sem fyrr að eigi að breyta lögum um námslán á að undirbúa það í sem víðtækustu samráði við alla aðila og hvergi að rasa um ráð fram í svo viðkvæmu máli sem ræður afkomu þúsunda og aftur þúsunda ungs fólks og fjölskyldna þeirra.

Áhrif reglugerðarbreytinganna frá s.l. ári eru þau að lán til námsmanna innanlands eru nú u.þ.b. 15–20% lægri en þau ættu að vera ef ákvæði laga um lán til eðlilegrar framfærslu námsmanna væru virt, og til námsmanna erlendis er ekki fjarri lagi að lánin hafi verið skert um 12–15% að meðaltali. Fullt námslán til einstaklings í námi hér innanlands er nú 22 350 kr. á mánuði sem er 4–5 þúsund kr. lægra en lágmarkslaun í landinu. Ein helsta röksemd þeirra sem stóðu fyrir árásunum á námslánin á síðasta ári var sú að lán gætu verið hærri en lægsta kaup og slíkt mætti ekki viðgangast. Nú hefur þetta eftir síðustu kjarasamninga snúist algerlega við, og þó það sé skoðun flutningsmanna að námslán eigi eðli sínu samkvæmt að miða við raunverulegan framfærslukostnað námsmanna er enn frekari ástæða nú en áður til að afnema skerðingu námslánanna frá s.l. ári.

Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð þegar hún var flutt á síðasta þingi og er hún í öllum aðalatriðum í fullu gildi:

Með útgáfu reglugerðar 3. janúar s.l., sem skerti námslán, var högum námsmanna raskað á miðju skólaári þvert ofan í fyrri yfirlýsingar ráðamanna, þar á meðal menntamálaráðherra, um annað. Það er nú ljóst að ekkert verður úr fyrirhuguðum lagabreytingum sem menntamálaráðherra hafði boðað og jafnframt að hann hyggst ekki nema úr gildi skerðingarákvæði reglugerðar frá 3. jan. s.l.

Þvert á móti var með útgáfu viðbótarreglugerðar 2. apríl s.l. reynt að sníða mestu agnúana af fyrri reglugerð, sem ráðherra var reyndar þegar bent á á Alþingi er það kom saman eftir áramót, og fólust í því að skerðingin kom mjög misjafnt við námsmenn eftir námslöndum og þróun ýmissa gjaldmiðla.

Ljóst er að Lánasjóður íslenskra námsmanna er að fara gegnum árabil í sögu sinni þar sem útgjöld eru mikil og hafa verið vaxandi á sama tíma og tekjur eru enn litlar. Þetta stafar af nokkrum samverkandi orsökum en þær helstu eru að stærstu árgangar Íslandssögunnar eru nú að ganga gegnum framhaldsskólakerfið, fleiri fara í langskólanám en áður og nemendur í fleiri greinum framhaldsnáms njóta nú lánsréttar. Þessi mikla fjölgun viðskiptavina sjóðsins er enn að mjög litlu leyti tekin að skila til baka auknum tekjum eðli málsins samkvæmt.

Síðast en ekki síst má ekki gleyma að fyrst nú eru afborganir af verðtryggðum námslánum teknar að skila sér og hertar endurgreiðslureglur aðeins að litlu leyti farnar að virka.

Það er því ljóst að svo fremi sem fjárhagsstöðu sjóðsins verði ekki með skammsýni stefnt í voða með óhagstæðum lántökum, er mikil fjárþörf sjóðsins nú um nokkurt árabil tímabundin, og því bæði óheppilegt og óréttlátt að láta námsmenn nú gjalda þess sérstaklega.

Það er því skoðun flutningsmanna að rétt sé að starfrækja sjóðinn áfram með svipuðum hætti og gert hefur verið undanfarið og skyndilegar og lítt hugsaðar breytingar á borð við þær, sem menntamálaráðherra hefur nú gripið til með reglugerðarbreytingum, séu fráleitar.

Um hitt er ekki ágreiningur að eðlilegt og þarft geti verið að fara yfir og endurskoða lög og reglugerðir um námslán og námsstyrki. Einnig væri þarft að gera vandaða úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins nú og spá um þróun þeirra mála þannig að yfirlit fengist yfir væntanlega fjárþörf sjóðsins nokkuð fram í tímann.

Þau vinnubrögð, sem Sverrir Hermannsson, núverandi menntamálaráðherra, hefur viðhaft við endurskoðun laga og reglugerðar um Lánasjóðinn, eru fráleit. Nauðsynlegt er að unnið sé að þessum málum með sem víðtækustu samstarfi námsmannahreyfinganna, Lánasjóðsins, ráðuneytis og Alþingis og leitað samstöðu um allar aðgerðir í málinu.

Hvað varðar kostnað af samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, er ljóst að hann er verulegur miðað við gildandi fjárlög og framlög ríkisins á þeim til Lánasjóðsins. Þann kostnað verður ríkissjóður að bera en benda má á að taka hagnað Seðlabanka Íslands og hlut ríkisins í arðgreiðslu Landsvirkjunar hf. til ráðstöfunar í þessu skyni. Þá mætti draga úr fjáraustri til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og skera niður fjárveitingar til aukningar á starfemi hernaðardeildar utanríkisráðuneytisins.

Þá eru flutningsmenn og reiðubúnir til að ræða sérstaka skattheimtu, svo sem á bankastarfemi, stóreignamenn og fjármagnstekjur til fjáröflunar í þessu skyni.

Fyrst og fremst er þó tillaga þessi flutt til að koma í veg fyrir að gerræðislegar skyndiákvarðanir raski högum námsmanna og tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Sþ. 677. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Skúli Alexandersson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar þannig að slíkar áætlanir fyrir einstaka landshluta og landið allt falli eðlilega saman í eina heild.

Stuðlað verði að samræmingu flutninga og flutningaleiða á landi, sjó og í lofti með opinberri stefnumörkun sem jafnframt taki mið af áformum um meiri háttar mannvirkjagerð, þróunarforsendum atvinnulífs og byggðasjónarmiðum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur talsvert verið unnið að áætlunum til lengri eða skemmri tíma á sviði samgöngumála og við meiri háttar mannvirkjagerð. Má í því sambandi benda á langtímaáætlun í vegagerð, áætlun um uppbyggingu hafna, lagasetningu um röð virkjana, áætlanir af ýmsu tagi fyrir einstök landsvæði og nú síðast tillögur nefndar um uppbyggingu flugsamgangna. Á síðasta þingi var vísað til ríkisstjórnarinnar tillögu um gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð og rætt hefur verið um nauðsyn þess að skipuleggja markvisst og byggja upp samgöngur á sjó innan fjarða og umhverfis landið.

Tvímælalaust er slík áætlanagerð og stefnumörkun fram í tímann af hinu góða fyrir viðkomandi málaflokk. Hitt er lakara ef enginn aðili hefur með höndum það hlutverk að hafa yfirsýn yfir og samræma eftir föngum mismunandi þætti samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar. Auðvelt er að tína til dæmi um það hvernig t.d. samgöngubætur geta breytt öllum aðstæðum í atvinnulífi, byggðamálum og við mannvirkjagerð. Þannig geta stutt jarðgöng, sem breyta illfærum fjallvegi eða stórhættulegum skriðum í þægilega bæjarleið, gerbreytt möguleikum til uppbyggingar flugvalla eða við hafnargerð. Ákvörðun um stórvirkjun eða hliðstæða framkvæmd getur sjálfkrafa falið í sér úrbætur á viðkomandi svæði í samgöngumálum. Ein brú yfir árós getur gerbreytt aðstæðum í hafnargerð á viðkomandi strandlengju. Uppbygging vel búins flugvallar getur opnað alveg nýja möguleika til útflutnings á ferskum matvælum frá viðkomandi landshluta og svo má áfram telja.

Jafnvel þótt ljóst sé að stefnumörkun, áform og áætlanir liggi ætíð að einhverju leyti inn í óvissa framtíð hlýtur að teljast skynsamlegt að huga að samhengi hlutanna eftir því sem kostur er. Miklum fjármunum er, eða a.m.k. þyrfti, að ráðstafa til samgöngumála og margs konar mannvirkjagerðar og því veruleg verðmæti í húfi ef samræming af því tagi sem hér er fjallað um getur leitt til betri nýtingar og sparnaðar.

Ástæðulaust er að fjölyrða hér um vinnubrögð við slíka heildarskoðun eða samræmingu þessara mála, enda slíkt best komið í höndum þeirra sérfróðu aðila sem falið yrði að vinna starfið. Næsta sjálfgefið er að leita samstarfs við helstu stofnanir hins opinbera á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar og auk þess aðstoðar sérfróðra aðila hjá Byggðastofnun, Háskóla Íslands og víðar. Nefna má í þessu sambandi að í ýmsum nálægum löndum, þar með talið annars staðar á Norðurlöndunum, hefur verulegt starf verið unnið á þessu sviði sem líta má til.

Þess má geta að á árunum 1978–79 var nokkuð hugað að þessum málum.

Í samstarfsyfirlýsingu Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks um stjórnarmyndun, sem gefin var út af forsætisráðuneytinu í ágúst 1978 segir í lið 3.7. samgöngumál:

„Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið í heild og einstaka landshluta, þar sem samræmdir verði flutningar á landi, sjó og í lofti. Sérstakt átak verði gert til að leggja bundið slitlag á aðalvegi og til endurbóta á vegum í strjálbýli. Áhersla verði lögð á að leysa samgönguerfiðleika staða, sem eiga af þeim sökum við vanda að glíma í framleiðslu, svo og í félagslegum samskiptum."

Ragnar Arnalds, þáverandi samgönguráðherra, setti á fót nefnd, „samgönguáætlunarnefnd", í byrjun febrúar 1979 til að, eins og segir í skipunarbréfi skrifstofustjóra samgönguráuneytisins, Ólafs S. Valdimarssonar:

„Gera samgönguáætlanir fyrir landið í heild og einstaka landshluta þar sem samræmdir verði flutningar á landi, sjó og í lofti.

Verkefni nefndarinnar er skipulag samgangna á breyttum grundvelli, þar á meðal að fjalla um umferðamiðstöðvar, hópferðir og sérleyfi í samgöngukerfinu, tengsl landflutninga við flutninga á sjó og í lofti og endurskoða núgildandi löggjöf um þessi efni."

Nefndin starfaði talsvert á árinu 1979 og hélt þrettán bókaða fundi en virðist svo hafa dagað uppi, eða *„orðið úti"* ef svo má að orði komast í sviptingum stjórnmálanna síðla árs 1979 eða í upphafi árs 1980 og verður ekki séð að máli þessu hafi verið sinnt að ráði síðan.

Nokkur hætta er á því að menn bresti kjark til að ráðast í verkefni af því tagi sem hér er rætt um af ótta við að það vaxi þeim yfir höfuð og verði óviðráðanlega viðamikið. Í því sambandi er rétt að undirstrika að hér er um samræmingarverkefni að ræða, að skoða allar fyrirliggjandi áætlanir í samhengi, að meta hvar þörf er á gagnasöfnun, úrvinnslu eða frekari áætlanagerð og hvar ekki. Með slíkan bakgrunn ættu sérfróðir aðilar að vera betur búnir en ella til að gefa stjórnvöldum ráð til skynsamlegrar og heildstæðrar stefnumörkunar á þessu sviði.

Að lokum er rétt að minna á að fáir hlutir hafa jafnmikil áhrif á þróun hins mannlega samfélags eins og samgöngur. Einnig þess vegna er sérstaklega nauðsynlegt að horfa til samhengis hlutanna á þessu sviði og reyna að tryggja farsælt samspil sem flestra þátta samgangna og annarrar mannvirkjagerðar í þágu lands og þjóðar.

Nd. 678. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vitamál, nr. 56/1981.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal og Karvel Pálmason.

Alþingi, 24. febr. 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. — Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr. — Eggert Haukdal.

Stefán Guðmundsson. — Davíð Pétursson.

Sþ. 679. Tillaga til þingsályktunar [377. mál]

um nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Kolbrún Jónsdóttir, Magnús H. Magnússon, Guðmundur Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nýja stefnu í heilbrigðismálum sem grundvallist á eftirfarandi:

I. stórauknum forvörnum, heilsuvernd og sjúkdómaleit þar sem meginmarkmiðið verði víðtækt forvarnarstarf til að stemma stigu við sjúkdómum og slysum, svo og fræðslustarf um ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu,
II. aukinni áherslu á að nýta nýjustu tækni og framfarir í vísindum til að efla sérhæfðar lækningar,
III. víðtækum heilbrigðisþjónustu-rannsóknum til að bæta skipulag og rekstur heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu.

Ný stefnumörkun í heilbrigðis- og heilsuverndarmálum í samræmi við ofangreind markmið nái til eftirfarandi þátta:

1. Lög verði sett um stefnu í heilsuverndarmálum með forvarnarstarf að meginmarkmiði.
2. Rannsakað verði og skilgreint hvar grunnorsakir sjúkdóma liggja, svo og orsakasamhengi milli sjúkdóma og þeirra þjóðfélagshátta, efnahagslegra og félagslegra, sem áhrif hafa á velferð og afkomu fólks.
3. Heilbrigðisþjónusta og félagsleg þjónusta utan stofnana verði aukin, m.a. með öflugri heimilisþjónustu og bættri heimahjúkrun fyrir aldraða og öryrkja.
4. Skólakerfið verði sérstaklega nýtt til kennslu í heilsuverndarmálum og slysavörnum þannig að fólk sé hvatt til meiri ábyrgðar á eigin heilsufari. Skólastefnan taki í auknum mæli mið af hlutverki skólanna í heilbrigðisuppeldi ungu kynslóðarinnar þannig að lykilhlutverk skólakerfisins í allri framþróun heilsufarsmála sé viðurkennt.
5. Skipulögð verði fræðsla um forvarnar- og heilsuverndarmál í fjölmiðlum.
6. Aukinn verði stuðningur við félagasamtök sem vinna að viðurkenndu forvarnarstarfi í heilbrigðismálum.
7. Þjónustumarkmið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa verði endurskoðuð og skilgreind betur í samræmi við nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum.
8. Fjármögnunarleiðir í heilbrigðismálum verði endurskipulagðar með það að markmiði að saman fari ákvörðunarvald, stjórn og fjárhagsleg ábyrgð. Einnig verði kannað hvernig unnt er að einfalda greiðsluleiðir í rekstri heilbrigðisþjónustunnar. Skipulögð verði rekstrarleg ábyrgð einstakra deilda innan sjúkrahúsa.
9. Heildaráætlun verði gerð um líklega þróun og framtíðarhorfur í heilbrigðis- og heilsufarsmálum.

Jafnframt verði hafnar víðtækar heilbrigðisþjónustu-rannsóknir til að stuðla að bættri ákvarðanatöku um skipulag og rekstur heilsugæslu- og sjúkrahúsþjónustu. Rannsakað verði m.a.:

- tengsl þjónustu utan og innan sjúkrahúsa með hliðsjón af áhrifum á framgang heilsuverndarmála.
- helstu tilefni innlagna á sjúkrahús og hvernig draga megi úr þeim með bættri þjónustu utan sjúkrahúsa,

- hvaða leiðir eru helst færar til að draga úr löngum biðlistum á ýmsar deildir sjúkrahúsanna, svo sem bæklunardeildir,
- hvort draga megi úr kostnaði við ákveðna þætti heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa með því að nýta betur forvarnir og heilsugæsluþjónustu bæði á sviði sérfræðiþjónustu og almennra lækninga, þar með taldar tannlækningar,
- fyrirkomulag og verðmyndun í lyfjasölu með það að markmiði að ná fram meiri hagkvæmni og draga úr lyfjakostnaði og stemma stigu við lyfjanotkun,
- rekstrarþættir sjúkrahúsa, þar með talið hvernig dreifing launakostnaðar er innbyrðis milli heilbrigðisstétta, með hliðsjón af hagkvæmni í rekstri,
- hvernig samnýta megi sérhæfðan tækjabúnað sjúkrahúsa, koma á bættri verkaskiptingu milli sjúkrahúsa og bættu skipulagi sjúkrahúsþjónustunnar í landinu almennt.

Greinargerð.

Ný viðhorf eru nauðsynleg í heilbrigðismálum. Þau markmið, sem stefna ber að, eru *mótun nýrrar heilbrigðisstefnu* sem hvort tveggja í senn fæli í sér leiðir til að bæta heilsufar þjóðarinnar og stuðlaði að meiri hagkvæmni í útgjöldum til heilbrigðismála. Ný heilbrigðisstefna felur í sér nýja sókn til að tryggja betra líf með bættri heilsu.

Á undanförnum áratugum hafa útgjöld til heilbrigðismála vaxið hröðum skrefum. Um 10% af vergri þjóðarframleiðslu er nú varið til þeirra mála.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í sjúkrahúsþjónustu og er fjöldi sjúkrarúma hér á landi á hvern íbúa með því hæsta sem gerist ef treysta má tölfræðilegum upplýsingum og samanburðargildi þeirra við sams konar erlendar upplýsingar. Sama má segja um vistrými fyrir aldraða. Þrátt fyrir langa biðlista á stofnanir aldraðra eru vistrými hér hlutfallslega fleiri en gengur og gerist meðal nágrannaþjóða. Skýringa má m.a. leita í því að hjá nágrannaþjóðunum hefur meira verið lagt upp úr aðgerðum til að koma í veg fyrir stofnanavist, svo sem með víðtækri heimilishjúkrun og heimaþjónustu fyrir aldraða. Hér vantar líka betra skipulag á öldrunarþjónustu og samræmt mat á vistunarþörf á stofnunum.

Þótt heilsugæslustöðvum hafi víða verið komið á fót hefur vaxandi hluti fjármagns til heilbrigðismála, eða um 75–80%, runnið til rekstrar sjúkrahúsþjónustu. Meiri áhersla hefur verið lögð á meðferð sjúkdóma fremur en forvarnarstarf. Á því sviði hefur ríkt hálfgert máttleysi.

Auk þessa hefur kostnaður vegna sérfræðiþjónustu vaxið gífurlega þó að talið sé að heimilislæknar geti sinnt 75–80% þeirra sem þurfa að leita sér læknisaðstoðar.

Samkvæmt skýrslu Þjóðhagsstofnunar hafa heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1950–1980 rúmlega nífaldast miðað við fast verð.

Innlagnir á sjúkrahús hafa einnig margfaldast. Innlagnir á öll sjúkrahús landsins höfðu fimmfaldast á árinu 1982 frá því sem var á árinu 1952. Á sama tíma fjölgaði íbúum hér á landi um 58%. Lyfjakostnaður hefur meira en tvöfaldast á s.l. 10 árum og nema útgjöld almannatrygginga vegna lyfja yfir 1000 milljónum króna. Þá er ótalinn hluti sjúklinga í lyfjakostnaði, lyfjakostnaður sjúkrahúsa og lyf sem ekki eru lyfseðlaskyld. Tannlæknakostnaður hins opinbera hefur einnig aukist margfalt á undanförnum árum. T.d. hefur þessi kostnaður vegna íbúa í Reykjavík fimm- til sexfaldast frá árinu 1974.

Margt bendir einnig til þess að fjármögnunarleiðir heilbrigðismála stuðli ekki að hagkvæmni, en fjármögnun til heilbrigðismála er margþætt og greiðsluleiðir fjölmargar. Mikið vantar á að saman fari ákvörðunarvald og stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð.

Þá ber einnig að leggja áherslu á það í þessu sambandi að það skipulag heilbrigðisþjónustu, sem er fjárhagslega hagkvæmast — aukin heilsugæsla og forvarnir — gefur einnig mestan ávinning í heilsufarsefnum.

Samfara þeirri þróun, sem hér hefur verið lýst, hefur sú skoðun verið ríkjandi að heilsufar Íslendinga fari batnandi. Til grundvallar því eru aðallega lagðar vaxandi ævilíkur og minnkandi ungbarnadauði.

Uppbygging sjúkrahúsaþjónustunnar og aukin umsvif og útgjöld í heilbrigðisþjónustu þurfa ekki að jafngilda betra heilsufari þjóðarinnar, þó að nútímalæknavísindi hafi haft þau áhrif að lengja líf manna og lífslíkur þeirra sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum. Frekar má áætla að meiri þjónustuþörf og mikill vöxtur heilbrigðisþjónustunnar bendi til verra heilsufars. Það er mat margra að upplýsingar um heilsufar séu alls ónógar og því byggist skoðun um gott heilsufar Íslendinga fremur á ágiskunum heldur en á niðurstöðum beinna rannsókna um þau mál. Þess vegna er það nauðsyn að auka upplýsingasöfnun varðandi alla þætti heilbrigðismála og efla rannsóknir. Með úrvinnslu upplýsinga, sem safnað er skipulega, gefst kostur á að meta einstaka þætti og skipuleggja heilbrigðisþjónustuna.

Því hefur verið haldið fram, m.a. af landlækni, að beinn kostnaður vegna heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu sé mun minni en óbeinn kostnaður. Er þar vitnað til niðurstöðu rannsókna á Norðurlöndum þar sem fram kemur að óbein útgjöld, þ.e. kostnaður vegna sjúkdóma og vanheilsu, sem stafar af fjarvistum úr vinnu vegna sjúkdóma, örorku og dauða fyrir aldur fram, sé mun meiri en beinn kostnaður. Hið síðast nefnda hefur víðtæka þýðingu í almennum þjóðfélagsmálum.

Á það ber einnig að líta að öldruðum mun fara mjög fjölgandi á næstu áratugum jafnframt því sem allt bendir til að verulega muni draga úr fólksfjölgun. Í þessu felst mikil fjölgun fólks á lífeyrisaldri í hlutfalli við starfandi fólk. Áætla má að nú séu 8,3 einstaklingar á aldrinum 20–69 ára á móti hverjum 70 ára og eldri, en spár benda til að eftir 50 ár verði aðeins 4,5 20–69 ára einstaklingar ára á móti hverjum 70 ára og eldri. Ljóst er því að hlutfallslega færri verða á vinnumarkaðinum til að standa undir auknum kröfum, þörfum og útgjöldum til heilbrigðismála.

Heilbrigðisstefnu ber að marka í samræmi við ofangreind sjónarmið. Árangursríkasta leiðin er tvímælalaust aukið forvarnarstarf og heilsuvernd, sem er hvort tveggja í senn eina raunhæfa leiðin til að tryggja betra heilsufar og meiri hagkvæmni í útgjöldum til heilbrigðismála.

Það vill oft gleymast að markmið okkar er ekki einungis að veita sem mesta þjónustu heldur einnig og ekki síður að vinna að bættu heilsufari. Það er ótvírætt eitt af háleitustu markmiðum hvers þjóðfélags að vinna að bættu heilsufari þegna sinna í sem víðtækustum skilningi.

Sþ. 680. Þingsályktun [106. mál]

um endurskoðun laga um innflutning búfjár.

(Afgreidd frá Sþ. 24. febr.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem fjallar um þær tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á. Stefnt verði að því að leggja lagafrumvarp um mál þetta fyrir næsta þing.

Sþ. 681. Þingsályktun [6. mál]

um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

(Afgreidd frá Sþ. 24. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða. Jafnframt verði athuguð hagkvæmni á veiði botnlægra tegunda.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka því á næstu fimm árum og til þess verði veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði.

Nd. 682. Nefndarálit [308. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem lagðar verða fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. febr. 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.	Halldór Blöndal.
	Guðrún Agnarsdóttir.	

Nd. 683. Breytingartillögur [308. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. Á eftir fyrri mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Þar sem framræsla votlendis getur leitt til þess að land breyti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum verði raskað er skylt að hafa sérstaklega hliðsjón af lögum um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.
2. Við 10. gr. Á eftir orðunum „skv. I.–X.“ í síðari mgr. XI. liðar komi: tölulið.
3. Við 11. gr. Síðari málsl. orðist svo: Þá getur ráðherra, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands, stjórnar Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sett stærðarmörk á framkvæmdir sem framlags geta notið skv. 10. gr.

Ed. 684. Breytingartillaga [316. mál]

við frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Frá Skúla Alexanderssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur.

Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum sem nemur a.m.k. þriðjungi þeirra tekna.

Sþ. 685. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um flutning á höfuðstöðvum Skógræktar ríkisins að Hallormsstað á Völlum í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Guðrún Tryggvadóttir, Jón Kristjánsson, Sverrir Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins, ásamt embætti skógræktarstjóra, verði fluttar að Hallormsstað á Völlum í Suður-Múlasýslu.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um að flytja ýmsa opinbera þjónustuþætti út á landsbyggðina og efla með því ýmsa aðra starfsemi þar.

Menn hefur greint á um réttmæti slíks flutnings, einkum hvað varðar stórar stofnanir og hafa ýmsir talið heppilegra að setja upp deildir eða útibú frá stofnunum úti á landi. Þó hefur nær einróma verið talið að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins væru best komnar á þeim stað þar sem mestir skógar eru á landinu, mest gróska í tilraunum og skógrækt lengst komin, þ.e. á Hallormsstað á Völlum í Suður-Múlasýslu. Vísast hér m.a. í tillögur stofnananefndar frá 1975, en þar var Skógrækt ríkisins talin fyrst stofnana sem nefndin áleit sjálfsagt að flytja brott af höfuðborgarsvæðinu. Við það bætist að sú stofnun, sem hér um ræðir, er hvorki stór í sniðum né mannmörg þannig að fátt eða ekkert stendur í vegi fyrir flutningi hennar tæknilega séð.

Hallormsstaður á Völlum í Suður-Múlasýslu hefur um áratuga skeið verið vagga skógræktar á Íslandi. Skógrækt ríkisins hefur þar sína langstærstu deild og þar fara fram mikilvægustu uppeldistilraunir á landinu. Saga skógræktarinnar á Hallormsstað er þýðingarmesti kafli í skógræktarsögu Íslands.

Árið 1899 voru samþykkt á Alþingi lög um verndun Hallormsstaðarskógar og árið 1901 kemur þangað fyrsti lærði skógfræðingurinn, danskur maður, Christian E. Flensborg að nafni. Árið 1903 valdi hann gróðrarstöðinni stað og kom af stað ræktun þar sem nú heitir Mörkin. Uppeldisstöðin í Mörkinni hefur stækkað margfalt og breyst mikið frá þeim tíma. Nú fer uppeldið fram að stórum hluta í gróðurhúsum þar sem notaðar eru nýjar aðferðir. Gróðurreitir eru umkringdir ótal tegundum trjáa sem Skógrækt ríkisins hefur flutt til landsins á 80 ára tímabili, en Skógræktin tók við skóginum þegar hún var stofnuð með lögum í nóvember 1907. Ná hæstu tré þar allt að 17 metrum. Árið 1980 voru 49 tegundir innfluttra trjáa á Hallormsstað frá um 200 mismunandi stöðum á landinu.

Í upphafi skógræktar á Hallormsstað var skógurinn girtur, en friðun hins víðlenda birkiskóglendis fyrir beit búfjár var ekki alger fyrr en eftir 1940. Árangur af friðuninni var sá

að staðurinn er nú algerlega óþekkjanlegur frá því sem var í upphafi aldar. Nú hafa verið girt ný svæði á þremur nærliggjandi jörðum þannig að alls eru um 2000 ha innan allra girðinga. Á nýju svæðunum hefur verið plantað *lerki* sem hefur breytt hrjóstrugum móum í frjósöm gróðurlendi. Lerkinu fylgir sveppur sem gerir því kleift að vaxa nánast í möl einni saman og í lerkibreiðunum vex hann nú í tonnatali. Með þessum sveppi hafa bæst við hlunnindi sem eiga eftir að hafa ómælda þýðingu á lerkiræktarsvæðum því að lerkisveppurinn er meðal bestu ætisveppa sem finnast.

Tillaga sú, sem hér er flutt, er prófsteinn á vilja stjórnvalda til að flytja opinbera þjónustuþætti út á land, en það hefur gífurlega þýðingu fyrir þróun byggða og stuðlar að jöfnun aðstöðu þegnanna.

Nú hafa um nokkurt skeið staðið yfir breytingar á búháttum í landbúnaði. Samdráttur í hefðbundnum búgreinum er óumflýjanleg staðreynd og reynt er að beina bændum inn á nýjar brautir. Ræktun nytjaskóga er tvímælalaust ein þeirra leiða sem fara skal, enda almennur áhugi á því innan bændasamtaka á Austurlandi sem og víðar. Með flutningi höfuðstöðva Skógræktar ríkisins að Hallormsstað, þar sem vaxtarsprotar skógræktar eru, næðist ekki eingöngu stór áfangi í byggðamálum heldur einnig í þróun nýrrar stórbúgreinar í landbúnaði.

Sþ. 686. Nefndarálit [289. mál]

um till. til þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1987–1991.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með orðalagsbreytingum sem fluttar eru breytingartillögur um á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur Bjarnason og Karvel Pálmason.

Alþingi, 25. febr. 1987.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Árni Johnsen.
Egill Jónsson.	Davíð Pétursson.	Kristín Halldórsdóttir.
	Þórarinn Sigurjónsson.	

Sþ. 687. Breytingartillögur [289. mál]

við till. til þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1987–1991.

Frá fjárveitinganefnd.

1. A-liður 2. tölul. orðist svo: Verndun birkiskóga.
2. B-liður 3. tölul. orðist svo: Nýting beitilanda.

Sþ. 688. Tillaga til þingsályktunar [379. mál]

um rétt raforkunotenda.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson,
Björn Dagbjartsson, Stefán Guðmundsson,
Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Einarsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að gera tillögu um samræmda uppbyggingu á gjaldskrám og reglugerðum rafveitna á landinu með það að markmiði að tryggja réttarstöðu rafmagnsnotenda og sem eðlilegasta samsvörun verðlagningar og tilkostnaðar. Í nefndina verði skipaður einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra rafveitna, einn samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar sem sé formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að fram fari samræming á gjaldskrám rafveitna og reglugerðum þeirra í þeim tilgangi að

1. tryggja rétt og réttarstöðu raforkunotenda,
2. skilgreina eðlilegar skyldur rafveitnanna gagnvart raforkunotendum,
3. einfalda gildandi reglur og gjaldskrár,
4. veita raforkunotendum val milli taxta og mælingaraðferða á raforkunotkun,
5. tryggja eðlilega samsvörun milli taxtauppbyggingar í verðlagningu raforku og tilkostnaðar við öflun hennar og dreifingu,
6. stuðla að sem bestri raforkunýtingu.

Reglugerðir rafveitna hafa frá upphafi verið samdar af rafveitunum sjálfum án þess að samtök notenda hafi átt þess kost að koma á framfæri sjónarmiðum sínum eða athugasemdum. Núverandi reglugerðir bera þessa merki. Nauðsynlegt er og tímabært að á þessu verði breyting, m.a. með tilliti til þess að rafveitur hafa einokunarrétt og því mjög sterka stöðu í viðskiptum sínum við raforkunotendur sem nú hafa nánast enga leið til að ná rétti sínum sé á þá hallað, nema fyrir dómstólum landsins, en þangað er kostnaðarsamt og seinvirkt að leita.

Stjórnvaldi, sem veitir einkarétt á mikilvægu sviði eins og til rafveiturekstrar, ber skylda til að gæta réttar notenda. Þessi réttur virðist lítill við núgildandi fyrirkomulag. Því er nauðsynlegt að tryggja að reglugerðir rafveitna þjóni ekki eingöngu þeim tilgangi að tryggja rétt rafveitnanna sjálfra heldur einnig og ekki síður rétt notenda. Á sama hátt er athugunarefni að fela ráðuneyti eða öðrum aðila sérstakt réttargæsluhlutverk vegna notenda raforku.

Núgildandi gjaldskrár rafveitna eru allfjölbreytilegar að uppbyggingu og einkennast m.a. af því að verð á raforku er háð því til hvers hún er notuð. Slík ákvæði eru úrelt nema e.t.v. vegna sérstakrar niðurgreiðslu á orkuverði, enda ekki unnt að rökstyðja það að rafmagn skuli kosta meira til einna nota en annarra frekar en hveiti sé dýrara í bakstur á heimili en í jafning. Eðlileg viðmiðun er sá kostnaður sem rafveitan þarf að standa undir vegna raforkukaupa og dreifingar en ekki til hvers kaupandi orkunnar nýtir hana.

Kostnaður rafveitunnar fer lækkandi með auknum nýtingartíma notandans en nýtingartími, sem er hlutfall árlegrar orkunotkunar og mesta álags, er í raun mælikvarði á það hve jafnt álag notandans er. Afltaxti, sem byggir bæði á mesta álagi ársins og heildarorkunotkun, tekur mið af nýtingartíma og endurspeglar því best tilkostnað rafveitunnar. Þeir

notendur, sem telja sér hag í því að greiða þann mælingarkostnað sem afltaxti hefur í för með sér, eiga að hafa frjálst val á þessum taxta án óeðlilegra skilyrða, en þau eru nú almenn í gjaldskrám rafveitna. Slíkt er hagur rafveitna og stuðlar að aukinni sanngirni í verðlagningu.

Það er hagur bæði rafveitna og raforkuframleiðenda að álag sé sem jafnast. Ein leið til að stuðla að því er að selja raforku samkvæmt tvígjaldsmælingu á þann hátt að verðið sé lægra á þeim tímum sem álag er lítið, svo sem á kvöldin og um helgar þegar atvinnustarfsemi er í lágmarki. Slíkt sölufyrirkomulag er vel þekkt erlendis en hér á landi er það einungis notað til að jafna álag á símakerfi landsins sem alkunna er. Sérhver notandi ætti því að eiga kost á að kaupa raforku samkvæmt tvígjaldsmælingu telji hann sér hag í því, enda standi notandi undir mælingarkostnaði. Slíkt sölufyrirkomulag gæti stuðlað að aukinni nýtingu raforku og dreifikerfis. Tvígjaldsmæling mundi renna stoðum undir notkunarmöguleika rafknúinna tækja þ.m.t. lyftara og ökutækja þar sem rafgeymarnir mundu að mestu verða hlaðnir yfir nóttina.

Áhersla skal á það lögð að notandi eigi val á milli mismunandi taxta án afskipta rafveitu af því til hvers hann notar raforkuna, enda endurspegli taxtarnir raunkostnað rafveitunnar. Með þessu yrði stuðlað að hagkvæmni notendum, rafveitum og þjóðarbúinu í hag.

Ed. 689. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hl. telur að söfnuðir eigi að halda rétti sínum til að kjósa presta. Í fjölmennum prestaköllum væri það gífurlegt verk að safna undirskriftum fjórðungs atkvæðisbærra manna í prestakallinu til að óska eftir kosningu eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu og óvinnandi verk á sjö dögum.

Kjörmenn við val á sóknarpresti samkvæmt frumvarpinu verða sóknarnefndarmenn, oftast fimm menn. Breytingin, sem felst í þessu frumvarpi, er ólýðræðisleg og spor aftur á bak.

Ljóst er að mikill ágreiningur er um hvort söfnuðir eigi áfram að kjósa presta eða ekki. Í skoðanakönnun meðal sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa vildu flestir, eða 267 sem svöruðu á gildan hátt af 597, halda óbreyttu fyrirkomulagi, 115 vildu að ráðherra skipaði presta að fenginni umsögn sóknarnefnda og biskups, 76 vildu það fyrirkomulag sem fólst í frumvörpum frá árunum 1972 og 1976, en 104 kusu helst þá skipan mála sem felst í þessu frumvarpi.

Með hliðsjón af málavöxtum leggur minni hl. til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 23. febr. 1987.

Ragnar Arnalds.

Sþ. 690. Tillaga til þingsályktunar [380. mál]

um aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Valdimar Indriðason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var 19. febrúar 1974 og hefur þegar tekið gildi milli Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands.

Greinargerð.

Að frumkvæði Norðurlandaráðs gerðu fjögur Norðurlandanna með sér samning um umhverfisvernd sem undirritaður var 19. febrúar 1974 og hefur nú verið í gildi í allmörg ár milli Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands (Nordiska Miljöskyddskonventionen).

Það er álit flutningsmanna þessarar tillögu að tímabært sé orðið að Ísland gerist aðili að þessu norræna umhverfismálasamstarfi sem þegar hefur gefið góða raun. Er því lagt til að ríkisstjórnin gangist fyrir því að Ísland staðfesti þennan norræna samning á lögformlegan hátt.

Samningurinn tekur til starfsemi í samningsríkjunum sem hefur eða getur haft umhverfisspjöll í för með sér og sams konar skaðleg áhrif í öðrum ríkjum Norðurlanda. Þau skaðlegu umhverfisáhrif, sem samningurinn tekur til, eru mengun frá landi, byggingum eða öðrum mannvirkjum, mengun vatns eða sjávar, loftmengun og mengun vegna geislavirkra efna. Þá tekur samningurinn einnig til mengunar og umhverfistjóns sem verður frá mannvirkjum eða athöfnum á landgrunni samningsríkjanna.

Sú skylda er lögð samningsríkjunum á herðar að þegar þau heimila framkvæmdir innan landamæra sinna, sem hættulegar geta reynst umhverfinu, skuli þess ætíð gætt að þær hafi ekki tjón í för með sér í öðrum samningsríkjum. Jafnframt er borgurum eða lögpersónum annarra Norðurlanda heimilað að hefja málsókn eða bera fram kærur til stjórnvalda eða dómstóla í hlutaðeigandi ríki vegna slíkra framkvæmda sem þeir telja að geti haft skaðleg umhverfisáhrif innan heimalands síns. Skulu þeir vera jafnsettir ríkisborgurum þess lands þar sem þær athafnir, sem umhverfisspjöllum valda, eiga sér stað varðandi heimtu skaðabóta vegna umhverfistjóns og jafnframt til þess að höfða mál til stöðvunar athöfnum sem þeir telja skaðlegar umhverfinu fyrir dómstólum þess ríkis.

Með þessum ákvæðum væri t.d. íslenskum stjórnvöldum, félögum og ríkisborgurum heimilt að höfða mál til að stöðva framkvæmdir annars staðar á Norðurlöndum sem þau telja að gæti valdið mengunarskaða hér á landi og krefjast bóta fyrir slíkt tjón á jafnréttisgrundvelli.

Á síðari árum hefur bæði loftmengun og mengun hafsins farið vaxandi og áhrif slíkrar mengunar berast nú í auknum mæli milli landa. Er því orðið tímabært að Íslendingar taki þátt í þeirri norrænu samvinnu sem hér er getið um og hefur það að markmiði að skapa Íslendingum rétt til þess að óska eftir stöðvun á þeim framkvæmdum í nágrannalöndunum sem þeir telja að geti haft skaðleg áhrif innan íslenskrar lögsögu og heimta skaðabætur fyrir það tjón sem af slíkri starfsemi kann að leiða hér á landi í framtíðinni.

Sþ. 691. Fyrirspurn [381. mál]

til forsætisráðherra um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

Frá Jóni Sveinssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. apríl 1986 um könnun á hvort Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík henti Hæstarétti Íslands sem dómhús er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu?

Sþ. 692. Tillaga til þingsályktunar [382. mál]

um eyðingu ósonlagsins.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Sverrir Sveinsson, Gunnar G. Schram, Hjörleifur Guttormsson, Magdalena M. Sigurðardóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að banna innflutning og notkun þeirra efna sem vísindamenn telja að valdi eyðingu ósonlagsins sem hjúpar jörðina.

Alþingi skorar einnig á ríkisstjórnina að hún hafi frumkvæði að því á alþjóðavettvangi að framleiðsla og notkun þessara efna verði bönnuð.

Greinargerð.

Ósonlagið, sem hjúpar jörðina, er í 15–50 km hæð frá yfirborði jarðar. Það ver plöntur, dýr og menn fyrir hinum hættulegu útfjólubláu geislum sólar. Ósonlagið bægir frá þeim geislum sem geta valdið krabbameini og vansköpun.

Bandarískur gervihnöttur hefur mælt breytingar á ósonlaginu yfir suðurskautinu frá 1979–1985. Á þeim tíma hefur ósonlagið þynnst tímabundið frá ágúst til nóvembermánaðar. Hefur þessi þynning farið vaxandi frá ári til árs og var gatið, sem myndast hafði í ósonlagið 1985, að flatarmáli á stærð við Bandaríki Norður-Ameríku.

Svipuð áhrif hafa nú mælst á norðurpólnum og þynningar virðist gæta víðar í efstu lögum ósonlagsins. Þetta eru upplýsingar úr þýska vísindaritinu Bild der Wissenschaft.

Vísindamenn hafa spáð því að um næstu aldamót muni efstu lög ósonlagsins, sem verja jörðina fyrir hættulegustu geislum sólar, hafa þynnst um 30–40%. Bandarískir embættismenn hafa látið reikna út að á næstu 88 árum muni þessi þynning fjölga húðkrabbatilfellum í 40 milljónir, til viðbótar því sem nú er, og muni það leiða 800 þúsund til dauða. Einnig hafa þessar breytingar á ósonlaginu áhrif á veðurfar. Hitastig mun hækka með tilheyrandi afleiðingum, svo sem þurrkum og jökulbráðnun.

Efni þau, sem hér um ræðir, eru svokölluð klórflúorkolefni, aðallega freon 11, freon 12 og CFC 113.

Bandaríkjamenn hafa unnið að því á alþjóðavettvangi að alls staðar verði bannað að framleiða þær gastegundir sem eyða ósonlaginu og hafa nú nýverið hótað að leggja innflutningsbann á þær vörur sem hafa þessi efni. Þeir hafa lagt fram tillögu ásamt Svíum um að framleiðslu og notkun klórflúorkolefna verði hætt alls staðar í heiminum. Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Svíar hafa bannað freon á úðabrúsum, en Evrópubandalagið hefur lagt til að notkun freons í iðnaði verði minnkuð um þriðjung.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins er freon einkum notað hér á landi í ísskápum, kæliborðum og kælikerfum yfirleitt og að auki í alls konar úðabrúsum, allt frá

hárlakki til astmalyfja. Síðastnefnda notkunin veldur einkum mengun, en einnig lekur efnið úr kælikerfum. Freon telst til lífrænna leysiefna og á seinni árum hefur komið í ljós að þau hafa slæm áhrif á heilsufar manna, einkum við innöndun. Samkvæmt upplýsingum frá eiturefnanefnd hefur notkun klórflúorefna, m.a. á úðabrúsum, nokkrum sinnum verið til umræðu í nefndinni á undanförnum árum og hefur nefndin tekið þá stefnu að bíða átekta og sjá hve mikið nágrönnum okkar í austri og vestri, Svíum og Bandaríkjamönnum, verður ágengt í þessu.

Mest andstæða við bann á framleiðslu þessara efna kemur frá stórfyrirtækjunum sem framleiða þau, en Evrópubandalagsríkin framleiða um 40% allra þessara efna.

Að lokum ber að geta þess að vísindamenn álíta að ekki sé unnt að fullyrða hvort og í hve miklum mæli þessar gastegundir eigi hér sök, einungis sé um fræðilegar tilgátur að ræða.

En eins og Robert Watson, veðurfræðingur hjá NASA, geimrannsóknastofnun Bandaríkjanna, segir í viðtali við Der Spiegel í þessari viku (24. febr. 1987): „Við getum ekki beðið eftir sönnunum því að þá verður þetta orðið of seint."

Fylgiskjal.

Ari Trausti Guðmundsson:

Ósonlagið.
(Úr útvarpsþætti um vísindi.)

Sólin sendir ekki bara ylinn góða sem er okkur lífsnauðsynlegur, heldur líka ýmsar tegundir rafsegulbylgna sem eru hættulegar lífverum. Þótt sólin sé í um 150 milljón kílómetra fjarlægð frá jörðu, en það er um það bil 3750 hringferðir um jörðina eftir miðbaugnum, berst hingað banvænn skammtur af t.d. röntgengeislum og útfjólubláu ljósi. Það er lofthjúpur jarðar sem er lífgjafi okkar og verndari gagnvart þessum bylgjum. Hann er sem kunnugt er úr blöndu af köfnunarefni, súrefni, koldíoxíði og fleiri lofttegundum. Hafa orkugeislar eins og röntgengeislar stöðvast í ytri lögum lofthjúpsins. Þeir eru eiginlega gleyptir þar af loftmólekúlum. Útfjólubláu geislarnir komast aftur á móti nokkru dýpra ofan í lofthjúpinn uns þeir ná að lagi sem umlykur jarðkringluna í 15–35 km hæð yfir yfirborði hennar. Þetta lag er að stórum hluta úr lofttegundinni óson sem verður til úr súrefni við það að eitt súrefnisatóm bætist við þau tvö, sem mynda venjulegt súrefni, fyrir áhrif sólarljóss. Efnafræðilegt tákn óssons er O_3 í staðinn fyrir O_2 sem táknar venjulegt súrefni sem við öndun að okkur.

Óson er með þeim gæðum gert að geta hamið útfjólubláu ljósbylgjurnar þannig að þær nái ekki yfirborði jarðar nema í mjög litlum mæli og þar valda þær m.a. sólbrúnku hjá okkur hvítingjum. Of mikið útfjólublátt ljós truflar frumustarfsemi og frumuskiptingu og getur t.d. valdið krabbameini á húð.

Frá því árið 1970 vita menn að ósonhjúpurinn ofan við Suðurskautslandið hefur þynnst nokkuð. Það er sagt að þarna sé eins konar gat í ósonlagið á stærð við Bandaríki Norður-Ameríku. Á vorin er ósonið í gati þessu allt að 50% minna en það á að sér að vera og talið er að óson í loftinu minnki nú um 3% á ári á þessum slóðum. Þessi þróun hefur valdið áhyggjum enda þótt gatið nái enn ekki til stórra svæða þar sem eru byggð ból.

Og hver er nú orsökin? Um það eru vísindamenn ekki á eitt sáttir. Flestir telja þó efnamengun valda mestu um þetta. Það er einkum kæligasið freon og ýmsar aðrar tegundir

svonefndra klórflúorkarbongastegunda sem taldar eru valda ósonbreytingunni eða öllu heldur því að ósonið myndast ekki í nægu magni úti í gufuhvolfinu, aðallega í 20–25 km hæð. Klórflúorkarbongastegundir eru notaðar á úðabrúsa, í kælivélar, í frauðplast og einangrunarplast auk annarra iðnaðarvara. Heildarnotkun í heiminum er um 800–1000 þús. tonn á ári.

Eftir að skaðsemi þessara lofttegunda varð ljós hefur verið reynt að takmarka notkun þeirra og víða er búið að banna notkun þeirra á úðabrúsum, enda er nóg til af skaðlausum lofttegundum til þeirra þarfa. 27 ríki hafa undirritað samning sem banna notkun klórflúorkarbongastegunda, en miklu fleiri ríki þarf til ef duga skal.

Ég nefni þetta allt hér vegna þess að nú eru að koma fram upplýsingar frá bandarískum veðurtunglum geimferðastofnunarinnar NASA sem koma okkur enn frekar við en varnaðarorðin um ósonlagið eða ósongatið yfir Suðurskautslandinu. Það eru nefnilega líkur á að annað gat sé að myndast ofan við Svalbarða og Barentshaf. Það gæti stækkað og ósonið þynnst enn frekar í náinni framtíð. Ekki þarf að fjölyrða um skaðsemi slíkrar þróunar, bæði fyrir mennina sjálfa í þéttbýli Skandinavíu og íbúa norðurhjarans, svo að ekki sé nú minnst á lífið í hafinu. Undirstaða þess eru sjávarþörungar sem lifa í sólarljósinu í yfirborði hafsins, en þeir eru afar viðkvæmir fyrir útfjólublárri geislun.

Við megum heldur ekki gleyma því að útfjólublá geislunin veldur ekki aðeins krabbameini heldur getur hún truflað erfðaeiginleika frumanna í lífverunum þannig að ófyrirsjáanlegar stökkbreytingar verða meðal tegunda lífríkisins. Í þessu máli sem öðrum umhverfismálum stendur baráttan um það að fá fyrirtæki, yfirvöld, fjármagnsstjórnendur eða eigendur og aðra til þess að breyta framleiðslu og meðhöndlun úrgangsefna. Allt slíkt kostar gífurlegt fé og þar liggur hundurinn grafinn. Á að minnka hagnað, a.m.k. til skamms tíma, í efnahagslífinu til að bjarga umhverfi okkar eða ekki? Það mun framtíðin leiða í ljós. Og þar kemur almenningur auðvitað við sögu.

Sþ. 693. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um snjómokstur á Siglufjarðarvegi.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að endurskoða reglugerð um snjómokstur með það fyrir augum að tryggja bættar samgöngur að vetrarlagi og skal m.a. gert ráð fyrir að vegurinn milli Siglufjarðar og Sauðárkróks sé hreinsaður þegar fært er milli Reykjavíkur og Akureyrar um Skagafjörð. Almennt skal við það miða að reglur um snjómokstur verði sveigjanlegri en nú er og meira miðaðar við aðstæður, einkum þar sem lítið vantar á að unnt sé að halda leiðum opnum til þéttbýlisstaða út frá hringveginum.

Greinargerð.

Tilefni þessarar tillögu er að oft stöðva óveruleg snjóahöft alla umferð á veginum milli Siglufjarðar og Sauðárkróks þótt fært sé frá Sauðárkróki til Reykjavíkur og Akureyrar. Snjómokstursreglur þurfa að vera nægilega sveigjanlegar til að tryggja að minni háttar höft af þessu tagi séu rudd þegar lítið vantar á að unnt sé að halda leiðum opnum til þéttbýlisstaða út frá hringveginum. Þannig getur staðið víðar á en á Siglufjarðarvegi og ber einnig að hafa þau tilvik í huga við endurskoðun reglugerðar um snjómokstur sem hér er gerð tillaga um.

Sþ. 694. Fyrirspurn [384. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjutap sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Ragnari Arnalds.

Hverju nemur áætlað tekjutap sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra vegna skerðingar á tekjustofnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanfarin ár og í ár, sundurliðað á einstök sveitarfélög á verðlagi gildandi fjárlaga?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 695. Fyrirspurn [385. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjutap sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi eystra vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hverju nemur tekjutap eða áætlað tekjutap sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi eystra vegna skerðingar á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga borið saman við óskerta tekjustofna og vegna erlendrar lántöku sem sjóðurinn ber?

Í svari óskast tilgreint hvert sveitarfélag fyrir sig, ár fyrir ár og að þessu ári meðtöldu, frá því að skerðingin hófst, og allar upphæðir á verðlagi fjárlagaársins 1987.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 696. Fyrirspurn [386. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjutap sveitarfélaga í Vestfjarðakjördæmi vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Svavari Gestssyni.

Hverju nemur tekjutap eða áætlað tekjutap sveitarfélaga í Vestfjarðakjördæmi vegna skerðingar á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga borið saman við óskerta tekjustofna og vegna erlendrar lántöku sem sjóðurinn ber?

Í svari óskast tilgreint hvert sveitarfélag fyrir sig, ár fyrir ár og að þessu ári meðtöldu, frá því að skerðingin hófst, og allar upphæðir á verðlagi fjárlagaársins 1987.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 697. Fyrirspurn [387. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjutap Reykjavíkur vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Svavari Gestssyni.

Hverju nemur tekjutap eða áætlað tekjutap Reykjavíkur vegna skerðingar á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga borið saman við óskerta tekjustofna og vegna erlendrar lántöku sem sjóðurinn ber?

Í svari óskast upphæðir tilgreindar ár fyrir ár, að þessu ári meðtöldu, frá því að skerðingin hófst, og allar upphæðir á verðlagi fjárlagaársins 1987.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 698. Frumvarp til laga [316. mál]

um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. febr.)

I. KAFLI

Flugmálaáætlun.

1. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum flugráðs og flugmálastjóra tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun fyrir sameinað Alþingi svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugmálaáætlun öðlast gildi er Alþingi hefur samþykkt hana.

Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og afgreiða tillöguna sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé fé veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

Er þingsályktun um flugmálaáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún endurskoðuð og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir að minnsta kosti tvö ár.

2. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir, nýbyggingar flugvalla og búnaður fyrir flugleiðsögu og flugumferðarstjórn á gildistíma áætlunarinnar. Enn fremur áætlaður kostnaður við viðhald flugvalla og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Ráðherra tilkynnir flugmálastjórn í janúar ár hvert hve háa fjárhæð skuli miða við þegar gerð er áætlun um framkvæmdir fyrir næsta ár.

3. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal verkefnum skipað í eftirfarandi flokka:

Áætlunarflugvellir I.

Flugvellir með 1800 m flugrein og lengri.

Áætlunarflugvellir II.

Flugvellir með 1200 að 1800 m flugrein.

Áætlunarflugvellir III.
Flugvellir með 800 að 1200 m flugrein.
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
Flugvellir með allt að 800 m flugrein.
Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta.
Allur búnaður sem ætlaður er til flugleiðsögu eða flugumferðarstjórnar.
Önnur flugmálastarfsemi.
Öll önnur flugmálastarfsemi en sú sem að framan er talin.

4. gr.

Ráðherra skal leggja skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar fyrir hvert reglulegt Alþingi.

II. KAFLI

Fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

5. gr.

Þeir sem selja flugvélabensín og þotueldsneyti á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs skulu greiða af því sérstakt gjald. Gjald þetta skal nema 1,30 kr. af hverjum lítra flugvélabensíns og 0,65 kr. af hverjum lítra þotueldsneytis.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs.

Eldsneyti til áætlunarflugs milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr.

6. gr.

Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

7. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan eins árs aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

8. gr.

Flugvallagjald skal vera 750,00 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda ákvæði 9. gr.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

9. gr.

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða gjald er nemi 100,00 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó að millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

10. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess ber ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda fulltrúa flugmálastjórnar á flugstöð skrá yfir farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 7. gr. eða greiða skuli hálft gjald skv. 8. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

11. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða fulltrúa flugmálastjórnar fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Flugvallagjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, svo og gjald skv. 9. gr., skal greiða til flugmálastjórnar eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

13. gr.

Sé flugvallagjaldi ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá sem gjaldinu ber að skila greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa flugmálastjórnar lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjaldi fylgir lögtaksréttur.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningstæki hans undir innsigli.

14. gr.

Tekjum af flugvallagjaldi skal varið einungis til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

15. gr.

Sérstakt gjald skv. 5. gr. og flugvallagjald skv. 8. og 9. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi, allt að þeirri hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986, þ.e. 250 stig.

16. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og 18/1980, um breytingu á þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga þessara skal ráðstöfun tekna vegna flugvallagjalds á fjárlögum ársins 1987 standa óbreytt. Hækkun flugvallagjalds skv. 9. gr., sem nemur 82 kr. á hvern farþega, skal renna til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun, sbr. 14. gr. laga þessara.

Ed. 699. Frumvarp til laga [388. mál]

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Nú verður lögreglumaður skaðabótaskyldur fyrir tjón sem verður við löggæslu og er af völdum mistaka eða vanrækslu hans við starfann og geta dómstólar þá fært skaðabótafjárhæð niður með hliðsjón af sök hans, stærð tjónsins og aðstæðum að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bókun með sérkjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 18. júlí 1986, var gefið fyrirheit þess efnis að dómsmálaráðuneytið muni beita sér fyrir því að láta leggja fram á næsta Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, er fæli í sér heimild til að lækka eða fella niður skaðabótafjárhæð vegna tjóns sem lögreglumenn valda við skyldustörf og eru af völdum mistaka eða vanrækslu.

Skyldur og störf lögreglumanna eru þess eðlis að þeir þurfa oftsinnis að bregðast skjótt við aðsteðjandi vanda eða ástandi sem skapast skyndilega. Þá gefst sjaldnast tóm til að leita fyrirmæla yfirboðara eða ráðrúm til mikillar umhugsunar og verða lögreglumenn að taka tafarlausar eða tafarlitlar ákvarðanir við erfiðar og oft hættulegar aðstæður.

Lögreglumenn eru í þeirri aðstöðu að geta valdið miklu eignatjóni eða slysi af gáleysi sem ekki verður talið stórfellt. Á s.l. ári var ákveðið að vopna tiltekinn hóp lögreglumanna vegna öryggisvörslu á Keflavíkurflugvelli og ber sá hópur skotvopn að staðaldri við skyldustörf sín. Þessir lögreglumenn eru í þeirri aðstöðu að geta valdið miklu lífs- eða líkamstjóni.

Þau sjónarmið búa að baki þessari lækkunarheimild tjónsfjárhæðar að fjárhagur og aðstæður tjónvalds geta verið slíkar að honum sé gjörsamlega um megn að greiða tjónið allt eða hluta þess. Má segja að sanngirnis- og velferðarsjónarmið liggi til grundvallar þessu ákvæði. Réttarstaða lögreglumanna yrði verulega bætt ef þessi lækkunarheimild verður lögfest.

Mjög fátítt er að ríkið endurkrefji launþega vegna tjóns sem þeir hafa valdið af gáleysi og sem ríkið hefur bætt samkvæmt vinnuveitendaábyrgðarreglunni. Til þess getur þó komið og eins getur tjónþoli snúið sér beint að tjónvaldi. Ofangreind lækkunarheimild nær bæði til endurkröfu vinnuveitanda og beinnar kröfu tjónþola á hendur lögreglumanni sem valdið hefur tjóni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 136. gr. loftferðalaganna. Enn fremur er hliðstæðar lækkunarheimildir að finna í siglingalögum og sjómannalögum.

Svipaðar reglur hafa verið lögfestar í öðrum ríkjum Norðurlandanna um launþega í öllum starfsgreinum um að dómstólum sé heimilt að lækka skaðabótafjárhæð þegar virtur er efnahagur, sakarstig og aðrar aðstæður tjónvalds sem veldur tjóni í starfi.

Vegna eðlis lögreglustarfa, sem áður hefur verið lýst, þykir eðlilegt að lækkunarheimild verði lögfest um lögreglumenn.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 700. Skýrsla [389. mál]

viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

AÐFARAORÐ

Hinn 9. maí 1985 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Ályktunin var samþykkt mótatkvæðalaust og án umræðu eftir að atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis hafði mælt með samþykkt hennar.

Af þingskjölum verður ekki séð hvaða sjónarmið hafi ráðið samþykkt þingsályktunarinnar. Vera kann að umsagnir ýmissa aðila um þingmálið sem atvinnumálanefnd óskaði eftir, hafi haft nokkur áhrif en þessir aðilar reyndust hlynntir framgangi málsins. Engu að síður er ljóst að erlend fjárfesting hefur verið mönnum ágreiningsefni hér á landi, bæði innan þings og utan, og því varasamt að draga víðtækar ályktanir af samþykkt ályktunarinnar sem einungis mælir fyrir um endurskoðunina en ekki inntak hennar.

Þingsályktunin var send forsætisráðherra og viðskiptaráðherra sem fólu höfundum þessarar skýrslu, Birni Líndal og Hreini Loftssyni, að vinna að málinu. Það varð að ráði að tekin skyldi saman skýrsla er hefði að geyma skilgreiningu hugtaksins, svo og greinargerð um hvern þeirra þriggja meginþátta sem efnislega skipta mestu máli við mörkun heildarstefnu gagnvart erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi. Þeir þættir, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu. Í öðru lagi yfirlit um stöðu þessara mála erlendis þar sem athyglinni er einkum beint að aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), en á vegum þeirrar stofnunar hefur á undanförnum árum verið unnið mikið starf til að auka frelsi í alþjóðlegum fjármagnsflutningum, þar með talið að rýmka reglur í aðildarríkjum um erlenda fjárfestingu. Sér í lagi þótti ástæða til að kanna reglur sem í gildi eru á Norðurlöndum um þetta efni. Í þriðja lagi er fjallað um gildi erlendrar fjárfestingar, einkum í samanburði við erlendar lántökur. Lokakafli skýrslunnar hefur að geyma niðurstöður og tillögur til breytinga á lagaákvæðum sem varða erlenda fjárfestingu.

Við gerð skýrslunnar hefur verið stuðst við ýmis gögn, einkum frá Efnahags- og framfarastofnuninni í París og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington. Er þeirra getið eftir því sem við á í skýrslunni.

I. ERLEND FJÁRFESTING — SKILGREINING HUGTAKSINS

Erlendar fjármagnsgreiðslur til fyrirtækja sem starfa hér á landi geta verið með tvenns konar hætti. Annars vegar getur verið um að ræða yfirfærslur á erlendu fjárfestingarfé og hins vegar erlend lán sem fyrirtækin taka beint eða fyrir milligöngu þriðja aðila. Í þessari skýrslu er einungis ætlunin að fjalla um hið fyrrnefnda þótt færa megi að því rök að endurskoðun reglna um erlendar lántökur tengist breytingum á reglum um erlenda fjárfestingu.

Íslensk löggjöf hefur ekki að geyma skilgreiningu á hugtakinu erlend fjárfesting og er nokkuð mismunandi með hvaða hætti hugtakið er skýrt í rétti annarra ríkja. Á vegum alþjóðastofnana, einkum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), hefur verið leitast við að samræma skilgreiningu hugtaksins og hefur verið stuðst við þá vinnu við gerð þessarar skýrslu. (Sjá nánar ritið *Detailed Benchmark Definition of Foreign Investment,* OECD 1983.)

Samkvæmt gögnum OECD er það kallað erlend fjárfesting þegar eigandi fjármagns (fjárfestingaraðilinn) leggur fé í atvinnufyrirtæki en er ekki búsettur í landinu (fjárfestingarlandinu) sem fyrirtækið starfar í. Ríkisfang fjárfestingaraðila skipti hins vegar ekki máli samkvæmt reglum OECD. Þá er það hugtaksskilyrði að fjárfestingin felist í eiginfjárframlagi fjárfestingaraðilans (sem er oftast hlutafjárframlag), endurfjárfestingu á hluta arðs sem fjárfestingaraðila er úthlutað vegna fyrri fjárfestingar sinnar í fjárfestingarlandinu eða lánum móðurfélags (fjárfestingaraðilans) til dótturfélags. Loks er gerður greinarmunur á erlendri fjárfestingu eftir því hversu umfangsmikil hún er í einstökum tilvikum.

Bein erlend fjárfesting er það kallað þegar fjárfestingin veitir aðila langvarandi og virk áhrif á stjórn viðkomandi fyrirtækis. Óbein erlend fjárfesting („portfólíó") er hins vegar sú fjárfesting sem oftast fer fram á verðbréfamörkuðum, fjárfestingaraðili eignast einungis lítinn eða tiltölulega lítinn eignarhlut í fyrirtæki og hefur lítil eða engin áhrif á stjórn þess.

II. ÁKVÆÐI ÍSLENSKRA LAGA UM ERLENDA FJÁRFESTINGU

1. Inngangur.

Í þessum kafla verður gefið yfirlit um lagaákvæði sem lúta að fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Er hér átt við lagaákvæði er skapa atvinnufyrirtækjum, sem eru að hluta eða að fullu í eigu erlendra ríkisborgara eða lögaðila, önnur starfskjör en þau fyrirtæki búa við sem eru að fullu í íslenskri eigu.

Þessi ákvæði er víða að finna í lögum. Sérlög um einstök stóriðjuver hafa að geyma umfangsmestu ákvæðin. Lög þessi hafa hins vegar ekki almennt gildi heldur lögfesta samninga íslenskra stjórnvalda við erlenda eignaraðila um starfrækslu þessara fyrirtækja. Verður vikið stuttlega að þessum lögum hér á eftir. Mikilvægustu ákvæðin í hópi þeirra sem hafa almennt gildi eru aftur á móti í lögum sem hafa verið sett um flestar helstu atvinnugreinar Íslendinga, svo sem fiskveiðar og fiskvinnslu, iðnað og verslun. Jafnframt hafa lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, lög um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum og lög um hlutafélög að geyma þýðingarmikil ákvæði. Enn fremur geta ákvæði skattalaga skipt máli í þessu sambandi.

Lagaákvæðin varða með mismunandi hætti möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri á Íslandi. Til einföldunar má greina á milli fjögurra meginatriða: Í fyrsta lagi er um að ræða reglur um stofnun eða kaup erlendra aðila á fyrirtækjum á Íslandi, svo og reglur um setu erlendra ríkisborgara í stjórn fyrirtækja sem eru skráð og starfrækt hér. Í öðru lagi skipta máli reglur um kaup eða leigu slíkra fyrirtækja á fasteignum. Í þriðja lagi hafa reglur um fjármagnsgreiðslur til og frá landinu sérstaka þýðingu fyrir þessi fyrirtæki. Í fjórða lagi geta ákvæði skattalaga breytt starfskjörum þessara fyrirtækja. Verður nú farið nánar yfir hvert þessara atriða.

2. Stofnun eða kaup fyrirtækja og seta í stjórn.

Stofnun nýs fyrirtækis af hálfu eða með þátttöku erlendra aðila er oftast háð tilteknum takmörkunum eða skilyrðum í íslenskri löggjöf. Sama máli gegnir þegar erlendir aðilar hyggjast festa kaup á starfandi fyrirtæki að nokkru eða öllu leyti. Ákvæði þessa efnis er fyrst og fremst að finna í lögum um einstakar atvinnugreinar, hlutafélagalögum og lögum um

eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Að síðastnefndu lögunum verður vikið sérstaklega í lið II.3. hér á eftir. Ákvæði um setu útlendinga í stjórn fyrirtækja, svo og um ríkisfang og búsetu framkvæmdastjóra, er í lögum um einstakar atvinnugreinar, en hlutafélagalög hafa einnig að geyma ákvæði um þennan þátt. Þá hafa lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála að geyma ákvæði um fjármagnsflutninga vegna stofnunar eða kaupa erlendra aðila á fyrirtækjum og eru þeim þætti gerð skil undir lið II.4.

2.1. Atvinnugreinar háðar sérlögum.

Lög um einstakar atvinnugreinar hafa mörg hver þann megintilgang að binda rekstur fyrirtækja í þeirri atvinnugrein sem þau taka til við þá aðila er fullnægja tilteknum hæfisskilyrðum, svo sem um menntun eða starfsreynslu innan viðkomandi greinar. Mörg þessara laga reisa einnig skorður við eignaraðild útlendinga að atvinnurekstri þótt þær takmarkanir séu með mismunandi hætti eftir lögum. Til að gæta þess að skilyrði laganna séu virt kveða lögin oftast nær svo á að rekstur fyrirtækis á því sviði sem þau taka til sé háður sérstöku leyfi stjórnvalda. Veitingarvaldið getur þá verið í höndum hlutaðeigandi ráðherra en einnig hjá sýslumanni, bæjarfógeta eða lögreglustjóra í því umdæmi sem fyrirtækið hyggst hafa aðsetur í.

Til að varpa skýrara ljósi á stöðu þessara mála er nauðsynlegt að fjalla um hverja atvinnugrein fyrir sig og þau sérlög sem um greinina gilda. Ekki er þó um tæmandi yfirlit að ræða og takmarkast yfirlitið einkum með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi er ekki gerð grein fyrir lögum um atvinnustarfsemi sem að mati höfunda er svo tengd persónulegum hæfisskilyrðum að ætla má að vart komi til greina að erlendur aðili fjárfesti í fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein. Má sem dæmi nefna lög um endurskoðendur og málflytjendur. Í öðru lagi er ekki gerð grein fyrir löggjöf á sviði mennta- og skólamála, almannatrygginga, heilbrigðisþjónustu og tengdrar starfsemi, svo sem lyfsölu og lyfjagerðar.

2.1.1. Landbúnaður.

a. Á sviði landbúnaðar gilda margvíslegar lagareglur sem fela í sér að þeir einir geti haft slíkan rekstur með höndum er hafa til þess leyfi stjórnvalda. Lagaákvæðin takmarka hvorki né banna berum orðum erlenda fjárfestingu á þessu sviði en engu að síður er það fyrirkomulag, sem kveðið er á um í lögum varðandi þessa atvinnugrein og tengda starfsemi, með þeim hætti að telja verður ólíklegt að erlend fjárfesting geti þar átt sér stað nema í litlum mæli. Má í þessu sambandi benda á ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, en þar er gert ráð fyrir að jarðanefnd sitji í hverri sýslu landsins, skipuð heimamönnum sem áskilið er að veiti samþykki sitt til ráðstöfunar jarða og eignarréttinda á jörðum sem falla undir lögin. Í upphafsgrein laganna segir að tilgangur þeirra sé m.a. að tryggja „að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda". Einnig kveða lögin svo á að land sem við gildistöku laganna sé nýtt til landbúnaðar megi ekki taka til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum. Þá er erlendt eignarhald eða afnotaréttur af jörðum einnig háður þeim takmörkunum sem sett eru með lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, sbr. nánar í lið II.3.

Í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er einnig að finna ákvæði sem veita hlutaðeigandi stjórnvöldum og Framleiðsluráði landbúnaðarins vald til að ákveða hvort og að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilað að fjárfesta í greinum tengdum landbúnaði. Svipuð ákvæði er og að finna í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

b. Samkvæmt lögum nr. 53/1981, um loðdýrarækt, er slíkur atvinnurekstur óheimill nema á loðdýrabúum sem öðlast hafa leyfi (viðurkenningu) landbúnaðarráðuneytisins til rekstrarins. Lögin krefjast þess ekki að rekstraraðili hafi íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti

og ræðst leyfisveiting af frjálsu mati landbúnaðarráðuneytisins. Ráðuneytinu er því heimilt lögum samkvæmt að ákveða að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilt að stofna til þessa rekstrar á Íslandi.

c. Samkvæmt lögum nr. 43/1971 hefur Áburðarverksmiðja ríkisins, sem er ríkisstofnun, einkarétt til sölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða eða flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2.1.2. Fiskveiðar og fiskvinnsla. — Hvalveiðar.

a. Í lögum nr. 33/1922, um fiskveiðar í landhelgi, sbr. og lög nr. 81/1976, segir að einungis íslenskum ríkisborgurum sé heimilt að stunda „fiskveiðar í landhelgi við Ísland". Virðist þessi regla ekki einungis ná til einstaklingsfyrirtækja heldur og til sameignarfélaga og annarra félaga sem rekin eru með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Um hlutafélög gegnir nokkuð öðru máli og kveða lögin svo á að meira en helmingur hlutafjár í hlutafélögum, sem reka útgerð, skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara, félagið skuli eiga lögheimili á Íslandi og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur þar. Í lögum nr. 53/1970, um skráningu skipa, eru enn fremur settar strangar reglur um íslenskt eignarhald á skipum, þar á meðal þeim skipum sem notuð eru til fiskveiða.

Ákvæði laga nr. 33/1922, um fiskvinnslu, eru ekki eins skýr að þessu leyti og ákvæðin sem gilda um útgerð. Samkvæmt athugasemdum er fylgdu frumvarpi að lögum þessum var megintilgangur þeirra sá að koma í veg fyrir að útlendingar gætu stundað fiskveiðar innan landhelgi og verkað aflann þar eða á landi. Um það álitaefni hvernig með skyldi farið ef útlendingur fjárfesti í fyrirtæki, sem einvörðungu stundar fiskvinnslu en ekki útgerð, virðist ekki fjallað í lögunum. Aðild útlendinga að fiskvinnslufyrirtækjum, sem fullnægja þessu skilyrði, virðist því geta komið til greina samkvæmt núgildandi lögum. Styðst það og við atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sem síðar verður vikið að.

b. Samkvæmt lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, er einungis heimilt að veita íslenskum ríkisborgurum leyfi til slíkra veiða og verkunar aflans. Sé um félag að ræða skal meira en helmingur stofnfjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn félagsins skipuð íslenskum ríkisborgurum er eigi heimili og varnarþing á Íslandi.

2.1.3. Leit og vinnsla jarðefna.

Í námulögum, nr. 24/1973, er fjallað um rétt einstaklinga og lögaðila til leitar og vinnslu hvers konar jarðefna hér á landi. Áskilið er að hlutaðeigandi hafi öðlast leyfi iðnaðarráðherra áður en leit og vinnsla jarðefna er hafin og er ráðherra einungis heimilt að veita íslenskum aðilum slíkt leyfi og er nákvæm grein gerð fyrir því í 10. gr. laganna hvaða aðilar skuli teljast íslenskir í skilningi laganna. Hér er um að ræða stofnanir sem hlíta stjórn íslenska ríkisins, íslensk sveitarfélög og íslenska ríkisborgara. Jafnframt teljast til íslenskra aðila félög þar sem íslenskir ríkisborgarar, íslenska ríkið eða íslensk sveitarfélög ráða yfir a.m.k. ⅗ hlutum stofnfjár (hlutafjár). Einnig er áskilið að í stjórn þessara félaga eigi einungis sæti íslenskir ríkisborgarar með heimilisfesti hér á landi. Að auki getur iðnaðarráðherra samkvæmt lögunum veitt erlendum aðila sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna að fengnu samþykki Alþingis. Þá segir í lögunum að iðnaðarráðherra sé rétt að setja það skilyrði að leyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu sem ráðherra meti gilda fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenska aðila.

2.1.4. Virkjun fallvatna og jarðhita, rekstur orkuvera, orku- og vatnsdreifing.

a. Samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, þarf leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærri en 2000 kw. Slíka heimild er m.a. að finna í lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kw þarf hins vegar leyfi iðnaðarráð-

herra. Í orkulögum er ekki fjallað um það sérstaklega hvernig með skuli farið ef erlendir aðilar hafa hug á að starfrækja fyrirtæki á sviði raforkuframleiðslu heldur er gert ráð fyrir að Alþingi og eftir atvikum iðnaðarráðherra taki um það sérstaka ákvörðun. Í orkulögum er einnig fjallað um dreifingu raforku. Sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins hafa samkvæmt lögunum forgangsrétt til að sinna þessu verkefni og getur iðnaðarráðherra veitt þeim einkarétt í því skyni. Að auki gera lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun, ráð fyrir því að það fyrirtæki geti flutt og selt í heildsölu raforku til almenningsrafveitna og iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum. Nýti sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins sér ekki þann forgangsrétt, sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögunum, getur ráðherra veitt einstaklingum og lögaðilum einkarétt til raforkudreifingar á viðkomandi orkuveitusvæði. Lögin hafa ekki að geyma skilyrði um íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti þessara aðila.

b. Um hitaveitur segir í orkulögum að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist sölu eða dreifingu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Svo virðist að samkvæmt lögunum sé ráðherra nú óheimilt að veita öðrum aðilum, innlendum jafnt sem erlendum, heimild til þessa rekstrar.

c. Í III. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Þar segir að bæjarstjórn sé heimilt að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörf almennings í kaupstöðum á vatni. Þegar slík vatnsveita hefur verð sett á stofn hefur hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er í kaupstaðnum. Hliðstæðar reglur gilda í hreppum. Ekki verður séð að ákvæði laganna standi gegn því að sveitarfélag stofni sjálfstætt félag með einkaaðilum um rekstur vatnsveitunnar. Sé slíkt heimilt er ekkert í lögunum sem mælir gegn þátttöku erlendra aðila í slíku félagi.

2.1.5. Iðnaður.

Samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978, má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi. Sama á við um félag með ótakmarkaðri ábyrgð. Allir félagsmenn skulu þar vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Í hlutafélagi er þess hins vegar krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli skilyrði um íslenskt ríkisfang og búsetu. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum sem hér hafa verið talin, en þó skal meiri hluti hlutafjár alltaf vera eign manna búsettra hér á landi.

Eins og áður segir hafa verið sett lög um hvert þeirra þriggja stóðiðjuvera sem byggja á erlendri eignaraðild. Lögin veita lagagildi samningum íslenskra stjórnvalda við hina erlendu eignaraðila og víkja þessir samningar til hliðar almennum lögum sem að öðrum kosti mundu gilda um starfsemina, svo sem hvað varðar fjármagnsflutninga, skattagreiðslur og eignarrétt að fasteignum.

2.1.6. Verslun.

a. Sá sem vill öðlast leyfi til verslunar hér á landi, sbr. lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, verður að fullnægja skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu. Einstaklingur verður þannig að hafa íslenskt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir stjórnarmenn og prókúruhafi að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi er áskilið að einn stjórnarmanna, endurskoðendur og framkvæmdastjórar hafi íslenskt ríkisfang og himilisfesti hér á landi. Enn fremur skal hlutafé í hlutafélagi vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá öllum þessum skilyðrum „standi sérstaklega á“, eins og það er orðað í lögunum. Auk hefðbundinnar verslunar ná lögin einnig til rekstrar myndbandaleigu. Um

leigustarfsemi að öðru leyti, sem sérstök lög taka ekki til, gilda hins vegar þau sjónarmið sem rakin eru í lið II.2.2.

b. Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, eða leyfi samkvæmt lögum er áður giltu um fasteignasölu, þ.e. lögum nr. 47/1938. Þó þurfa hæstaréttar- eða héraðsdómsmenn ekki leyfi til slíkrar starfsemi ef hún tengist lögmannsstörfum þeirra. Í 2. gr. laganna er m.a. gert að skilyrði fyrir löggildingu að maður hafi íslenskan ríkisborgararétt og hafi heimilisfesti hér á landi. Samkvæmt 6. gr. laganna er fasteigna- og skipasala bundin við nafn og í 7. gr. kemur fram að þeir sem hafa löggildingu til slíkra starfa hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn.

c. Samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, svo og lögum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkarétt til að flytja til landsins áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Þetta einkaleyfi nær einnig til framleiðslu og sölu áfengis, svo og til innflutnings og framleiðslu tóbaks.

2.1.7. Samgöngur.

a. Samkvæmt lögum nr. 34/1964, um loftferðir, þarf leyfi samgönguráðherra til rekstrar reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslensku yfirráðasvæði. Einnig þarf leyfi ráðherra til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði „enda mæli ráðherra eigi öðruvísi“, eins og segir í lögunum. Jafnframt getur ráðherra sett reglur um flugferðir „innlendra“ flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, veitt einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan. Sé um að tefla loftferðir milli staða á íslensku yfirráðasvæði getur ráðherra einungis veitt þeim leyfi sem teljast íslenskir aðilar í skilningi laganna. Til þeirra teljast íslenska ríkið og ríkisstofnanir, íslensk sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, mannúðarstofnanir sem hlíta fyrirsvari íslenskra ríkisborgara með búsetu á Íslandi og samtök sem fullnægja þessu síðasttalda skilyrði þar sem a.m.k. ⅔ samtakamanna séu íslenskir ríkisborgarar. Þegar um er að ræða hlutafélög skulu allir stjórnarmenn vera íslenskir ríkisborgarar, heimilisfastir á Íslandi, og a.m.k. ⅔ hlutar í eigu íslenskra aðila og fylgi hlutafénu a.m.k. ⅔ allra atkvæða í félaginu. Félag með ótakmarkaðri ábyrgð telst íslenskur aðili ef félagsmenn eru allir íslenskir ríkisborgarar eða tilheyra þeim hópi sem að framan greinir. Þrátt fyrir þau skilyrði, sem hér hafa verið greind, er samgönguráðherra rétt, „þegar mjög mikilvægar ástæður eru til“, að leyfa að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrásetja hér á landi þótt eigandi þess teljist ekki íslenskur aðili. Af framangreindu sést að erlend fjárfesting í innanlandsflugi er miklum takmörkunum háð og þær reglur, sem gilda um millilandaflug, virðast leiða til svipaðrar niðurstöðu.

b. Til að gera og starfrækja flugvöll þarf sérleyfi og sérstaka viðurkenningu samgönguráðherra. Lögin takmarka ekki berum orðum aðild útlendinga að slíkri atvinnustarfsemi, heldur er hún háð mati ráðherra.

c. Um útgerð kaupskipa er að finna ákvæði í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa. Til þess að skip fáist skráð hér á landi og öðlist rétt til að sigla undir íslenskum fána þarf eigandi að fullnægja ströngum skilyrðum um íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga hér heimilisfesti. Sé félag með ótakmarkaðri ábyrgð eigandi skips verða allir félagsmenn að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi skulu a.m.k. ⅗ hlutafjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og allir stjórnendur hafa íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Enn fremur getur íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sveitarfélög verið eigendur skips sem er skráð hér á landi. Frá þessum skilyrðum getur samgönguráðherra veitt takmarkaða undanþágu þegar sérstakar aðstæður mæla með því.

d. Í lögum nr. 29/1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, segir að leyfi samgönguráðuneytisins þurfi til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem taka fleiri en 8 farþega. Einnig þarf leyfi til að hafa með höndum reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma 3—8 farþega. Leyfi þessi eru þrenns konar: Leyfi til reglubundinna fólksflutninga, svonefnd sérleyfi, leyfi til hópferða og leyfi til sætaferða. Lögin kveða svo á að sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt til sérleyfa að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Jafnframt getur bæjarstjórn í kaupstöðum fengið einkaleyfi til rekstrar strætisvagna og ætíð skal líkt leyfi sérleyfi að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Að fráskildum þeim forgangsrétti sem felst í útgáfu þessara sérleyfa hafa lögin engin ákvæði að geyma sem beinlínis takmarka erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum á þessu sviði. Slík fjárfesting er því háð mati samgönguráðuneytisins.

e. Samkvæmt lögum nr. 36/1970, um leigubifreiðar, getur bæjarstjórn og sýslunefnd ákveðið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í viðkomandi kaupstað eða sýslu skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar eða sýslunefndar eftir því sem við á. Hafi slík viðurkenning verði veitt er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem ekki hefur hlotið viðurkenningu. Nær samhljóða ákvæði gilda um sendiferðabifreiðar og vöruflutningabifreiðar. Lögin hafa engin ákvæði er takmarka erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum innan þessarar greinar.

2.1.8. Þjónusta við ferðamenn.

a. Samkvæmt lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, er slíkur rekstur háður leyfi sem lögreglustjóri veitir að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits. Til þess að öðlast leyfi þarf umsækjandi, einstaklingur eða ábyrgðarmaður félags að uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. að hafa verið heimilisfastur á Íslandi „síðustu ár". Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og er bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt. Orðalagið „ábyrgðarmaður félags" er ekki skýrt en ætla má að átt sé við formann stjórnar eða framkvæmdastjóra. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, samkvæmt þessum lögum, að erlendir aðilar eigi hlut í slíku félagi.

b. Einungis er heimilt að starfrækja ferðaskrifstofu að fengnu leyfi samgönguráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Til að einstaklingur geti öðlast slíkt leyfi þarf hann að hafa búsetu á Íslandi. Eigi félag hlut að máli er þess á hinn bóginn krafist að stjórn þess sé „innlend", eins og það er orðað í lögunum, og félagið hafi „aðsetur" á Íslandi. Jafnframt er áskilið að forstöðumaður slíkrar ferðaskrifstofu hafi búsetu á Íslandi. Erlend fjárfesting á þessu sviði er því möguleg samkvæmt lögum þessum. Nokkur vafi leikur á því hvað átt er við með orðalaginu um „innlenda" stjórn og virðist eðlilegast að skýra það með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna, en nánar verður vikið að því hér á eftir.

2.1.9. Fjölmiðlun.

a. Samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, er útvarpsréttarnefnd óheimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%. Þetta bann nær hvort heldur sem er til rekstrar hljóðvarps- eða sjónvarpsstöðva samkvæmt orðaskýringu 1. gr. laganna.

b. Í lögum nr. 57/1956, um prentrétt, skal útgefandi blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða „íslenskur ópersónulegur aðili", eins og segir í lögunum. Jafnframt skal ritstjóri blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða. Ekki er að fullu ljóst hvað við er átt með orðalaginu „íslenskur ópersónulegur lögaðili", en ætla má að átt sé við fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu íslenskra ríkisborgara heimilisfastra hér á landi eða annarra fyrirtækja sem fullnægja þessu skilyrði.

2.1.10. Fjarskipti og póstþjónusta.

a. Íslenska ríkið hefur samkvæmt ákvæðum laga um fjarskipti, nr. 73/1984, einkarétt á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti (þar með talin símaþjónusta), svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja. Fjarskipti, sem fara ekki um hið opinbera fjarskiptakerfi, þegar eingöngu er um að ræða boðmiðlun eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laganna. Þá hefur íslenska ríkið einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra. Þessi einkaréttur nær þó ekki til notendabúnaðar. Í 7. gr. laganna segir að Póst- og símamálastofnunin annist framkvæmd á einkarétti ríkisins samkvæmt lögunum, nema önnur lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

b. Samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986, hefur Póst- og símamálastofnunin einkarétt á að safna saman, flytja og bera út allar lokaðar bréfapóstsendingar og aðrar lokaðar póstsendingar sem uppfylla skilyrði þess að vera veitt viðtaka í póst, „að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar“, eins og segir í 4. gr. laganna.

2.1.11. Fjármálaþjónusta.

a. Samkvæmt lögum nr. 66/1985, um viðskiptabanka, er einungis íslenska ríkinu og hlutafélögum heimilt að starfrækja viðskiptabanka á Íslandi. Til slíkrar starfsemi þarf ríkið sérstaka lagaheimild en þegar um hlutafélag er að ræða þarf leyfi viðskiptaráðherra til starfseminnar. Eitt þeirra skilyrða sem hlutafélag verður að fullnægja til að öðlast leyfi til viðskiptabankastarfsemi er að allt hlutaféð sé „í íslenskri eigu“. Ekki er með fullu ljóst hvernig beri að skýra hin tilvitnuðu orð laganna en nærri liggur að líta svo á að átt sé við íslenska ríkisborgara þegar einstaklingar eru hluthafar og fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu Íslendinga þegar lögaðilar eru hluthafar. Þá kveða viðskiptabankalögin svo á að erlendum hlutafélagsbönkum sé heimilt að starfrækja á Íslandi „umboðsskrifstofur“ sem hafi það meginhlutverk að annast milligöngu um viðskipti erlenda bankans við íslenska aðila. Starfræksla slíkra skrifstofa er þó háð leyfi viðskiptaráðherra og jafnframt er skrifstofunum óheimilt að hafa með höndum innláns- eða útlánsviðskipti við almenning, svo og gjaldeyrisverslun og verðbréfaviðskipti.

Lög nr. 67/1985, um sparisjóði, geyma að mörgu leyti svipuð ákvæði og lög um viðskiptabanka. Þannig er t.d. starfræksla sparisjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra. Aftur á móti er þátttaka erlendra aðila í sparisjóði algerlega bönnuð samkvæmt lögunum og er þar kveðið svo á að stofnendur sparisjóðs og sparisjóðsaðilar verði að vera íslenskir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi, sýslufélög, sveitarfélög eða starfandi sparisjóðir.

b. Í lögum nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, er rekstur slíks fyrirtækis og starfræksla verðbréfasjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra. Samkvæmt lögunum er leyfi einungis veitt einstaklingum og verða hlutaðeigandi einnig að veita fyrirtækinu daglega forstöðu. Forstöðumaðurinn og leyfishafinn verður að vera íslenskur ríkisborgari með heimilisfesti á Íslandi. Að öðru leyti er erlend eignaraðild að fyrirtækum á þessu sviði heimil.

c. Í lögum nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi segir að einungis félög og stofnanir megi reka vátryggingarstarfsemi á Íslandi. Er heimildin bundin við þrenns konar félög. Í fyrsta lagi „innlend félög og stofnanir sem starfa samkvæmt sérlögum“. Í öðru lagi „innlend hlutafélög og gagnkvæm vátryggingarfélög“ og í þriðja lagi „erlend vátryggingarfélög“. Þegar um er að ræða félag eða stofnun sem ekki starfar á grundvelli sérlaga er nauðsynlegt

að félagið/stofnunin öðlist leyfi heilbrigðis- og tryggingaráðherra til starfans. Erlend fárfesting í þessari atvinnugrein er ekki takmörkuð í lögunum að öðru leyti en því að ráðherra virðist geta metið sjálfstætt út frá ýmsum sjónarhornum hvort rétt sé að veita fyrirtæki leyfi til þessarar starfsemi.

2.2. Atvinnugreinar ekki háðar sérlögum.

Um nokkrar atvinnugreinar á Íslandi hafa ekki verið sett sérstök atvinnulög. Má í því sambandi einkum nefna fiskeldi og fjármálaþjónustu sem hvorki telst til viðskiptabankastarfsemi, verðbréfamiðlunar eða vátryggingarstarfsemi. Þessi „eyða" í atvinnulöggjöfinni vekur þá spurningu hverjar séu þær reglur sem gildi um stofnun eða kaup fyrirtækja af hálfu eða með þátttöku erlendra aðila á þessum sviðum atvinnulífsins. Við úrlausn þessa álitaefnis virðist eðlilegast að leggja til grundvallar atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sem felur í sér meginreglu íslenskra laga um atvinnuréttindi einstaklinga. Þar segir berum orðum að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Þetta orðalag virðist útiloka að beitt sé rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun frá ákvæðum einstakra atvinnulaga til að fá þá niðurstöðu að til sé almenn regla í íslenskum rétti er hindri í öllum tilvikum meirihlutaaðild erlendra aðila að fyrirtækjum nema að fengnu leyfi stjórnvalda.

Andspænis þessari skýringu á atvinnufrelsisákvæðinu hefur því verið haldið fram að almenn regla hafi verið lögfest í þessu efni samkvæmt lögum nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga. Sé þar áskilið að útlendingur, einstaklingur eða félag, sem hyggist starfrækja atvinnufyrirtæki hér á landi, þurfi leyfi félagsmálaráðherra til starfseminnar (atvinnuréttarleyfi) ef hún er ekki háð leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Þessi regla er tvímælalaust í fullu gildi þegar erlendir einstaklingar eiga í hlut. Öðru máli gegnir um lögaðila. Tilgangur laganna, eins og sést vel á einstökum ákvæðum þeirra, er að vernda vinnumarkaðinn gegn ásókn erlendra einstaklinga en ekki að takmarka með almennum hætti erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Er tekið fram berum orðum í 1. gr. laganna að samkvæmt þeim teljist hver *maður* útlendingur sem ekki hefur íslenskt ríkisfang. Jafnframt væri mjög óeðlilegt, samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, að félagsmálaráðherra væri falið að hafa með höndum verkefni sem varða erlenda fjárfestingu. Samkvæmt nefndri reglugerð fer félagsmálaráðherra hins vegar með vinnumarkaðsmál. Af þessu leiðir (og einnig með vísan til meginreglu atvinnufrelsisákvæðisins) að erlendir lögaðilar falla ekki undir ákvæði laganna um atvinnuréttindi einstaklinga.

Í riti sínu *Stjórnskipun Íslands* (Rvk. 1979) segir Ólafur Jóhannesson um þetta atriði að sú stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans, sem felist í atvinnufrelsisákvæðinu, leiði „til þeirrar túlkunarreglu að í vafaatriðum beri að telja líkur fyrir atvinnufrelsinu". Samkvæmt þessari túlkun stjórnarskrárinnar má því aðeins skerða atvinnufrelsið að skerðingin eigi sér ótvíræða stoð í ákvæðum laga sem Alþingi hefur sett. Slík sérákvæði geta ekki orðið að almennri reglu nema með breytingu á stjórnarskrárákvæðinu, enda þarf venja að vera orðin afar ótvíræð og skýr eigi hún að víkja stjórnarskrárákvæði. Ekki verður talið að nein venja hafi myndast í þessu efni er sé andstæð framangreindri meginreglu, enda hefur löggjafinn ávallt talið sér skylt í framkvæmd að setja um það sérstök lagaákvæði þegar atvinnufrelsið hefur verið skert.

Af þessu leiðir að innan þeirra atvinnugreina, sem ekki lúta sérstökum atvinnulögum, er erlendum aðilum öðrum en erlendum einstaklingum frjálst að hefja rekstur fyrirtækja að fullnægðum skilyrðum annarra laga. Þó gildir sú takmörkun samkvæmt hlutafélagalögum að ef um er að ræða erlent hlutafélag, sem ætlar að hefja rekstur á Íslandi með opnun útibús, þarf viðkomandi félag leyfi viðskiptaráðherra, eins og nánar er lýst í lið II.2.3.

2.3. Ákvæði hlutafélagalaga.

Í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, er að finna tvenns konar ákvæði sem varða erlenda fjárfestingu í hlutafélögum. Fyrra atriðið lýtur að stofnendum hlutafélags og mæla lögin svo fyrir að meiri hluti þeirra skuli hafa haft heimilisfesti á Íslandi í tvö ár hið minnsta. Þykir þetta skilyrði nauðsynlegt vegna hinnar ríku ábyrgðar er hvílir á stofnendum hlutafélags. Síðara atriðið lýtur að starfsemi erlendra hlutafélaga á Íslandi. Segir þar að vilji erlent hlutafélag taka til starfa hér á landi án þess að opna sjálfstætt fyrirtæki, hugsanlega í samvinnu við innlenda eða aðra erlenda aðila, geti það fengið slíkt starfsleyfi viðskiptaráðherra. Leyfisveitingin er hins vegar háð ákveðnum skilyrðum. Félagið verður að opna sérstakt útibú á Íslandi og ráða því útibússtjóra með íslenskt ríkisfang og heimilisfesti en viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá ríkisfangsskilyrðinu. Það verður að vera löglegt í heimalandi sínu og fullnægja meginskilyrðum hlutafélagalaga fyrir því teljast hlutafélag. Síðast en ekki síst kveða lögin svo á að starfsemi útibúsins verði að fullnægja ákvæðum þeirra atvinnulaga sem hún fellur undir.

Í hlutafélagalögum er enn fremur að finna almennt ákvæði um setu erlendra ríkisborgara í stjórn hlutafélags sem er starfrækt og skráð á Íslandi. Þar er sú krafa gerð að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri hafi heimilisfesti á Íslandi. Þó er viðskiptaráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessari kröfu. Þetta ákvæði víkur hins vegar fyrir ákvæðum einstakra atvinnulaga sem kveða á um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og rakin voru í lið II.2.1.

3. Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Eins og fram kom hér að framan þegar fjallað var um möguleika erlendra aðila til fjárfestingar í einstökum atvinnugreinum, sbr. II.2.1. og II.2.2., getur slík fjárfesting komið til greina á ýmsum sviðum þótt fátítt sé að lög heimili berum orðum meirihlutaeign útlendinga á fyrirtækjum. Lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, geta á hinn bóginn komið í veg fyrir að erlendir aðilar geti nýtt sér þær heimildir sem felast í einstökum atvinnulögum og þeirri túlkun á löggjöfinni í heild sinni sem sett er fram í lið II.2.2. hér að framan. Samkvæmt lögunum frá 1966 er það meginreglan að einstaklingur, sem vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign á Íslandi, skuli vera íslenskur ríkisborgari. Sé um að ræða félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar. Í hlutafélagi skulu ⅘ hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta hlutafjár á hluthafafundum. Slík félög skulu og eiga hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar. Þessi skilyrði eiga hins vegar ekki við ef leiga eða eignarhald á fasteign varir skemur en þrjú ár eða ef uppsögn leigusamnings vegna fasteignar er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. Að auki getur dómsmálaráðherra veitt erlendum aðilum undanþágu frá skilyrðum um íslenskt ríkisfang „ef ástæða þykir til“, eins og segir í lögunum.

4. Reglur um fjármagnsflutninga.

Fjármagnsgreiðslur til landsins eru háðar ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Eins og áður hefur komið fram eru stóriðjuverin undanþegin ákvæðum laganna um þetta efni. Orðið fjármagnsgreiðslur er ekki skilgreint í lögunum en í lagaframkvæmd hafa viðskiptaráðuneytið og Seðlabankinn litið svo á að átt sé við tvenns konar greiðslur. Annars vegar sé um að ræða greiðslur sem fela í sér flutning á fé til landsins frá erlendum aðilum og er ætlað að vera eiginfjárframlag þeirra í atvinnurekstur. Hins vegar er átt við erlent lánsfé.

Mismunandi reglur gilda lögum samkvæmt um þessar greiðslur. Um þær fyrrnefndu gildir sú regla að erlendum aðilum sé heimilt án leyfis gjaldeyrisyfirvalda að flytja fé til

landsins til að fjárfesta í atvinnurekstri. Þeim er hins vegar skylt að tilkynna gjaldeyrisyfirvöldum fyrir fram um slíkan flutning. Ef um er að ræða erlenda lántöku gegnir öðru máli þar sem slík lántaka er ætíð háð leyfi lögum samkvæmt. Þegar lántakandinn er íslenska ríkið, einstakar ríkisstofnanir eða fyrirtæki í eigu ríkisins, styðst lántakan allajafna við heimild í lánsfjárlögum. Hyggi aðrir aðilar á lántöku erlendis er samþykki ríkisstjórnar nauðsynlegt. Þótt ríkisstjórn fari með endanlegt ákvörðunarvald í þessu efni hefur hún falið tveimur stjórnskipuðum nefndum meðferð þessara mála að mestu leyti. Í þessum nefndum eiga sæti fulltrúar viðskiptaráðuneytis, Seðlabanka og viðskiptabanka. Önnur nefndin, lánanefnd, fjallar um umsóknir um lán til lengri tíma en eins árs en hin, samstarfsnefnd um gjaldeyrismál, fjallar um lántökur til skemmri tíma o.fl.

Um fjármagnsgreiðslur úr landi gildir sú meginregla að stjórnvöld verða að heimila slíka greiðslu. Samkvæmt reglugerð nr. 172/1980, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, er veitingarvaldið í höndum samstarfsnefndar um gjaldeyrismál og eru aðeins ferns konar minni háttar tegundir þessara greiðslna ekki háðar leyfi nefndarinnar. Að auki gilda, eins og áður segir, sérreglur um stóriðjufyrirtækin. Þannig er greiðsla arðs til erlendra eignaraðila háð leyfi, svo og endurgreiðsla á eiginfjárframlagi, svo sem vegna sölu á eignarhlut eða slita á félagi. Um meðferð umsókna um yfirfærslur af þessu sökum hafa ekki verið birtar reglur og er það algerlega undir frjálsu mati nefndarinnar komið hvort umsókn er sinnt.

5. Skattalög.

Ákvæði íslenskra laga um skattlagningu fyrirtækja er ekki ætlað að búa fyrirtækjum, sem eru að nokkru eða öllu leyti í eigu erlendra aðila, verri starfskjör en öðrum fyrirtækjum sem eru starfrækt á Íslandi. Engu að síður geta ákvæðin valdið tvísköttun og skattyfirvöldum erfiðleikum við framkvæmd skattalaga. Til að komast hjá þessu og jafna starfsskilyrði fyrirtækja hafa íslensk stjórnvöld gert tvísköttunarsamninga við sjö erlend ríki, þ.e. öll hin Norðurlöndin, Bandaríkin, V-Þýskaland og Sviss. Þá mun vera í undirbúningi á vegum fjármálaráðuneytisins gerð tvísköttunarsamnings við Bretland.

III. ERLEND FJÁRFESTING Í RÍKJUM OECD

1. Inngangur.

Undanfarin 15 ár hefur verðmæti erlendrar fjárfestingar í heiminum vaxið verulega og er áætlað að bein erlend fjárfesting hafi numið yfir 600 milljörðum bandaríkjadala á árinu 1984. Til samanburðar má geta þess að árið 1971 nam slík fjárfesting tæpum 160 milljörðum bandaríkjadala og árið 1980 var erlend fjárfesting 470 milljarðar bandaríkjadala. Þessi vöxtur var hraðari en vöxtur vergrar þjóðarframleiðslu á áttunda áratugnum í aðildarríkum OECD á þessu tímabili. Uppspretta nær alls þessa fjármagns er í hinum iðnvæddu aðildarríkum OECD. Stærsti hluti fjárins kemur frá Bandaríkjunum eða um 40%. Frá Bretlandi koma um 12% og talið er að samanlagt nemi hlutdeild sex annarra ríkja, þ.e. Vestur-Þýskalands, Japans, Sviss, Hollands, Kanada og Frakklands, um 40% af beinni erlendri fjárfestingu.

Þegar kannað er til hvaða ríkja þetta fé rennur kemur í ljós að ¾ hlutar þess fara til iðnríkja Vesturlanda og að stærstum hluta til Bandaríkjanna. Fjórðungur fjárins fer til þróunarríkja. Á síðustu árum hefur þetta hlutfall verið að raskast þróunarríkjum í óhag og erlendri fjárfestingu í auknum mæli beint til aðildarríkja EB og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Eigendur þessa fjár eru að langstærstum hluta fjölþjóðafyrirtæki („multinational companies“) og er fjárfesting þeirra að ¼ hluta í vinnslu ýmiss konar jarðefna, annar fjórðungur fjárfestingar þessara fyrirtækja fer til banka-, trygginga- og annarrar þjónustustarfsemi en helmingurinn fer í framleiðsluiðnað.

Í þessum kafla verður greint frá því starfi sem unnið hefur verið að á vegum OECD til að draga úr hindrunum í vegi erlendrar fjárfestingar og þeim skuldbindingum sem aðildarríkin hafa tekið á sig í því sambandi. Þá verður greint frá framkvæmdinni í aðildarríkum OECD, allt byggt á upplýsingum frá stofnuninni sjálfri. Loks verður sérstaklega greint frá lagaákvæðum varðandi erlenda fjárfestingu í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Við samningu kaflans hefur einkum verið stuðst við fjölritið *„Recent Trends in International Direct Investment"*, útg. af OECD, merkt IME (85)35 (1st Revision), dags. 28. febrúar 1986.

2. Stefna OECD.

Árið 1960 var Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) sett á stofn, en hún var arftaki Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu (OEEC) sem stofnuð hafði verið 1948 í því skyni að reisa við efnahag Evrópuríkja eftir stríð. Aðildarríki stofnunarinnar eru Austurríki, Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Japan, Kanada, Luxemborg, Noregur, Nýja-Sjáland, Portúgal, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Vestur-Þýskaland og Tyrkland. Markmið OECD er að draga úr eða afnema hindranir í viðskiptum með vörur, þjónustu og verslun með gjaldeyri, svo og að auka frjálsræði í öðrum fjármagnsflutningi milli landa. Í þessu skyni voru tvær samþykktir gerðar á vegum stofnunarinnar sem útfæra þetta markmið nánar.

Önnur samþykktin og sú sem hér skiptir máli er nefnd „samþykktin um aukið frelsi í fjármagnsflutningum" („The Code of Liberalisation of Capital Movements") og er henni ætlað að stuðla að því að viðskipti innlendra og erlendra aðila geti átt sér stað með eins greiðum hætti og þegar viðskipti eiga sér stað milli tveggja innlendra aðila.

Samkvæmt a-lið 7. gr. í samþykktinni geta einstök aðildarríki undanþegið sig ákvæðum hennar ef efnahags- og fjárhagsleg rök þykja mæla með því. Íslendingar nýttu þessa heimild þegar í upphafi og eru því ekki bundnir af ákvæðum samþykktarinnar á sama hátt og önnur aðildarríki OECD. Árið 1985 afturkölluðu Tyrkir sinn fyrirvara og eru nú Íslendingar eina aðildarríki stofnunarinnar sem hefur slíkan fyrirvara. Stofnuninni er þó heimilt að láta fara fram könnun hér á landi á því hvort þær aðstæður séu enn fyrir hendi sem réðu fyrirvaranum á sínum tíma og gera tillögur um breytingar ef ástæða þykir til.

Sérstök nefnd („The Committee on Capital Movements and Invisible Transactions") var sett á laggirnar til þess að tryggja góða framkvæmd samþykktanna í aðildarríkjunum. Reglulega er tekin saman skýrsla af nefndinni með yfirliti um frávik frá þeirri stefnu sem mörkuð er í samþykktunum. Jafnframt eru ástæður frávika skýrðar og hvatt til afnáms þeirra ef rök þykja ekki mæla með þeim lengur. Á árinu 1982 skilaði nefndin til ráðherranefndar OECD yfirlitsskýrslu varðandi lög, reglugerðir og stjórnvaldsframkvæmd í aðildarríkjunum sem takmarka beina erlenda fjárfestingu. Í kjölfar þessarar skýrslugerðar var nefndinni falið ásamt annarri nefnd, sem starfar á vegum OECD („The Committee on International Investment and Multinational Enterprises"), að leita leiða til að draga úr hindrunum á þessu sviði.

Samkvæmt tillögum þessara nefnda hefur eftirlit verið hert með því að erlend fyrirtæki njóti sömu kjara og innlend fyrirtæki í viðkomandi atvinnugreinum („National Treatment Principle"). Jafnframt hefur gildissvið samþykktarinnar um aukið frelsi í fjármagnsflutningum verið rýmkað þannig að nú er litið svo á að öll lagaákvæði, reglugerðarfyrirmæli og stjórnarframkvæmd að öðru leyti feli í sér takmörkun á beinni erlendri fjárfestingu samkvæmt samþykktinni njóti innlendir aðilar á einhvern hátt forréttinda umfram erlenda aðila. Vegna þessarar viðbótar var framkvæmd ákvæðisins könnuð sérstaklega og er niðurstaðan sú að aðildarríkin hafa afnumið fjölmargar takmarkanir og einfaldað mjög reglur um erlenda fjárfestingu. Þessi þróun er einkum áberandi á sviði bankamála og þjónustuviðskipta.

Áður en áfram verður haldið er rétt að taka það fram að samkvæmt samþykktinni eiga erlendir aðilar ekki heimtingu á betri kjörum en innlendir aðilar. Þá nær ákvæðið heldur ekki til takmarkana sem gerðar eru á erlendri fjárfestingu vegna tillits til öryggis og varna eða annarra slíkra þjóðarhagsmuna.

3. Framkvæmdin í aðildarríkum OECD.

3.1. Almennar lagareglur.

Almennar lagareglur um beina erlenda fjárfestingu í ríkjum OECD eru afar mismunandi hvað varðar veitingu leyfa til slíkrar fjárfestingar. Í sumum ríkjanna þarf að sækja um leyfi fyrir allri erlendri fjárfestingu en í öðrum þarf aðeins leyfi í tilteknum atvinnugreinum og leyfin eru háð misjafnlega ströngum skilyrðum. Einungis í nokkrum ríkjanna eru leyfi notuð sem stjórntæki en í flestum þeirra eru þau öðru fremur notuð til að afla hagrænna upplýsinga og til þess að unnt sé að ganga úr skugga um réttmæti þeirra upplýsinga sem viðkomandi fjárfestingaraðili veitir stjórnvöldum hlutaðeigandi lands.

Til að skýra nánar meðferð þessara mála má skipta ríkjum OECD í þrjá meginhópa. Í fyrsta hópnum eru Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Grikkland, Holland, Ítalía, Japan, Luxemborg, Spánn, Sviss og Vestur-Þýskaland. Í þessum ríkum gildir sú meginregla að bein erlend fjárfesting er ekki háð leyfi stjórnvalda eða veitt því sem næst sjálfkrafa nema á tilteknum sviðum, þ.e. í afmörkuðum atvinnugreinum sem háðar eru sérstökum skilyrðum, sbr. lið III.3.2. hér á eftir.

Í öðrum hópnum eru Austurríki, Ástralía, Frakkland, Kanada og Spánn. Auk sérstakra skilyrða um einstakar atvinnugreinar, sbr. lið III.3.2. hér á eftir, hefur löggjöf þessara ríkja að geyma ákveðnar takmarkanir almenns efnis. Lúta þær einkum að stærð fjárfestingarinnar og því hvort um sé að ræða fjárfestingu á vegum erlends fyrirtækis sem þegar hefur starfsemi með höndum innan viðkomandi lands eða nýjan aðila. Í Ástralíu t.d. eru kaup erlendra aðila á þarlendu fyrirtæki eða stofnun nýs fyrirtækis háð leyfi ef fjárfestingin nemur hærri fjárhæð en 10 milljónum ástralíudala. Í Kanada verður erlendur aðili að sækja um leyfi hyggist hann taka yfir innlent fyrirtæki ef það er metið á 5 milljónir kanadískra dala eða meira. Fjárfesting erlendra aðila í Frakklandi er háð leyfi ef hún nemur hærri fjárhæð en 10 milljónum franka og hinn erlendi aðili er frá ríki utan EB.

Í þriðja hópnum er öll bein erlend fjárfesting háð fyrir fram samþykki stjórnvalda. Í þessum hópi eru Finnland, Írland, Nýja-Sjáland, Noregur, Portúgal, Svíþjóð og Tyrkland. Skilyrðin fyrir leyfi eru afar mismunandi milli ríkja í þessum hópi. Einna frjálslegast er fyrirkomulagið í Finnlandi, en þar eru leyfi veitt nær sjálfkrafa ef um er að ræða atvinnugrein sem ekki er háð sérstökum skilyrðum, sbr. lið III.3.2. Á Írlandi eru leyfi einnig veitt hindrunarlaust ef um raunverulega erlenda fjárfestingu er að ræða, enda er það stefna írskra stjórnvalda að laða til landsins erlent fjármagn með markvissum hætti. Á Nýja-Sjálandi er leyfi almennt veitt ef erlendur aðili hyggst kaupa innlent fyrirtæki eða verulegan hlut í slíku fyrirtæki nemi fjárfestingin lægri fjárhæð en 500 þúsund nýsjálenskum dölum. Í Tyrklandi eru leyfi háð athugun stjórnvalda þar sem þjóðhagslegt gildi fjárfestingarinnar er kannað.

Reglur um frekari fjárfestingu erlendra fyrirtækja („established foreign-controlled enterprises") eru mismunandi í ríkjum OECD. Í Kanada, Nýja-Sjálandi og Tyrklandi er öll slík fjárfesting háð leyfum. Í Austurríki, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Japan, Sviss og Vestur-Þýskalandi er fjárfesting slíkra fyrirtækja aðeins háð leyfum í atvinnugreinum sem bundnar eru sérstökum skilyrðum. Í öðrum ríkjum, Ástralíu, Belgíu, Luxembourg, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Noregi, Portúgal, Spáni og Svíþjóð, lýtur slík fjárfesting sömu meðferð og almennt gildir um beina erlenda fjárfestingu í þessum ríkjum en minni háttar frávik er þó að finna í Frakklandi og Portúgal.

3.2. Sérstakar takmarkanir.

Eins og að framan greinir er bein erlend fjárfesting takmörkuð í ýmsum atvinnugreinum innan ríkja OECD. Takmarkanir þessar beinast þá að tilteknum atvinnugreinum en hafa ekki almennt gildi eins og þær reglur sem raktar voru hér að framan. Þær atvinnugreinar sem lúta þessum takmörkunum eru einkum ýmsar þjónustugreinar, svo sem bankastarfsemi, tryggingar, útvarpsrekstur, fjarskipti, samgöngur (á landi, sjó og í lofti) en einnig á þetta við um fyrirtæki er starfa á sviði orkumála eða sinna með öðrum beinum hætti nýtingu náttúruauðlinda. Í því sem hér fer á eftir verður fjallað um þessar sérstöku takmarkanir að því undanskildu að um einkarétt opinberra fyrirtækja eða einkaaðila til tiltekinnar starfsemi verður fjallað sérstaklega hér á eftir, sbr. lið III.3.3.

Þær takmarkanir, sem hér um ræðir, geta verið af margvíslegum toga. *Í fyrsta lagi* getur lagareglum um tilteknar atvinnugreinar verið háttað á þann veg að erlendum aðilum sé að verulegu leyti meinuð bein fjárfesting innan þeirra. Þetta er algengt hjá ríkum OECD í innanlandsflugi og skipasamgöngum. Innanlandsflug er þannig dæmi um grein þar sem útlendingum er meinað að fjárfesta í Bandaríkjunum, Bretlandi, Finnlandi, Írlandi, Hollandi, Japan, Luxemborg, Svíþjóð og Sviss. Þá eru skipaflutningar háðir margvíslegum takmörkunum, svo sem í Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Grikklandi, Japan og Tyrklandi.

Í nokkrum öðrum atvinnugreinum er aðgangur útlendinga til fjárfestinga einnig takmarkaður mjög verulega, en þær takmarkanir eru hvergi nærri eins almennar og gerist í innanlandsflugi og skipaflutningum. Í Ástralíu og Nýja-Sjálandi er bankastarfsemi erlendra aðila háð verulegum takmörkunum. Sama gildir um vopnaframleiðslu í Danmörku, Finnlandi, Frakklandi og á Spáni, myllurekstur á Írlandi, rekstur dagblaða í Ástralíu, Kanada, Japan og á Spáni, kvikmyndaframleiðslu í Frakklandi, á Spáni og í Sviss, landbúnað og skógrækt í Finnlandi og Japan, landbúnað, skógrækt, fiskveiðar og olíuframleiðslu í Japan og olíuframleiðslu í Tyrklandi.

Í öðru lagi kann þess að vera krafist í ákveðnum atvinnugreinum að bein erlend fjárfesting tiltekins aðila hljóti sérstaka heimild stjórnvalda sem er einungis veitt að undangengnu sérstöku mati stjórnvalda á fjárfestingunni („on a case-by-case basis"). Þetta á við um flugstarfsemi í Ástralíu og Vestur-Þýskalandi, bankaþjónustu á Nýja-Sjálandi, blaðaútgáfu í Ástralíu, ferðaþjónustu í Portúgal og ýmsar atvinnugreinar í Finnlandi og Frakklandi. Í Finnlandi eru umsóknir um beina erlenda fjárfestingu í fjármálaviðskiptum skoðaðar vandlega áður en leyfi er veitt, svo sem að því er varðar verðbréfamiðlun, fjármögnunarleigu og skylda starfsemi, endurskoðun, fasteignamiðlun, útgáfustarfsemi og öryggisþjónustu. Í Frakklandi á þetta við um orkuframleiðslu (bensín, kjarnorka), rekstur skóla og kvikmyndagerð.

Í þriðja lagi er unnt að stjórna erlendri fjárfestingu með því að áskilja að sérleyfi stjórnvalda þurfi til starfrækslu fyrirtækja innan vissra atvinnugreina, en undanfari á veitingu slíks leyfis er ætíð könnun á viðkomandi fyrirtæki. Þetta fyrirkomulag er nokkuð algengt í Danmörku, Frakklandi, Noregi og Sviss. Í Danmörku er það viðhaft í eftirtöldum geinum: Flutningum með járnbrautarlestum og langferðabílum, innanlandsflugi, símaþjónustu, framleiðslu og dreifingu rafmagns og gass, námarekstri og rekstri vatnsveitna. Í Frakklandi er því beitt í námarekstri, vatnsvirkjun, félags- og heilbrigðisþjónustu, ferðaþjónustu og útvarpsrekstri. Í Noregi er sérleyfis krafist þegar um er að ræða stofnun banka og fjármálaþjónustu, fiskiskipaútgerð og flugsamgöngur. Í Sviss þarf sérleyfi til rekstrar flugþjónustu, dreifingar á eldsneyti, vinnslu gass og annarra jarðefna og nýtingar vatnsorku. Í Grikklandi og Svíþjóð er sérleyfis krafist í námarekstri og tryggingastarfsemi.

Í fjórða lagi er beitt ýmsum öðrum ráðum til að tálma eða hafa stjórn á erlendri fjárfestingu. Þannig finnast reglur innan nokkurra atvinnugreina sem takmarka mögulegan

eignarhlut erlendra aðila í fyrirtækjum eða rétt þeirra til að greiða atkvæði á félags- eða stjórnarfundum í samræmi við eignarhlut sinn. Einnig þekkist að erlend fjárfesting sé einungis leyfð með tilteknum hætti, t.d. að hinn erlendi fjárfestingaraðili stofni dótturfélag. Þá kunna að gilda reglur sem takmarka möguleika fyrirtækis, þar sem um er að ræða erlenda fjárfestingu, til að færa starfsemi sína inn á svið nýrra atvinnugreina. Loks kunna að vera sett skilyrði um ríkisfang eða heimilisfesti stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda o.s.frv.

Takmarkanir af þessu tagi finnast einkum í fimm atvinnugreinum, þ.e. bankarekstri og annarri fjármálaþjónustu, tryggingum, sjóflutningum, flugþjónustu og námarekstri. Hvað bankarekstur varðar er erlend fjárfesting takmörkuð á þennan hátt í eftirtöldum ríkjum: Ástralíu, Austurríki, Frakklandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Japan, Kanada, Luxemborg, Noregi, Nýja-Sjálandi, Sviss og Tyrklandi. Hið sama á við um tryggingastarfsemi í Austurríki, Finnlandi, Ítalíu, Kanada og Sviss. Sjóflutningar lúta takmörkun í framangreindu tilliti í Ástralíu, Bandaríkjunum (þ.e. við fiskveiðar og í öðrum flutningum en milliríkjaflutningum), Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Noregi, Portúgal, Svíþjóð og Sviss. Í flugþjónustu er slíkar takmarkanir að finna í Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Japan, Noregi, Portúgal, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Vestur-Þýskalandi. Varðandi námarekstur er þessar takmarkanir að finna í Ástralíu, Bandaríkjunum, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Írlandi, Japan, Noregi, Nýja-Sjálandi, Portúgal, Spáni og Tyrklandi.

Í mörgum örðum atvinnugreinum er erlend fjárfesting takmörkuð á einhvern þann hátt er að framan greinir. Nefna má fjölmiðlun í Ástralíu, Bretlandi og Kanada, orkuvinnslu í Kanada, á Spáni og í Sviss, ferðaþjónustu í Noregi og einnig landbúnað, útgáfu og spilavíti í Frakklandi, fiskveiðar í Noregi og Portúgal og rekstur járnbrauta í Sviss.

Til viðbótar við þau atriði sem að framan eru greind þekkist að bein erlend fjárfesting sé háð kröfu um gagnkvæmni. Hér er átt við að leyfi til fjárfestingar í einu ríki sé háð skilyrði um að þegnar þess ríkis njóti sama réttar til fjárfestingar í heimaríki fjárfestingaraðilans. Er þetta fyrirkomulag einkum algengt í banka- og tryggingastarfsemi.

Að endingu ber að geta þess að í fáeinum ríkjum geta staðbundin stjórnvöld, svo sem fylkisstjórnir eða sveitarstjórnir, sett takmarkanir af ofangreindu tagi gagnvart erlendri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum. Þau ríki, sem hér um ræðir, eru Ástralía, Austurríki, Bandaríkin, Ítalía, Kanada og Sviss.

3.3. Einkasala.

Í löggjöf allar ríkja OECD þekkist það fyrirkomulag að tilteknum aðilum, sem venjulega eru opinberar stofnanir eða fyrirtæki í eigu hins opinbera en einnig félög sem bæði eru í eigu opinberra aðila og einkaaðila eða félög að öllu leyti í eigu einkaaðila, er veittur einkaréttur til að sinna tiltekinni atvinnustarfsemi. Slík einkasölufyrirtæki þekkjast einkum á sviði póstþjónustu, símaþjónustu og annarrar fjarskiptaþjónustu, í útvarpsrekstri, samgöngum, orkuframleiðslu og olíudreifingu, svo og í framleiðslu og dreifingu áfengis, tóbakssölu, rekstri happdrætta og annarri slíkri starfsemi.

Póstþjónusta er háð einkarétti í öllum ríkjum OECD en hins vegar er mismunandi hversu víðtækur þessi réttur er, svo og hvort um er að ræða einkarétt sem eingöngu nær til opinberra aðila eða einnig til einkaaðila. Sama á við um símaþjónustu og aðra fjarskiptaþjónustu.

Rekstur útvarpsstöðva er bundinn slíkum einkarétti í Ástralíu, Belgíu, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Luxemborg, Noregi (þar hefur þó orðið nokkur breyting og einkaaðilum verið heimilað að starfrækja staðbundnar útvarpsstöðvar), Nýja-Sjálandi, Svíþjóð, Sviss og Vestur-Þýskalandi.

Hvað flutningastarfsemi viðvíkur er einkaréttur algengastur í flugþjónustu og tíðkast slíkt fyrirkomulag í Ástralíu, Belgíu, Finnlandi, Grikklandi, Nýja-Sjálandi, Portúgal og Sviss. Einnig er þetta fyrirkomulag nokkuð þekkt í rekstri járnbrauta.

Einkaréttur til starfrækslu fyrirtækja á sviði orkuframleiðslu gildir í Ástralíu, Grikklandi, Hollandi, Kanada, Ítalíu, Nýja-Sjálandi, Portúgal og Frakklandi. Í tveimur síðasttöldu ríkjunum nær slíkt fyrirkomulag einnig til dreifingar. Vatns- og gasdreifing er háð einkarétti í Belgíu, Bretlandi, Grikklandi, Hollandi og Portúgal. Kolavinnsla og önnur orkuvinnsla af því tagi er takmörkunum háð í mörgum ríkjum, t.d. Bretlandi og Frakklandi.

4. Framkvæmdin í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð.

Ríkja Norðurlanda hefur verið getið eftir því sem við hefur átt hér að framan en rétt þykir að víkja nú nánar að því með hvaða hætti þessir helstu nágrannar okkar haga eftirliti og stjórn með erlendri fjárfestingu og er byggt á yfirlitsgrein um þetta efni sem birtist í *International Financial Law Review* í nóvember 1985. Greinin nefnist „Structuring Investments in Nordic Countries" og er eftir Per Toren, Lauri Peltola, Kim Dobroven og Michael Sternaer.

4.1. Hlutabréfakaup.

Í *Svíþjóð* er útlendingum bannað að eiga fasteignir nema með sérstakri heimild stjórnvalda. Þessar takmarkanir ná til fyrirtækja og annarra samtaka sem er stjórnað af eða eru í eigu útlendinga. Sænskt fyrirtæki má kaupa fasteign án þess að sækja um heimild enda sé gert ráð fyrir því í samþykktum félagsins að útlendingum sé meinað að eiga meiri hluta í félaginu. Slíkt ákvæði í samþykktum félagsins verður að kveða á um að útlendingar megi aðeins eiga takmarkaðan hluta hlutafjárins, þ.e. minna en sem nemur einum fimmta atkvæðamagns og minna en 40% útgefins hlutafjár. Sænsk hlutafélög geta gefið út mismunandi flokka hlutabréfa. Þeir flokkar hlutabréfa, sem selja má útlendingum, eru nefndir „óbundnir" hlutir. Ef fyrirtæki hyggst afnema takmarkandi ákvæði samþykkta félagsins í því skyni að breyta „bundnum" hlutum í „óbundna" verður að sækja um leyfi til stjórnvalda. Þó að hlutabréf séu óbundin verður útlendingur, erlent fyrirtæki eða jafnvel sænskt fyrirtæki, sem ekki er með takmarkandi ákvæði í samþykktum sínum, að fá samþykki stjórnvalda áður en keypt eru hlutabréf sem fara fram úr 10, 20, 40 eða 50% af útgefnum hlutabréfum félags eða atkvæðaréttar tengdum bréfunum. Öll kaup sem valda því að kaupandi eignast hlut, sem fer fram úr þessum þrepum, krefjast sérstakrar heimildar. Leyfi er venjulega veitt nema kaupin gangi gegn mikilsverðum stjórnmálalegum, iðnaðarlegum eða viðskiptalegum almannahagsmunum.

Í *Finnlandi* er samsvarandi hámark „óbundinna" hluta 20% af heildarhlutafé eða 25% atkvæðisréttur á hluthafafundum. Á hinn bóginn er hér ekki um algilda reglu að ræða, t.d. eru hlutabréf í tilteknum finnskum tryggingafélögum án slíkra takmarkana. Líkt og sænsk fyrirtæki fá finnsk fyrirtæki, sem fara fram úr kvótanum, meðhöndlun sem væru þau erlend ef þau kaupa hluti í innlendum fyrirtækjum og hlutur erlendra aðila fer þar með fram úr leyfilegum mörkum. Að auki krefst yfirtaka finnsks fyrirtækis, með óheftum eignakvöðum gagnvart útlendingum, á öðru finnsku fyrirtæki, þar sem slíkar kvaðir gilda, sérstakrar heimildar. Finnsk stjórnvöld vinna nú að því að auka kvóta „óbundinna" hluta í 40%. Hámarksatkvæðaréttur óbundinna hluta verður þó áfram 25% í hlutfalli við bundna hluti á hlutahafafundum. Þetta mun m.a. auka svigrúm finnskra fyrirtækja til að selja hlutabréf erlendis sem aðeins veita kaupandanum rétt til arðs.

Í *Noregi* er fyrirtækjum ekki gert að skyldu að takmarka eignarheimildir útlendinga í samþykktum félags. Hins vegar þarf erlendur fjárfestingaraðili leyfi til að kaupa hluti í norskum fyrirtækjum. Kaupin eru ekki gild fyrr en slíkt leyfi er fengið. Í norskum lögum eru einnig settar skorður við eignarhlut útlendinga sem og annarra einstaklinga eða fyrirtækja.

Útlendur fjárfestingaraðili þarf í fyrsta lagi leyfi til að kaupa meira en 10% af hlutafé í norsku fyrirtæki. Fyrirtæki eða einstaklingar, sem eru nátengdir, eru í þessu efni metnir sem ein heild. Í öðru lagi þarf leyfi ef erlendur aðili hyggst kaupa hlutabréf í fyrirtæki sem á fasteignir ef kaupin leiða til þess að 20% hlutafjárins eða meira kemst í eigu hins erlenda aðila. Áform eru uppi um að auka þessi hlutföll úr 10% og 20% hlutdeild í 20% og 33%. Engin ákvörðun hefur þó enn verið tekin um það efni. Að auki þarf fyrirtækið sjálft leyfi til að kaupa fasteignir ef meira en 20% hlutafjárins eru í erlendri eigu. Leyfa er krafist á fleiri sviðum, t.d. þarf leyfi til að kaupa hlut í skipafélögum ef 40% eða meira af hlutafénu kemst í erlenda eigu vegna kaupanna.

Í *Danmörku* eru engar sérstakar hömlur á hlutafjáreign útlendinga. Þær takmarkanir sem gerðar er í Danmörku eiga jafnt við um innlenda sem erlenda kaupendur hlutafjár.

4.2. Gjaldeyrisreglur.

Undanfarin ár hefur frjálsræði verið aukið í gjaldeyrismálum í Noregi og Finnlandi og hinn 1. júní á síðasta ári (1985) gengu ný gjaldeyrislög í gildi í Danmörku.

Í *Svíþjóð* hefur þróunin verið með nokkrum öðrum hætti og heftir gjaldeyrislöggjöfin þar í landi mjög möguleika erlendra fyrirtækja og einstaklinga til beinna fjárfestinga. Kaup á hlutum í sænsku fyrirtæki krefjast gjaldeyrisheimildar þó svo að um „óbundna“ hluti sé að ræða. Endursala hlutanna í Svíþjóð krefst einnig gjaldeyrisheimildar nema hlutirnir séu seldir í skiptum fyrir aðra hluti. Til „eflingar alþjóðlegum viðskiptum“ eru nokkrar undantekningar frá skyldubundnum leyfum fyrir greiðslum til erlendra aðila. Þessar undantekningar varða tilteknar greiðslur, svo sem afborganir af vöxtum og úthlutun á arði. Slíkar greiðslur þarf aðeins að tilkynna en ekki er nauðsynlegt að sækja um sérstakt útflutningsleyfi. Sænsk yfirvöld eru yfirleitt andvíg útflutningi á sænskri mynt þannig að sænsk ríkisskuldabréf og önnur slík greiðsluskjöl eru ekki seld erlendum aðilum. Óbundnir hlutir geta gengið kaupum og sölum með heimild sænska seðlabankans. Til eru fjölmörg skuldabréf og skuldaviðurkenningar í öðrum gjaldmiðlum sem sérhverjum erlendum fjárfestingaraðila er frjálst að kaupa.

Finnskar gjaldeyrisreglur taka til greiðslna til útlanda, svo og til fjárfestinga erlendis og til yfirfærslna að utan til Finnlands. Á sumum sviðum eru þó bankar aðeins háðir tilkynningarskyldu. Óbundna hluti í finnskum fyrirtækjum má kaupa og selja á hlutabréfamarkaðinum í Helsinki án sérstakra leyfa, svo fremi greiðslur fari um löglegar bankastofnanir sem tilkynna slík viðskipti til seðlabankans. Hið sama gildir um yfirfærslur á arði og aukaarði. Erlendir fjárfestingaraðilar, sem hyggjast kaupa hluti í fyrirtækjum sem ekki eru á skrá á hlutabréfamarkaðinum eða setja á stofn fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, verða að fá heimild til þess hjá finnska seðlabankanum. Nýlega hafa Finnar innleitt takmarkanir á viðskiptum með skuldabréf. Þessi nýja stefna er í algjörri andstöðu við fyrri stefnu þar sem útlendingum var heimilað að kaupa slík bréf eftir tilteknum reglum. Mikil erlend fjárfesting í skuldabréfum var talin andstæð peningamálastefnu stjórnvalda.

Í *Noregi* hefur verið horfið frá fyrri braut þar sem kveðið var á um leyfi fyrir beinni erlendri fjárfestingu. Greiðslur fyrir hlutafé má yfirfæra án tafa, svo fremi uppfyllt hafi verið tilkynningarskylda. Varðandi aðrar tegundir beinna erlendra fjárfestinga verður að sækja um til Noregsbanka eða viðskiptaráðuneytisins. Gjaldeyrisheimild er venjulega veitt umyrðalaust. Í Noregi hefur verið talið nauðsynlegt að takmarka sölu skuldabréfa, líkt og í Finnlandi. Áður var gjaldeyrisútlendingum heimilt að kaupa tiltekið magn skuldabréfa í norskum krónum. Þessi viðskipti nutu mikilla vinsælda. Hinn 16. nóvember 1984 var leyfafyrirkomulaginu breytt þannig að gjaldeyrisútlendingum er nú óheimilt að kaupa skuldabréf í norskum krónum.

Í *Danmörku* er meginreglan sú að útlendingar mega fjárfesta án sérstakrar heimildar eða gjaldeyrisleyfa. Tilkynna verður danska þjóðbankanum um allar gjaldeyrisyfirfærslur milli Danmerkur og annarra landa. Í þessu eftirliti er gerður greinarmunur á beinum og „portfólíó" fjárfestingum. Ef bein fjárfesting er gerð öðru fremur í því skyni að taka þátt í iðnaði, verslun, handverksiðnaði, ferðamannaiðnaði og samgöngum og felur ekki í sér meiri beina fjárfestingu en að fjárhæð 10 milljónir danskra króna á ári er ekki þörf á leyfi, annars verður að fá leyfi. Leyfi er venjulega veitt hindrunarlaust. Fjárfesting er ekki heimil í fjárfestingar- eða fjármögnunarfyrirtækjum. Kaup á skuldabréfum eða hlutabréfum á verðbréfamarkaði Kaupmannahafnar er ekki háð leyfum.

4.3. Reglur um stjórnir fyrirtækja.

Lög um fyrirtækjarekstur í hverju þessara fjögurra landa mæla fyrir um stjórnun þeirra.

Í *Danmörku* verður helmingur framkvæmdastjórnar og allir framkvæmdastjórar að hafa fasta búsetu í Danmörku nema sérstök heimild sé fyrir öðru. Undantekning hefur verið gerð frá þessu ákvæði um fólk frá ríkjum Evrópubandalagsins.

Á sama hátt verður hálf stjórn hlutafélags og framkvæmdastjórinn að hafa fasta búsetu í *Noregi.* Þeir verða að hafa verið búsettir þar í að minnsta kosti hálft ár en auðvelt er að fá undantekningu frá þessu ákvæði. Ekki er gerð krafa um ríkisborgararétt fremur en í Danmörku. Hvað snertir skipafélög verður helmingur stjórnarmanna, þar á meðal stjórnarformaðurinn, að hafa norskan ríkisborgararétt og fasta búsetu í Noregi.

Samkvæmt *finnskum* lögum er stærri fyrirtækjum skylt að hafa framkvæmdastjóra en þeim minni er það frjálst. Tveir þriðju hlutar stjórnarmanna verða að vera finnskir ríkisborgarar með búsetu í Finnlandi nema sérstök heimild sé fyrir öðru fyrirkomulagi. Sérstakt leyfi þarf fyrir því ef ráðinn er framkvæmdastjóri sem ekki er Finni. Slíkt leyfi er auðvelt að fá ef útlendingurinn býr í Finnlandi.

Öll framkvændastjórn í *sænsku* fyrirtæki verður að vera með sænskan ríkisborgararétt og lögheimili í Svíþjóð nema heimild sé fengin fyrir öðru. Leyfi er jafnan veitt, enda séu tveir sænskir framkvæmdastjórar fyrir hvern útlenskan framkvæmdastjóra. Frá þessu er undantekning. Framkvæmdastjórar fyrirtækja í Svíþjóð, sem eru ríkisborgarar í öðrum ríkjum Norðurlanda, þurfa ekki að hafa fasta búsetu í landinu, svo fremi helmingur framkvæmdastjóra fyrirtækisins sé í Svíþjóð. Þessi ákvæði eiga að tryggja að stjórn fyrirtækis hafi nægilega þekkingu á lögum og reglum er gilda um sænsk fyrirtæki og að fyrirtækinu sé stjórnað af einhverri alvöru.

IV. GILDI ERLENDRAR FJÁRFESTINGAR

Þegar leitast er við að meta það hagræði, sem Íslendingar geta haft af aukinni erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri, vaknar fyrst sú spurning hvort erlent fjármagn sé Íslendingum nauðsynlegt við uppbyggingu atvinnulífs og þar með ein forsenda bættra lífskjara. Sé litið til reynslu undanfarandi áratuga ber hiklaust að svara þessari spurningu játandi. Sú uppbygging, sem átt hefur sér stað hér á landi, svo sem í sjávarútvegi og á sviði orkumála, hefur að verulegu leyti verið fjármögnuð með erlendu fé.

Margt bendir til þess að Íslendingar þurfi í næstu framtíð að treysta áfram á erlent fjármagn. Ljóst er að höfuðatvinnugrein Íslendinga, sjávarútvegur, mun ekki geta tryggt í sama mæli og áður að hagvöxtur haldist svipaður á Íslandi á næstu árum og í helstu nágranna- og viðskiptalöndum. Það verkefni bíður því Íslendinga að byggja upp nýjar atvinnugreinar er geti tryggt slíkan hagvöxt. Þrátt fyrir breytingar í stjórn peningamála, sem án efa örva innlenda sparifjármyndun, má heita ljóst að þessi uppbygging krefst meira fjármagns en unnt er að afla innanlands. Því verður áfram að leita út fyrir landsteinana eftir

fjármagni, einkum til fjárfestingar, enda má getum leiða að því að aukið eigið fé fyrirtækjanna muni draga úr lánsfjárþörf þeirra og hafa þannig áhrif til lækkunar vaxta.

Ekki hefur verið kannað hversu mikil ólögleg fíkniefnaneysla í fangelsum er. Til að koma í veg fyrir slíka neyslu er leitað á öllum föngum við komu í fangelsið og einnig á sér stað leit innan fangelsa ef grunur leikur á að ólögleg lyf eða önnur fíkniefni séu í umferð á meðal fanga.

14. Þjálfun toll- og löggæslumanna.

Nemendur Tollskóla ríkisins fá kennslu í fíkniefnamálum. Þá hafa um tíu reyndir starfsmenn verið við störf um tíma í fíkniefnadeild lögreglunnar og einn tollvörður hefur verið sendur þangað skamman tíma frá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli.

Frá árinu 1982 hafa fjórir lögreglumenn fíkniefnadeildar verið sendir til útlanda á námskeið og til kynnisdvalar. Auk þess hefur eitt sérnámskeið verið haldið í fíkniefnarannsóknum.

Meðalstarfsaldur þeirra lögreglumanna, sem nú eru starfandi í fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, er rétt rúm tvö ár innan deildarinnar.

Embætti tollgæslustjóra telur að allir starfsmenn tollgæslunnar sinni þessum málaflokki. Meðalstarfsaldur starfsmanna tollgæslunnar er 14,79 ár miðað við síðustu áramót.

15. Samvinna við erlend toll- og löggæsluyfirvöld.

Samstarf innlendra yfirvalda og erlendra á sviði fíkniefnamála hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Varðandi samstarf tollyfirvalda hér á landi og erlendis skal þess getið að það byggist á samþykkt Alþjóðatollasamvinnuráðsins, sem Ísland er aðili að, frá árinu 1953, auk tollasamninga sem við höfum gert við aðrar Norðurlandaþjóðir og Vestur-Þjóðverja. Þessir samningar hafa reynst traustur grundvöllur fyrir samstarf, en auk þess má nefna að samstarf við bresk tollyfirvöld hefur reynst ágætt, enda þótt ekki hafi legið til grundvallar því sérstakur samningur. Tollgæslustjóri hefur lagt til að slíkur samningur verði gerður bæði við Breta og Hollendinga.

Eðli málsins samkvæmt eru samskipti íslenskra tollyfirvalda nánust við tollyfirvöld annars staðar á Norðurlöndum, en reglulega eru haldnir fundir tollstjóra og annarra yfirmanna tollgæslu á Norðurlöndum og hafa tollstjórinn í Reykjavík og tollgæslustjóri tekið þátt í þeim fundum. Árlega bera yfirmenn tollgæslu á Norðurlöndum saman bækur sínar um tollamál og hefur eitt meginverkefni slíkra funda verið fíkniefnamálin. Staðan í hverju einstöku landi er þá rædd, tæknimál og vinnubrögð í baráttu gegn fíkniefnasmygli. Telja íslensk tollyfirvöld þetta samstarf mikilvægt og nauðsynlegt. Með nokkurra ára millibili hafa verið haldnir sérstakir fundir í tengslum við þessa fundi þar sem komið hafa saman fulltrúar fleiri Evrópuþjóða til að ráða ráðum sínum, bæði um fíkniefnamál og önnur málefni tollyfirvalda.

Upplýsingar erlendis frá berast fíkniefnadeild lögreglunnar beint með símtölum eða bréfum eða með milligöngu Interpol og þá í gegnum dómsmálaráðuneyti. Á sama hátt miðlar fíkniefnadeildin upplýsingum til útlanda. Hvort sem upplýsingar eru sendar beint eða

með milligöngu Interpol er um tvær leiðir að velja, að haft sé samband við lögregluyfirvöld viðkomandi lands eða svonefnda norræna sambandsmenn en það eru lögreglumenn sem sendir hafa verið frá öðrum Norðurlandaþjóðum til starfa erlendis. Þeir hafa síðan milligöngu um að koma upplýsingum til skila eða afla þeirra fyrir fíkniefnadeildina. Þetta fyrirkomulag hefur oft gefist vel. Ef þörf er á aðgerðum erlendis, svo sem yfirheyrslum eða öðru því um líku, fer slíkt nánast alltaf fram með milligöngu Interpol. Á sama hátt berast beiðnir um slíkt til fíkniefnadeildarinnar gegnum Interpol. Þó kemur fyrir að lögregluyfirvöld á Norðurlöndum snúa sér beint til embættis lögreglustjórans í Reykjavík með slíkar beiðnir. Rétt er að geta þess að tollgæslan lætur lögreglu í té upplýsingar sem henni berast erlendis frá.

16. Tækjakostur toll- og löggæslu.

Að mati tollgæslustjóra er tollgæslan ágætlega tækjum búin til að sinna eftirliti með fíkniefnasmygli. Á tollpóststofunni hefur tollgæslan gegnumlýsingartæki sem getur sýnt hvort póstsendingar innihalda aðskotahluti. Gerir tækið það að verkum að ekki verður eins mikil þörf og ella að skoða sendingar af ýmsu tagi með því að opna þær. Greiningartæki hefur tollgæslan á starfsstöðvum sínum, en slík tæki geta sýnt hvort efni, sem prufað er, kunni að vera ávana- eða fíkniefni af tiltekinni tegund. Tollgæslan í Reykjavík á einnig tæki til leitar, sem á erlendum málum er kallað „fiberscope", en það er eins konar sjónpípa sem unnt er að nota til að sjá í holrúm sem ella væru hulin eða erfiðleikum bundið að komast í. Er ljós á þeim enda pípunnar sem stungið er í holrúmið og unnt að sjá gegnum hana. Tollgæslan er ágætlega búin talstöðvum og verður brátt unnt að samtengja talstöðvabúnað tollgæslunnar og fíkniefnadeildar lögreglunnar.

Á hverjum tíma er fylgst með nýmælum á sviði hjálpartækja og kannað hvort þar sé að finna eitthvað sem að gagni mætti koma. Að mestu leyti hefur verið komið til móts við óskir tollgæslunnar um tækjakost.

Óskalistar um nauðsynlegan tæknibúnað frá starfsmönnum fíkniefnadeildar hafa oft verið sendir til yfirvalda. Ekki hefur að fullu verið komið til móts við slíka óskalista.

Á eftirfarandi lista er að finna upplýsingar um þann tæknibúnað sem fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur öðlast undanfarin tvö ár og enn fremur þau tæki sem deildin telur nauðsynlegt að fá til viðbótar.

Tæknibúnaður fyrir rannsóknir í fíkniefnamálum.
Sett upp í forgangsröð miðað við þarfir.

1. *Pulse and tone decoder* er til að finna út símanúmer af segulbandsupptökum. Tækið er alveg nýtt af nálinni og er von á verði og tækniupplýsingum innan tíðar. Tækið er með þeim eiginleikum að það tekur bæði púls og tónval og gefur svörun um leið á „display".
2. *Target tracker/tracking system, M7101/10. Automatic direction finder ADFS-922/ADFS-932* er notað við að fylgjast með ökutækjum, bátum, pökkum og fólki úr fjarlægð. Móttakarinn, sem er búinn bæði radar og hljóðgjafa, er venjulega í farartækjum (bílum, flugvélum (þyrlum), bátum) og er loftnet notað til að ná sendingum frá „Beacon" sem staðsettur er á eða í því sem fylgst er með. Búnaðurinn samanstendur af fjölmörgum hlutum, með miklum möguleikum til að fylgjast með og staðsetja hreyfanleg „skotmörk". Sendarnir eru af mismunandi stærðum og miskraftmiklir „power outputs". Tækið getur móttekið sendingar í átta kílómetra fjarlægð á opnu svæði og þriggja kílómetra fjarlægð í borgum og bæjum. Það sem þarf í grunninn á þessum tækjabúnaði er: móttakari með radar og hljóði, móttakari með hljóði, loftnet af tveimur til þremur tegundum, sendar af fjórum tegundum. Verð frá Griffiths í Englandi á lágmarksbúnaði er um 14 000 pund (GBP) á Target Tracker en ADFS er frá Ocean Applied Research.

3. *Super slender probe system (JAI 705.39.00), Pinhole lens, endoscope lens og fiber optics* eru linsubúnaður til notkunar við þau tæki sem fyrir eru. Pinhole-linsur eru með mjög litlu sjónauga og því heppilegar til notkunar þar sem koma þarf fyrir myndbandabúnaði á áberandi og „heitum" stað. Endoscope-linsur eru til í nokkrum stærðum og gerðum. Þær eru mjög hentugar þegar þarf að sjá inn í þrönga og óaðgengilega staði, inn í hólf, inn í bréf og böggla og í gegnum veggi. Nauðsynlegt er að hafa þrjár gerðir, „straight angular", „right angular" og innbyggt í útvarpsloftnet á bíl. Fiber optics eru linsur sem festar eru á fíberbarka og eru notuð við mjög erfið skilyrði eins og þegar setja þarf t.d. linsur inn í lokuð hólf og aðra staði sem þarf að „þræða" linsum inn í. Super slender probe lens samanstendur af nokkrum gerðum af endoscope-linsum og eru því hagkvæmustu kaupin í þessu setti en SSPL er notað í skyggingum þar sem ekki er hægt að koma fyrir venjulegum pinhole-linsum eða fiber optics. Möguleiki er á að sjá í gegnum göt sem eru ekki stærri en í tveir millimetrar í þvermál og í gegnum allt að 350 mm þykkt. SSPL getur ekki komið í staðinn fyrir „útvarpsloftnetið" en er bæði fyrir „straight angular" og „right angular" endoscope-linsur.

   Verðið á SSPL er 8000 DM. Verðið á „endoscope in car antenna" og „fiber optics" er á leiðinni.

   Verð: Pinhole lens, right angle, manual: 622 DM; straight angle, manual: 624 DM; pinhole lens, straight, auto iris: 2835 DM; super slender probe lens kit: 6900 DM.
4. „Scramblerar" fyrir handtalstöðvar og móðurstöð:

   Teltron SP 850 og Teltron SP 851. Vinnur bæði á tíma og tíðnisviði. Tæki þessi hafa mikla möguleika á breyttum kódum og því mjög erfitt, ef ekki útilokað, að leita uppi tíðnisviðið. Verð er á leiðinni en SP 851 kostar 3000 DM en það tæki er fyrir móðurstöðina.
5. *Til hlustunar í gegnum veggi, gólf, gler og hurðir.* Tækið er frá Bruel og Kjar. Tækið er mjög næmt. Verð er væntanlegt.
6. *Tape Recorder and Filter system.* Segulbandsupptökur með Revox-tækjum eru mjög nákvæmar og góðar. Þó kemur fyrir að filtera þurfi út einstaka samtöl og verður þá að nota sérstaka filtera, High Speed Adaptive Digital Filter System, DAC 1024, tengda við segulböndin. Þá er hægt að taka út öll hljóð sem ekki eiga við. Verð er á leiðinni. Danir mæla sérstaklega með þessum búnaði, eftir miklar prófanir.
7. Motion Detector frá JAI með klukku og dagsetningu og er notað með B3;3. Verð um það bil 5500 DM.

Tæki fyrir ÁFD fengin á s.l. tveimur árum.

1. Næturs jónauki (infra-red). Unnt að taka ljósmyndir að nóttu.
2. Trim talstöðvar, Motorola MX350, (fjórar handtalstöðvar, ein móðurstöð með „scanner").
3. Myndbandstæki (Video-system):
   a. 1 myndavél (Video-guard 711), ljósnæm frá JAI.
   b. 1 myndavél (CCD camera), ljósnæm frá JAI.
   c. 1 Zoom-linsa fyrir 711.
   d. 1 8,5 mm linsa fyrir CCD, með auto iris.
   e. 1 16 mm linsa fyrir CCD.
   f. 1 JAI-monitor, 12 volt.
   g. 1 JAI-monitor, 220 volt, með myndavél (polaroid).
   h. 1 Motion detector, JAI, tekur sjálfvirkt inn hreyfingar.
   i. 2 Panasonic-myndsegulbandstæki án tuners, til notkunar við myndbandatökuvélar.

j. 1 Panasonic-myndsegulbandstæki, móðurtæki, mjög fullkomið til notkunar við að skoða upptökur, klippa úr og kópíera.
k. 1 sendir, UHF, JAI, til notkunar á þráðlausum myndbandasendingum með CCD og 711.
l. 2 loftnet til notkunar með sendi í UHF.
m. 1 12 volta spennir til notkunar með myndbandabúnaði.
n. Aukabúnaður; tengingar og aukahlutir til notkunar með ofangreindum búnaði.

4. Ljósmyndatæki.
1 Canon ljósmyndalinsa, 300 mm, f=1,4.

Lionessur gáfu eftirtalin tæki:
1 Panasonic-myndsegulbandstæki ásamt rafhlöðu og fylgihlutum (B 3,9).
1 Monitor ásamt Polaroid-myndavél (B 3,7).
1 Panasonic-myndsegulbandstæki (B 3,10).

17. Fé til aðgerða gegn fíkniefnaneyslu.

Öll starfsemi toll- og löggæslu er á sinn hátt liður í aðgerðum gegn fíkniefnasmygli. Hlutfallstölur með tilliti til toll- og löggæslu annars staðar á Norðurlöndum eru ókunnar.

Aðrar aðgerðir gegn fíkniefnum kostaðar af ríkissjóði eru á sviði fyrirbyggjandi fræðslu í skólum, á sviði heilbrigðismála og á sviði félagsmála.

Ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um hversu miklum fjármunum hefur beinlínis verið varið til aðgerða gegn fíkniefnum s.l. fimm ár, en á fjárlagaliðum allra ráðuneyta sem með þessa málaflokka fara má finna fjárveitingar til þessa þáttar þó það sé ekki sérgreint sem slíkt.

18. Viðurlög.

Í riti Ómars H. Kristmundssonar, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*, bls. 36–44, eru ítarlegar athuganir og upplýsingar um margt það sem nefnt er í þessari spurningu.

Heildarmálafjöldi við embætti sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum árabilið 1974–1978 var 160–170 mál ár hvert en dómar fáir.

Eftir það, eða árabilið 1979–1986, hefur málafjöldinn, sundurliðaður, verið eins og rakið er í töflu III hér að neðan.

Tafla III. **Málafjöldi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1979—1986.**

	1979	1980	1981	1982		
Mál	200	285	295	263		
Dómsáttir	181	236	261	220		
Ákærur	19	49	34	43		
	1983	1984	1985	1986	Samtals	Fjöldi/ár
Mál	255	248	310	261	2117	265
Dómsáttir	227	231	271	227	1854	232
Ákærur	28	17	39	34	263	33

Samtalan fyrir þetta tímabil er þannig 2117 mál, þar af hefur 1854 lokið með dómsátt. Meðalfjöldi mála ár hvert er 265 mál, þar af 33 mál sem kært er í.

Lægsta fésekt fyrir minnstu afskipti af kannabis-efnum er nú 8000 kr. Hæsta fésekt til þessa innan ramma dómsáttar er 75 000 kr. Oftast er í þessu sambandi um að ræða kaup eða aðra útvegun og vörslu lítils magns ásamt meðhöndlun í eigin þágu. Ekki er á þessu stigi við sektarákvörðun gerður mikill munur á efnistegundum, hassi, maríúana, hassolíu, amfetamíni eða LSD.

Oft hefur verið fullyrt um seinagang þessara mála við afgreiðslu. Þetta atriði var athugað sérstaklega árið 1985 varðandi 271 dómsátt sem það ár var gerð við embættið samkvæmt töflu III hér að ofan.

Í ljós kom að 118 þessara mála voru afgreidd samdægurs. Að auki voru 95 mál til viðbótar afgreidd eða fullbúin til afgreiðslu af hálfu dómstólsins innan einnar viku. Samkvæmt þessu hlutu 213 af 271 dómsátt árið 1985 nánast tafarlausa afgreiðslu.

Fjöldi dóma er áður nefndur í töflu III. Skipting þeirra eftir refsitegundum er rakin nákvæmlega árabilið 1974–1983 í töflunni hér að neðan.

Tafla IV. **Dómar og dómsáttir sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum tímabilið 1974—1983.**

DÓMAR	**1974—77**	**1978—80**	**1981—83**	**ALLS**
SÝKNA	4	6	13	23
FJÁRSEKT	14	7	8	29
SKB. FANGELSI*)	1		1	2
SKB. FANGELSI+SEKT		7	4	11
SKB. VARÐHALD+SEKT		2	5	7
SKB. VARÐHALD			5	5
ÓSKB. FANGELSI	9	6	16	31
ÓSKB. FANGELSI+SEKT	9	30	44	83
ÓSKB. VARÐHALD		2	3	5
ÓSKB. VARÐHALD+SEKT		3	9	12
ÓSKB+SKB. FANGELSI+SEKT		5	1	6
DÓMSÁTTIR	**680**	**632**	**708**	**2022**
AFGREIDDAR Á ÁRI AÐ MEÐALTALI:	170	211	236	202
DÓMAR/DÓMSÁTTIR) **	**1/18**	**1/9**	**1/7**	**1/10**

*) Óskb. fangelsi = (ó)skilorðsbundið fangelsi.
**) Hlutfallið var jafnað til einföldunar.

(Heimild: Ómar H. Kristmundsson, 1985.)

Í töflu V er sýnd tímalengd refsivistar samkvæmt dómum upp kveðnum árin 1979—1986.

Tafla V. **Tímalengd refsivistardóma (óskilorðsbundið fangelsi eða varðhald) uppkveðinna hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 1979—85*).**

Mánuðir	1979	1980	1981	1982
1	1	1	1	4
2	1	2	4	3
3	2	5	4	7
4	2	1	2	1
5	3	2	2	4
6	3	4	1	4
7	1	1	2	1
8		1		1
9		1	1	2
10		1	1	
11				
12	1	3	2	
15		1		
18		1	1	
20			1	
24		1	1	
42				1
Samtals óskb. dómar	14	25	23	28
% af öllum ákærum	73,7	51,0	67,6	65,1
Meðallengd	4,9	7,4	7,1	5,5

Mánuðir	1983	1984	1985	1986**)	Samtals	%	Samanl. %
1	1		2	2	12	6,6	6,6
2	5	1	8	7	31	17,0	23,6
3	5	4	7	1	35	19,2	42,8
4	4	3	3	1	17	9,4	52,2
5	3	1	2		17	9,4	61,6
6			4	2	18	9,9	71,5
7	2			1	8	4,4	75,9
8				1	3	1,7	77,6
9			1	1	6	3,3	80,9
10	1		1	1	5	2,8	83,7
11				2	2	1,1	84,8
12				1	7	3,8	88,6
13			2		2	1,1	89,7
15			1		2	1,1	90,8
18	1				3	1,7	92,5
20					1	0,5	93,0
24			3	1	6	3,3	96,3
30				1	1	0,5	96,8
36				2	2	1,1	97,9
42					1	0,5	98,4
48			1		1	0,5	98,9
60				2	2	1,1	100,0
Samtals	22	9	35	26	182	100,0	
% af ákærum	78,6	52,9	89,7	76,5	69,4		
Meðallengd	4,5	3,4	7,2	13,1	6,6		

*) Þegar um samsettan dóm er að ræða (óskilorðsbundinn+skilorðsbundinn) er miðað við lengd óskb. hluta dómsins.

**) Þrjú stór mál eru til meðferðar í Hæstarétti og geta þau breytt ofangreindum meðaltalstölum frá árinu 1986.

Vegna hinnar miklu meðaltalshækkunar, sem sést árið 1986, skal áréttað að þetta ár hlutu fimm aðilar í þremur málum samtals 18 ára fangelsi. Þessi mál eru öll um þessar mundir til lokameðferðar hjá Hæstarétti Íslands.

Innheimtar sektir hafa numið eftirfarandi:

1980: 270 716 kr.
1981: 349 758 kr.
1982: 702 048 kr.
1983: 759 801 kr.
1984: 559 144 kr.
1985: 935 506 kr.
1986: 588 193 kr.

Afplánanir vararefsinga í stað sekta hafa síðasta misseri verið óverulegar vegna skorts á vistunarrými.

Álagðar sektir hafa undanfarin ár numið:

1983: 978 850 kr.
1984: 1 345 200 kr.
1985: 2 666 500 kr.
1986: 3 128 500 kr.

Í þessu sambandi ber að nefna að samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis, dags. 31. des. 1985, ber frá 1. jan. 1986 að senda sektir til innheimtu lögreglustjóra í heimabyggð skuldara.

19. Aðgangur lögreglu að pósti.

Lögreglan hefur óheftan aðgang að pósti ef grunur leikur á að hann innihaldi fíkniefni. Tollgæslan leitar í pósti, sem kemur frá útlöndum, og lögreglan aðstoðar eftir því sem þörf er á og um er beðið, m.a. með leitarhundum. Í þessum efnum er góð samvinna milli lögreglu tollgæslu á Keflavíkurflugvelli og tollgæslu í Reykjavík vegna tollpóststofunnar. Leitað er með hundum í pósti sem dreifa á innanlands bæði á aðalpósthúsinu í Reykjavík svo og hjá póstflytjendum, svo sem í vöruafgreiðslu Flugleiða.

20. Lögleg vanabindandi lyf.

Fyrir u.þ.b. 10 árum var neysla vanabindandi, löglegra lyfja nokkuð meiri en nú gerist, en tók þá að minnka þar til fyrir um fimm árum. Þá tók þessi neysla að verða stöðugri og hefur verið svipuð síðan og í samræmi við þá neyslu sem gerist í nágrannalöndum okkar.

21. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórninni er ljós sá þjóðfélagslegi vandi sem neyslu fíkniefna fylgir og hefur brugðist við m.a. með skipan framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar til þess að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna. Í nefndinni, sem skipuð var þann 15. maí á síðasta ári, eiga sæti fulltrúar alls sjö ráðuneyta auk fulltrúa biskups Íslands.

Samkvæmt skipunarbréfi er nefndinni ætlað að „vinna að samræmingu hugmynda og verkefna einstakra ráðuneyta um ofangreind mál og leita eftir samstarfi við þær stofnanir og sérfræðinga sem starfandi eru á þessu sviði og þau mörgu áhugamannasamtök sem sýnt hafa áhuga á að taka þátt í aðgerðum gegn þessari vá".

Hefur nefndin haldið formlega fundi nokkuð reglulega, auk fjölda óformlegra funda. Hún hefur átt fundi með hátt í 30 opinberum aðilum eða stofnunum og 23 félögum eða áhugamannasamtökum.

Nefndin hefur í störfum sínum haft til hliðsjónar minnislista yfir þau atriði sem henni var falið að fjalla um. Viðfangsefnum, sem í þessum minnislista felast, má skipta á eftirfarandi svið:

1. Fræðslu og áróður.
2. Forvarnir.
3. Löggæslu og tollgæslu.
4. Meðferðarúrræði.

Nefndinni var fyrst og fremst ætlað að fjalla um hin ólöglegu ávana- og fíkniefni. Hins vegar verður vart skilið milli löglegra og ólöglegra ávana- og fíkniefna á ýmsum sviðum, t.d. fræðslu, forvarna og meðferðarúrræða, og er verksvið nefndarinnar í skipunarbréfi því ekki takmarkað við ólögleg efni.

Á undanförnum mánuðum hefur nefndin unnið að upplýsingaöflun m.a. í því skyni að fá sem gleggsta mynd af umfangi fíkniefnavandans hér á landi og hvaða úrbóta er þörf á hinum ýmsu sviðum. Talsvert erfitt hefur reynst að átta sig á því hversu umfangsmikill vandinn raunverulega er þar sem verulega skortir á að gerðar hafi verið fullnægjandi vísindalegar kannanir í þessum efnum.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa ákvað hún að skila ekki tillögum til ríkisstjórnarinnar fyrr en í starfslok. Þó var gerð á þessu undantekning þegar Lions-umdæmið á Íslandi sneri sér til nefndarinnar er það bauð íslenskum yfirvöldum kennsluefnið Lions Quest til kennslu í skólum landsins.

Lions Quest er kennsluefni í fíkniefnavörnum en tekur auk þess til margra annarra þátta skólastarfsins og mannlegra samskipta. Það fellur mjög vel að þeim nýju hugmyndum sem sérfræðingar hafa gert sér um námsefni í fíkniefnavörnum. Reynslan þykir sýna að þær aðferðir sem tíðkast hafa í fræðslu á undanförnum árum hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Nýja námsefninu er m.a. ætlað að þroska sjálfsvitund einstaklingsins, þjálfa hann í því að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að standast hópþrýsting.

Eftir að hafa kynnt sér þetta námsefni og fengið álit annarra aðila, svo sem skóla-þróunardeildar menntamálaráðuneytisins sem var mjög jákvætt, lagði nefndin til við ríkisstjórnina í desembermánuði 1986 að efnið yrði kennt til reynslu á ensku í þremur skólum. Samþykkti ríkisstjórnin þessa tillögu og annast menntamálaráðuneytið alla framkvæmd.

Í janúarmánuði síðastliðnum hélt átta manna hópur, kennarar sem annast tilraunakennsluna og aðrir hlutaðeigandi, til Bandaríkjanna á námskeið í kennslu Lions Quest-námsefnisins. Skilyrði fyrir því að nota námsefnið er að kennarar hafi sótt þriggja daga námskeið Lions Quest. Nú stendur tilraunakennsla á ensku yfir í tveimur skólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og einum á landsbyggðinni. Að fenginni þeirri reynslu mun svo verða tekin nánari ákvörðun um þýðingu og staðfærslu efnisins.

Sem stendur vinnur nefndin að lokaskýrslu ásamt tillögum til ríkisstjórnarinnar sem væntanlega verður skilað nú í marsmánuði.

Ed. 706. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. kosningalaganefndar.

Endurskoðun laga um kosningar til Alþingis hefur staðið yfir frá árinu 1982. Þessi endurskoðun var vel á veg komin þegar Samtök um kvennalista hlutu aðild að henni og niðurstöður hennar byggðust á samkomulagi þáverandi þingflokka. Þær niðurstöður liggja

nú fyrir í þessu frumvarpi og þótt frumvarpið feli vissulega í sér réttarbót frá því sem nú er ber það þess merki að þar er reynt að sætta ósamrýmanleg sjónarmið. Ákvæði þess eru flóknari en nauðsyn krefur og sum hver rökstudd á pólitískum forsendum samkomulagsaðilanna, svo sem 7%-reglan í 2. áfanga við úthlutun jöfnunarþingsæta sem gerir litlum framboðsaðilum erfiðara fyrir en stórum. Undir slíkar forsendur getur minni hl. kosningalaganefndar ekki tekið og mælir því ekki með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. febr. 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 707. Frumvarp til laga [391. mál]

um fæðingarorlof.

(*Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.*)

1. gr.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum þessum merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar.

2. gr.

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fjögurra mánaða fæðingarorlofi samkvæmt lögum þessum. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarorlof vera fimm mánuðir og frá 1. jan. 1990 sex mánuðir.

Skipti foreldrar með sér fæðingarorlofi verður sameiginlegt orlof þeirra aldrei lengra en segir í 1. mgr.

3. gr.

Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlofið hafið á fæðingardegi.

4. gr.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

5. gr.

Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga með sama hætti rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs (fjögurra mánaða frá 1. jan. 1989 og fimm mánaða frá 1. jan. 1990) vegna töku barns að fimm ára aldri þess. Töku fæðingarorlofs samkvæmt grein þessari má hefja er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á. Tilkynna skal atvinnurekanda um töku fæðingarorlofs með 21 dags fyrirvara, nema sérstakar aðstæður geri það ókleift.

6. gr.

Skylt er, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum. Slík tilfærsla skal ekki hafa áhrif á launakjör viðkomandi til lækkunar.

7. gr.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæði fyrri mgr. skal hann greiða bætur. Við ákvörðun bóta skal m.a. taka mið af ráðningartíma starfsmanns hjá viðkomandi atvinnurekanda.

8. gr.

Ákvæði laga þessara skerða ekki þann heildarrétt sem verkalýðsfélög kunna að hafa samið um umfram það sem í lögum þessum greinir.

9. gr.

Um greiðslur í fæðingarorlofi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af stjórnskipaðri nefnd sem í áttu sæti:

Ingibjörg Rafnar hdl., formaður, Salome Þorkelsdóttir alþingismaður, Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður, Jón Ásbergsson forstjóri og Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir.

Um störf og starfshætti nefndarinnar vísast til annars frumvarps sem lagt er fram samhliða þessu, þ.e. frumvarps til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, en í því er fjallað um greiðslur almannatrygginga vegna fæðingarorlofs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hugtakið fæðingarorlof er hvergi skilgreint í núgildandi lögum. Hefðbundin skilgreining á lagahugtakinu „orlof“ er: leyfi frá launuðum störfum, sbr. 1. gr. laga um orlof nr. 87/1971, en þar segir að allir þeir sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eigi rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum.

Um 2. gr.

Greinin tekur mið af 1. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga, en tilgreinir foreldra sem gegna launuðum störfum, enda er í frumvarpi þessu kveðið á um rétt til leyfis frá launuðum störfum. Enn fremur er gert ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs frá því sem nú er í sex mánuði í áföngum.

Önnur málsgrein gerir ráð fyrir að foreldrar geti skipt fæðingarorlofi á milli sín, en þó verður heildarréttur þeirra ekki meiri en segir í 1. mgr.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar og 3. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 261/1983.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 13. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar, en hér er auk þess gert ráð fyrir að tilkynna skuli atvinnurekanda um töku fæðingarorlofs með fyrirvara.

Um 6. gr.

Nýtt ákvæði. Í ýmsum tilvikum er starfi barnshafandi konu á þann veg háttað að heilsu hennar eða fósturs kann að stafa hætta af, án þess þó að konan sé óvinnufær. Í þeim tilvikum á konan samkvæmt frumvarpi þessu rétt á að starfsháttum hennar verði breytt eða hún færð til í starfi verði því við komið. Kveða skal á í reglugerð um hvers konar störf kunna að falla hér undir.

Um 7. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 9. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar.

Önnur málsgrein. Ekki er kveðið á um bótarétt í núgildandi lögum, en rétt þykir að kveða ótvírætt á um hann.

Um 8. gr.

Samhljóða 15. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar.

Um 9. gr.

Með þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum og vísast til þess.

Ed. 708. Frumvarp til laga [392. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 15 000 kr. á mánuði í fjóra mánuði við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarstyrkur greiddur í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd.

Fæðist barn andvana eða ef um er að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur aðeins í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í þrjá mánuði (fjóra frá 1. jan. 1989 og fimm frá 1. jan. 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Ný grein kemur er verður 26. gr. laganna og orðast svo:

a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í fjóra mánuði. Frá 1. jan. 1989 skulu þeir greiddir í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði.
d. Fjárhæð fæðingardagpeninga miðast við unnar dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir er hafa unnið í 1700 dagvinnustundir eða fleiri. Lágmarksfæðingardagpeningar (¼) greiðast þegar dagvinnustundir eru 425. Annars greiðast fæðingardagpeningar í hlutfalli við dagvinnustundafjölda. Launuð vinna merkir í grein þessari öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekanda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.
e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm eða sex, sbr. c-lið).
g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof, sem þeir eiga rétt á, falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni þann mánuð.
j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Ef móðir fæðir andvana barn eða missir fóstur eftir 20 vikna meðgöngu skulu fæðingardagpeningar greiddir í tvo mánuði.
m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.
n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.
p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir foreldrar, sem kunna að vera í fæðingarorlofi við gildistöku laganna og fá greiðslur samkvæmt núgildandi ákvæði 16. gr. almannatryggingalaga, skulu fá greiddan fæðingarstyrk og eftir atvikum fæðingardagpeninga í samræmi við lög þessi frá gildistöku þeirra þannig að samfelldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðingar verði fjórir mánuðir. Þegar lenging fæðingarorlofs kemur til framkvæmdar skulu þeir foreldrar, er þá fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, einnig njóta lengingarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi dags. 22. apríl 1986 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd til að „endurskoða núgildandi ákvæði um fæðingarorlof og fæðingarstyrk í lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, með endurbætur á

fyrirkomulagi fyrir augum". Í nefndina voru skipuð: Ingibjörg Rafnar hdl., formaður, Salome Þorkelsdóttir alþingismaður, Jón Ásbergsson forstjóri, Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður og Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir.

Nefndin kom fyrst saman til fundar 9. júní 1986 og hélt alls 14 fastafundi.

Nefndin aflaði ýmissa gagna, m.a. frá Tryggingastofnun ríkisins um útgjöld hennar vegna laga nr. 97/1980, um fæðingarorlof, framkvæmd þeirra laga o.fl. Enn fremur aflaði nefndin upplýsinga um lagareglur um fæðingarorlof annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi og Þýskalandi. Tekin var saman greinargerð um rétt í framangreindum löndum varðandi fæðingarorlof. Hefur og verið gert yfirlit yfir lagaákvæði og frumvörp um fæðingarstyrk og fæðingarorlof hér á landi fram á þetta ár.

Á fund nefndarinnar komu starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, þau Hilmar Björgvinsson deildarstjóri og Birna Björnsdóttir fulltrúi, frá lífeyristryggingadeild, og Kristján Guðjónsson deildarstjóri, frá sjúkratryggingadeild.

Ljóst er að verulegt ósamræmi hefur verið í réttindum kvenna sem starfa hjá opinberum aðilum og þeirra sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði að því er varðar rétt til fæðingarorlofs. Sérstaða opinberra starfsmanna og mismunun gagnvart öðrum launþegum hefur verið frá upphafi augljós og margoft borist í tal á Alþingi, m.a. 1960, 1975, 1980 og 1983. Nefna má og að kvennasamtök í landinu hafa látið þetta mál til sín taka, svo og konur innan ASÍ, sbr. 25. þing ASÍ árið 1956.

Æskilegt hlýtur að teljast að allir launþegar njóti sömu réttinda varðandi fæðingarorlof.

Með hliðsjón af framansögðu telja nefndarmenn að stefna beri að því að stofnaður verði sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður.

Sjóðurinn yrði með svipuðu sniði og Atvinnuleysistryggingasjóður. Tryggingastofnun ríkisins annaðist sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði sjóðsstjórnar.

Stjórn sjóðsins yrði t.d. skipuð fulltrúum tilnefndum af ASÍ, VSÍ, BSRB, BHM og fulltrúum kjörnum af Alþingi.

Sjóðurinn yrði fjármagnaður með iðgjöldum atvinnurekenda sem yrði ákveðið hlutfall greiddra launa svo og framlögum ríkisins.

Ljóst er hins vegar að slík breyting verður ekki gerð nema í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og atvinnurekendur.

Rétt er þó að gera nokkrar breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

II. Breytingartillögur.

Efnisleg niðurstaða nefndarinnar varðandi breytingar á almannatryggingalögum er þessi:

Nefndin gerir tillögur um tvær meginbreytingar á fyrirkomulagi fæðingarorlofs frá því sem nú er:

1. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að skilja alfarið á milli reglna er varða vinnurétt annars vegar og tryggingarétt hins vegar, þ.e. rétt foreldra til leyfis frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar og vernd gegn uppsögn af þeim sökum og hins vegar rétt foreldra til greiðslna úr almannatryggingum í fæðingarorlofi. Óeðlilegt er að ákvæði, er varða atvinnuréttindi manna, séu í lögum um almannatryggingar.

   Því er gerð tillaga um að sérstök lög verði sett um rétt til fæðingarorlofs og vernd atvinnuréttinda og að ákvæði um greiðslur í fæðingarorlofi verði í lögum um almannatryggingar.
2. Í öðru lagi leggur nefndin til að greinarmunur verði gerður á greiðslum til útivinnandi foreldra og heimavinnandi. Hugtakið fæðingarorlof merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar barns og greiðslur í fæðingarorlofi eru til að bæta tekjutap viðkomandi. Greiðslur til heimavinnandi foreldra vegna fæðingar eru í raun fæðingar-

styrkur þar sem ekki er verið að bæta tekjutap. Þess má geta að heimavinnandi foreldrar njóta hér á landi ríkari réttar til greiðslna í tilefni af fæðingu barns en víðast hvar annars staðar.

Gerð er tillaga um að fæðingarorlofi samkvæmt núverandi 16. gr. almannatryggingalaga verði skipt upp í:

a. Fæðingarstyrk sem greiðist öllum fæðandi konum í fjóra mánuði (síðar fimm til sex mánuði).
b. Fæðingardagpeninga sem greiðast aðeins þeim sem verða af launatekjum vegna barnsburðar og þá tekið mið af atvinnuþátttöku viðkomandi.

Varðandi upphæðir fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga miðar nefndin við að fæðingarstyrkur verði verulega hærri en greiðslur fæðingarorlofs til heimavinnandi foreldra eru nú eða 15 þús. kr. á mánuði í stað 10 771 kr.

Tekjutap útivinnandi foreldra yrði bætt með fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum þannig að upphæð styrks og dagpeninga sameiginlega nemi nokkurn veginn sömu fjárhæð og fæðingarorlof nú.

Nefndin gerir ráð fyrir að fæðingardagpeningar nemi tvöföldum sjúkradagpeningum eins og þeir eru á hverjum tíma, nú samtals 18 430 kr. Foreldri, er leggur niður fulla vinnu, fengi því 15 000 kr. + 18 430 kr. eða samtals kr. 33 430 kr. á mánuði í stað kr. 32 313 kr. Rétt er að benda á að ef sjúkradagpeningum verður breytt þannig að þeir taki mið af launatöxtum ákveðinna stéttarfélaga, eins og tillögur hafa komið fram um, væri nauðsynlegt að endurskoða fæðingardagpeninga um leið.

Þær stéttir, sem njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt lögum, reglugerðum eða kjarasamningum, svo sem opinberir starfsmenn og bankamenn, fengju ekki framangreindar greiðslur.

Varðandi lengd fæðingarorlofs telur nefndin rétt að lengja það í áföngum á tveimur til þremur árum í allt að sex mánuði.

Kostnaðarauki vegna breytinga þeirra, er nefndin gerir tillögu um miðað við þriggja mánaða fæðingarorlof, er 20 031 831 kr. Hver viðbótarmánuður kostar um 119,5 milljónir króna og lenging í sex mánuði því um 378,5 milljónir kr. á ári. Miðað er við sama fjölda fæðinga og árið 1985 og sams konar atvinnuþátttöku kvenna. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi útreikninga.

Samkvæmt tillögu nefndarinnar er kveðið á um fæðingarstyrk í 16. gr. laga um almannatryggingar og telur nefndin að fæðingarstyrkur ætti alfarið að greiðast af ríkissjóði.

Ákvæðið um fæðingardagpeninga yrði í 26. gr. laga um almannatryggingar sem áður kvað á um fjölskyldubætur. Leggur nefndin til að iðgjöld atvinnurekenda standi undir fæðingardagpeningagreiðslum, enda yrði til þess notaður sá hluti iðgjalda þeirra til lífeyristrygginga sem nú fer til að greiða fæðingarorlof skv. 16. gr.

Miðað við að fæðingar séu um 4000 á ári og fæðingarstyrkur 15 000 kr. yrði kostnaður við greiðslu fæðingarstyrks 60 milljónir kr. á mánuði, samtals 180 milljónir kr. fyrir þrjá mánuði og 360 millj. kr. fyrir sex mánuði. Miðað við sama fjölda fæðinga og óbreytta atvinnuþátttöku kvenna frá 1985 yrðu útgjöld vegna greiðslu fæðingardagpeninga 59 946 960 kr., á mánuði, 179 840 880 kr. fyrir þrjá mánuði og 359 681 490 kr. fyrir sex mánuði.

Kostnaðarskipting ríkissjóðs og atvinnurekenda yrði því nánast jöfn. Það er sama skipting og gert var ráð fyrir er lög nr. 97/1980 voru sett, sbr. athugasemdir með frumvarpinu þá.

III. Kostnaðarútreikningur vegna tillögu nefndar um breytingu (lengingu) greiðslna í fæðingarorlofi. (Miðast við núverandi greiðslukerfi)

		Kr.
A.	**Foreldri á vinnumarkaði í fullu starfi**	
	1. Fæðingarstyrkur kr. 15.000 × 3000 × 3	135.000.000
	2. Fæðingardagpeningar (308.40 × 30 × 2) 18.504 × 3000 × 3	166.536.000
		301.536.000
B.	**Foreldri 516—1032 stundir/ári á vinnumarkaði**	
	1. Fæðingarstyrkur kr. 15.000 × 504 × 3	22.680.000
	2. Fæðingardagpeningar 9.252 × 504 × 3	13.989.024
		36.669.024
C.	**Foreldri utan vinnumarkaðar eða < 516 st/ári**	
	1. Fæðingarstyrkur kr. 15.000 × 465 × 3	20.925.000
	A + B + C Samtals	**359.130.024**
D.	**Óbreytt lög**	
	1/1 kr. 32.313 × 3000 × 3	290.817.000
	2/3 kr. 21.542 × 504 × 3	32.571.504
	1/3 kr. 10.771 × 465 × 3	15.025.545
		338.414.049
	Mismunur	20 715 975

Hver mánuður skv. framlögðum tillögum kostar kr. 119 710 008:	Kr.
33.504 × 3000	100.512.000
24.252 × 504	12.223.008
15.000 × 465	6.975.000
	119.710.008

Forsendur: 1) Fjöldi og skipting fæðingarorlofsgreiðslna 1985 miðað við atvinnuþátttöku mæðra.
2) Fjárhæðir janúarmánaðar 1987.

Fjöldi fæðingarorlofsgreiðslna 1985: Alls 3.969
Þar af 1/1 3.000
Þar af 2/3 504
Þar af 1/3 465

Fjárhæðir janúarmánaðar 1987:
1. Fæðingarorlofgreiðsla 1/1 kr. 32.313.-
2/3 kr. 21.542.-
1/3 kr. 10.771.-

2. Sjúkradagpeningar einstaklings kr. 308,40 á dag.

Aukakostnaður vegna lagabreytingar og lengingar fæðingarorlofs.

	Kr.	Kr.
Breyting m.v. 3 mánuði	20.715.975	
Fjórði mánuður	119.710.008	140.425.983
Fimmti mánuður	119.710.008	260.135.991
Sjötti mánuður	119.710.008	379.845.999
	379 845 999	

Heildarkostnaður miðað við breytt fyrirkomulag og lengingu.

	Kr.
Þriggja mánaða fæðingarorlof	359.130.024
Fjögurra mánaða fæðingarorlof	478.840.032
Fimm mánaða fæðingarorlof	598.550.040
Sex mánaða fæðingarorlof	718.260.048

(Hver mánuður kostar kr. 119.710.008)

Heildarkostnaður fæðingarorlofs miðað við óbreytt lög en lengingu.

	Kr.
Þriggja mánaða fæðingarorlof	338.414.049
Fjögurra mánaða fæðingarorlof	451.218.732
Fimm mánaða fæðingarorlof	564.023.415
Sex mánaða fæðingarorlof	676.828.098

(Hver mánuður kostar kr. 112 804 683)

Mismunur miðað við 6 mánaða fæðingarorlof kr. 41 431 950,–

Kostnaðarskipting ríkissjóðs og atvinnurekenda.

Fæðingarstyrkur — ríkissjóður

	Kr.	
15.000 × 3969	59.535.000	(á mánuði)
59.535.000 × 3	178.605.000	þrír mánuðir
59.535.000 × 4	238.140.000	fjórir mánuðir
59.535.000 × 5	297.675.000	fimm mánuðir
59.535.000 × 6	357.210.000	sex mánuðir

Fæðingardagpeningar — atvinnurekendur

18.504.- × 3000	55.512.000	
9.252.- × 504	4.663.008	
	60.175.008	(á mánuði)
60.175.008 × 3	180.525.024	þrír mánuðir
60.175.008 × 4	240.700.032	fjórir mánuðir
60.175.008 × 5	300.875.040	fimm mánuðir
60.175.008 × 6	361.050.048	sex mánuðir

Einstakar greiðslur.

	Nú	Skv. tillögu	Mismunur
Útivinnandi í fullu starfi	32.313,00	33.504,00	1.191,00
Útivinnandi í hlutastarfi 516—1032 st.	21.542,00	24.252,00	2.710,00
Heimavinnandi < 516 st.	10.771,00	15.000,00	4 229,00

IV. Stuttur samanburður á lögum um fæðingarorlof á Norðurlöndum og á Bretlandi.

	Lög	Meðganga	Eftir fæðingu	Frekari heimildir
Danmörk	Lov om barselorlov 1980	4 vikur fyrir fæðingu	14 vikur	10 vikur
	Lov om dagpenge ved sygdom og födsel		Dagpen. 24 vikur (um 2000 á viku) 90% af tekjum að hámarki 1985)	
Finnland	Lag om arbetsavtal, 34. gr.	25 virkir dagar	75 virkir dagar	158 virkir dagar
	Sjukförsäkringslagen, II. kafli		Dagpen. 258 virkir dagar 80% af tekjum að ákveðnu marki (50%–30%) + greiðslur á barn	Þar til barn verður þriggja ára má auk þess fá frí í a.m.k. 2 mánuði
Ísland	Lög um almannatryggingar 16. gr. l. 67/1971		3 mánuðir	1 viðbótarmánuður vegna veikinda móður eða barns
			Ákveðin upphæð á mánuði fer eftir vinnustundafjölda	
Noregur	Lov om arbeidervern og arbeidsmiljö 1977	Allt að 12 vikur	Minnst 6 vikur	1 ár Foreldrum heimilt að vera í ólaunuðu leyfi þar til barnið verður 1 árs
	Folketrygdloven III. kafli, Sykelovensordningen		18 vikur Dagpeningar 100% af launum að ákveðnu marki	Heimilt er að stytta vinnudag um allt að 1 klst. á dag (ólaunað)
Svíþjóð	Lag om rätt til ledighed för vård av barn m.m. 1978	A.m.k. 6 vikur	A.m.k. 6 vikur	Foreldri á rétt á leyfi þar til barn er 1½ árs og styttri vinnutíma þar til barn er 8 ára (ólaunað)
	Lag om allmän försäkring		180 dagar 90% af launum	180 dagar sérst. for. gr. áður en barn verður 4 ára 90 d=90% laun, 90 d=lágmarks-sjúkradagpen. 48 Skr. '85
Bretland	National insurance act (Maternity allowance)	Allt að 11 vikur	A.m.k. 7 vikur	
			18 vikur ákveðin upphæð á viku+greiðsla á barn	
	Employment protection legislation		6 vikur 90% af launum frá atv.rek., sem á endurkröfu á Maternity allowance frá alm. tryggingum	

Veikindi barna	Viðbótarréttur föður	Ættleiðing	Skilyrði f. greiðslum	Heimavinnandi
	2 vikur	Sömu reglur ef yfirvöld skylda ættl. for. til að vera heima og annast barnið	Kona verður að hafa lágmarkstekjur sem gefa rétt til a.m.k. 10% af hæstu dagp. og hafa unnið fyrir þeim síðustu 4 vikurnar fyrir fæðingarorlofið eða a.m.k. 6 mánuði af 12 fyrir orlofið	Dagp. 4 vikur eftir fæðingu ef mæður hafa tekið frjálsa tryggingu
	6–12 virkir dagar (dragast frá öðru)	Ef barn er yngra en 2ja ára þá samtals 234 virkir dagar þar af faðir í 100 daga	Foreldri verður að hafa unnið fyrir tekjum síðustu 3 mánuði fyrir fæðingu	Sjúkralágmarksdagpeningar (38 fm frá ½ '85)
Ákvæði í kjarasamningum		Ef barn er yngra en 5 ára – þá 2 mán.		⅓ fullra fæð. orlofsgreiðslna kr. 10.771.- frá 1/1'87
Launþegar með barn undir 10 ára eiga rétt á leyfi í samt. 10 daga (einst. for. 20 d) á ári v. veikinda barns	2 vikur	Ef barn er á 1. aldursári þá 46 vikur – aðeins 12 v. á launum Ef barn er 1–15 ára, þá 3 mán. frá því barnið kemur á heim. – aðeins 12 v. launaðar	Kona verður að hafa verið launþegi samtals í 6 af 10 mán. fyrir fæðingu	Ein greiðsla 3654 Nkr. 1/4 '85
60 dagar á ári á barn sem er yngra en 12 ára á dagpeningum 12 ára á dagpeningum	(10 dagar dragast frá 60 d. v/veikinda barns)	Ef barn er yngra en 10 ára þá sama rétt og hér að framan, frá því að barn kemur í vörslu for.	Foreldragr.=Foreldrar hafi skráð sig hjá „försäkringskassa" a.m.k. 180 d samfleytt fyrir fæðingu og greitt iðgjöld Sérstakar for.gr.= Foreldrar hafi skráð sig hjá „försäkringskassa" a.m.k. 180 daga fyrir greiðslu og greitt iðgjöld	Lágmarkssjúkradagp. 48 Skr. á dag í mars 1985
			Kona verður að hafa greitt ákv. lámarksiðgjöld síðustu 12 mánuði f. fæðingarorlof	Fæðingarstyrkur til allra-Maternity grant – ein greiðsla 25£ '82/'83
			Konan verður að hafa unnið samfleytt í 2 ár til 11 v. fyrir fæðingu	

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu málsgrein er gert ráð fyrir að fæðingarstyrkur verði tekinn upp að nýju, en tilgangur hans er annar en áður var er honum var ætlað að standa straum af kostnaði við fæðingu barns. Nú er honum ætlað að koma í stað þeirrar greiðslu er heimavinnandi konur, sem og þær sem vinna úti færri en 516 stundir á ári, fá nú skv. 16. gr. almannatryggingalaga. Honum er og ætlað að bæta að hluta tekjutap útivinnandi kvenna, sbr. 2. gr. f. Fjárhæð fæðingarstyrks, 15 000 kr., miðast við verðlag í janúar 1987 og skal taka hækkunum til samræmis við aðrar bætur lífeyristrygginga.

Önnur málsgrein. Þær stéttir, sem fá greidd óskert laun í fæðingarorlofi, eiga ekki rétt á fæðingarstyrk samkvæmt ákvæði þessu m.a. vegna þess að honum er að hluta ætlað að bæta tekjumissi. Orðalag málsgreinarinnar tekur mið af 3. gr. laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

Þriðja málsgrein tekur mið af upphaflegu ákvæði 12. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga og nýútgefinni reglugerð. Athygli er vakin á að gert er ráð fyrir greiðslu í tvo mánuði, en var í upphafi í einn mánuð, en með reglugerð nr. 100/1985 var greiðsluskylda lengd í þrjá mánuði. Ekki er talin ástæða til að greiða lengur en í tvo mánuði í þessum tilvikum þar sem „tilgangur með fæðingarorlofi er sá að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldisþáttur að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess“, sbr. athugasemdir með frumvarpinu 1980.

Fjórða málsgrein er samhljóða 12. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, nema hér er gert ráð fyrir greiðslum í tvo mánuði eftir fæðingu til samræmis við 3. mgr.

Fimmta málsgrein tekur mið af 10. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. breytingu með lögum nr. 98/1984.

Sjötta málsgrein tekur mið af 13. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971.

Um 2. gr.

Stafliður a. Hér er kveðið á um greiðslu fæðingardagpeninga til þeirra foreldra er verða fyrir tekjutapi í fæðingarorlofi. Það tekur því ekki til þeirra stétta er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi. Þá er og gert að skilyrði að foreldri leggi niður störf þann tíma er fæðingardagpeningar eru greiddir.

Stafliður b. Fjárhæð fæðingardagpeninga nemur tvöföldum sjúkradagpeningum eins og þeir eru á hverjum tíma. Þannig ná fæðingardagpeningar og fæðingarstyrkur samanlagt þeirri viðmiðun er lögin um fæðingarorlof gerðu 1980 og gott betur.

Stafliður c. Fæðingardagpeningar greiðast í jafnlangan tíma og fæðingarstyrkur og greiðslutími lengist í sex mánuði í áföngum.

Stafliður d byggir á núgildandi skilyrðum réttar til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 64/1981.

Stafliður e tekur mið af 2. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971.

Stafliður f. Hér er gert ráð fyrir að fyrsta mánuð fæðingarorlofs geti móðirin ein nýtt sér í stað tveggja áður. Þó gæti faðir verið samtímis móður í fæðingarorlofi þennan mánuð sem aðra, en heildarréttur þeirra yrði fjórir mánuðir (fimm til sex). Rétt þykir að foreldrar ráði sjálfir hvernig þessu er háttað þó að fyrsti mánuðurinn sé ætlaður fyrir móðurina til að ná fullri líkamlegri heilsu eftir fæðingu.

Stafliður g er samhljóða 5. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga. Hefji foreldri störf að nýju falla greiðslur fæðingardagpeninga niður, sbr. staflið a.

Stafliður h tekur mið af 10. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 98/1984.

Stafliður i tekur mið af 10. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 98/1984.

Stafliður j er samhljóða 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 261/1983, sbr. breytingu nr. 407/1986.

Stafliður k tekur mið af 11. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga, nema hér er gert ráð fyrir að greiða megi fæðingardagpeninga í allt að 60 daga áður en hið eiginlega fæðingarorlof hefst í stað 30 daga áður. Ljóst er að í ýmsum tilvikum þurfa barnshafandi konur að láta af störfum snemma á meðgöngutíma vegna fylgikvilla meðgöngu eða vegna sjúkdóma er beinlínis tengjast meðgöngunni. Umdeilt er hvort um er að ræða venjuleg veikindaforföll í þeim tilvikum. Rétt er að kveða upp úr um þetta atriði í lögum og er gerð tillaga um lengingu eins og áður segir. Rétt væri að kveða á í reglugerð um hvaða tilvik kunna að falla hér undir.

Sett er það skilyrði fyrir greiðslum að ekki verði við komið breytingum á starfsháttum konunnar eða unnt að færa hana til í starfi, sbr. rétt hennar til þess skv. 6. gr. frumvarps um fæðingarorlof.

Stafliður l er samhljóða 12. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga. Sjá þó aths. við 3. mgr. 1. gr. þessa frumvarps.

Stafliður m tekur mið af 13. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga sem gerir ráð fyrir að fæðingarorlof viðkomandi sé einum mánuði styttra en kynforeldris. Sjá og 5. gr. meðfylgjandi frumvarps um fæðingarorlof.

Stafliður n. Sama fyrirkomulag og er skv. 8. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga. Fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar greiðast þannig út af sama aðila, þ.e. lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Stafliður o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greiðast af framlagi atvinnurekenda til þeirra samkvæmt lögum nr. 103/1980. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri eða frekari skattlagningu til að mæta þessum útgjöldum að svo stöddu. Við tilkomu frekari lengingar þarf hins vegar að skoða iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda til lífeyristrygginga. Fæðingarstyrkur skv. 16. gr. (1. gr. frumvarps þessa) greiðist alfarið af ríkissjóði. Samkvæmt tillögum þessum er kostnaðarskipting ríkissjóðs og atvinnurekenda nánast til helminga eða söm og samkvæmt lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof.

Stafliður p. Greiðsla fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga getur ekki farið saman.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að ástæða þykir til að fella meginmál laganna inn í gildandi lög frá 1971, með síðari breytingum, en á þeim næstum 16 árum frá því að þau voru sett hefur slíkt ekki verið gert, en breytingar á lögunum á þessum tíma nálgast fimmta tuginn.

Ed. 709. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu Geir Hallgrímsson og Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Baldur Guðlaugsson lögfræðing og Lárus Jónsson og Halldór Guðbjarnason bankastjóra.

Nefndin klofnaði í málinu og leggur meiri hl. hennar til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Ed. 710. Breytingartillaga [359. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, VI, EgJ).

14. gr. orðist svo:

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. kemur í stað Útvegsbanka Íslands í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976, og í lögum um Iðnþróunarsjóð, nr. 9/1970.

Ed. 711. Nefndarálit [360. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Egill Jónsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.		Valdimar Indriðason.

Ed. 712. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu Jónas Haralz og Val Valsson bankastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Egill Jónsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.		Valdimar Indriðason.

Ed. 713. Breytingartillaga [347. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „félag með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina FTÁ.

Sþ. 714. Skýrsla [393. mál]

forsætisráðherra um fríiðnaðarsvæði.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. Inngangur.

Eftirfarandi þingsályktunartillaga var samþykkt 22. maí árið 1984:


„Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæðum hér á landi, t.d. á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar þar sem henta þætti. Við gerð slíkrar athugunar verði haft samráð við samtök iðnaðarins.“

Með bréfi frá forsætisráðuneytinu dagsettu 26. nóvember 1985 var Byggðastofnun falin ályktunin til meðferðar.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er talað um erfiðleika sem sjávarútvegur á Suðurnesjum á við að glíma, annars vegar aflatakmarkanir vegna ástands fiskistofna, hins vegar rekstrarvanda frystihúsa. Sagt er að aldursskipting á svæðinu sé þannig að mynda þurfi árlega um 150 störf til að fullnægja framboði nýliða á vinnumarkaði. Dregin er sú ályktun að sjávarútvegur muni ekki taka við miklum nýjum mannafla í fyrirsjáanlegri framtíð. Þá er einnig bent á að vöxtur annarra greina en sjávarútvegs gefi ekki tilefni til að ætla að þær taki sjálfkrafa við væntanlegri mannaflaaukningu.

Nýjustu tölur Byggðastofnunar renna stoðum undir þessar athuganir að nokkru leyti. Atvinnuleysi hefur vaxið frá árunum kringum 1980. Þá voru 20–30 manns að meðaltali atvinnulausir á ári en 96 árið 1983, 129 árið 1984 og 151 árið 1985. Atvinnuleysi hefur verið mest í desember og janúar tengt sveiflum í fiskvinnslu. Fólksfjölgun varð aðeins 0,4% árið 1985, sú minnsta um árabil.


Fólksfjöldi á Suðurnesjum 1971–1985.



Fleiri fluttu burt af Suðurnesjum árið 1985 en til þeirra, alls 106 manns. Var það annað árið í röð sem brottfluttir voru fleiri en aðfluttir (árið 1984 fluttu 48 burt umfram aðflutta).


Ekki eru tiltækar nýjar tölur um rekstrarafkomu frystihúsa á Suðurnesjum en vitað er um verulegan vanda hjá ákveðnum frystihúsum á síðasta ári (1985). Hins vegar er jákvætt að meðaltekjur á ársverk á Suðurnesjum hafa lengi verið hærri en meðaltekjur á landinu öllu, 4–8% yfir landsmeðaltali frá árinu 1980. Þá hefur meðalfjölgun ársverka frá árinu 1975 verið rúmlega 200 ársverk árlega miðað við slysatryggðar vinnuvikur. Sveiflur eru þó allmiklar. Þannig fjölgaði ársverkum til dæmis lítið á milli áranna 1982 og 1983 en um 7%, lauslega áætlað, á milli áranna 1983 og 1984. Það er mun meiri aukning en á landinu öllu. Í mannaflaspá er gert ráð fyrir að mynda þurfi um 700 ný ársverk frá árinu 1984 til ársins 1989 eða um 140 ársverk að meðaltali á ári. Þessi spá byggir á úrvinnslu launamiðaskrár (ársverkum launþega með lögheimili á Suðurnesjum) en allmörg ársverk eru unnin af fólki með lögheimili utan Suðurnesja. Þetta á sérstaklega við um störf unnin fyrir varnarliðið eða verktaka þess. Aukning ársverka eftir launamiðaskrá í öðrum greinum en byggingum og þjónustu við varnarliðið (atvinnugrein 50 og 96 samkvæmt ISIC-flokkun) hefur verið að meðaltali um 100 ársverk frá árinu 1981 til 1984 þannig að án framkvæmda við Keflavíkurflugvöll er óvíst að vöxtur atvinnulífs hefði orðið nægur til að taka við nýliðum á vinnumarkaði.

Ársverk á Suðurnesjum 1975–1984 samkvæmt slysatryggðum vinnuvikum.



Nú standa yfir verulegar framkvæmdir við Helguvík og byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Þá eru í gangi eða fyrirhugaðar allmiklar framkvæmdir í fiskeldi. Óvíst er hvað við tekur þegar þessari uppbyggingu lýkur ef ný fyrirtæki verða ekki komin til sögunnar.

Atvinnuskipting á Suðurnesjum.



Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vísað í drög að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes sem gerð var af Framkvæmdastofnun ríkisins árið 1980. Í þessari iðnþróunaráætlun var talið að uppbygging iðnaðar væri líklega besta leiðin til að bæta atvinnulíf á svæðinu.

Einnig var bent á að þörf væri fyrir sérstakar aðgerðir til að efla iðnað. Aðstæður hafa ekki breyst svo til batnaðar að þessi skoðun sé ekki í fullu gildi.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar benda á stofnun fríiðnaðarsvæðis við Keflavíkurflugvöll sem mögulega leið til að efla iðnað á Suðurnesjum.

Vísað er í reynslu Íra af fríiðnaðarsvæðinu við Shannon-flugvöll og segir í greinargerð meðal annars að tilkoma fríiðnaðarsvæðisins þar hafi leitt til „... stóraukinnar tækni- og verkþekkingar í iðnaði á svæðinu auk annars konar ávinnings".

Bent er á ýmsan ávinning sem erlend fyrirtæki gætu hugsanlega haft af fríiðnaðarsvæði í Keflavík. Þar er um að ræða legu landsins á milli Evrópu og Ameríku, aðild landsins að EFTA og tollasamning við EB, jarðhita, ódýrt rafmagn, tækniþekkingu í sjávarútvegi og landrými.

Í sjálfri þingsályktuninni er sagt að fríiðnaðarsvæði megi hugsanlega hafa annars staðar en á Suðurnesjum.

Í þessari skýrslu er greint frá fríiðnaðarsvæðum og starfsemi þeirra. Reynt er að meta hvort stofnun fríiðnaðarsvæðis sé skynsamleg leið til að efla iðnþróun á Suðurnesjum og á Íslandi. Einnig er reynt að meta hvaða fyrirkomulag sé heppilegast við íslenskar aðstæður. Meðal annars er stuðst við skýrslu frá OECD um fríiðnaðarsvæði. Sú skýrsla miðast þó einkum við þróunarlöndin og er því reynt að finna að hvaða leyti aðstæður hér eru öðruvísi en reiknað er með í þeirri skýrslu. Fríiðnaðarsvæðinu við Shannon er lýst nokkuð í áðurnefndum drögum að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes sem út kom árið 1980.

2. Iðnþróun og bein erlend fjárfesting.

Erlend fjárfesting er álitin mikilvæg undirstaða fyrir iðnþróun, sérstaklega í þróunarlöndunum. Mjög er þó deilt um hversu mikil hún megi verða og í hvaða formi. Til að skilgreina mismunandi viðhorf til erlendrar fjárfestingar þarf nákvæma athugun á þeim þáttum sem hafa áhrif á stefnu viðkomandi þjóðar gagnvart erlendri fjárfestingu. Þessir þættir tengjast ekki aðeins félagshagfræðilegum (socioeconomic) og efnahagslegum markmiðum heldur einnig möguleikunum á að koma stefnunni í framkvæmd. Í skýrslu OECD eru eftirfarandi félagshagfræðileg markmið nefnd:

1. Innlend yfirráð nýtingar náttúruauðs og mannafla hvort sem hann er aðfenginn eður ei.
2. Aukið sjálfstæði gagnvart erlendum aðilum varðandi sérfræðiþekkingu, tækni, rannsóknir og þróun, ýmsar vörur og þjónustu.
3. Aukin fjölbreytni framleiðsluþátta.
4. Jafnari tekjuskipting á milli landshluta og þjóðfélagshópa.
5. Jafnvægi í byggð með því að örva eða hindra fólksflutninga innanlands eða til og frá landinu.
6. Viðleitni í þá veru að starfsfólk fyrirtækja eigi hlut í þeim og eigi þátt í ákvarðanatöku.
7. Meiri og betri atvinna.
8. Nánari samtenging inn í alþjóðaverslun og landsvæðaviðskipti.

Meðal efnahagslegra markmiða er stærðarhagkvæmni framleiðslueininga, bættur greiðslujöfnuður og notkun hagkvæmustu tækni við framleiðsluna.

Aðferðirnar til að ná þessum markmiðum hafa bein áhrif á stefnu gagnvart erlendri fjárfestingu. Þar er um að ræða beina stjórnun viðkomandi ríkis á erlendri fjárfestingu eða óbeina stjórnun með ýmsum hömlum eða fríðindum.

Hér á landi hefur erlent fjármagn verið undirstaða framfara í atvinnumálum allt frá tímum Innréttinganna (ef til vill er ástæðan sú að í litlum þjóðfélögum næst ekki sá sparnaður sem dugir fyrir meiri háttar framkvæmdum sem óhagkvæmt er að skipta í smærri þætti). Bein erlend fjárfesting með stofnun Íslandsbanka auðveldaði inngönguna í togaraöldina. Að öðru leyti var þörfinni fyrir erlent fjármagn að mestu mætt með erlendum

lántökum fram að seinni heimsstyrjöldinni en þá áttu miklar erlendar framkvæmdir sér stað. Eftir stríð hefur bein erlend fjárfesting í fyrirtækjum verið lítil. Stærstu fyrirtækin eru álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Erlent fjármagn hefur mest verið tekið inn í landið sem lánsfé.

Það er jafnan matsatriði hvort eigi að leggja meiri áherslu á beina erlenda fjárfestingu eða lántökur. Þar þarf að finna jafnvægi milli tveggja þátta. Annars vegar getur bein eignaraðild útlendinga í fyrirtækjum hér á landi í miklum mæli minnkað svigrúm til sjálfsstjórnar meira en lántökur, en hins vegar eru takmörk á lánstrausti þjóðarinnar. Þegar ætla má að erlendar skuldir séu orðnar það hátt hlutfall af þjóðarframleiðslu að til dæmis lánskjör fari versnandi er bein erlend fjárfesting eina leiðin til að fá inn erlent fjármagn án þess að auka erlenda skuldabaggann.

Viðhorf til iðnvæðingarleiða hafa tekið miklum breytingum síðustu ár. Fyrir heimskreppuna var mest lagt upp úr útflutningi sem leið til hagþróunar en eftir kreppuna og seinni heimstyrjöldina reyndu mörg ríki iðnþróun sem byggði meira á heimaframleiðslu í stað innflutnings (import substitution). Þessi stefna hefur gefist misjafnlega að margra áliti og eru mörg ríki nú að hverfa frá henni enda hefur reynslan sýnt að þau ríki sem hafa lagt áherslu á útflutningsgreinar hafa haft mestan hagvöxt. Þetta er samt sem áður umdeilt mál og fer nokkuð eftir aðstæðum í hvert skipti, svo sem stærð heimamarkaðar og tegund framleiðslu. Lítill vafi er á því að fyrir fámennustu ríkin er útflutningsleiðin skynsamlegust.

Þótt varla sé hægt að tala um markvissa stefnu Íslendinga í þessu efni verkaði gengis- og tollastefna lengi vel ekki hvetjandi til útflutningsiðnaðar. Háir tollar voru settir á allan „óþarfa innflutning", svo sem sælgæti en lágir tollar á „þarfar vörum", svo sem rekstrarvöru til sjávarútvegs. Við þessar aðstæður spratt upp í skjóli tollmúra iðnaður sem framleiddi „óþarfa" en samkeppnisiðnaður, annar en fiskiðnaður, átti erfitt uppdráttar. Þá voru einnig byggðar stærri verksmiðjur í eigu ríkisins (þó langt undir hagkvæmustu stærð að margra áliti) er framleiddu (og framleiða enn) eingöngu fyrir innanlandsmarkað í skjóli innflutningshafta (Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan). Þess ber þó að geta að fjarlægð frá markaði og þar af leiðandi hár flutnings- og samskiptakostnaður hefur vafalítið einnig tafið fyrir iðnþróun hérlendis. Eftir inngönguna í EFTA opnaðist hagkerfið meira og síðan hefur útflutningsiðnaðurinn vaxið eins og vikið verður nánar að síðar.

Mikilvægur þáttur í eflingu útflutningsiðnaðar hjá mörgum þjóðum hefur verið stofnun *fríiðnaðarsvæða*. Með starfrækslu þeirra er reynt að styrkja aðstöðu viðkomandi landshluta eða lands í hinni alþjóðlegu samkeppni um erlenda fjárfestingu og útflutningsmarkaði án þess að draga úr verndun innanlandsmarkaðar.

3. Skilgreining á fríiðnaðarsvæði.

Hugtakið fríiðnaðarsvæði nær yfir margs konar starfsemi sem hægt er að skilgreina nánar eftir þeim atvinnurekstri sem þar fer aðallega fram. Hér verður lauslega lýst nokkrum tegundum fríiðnaðarsvæða:

Eiginleg fríiðnaðarsvæði eru ýmist kölluð fríverslunarsvæði, fríiðnaðarsvæði eða frjáls útflutningsiðnaðarsvæði (free trade zone, area), free industrial zone, free export processing zone).

Á fríiðnaðarsvæðum leyfist fyrirtækjum að flytja inn vörur frá útlöndum án þess að greiða tolla eða hlíta magntakmörkum á innflutningi (quota restrictions), án gjaldeyriseftirlits eða ákvæða um meðhöndlun gjaldeyris og án þess að þurfa að sinna nema að takmörkuðu leyti skýrslugerð eða upplýsingaskyldu til stjórnvalda. Vörurnar má vinna frekar, geyma eða hafa til sýnis á svæðinu og er þá venjulega farið eftir reglum um vinnueftirlit og mengunarvarnir í viðkomandi landi. Útflutningur á vörunum er jafn frjáls og innflutningurinn en ef selt er út fyrir svæðið innanlands gilda oftast sömu reglur eins og um venjulegan

innflutning væri að ræða. Skattlagning er alls staðar eftir sérstökum reglum. Starfsemi verkalýðsfélaga er stundum takmörkuð eða bönnuð á svæðunum. Oft er erlendum fyrirtækjum boðið verksmiðjuhúsnæði á hagstæðum kjörum, styrkir til þjálfunar starfsfólks og fleiri fríðindi til að fá þau til að setja upp starfsemi á slíku svæði eins og nánar verður greint frá síðar. Stundum eru sérréttindi fyrirtækja á svona svæðum þó mun takmarkaðri en að ofan greinir. Sem dæmi um slíka takmarkaða útfærslu má nefna svæði fyrir frjálst framtak (Free Enterprise Zones) sem eru í Bretlandi og víðar. Svæðin eru gjarnan í borgum sem eiga við hnignandi atvinnulíf að stríða. Á þessum svæðum er reynt að létta sem mest undir stofnun fyrirtækja með því að draga úr allri skriffinnsku kringum rekstur fyrirtækja og veita rífleg skattafríðindi fyrstu árin, t.d. gegnum afskriftareglur.

Í skýrslu OECD er vitnað í skilgreiningu Alþjóðabankans. Í þeirri skilgreiningu er gerður greinarmunur á fríiðnaðarsvæði og útflutningsiðnaðarsvæði. Skilgreiningin er sem hér segir:

„Útflutningsiðnaðarsvæði er tiltölulega nýtt afbrigði af hinu algenga fríiðnaðarsvæði — sem er frátekið svæði venjulega nálægt höfn eða flugvelli og þaðan er leyfð óheft verslun við önnur lönd. Iðnvarning má flytja inn og út af svæðinu án tolla, geyma í vöruhúsum og umpakka eftir þörfum. Af vörum sem seldar eru út fyrir svæðið innanlands greiðast tilskilin aðflutningsgjöld. Með því að geyma þær fyrst á svæðinu er skjót afgreiðsla pantana tryggð jafnframt því að vextir sparast á tollagreiðslum.

Frjáls útflutningsiðnaðarsvæði aftur á móti láta einnig í té byggingar og þjónustu fyrir iðnvöruframleiðslu, þ.e. umbreytingu á innfluttum hráefnum og aðföngum í endanlega vöru stundum til útflutnings en stundum einnig til sölu að hluta innanlands gegn venjulegu innflutningsgjaldi. Útflutningsiðnaðarsvæðið er þannig sérhæfð gerð iðngarða sem eru staðsettir landfræðilega og stjórnsýslulega utan tollmúranna, aðlagaðir útflutningi. Þetta á að laða að fjárfestingaraðila og auðvelda þeim að koma sér fyrir, venjulega í tengslum við aðra hvatningu."

Mismunurinn á þessum fyrirbærum virðist ekki mikill. Frekar er um mun á orðanotkun að ræða og verður hér á eftir notað eingöngu orðið fríiðnaðarsvæði yfir þessi svæði.

Fríbankaþjónustusvæði (free banking zones). Ef kröfur um bindiskyldu (reserve requirement) eru afnumdar geta bankar hagnast meira á inn- og útlánastarfsemi á slíkum stað enda virkar bindiskylda og aðrar útlánahömlur sem óbeinn skattur á bankana. Slíkt frelsi er meðal annars leyft í London. Mörg smáríki hafa frjálsa bankastarfsemi án eftirlits eða skattlagningar.

Á sama hátt hafa sums staðar verið afnumdar reglur um tryggingastarfsemi og sett upp frítryggingarsvæði (free insurance zones). Skattfrelsi og afskiptaleysi stjórnvalda eru aðalaðdráttaraflið fyrir slík svæði. Hundruð tryggingafyrirtækja hafa verið stofnuð t.d. á Bermuda-eyjum, Cayman-eyjum og Vanatu. Einnig starfar t.d. Lloyds í London utan við sumar reglur um tryggingafélög í Bretlandi og hefur náð til sín talsverðu af erlendum verkefnum. Skyldar þessu eru tryggingar fyrir útflutning (export credit insurance). Slík starfsemi er nú rekin í yfir 60 löndum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er aðallega talað um svæði þar sem iðnaðarframleiðsla á sér stað. Þó er mögulegt og jafnvel æskilegt að blanda saman þjónustustarfsemi, til dæmis bankaþjónustu, og iðnaðarframleiðslu á sama fríiðnaðarsvæði.

4. Útbreiðsla og reynsla af fríiðnaðarsvæðum.

Nú eru sennilega á annað hundrað meiri háttar fríiðnaðarsvæði í heiminum og mörg í undirbúningi. Ef meðtalin eru minni háttar svæði eins og fríhafnir við flugvelli er talan mun hærri (árið 1979 töldust vera 344 slík svæði í um 72 löndum). Fríiðnaðarsvæði með mikil útflutningsverðmæti eru til dæmis í V-Þýskalandi, Írlandi, Taiwan og Panama. Fjölgun

svæðanna hefur verið ör sérstaklega í þróunarlöndunum. Árið 1970 voru 11 slík svæði í þeim en árið 1980 96 samkvæmt skýrslu OECD. Árið 1980 var talið að um það bil 7–8% af heimsversluninni færi um ýmiss konar fríiðnaðarsvæði. Því var spáð að um 20% af heimsversluninni mundi fara um slík svæði árið 1985. Athygli vekur að nokkur smáríki svo sem Bahama, Jamaica, Belize og Malta hafa slík svæði. Helstu orsakir þessarar fjölgunar eru í skýrslu OECD raktar til eftirfarandi þátta:

a. Staðsetning iðnfyrirtækja í þróuðum löndum verður sífellt arðminni bæði vegna mikils launakostnaðar og mengunarvarna.
b. Þróun framleiðslutækni sem leyfir að flóknum framleiðsluferlum sé skipt upp þannig að ófaglærðir verkamenn geti annast framleiðsluna oft að undangenginni stuttri þjálfun.
c. Þróun samgangna og samskipta gerir staðsetningu iðnaðar og framleiðslu sífellt óháðari landfræðilegum fjarlægðum.

Hin öra fjölgun svæðanna bendir til þess að þau séu veigamikið tæki í atvinnu- og iðnaðarstefnu stjórnvalda og stefnu þeirra gagnvart erlendu fjármagni. Samt sem áður hefur rekstur þeirra gengið misjafnlega og er talið að veruleg framleiðslugeta sé ónýtt á svæðunum núna. Jafnframt hefur samkeppni á milli þeirra harðnað.

Engin leið er að segja hér til um það hvort markmiðum stjórnvalda á hverjum stað hefur verið náð með starfrækslu fríiðnaðarsvæðis. Í skýrslu OECD er lauslega rætt um árangurinn út frá þremur almennum markmiðum sem eru sameiginleg flestum svæðanna. Markmiðin eru þessi:

1. Bætt nýting innlendra framleiðsluþátta, einkum fjölgun starfa.
2. Aukinn útflutningur og bættur greiðslujöfnuður við útlönd.
3. Innflutningur erlendrar tækniþekkingar og verkþjálfunar.

Á sviði atvinnusköpunar er greinilega um verulegan árangur að ræða. Dæmi eru tekin frá Mexíkó og Suðaustur-Asíu. Í Mexíkó eru svo nefnd „maquiladora“. Þetta eru undirverktakafyrirtæki sérstaklega ætluð fyrir erlenda atvinnurekendur og búa þau við tollfrelsi. Í fyrstu var slíkum fyrirtækjum aðeins leyft að vera á ákveðnum stöðum við norðurlandamærin þar sem atvinnuleysi er mikið og ör fólksfjölgun. Síðan var tekið upp opið kerfi þannig að fyrirtækin geta verið hvar sem er í landinu. Þannig varð hugtakið fríiðnaðarsvæði bundið stöðu í hagkerfinu frekar en landsvæði. Árið 1980 voru komin 620 slík fyrirtæki með um 120 000 starfsmenn. Langflest voru í rafeindatækni og vefnaðarvöru (textiles) eða um 80% fyrirtækjanna. Á fríiðnaðarsvæðum á Taiwan og í Suður-Kóreu hafa myndast um 88 000 störf og um 80 000 í Malasíu árið 1980.

Á mörgum fríiðnaðarsvæðum er mest af vinnuaflinu konur, en þær eru að meðaltali um 70% af vinnuaflinu samkvæmt skýrslu OECD. Meðal annars af þessari ástæðu er gegnumstreymi oft mikið. Eftir því sem svæðin þróast og hlutfall faglærðra eykst virðist hlutdeild kvenna minnka.

Þrátt fyrir það að tugþúsundir nýrra starfa hafi myndast á fríiðnaðarsvæðum eru störf á fríiðnaðarsvæðum venjulega aðeins brot af heildarvinnuafli í flestum löndum. Þýðing svæðanna í atvinnusköpun er meiri ef litið er á fólk sem starfar eingöngu við iðnframleiðslu, t.d. 8,4% í Malasíu, 4,7% á Taiwan, 27,4% á Mauritius og 10,7% í Dominíkanska lýðveldinu.

Reynslan bendir til þess að sá iðnaður sem helst er á fríiðnaðarsvæði í þróaðri löndum, til dæmis Írlandi, sé ekki endilega vinnuaflsfrekari en sá iðnaður sem fyrir er í landinu, heldur þvert á móti, enda virðist fjármagn oft vera niðurgreitt meira en vinnuafl á fríiðnaðarsvæðum og áhrif á atvinnuleysi því oft minni en reiknað var með. Vegna þessarar reynslu meðal annars leggja Írar minni áherslu en áður á fjölgun atvinnutækifæra sem markmið í áætlunum írska þróunarfélagsins IDA. Nú er meira lagt upp úr þeim virðisauka sem atvinnustarfsemin skilar þjóðarbúinu en beinni fjölgun starfa (Regional Incentives 1985).

Framlag til virðisauka eða verðmætasköpunar umhverfis fríiðnaðarsvæðið (local value added) er sennilega betri mælikvarði á þýðingu svæðisins. Hér er um að ræða hráefni og efnisþætti frá framleiðendum á staðnum, greiðslur til yfirvalda, svo sem skatta og gjöld ýmiss konar, greiðslur fyrir leigu af landi, byggingum eða þjónustu og hlutdeild í hagnaði ef um sameign innlendra og erlendra aðila er að ræða. Stundum eru sett skilyrði um lágmarksvirðisauka sem fyrirtæki verður að skila ef það starfar á fríiðnaðarsvæði. Í skýrslu OECD kemur fram að almennt virðist misjafn árangur nást á þessu sviði allt frá um 4% virðisauka af útflutningsverðmæti á Sri Lanka í meira en 30% á MASAN fríiðnaðarsvæðinu í Suður-Kóreu.

Í skýrslu OECD eru aðeins birtar tölur um hlutdeild nokkurra svæða í heildarútflutningi fjögurra landa í Asíu. Til dæmis höfðu tvö svæði 3,9% af útflutningi frá Suður-Kóreu árið 1980, þrjú svæði um 7,5% á Taiwan (1979), tvö svæði um 0,3% á Indlandi (1978) og eitt svæði um 6,8% á Filippseyjum (1979).

Áðurnefndar tölur um hlutdeild fríiðnaðarsvæða í heimsverslun gefa að öðru leyti til kynna mikilvægi þeirra fyrir aukningu útflutningsframleiðslu.

Áhrif starfsemi erlendra fyrirtækja á greiðslujöfnuð er samt erfitt að meta. Yfirleitt má þó reikna með að fyrst í stað, á meðan erlendu fyrirtækin eru í uppbyggingu, verði greiðslujöfnuðurinn hagstæðari en þegar fram líða stundir og farið er að flytja hagnað úr landi getur dæmið snúist við.

Árangur af aðstreymi tækniþekkingar er einnig erfitt að mæla en samt er talið í OECD-skýrslunni að árangur á því sviði hafi verið takmarkaður á mörgum fríiðnaðarsvæðum. Ástæðan er einkum rakin til þess að í útflutningsiðngreinum starfrækja fyrirtæki gjarnan öll stig framleiðslunnar sjálf (vertical integration) og vinnan verður því einföld samsetningarvinna sem breytist lítið og krefst því aðeins stuttrar og mjög sérhæfðrar þjálfunar hjá starfsfólki. Síðan nýtist þessi mikla sérhæfing í störfunum oft illa í öðrum störfum.

Sýningaráhrif (demonstration effect) geta þó verið töluverð í þeim löndum sem eru skammt á veg komin í nútímaverkkunnáttu.

Í niðurstöðum skýrslu OECD kemur fram það álit að of lítið hafi verið gert að því að aðlaga fríiðnaðarsvæði að aðstæðum á hverjum stað og hætta sé á aukinni óhagkvæmri samkeppni á milli sams konar svæða. Helstu hugmyndir þeirra um betra skipulag á svæðunum eru þessar:

a. Svæðin séu opin þannig að fjárfestingaraðilinn geti valið þá staðsetningu innanlands sem best hentar. Kostirnir við þetta skipulag eru meðal annars þeir að innlend fyrirtæki gætu notað ýmsa aðstöðu í kringum starfsemi erlendu fyrirtækjanna og auðveldara yrði að koma á ýmsum tengslum við erlendu fyrirtækin.
b. Hvatt verði til þess að innlendir og erlendir aðilar komi á fót sameignarfyrirtækjum. Þannig yrðu tæknileg samskipti auðveldari og verkþekking ætti greiðari leið út fyrir svæðið.
c. Létta ætti hömlum af sölu á vörum af fríiðnaðarsvæði á innlenda markaðinn gegn venjulegum innflutningsgjöldum, að minnsta kosti þar sem innlendi markaðurinn er stór.

Þá er einnig lögð mikil áhersla á að aflað verði mjög nákvæmra upplýsinga um starfshætti, uppbyggingu og stefnu þeirra fyrirtækja sem vilja fjárfesta á viðkomandi fríiðnaðarsvæði.

Ýmsar alþjóðastofnanir láta málefni fríiðnaðarsvæða til sín taka. Áður voru þær jákvæðar í garð fríiðnaðarsvæða og hvöttu jafnvel til uppbyggingar þeirra en urðu síðar mun varfærnari í afstöðu til þeirra. Samtök fríiðnaðarsvæða voru stofnuð árið 1978 með það fyrir augum, meðal annars, að efla samstarf og samstöðu milli fríiðnaðarsvæðastjórna.

5. Fríiðnaðarsvæði á Íslandi. Markmið.


Erlend fjárfesting á fríiðnaðarsvæðum virðist eins og áður segir einkum þjóna þrenns konar markmiðum hjá öðrum þjóðum, þ.e. aukningu atvinnu, aukningu útflutnings og innflutningi á tækniþekkingu. Rétt er að líta á það hvernig þessi almennu markmið eiga við á Íslandi.

Hér á landi er ekki um að ræða mikið framboð á ódýru vinnuafli eins og í þróunarlöndunum. Atvinnuleysi hefur hingað til ekki verið talið vandamál, nema tímabundið. Að vísu má færa rök fyrir því að lágt tímakaup hér á landi hafi komið í veg fyrir atvinnuleysi í sama mæli og er í mörgum öðrum löndum.

Þótt skráð atvinnuleysi sé lítið þarf það ekki að merkja að vinnumarkaðurinn fullnægi þörfum landsmanna. Lægri laun hér endurspegla að einhverju leyti minni framleiðni sem aftur getur verið merki um staðnað atvinnulíf. Sérstaklega er hætta á að atvinnulífið geti ekki tekið á móti hinni miklu aukningu langskólagenginna manna sem orðið hefur undanfarin ár. Þá gætu nýorðnar breytingar í sjávarútvegi (til dæmis útflutningur gámafisks, sjófrysting og önnur tæknivæðing) haft mikil áhrif á atvinnulíf landsbyggðarinnar og þá ekki síst á Suðurnesjum. Þörf á örari atvinnusköpun en ætla má að innlend fyrirtæki geti annað er því veigamikil ástæða fyrir því að leitað verði eftir erlendri fjárfestingu í atvinnulífinu.


Aukinn útflutningur, meiri fjölbreytni í útflutningsgreinum og meiri jöfnuður í viðskiptum við útlönd hefur oft verið ofarlega á blaði hér á landi. Ísland er mjög háð utanríkisviðskiptum eins og önnur smáríki í þeim skilningi að inn- og útflutningur er hátt hlutfall af þjóðarframleiðslu. Útflutningsatvinnuvegir okkar eru einhæfir og verulegar sveiflur í útflutningstekjum og viðskiptakjörum. Samt hefur aukning útflutningstekna verið mikil að jafnaði, sérstaklega eftir 1970, og útflutningsatvinnuvegirnir (þar með talin þjónusta við varnarliðið) vafalítið verið leiðandi afl í hagvextinum. Þar sem útflutningsafurðirnar eru aðallega lítt unnar iðnaðarvörur og hráefni (ál, járnblendi, fiskimjöl) eða matvælaframleiðsla erum við háðir framboðssveiflum sem stafa af breytilegu árferði eins og margir aðrir hráefnaframleiðendur. Jafnframt er eftirspurnin breytileg vegna hagsveiflna í markaðslöndunum og vegna samkeppni, en stjórnmálalegar ástæður hafa einnig valdið söluerfiðleikum.

Viðskiptakjörin 1965–1984.
(1963=100)



Hægt er að draga nokkuð úr viðskiptasveiflum hráefna- og matvælaframleiðslu með því að sérhæfa framleiðsluna að þörfum ákveðinna markaða. Þó er ólíklegt að hægt sé að búast við stöðugri aukningu útflutnings á fiskafurðum okkar. Ástæðan er meðal annars takmarkað veiðiþol mikilvægra fiskstofna en það endurspeglar þær framboðstakmarkanir sem framleiðsla byggð á nýtingu náttúruauðlinda getur lent í. Stofnun fríiðnaðarsvæðis með það fyrir augum að auka fjölbreytni og útflutning iðnaðarvöru virðist fullgilt markmið miðað við aðstæður hér á landi.

Vöxtur útflutnings og vergrar landsframleiðslu 1966–1984.



Íslendingar verja litlum hluta þjóðartekna í rannsóknar og þróunarstarfsemi en jafnvel þótt úr því væri bætt er hæpið að við getum náð í fremstu röð í einhverri framleiðslugrein annarri en sjávarútvegi. Í iðnaði eru það einkum stórfyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun og því er tækniþekkingin oft bundin þeim. Tækniþekkingin er sjaldnast til sölu enda vilja fyrirtæki fjárfesta erlendis vegna þess að þau hagnast meira á því heldur en að selja framleiðslu-, markaðs- eða stjórnunartækni sína. Til að fá aðgang að nýjustu framleiðslutækni, þar með talið sölu og markaðssetningu, er nauðsynlegt að opna landið meira en gert hefur verið fyrir erlendum fyrirtækjum og fjármagni. Stofnun fríiðnaðarsvæðis getur aukið þekkingu á mörgum sviðum sem erfitt er að nálgast öðruvísi en með beinni þátttöku í starfsemi ákveðinna fyrirtækja. Þriðja markmiðið með stofnun fríiðnaðarsvæða, þ.e. að flytja inn tækniþekkingu, virðist því álitlegt fyrir Íslendinga.

6. Samkeppnisaðstaða Íslands með tilliti til fríiðnaðarsvæða.

Ef stofna á fríiðnaðarsvæði hér á landi til að draga að erlend fyrirtæki stendur og fellur málið með því hvort líklegt sé að einhver erlend fyrirtæki hafi áhuga á að koma hingað miðað við þá aðstöðu og fríðindi sem skynsamlegt er að bjóða. Fyrsta spurningin er eftir hverju erlend fyrirtæki sækjast þegar þau fjárfesta erlendis, sérstaklega á fríiðnaðarsvæðum. Samkvæmt skýrslu OECD vega sveigjanleg staðsetning og lítill vinnuaflskostnaður einna þyngst.

Aðstaðan á fríiðnaðarsvæði gefur vissum tegundum atvinnurekstrar tækifæri til að spreyta sig með lágmarkskostnaði og á lágmarkstíma. Þetta stafar af því að fjárfesting slíks fyrirtækis er lítil í formi fastafjármuna og lítið um skriffinnsku. Slíkur iðnaður, sem oft er nefndur flökkuiðnaður (footloose industries), getur því tekið sig upp og farið annað hvenær sem er enda venjulega settar litlar hömlur á brottflutning frá fríiðnaðarsvæðum. Með þessu lagi er mögulegt að skipta framleiðsluferlinu upp og setja framleiðslueiningarnar niður þar sem best hentar hverju sinni. Þetta gæti bent til þess að það séu aðallega fjölþjóðafyrirtæki með samhæft framleiðsluferli sem nýta sér fríiðnaðarsvæði. Í ljós hefur þó komið að meðalstór og lítil fyrirtæki láta einnig til sín taka á fríiðnaðarsvæðum. Samkvæmt athugun OECD er meðalstarfsmannafjöldi fyrirtækja á svæðunum frá 70 upp í 370 manns.

Tilraunir til að lækka vinnuaflskostnað virðast þó vera meginástæðan fyrir því að fyrirtæki flytja á fríiðnaðarsvæði. Í skýrslu OECD er sagt frá athugun sem gerð var árið 1980 á 950 fyrirtækjum í 45 löndum. Þar kom í ljós að launakostnaður hafði hækkað talsvert eða verulega hjá flestum þeirra. Þetta bendir til þess að fjármagnsfyrirgreiðsla og skattfríðindi sem mörg fríiðnaðarsvæði bjóða verði í öðru sæti hjá fyrirtækjum þegar þau ákveða hvort setja eigi upp verksmiðjur erlendis. Slík fríðindi virðast helst hafa áhrif á valið milli landa eða staða fremur en hvort yfirleitt eigi að flytja starfsemina eða hluta hennar úr landi.

Taka þarf tillit til margra þátta við að meta kostnaðarmun á vinnuafli. Meðallaun segja ekki alla söguna heldur einnig launahlutföll, t.d. mismunur á launum faglærðra, ólærðra og tæknimenntaðra starfsmanna. Einnig kemur til álita lengd vinnutíma sem er talin allt að 20–30% lengri í mörgum þróunarlöndum en á Vesturlöndum og lægri launatengdur kostnaður. Þá er vinnueftirlit og hollustukröfur oft minni eða í lágmarki og starfsemi verkalýðsfélaga bönnuð eða erfiðari. Í OECD-skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir lægri launakostnað er framleiðni á mörgum fríiðnaðarsvæðum svipuð eða jafnvel meiri en það sem gerist í heimalandi fyrirtækjanna.

Fjárfestingaraðilar leggja einnig áherslu á ýmis atriði sem kalla mætti ytri skilyrði atvinnurekstrar. Nefna má stjórnmálalegt jafnvægi, jákvætt viðhorf stjórnvalda og almennings gagnvart erlendu fyrirtækjunum og virðingu fyrir alþjóðasamningum og alþjóðlegum gerðardómsákvæðum ef ágreiningur kemur upp. Auk þessa þarf að vera fyrir hendi hvers kyns þjónusta svo sem banka-, bókhalds-, samskipta- og flutningaþjónusta.

Nú má spyrja á hvaða sviðum samkeppnisaðstaða Íslendinga sé sterkust, annars vegar með tilliti til framleiðslugreina, hins vegar með tilliti til aðstöðu fyrirtækja. Hingað til hafa Íslendingar einkum notfært sér yfirburði sína í fiskveiðum til uppbyggingar útflutningsiðnaðar. Fiskvinnsla er vafalítið mjög hagkvæm hér á landi og því eðlilegt að þjóðarbúið hafi sérhæft sig á sviði fiskveiða og fiskvinnslu til útflutnings. Líklegt er að staða okkar sem matvælaframleiðenda verði áfram sterk á sviði fiskafurða og hugsanlega einnig landbúnaðarafurða ef tekst að lækka framleiðslukostnað þar. Vaxandi mengun í Vestur-Evrópu gæti auðveldað sölu á þessum afurðum héðan.

Talið hefur verið að hér væri unnt að framleiða raforku og jarðhita hlutfallslega ódýrt og hefur verið reynt að byggja upp útflutningsiðnað á þessum grundvelli. Nýting orkunnar hefur einkum beinst að framleiðslu staðlaðrar lítt unninnar vöru. Þetta er vafalítið hagkvæmt ef orkuhlutfallið vegur mjög þungt í framleiðslunni, t.d. áliðnaði, en í mörgum tilfellum skilar slík framleiðsla ekki meira en lágmarkshagnaði í bestu árum (járnblendi, kísilmálmur, salt). Slík framleiðsla er yfirleitt fjármagnsfrek en hagnaðarhlutfall lágt þar sem um uppboðsmarkað er að ræða eða þá að verksmiðjurnar eru í eigu stórfyrirtækja sem nota framleiðsluna til frekari úrvinnslu og taka hagnaðinn inn á fullunninni vöru. Á þessu sviði hefur samkeppnisaðstaðan ef til vill verið ofmetin. Ástæðan gæti verið sú að magn náttúruauðlindar og vinnslukostnaður ákvarðar ekki eingöngu verðmæti hennar. Efnahagslegt verðmæti fer eftir kostnaði við notkun annarra orkugjafa sem geta komið í staðinn, áætluðu

orkuverði í framtíðinni og framleiðni fjármagns annars staðar í hagkerfinu. Ef um óendurnýjanlega auðlind er að ræða ber einnig að taka tillit til áætlaðs endingartíma. Þá hefur staðsetning einnig áhrif. Vegna fjarlægðar frá stórum mörkuðum eru orkulindir okkar ekki jafn verðmiklar og sambærilegar orkulindir á stórum markaðssvæðum.

Sá iðnaður, sem helst er settur upp á fríiðnaðarsvæðum, byggir sjaldan á nýtingu sérstakra náttúruauðlinda. Sennilegt er að nýting orkulindanna kalli á sérstaka samninga við erlend fyrirtæki sem varla falla undir almennan fyrirgreiðslupakka fríiðnaðarsvæða. Þá hefur verðlækkun á olíu sennilega skert hagkvæma sölumöguleika á raforku verulega í bili að minnsta kosti. Tilvist náttúruauðlinda, þ.e. jarðhita og rafmagns, virðist því ekki styrkja samkeppnisstöðu okkar verulega um fríiðnaðarsvæði.

Athuganir á samkeppnisaðstöðu benda í þá átt að þróuð smáríki séu líkleg til að standa vel að vígi í greinum sem þarfnast hlutfallslega mikillar notkunar á hugviti en gera minni kröfur til fjármagns, stærðarhagkvæmni, ytri hagkvæmni og stoðgreina eða mikils markaðar. Þessi skilyrði eiga helst við svonefndar fyrsta stigs vörur, þ.e. vörur sem eru í þróun og eru ekki komnar á stöðlunarstigið (Hirsch, 1967). Þótt varla sé hægt að tala um mikið framboð á ódýru vinnuafli hér, eins og áður segir, eru laun hér lægri en í nágrannalöndunum. Mjög lauslegur samanburður á tímakaupi bendir til a.m.k. um 30% lægra tímakaups iðnaðarmanna hér en í til dæmis Noregi eða Danmörku. Dæmi er um að útseld vinna hjá fyrirtækjum á sviði tölvuþjónustu sé að minnsta kosti 50% hærri í Danmörku en hérlendis. Þessi mismunur er þó sennilega lægri ef farið er til annarra Vestur-Evrópulanda, svo sem Bretlands. Lág laun gætu gert rekstur minni fyrirtækja, sem nota hlutfallslega margt sérmenntað starfsfólk, arðbærari hérlendis en í nágrannalöndunum. Þetta er mjög mikilvægt, t.d. fyrir möguleika okkar á sviði hugbúnaðargerðar fyrir tölvur, en þar vegur launakostnaður sérmenntaðs starfsfólks líklega langmest. Eftirspurn eftir hugbúnaði er hins vegar mikil á heimsmarkaði. Samkeppnisaðstaða okkar á þessu sviði virðist því mjög góð og því sjálfsagt að hlúa að þessum iðnaði á allan hátt hérlendis.

Eins og áður sagði er launakostnaður veigamikil ástæða fyrir því að fyrirtæki fjárfesta erlendis sérstaklega í þróunarlöndunum. Þar er þó aðallega verið að sækjast eftir ódýru vinnuafli í stórum stíl, enda byggist framleiðslan á einfaldri fjöldaframleiðslu. Lægri launakostnaður hér þýðir ekki að við séum samkeppnisfærir á þessu sviði þegar um fríiðnaðarsvæði er að ræða.

Val á milli svæða til að stofna nýja framleiðslueiningu byggist á þeim fríðindum sem í boði eru. Helstu aðferðirnar sem notaðar eru til að fá erlend fyrirtæki á fríiðnaðarsvæði eru þessi:

1. Tollfrelsi á aðföngum og afurðum fyrir útflutning.
2. Algert eða tímabundið skattfrelsi eða veruleg lækkun skatta.
3. Skattasamningar (tvísköttunarsamningar á milli landa).
4. Aðstaða á fríiðnaðarsvæði, sem felur í sér ýmiss konar stuðning við að setja upp atvinnurekstur, svo sem hagstæð kjör við kaup eða leigu á húsnæði og tækjum. Einnig eru styrkir til að kosta þjálfun starfsfólks.
5. Opinberri skýrslugerð og eftirliti vegna atvinnurekstrar er haldið í lágmarki.

Vægi þessara atriða hefur greinilega breyst frá því að fyrstu fríiðnaðarsvæðin voru stofnuð. Þannig hefur þýðing tollfrelsis farið minnkandi síðustu tvo áratugi á svæðum í Evrópu að minnsta kosti. Ástæðan er sú að tollar í viðskiptum, einkum á milli iðnríkja, hafa lækkað verulega. Mestur árangur tollalækkana náðist í svokallaðri Kennedy-lotu innan GATT (Almenna samkomulagið um tolla og viðskipti) sem stóð yfir frá 1964–1967 og Tokyo-lotu (1973–1979). Viðræður innan aðildarríkja GATT hafa fram að þessu að mestu snúist um iðnaðarvörur. Er nú svo komið að tollar á þeim eru víðast vel undir 10% í „bestu kjara“ viðskiptum á milli iðnríkja (meðaltollur á tollskyldum innflutningi iðnríkja er talinn

verða að meðaltali um 6% árið 1988 (Trade Policy Issues and Development 1985). Með viðskiptasamningi EFTA og EB frá 1973 (síðustu tollalækkanir tóku gildi 1. jan. 1984) má segja að myndast hafi eitt fríverslunarsvæði fyrir iðnaðarvörur í Vestur-Evrópu. Jafnframt því sem tollar hafa lækkað hafa þó verið sett í vaxandi mæli annars konar höft á utanríkisverslun.

Með aðild Íslands að GATT og EFTA hefur mjög dregið úr notkun verndartolla hérlendis. Nú eru tollar einkum tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð.

Tollar á innflutningi hingað eru mjög mismunandi þótt ekki sé mismunað milli framleiðenda sömu vöru, og skekkjast verðhlutföll því verulega með núverandi kerfi auk þess sem kostnaður við eftirlit og skýrslugerð er vafalaust mikill. Áhrif þessa kerfis á iðnþróun eru ekki ljós en á fríiðnaðarsvæði gætu útflutningsfyrirtæki að minnsta kosti losnað við verulega skriffinnsku og hugsanlegt óhagræði sem fylgir bið eftir endurgreiðslu eða niðurfellingu á tollum af aðföngum (almennt má draga úr kostnaði við þetta kerfi með einföldun á innflutningsgjöldum eða með því að fella þau niður og nota aðrar fjáröflunarleiðir svo sem söluskatt eða söluskatt á gjaldeyrissölu í bönkum).

Þýðing skattfrelsis hefur sennilega aukist eftir því sem tollar hafa lækkað. Þó er talið í skýrslu OECD að skattfrelsi á hagnaði vegi ekki mjög þungt í ákvörðunum erlendra fjárfestingaraðila um staðsetningu. Skattur af hagnaði er oft felldur niður í 5–10 ár ásamt því að leyfðar eru frjálsar afskriftir, flutningur á tapi milli ára og frádráttur til að nota hagnað til að byggja upp fyrirtækið. Á sumum svæðum sem teljast vel heppnuð, t.d. Santa Cruz á Indlandi, eru litlar undanþágur veittar og virðist það ekki koma að sök. Önnur skattfríðindi sem algengt er að bjóða á svæðunum, auk skattfrelsis á aðföngum, eru undanþágur frá útflutningsgjöldum og öðrum sköttum, svo sem launaskatti, fasteignaskatti og útsvari (professional tax, property tax, regional and city taxes). Einnig tíðkast rúmar afskriftareglur.

Ekki er vitað hvort skattheimta á fyrirtækjum hér er meiri en í nágrannalöndum okkar. Þó er atvinnugreinum mismunað á sumum sviðum, svo sem með breytilegu aðstöðugjaldi. Einföldun á skattgreiðslum vegna reksturs á fríiðnaðarsvæði er vafalítið nauðsynleg en að öðru leyti er ekki víst að ástæða sé til að ætla að skattkerfið muni valda erfiðleikum hér á landi.

Auk stofnunar fríiðnaðarsvæða hafa opinberir aðilar í mörgum löndum gripið til ýmissa annarra aðgerða til þess að laða fyrirtæki að ákveðnum svæðum. Íslendingar þurfa líka að keppa um erlend fyrirtæki við þróunarfélög (yfir 300 þróunarfélög eru nú starfandi í Evrópu) og byggðaaðgerðir í nágrannalöndunum. Sem dæmi um umfang starfsemi þróunarfélaga í einstökum löndum er írska þróunarfélagið (Industrial Development Authority (IDA)). Velta þess er um 240 milljónir dollara á ári og starfsmenn eru um 700. Það hefur skrifstofur í 22 löndum. Því hefur tekist að fá um 900 fyrirtæki til að setja upp verksmiðjur á Írlandi, flest frá Bandaríkjunum (Newsweek, 2. des. 1985).

Í nafni byggðastefnu er einnig veitt margs konar fyrirgreiðsla til fyrirtækja. Um er að ræða aðstoð t.d. í formi beinna framlaga eða hagstæðra lána til bygginga, tækja eða starfsþjálfunar. Í stórum dráttum telst slík fyrirgreiðsla jafngilda styrk frá 10% til nærri 50% af stofnkostnaði í nágrannalöndum okkar. Þannig reiknast styrkir svara til eftirtalinna hlutfalla af stofnkostnaði: 13,4% í Danmörku, 39,4% á Írlandi og 19,8% í Þýskalandi (European Regional Incentives 1985). Í einstökum tilvikum geta erlend fyrirtæki sem vilja setja upp verksmiðjur í Evrópulöndunum fengið styrk sem nemur milljónum dollara. Eitt þekktasta dæmið um hreinan fjáraustur í þessu sambandi er fyrirgreiðsla breskra stjórnvalda upp á milljónir punda við bílaverksmiðju De Loreans á Norður-Írlandi.

Tilkostnaður er greinilega allmikill við að bjóða fyrirtækjum sérstaka aðstöðu á fríiðnaðarsvæði auk tekjutaps af skattfrelsi. Má reikna með að svona tilkostnaður hafi aukist verulega vegna mikillar fjölgunar fríiðnaðarsvæða og þar af leiðandi harðnandi samkeppni

um erlendu fjárfestinguna. Jafnframt felst oft í fríðindunum, svo sem skattafslætti, mismunun á milli erlendra og innlendra fyrirtækja sem erfitt getur verið að sætta innlendu aðilana við. Veruleg mismunun á milli fyrirtækja innan fríiðnaðarsvæðis og utan er auðveldari ef innanlandsmarkaðurinn er stór og innlendir framleiðendur utan fríiðnaðarsvæðis njóta tollverndar. Í smáríki þar sem innanlandsmarkaður er lítill og hagkerfið opið er útflutningur nauðsynlegur ef fyrirtæki eiga að ná einhverri stærðarhagkvæmni. Við þessar aðstæður er ólíklegt að innlendir framleiðendur sætti sig við verulega mismunun gagnvart erlendum fyrirtækjarekstri á meðan fjármagn og aðra aðstöðu skortir hjá íslenskum nýiðnaði (sbr. bréf frá Landssambandi iðnaðarmanna, dags. 6. apríl 1984, til atvinnumálanefndar sameinaðs Alþingis um þingsályktunartillöguna). Háir vextir og lítið framboð á hagkvæmum lánum til fjárfestingar benda raunar til þess að það fé, sem nota ætti til að styrkja erlend fyrirtæki, væri betur komið í atvinnurekstri sem fyrir er í landinu.

Ýmsar efasemdir eru uppi varðandi þá stefnu að veita fyrirtækjum sérstaka fyrirgreiðslu hvort heldur er á fríiðnaðarsvæðum eða í nafni byggðastefnu. Til dæmis er í skýrslu OECD um Írland bent á hversu lítil tengsl séu á milli írska hagkerfisins og erlendu fyrirtækjanna, sem mörg eru á fríiðnaðarsvæðinu við Shannon, þó að framleiðsla iðnaðarvara hafi aukist mikið á Írlandi (iðnframleiðsla Íra jókst um 10% milli áranna 1980 og 1983 á meðan framleiðslan dróst saman um 4% í öðrum ríkjum EB (Ireland, OECD 1985). Framlag Íra til virðisauka í framleiðslu sem útlendingar eiga er aðallega launagreiðslur og ýmiss konar þjónusta. Á nokkrum sviðum hafa kaup erlendra fyrirtækja þar á írskum aðföngum farið vaxandi. Þá hafa skattafríðindin leitt til verulegs tekjutaps fyrir ríkissjóð auk þess sem í ljós hefur komið að það er hagkvæmt fyrir fjölþjóðafyrirtæki að sýna sem mestan kostnað, þar með talinn rannsóknar- og þróunarkostnað, í þeim löndum þar sem skattar á fyrirtækjum eru háir. Þannig hafa skattfríðindin orðið til þess að kaup á írskum aðföngum eða eyðsla í þróunar- og rannsóknarkostnað á Írlandi er minni en ella. Sagt er að „ör vöxtur iðnfyrirtækja í eigu útlendinga hafi haft lítil margföldunaráhrif í írska hagkerfinu“ (Ireland, OECD 1985).

Niðurstaðan þessarar umræðu er sú að þrátt fyrir allgóða samkeppnisaðstöðu á sumum sviðum sé ekki ráðlegt að stofna fríiðnaðarsvæði með það fyrir augum að keppa beint við önnur fríiðnaðarsvæði eða þróunarfélög um erlend fyrirtæki með styrkjum eða skattfríðindum. Svipuð skoðun er reyndar líka látin í ljós í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni um fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli.

7. Hugsanlegar breytingar á samkeppnisaðstöðu.

Samkeppnisaðstaða okkar um erlenda fjárfestingu sem miðast við hátækniiðnað gæti breyst ef tengsl landsins við helstu viðskiptasvæði okkar yrðu aukin.

Eftir 1945 hefur hlutur iðnaðarvara sífellt farið vaxandi í utanríkisverslun iðnríkja. Þá hafa viðskipti með iðnaðarvörur yfirleitt aukist hraðar en framleiðsla þeirra og útflutningur iðnaðarvöru því orðið leiðandi afl í hagvexti iðnríkja Vestur-Evrópu. Jafnframt hafa hvers konar þjónustuviðskipti farið vaxandi einkum hin síðari ár. Þessi mikla aukning á utanríkisviðskiptum varð möguleg meðal annars vegna afnáms á viðskiptahömlum og samtengingar markaða.

Iðnaðarvörur sem byggja á hátækni, þ.e. mikilli rannsóknar- og þróunarstarfsemi, verða fljótt úreltar og því þarf að selja mikið magn á stuttum tíma til þess að ná inn rannsóknar- og þróunarkostnaðinum. Þá er stærðarhagkvæmni venjulega mikil (lækkandi einingarkostnaður). Slíkur iðnaður krefst stórra markaða og öflugs sölukerfis. Samkeppnisform og viðskiptahættir eru öðruvísi en þegar um staðlaðar vörutegundir er að ræða og samkeppnin fremur gæða- en verðsamkeppni. Þessir nýju framleiðslu- og viðskiptahættir hafa margháttaða þýðingu fyrir hagþróun og utanríkisviðskipti (Meyer, 1979).

Heimamarkaður hér er mjög takmarkaður jafnframt því sem fjármagn er af skornum skammti. Fyrirtæki eru lítil og ólíklegt að þau hafi bolmagn til að framleiða eða flytja út hátæknivörur nema þá í samvinnu við eða sem undirverktakar hjá stórum (fjölþjóða) fyrirtækjum. Hins vegar er aukinn útflutningur vafalítið forsenda fyrir vexti margra fyrirtækja. Ef Íslendingar vilja vera þátttakendur í þróaðri iðnframleiðslu verður að yfirvinna þau takmörk sem lítill heimamarkaður setur hagkerfinu.

Með aðild að Fríverslunarsamtökunum var gerð tilraun til að opna íslenska hagkerfið og styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna. Jafnframt var stefnt að vexti nýrra útflutningsgreina einkum á sviði iðnaðar. Landið var þó ekki opnað fyrir erlendu fjármagni nema að takmörkuðu leyti eða að undangengnum sérsamningum eins og til dæmis við ÍSAL. Þegar Danmörk og Bretland gengu í EB og nú síðast Portúgal minnkaði þýðing EFTA í utanríkisviðskiptum. Árið 1985 komu rúm 49% af vöruinnflutningi okkar frá EB en 22% frá EFTA. Til EB fór um 39% af vöruútflutningi okkar en til EFTA um 14%. Ef Spánn og Portúgal hefðu verið í EB 1985 væri hlutur EB í innflutningi tæp 53% en í útflutningi tæp 49%. Telja má að EFTA og EB myndi nú eitt fríverslunarsvæði hvað varðar iðnaðarvörur eins og áður segir. Verslun með fiskafurðir er enn þá að talsverðu leyti háð takmörkunum erlendis bæði magntakmörkum og háum tollum.

Viðskiptin við Evrópubandalagið eru greinilega mjög mikilvæg fyrir Íslendinga en við höfum hvorki áhrif á stefnumótun né aðgang að sameiginlegum sjóðum þess. Með því að tengja landið meira við Evrópubandalagið væri hægt að stíga stórt skref í þá átt að yfirvinna þau takmörk sem lítill heimamarkaður setur atvinnulífinu jafnframt því sem samkeppnisaðstaða landsins væri bætt gagnvart erlendu fjármagni.


Evrópubandalagið grundvallast á frjálsum fjármagns- og vinnuaflsflutningi milli aðildarlandanna. Ef til þess kæmi að Íslendingar teldu sér hagkvæmt að leita eftir nánara samstarfi við Evrópubandalagið gæti stofnun fríiðnaðarsvæðis eða sérstakra svæða ætluðum erlendum fyrirtækjum verið góð leið til að uppfylla ákvæði um opnun hagkerfisins og nýta kosti erlendrar fjárfestingar án þess að eiga á hættu of mikil erlend áhrif á þjóðlífið.

8. Skipulag fríiðnaðarsvæðis á Suðurnesjum.

Aðstæður hér á landi virðast ekki gefa tilefni til þess að reynt verði að stofna fríiðnaðarsvæði til þess að keppa beint um erlenda fjárfestingu við önnur slík í heiminum eins og áður sagði. Aftur á móti er sjálfsagt að athuga hvort ekki megi nýta á einhvern hátt þau svið þar sem samkeppnisaðstaða okkar er góð auk þeirra sérstöku aðstæðna sem eru fyrir hendi við Keflavíkurflugvöll. Þannig er hugsanlegt að mæta samtímis þörf fyrir fjölbreyttara atvinnulíf á Suðurnesjum og aukinn útflutning.

Starfsemi fríiðnaðarsvæðis þarf þó ekki að vera bundin við ákveðinn stað og gæti verið heppilegt að bjóða upp á fleiri en einn valkost fyrir fyrirtæki, t.d. aðstöðu við Straumsvík ef framleiðslan byggir á flutningum á sjó en aðstöðu við Keflavíkurflugvöll ef nota þarf flugsamgöngur mikið.

Í fyrirhuguðu svæðaskipulagi Suðurnesja er gert ráð fyrir tveimur allstórum landskikum skammt frá nýju flugstöðvarbyggingunni sem hugmyndin er að nota fyrir fríiðnað. Á þessu svæði er álitlegt að byggja eins konar iðngarða sem hefðu sömu stöðu og almennar tollvörugeymslur (sbr. lög nr. 47 11. júní 1960). Á þessu svæði yrði innlendum og erlendum fyrirtækjum boðið að starfa þó án fríðinda annarra en þeirra sem staðsetning og þátttaka í iðngörðum ásamt tollfrelsinu gefa. Þessa hugmynd má útfæra nánar með því að stofna nú þegar hlutafélag um rekstur fríiðnaðarsvæðis við Keflavíkurflugvöll. Þetta hlutafélag eignaðist þau svæði sem ætluð eru fyrir fríiðnað við Keflavíkurflugvöll. Lagt yrði fé í að gera nokkrar lóðir byggingarhæfar. Talið er eðlilegt að byrja á þremur hekturum og gæti kostnaður verið á bilinu tíu til fimmtán milljónir samkvæmt lauslegu mati. Jafnframt yrði


HUGSANLEGT FRÍIÐNAÐARSVÆÐI
AFSTÖÐUMYND
HELGUVÍK
KEFLAVÍK
HUGSANLEG FRÍIÐNAÐAR-SVÆÐI
FLUGSTÖÐ
FLUGVÖLLUR

gert kynningarrit sem dreift yrði til innlendra fyrirtækja og sendifulltrúa erlendis sem sæju um frekari kynningu.

Hlutafélagið gæti lánað til byggingar atvinnuhúsnæðis eða átt og leigt iðngarða á lóðunum. Með þessu móti gætu fyrirtæki, sem þurfa að koma vörum sínum flugleiðis á markað erlendis eða eru á annan hátt háð flugsamgöngum, nýtt nálægð flugvallarins.

Aðstaða á slíkum stað gæti hentað einhverjum fiskvinnslufyrirtækjum sem selja ferskan fisk. Iðn- eða þjónustufyrirtæki, sem framleiða fyrir erlendan markað, gætu einnig notað slíka aðstöðu. Hér má nefna hugbúnaðar- og tölvufyrirtæki ásamt fyrirtækjum sem framleiða tæki til notkunar í fiskiðnaði og fiskveiðum. Bæði er hægt að framleiða fyrir erlendan markað og nota aðstöðuna fyrir umboðssölu á sérstakri hátæknivöru á markað erlendis til dæmis Norðurlandanna. Einnig er hugsanlegt að vinna hluti í sérsmíðaða bíla til útflutnings en hér á landi eru bifreiðaviðgerðir fjölmenn atvinnugrein sem gæti dregist saman vegna lækkaðra tolla á bifreiðum.

Ef vel er á málum haldið gætu erlendir aðilar séð sér hag í að fjárfesta á svæðinu þótt síðar verði. Hlutafélagið ætti jafnframt að afla sem mestra upplýsinga um rekstur annarra fríiðnaðarsvæða og fylgjast með hreyfingum erlendra fyrirtækja sem sækja á slík svæði.

Ýmsir aðilar geta átt aðild að slíku hlutafélagi en ekki er óeðlilegt að einhverjir opinberir aðilar og/eða Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum komi við sögu. Jafnframt stofnun hlutafélags þarf að huga að lagasetningu til að auðvelda erlendum fyrirtækjum að fjárfesta hérlendis. Tvísköttunarsamningur er nú í gildi við Norðurlöndin (einn marghliða samningur sem tók gildi um áramótin 1983–1984) og við Vestur-Þýskaland og Bandaríkin. Ljóst er að gera þarf slíka samninga við fleiri ríki, svo sem Japan og Bretland. Stofnun fríiðnaðarsvæðis kallar einnig á endurskoðun laga um starfrækslu og eignaraðild erlendra fyrirtækja í íslensku atvinnulífi.

9. Niðurstöður.

Á þessu stigi málsins skortir forsendur til að gera nákvæma hagkvæmnisathugun á stofnun fríiðnaðarsvæðis. Þau eru margs konar og starfræksla þeirra hlýtur að vera hluti af almennri þróunarstefnu stjórnvalda og stefnu gagnvart þætti erlends fjármagns og fyrirtækja í atvinnulífinu.

Iðnaður hefur þróast nokkuð hér á landi á síðustu árum og fjölbreytni í útflutningi aukist talsvert. Jafnframt hefur þýðing þjónustu farið vaxandi í útflutningi. Er þjónusta við varnarliðið og ferðamenn líklega orðin önnur mesta gjaldeyrisuppspretta þjóðarbúsins. Þótt vafalítið megi vinna meira úr sjávarafurðum okkar og auka ferðamannaþjónustu er nauðsynlegt að reyna nýjar leiðir og koma upp fleiri útflutningsgreinum sem búa við trausta markaði og jafnan vöxt. Slíkt verður best gert með því að styðja við bakið á nýjum útflutningsfyrirtækjum, auka tengslin við mikilvægustu markaðssvæði okkar og fá erlend fyrirtæki til að fjárfesta hér mun meira en verið hefur. Jafnframt er tímabært að gera átak í atvinnulífi á Suðurnesjum. Stofnun fríiðnaðarsvæðis sem miðast við sérstakar aðstæður hér er athyglisverð leið að þessu marki.

Fyrirtæki, sem fjárfesta á fríiðnaðarsvæðum, eru yfirleitt að fiska eftir ódýru vinnuafli eða ýmsum fríðindum, svo sem skattfríðindum. Aðstæður hér virðast ekki vera neitt betri en annars staðar, t.d. á Írlandi, hvað varðar almennar aðstæður til iðnrekstrar enda langt til næstu markaðssvæða og ýmis þjónusta við atvinnurekstur fábrotin, svo sem bankaþjónusta.

Samkeppnisaðstaða hérlendis virðist ekki sterk miðað við þann atvinnurekstur sem einkum leitar til fríiðnaðarsvæða og þá hörðu samkeppni sem er nær alls staðar um erlend fyrirtæki á milli fríiðnaðarsvæða og ýmissa þróunarfélaga. Til að vega upp ókosti við aðstæður hér þyrfti því sennilega að umbuna flestum erlendum fyrirtækjum verulega til að fá

þau til „venjulegs“ fríiðnaðarsvæðis við Keflavíkurflugvöll eða annars staðar. Hér er ekki er mælt með því að leggja í slíkan kostnað.

Í þessari skýrslu er lagt til að komið verði á fót vísi að fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll í formi iðngarða með tollvörugeymsluréttindum. Slík aðstaða gæti hentað bæði innlendum og erlendum fyrirtækjum. Atvinnurekstur á svæðinu gæti nýtt sér nálægð Keflavíkurflugvallar og lægri vinnulaun sérfræðinga til að framleiða vörur eða hugbúnað tengdan hátækniiðnaði. Einnig má nota slíka aðstöðu til að umpakka og dreifa matvælum eða öðrum vörum til sölu erlendis.

Til að af þessu geti orðið þurfa stjórnvöld að leggja talsvert af mörkum í samstarfi við heimamenn. Fyrsta skrefið væri að stofna hlutafélag um rekstur iðngarða með tollvörugeymslurétti á sérstöku svæði við Keflavíkurflugvöll. Þetta félag byrjaði á því að undirbúa lóðir fyrir byggingar og kynna hugmyndina innanlands og utan. Félagið ætti einnig að safna nánari upplýsingum um starfsemi fríiðnaðarsvæða með því að hafa samband við til dæmis írska þróunarfélagið og ýmsar alþjóðastofnanir sem fjalla um málefni fríiðnaðarsvæða.

Heimildir og helstu rit sem höfð voru til hliðsjónar.

Basile, A.; Germidis, D. : *Investing in free export processing zones.* OECD Development Centre, Paris 1984.

„Foreign romances“. *Newsweek 2/12 1985.*

Grubel, H.G.: „Towards a theory of free economic zones“. *Weltwirtschaftliches Archiv 1982.*

Hirsch, Seev: *Location of industry and international competitiveness.* Oxford University Press 1967.

Kindleberger; Lindert: *International economics.* 6. útg. R.D. Irwin Inc. 1978. (Kaflar 11, 25 og 26.)

Meyer, F.V.: „Intra-industry trade“. *Aussenwirtschaft 1979, Heft IV.*

OECD economic surveys 1984–1985. Ireland. Paris 1985.

Shailendra, S.J. et al: *Trade policy issues and developments.* IMF 1985. (Occasional Paper 38.)

„Special advertising section“; „International trade in the 1980s“. Newsweek 27/10 1980.

Södersten, B.: *International economics.* 2. útg. Macmillan Press 1980. (Kaflar 16 og 21.)

Yuill, D.; Allen, K. (ritstj.): *European regional incentives 1985.* University of Strathclyde, Glasgow 1986.

Tölur um mannfjölda og ársverk á Suðurnesjum eru úr *Gagnabrunni Byggðastofnunar* og *Hagtíðindum.* Vinnuvikur fyrir 1984 eru áætlaðar.

Tölur um meðallaun eru fengnar úr *Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar jan. 1986, bls. 28,* og *Yearbook of Nordic statistics 1985, bls. 164.*

Tölur um vöruskiptajöfnuð eru úr *Fjármálatíðindum ágúst–desember 1985, bls. 179.* (Útreikningur Hagstofu.)

Vísitala VLF og útflutnings eru úr *National accounts 1984,* útg. OECD, og *Hagtölum mánaðarins.*

Upplýsingar um utanríkisverslun eftir löndum eru úr *Hagtölum mánaðarins maí 1986.*

Kortið er hluti af aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar frá 1983.

Nd. 715. Frumvarp til jarðræktarlaga. [308. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. mars.)

Samhljóða þskj. 545 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera fullgildur félagsmaður í búnaðarfélagi, sbr. 3. gr. Ákvæði þessara laga um ríkisframlög til jarðabóta ná til allra jarðeigna í landinu, sem teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja innan skipulagssvæða sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar.

Þar sem framræsla votlendis getur leitt til þess að land breyti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum verði raskað er skylt að hafa sérstaklega hliðsjón af lögum um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.

Framlög eru ekki veitt til jarðræktar og húsabóta á lögbýlum, sem eigi hafa verið setin tvö ár eða lengur næst á undan framkvæmdaári eða nytjuð frá öðrum lögbýlum, nema fyrir liggi heimild til bústofnunar þar samkvæmt jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

10. gr. hljóðar svo:

Til jarðabóta, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Til undirbúnings ræktunar.

a. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.

b. Framræsla vegna endurræktunar, þ.m.t. hreinsun og dýpkun skurða, 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt þessum stafliðum skal að hámarki svara til 3,5 millj. m^3 skurðgraftar og 600 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum samkvæmt þessum stafliðum reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

c. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi ..... 80 kr. á m

II. Til jarðræktar.

a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, nýrækt og endurræktun ..... 19 000 kr. á ha

b. Túnrækt á þurrlendi, nýrækt og endurræktun ..... 13 000 kr. á ha

c. Korn- og fræakrar ..... 6 500 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.

d. Grænfóðurrækt ..... 6 500 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflið er bundið því að um sé að ræða grænfóðurræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist.

III. Til girðinga um ræktunarlönd.

Fullgildar girðingar með föstum horn- og hliðstólpum	16 kr. á m

IV. Til áburðargeymslna.

Áburðarhús og áburðarkjallarar	600 kr. á m^3

V. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.

a. Votheyshlöður	670 kr. á m^3
b. Þurrheyshlöður með súgþurrkunarkerfi	1000 kr. á m^2
c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél vegna garðávaxtageymslu og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni — framlag 40% af verði tækja og búnaðar. *Ákvæði til bráðabirgða:* Framlag að upphæð 340 kr. á m^2 skal greiða vegna súgþurrkunarkerfa, sem upp er komið í eldri hlöðum á árunum 1986–1989.	
d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði	1000 kr. á m^2
e. Geymsluhús	330 kr. á m^2

VI. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búsþarfa.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VII. Til kölkunar á túnum.

Þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt að hennar sé þörf er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal hún við það miðuð að nægja til a.m.k. fimm ára.

VIII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 2100 kr. á m^2, allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.
b. Til lýsingar í eldri húsum: Framlag 420 kr. á m^2, allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.

IX. Til loðdýrabygginga.

Framlag nemi 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m^2 að flatarmáli á býli.

X. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag nemi 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og skógarvörður hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

XI. Til sérstakra verkefna.

Á árunum 1987–1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I.–X. tölulið þessarar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

11. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þau skilyrði sem jarðabætur skv. 10. gr. þurfa að uppfylla til þess að heimilt sé að taka þær út og greiða framlag til þeirra. Þá getur ráðherra, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands, stjórnar Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sett stærðarmörk á framkvæmdir sem framlags geta notið skv. 10. gr.

Ed. 716. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. mars.)

Samhljóða þskj. 647 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

40. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmálasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

33. gr. hljóðar svo:

111. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur ⅔ kjördæmistölunnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

34. gr. hljóðar svo:
112. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærri en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

35. gr. hljóðar svo:
113. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-liði, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst:

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur ⅘ af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.
2. *áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. *áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.
4. *áfangi:* Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. stafliðum a–e:
   a. Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárri hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
   b. Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
   c. Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
   d. Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
   e. Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.

36. gr. hljóðar svo:

114. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr. Úthluta skal þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. til eins þeirra landsframboða sem nú skortir þingsæti. Ákvarða skal hlutfallstölur fyrir hvert landsframboð um sig samkvæmt ákvæðum a til e-liða 4. tölul. 3. mgr. 113. gr. Hlýtur sá listi sætið sem þá hefur hæsta hlutfallstölu.

Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Kjördagur við almennar alþingiskosningar árið 1987 skal vera laugardagurinn 25. apríl.

Við þær kosningar skal frestur til að koma fram með kæru vegna kjörskrár, sbr. 20. gr. laga þessara, vera til 6. apríl og skal sveitarstjórn skera úr aðfinnslum við kjörskrána á fundi, sbr. 1. mgr. 21. gr., eigi síðar en 13. apríl.

Sþ. 717. Tillaga til þingsályktunar [394. mál]

um verndun fjölsóttra ferðamannastaða í byggð og óbyggðum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Guðmundur H. Garðarsson,
Eggert Haukdal, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja viðhlítandi reglur um umgengni og akstur ferðamanna í byggðum og óbyggðum Íslands.

Markmið þeirra reglna verði að koma í veg fyrir spjöll á náttúru landsins og veita fjölsóttum en viðkvæmum ferðamannastöðum á hálendinu fullnægjandi vernd, m.a. með bættri dvalaraðstöðu og ítölu ef þurfa þykir. Jafnframt verði kveðið skýrar en nú á um viðurlög við spjöllum á sérstæðum náttúruminjum og töku og útflutningi sjaldgæfra jurta og steintegunda sem hér finnast.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa þeir sem að ferðamálum og náttúruverndarmálum starfa hér á landi lýst yfir vaxandi áhyggjum vegna örtraðar og landspjalla sem stafa af för og dvöl ferðamanna á mörgum fjölsóttum ferðamannastöðum í byggð og óbyggðum.

Nú er svo komið að tugir þúsunda ferðamanna koma á fegurstu og vinsælustu staðina á hálendinu yfir sumartímann. Ekki er nema gott eitt um það að segja. Hins vegar skortir þar víðast hvar alla aðstöðu til þess að veita slíkum fjölda þá þjónustu sem nauðsynleg er vegna lengri eða skemmri dvalar.

Vegna vaxandi umferðar er gróðurfar á ýmsum viðkvæmum stöðum á hálendinu einnig í verulegri hættu að dómi leiðsögumanna og annarra sem þessum málum eru kunnugir. Þá er ljóst að hörmuleg landspjöll hafa á undanförnum árum hlotist af umferð utan vega og vegslóða og ljót jarðvegssár myndast sem tekur mörg ár að græða. Ákvæði í lögum um náttúruvernd um bann við akstri utan vega virðast hér ekki fullnægjandi eða nægilega skýr.

Nokkur brögð hafa verið að ólöglegri töku íslenskra bergtegunda sem fluttar hafa verið úr landi til sölu erlendis þrátt fyrir ákvæði náttúruverndarlaga. Á síðustu misserum hefur bæst við vandamál af einnota umbúðum sem skildar eru eftir á víðavangi upp um fjöll og firnindi ekki síður en í byggð. Um notkun þeirra og eyðingu hafa enn engar reglur verið settar.

Af þessum sökum telja flutningsmenn þessarar tillögu það fyllilega tímabært að skýrari reglur verði settar um ferðir og dvöl ferðamanna, sérstaklega utan byggðar og á hálendi landsins, svo að fjölsóttustu ferðamannastöðunum verði veitt viðhlítandi vernd. Ekki er með þessu á nokkurn hátt amast við vaxandi umferð ferðamanna um landið. Hitt er ljóst að hinn mikli og vaxandi fjöldi þeirra kallar á betra skipulag, uppbyggingu hreinlætis- og viðleguaðstöðu og aukið almennt eftirlit ef vel á að vera. Til þess þarf m.a. að efla störf Ferðamálaráðs og Náttúruverndarráðs sem láta sig þessi mál miklu skipta en hefur skort fjármagn til starfsemi sinnar. Ítala kemur hér og til greina.

Flutningsmenn tillögunnar hafa rætt sérstaklega um þessi mál við Ferðamálaráð og óskað eftir áliti þess um þessi atriði. Fjallaði umhverfismálanefnd ráðsins um erindi þeirra á fundi sínum 21. janúar s.l. og gerði meðfylgjandi ályktun um aðgerðir sem hún telur aðkallandi vegna umferðar ferðamanna um Ísland.

Fylgiskjal.

Álit umhverfismálanefndar Ferðamálaráðs.
(21. janúar 1987.)

Nefndarmenn telja eftirfarandi aðgerðir aðkallandi vegna umferðar ferðamanna um Ísland:

A. Aðstaða — uppbygging.

1. *Samvinna.* Brýnt er að koma á góðri samvinnu Ferðamálaráðs við alla þá aðila sem hafa eftirlit með og reka þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn, svo sem Náttúruverndarráð, Vegagerð ríkisins, Landmælingar, lögreglu, sveitarfélög og landeigendur. Komast þarf að samkomulagi um *hver* á að gera hvað og hvar.
2. *Fjárframlög.* Tryggja þarf fjárframlög til nauðsynlegra framkvæmda. Ljóst er að ýmsar framkvæmdir í þágu ferðamanna utan þéttbýlis, svo sem gerð tjaldsvæða og bygging snyrtiaðstöðu, þykja lítt arðvænlegar fyrir rekstraraðila í ferðamennsku svo að ekki sé minnst á gerð göngustíga og merkingar af ýmsum toga. Nefndarmenn telja að til þurfi að koma aðstoð í formi styrkja eins og lög gera ráð fyrir.
3. *Hálendisvegir.* Bæta þarf hálendisvegi og merkingar þeirra svo að síður séu eknir hliðarvegir.
4. *Göngustígar.* Leggja þarf og merkja göngustíga svo að ekki troðist sífellt nýir. (Ath.: Liðir 3 og 4 eru bæði til öryggis ferðamanna og verndar gróðri.)
5. *Snyrtiaðstaða.* Koma þarf upp sómasamlegri snyrtiaðstöðu á afskekktum en fjölsóttum ferðamannastöðum og tjaldsvæðum og tryggja reglulega sorphirðu og eftirlit.
6. *Vinnuhópar.* Æskilegt væri að mynda vinnuhópa í hverju sveitarfélagi, jafnvel í samvinnu við áhugamannafélög til að koma upp og halda við aðstöðu fyrir ferðamenn.
7. *Skipulagning.* Draga má úr ásókn á viðkvæma staði með því að skipuleggja ferðir um óbyggðir með gistingu í byggð. Þol ferðamannastaða er í sumum tilfellum háð því hversu vel þeir eru útbúnir.

B. Kynning.

1. Tryggja þarf útgáfu á upplýsinga- og leiðbeiningabæklingum (bæði hvað snertir öryggismál og gróðurvernd), bæði á erlendum tungumálum fyrir útlendinga og á íslensku fyrir innlenda ferðamenn.
2. Tryggja þarf stöðuga og rétta dreifingu á ofangreindum bæklingum. Bent er á að nauðsynlegt er að dreifa slíkum bæklingum við vegabréfaskoðun ferðamanna, til þeirra staða erlendis þar sem ferðamenn kaupa farseðla til landsins og um borð í færeysku ferjunni Norröna. Sérstaklega þarf að auka kynningu til þeirra sem ferðast um landið á eigin vegum.
3. Koma þarf á betri samvinnu við fjölmiðla vegna upplýsingadreifingar og fræðslu.
4. Efla þarf fræðslu um umhverfisvernd og náttúruskoðun í skólum.
5. Tryggja þarf útgáfu vega- og leiðakorta fyrir ferðamenn og að merkingar á þessum kortum séu réttar (t.d. hvað snertir gerð vega og hvaða vegir eru aðeins færir fjórhjóladrifsbílum og hvaða leiðir er óráðlegt að fara einbíla). Nýta skal fréttatíma á ensku í útvarpinu til að koma boðum og leiðbeiningum til erlendra ferðamanna.
6. Bæta þarf merkingar bæði varðandi öryggis- og umhverfismál, t.d. á hverasvæðum, við uppgönguleiðir á fjöll o.fl.

C. Eftirlit og merkingar.

1. Koma þarf á reglubundnu eftirliti úr lofti í samvinnu við áhugaflugmenn, sérstaklega á vorin áður en hálendisvegir verða færir.
2. Akstur utan vega er bannaður í landslögum og það er óumdeilanlegt hlutverk lögreglu að annast löggæslu, einnig í óbyggðum. Tryggja skal að lögregla hafi fjórhjóladrifsfarartæki til eftirlits í óbyggðum.
3. Tryggja verður að Vegagerð ríkisins komi upp merkingum við innakstur á aðalhálendisvegi sem tilgreini hvort vegurinn sé lokaður eða opinn (fær). Í því skyni verði hannað sérstakt merki, auðþekkjanlegt og auðskiljanlegt, sem sýni hvort vegurinn er opinn eða lokaður og hvort hann er fær öllum bílum eða aðeins fjórhjóladrifsbílum.
4. Koma þarf upp upplýsingamiðstöðvum fyrir ferðamenn í öllum landsfjórðungum, í ákveðnum þjónustukjörnum og við jaðar hálendisins. Hugsanlegt er að virkja heimamenn og gistibændur í þessu skyni. (Til þeirra koma oft margir útlendingar til að fá upplýsingar um færð en með smátilsögn og samvinnu mætti bæta þessa upplýsingamiðlun.)
5. Koma þarf á hreyfanlegri landvörslu á stöðum og svæðum þar sem það hentar.
6. Tryggja ber menntun leiðsögumanna hvað upplýsingamiðlun varðar og nýta þá til eftirlitsstarfa.
7. Ákveða þarf hvort beita eigi sektum við akstri utan vega og öðrum landspjöllum.
8. Beita mætti ítölu á staði þar sem talin er þörf á því.

Ed. 718. Frumvarp til laga [197. mál]

um veitingu prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. mars.)

Samhljóða þskj. 208 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndarmönnum prestakallsins skrá yfir þá er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið nefnir biskup til annan prófast í hans stað.

6. gr. hljóðar svo:

Nú er ekki óskað eftir almennum kosningum, sbr. 5. gr., og skal þá prófastur senda biskupi afrit af gerðabók kjörmannafundar ásamt staðfestingu þess að niðurstöður hafi verið kynntar, sbr. 4. gr.

Biskup sendir kirkjumálaráðherra niðurstöður kjörmannafundar ásamt umsögn sinni.

Ráðherra veitir þeim embættið sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Sþ. 719. Svar [265. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um innlán og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum.

Fyrirspurnin er í þremur liðum og hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið staða og þróun innlána í innlánsstofnunum, flokkað eftir helstu tegundum sparnaðarforma og kjördæmum, árlega á tímabilinu 1976–1985?*
2. *Hver hefur verið staða og þróun útlána á sama tímabili hjá innlánsstofnunum, flokkað eftir kjördæmum og lántakendum (einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum)?*
3. *Hver hafa verið heildarútlán, flokkuð eftir kjördæmum, á sama tímabili frá innlánsstofnunum, lífeyrissjóðum og fjárfestingalánasjóðum?*

Beðið er um að allar upplýsingar verði jafnframt færðar til verðlags í desember 1986.

Með svari þessu eru prentaðar töflur sem Seðlabanki Íslands hefur útbúið þar sem fram koma umbeðnar upplýsingar auk skýringa og fyrirvara sem gera verður við töflurnar.

Í fyrirspurninni er beðið um nánar tilgreinda flokkun inn- og útlána innlánsstofnana árlega á tímabilinu 1976–1985. Vegna umfangs þessa verkefnis og þeirrar vinnu sem í það þurfti að leggja reyndist nauðsynlegt að takmarka þessar upplýsingar nokkuð, þó þannig að ætla má að niðurstöðurnar gefi í heild mynd af þróun þeirra atriða sem óskað er upplýsinga um. Þá skal þess einnig getið að upplýsingar um innlán Póstgíróstofunnar eru ekki taldar með í þessum tölum þar sem skipting þeirra talna á einstaka landshluta liggur ekki fyrir í Seðlabankanum. Heildarinnlán Póstgíróstofunnar voru í árslok 1985 465 millj. kr.

1. *Tafla 1* sýnir skiptingu samanlagðra innlána banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, skipt á einstök kjördæmi, í lok áranna 1976, 1978, 1980, 1982, 1984 og 1985. Upplýsingar þessar eru fengnar úr ársreikningum banka og sparisjóða og mánaðarskýrslum innlánsdeilda sem sendar eru bankaeftirliti Seðlabankans.

Tafla 2 sýnir þær tölur, sem koma fram í 1. töflu, upp færðar með lánskjaravísitölu til verðlags í desember 1986.

Töflur 3–8 sýna skiptingu innlána sömu stofnana fyrir hvert ár sem tilgreint er í 1. töflu, skipt í sparnaðarform og kjördæmi.

2. *Tafla 9* sýnir heildarútlán (endurlánað erlent lánsfé innifalið) banka og sparisjóða í árslok fyrir sömu ár og tilgreind eru í 1. lið svarsins hér að framan. Upplýsingarnar eru fengnar úr ársreikningum þessara stofnana til bankaeftirlits Seðlabankans.

Hafa verður í huga varðandi þessar tölur að stofnunum er frjálst að bókfæra lánin hvort heldur sem er í aðalbanka eða útibúum. Þannig er t.d. endurlánað erlent lánsfé til aðila utan Reykjavíkur í einhverjum tilvikum bókfært í aðalbanka viðkomandi bankastofnunar. Sama gildir um afurðalánin, einkum hvað varðar fyrstu árin í þeim talnaröðum sem hér eru birtar. Skipting útlánanna á þann hátt sem hér er óskað eftir mun því ekki í öllum tilvikum gefa rétta mynd af raunverulegum útlánum í hvern landshluta.

Tafla 10 sýnir sömu upplýsingar og fram koma í 9. töflu, upp færðar til verðlags í desember 1986 með lánskjaravísitölu.

„Útlán“ innlánsdeilda samvinnufélaga eru ekki tilgreind í töflunum. Ráðstöfunarfé þessara stofnana liggur í rekstri viðkomandi samvinnufélaga og er ekki bókfært sérstaklega í reikningum þessara félaga enda hafa innlánsdeildirnar ekki sjálfstæðan fjárhag.

Hagfræðideild Seðlabankans tekur mánaðarlega saman upplýsingar um flokkun útlána innlánsstofnana eftir atvinnugreinum samkvæmt upplýsingum frá þessum stofnunum. Niðurstöður flokkunarinnar eru birtar í riti Seðlabankans, Hagtölur mánaðarins. Þess ber þó að geta að niðurstöðurnar eru að hluta til byggðar á áætlunum þar sem skýrslur um flokkun lána berast ekki frá öllum innlánsstofnunum. Að auki eru útlán innlánsdeilda samvinnufélaga fengin með því að draga bundið fé í Seðlabankanum frá heildarinnlánum og telja mismuninn lán til samvinnufyrirtækja. Þá eru og innifalin í þessum tölum „útlán" Póstgíróstofunnar og að síðustu hafa verið dregin út svokölluð „millibankalán" sem eru innbyrðis lánveitingar bankanna.

Samanlagðar niðurstöður lánaflokkunar koma því ekki nákvæmlega heim við heildarútlán banka og sparisjóða samkvæmt ársreikningum þeirra.

Lánaflokkun sú sem hér hefur verið fjallað um byggist á upplýsingum um samandregin útlán einstakra banka. Engin skipting liggur fyrir í Seðlabankanum um hvernig flokkun lána einstakra útibúa bankanna er háttað og er því ekki mögulegt að skipta þessum tölum frekar á einstök kjördæmi eins og beðið er um í fyrirspurninni.

Í *töflum 11–14* eru sýndar niðurstöður lánaflokkunar innlánsstofnana í árslok fyrir tilgreind ár samkvæmt samantekt hagfræðideildar Seðlabankans með þeim fyrirvara sem getið er hér að framan.

3. Hagfræðideild Seðlabankans tekur saman upplýsingar um heildarútlán lífeyrissjóða og fjárfestingalánasjóða. Upplýsingar um flokkun þessara lána á einstök kjördæmi liggja ekki fyrir.

Í *töflum 15 og 16* eru dregnar saman upplýsingar um heildarútlán þessara sjóða í árslok tilgreindra ára.

TAFLA 1.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag hvers árs)

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	380.616	795.823	2.041.045	5.698.647	14.269.572	21.399.622
2. Reykjanes	60.984	136.601	396.070	1.185.466	3.236.534	4.749.088
3. Vesturland	35.880	83.643	212.763	525.655	1.195.340	1.681.038
4. Vestfirðir	30.833	69.425	178.118	422.041	985.574	1.378.268
5. Norðurland vestra	32.474	70.784	182.063	477.877	1.019.595	1.582.070
6. Norðurland eystra	70.721	147.144	394.741	977.194	2.102.221	3.107.937
7. Austurland	26.422	62.096	177.768	432.523	975.301	1.392.957
8. Suðurland	57.876	124.311	336.502	903.009	1.855.926	2.763.661
Samtals:	695.806	1.489.827	3.919.070	10.622.412	25.640.063	38.054.641

TAFLA 2.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	13.399.768	14.403.275	15.976.089	18.656.716	22.944.400	24.680.791
2. Reykjanes	2.146.970	2.472.285	3.100.202	3.881.079	5.204.103	5.477.258
3. Vesturland	1.263.172	1.513.820	1.665.383	1.720.934	1.922.017	1.938.788
4. Vestfirðir	1.085.490	1.256.494	1.394.202	1.381.713	1.584.728	1.589.595
5. Norðurland vestra	1.143.262	1.281.090	1.425.081	1.564.514	1.639.432	1.824.646
6. Norðurland eystra	2.489.767	2.633.099	3.089.800	3.199.221	3.380.214	3.584.471
7. Austurland	930.199	1.123.850	1.391.463	1.416.030	1.568.210	1.606.536
8. Suðurland	2.037.552	2.249.853	2.633.939	2.956.347	2.984.189	3.187.408
Samtals:	24.496.180	26.933.766	30.676.539	34.776.554	41.227.293	43.889.493

TAFLA 3.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag ársins).

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 7 6 :

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Samtals
1. Reykjavík	88.429	292.187	380.616
2. Reykjanes	13.399	47.585	60.984
3. Vesturland	7.696	28.184	35.880
4. Vestfirðir	7.895	22.938	30.833
5. Norðurland vestra	6.662	25.812	32.474
6. Norðurland eystra	14.361	56.360	70.721
7. Austfirðir	7.266	19.156	26.422
8. Suðurland	14.511	43.365	57.876
Samtals:	160.219	535.587	695.806

TAFLA 4.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 7 8 :

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	178.452	607.913	9.458	795.823
2. Reykjanes	29.009	107.173	419	136.601
3. Vesturland	17.948	65.482	213	83.643
4. Vestfirðir	19.250	50.115	60	69.425
5. Norðurland vestra	12.163	58.596	25	70.784
6. Norðurland eystra	26.546	120.246	352	147.144
7. Austurland	15.422	46.628	46	62.096
8. Suðurland	29.062	95.038	211	124.311
Samtals:	327.852	1.151.191	10.784	1.489.827

TAFLA 5.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 8 0 :

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	423.711	1.553.793	63.541	2.041.045
2. Reykjanes	75.439	315.772	4.859	396.070
3. Vesturland	43.992	167.074	1.697	212.763
4. Vestfirðir	43.946	133.599	573	178.118
5. Norðurland vestra	26.505	155.462	96	182.063
6. Norðurland eystra	70.807	321.034	2.900	394.741
7. Austurland	40.565	136.426	777	177.768
8. Suðurland	74.533	260.124	1.845	336.502
Samtals:	799.498	3.043.284	76.688	3.919.070

TAFLA 6.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 8 2 :

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	823.825	4.529.507	345.315	5.698.647
2. Reykjanes	180.218	964.968	40.280	1.185.466
3. Vesturland	75.444	437.639	12.572	525.655
4. Vestfirðir	82.852	335.865	3.324	422.041
5. Norðurland vestra	54.980	421.734	1.163	477.877
6. Norðurland eystra	113.767	842.244	21.183	977.194
7. Austurland	75.224	351.456	5.843	432.523
8. Suðurland	158.865	732.136	12.008	903.009
Samtals:	1.565.175	8.615.549	441.688	10.622.412

TAFLA 7.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1984:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	2.424.415	10.489.859	1.355.298	14.269.572
2. Reykjanes	564.633	2.459.446	212.455	3.236.534
3. Vesturland	205.000	954.757	35.583	1.195.340
4. Vestfirðir	214.274	757.257	14.043	985.574
5. Norðurland vestra	122.322	886.297	10.976	1.019.595
6. Norðurland eystra	273.690	1.776.385	52.146	2.102.221
7. Austurland	194.976	762.080	18.245	975.301
8. Suðurland	354.140	1.454.708	47.078	1.855.926
Samtals:	4.353.450	19.540.789	1.745.824	25.640.063

TAFLA 8.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1985:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyrisr.	Samtals
1. Reykjavík	3.161.023	16.306.336	1.932.263	21.399.622
2. Reykjanes	704.538	3.658.555	385.995	4.749.088
3. Vesturland	237.338	1.393.746	49.954	1.681.038
4. Vestfirðir	227.156	1.115.113	35.999	1.378.268
5. Norðurland vestra	166.107	1.378.998	36.965	1.582.070
6. Norðurland eystra	339.938	2.646.675	121.324	3.107.937
7. Austurland	216.486	1.142.830	33.641	1.392.957
8. Suðurland	479.724	2.225.710	58.227	2.763.661
Samtals:	5.532.310	29.867.963	2.654.368	38.054.641

TAFLA 9.

BANKAR OG SPARISJÓÐIR.

Í þús. kr. (verðlag hvers árs)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	498.605	999.284	2.667.298	8.873.791	23.324.582	31.524.338
2. Reykjanes	54.503	117.421	298.064	1.029.015	3.017.129	4.211.598
3. Vesturland	28.796	67.553	156.212	600.679	1.722.039	2.211.841
4. Vestfirðir	30.378	56.371	201.710	610.843	1.823.917	1.996.100
5. Norðurland vestra	31.068	73.005	176.352	513.100	1.438.993	1.822.775
6. Norðurland eystra	73.388	152.032	395.699	1.101.201	2.754.067	3.553.845
7. Austurland	50.565	110.060	267.407	941.463	2.172.603	2.647.537
8. Suðurland	64.680	145.622	327.419	1.159.735	3.249.175	4.121.069
Samtals: *	831.983	1.721.348	4.490.161	14.829.827	39.502.505	52.089.103
* þar af endurl. erl. lánsfé	142.771	346.997	1.084.558	3.646.523	10.331.091	13.867.732

TAFLA 10.

BANKAR OG SPARISJÓÐIR.

Í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ I ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	17.553.628	18.085.632	20.878.038	29.051.774	37.504.177	36.357.913
2. Reykjanes	1.918.804	2.125.154	2.333.069	3.368.877	4.851.316	4.857.355
3. Vesturland	1.013.777	1.222.614	1.222.735	1.966.554	2.768.909	2.550.978
4. Vestfirðir	1.069.472	1.020.236	1.578.867	1.999.830	2.932.721	2.302.159
5. Norðurland vestra	1.093.764	1.321.288	1.380.379	1.679.831	2.313.793	2.102.258
6. Norðurland eystra	2.583.659	2.751.565	3.097.298	3.605.206	4.428.333	4.098.750
7. Austurland	1.780.165	1.991.930	2.093.105	3.082.242	3.493.383	3.053.479
8. Suðurland	2.277.090	2.635.553	2.562.843	3.796.839	5.224.429	4.752.945
Samtals: *	29.290.359	31.153.972	35.146.334	48.551.153	63.517.061	60.075.837
* þar af endurl. erl. lánsfé	5.026.321	6.280.156	8.489.281	11.938.298	16.611.619	15.994.048

TAFLA 11

Í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	13	29	41	635	130	848
1977	11	33	54	916	178	1.192
1978	20	57	68	1.359	257	1.761
1979	31	104	84	2.112	436	2.767
1980	82	206	122	3.481	703	4.594
1981	197	484	199	5.646	1.341	7.867
1982	369	872	357	11.393	2.134	15.125
1983	660	1.507	671	21.335	3.829	28.002
1984	559	1.760	1.060	30.951	5.707	40.037
1985	646	2.014	1.477	39.261	8.220	51.618

TAFLA 12

Í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á FÖSTU VERÐLAGI MIÐAÐ VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	458	1.021	1.444	22.356	4.577	29.856
1977	295	885	1.449	24.565	4.774	31.968
1978	362	1.032	1.231	24.596	4.651	31.872
1979	368	1.233	997	25.052	5.172	32.822
1980	642	1.613	955	27.247	5.503	35.960
1981	1.041	2.556	1.051	29.816	7.082	41.546
1982	1.208	2.855	1.169	37.300	6.986	49.518
1983	1.217	2.780	1.238	39.352	7.063	51.650
1984	899	2.830	1.705	49.767	9.176	64.377
1985	745	2.323	1.703	45.281	9.481	59.533

TAFLA 13

Í millj. kr.

ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	1	15	3	121	0	140
1977	0	10	3	169	0	182
1978	0	20	2	320	0	342
1979	0	55	3	479	0	537
1980	0	146	1	933	0	1.080
1981	2	387	1	1.381	0	1.771
1982	0	609	4	3.029	5	3.647
1983	0	968	33	6.649	20	7.670
1984	3	1.360	47	8.873	30	10.313
1985	0	1.162	165	11.474	63	12.864

TAFLA 14

Í millj. kr.

ERLEND ENDURLÁN INNLÁNSSTOFNANA Á FÖSTU VERÐLAGI MIÐAÐ VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	35	528	106	4.260	0	4.929
1977	0	268	81	4.532	0	4.881
1978	0	362	36	5.792	0	6.190
1979	0	652	36	5.682	0	6.370
1980	0	1.143	8	7.303	0	8.454
1981	11	2.044	5	7.293	0	9.353
1982	0	1.994	13	9.917	16	11.940
1983	0	1.786	61	12.264	37	14.148
1984	5	2.187	76	14.267	48	16.583
1985	0	1.340	190	13.233	73	14.836

TAFLA 15

ÚTLÁN Í ÁRSLOK

Í millj. kr.

	Fjárfest-ingalána-sjóðir	Lífeyris-sjóðir
1976	576	222
1977	775	335
1978	1.197	566
1979	1.711	938
1980	2.662	1.690
1981	5.107	3.170
1982	9.758	6.197
1983	17.747	11.947
1984	25.550	16.525[1]
1985	37.493	25.035[2]

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.

TAFLA 16

ÚTLÁN Í ÁRSLOK Á FÖSTU VERÐLAGI.

Í millj. kr.

	Fjárfest-ingalána-sjóðir	Lífeyris-sjóðir
1976	20.278	7.816
1977	20.783	8.984
1978	21.664	10.244
1979	20.295	11.126
1980	20.837	13.228
1981	26.969	16.740
1982	31.947	20.288
1983	32.734	22.036
1984	41.082	26.571[1]
1985	43.242	28.874[2]

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.

Nd. 720. Lög [296. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 56/1981.

(Afgreidd frá Nd. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 528.

Ed. 721. Frumvarp til laga [395. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Sveinsson, Valdimar Indriðason, Karl Steinar Guðnason, Helgi Seljan, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

3. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum og veðskuldabréfum til Byggingarsjóðs verkamanna vegna verkamannabústaða en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 frá 1. júní 1984. Breytingin felur í sér að útgefin veðskuldabréf kaupenda verkamannabústaða til Byggingarsjóðs verkamanna vegna lána úr sjóðnum verði ásamt afsölum fyrir verkamannabústöðum undanþegin stimpilgjaldi. Í 3. mgr. 47. gr. laganna eru einungis afsöl vegna verkamannabústaða undanþegin stimpilgjaldi.

Samkvæmt stimpillögum er stimpilgjald af afsölum 0,4% af fasteignamati eignar. Stimpilgjald af veðskuldabréfum þeim, sem hér um ræðir, er hins vegar 1,5% af lánsfjárhæð. Kostnaður við stimplun veðskuldabréfs er því oft miklum mun hærri en við stimplun afsals. Stafar það af hærri hundraðshluta og því að byggingarkostnaður eða kaupverð er yfirleitt allmiklu hærra en fasteignamat.

Með hliðsjón af því meginmarkmiði með verkamannabústöðum að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks er viss mótsögn fólgin í þeim mismun sem fram kemur í núgildandi 3. mgr. 47. gr. laganna hvað stimpilgjald afsala og veðskuldabréfa snertir. Minnt skal á að skv. c-lið 1. mgr. 44. gr. laganna er réttur til kaupa á verkamannaíbúð bundinn m.a. því skilyrði að umsækjandi hafi í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem nam 419 100 kr. árið 1986 fyrir einhleyping eða hjón og 38 200 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs. Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Ljóst er því að verkamannabústaði kaupir aðallega láglaunafólk.

Samkvæmt 49. gr. laganna eru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar eða kaupa á verkamannabústöðum. Eru lánin oftast 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, stundum 90%, og í undantekningartilvikum 100%. Stimpilgjald af slíkum lánum eru allverulega og tilfinnanleg fyrir það láglaunafólk sem hér á í hlut. Hækkar gjaldið því meiri sem þörfin er. Af íbúð, sem kostar t.d. 4 milljónir króna, þarf að greiða 51 000 kr. í stimpilgjald af 85% láni (3,4 millj. kr.), 54 000 kr. af 90% láni (3,6 millj. kr.) og 60 000 kr. af 100% láni.

Fyrir ríkissjóð er tekjutap nokkurt vegna þessarar breytingar. Það er þó ekki eins mikið og ætla mætti í fyrstu. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem fram koma í fylgiskjali með frumvarpinu, reyndist heildarfjárhæð nýlána úr Byggingarsjóði verkamanna árin 1983–1986 vegna verkamannabústaða nema samtals 1655,5 millj. kr. Miðað við þessar upplýsingar hefðu stimpilgjöld (1,5% af lánsfjárhæð) þessi ár numið u.þ.b. eftirtöldum fjárhæðum (*í millj. kr.*):

	Stimpilgjöld	**Lánsfjárhæð**
1983	3.7	245.1
1984	7.3	490.2
1985	6.1	405.5
1986	7.7	514.7
Samtals	24.8	1655.5

Tekjutapið er samt óverulegt fyrir ríkissjóð. Fyrir það láglaunafólk, sem hér um ræðir, skipta þessar greiðslur hins vegar verulegu máli. Eru jafnvel dæmi þess að há stimpilgjöld veðskuldabréfa hafi valdið því að láglaunafólk treysti sér ekki til að taka við úthlutun verkamannaíbúðar sem það hefur átt kost á. Til að auðvelda þessu fólki að eignast eigið húsnæði á félagslegum kjörum, og gæta um leið samræmis í meðferð afsala og veðskuldabréfa, er lagt til að felld verði niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum vegna verkamannabústaða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér þá breytingu að til viðbótar afsölum verði veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna, sem veitt eru vegna kaupa og endursölu verkamannabústaða, undanþegin stimpilgjaldi. Kaupandi eða útgefandi bréfanna greiði hins vegar þinglýsingargjald af veðskuldabréfum á sama hátt og af afsölum. Tekur breytingin aðeins til veðskuldabréfa vegna verkamannabústaða, sbr. a-lið 33. gr. laganna. Nær undanþágan því ekki til lána úr Byggingarsjóði verkamanna vegna annarra félagslegra íbúða, svo sem leiguíbúða sveitarfélaga og annarra aðila, sbr. b- og c-liði 33. gr.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna.
(Reykjavík, 2. mars 1987.)

		Íbúðir	Millj. kr.
1983	Endursöluíbúðir	156	91.9
	Nýjar íbúðir	101	153.2
1984	Endursöluíbúðir	152	119.8
	Nýjar íbúðir	233	370.4
1985	Endursöluíbúðir	198	178.9
	Nýjar íbúðir	116	226.6
1986	Endursöluíbúðir	195	218.6
	Nýjar íbúðir	116	296.1
	Alls	1267	1655.5

Sþ. 722. Skýrsla [396. mál]

Matthíasar Á. Mathiesen utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Inngangur.

Undanfarin missiri hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að aukna áherslu beri að leggja á þann þátt utanríkismálanna er lýtur að kynningu íslenskrar framleiðslu, vöru og þjónustu á erlendri grund. Í síðustu skýrslu lýsti ég því aukna vægi sem alþjóðaefnahagsmál hafa fengið á vettvangi alþjóðamála. Almennt efnahagsástand í heiminum hefur ekki aðeins áhrif á afkomu einstakra ríkja, heldur tengjast efnahags- og öryggismál margvíslegum böndum. Þessar staðreyndir kalla á árvekni okkar Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi á sviði efnahagsmála. Við verðum annars vegar að tryggja framleiðslu okkar hindrunarlausan

aðgang að helstu mörkuðum og hins vegar að hefja átak í sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í íslensku atvinnulífi með tilkomu nýrra atvinnugreina.

Ný tækni á sviði fjarskipta og samgangna færir okkur ný tækifæri. Lítil og meðalstór fyrirtæki sækja í sig veðrið á kostnað stórrekstrar í alþjóðlegum viðskiptum. Hráefniskostnaður og frumvinnsla verður sífellt minna hlutfall framleiðsluverðs, nýjar aðferðir draga úr kostnaði við vinnuafl og aukin eftirspurn er eftir menntuðu starfsfólki. Í þessu umróti breyttra tíma hljóta íslensk fyrirtæki að hafa mikla möguleika og ættu allir að leggjast á eitt til að nýta þá, opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar.

Þótt stærstu verkefni utanríkisþjónustunnar í náinni framtíð hljóti að vera á sviði utanríkisviðskipta- og útflutningsmála er á engan hátt dregið úr mikilvægi öryggis- og varnarmála. Öðru nær. Farsæld íslensku þjóðarinnar hvílir sem fyrr á undirstöðu traustra varna. Það má orða það svo að traustar varnir séu forsenda þeirra frjálslegu samskipta ríkja á Vesturlöndum sem Íslendingar hafa notið góðs af á undanförnum áratugum.

1. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Núverandi ríkisstjórn var mynduð hinn 26. maí 1983. Þann dag var gefin út stefnuyfirlýsing og er kaflinn um utanríkismál svohljóðandi:

„Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m.a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana, sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, mannréttindum og friði.

Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar og réttindi landsins á hafsbotnssvæðum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila."

Í samræmi við þessi atriði hefur verið unnið í tíð núverandi ríkisstjórnar, fyrst undir forustu Geirs Hallgrímssonar og síðan undir minni forustu, en ég tók við embætti utanríkisráðherra hinn 24. janúar 1986.

2. Þjónusta við útflytjendur.

Við ráðherraskiptin, sem urðu í utanríkisráðuneytinu í ársbyrjun 1986, lýsti ég nokkrum þeim verkefnum sem ég hugðist beita mér fyrir í störfum mínum í ráðuneytinu. Mun ég nú víkja að framgangi þeirra atriða er ég nefndi í inngangi síðustu skýrslu í þessu sambandi:

— Hinn 10. desember s.l. var opnuð sérstök skrifstofa við sendiráð Íslands í Brussel þar sem aðsetur fastafulltrúa okkar Íslendinga hjá EB verður í framtíðinni. Þessari skrifstofu er ætlað það hlutverk að fylgjast grannt með málefnum EB og koma á framfæri íslenskum sjónarmiðum hvenær sem þörf er talin á slíku. Þetta er fyrsta skrefið í þá átt að mörkuð verði framtíðarstefna gagnvart hinu ört vaxandi samstarfi Evrópuþjóða, en þess má geta að áætlanir eru uppi um að ríki bandalagsins verði öll orðin að einu markaðssvæði á árinu 1992.

— Í samvinnu við Útflutningsráð Íslands er nú verið að ganga frá fyrirkomulagi við ráðningu sérstakra markaðsfulltrúa sem starfa munu í íslenskum sendiráðum. Þessir fulltrúar munu koma til viðbótar þeim tveimur markaðsfulltrúum sem áður höfðu verið ráðnir til utanríkisráðuneytisins, en þeir eru í London og New York. Útflutningsráð Íslands hóf starf sitt síðastliðið haust og þar með eru skilyrði fyrir hendi til mun víðtækara samstarfs allra þeirra aðila er sinna útflutningi en áður hefur þekkst.

— Nefnd undir forustu Davíðs Ólafssonar, fyrrv. seðlabankastjóra, hefur kannað hvernig best sé að haga utanríkis- og viðskiptaþjónustu okkar Íslendinga í Asíu. Í

niðurstöðum nefndarinnar segir að ekki séu enn fyrir hendi þær forsendur er réttlæti stofnun sérstaks sendiráðs eða viðskiptaskrifstofu í Asíu með öllum þeim kostnaði sem því yrði samfara. Nefndin fellst á þá áherslu í starfi Útflutningsráðs Íslands að við núverandi aðstæður beri að leggja aukna rækt við markaðsstarf í nálægari löndum. Á hinn bóginn er lagt til að samskipti við ríki Asíu, einkum Japan, verði efld, t.d. með styrkjum til náms og skipulögðum kynnisferðum. Einnig leggur nefndin til að ráðnir verði sérfræðingar til ráðuneyta eða Útflutningsráðs Íslands sem hefðu það hlutverk að safna upplýsingum, tæknilegum og viðskiptalegum, aðallega frá Japan. Sérfræðingarnir mundu vinna úr upplýsingunum og búa þær úr garði þannig að þær væru aðgengilegar fyrir útflytjendur og framleiðendur sem væri þannig auðveldað að fylgjast með því sem væri að gerast á þessum sviðum.

3. Íslenskt frumkvæði í öryggis- og varnarmálum.

Rétt er að rifja upp á hvern hátt hefur verið unnið að öryggis- og varnarmálum undanfarin fjögur ár:

— Stigin hafa verið fyrstu skrefin í þá átt að til verði innlend sérfræðiþekking á herfræðilegum og hertæknilegum málum. Í þessu skyni starfar nú sérstök varnarmálaskrifstofa innan ráðuneytisins og þangað hafa m.a. verið ráðnir tveir varnarmálafulltrúar, en ráðning þeirra skapar skilyrði til þess að unnt verði að leggja hlutlægt íslenskt mat á varnarstöðu landsins og fyrirkomulag varnanna.

— Íslendingar hafa tekið virkari þátt í umræðum um öryggismál Norður-Atlantshafssvæðisins og bætt tengsl sín við hermálayfirvöld Atlantshafsbandalagsins. Á þann hátt er safnað upplýsingum sem gera stjórnvöldum betur kleift en ella að fylgjast með og hafa áhrif á allar ákvarðanir sem snerta öryggishagsmuni þjóðarinnar.

— Einn þáttur þessa íslenska frumkvæðis er aukin hlutdeild Íslendinga sjálfra í vörnum landsins, t.d. munu Íslendingar koma til með að annast rekstur hinna fyrirhuguðu ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Íslendingar tóku þátt í öllum ákvörðunum um tæknibúnað þessara stöðva og um staðarval og er það skýrt dæmi um frumkvæði Íslendinga í eigin vörnum.

— Mörkuð hefur verið ný stefna í því að upplýsa almenning um framtíðaráætlanir bæði hvað snertir búnað og mannvirki varnarliðsins og er einmitt ratsjárstöðvarmálið gott dæmi um það.

— Byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er að ljúka og verður hún tekin í notkun 14. apríl n.k.

— Loks hefur öll aðstaða varnarliðsins, húsakostur og tækjabúnaður, verið bætt til mikilla muna. Má þar benda á ný og traust flugskýli, nýjan flugvélakost, fyrirhugaða stjórnstöð og olíubirgðastöð í Helguvík, en framkvæmdir þar eru nú í fullum gangi og stefnt að því að þeim ljúki í árslok 1988.

Í eðlilegu framhaldi framangreindra atriða lagði ég til í ríkisstjórninni í ársbyrjun 1986 að gerð yrði úttekt á „innra öryggi" þjóðarinnar, en þar er öðru fremur átt við varnir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, svo og gegn ólöglegri upplýsingastarfsemi. Í kjölfarið var skipuð nefnd undir forsæti Baldurs Möllers, fyrrv. ráðuneytisstjóra, til að meta stöðu þessara mála. Nefndinni er ætlað að skila tillögum um hvernig yfirstjórn og samræmingu ráðstafana til eflingar innra öryggi skuli fyrir komið í stjórnkerfinu, hvert skuli vera verksvið hvers þeirra aðila er sinna þessum málum, svo og að meta þörfina á sérstökum reglum um samskipti embættismanna og annarra opinberra starfsmanna við erindreka erlendra ríkja. Nefndin hefur nú skilað bráðabirgðaáliti sínu og er það til athugunar í ríkisstjórninni. Búast má við fullnaðarniðurstöðum á næstu dögum.

4. Samskiptin við varnarliðið.

Það er sérstakt ánægjuefni að tekist hefur á undanförnum vikum og mánuðum að leysa þann vanda sem upp hafði komið vegna sjóflutninga til varnarliðsins, svo og að semja við varnarliðið um kaup á landbúnaðarafurðum. Svo lengi hafði dregist að finna viðunandi lausn á þessum málum að alvarleg staða var komin upp á síðastliðnu sumri í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Þar kom vissulega einnig til deilan um hvalveiðar Íslendinga í vísinda skyni sem spillti mjög fyrir eðlilegum samskiptum ríkjanna.

Frá árinu 1904 hafa verið í gildi í Bandaríkjunum lög sem áskilja að sjóflutningar vegna bandarísks herliðs erlendis skuli fara fram með bandarískum skipum séu þau tiltæk. Fyrstu árin eftir gerð varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 notfærðu bandarísk skipafélög sér þennan forgangsrétt til flutninga fyrir varnarliðið hér á landi, þó aldrei svo að ekki væru einhverjir flutningar með íslenskum skipum. En frá árinu 1967 og fram til ársins 1984 voru aðeins íslensk skipafélög í þessum flutningum. Í maí 1984 hóf bandarískt skipafélag, Rainbow Navigation, flutninga á þessari leið. Í skjóli laganna frá 1904 hefur þetta skipafélag notið forgangsréttinda til flutninga fyrir varnarliðið og flutt langmest af þeim varningi sem til hefur fallið.

Með hliðsjón af mikilvægi traustra siglinga íslenskra aðila fyrir þjóðina og ríkjandi viðhorfum hér til þróunar frjálsra viðskipta töldu íslensk stjórnvöld nauðsynlegt að fá þessu fyrirkomulagi breytt þannig að flutningar fyrir varnarliðið færu fram á jafnréttisgrundvelli. Þegar ljóst var í febrúar–mars 1986 að úrlausn bandarískra dómstóla leysti ekki deiluna var málið tekið til ítarlegrar athugunar í ráðuneytinu. Var meðal annars sendiráðinu í Washington falið að leita ráðgjafar sérfróðra manna á sviði bandarískra stjórnlaga og stjórnarfars. Niðurstaða þessara athugana var sú að helst væri mögulegt að leysa ágreininginn með gerð sérstaks samnings sem að fenginni staðfestingu öldungadeildar Bandaríkjaþings víki til hliðar lögunum frá 1904 eingöngu að því er varðaði umrædda flutninga milli Íslands og Bandaríkjanna. Eftir fund íslenskra og bandarískra embættismanna, sem haldinn var í London 4. september 1986, komst málið loks á lokaskrið. Fóru samningaviðræður síðan fram í Washington um miðjan september 1986 og lauk með gerð samnings þess sem nú er í gildi milli ríkjanna. Hafa Alþingi og Bandaríkjaþing staðfest hann. Fullgildingarskjöl voru afhent 31. október. Útboðsgögn voru lögð fram 30. janúar og er miðað að því að nýja fyrirkomulagið gildi frá 1. mars 1987.

Meginatriði samningsins eru þau að skipafélögum beggja ríkjanna er tryggður jafn réttur til að keppa um flutninga. Í samningnum felst undanþága frá bandarísku lögunum frá 1904. Undanþága þess gerir umrædda samkeppni á jafnréttisgrundvelli mögulega, svo og ráðstöfun flutninga til íslenskra skipafélaga. Með samningnum fylgir samkomulag sem gerir ráð fyrir að lægstbjóðandi fái 65% flutninganna hverju sinni en næstbjóðandi, frá hinu landinu, fái 35% ef um viðunandi tilboð er að ræða og aðili kýs að nýta sér þann rétt. Að öðrum kosti fær lægstbjóðandi allan flutninginn. Endurskoðun ákvæða, er snerta framkvæmd samkeppnisreglna, fer fram árlega og má breyta þeim með samkomulagi aðildarríkjanna. Samningnum er unnt að segja upp með 12 mánaða fyrirvara. Í þingræðu, skömmu eftir að samningurinn var undirritaður, komst ég þannig að orði:

„Lausn siglingamálsins sýnir, að Íslendingar geta leyst deilumál við einstakar samstarfsþjóðir sínar í Atlantshafsbandalaginu þannig, að báðar þjóðir geti vel við unað. Sú varð t.d. raunin á eftir lok landhelgisdeilnanna við Breta. Þetta getur tekið tíma og reynt á þolrifin, en það tekst. Nú er ekkert því til fyrirstöðu, að varnarsamstarfið við Bandaríkin verði áfram treyst.“

Það verður síðan enn til að efla samstarf Íslendinga og Bandaríkjamanna að samið hefur verið um kaup varnarliðsins á landbúnaðarafurðum. Þreifingar hafa staðið um það mál um nokkurt skeið og í lok janúar s.l. komu fulltrúar bandarískra sjóhersins hingað til lands til

viðræðna við íslensk stjórnvöld um kaup á íslenskum afurðum. Þeim viðræðum lauk með samkomulagi sem undirritað var 2. febrúar. Samkvæmt því mun varnarliðið kaupa nokkurt magn af nautakjöti, kjúklingum, svínakjöti og eggjum. Þetta samkomulag gildir í 12 mánuði. Framleiðendur munu fá fullt verð fyrir afurðir sínar og ekki kemur til útflutningsbóta.

Bæði þessi mál staðfesta, hvort með sínum hætti, hvílíkt vandaverk það er að tryggja árekstralaus samskipti við erlent varnarlið þótt það sé í landinu að vilja landsmanna sjálfra. Í öllum aðalatriðum hafa samskiptin við Bandaríkjamenn verið til fyrirmyndar og ræður þar miklu raunsæi og lipurð þeirra manna sem haldið hafa á málum af beggja hálfu. Þegar ágreiningur rís verða báðir aðilar, ekki síður Íslendingar en Bandaríkjamenn, að forðast óbilgirni. Það hefur reynst heilladrýgst í samskiptum okkar við Bandaríkjamenn að skilja greinilega á milli varnarhagsmuna þjóðarinnar og fjárhagslegs ábata af veru varnarliðsins.

5. Fundur með íslenskum kjörræðismönnum.

Þriðji fundur kjörræðismanna Íslands fór fram í Reykjavík dagana 31. ágúst til 4. september 1986. Fyrri fundirnir voru haldnir árin 1971 og 1976. Til fundarins komu tæplega 130 af 185 kjörræðismönnum Íslands úr öllum heimshornum og voru í för með þeim um 130 makar, börn, skyldmenni og vinir. Allt fundarhald fór fram á Hótel Loftleiðum og þar bjuggu þátttakendur einnig. Haldnir voru fyrirlestrar um utanríkisstefnu Íslands og utanríkisþjónustu, utanríkisverslun, efnahagsmál og útflutning iðnaðarvara og sjávarafurða. Þá var sérstök landkynningar- og menningardagskrá. Farið var með þátttakendur og fjölskyldur þeirra í dagsferð um Suðurland. Ræðismennirnir þágu boð forseta Íslands, utanríkisráðherra, borgarstjórans í Reykjavík og 15 samtaka og fyrirtækja úr atvinnulífinu. Ræðismennirnir lýstu almennt ánægju sinni með fundinn í heild og töldu mikilvægt að endurnýja tengsl við land og þjóð og fylgjast með þeim öru framförum sem hér hafa orðið á undanförnum árum. Töldu þeir æskilegt að halda slíka fundi oftar en verið hefur.

6. Um efni skýrslunnar.

Í öllum meginatriðum er skýrsla sú, er hér fer á eftir, svipuð að uppbyggingu og skýrslan frá í fyrra. Í fyrsta lagi er fjallað um alþjóðleg málefni þar sem fyrst er greint frá friðar- og afvopnunarmálum og þá gerð grein fyrir alþjóðlegum samtökum og svæðasamvinnu sem Íslendingar eiga aðild að. Loks er þar sagt frá málefnum fjarlægra heimshluta. Í öðru lagi er lýst nærtækari hagsmunum og tvíhliða samskiptum Íslendinga og annarra þjóða, þ.e. í köflunum um utanríkisviðskipti, þróunarsamvinnu, öryggis- og varnarmál og hafréttarmál. Í kaflanum um utanríkisviðskipti, sem tekinn er saman í viðskiptaráðuneytinu, er fjallað um alþjóðasamtök og samvinnu á sviði efnahags- og viðskiptamála. Þá á við sami fyrirvari og gerður var í inngangi skýrslu minnar í fyrra, þ.e. að ekki er gerð grein fyrir almennu ástandi mála í nálægum heimshlutum þar sem afstaða ríkisstjórnarinnar þarfnast annaðhvort ekki skýringa eða kemur fram í öðrum köflum skýrslunnar. Viðhorfum stjórnarinnar er hins vegar lýst til málefna fjarlægari heimshluta sem Íslendingar eru ekki í eins beinu sambandi við.

I. Einstök alþjóðamál.

Leiðtogar risaveldanna komu saman til fundar í Reykjavík í byrjun október og þar var ræddur meiri niðurskurður kjarnavopna en menn höfðu búist við. Þeir Ronald Reagan og Mikhail S. Gorbachev náðu samkomulagi um grundvöll afvopnunar á tveimur sviðum af þremur, þ.e. varðandi meðaldræg og langdræg kjarnavopn, en árangur strandaði á geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna (SDI) þar sem Sovétmenn gerðu það að forsendu árangurs á öðrum sviðum að Bandaríkjamenn legðu áætlunina til hliðar. Frá þessari kröfu höfðu þeir reyndar fallið í fyrri umræðum risaveldanna í Genf. Þessi niðurstaða olli vonbrigðum og setti mark á umræður um afvopnunarmál í kjölfar fundarins.

Í síðustu skýrslu minni til Alþingis lýsti ég því viðhorfi að mikilvægt væri að staðið verði við ákvæði hins svonefnda ABM–samnings („Anti Ballistic Missile Treaty“) frá 1972, en hann takmarkar varnir gegn kjarnorkuvopnum. Ekki er raunhæft að banna tilraunir með geimvarnakerfi, enda hafa Sovétmenn staðið að slíkum tilraunum um árabil, en mikilvægt er að þær tilraunir fari fram innan þeirra marka sem samningurinn frá 1972 setur. Að undanförnu hefur nokkur umræða farið fram um „nýja“ túlkun samningsins og jafnvel að uppsetningu geimvarna verði flýtt. Ég er þeirrar skoðunar að hyggilegt sé að rasa ekki um ráð fram í því efni og að hafast ekkert það að er spillt getur fyrir árangri á öðrum sviðum afvopnunar eða hleypt af stað vígbúnaðarkapphlaupi í geimnum. Ég vil bæta því við, líkt og ég gerði í síðustu skýrslu, að bendi niðurstöður geimvarnarannsókna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu ber risaveldunum að sjá til þess að slík kerfi verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana.

Sú staðreynd, að samkomulag virtist ekki langt undan í viðræðum þeirra Reagans og Gorbachevs, gerði það að verkum þegar frá leið að athygli stjórnmálamanna, einkum í Vestur-Evrópu, beindist í auknum mæli að hinum gífurlegu yfirburðum Varsjárbandalagsríkjanna á sviði hefðbundins vígbúnaðar, vopna og herafla. Hlutverk kjarnavopna í varnarstefnu vestrænna ríkja komst aftur á dagskrá og má segja að vestrænir stjórnmálamenn hafi skyndilega áttað sig á þeirri þversögn, sem þeir verða að leysa, að vilja heim án ógnunar kjarnavopna, en tryggja um leið þann frið og það öryggi sem kjarnavopn í varnarviðbúnaði Atlantshafsbandalagsins hafa veitt. Af þeim sökum hefur aukin áhersla verið lögð á þá stefnu, eftir leiðtogafundinn, að niðurskurði kjarnavopna verði að fylgja stöðugleiki á öðrum sviðum vígbúnaðar.

Á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsríkjanna í Halifax s.l. vor var settur sérstakur vinnuhópur í það verkefni að undirbúa tillögur NATO um samdrátt hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu. Þessi hópur („High Level Task Force“) skilaði hugmyndum sínum fyrir fund utanríkisráðherra bandalagsins sem haldinn var í Brussel í desember og á þeim fundi var samþykkt sérstök yfirlýsing (Brusselyfirlýsing) þar sem ríkjum Varsjárbandalagsins er boðið til viðræðna um víðtækan samdrátt hefðbundins vígbúnaðar. Þessar viðræður munu fara fram í Vín þar sem nú stendur yfir þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Vonandi verður þetta frumkvæði Atlantshafsbandalagsins til þess að hleypa nýja lífi í MBFR-viðræðurnar svonefndu („Mutual and Balanced Force Reductions“) sem staðið hafa yfir í Vín milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins frá 1973 án sýnilegs árangurs.

Ef árangur næst í þeim afvopnunarviðræðum sem ég hef nú vikið að og nánari grein verður gerð fyrir hér á eftir hafa nauðsynleg skilyrði skapast fyrir árangri á öðrum sviðum afvopnunar. Í því sambandi vil ég nefna annars vegar svonefnda „frystingu“ og hins vegar bann við tilraunum með kjarnavopn. Afstaða vestrænna ríkja til tillagna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um frystingu kjarnavopna hefur tekið mið af því að hyggilegast sé að ná samkomulagi um niðurskurð og samdrátt áður en til frystingar kemur. Varðandi tilraunir með kjarnavopn er árangur í afvopnunarviðræðum forsenda þess að samningar náist um allsherjarbann við slíkum tilraunum. Það sem staðið hefur í vegi fyrir þessu er sú staðreynd að Sovétmenn hafa reynst tregir til að samþykkja eins tryggar eftirlitsráðstafanir og Bandaríkjamenn hafa krafist. Bandaríkjamenn telja að nauðsynlegt sé að halda uppi „sannferðugum fælingarmætti“ meðan varnarstefna þeirra og Atlantshafsbandalagsins hvílir á ógn kjarnorkusprengjunnar og á meðan ekki hafa náðst samningar um afvopnun og um eftirlit verði þeir að halda tilraunum sínum áfram. Þeir benda einnig á að reynslan af tilraunabanni þeirra og Breta á sjötta og sjöunda áratugnum hafi ekki verið góð.

Það er þó mikilvægt að hafa hugfast þegar framangreind mál eru vegin og metin að Sovétmenn hafa breytt nokkuð um áherslur á undanförnum mánuðum og það má alls ekki vísa allri viðleitni þeirra á bug sem áróðri. Það ber t.d. að virða þá ákvörðun þeirra að sleppa fjölmörgum andófsmönnum, þar á meðal Andrei Sakharov, úr haldi. Á hinn bóginn kemur raunverulegur friðarvilji þeirra í ljós við samningaborðin í Genf og á RÖSE-fundinum í Vín þar sem fjallað er um efndir á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar. Sovétmenn geta ekki vænst þess að Vesturlandabúar slái af kröfum sínum um aukin mannréttindi innan Sovétríkjanna þótt þekktustu einstaklingunum úr hópi andófsmanna sé sleppt. Aðeins með fullum og skilyrðislausum efndum á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar geta þeir vænst þess að jarðvegur hafi skapast fyrir raunhæfum og langvarandi árangri á sviði afvopnunar.

En það eru mörg önnur ljón á vegi friðsamlegrar sambúðar ríkja heims. Ófriðarbál brenna í flestum heimsálfum: Sovétmenn halda áfram hernaði sínum í Afganistan, í Kampútseu starfar leppstjórn í skjóli Víetnama, stríð Írana og Íraka er í algleymingi, Líbýumenn stunda skæruhernað í Chad, ófriðarástand er í sunnanverðri Afríku og heitt í kolunum víðar, svo sem í Mið-Ameríku. Auk beinna hernaðaraðgerða þurfa íbúar heimsins að þola ýmsar aðrar erjur og skærur. Vil ég þar sérstaklega nefna alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, en hún hefur ekki síst bitnað á saklausum borgurum Vesturlanda. Á mörgum fundum og ráðstefnum á fjölþjóðlegum vettvangi hefur verið fjallað um leiðir til varnar gegn þeirri ógn sem alþjóðleg hryðjuverk valda, en erfitt hefur reynst að finna þau meðul sem duga. Íslendingar hafa ekki verið óhultir í þessu tilliti og á ég þá við aðgerðir erlendra skemmdarverkamanna í Reykjavík síðastliðið haust. Sem betur fer urðu þar engin slys á mönnum. Þær aðgerðir sýndu þó að engin þjóð getur verið fullviss um að sleppa alveg undan klóm hryðjuverkamanna. Við eigum því fulla samleið með öðrum ríkjum Vesturlanda í aðgerðum þeirra til að stemma stigu við hvers kyns skærustarfsemi sem beinist að saklausum borgurum.

1. Afvopnun.

Íbúar Vesturlanda hafa að mestu sloppið við hernaðarátök allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. En það er íhugunarefni að gereyðingarvopn hafa þar gegnt lykilhlutverki. Hvað vestrænar þjóðir áhrærir er vandinn því sá að draga úr vopnabirgðum án þess að veikja öryggi. Við lausn þessa vanda verður að taka mið af ástæðum vígbúnaðarins sem m.a. er tortryggni og ótti. Ef afvopnun á að skila árangri og friður að haldast verður hún að hvíla á gagnkvæmum skilningi og samkomulagi. Þá verður að vera tryggt að við slíkt samkomulag verði staðið og að efni þess sé svo skýrt að enginn vafi leiki á um túlkun.

Með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu erum við Íslendingar beint og óbeint þátttakendur í ýmsum afvopnunarviðræðum. Vissulega skiptir afstaða okkar ekki sköpum varðandi frið í heiminum, en við megum aldrei liggja á liði okkar í þessum mikilvægustu málum mannkyns. Um leið verðum við að leggja áherslu á gæði samninga um þessi efni því það á við um friðinn eins og hvað annað að lengi býr að fyrstu gerð. Hér á eftir verður í stuttu máli sagt frá þróun viðræðna um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar frá því síðasta skýrsla um utanríkismál var lögð fram á Alþingi í apríl 1986.

1.1. Reykjavíkurfundur Reagans og Gorbachevs.

Segja má að eftir fund þeirra Reagans og Gorbachevs í Reykjavík, dagana 11. og 12. október s.l., hafi heiti höfuðborgarinnar öðlast táknrænt gildi um heim allan. Hér náðu leiðtogarnir verulegum árangri í átt til afvopnunar þó að endanlegt samkomulag hafi ekki náðst. Á þeim árangri verður byggt næstu missirin.

Vissulega höfðu vonir manna um samkomulag eflst mjög eftir því sem fundurinn stóð lengur fram á sunnudaginn 12. október og fór langt fram úr áður gerðri tímaáætlun. Því urðu

margir fyrir vonbrigðum í fyrstu. Þegar hins vegar var farið ofan í saumana á því sem gerðist í Reykjavík breyttist viðhorfið strax.

George P. Shultz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, mætti á aukafundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Brussel mánudaginn 13. október og gerði grein fyrir því sem gerðist á Reykjavíkurfundinum. Þá var rétt að renna upp fyrir mönnum hve víðtækur grunnur að samkomulagi hafði náðst milli leiðtoganna.

Í Reykjavík voru þeir sammála um að á næstu fimm árum ætti að fækka langdrægum kjarnavopnum um helming. Þeir urðu ásáttir um hámark 6000 kjarnaodda í langdrægum skotkerfum sem ekki mættu vera fleiri en 1600 talsins. Þá urðu þeir ásáttir um geysimikla fækkun meðaldrægra kjarnavopna. Þannig skyldu leyfðir 100 kjarnaoddar í slíkum sovéskum flaugum í Asíu (SS-20 og SS-4) og 100 í Bandaríkjunum, en engar í Evrópu. Þá ræddu leiðtogarnir tveir einnig bann við kjarnavopnatilraunum þótt ekki næðist samkomulag. Enn fremur um að fylgja ákvæðum samningsins frá 1972 um takmörkun gagneldflauga (ABM-samningsins) næstu 10 árin þótt Bandaríkjamenn ítrekuðu ásetning sinn að halda áfram rannsóknum á geimvörnum, sem þeir segjast geta stundað án þess að brjóta í bága við þann samning. Ágreiningur leiðtoganna tveggja var fyrst og fremst um geimvarnir. Reagan samþykkti að geimvarnakerfi skyldi ekki tekið í notkun í 10 ár. Á sama tíma yrði langdrægum kjarnaeldflaugum útrýmt. Gorbachev gat fallist á 10 ára tímamörkunina, en gerði jafnframt þá kröfu að rannsóknir á og tilraunir með geimvarnakerfi færu eingöngu fram í rannsóknastofum. Það var vegna ágreinings um geimvarnir sem leiðtogarnir tveir náðu ekki samkomulagi því að Gorbachev gerði niðurstöðu í því efni að forsendu fyrir samningum um önnur atriði. Í Genf höfðu Sovétmenn áður sagt að samkomulag um t.d. meðaldræg kjarnavopn þyrfti ekki að tengjast samkomulagi á öðrum sviðum.

1.2. Genfarviðræður risaveldanna.

Sjötta lota afvopnunarviðræðna Sovétmanna og Bandaríkjamanna hófst 18. september s.l. Í viðræðunum er fjallað um niðurskurð langdrægra kjarnavopna (START), meðaldrægra kjarnavopna (INF) og um geimvopn, svo sem kunnugt er. Sjöttu lotunni lauk 12. nóvember 1986 og má segja að Reykjavíkurfundur Reagans og Gorbachevs hafi gersamlega breytt stöðu mála í Genf.

Bandaríkjamenn lögðu þar fram tillögur seint í október, tillögur sem byggðust á afstöðu Reagans í Reykjavík. Tillögur Sovétmanna sáu dagsins ljós 7. nóvember s.l. og voru þær í samræmi við afstöðu Gorbachevs í Reykjavík. Þó hafa báðir aðilar sakað hinn um að hafa horfið frá samkomulagsatriðum í Reykjavík. Dagana 2.–5. desember héldu aðalsamningamenn risaveldanna með sér sérstakan aukafund í Genf þar sem sérstaklega var farið yfir ágreiningsmálin. Því miður tókst þá ekki að gera lista yfir óleyst ágreiningsefni, en slíkur listi hefði getað flýtt fyrir árangri.

Sjöunda lota Genfarviðræðnanna hófst síðan 15. janúar s.l., en hléin eru notuð til að undirbúa nýjar tillögur og ráðgast við bandamenn. Almennt má segja um viðræður risaveldanna í Genf að aðilar hafi nú komist að samkomulagi um veigamikil atriði varðandi kjarnavopn og geimvarnir þótt ágreiningur sé um önnur. Öll vonum við að þau mikilvægu skref, sem stigin voru á Reykjavíkurfundinum, muni leggja grundvöll að árangri í viðræðum risaveldanna í Genf.

1.3. Fjölhliða viðræður.

Þótt viðræður leiðtoganna tveggja á Reykjavíkurfundinum beri langhæst í þróun viðræðna um takmörkun vígbúnaðar, hefur ýmislegt gerst í þeim málum á öðrum vettvangi frá því að ég lagði síðustu skýrslu um utanríkismál fram á Alþingi. Tel ég því rétt að fara hér á eftir nokkrum orðum um þær viðræður sem farið hafa fram á vegum Sameinuðu þjóðanna

og á fundunum í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafla og hefðbundins vígbúnaðar í Mið-Evrópu (MBFR). Í tengslum við síðarnefnda atriðið fjalla ég um frumkvæði Atlantshafsbandalagsins í að koma af stað nýjum viðræðum um niðurskurð venjulegs vopnabúnaðar í Evrópu. Um Stokkhólmsráðstefnuna fjalla ég loks í kaflanum um Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE).

1.3.1. Sameinuðu þjóðirnar.

Í fyrstu nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna var fjallað um afvopnunarmál á sama tíma og Reykjavíkurfundurinn fór fram og í kjölfar hans. Óvissa var þess vegna tengd því hvaða áhrif lyktir fundarins hefðu á störf nefndarinnar. Bæði Bandaríkjamenn og Sovétmenn forðuðust í fyrstu nefnd, að mestu leyti, að saka hvorir aðra um að bera ábyrgð á því að ekki hefði náðst samstaða um ákveðna afvopnunarsamninga í Reykjavík. Andrúmsloftið við umfjöllun um afvopnunarmálin var tiltölulega gott eins og árið 1985. Hóparnir lögðu aðaláherslu á nauðsyn bættra samskipta risaveldanna í framhaldi af Reykjavíkurfundinum. Það kom ekki á óvart að umræður um stöðvun vopnakapphlaups í geimnum og um stöðvun allra tilrauna með kjarnavopn voru fyrirferðarmestar. Umræður um tillögur voru í svipuðu fari og oft áður. Meiri hluti ályktunartillagna var þannig samhljóða tillögum sem þar koma fram ár eftir ár.

Af hálfu Vesturlanda voru lagðar fram nýjar ályktunartillögur um aðgerðir til að skapa gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun vegna hefðbundinna vopna. Almennt má segja að það var erfiðleikum bundið sem fyrr að fá sjónarmið Vesturlanda samþykkt. Hlutlausu og bandalagslausu ríkin standa oftast gegn vestrænum afvopnunarsjónarmiðum. Þessi ríki telja auk þess að aukin áhersla á afvopnun hefðbundinna vopna dragi athyglina frá niðurskurði kjarnavopna.

Austantjaldslöndin og mörg bandalagslaus ríki höfðu þó jákvæða afstöðu til ýmissa ályktunartillagna Vesturlanda. Austantjaldslöndin breyttu t.d. afstöðu sinni frá mótatkvæði í hjásetu vegna ályktunartillögu Breta um hlutlægar upplýsingar um herfræðileg málefni. Enn þá lengra gengu austantjaldslöndin í breyttri afstöðu til tillögu Bandaríkjanna um bann við notkun efnavopna. Áður greiddu þau atkvæði á móti, en nú með henni. Það er einnig athyglisvert að Austur-Evrópuríkin lögðu ekki fram sumar hefðbundnar ályktunartillögur sínar sem meira að segja bandalagslausu ríkin hafa talið hreinan áróður á móti Vesturlöndum. Nóg var samt af slíkum tillögum. Meðal áróðurstillagna, sem þannig „hurfu", má t.d. nefna sovésku „frystingar"-tillöguna og búlgörsku tillöguna um vígbúnaðarkapphlaupið á hafinu.

Hinn 18. nóvember s.l. var hér á Alþingi rætt um tillögu Svíþjóðar, Mexíkó o.fl. um tafarlausa stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar, „frystingu", og afstöðu Íslands. Sú tillaga var flutt svo til óbreytt frá fyrri tíð. Í henni voru enn sem fyrr vafasamar fullyrðingar, t.d. um að jöfnuður væri með risaveldunum í hernaðarmætti, og á þann hátt horft framhjá gífurlegum yfirburðum Sovétmanna í hefðbundnum vígbúnaði. Í umræðum á Alþingi benti ég á að menn hefðu verið að færast smátt og smátt frá hugmyndum um „frystingu" kjarnorkuvígbúnaðar. Slíkri „frystingu" yrði að fylgja eftir með tímafrekum og flóknum viðræðum um niðurskurð. Eðlilegra væri að ræða fyrst um afvopnun og svo um traustvekjandi aðgerðir til að tryggja öryggi til langs tíma. „Sænsk-mexíkanska" tillagan var samþykkt með 118 atkvæðum gegn 12, en 4 sátu hjá. Ríki Atlantshafsbandalagsins greiddu þannig atkvæði: 10 greiddu atkvæði gegn tillögunni, 3 sátu hjá (Ísland, eins og áður, Spánn og Holland) og 3 greiddu atkvæði með tillögunni (Danmörk, Noregur og Grikkland). Í fyrra sátu V-Þýskaland og Luxemborg hjá. Kínverjar sátu hjá en Japanir greiddu atkvæði á móti.

Sérstök ástæða er til að benda á að nokkur hógværari bandalagslaus ríki tóku meiri þátt í umræðum og mótun ályktunartillagna en áður í fyrstu nefnd. Það átti þátt í að skapa betra

andrúmsloft í nefndinni. Kína tekur einnig virkari þátt í störfum nefndarinnar en áður og lagði fram tvær nýjar tillögur um afvopnun hefðbundinna vopna og kjarnavopna. Fengu þær almennan stuðning í nefndinni.

Störf fyrstu nefndar voru stytt um tæpar tvær vikur til að draga úr kostnaði. Það, ásamt fjölda framlagðra ályktunartillagna, leiddi að sjálfsögðu til þess að það var minni tími en áður fyrir umræður. Alls voru 77 tillögur lagðar fram í nefndinni í stað 75 árið 1985. 67 af þeim voru samþykktar, þar af 22 einróma. Það er almenn skoðun aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna að ályktunartillögum verði að fækka, en það reynist aftur á móti erfitt í framkvæmd. Frekari vinnu í þessa átt ber að beina fyrst og fremst að fækkun þeirra tillagna sem samþykktar eru óbreyttar ár eftir ár.

Í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York starfar afvopnunardeild og hún starfrækir sérstaka rannsóknastofnun um afvopnunarmál.

Þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og fyrsta nefnd þess eru ekki að störfum fara umræður um afvopnunarmál fram innan afvopnunarráðsins. Þar eiga öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna aðild. Að afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf eiga 40 ríki aðild. Ráðstefnan skilar skýrslum til allsherjarþingsins.

1.3.2. Hefðbundinn vígbúnaður í Evrópu.

Hinn 30. október s.l. hófst 14. ár viðræðnanna í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafla og hefðbundins vopnabúnaðar í Mið Evrópu, MBFR („Mutual and Balanced Force Reductions"). Hefur því miður lítið miðað í samkomulagsátt á þessum árum og grundvallarágreiningur einkennt fundina, m.a. um hversu margir hermenn séu nú í Mið-Evrópu. Í skýrslu minni til Alþingis í fyrra lýsti ég nokkuð tillögum ríkja Atlantshafsbandalagsins frá 5. desember 1985 og dræmum viðtökum Varsjárbandalagsríkjanna. Vísa ég í hana. Í stuttu máli má segja að erfiðasta ágreiningsefnið sé nú um eftirlit með hugsanlegu samkomulagi. Ríki Atlantshafsbandalagsins leggja mesta áherslu á slíkt eftirlit, en Varsjárbandalagsríkin virðast óttast það.

Þegar utanríkisráðherrar Evrópuríkja hittust í Vínarborg vegna opnunar Vínarfundar RÖSE sem um er fjallað hér á eftir komu nokkrir utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins saman á fund 6. nóvember 1986 með samningamönnum sínum í MBFR-viðræðunum. Á þessum fundi, sem Leo Tindemans, utanríkisráðherra Belgíu, stýrði, var samþykkt yfirlýsing þar sem segir m.a.:

„Markmið MBFR-viðræðnanna er að minnka hernaðarspennuna í Evrópu, auka öryggi og skapa gagnkvæmt traust. Til að ná þeim markmiðum erum við reiðubúnir til þess að fækka í herafla okkar og samþykkja aðrar takmarkanir á grundvelli sanngjarns samkomulags. Við erum tilbúnir til að samþykkja öruggt eftirlit með þeirri fækkun og með þeim herafla, sem eftir yrði í Mið-Evrópu. Við erum reiðubúnir til þess að upplýsa nákvæmlega um stærð og samsetningu herafla okkar.

Eftirlit með þeim skuldbindingum, sem aðilar gangast undir, er lykillinn að réttlátum og þýðingarmiklum afvopnunarsamningum. Öruggt eftirlit er frumforsenda þess annars vegar, að eftir samningum sé farið, og hins vegar að skapa það traust, sem nauðsynlegt er til að ná samningum um enn mikilvægari atriði.

Það var með ofangreint í huga, sem fulltrúar Atlantshafsbandalagsríkja lögðu fram tillögur 5. desember 1985, er höfðu að geyma mikilsvert frumkvæði til að koma skriði á MBFR-viðræðurnar. Í þeim var verulega komið til móts við hugmyndir Austurs og erum við vonsviknir yfir að þær skuli ekki enn hafa mætt jákvæðum skilningi ríkja Varsjárbandalagsins. Sérstökum vonbrigðum veldur, að Austur hefur ekkert komið til móts við okkur varðandi lykilatriðið, öruggt eftirlit. Við teljum, að þar hafi Austur tekið skref aftur á bak."

Á vorfundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Halifax 29.–30. maí s.l. var samþykkt stutt yfirlýsing um nauðsyn takmörkunar hefðbundinna vopna í Evrópu. Jafnframt var settur á laggirnar vinnuhópur háttsettra embættismanna („High Level Task Force") til að benda á leiðir til að koma hreyfingu á það mál. Skyldi vinnuhópurinn byggja á tillögum ríkja Atlantshafsbandalagsins á Stokkhólmsráðstefnunni og í MBFR-viðræðunum. Enn fremur skyldi hópurinn taka tillit til þeirra tillagna sem ríki Varsjárbandalagsins hafa lagt fram.

HLTF-hópurinn skilaði bráðabirgðaskýrslu á haustfundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins 11. desember og þar var samþykkt sérstök yfirlýsing (Brusselyfirlýsingin) um takmörkun hefðbundinna vopna. Í henni er tekið fram að nýjar viðræður um takmörkun hefðbundinna vopna ættu að leiða til aukins öryggis og jafnvægis í Evrópu, en með minni vígbúnaði. Auk þess lögðum við áherslu á að komið yrði á jafnvægi vígbúnaðar á einstökum svæðum innan Evrópu. Markmið slíkra nýrra viðræðna ættu annars vegar að vera aðgerðir til að skapa aukið traust og öryggi, hins vegar að koma á jafnvægi herafla og hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu. Fyrra atriðið yrði væntanlega rætt meðal hinna 35 þátttökuríkja RÖSE, en hið síðarnefnda yrði tekið upp í sérstökum viðræðum milli ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins (þ.e. eins konar útvíkkaðar MBFR-viðræður). Með Brussel-yfirlýsingunni hefur Atlantshafsbandalagið tekið mikilvægt frumkvæði í þá átt að koma viðræðum Austurs og Vesturs um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu úr þeirri sjálfheldu sem þær hafa að mestu verið í undanfarinn áratug.

1.3.3. Kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Hinn 23. maí 1985 ályktaði Alþingi um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Ályktunin var samþykkt samhljóða eftir að utanríkismálanefnd Alþingis hafi náð samstöðu í málinu. Í ályktuninni segir m.a.:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og spennu."

Við umræður um tillöguna í sameinuðu þingi flutti Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, skýringu nefndarinnar á því hvaða svæði um væri að ræða og voru það skýringar sem nefndin var sammála um. Í ræðu sinni sagði Eyjólfur Konráð m.a. að sá „landfræðilegi skilningur væri réttur að Norður-Evrópa næði a.m.k. yfir Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttuna og allt frá Grænlandi til Úralfjalla". Það kom einnig fram í máli Eyjólfs Konráðs þegar hann flutti skýringar utanríkismálanefndar við tillöguna að það svæði, sem um væri að ræða, næði til aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja. Af framansögðu er ljóst að ályktun Alþingis tekur til mun víðtækara svæðis og samninga heldur en þær hugmyndir um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum sem aðrir hafa rætt á vettvangi Norðurlandaráðs.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Stokkhólmi 9. apríl á síðast liðnu vori kom fram tillaga um skipun sérstakrar nefndar embættismanna til að kanna skilyrði þess að Norðurlönd yrðu einhliða lýst „svæði án kjarnavopna". Tillagan var ekki afgreidd á þessum fundi enda vorum við Svenn Stray, þáverandi utanríkisráðherra Noregs ekki reiðubúnir til að taka afstöðu til hennar. Okkur þótti m.a. nauðsynlegt að fá það skýrt fram hvert verkefni nefndarinnar yrði ef til skipunar kæmi.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn 14. ágúst s.l. varð niðurstaðan sú eins og fram kom í yfirlýsingu fundarins að áður en tekin yrði endanlega afstaða til skipunar slíkrar nefndar embættismanna væri nauðsynlegt að yfirmenn stjórnmáladeilda

utanríkisráðuneytanna gerðu úttekt varðandi tilgang og markmið slíks nefndarstarfs og könnuðu hvort um það næðist samstaða.

Á fundinum í Kaupmannahöfn greindi ég frá því að afstaða mín til stofnunar norrænnar nefndar embættismanna mótaðist af ályktun Alþingis um afvopnunarmál. Í fyrsta lagi væri svæði, sem aðeins næði til Norðurlanda, ófullnægjandi, jafnframt því sem nýtt skref í þessum efnum væri aðeins raunhæft sem liður í víðtækari aðgerðum til að efla öryggi í okkar heimshluta, þar á meðal með samkomulagi risaveldanna. Kjarni málsins er sú staðreynd að öll löndin fimm eru nú þegar kjarnavopnalaus. Þau ógna engum. Það eru ekki þau sem valda ugg eða ótta á friðrofi.

Yfirmenn stjórnmáladeilda norrænu utanríkisráðherranna hafa fjallað um hugsanlega stofnun embættismannanefndar sem ætti að kanna skilyrði fyrir yfirlýsingu um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Álit yfirmanna stjórnmáladeildanna verður á dagskrá fundar norrænna utanríkisráðherra sem haldinn verður í Reykjavík 25.–26. mars n.k.

2. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE.

Slökunartímabil það, sem stóð yfir fyrri hluta 8. áratugarins, náði hámarki sínu við undirritun Helsinki-samþykktarinnar 1. ágúst 1975. Vissulega endurspegla ákvæði samþykktarinnar m.a. að grundvallaratriði í samskiptum þátttökuríkjanna 35 er það tiltölulega góða andrúmsloft sem ríkti í samskiptum Austurs og Vesturs fyrir næstum 12 árum. Á hinn bóginn hafa deilur um framkvæmd ákvæða Helsinki-samþykktarinnar einkennt flesta RÖSE-fundi sem haldnir hafa verið á þessum rúma áratug. Einkum og sér í lagi hefur verið deilt á ríki Austur-Evrópu fyrir gróf brot á mannréttindaákvæðum samþykktarinnar.

Fyrsti framhaldsfundur RÖSE til að fylgjast með og freista þess að bæta framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar var haldinn í Belgrad síðla árs 1977 og í ársbyrjun 1978. Umræður þar urðu oft mjög heitar og undirstrikuðu hversu sambúð Austurs og Vesturs hafði kólnað frá því sáttmálinn kom til sögunnar. Árangur Belgrad-fundarins varð líka rýr og ekki var sameinast um ný efnisatriði. Ákveðið var að halda þrjá fundi sérfræðinga um afmörkuð efni. Skyldu þeir fundir skila skýrslum til næsta framhaldsfundar.

Annar framhaldsfundur RÖSE var síðan haldinn í Madrid 11. nóvember 1980 til 9. september 1983. Á þeim tíma voru mörg fundarhlé, sum löng. Þrátt fyrir mikinn ágreining, m.a. vegna innrásar Sovétmanna í Afganistan og þróunar mála í Póllandi, náðist loks samkomulag í Madrid um ítarlegt lokaskjal. Bætti það töluvert við ákvæði Helsinki-samþykktarinnar t.d. varðandi rétt frjálsra verkalýðsfélaga, iðkunar trúarbragða, upplýsingamál, aðstöðu fréttamanna o.fl.

Þá var samþykkt í Madrid að halda ráðstefnu í Stokkhólmi um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi svo og um afvopnun.

Loks var ákveðið að halda sex fundi sérfræðinga um afmörkuð mál innan ramma Helsinki-samþykktarinnar. Hefur verið gerð grein fyrir fimm þeirra í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis 1985 og 1986.

2.1. Bernarfundur um mannleg tengsl.

Sjötti og síðasti sérfræðingafundurinn, sem ákveðinn var í Madrid, hófst í Bern 15. apríl s.l. Honum lauk 27. maí, einum degi á eftir áætlun. Undirbúningsfundur var haldinn 2.–15. apríl.

Á fundinum í Bern voru til umfjöllunar atriði Helsinki-samþykktarinnar, er varða tengsl og reglulega fundi á grundvelli fjölskyldubanda, endursameiningu fjölskyldna, hjúskap milli ríkisborgara ólíkra landa, ferðalög af persónulegum ástæðum eða vegna starfs, bætt skilyrði til ferðalaga einstaklinga eða hópa, fundi ungs fólks, íþróttir og „víkkun tengsla“ (orðalag Helsinki-samþykktarinnar). Fundurinn einkenndist af mikilli gagnrýni á

framkvæmd ríkja Varsjárbandalagsins á ROSE-ákvæðum varðandi mannleg tengsl. Vesturlönd og hlutlausu ríkin bentu á margt í framkvæmd Varsjárbandalagsríkja á þessum ákvæðum sem stæðist ekki. Lögð var t.d. áhersla á það af hálfu „17-ríkjanna“ (NATO og Írland), en einnig nokkurra hlutlausra ríkja að einstaklingar fengju af ýmsum persónulegum ástæðum mjög aukið frelsi til að heimsækja ættingja og vini yfir járntjaldið.

Samkvæmt umboði Bernarfundar var ekki rætt þar um leyfi fyrir einstaklinga eða hópa til að setjast að í öðrum ríkjum (emigration), en þess í stað rætt um heimsóknir og ferðalög. Í Austur-Evrópu eru fjölmargir minnihlutahópar sem verða að þola undirokun. Staða tyrkneska minni hlutans í Búlgaríu er gott dæmi hér um. Þar í landi búa u.þ.b. 900 þúsund Tyrkir. Hafa búlgörsk yfirvöld reynt með markvissum hætti að þurrka sérkenni þeirra út, t.d. heimtað að allir breyti um nöfn, noti búlgörsku, hætti trúariðkunum sínum o.fl. Búlgörsk stjórnvöld eru og ásökuð fyrir að hafa látið taka einstaklinga úr tyrkneska minni hlutanum af lífi. Búlgarska sendinefndin í Bern hélt því blákalt fram, að í Búlgaríu væri enginn tyrkneskur minni hluti. Miklar umræður áttu sér stað um þetta mál. Einnig var meðferð Sovétmanna á Gyðingum og Varsjárbandalagsríkja á Þjóðverjum mjög til umræðu og gagnrýnd af Vesturlöndum. Þar sem leyfi fyrir einstaklinga til að flytjast á brott og setjast að í öðru landi voru ekki á dagskrá Bernarfundar, reyndu ýmsar vestrænar þátttökuþjóðir að leysa ákveðin mál slíkra einstaklinga tvíhliða. Varð nokkur árangur af slíkum viðræðum í Bern.

Fjölmargar tillögur um bætta framkvæmd umræddra ákvæða komu fram á fundinum. Munaði litlu að samkomulag tækist um lokaskjal en Bandaríkjamenn lögðu áherslu á mikilvægi þess að staðið yrði við fyrri samþykktir um mannleg tengsl áður en nýjar samþykktir væru gerðar.

2.2. Stokkhólmsráðstefnan.

Stokkhólmsráðstefnan um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun í Evrópu hófst 17. janúar 1984 og henni lauk 22. september s.l. með samkomulagi um ítarlegt skjal, Stokkhólmsskjalið 1986.

Í Helsinki-sáttmálanum er að finna ákvæði um að hvert ríki veiti öðrum upplýsingar um heræfingar sem á að halda. Talið var að slíkar upplýsingar mundu draga úr tortryggni milli þjóða og þannig minnka hættu á ófriði. Með Stokkhólmsskjalinu 1986 hefur þetta kerfi verið aukið og endurbætt. Helstu efnisatriði Stokkhólmsskjalsins eru:

— Samkomulagið nær nú frá Úralfjöllum vestur á Atlantshaf, en náði upphaflega aðeins 200 km austur fyrir landamæri Sovétríkjanna og að ströndum Atlantshafs.
— Samkomulagið er bindandi fyrir 35 ríki, en var áður aðeins viljayfirlýsing.
— Þjóðirnar hafa skuldbundið sig til að tilkynna fyrir fram um heræfingar eða herflutninga með þátttöku 13 000 manna eða fleiri, en þessi mörk voru áður við 25 000; einnig að tilkynna ef 300 skriðdrekar eða fleiri taka þátt í þeim, en þeir voru ekki nefndir áður. Tilkynningaskylda landgönguæfinga miðast við 3000 hermenn. Sömuleiðis er tilkynningaskylda ef 3000 eða fleiri fallhlífarhermenn taka þátt í æfingu.
— Þjóðirnar skuldbinda sig til að veita hver annarri fyrir 15. nóvember ár hvert yfirlit yfir fyrirhugaðar og tilkynningaskyldar æfingar komandi ár.
— Æfingar 40 000 manna eða fleiri verður að tilkynna með minnst árs fyrirvara og æfingar 75 000 manna með tveggja ára fyrirvara. Eru þetta verulegar tímatakmarkanir á heræfingum.
— Um leið og heræfingar eru tilkynntar eru ríkin skuldbundin til að bjóða öðrum þátttökuríkjum að senda menn til að fylgjast með æfingum. Öll skilyrði fyrir þá eftirlitsmenn eru bætt.

— Sé ástæða til að ætla að einhver þjóðanna brjóti þetta samkomulag geta hinar krafist þess að fá að senda eftirlitsmenn til þess ríkis til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Þetta atriði er stærsta nýjung samkomulagsins, en um slíkt eftirlit hefur aldrei tekist að semja fyrr.
— Þátttökuríkin endurnýja fyrri heit um að beita aldrei valdi hvert gegn öðru eða í milliríkjasamkiptum.

Það er sérstakt fagnaðarefni að þetta samkomulag náðist á hernaðarsviðinu eftir langt kuldaskeið í samskiptum Austurs og Vesturs. Hvort framhald verður á Stokkhólmsráðstefnunni ræðst m.a. af niðurstöðu Vínarfundar RÖSE.

2.3. Þriðji framhaldsfundur RÖSE, Vínarfundurinn.

Hinn 4. nóvember s.l. hófst í Vínarborg þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE. Segja má að mun byrlegar blási í samskiptum Austurs og Vesturs en við upphaf Madrid-fundarins 1980. Tveggja vikna undirbúningsfundi lauk 6. október s.l. í Vín. Þar var gengið frá dagskrá og framkvæmdaratriðum Vínarfundarins. Var það gert án verulegs ágreinings. Vesturlönd lögðu áherslu á að töluverður tími færi í umræður um framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar (og Madrid-skjalsins). Var þeirri umræðu skammtaður lengri tími í Vín en gert var fyrir Madrid-fundinn. Þá lögðu Vesturlönd áherslu á fleiri opna fundi á fundinum í Vínarborg en var í Madrid og náðist samkomulag um tiltekna málamiðlun. Í ræðu minni á Vínarfundi RÖSE 6. nóvember s.l. sagði ég m.a.:

„Snemma kom í ljós, að lögð er mismunandi áhersla á einstök atriði samþykktarinnar. Slíkt er þó ekki í samræmi við upphafleg áform, þar sem jafnvægi átti að vera milli einstakra þátta samkomulagsins. Sum ríki virðast leggja meira upp úr öryggismálum, en láta mannúðarmál sitja á hakanum. Nægir í því sambandi að nefna örlög Andrei Sakharovs og þeirra sem á síðasta áratug mynduðu samtök til að fylgjast með framkvæmd Helsinki-samkomulagsins innan Sovétríkjanna. Þessir einstaklingar voru miskunnarlaust þaggaðir niður og sendir í útlegð.

Við skulum líta ögn nánar á stöðu mannréttindamála í sumum ríkjanna. Andófsmenn þurfa að þola harðræði í þrælkunarbúðum eða á geðsjúkrahúsum. Í hvert skipti sem slíkum aðgerðum er mótmælt er skírskotað til „fullréttis". Þá eru það talin innanríkismál þegar einstaklingar vilja flytja úr landi, en fá ekki. Í augum Íslendinga eru þetta dæmi um mannréttindabrot og mannréttindi eiga sér engin landamæri. Orð fá aldrei brúað þetta hyldýpi, þar megna verkin ein að skapa aukið traust."

Enn fremur sagði ég í ræðunni:

„Innan Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu þarf að fara fram mikið starf er tekur mið af jafnvægi einstakra þátta Helsinki-samkomulagsins. Það þarf að auka mannréttindi, en það þarf líka að huga að öðrum þáttum, sem minni gaumur hefur verið gefinn að til þessa. Ég vil nefna í þessu sambandi umhverfismálin, en af nógu er að taka. Sérstaklega er mikilvægt að þjóðir okkar sameinist um leiðir til að fyrirbyggja mengun andrúmsloftsins og hafsins. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að skila komandi kynslóðum hreinu umhverfi og farsælli framtíð."

Fyrstu lotu Vínarfundarins lauk 19. desember, en önnur lota hófst 27. janúar s.l. Segja má að fyrsta lota Vínarfundarins hafi verið samfelld umræða eða eins konar uppgjör lýðræðisríkjanna við kommúnistaríkin um mannréttindi. Var þetta líkast til ein þyngsta og áhrifamesta atlaga gegn kommúnistaríkjunum á sviði mannréttinda sem gerð hefur verið, enda tækifærið þannig, líkt og í Belgrad og Madrid, að prófa mátti lið fyrir lið allt það sem þau sjálf höfðu lofað með undirskrift í Helsinki 1975.

Viðbrögð Sovétmanna voru nú önnur en áður. Venjulega hafa þeir sagt að þetta væru óþolandi afskipti af innanríkismálum þeirra, en nú hlustuðu þeir og sögðu að nýjar reglur

um veitingu leyfa fyrir fólk til að flytjast úr landi væru í burðarliðnum. Gagnrýndu þeir vestræn ríki, einkum Bandaríkin og Bretland, fyrir ástand mannréttindamála í þeim ríkjum. Eftir því sem á fundinn leið fóru að berast fregnir af því að Sovétríkin hefðu veitt tilteknum andófsmönnum frelsi. Hámarki náðu þessar tilslakanir þegar Andrei Sakharov var leyft að fara til Moskvu. Á hinn bóginn varpaði það skugga á aðgerðir Sovétmanna að Anatoli Marchenko lést við ömurlegar aðstæður í fangelsi í Moskvu.

II. Alþjóðastofnanir og svæðasamvinna.

1. Sameinuðu þjóðirnar og ýmsar sérstofnanir þeirra.

1.1. 41. allsherjarþingið.

Fjárhagskreppa Sameinuðu þjóðanna hvíldi sem mara yfir 41. allsherjarþinginu og raunar yfir 40. þinginu líka, en þingið var kallað saman til aukafunda um efnahagsvandann tvívegis á s.l. vori. Nánar verður vikið að þeim málum hér á eftir. Þrátt fyrir efnahagsvanda samtakanna voru haldin tvö aukaallsherjarþing á s.l. ári, þau 13. og 14. í röðinni. Hið fyrra fjallaði um efnahagskreppu Afríku. Vesturlönd og Afríkuríki náðu samkomulagi um ráðstafanir til hjálpar Afríkuríkjum og var ályktun þingsins samþykkt einróma. Hið síðara fjallaði um Namibíu. Ályktun um ástandið þar var samþykkt, en nær öll Vesturlönd, þar á meðal Norðurlönd öll, sátu hjá við atkvæðagreiðslu vegna óbilgjarns orðalags ályktunarinnar.

Af þeim hundruðum ályktana og samþykkta, sem 41. þingið gerði, skal hér aðeins drepið á örfáar þeirra, en að öðru leyti vísast til skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um þátttöku Íslands í 41. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, 16. september til 18. desember 1986.

Eins og á undanförnum þingum samþykkti allsherjarþingið ályktanir um brottflutning erlendra herja frá Afganistan og Kampútseu með miklum meiri hluta. Engin teljandi hreyfing komst á önnur ófriðarmál sem verið hafa til umræðu hjá Sameinuðu þjóðunum árum saman, t.d. stríðið milli Írans og Íraks, Kýpurmálið, ástandið í Mið-Austurlöndum, Mið-Ameríku og Suður-Afríku. Eins og undanfarin ár fluttu Norðurlönd ályktunartillögu um kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar sem samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta.

Ísland ásamt öðrum Norðurlöndum greiddi atkvæði með tveimur tillögum um Nikaragúa. Í annarri tilögunni er harmað viðskiptabann Bandaríkjanna á Nikaragua, en í hinni eru þau hvött til þess að hlíta dómi Alþjóðadómstólsins og láta af hernaðaraðgerðum gegn Nikaragúa.

Samþykkt var tillaga Bandaríkjanna um að eignarréttur teljist til grundvallarmannréttinda og sé mikilvægur fyrir efnahagsþróun ríkja. Sovétríkin og 40 fylgiríki þeirra greiddu atkvæði gegn tillögunni. Enn fremur var samþykkt einróma tillaga Bandaríkjanna um mikilvægi einkaframtaks í efnahagsþróun þróunarlandanna. Ísland var meðflytjandi að þeirri tillögu.

Samþykkt var ályktun þar sem ríki eru hvött til þess að gerast aðilar að og fullgilda hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nú hafa 32 ríki fullgilt samninginn, þar á meðal Ísland, en 60 ríki þurfa að fullgilda hann svo að hann öðlist gildi.

Samþykkt var yfirlýsing um félagslegar og lögfræðilegar grundvallarreglur um vernd og velferð barna, með sérstöku tilliti til fósturs og ættleiðingar.

Hans G. Andersen, fastafulltrúi Íslands, flutti þingskapatillögu f.h. Norðurlanda að vísa frá tillögu Arabaríkja um synjun samþykktar kjörbréfs Ísraels. Tillaga Íslands var samþykkt með 82 atkvæðum gegn 40 en 12 sátu hjá.

Perez de Cuéllar var endurkjörinn aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna til fimm ára.

Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins, var kjörinn til setu í þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna (International Law Commission).

1.2. Fjárhagsvandi Sameinuðu þjóðanna.

Sameinuðu þjóðirnar hafa um langt skeið átt við alvarlegan fjárhagsvanda að stríða vegna vangreiddra skylduframlaga aðildarríkjanna. Sovétríkin voru stærsti skuldarinn um árabil. Á árinu 1985, eftir að lög voru samþykkt í bandaríska þinginu sem skertu verulega skylduframlag Bandaríkjanna til Sameinuðu þjóðanna, urðu Bandaríkin stærsti skuldarinn. Í lok þess árs skulduðu Bandaríkin 85,5 milljónir bandaríkjadala, en Sovétríkin 40,8 milljónir.

Ástæðan fyrir lagasetningu Bandaríkjaþings var m.a. óánægja með að Vesturlönd, sem greiða þrjá fjórðu hluta útgjalda Sameinuðu þjóðanna, hafa aðeins 15% atkvæða í allsherjarþinginu sem samþykkir fjárlög samtakanna. Ríkin, sem minnst greiða til samtakanna, hafa því nær óskorað vald við ákvörðun útgjalda Sameinuðu þjóðanna. Í lok ársins 1985 samþykkti 40. allsherjarþingið ályktun um skipan 18 manna sérfræðinganefndar til að gera tillögur um lausn fjárhagsvanda samtakanna og bættan rekstur þeirra. Formaður nefndarinnar var Tom Vraalsen, fastafulltrúi Noregs. Þingið fjallaði á löngum fundum um tillögur nefndarinnar sem fólu í sér verulegan sparnað og hagræðingu í rekstri samtakanna, þar á meðal fækkun starfsfólks um 15% á næstu árum og fækkun yfirmanna í æðstu stöðum um fullan fjórðung. Það var ekki fyrr en á síðustu fundum þingsins að forseta þess tókst að ná samkomulagi sem aðilar gátu sætt sig við, sumir með nokkurri ólund. Mikilvægasta atriði samkomulagsins felst í því að nefnd, sem fjallar um framkvæmd starfsáætlana samtakanna (Committee for Programme and Co-ordination), skal taka samhljóða ákvarðanir og fá Bandaríkin og önnur aðildarríki í nefndinni þar með neitunarvald í fjármálum stofnunarinnar.

Fulltrúar Bandaríkjanna hafa nú lýst yfir að þeir muni leitast við að fá greiðsluheimild frá Bandaríkjaþingi til þess að greiða vangreiddan hluta skylduframlags Bandaríkjanna fyrir árið 1986 að upphæð 105 milljónir dollara. Skylduframlag Bandaríkjanna nemur 25% af heildarútgjöldum Sameinuðu þjóðanna. Gera menn sér nú vonir um að betri heimtur verði á skylduframlögum aðildarríkjanna. Norðurlöndin sýndu öðrum aðildarríkjum gott fordæmi með því að greiða skylduframlög sín fyrir árið 1987 til samtakanna þegar í fyrstu viku janúar s.l. Fjárhagsvandi Sameinuðu þjóðanna speglar í raun veika stöðu þeirra almennt. Því neyðarástandi, sem ríkt hefur undanfarin missiri, hefur þó verið aflétt að sinni þótt segja megi að stofnunin eigi enn eftir að koma fjárhagsmálum sínum á traustan og varanlegan grundvöll.

1.3. Efnahags- og félagsmálaráðið, ECOSOC.

Ísland var í fyrsta sinn kjörið í Efnahags- og félagsmálaráðið 1984 og tók sæti í ráðinu í janúar 1985. Kjörtímabili Íslands lýkur við lok þessa árs. Í ráðinu eiga sæti 54 ríki, þar af 13 ríki á Vesturlöndum. Þrjú norræn ríki eiga nú sæti í ráðinu, þ.e. Danmörk, Noregur og Ísland.

Efnahags- og félagsmálaráðið heldur árlega tvo fundi sem standa í 3–4 vikur hvor. Vorfundur er haldinn í New York en sumarfundur í Genf.

Á vorfundinum í fyrra var einkum fjallað um mannréttindamál og voru samþykktar ályktanir og ákvarðanir um mannréttindamál sem áður höfðu hlotið afgreiðslu í Mannréttindaráðinu (Human Rights Commission). Þá voru framlengd umboð sérstakra fulltrúa, sem skipaðir hafa verið, til að fylgjast með ástandi mannréttinda í Chile, Íran, El Salvador,

Afganistan og Guatemala. Enn fremur voru skipaðir nýir fulltrúar til að rannsaka aðgerðir ríkisstjórna sem þykja brjóta í bága við yfirlýsinguna um trúfrelsi. Fíkniefnanefnd Sameinuðu þjóðanna gerði grein fyrir undirbúningi alþjóðlegs ráðherrafundar um fíkniefnamál sem haldinn verður í Vínarborg í júní n.k.

Á sumarfundi ECOSOC, sem einkum fjallaði um efnahagsmál, var samþykkt stefnumótandi ályktun um hin fjölþættu störf stofnana Sameinuðu þjóðanna að þróunarmálum, en þau eru tekin til umfjöllunar og endurskoðunar í Efnahags- og félagsmálaráðinu þriðja hvert ár.

1.4. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

Í ársbyrjun 1986 kom til framkvæmda úrsögn Bretlands og Singapúr úr UNESCO, ári síðar en Bandaríkin höfðu sagt skilið við stofnunina. Engin önnur aðildarríki tilkynntu hins vegar úrsögn á árinu.

Framkvæmdastjórn UNESCO fjallaði um fjölmörg mál. Sérnefnd stjórnarinnar, sem fulltrúi Íslands á sæti í, fylgdist með framgangi þeirra umbóta á starfi stofnunarinnar sem stjórnin hafði samþykkt haustið 1984 að beita sér fyrir. Taldi nefndin að ýmislegt hefði áunnist, t.d. hefði mat á árangri starfsþátta stofnunarinnar verið fært í nútímalegra horf, en aftur á móti þyrfti að herða róðurinn á öðrum sviðum, einkum í upplýsingamiðlun og starfsmannastjórn. Þá gerði framkvæmdastjórn rækilega samþykkt um hver skyldu vera meginatriði frumvarps aðalforstjóra í starfsskrá og fjárhagsáætlun UNESCO fyrir árin 1988–1989, svo og um frumundirbúning starfsskrár stofnunarinnar fyrir árin 1990–1995.

Norðurlönd tóku virkan þátt í þessu starfi, en fulltrúar þeirra í framkvæmdastjórn eru Ísland og Svíþjóð. Má nefna hér sem dæmi norrænar tillögur, sem framkvæmdastjórn féllst á, um eflingu starfs UNESCO í baráttu gegn ólæsi í heiminum. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember ályktun þar sem lýst var yfir alþjóðlegum áratug menningarþróunar sem haldinn yrði á vegum Sameinuðu þjóðanna og UNESCO árin 1988–1997.

Hinn 6. október 1986 tilkynnti Amadou-Mahtar M'Bow, aðalforstjóri UNESCO, að hann mundi ekki sækjast eftir endurkjöri þegar öðru kjörtímabili hans lýkur haustið 1987. Er undirbúningur að kosningu aðalforstjóra fyrir tímabilið 1987–1993 þegar hafinn. Veltur vitaskuld á miklu að þar takist giftusamlega til og þurfa Norðurlönd að fylgjast vel með því máli.

1.5. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO.

Þriggja ára kjörtímabili Íslands í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO lauk á miðju ári 1986. Samkvæmt skiptivenju Norðurlandanna er Svíþjóð nú í framboði til kjörs í framkvæmdastjórnina og bendir allt til þess að Svíþjóð verði kjörin á komandi alþjóðaheilbrigðisþingi í maí n.k. Samskipti Íslands við WHO hafa aukist verulega undanfarin ár, bæði með þátttöku starfsmanna WHO í verkefnum hér innanlands og svo með því að sérfræðingar frá Íslandi eru boðnir til tímabundinna starfa að hinum ýmsu verkefnum.

Dr. Jo E. Asvall kom í opinbera heimsókn til Íslands í mars 1986 og kynnti þá ríkisstjórninni, alþingismönnum og starfsmönnum í heilbrigðisþjónustunni áætlun og sérstök markmið WHO í Evrópu til næstu aldamóta. Sem liður í heimsókn dr. Asvalls var haldinn fundur fulltrúa heilbrigðisyfirvalda í Evrópu um átak til útbreiðslu þekkingar meðal almennings um forvarnarstarf. Í framhaldi af heimsókn dr. Asvalls ákvað ríkisstjórnin að gera áætlun um forvarnarstarf í heilbrigðismálum í samræmi við stefnu WHO um „Heilbrigði allra árið 2000“ (HFA 2000).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sat 39. alþjóðaheilbrigðisþingið í maí s.l. ásamt embættismönnum. Ráðherra flutti þar ávarp þar sem vakin var sérstök athygli á mikilvægi forvarnarstarfs. Jafnframt greindi hún frá brýnni nauðsyn á alþjóðlegu viðvörunarkerfi vegna efna- og kjarnorkuslysa, en slysið í Chernobyl kjarnorkuverinu var ofarlega í hugum manna á þessu þingi sem haldið var tveimur vikum eftir slysið.

1.6. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA.

Stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er í höndum aðalfundar sem haldinn er árlega. Milli aðalfunda fer stjórnarnefnd með stjórnina. Í nefndinni eiga nú sæti 35 aðildarríki, en þau eru alls 113. Norðurlöndin hafa hin síðari ár yfirleitt átt tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Ísland hefur ekki átt þar sæti þar sem seta þar krefst mikillar vinnu og góðrar aðstöðu heima fyrir og í Vínarborg. Náið samband og samráð hefur jafnan verið milli Norðurlandanna, bæði á aðalfundunum og utan þeirra.

Markmið IAEA er að efla friðsamleg not kjarnorku og tryggja að aðstoð, sem stofnunin veitir, verði ekki notuð í hernaðarlegum tilgangi. Viðamestu starfssvið eru hagnýting kjarnfræða (í landbúnaði, læknisfræði, iðnaði, jarðvísindum, eðlisfræði og efnafræði) með um 35% af heildarútgjöldum og öryggiseftirlit með um 25%. Öryggiseftirlitið miðar að því að tryggja að kjarnkleyf efni, þjónusta og tækjabúnaður, sem stofnunin lætur í té, verði ekki notuð í hernaðarskyni. Stofnunin hefur í vaxandi mæli tekið að sér slíkt eftirlit með starfsemi ríkja á sviði kjarnorku, en aðeins samkvæmt beiðni ríkjanna sjálfra. Öryggiseftirlitið gegnir lykilhlutverki í viðleitni til að hindra dreifingu kjarnavopna og tengist þannig NPT-samningnum (Non-Proliferation Treaty). Önnur starfssvið eru viðaminni. Kjarnorkuvinnsla tekur um 9% og öryggi kjarnorkuvera og geislavarnir um 8% af heildarútgjöldum.

Tækniaðstoð og tæknisamvinna á hinum ýmsu starfssviðum er mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Til þessa þáttar fer rúmur fjórðungur af heildarútgjöldunum. Ísland hefur fengið verulega tækniaðstoð frá stofnuninni, samtals 823 500 bandaríkjadala á tímabilinu 1957–1986. Þessi upphæð skiptist þannig: 604 800 hafa farið til tækjakaupa, 144 900 til ýmissa námsstyrkja og 73 800 til erlendrar sérfræðiaðstoðar. Auk þessa hafa íslenskar stofnanir fengið styrki gegnum svokallaða rannsóknarsamninga.

Í kjölfar kjarnorkuslyssins í Chernobyl 26. apríl 1986 beindist athyglin mjög að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Þetta var í fyrsta skipti sem áhrifa slyss í kjarnorkuveri gætti utan landamæra þess ríkis þar sem slysið varð. Sovétmenn afþökkuðu boð annarra ríkja um aðstoð, en buðu aðalforstjóra IAEA, dr. Hans Blix, að koma til Sovétríkjanna ásamt tveimur sérfræðingum frá stofnuninni. Var þeim gerð ítaleg grein fyrir ástandinu eftir slysið og gefinn kostur á að kynna sér aðstæður á slysstaðnum. Þetta sýndi að Sovétmenn báru traust til stofnunarinnar og varð það henni til mikils álitsauka. Að ósk IAEA fóru Sovétmenn að senda daglega til IAEA upplýsingar um geislavirkni á nokkrum stöðum í vesturhluta Sovétríkjanna sem IAEA sendi áfram til meðlima sinna. Sovésk yfirvöld kváðust einnig reiðubúin til að veita allar þær upplýsingar, sem fyrir lægju um slysið, á fundi innan IAEA þar sem reynt skyldi að komast að orsökum og gangi slyssins og rekja afleiðingar þess. Fundur þessi var haldinn í lok ágúst 1986 í aðalstöðvum IAEA í Vínarborg og sátu hann um 500 sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum. Fundur þessi var enn eitt dæmi um gagnsemi IAEA og mikilvægi á þessu sviði.

Stjórnarnefnd IAEA var kölluð saman til aukafundar 21. maí 1986, að ósk Vestur-Þjóðverja, til að ræða slysið í Chernobyl og afleiðingar þess og hugsanlegar aðgerðir IAEA til að bæta alþjóðasamvinnu um öryggi kjarnorkuvera. Sérfróðum fulltrúum frá aðildarríkjum IAEA var falið að semja drög að tveimur alþjóðasáttmálum um skjóta tilkynningu um kjarnorkuslys og um aðstoð vegna kjarnorkuslysa eða hættuástands vegna geislunar.

Jafnframt var ákveðið að kalla saman sérstakan aðalfund IAEA 24. september 1986 til að fjalla um þessi drög. Á þeim fundi voru þessir tveir sáttmálar samþykktir og 51 ríki undirritaði þá. Ísland undirritaði með fyrirvara um staðfestingu eins og flest ríkin gerðu.

Þessir sáttmálar eru mikilvæg skref í átt að því að draga úr áhrifum kjarnorkuslysa. Stofnunin hefur einnig snúið sér að því að reyna að tryggja að ekki verði slys. Á 31. aðalfundi IAEA, sem haldinn var strax á eftir sérstaka fundinum, var samþykkt áætlun um verulega aukningu á starfsemi stofnunarinnar á sviði öryggismála. Þó að hvert ríki verði áfram ábyrgt fyrir öryggi eigin kjarnorkuvera verður hlutverk stofnunarinnar í æ ríkara mæli að koma á alþjóðlegum stöðlum og eftirliti með þjálfun starfsliðs, hönnun og rekstri kjarnorkuvera.

2. Atlantshafsbandalagið, NATO.

Nú eru liðin hartnær 38 ár frá stofnun Atlantshafsbandalagsins og reynslan hefur sannað að það hafi gegnt réttmætu ætlunarverki sínu á farsælan hátt. Bandalaginu hefur tekist að varðveita frið og frelsi í þeim heimshluta sem það tekur til. Stefna Atlantshafsbandalagsins hvílir í fyrsta lagi á því að halda uppi trúverðugum fælingarmætti sem m.a. byggist á sveigjanlegum herfræðilegum viðbrögðum. Það þýðir að öllum leiðum er haldið opnum varðandi andsvör við árás á eitt eða fleiri aðildarríki bandalagsins. Þannig mun bandalagið ekki lýsa yfir fyrir fram hvernig árás yrði svarað. Hins vegar á sérhverjum andstæðingi að vera ljóst að bandalagsríkin muni gera það sem nauðsyn krefur, þar á meðal hugsanlega að nota kjarnavopn til þess að yfirbuga árásaraðila og koma friði á að nýju. Í öðru lagi hefur Atlantshafsbandalagið stöðugt unnið að raunverulegri slökun, auknum og bættum samskiptum við þjóðir Varsjárbandalagsríkjanna og að afvopnun undir traustu eftirliti.

Er ég tók við embætti utanríkisráðherra var hálfnað kjörtímabil forvera míns sem heiðursforseta ráðs Atlantshafsbandalagsins. Gegndi ég því þeirri stöðu er utanríkisráðherrar NATO héldu vorfund sinn í Halifax 29.–30. maí í fyrra. Í ávarpi mínu við setningu fundarins komst ég m.a. svo að orði:

„Eftir síðari heimsstyrjöldina sáu vestrænar lýðræðisþjóðir sig tilneyddar til að sameinast gegn þeirri hættu, sem þeim stafaði af útþenslustefnu einræðisríkja. Tilgangurinn með stofnun Atlantshafsbandalagsins var að slá skjaldborg um hinn siðmenntaða heim og undirstöður hans, þar á meðal lýðræði, einstaklingsfrelsi, lög og rétt. Frá upphafi var bandalaginu því ekki aðeins ætlað að standa vörð um friðinn sem slíkan, heldur mun fremur um grundvallarhugsjónir. Í þessu felst að frelsi og sjálfsákvörðunarréttur þjóða eru skilyrði þess friðar, sem við æskjum. Skilningur þessi endurspeglast að mínu mati í samspili orðanna „friður og öryggi“ í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Tenging orðanna felur í sér að skilyrði öryggis séu ekki ávallt hin sömu og skilyrði friðar og að ekki sé víst að hið síðarnefnda vegi ávallt þyngra á metunum, ef velja þarf á milli. Svo sem kunnugt er, hefur Atlantshafsbandalagið marglýst því yfir, að það muni aldrei ráðast gegn öðrum ríkjum, nema á það hafi verið ráðist að fyrra bragði.“

Utanríkisráðherrafundir NATO eru haldnir tvisvar á ári, í desember í höfuðstöðvunum í Brussel og á vorin í bandalagsríkjunum til skiptis. Næsti vorfundur utanríkisráðherranna verður haldinn í Reykjavík 11.–12. júní n.k.

3. Evrópuráðið.

Segja má að starfsemi Evrópuráðsins á umliðnu ári hafi verið með hefðbundnum og nokkuð svipuðum hætti og áður. Á það einnig við um þátttöku í störfum þess af Íslands hálfu.

Í ráðherranefndinni voru sem fyrr til umræðu og afgreiðslu mál á fjölmörgum sviðum. Bar þar einna mest á mennta- og menningarmálum, þar með talin íþróttamál og stefnu-

mótun að því er tekur til reksturs útvarps- og sjónvarpsstöðva. Umhverfismál voru einnig mjög til umræðu og skipaður var nýr framkvæmdastjóri fyrir þá deild Evrópuráðsins sem fjallar um þennan málaflokk og hún jafnframt endurskipulögð. Eins og áður voru mannréttindamál mjög til umræðu, enda hefur Evrópuráðið, svo sem kunnugt er, mjög látið þau til sín taka og má hiklaust telja mannréttindanefndina og mannréttindadómstólinn með merkustu stofnunum á þessu sviði. Á Ísland að sjálfsögðu fulltrúa bæði í nefndinni og dómstólnum sem taka virkan þátt í störfum þeirra.

Utanríkisráðherrar aðildarríkjanna eða fulltrúar þeirra komu saman til fundar tvisvar sinnum á árinu, svo sem venja er. Ræddu þeir þá eins og áður fyrst og fremst ástand í alþjóðamálum og á sviði stjórnmála innan Evrópu, auk ýmissa annarra og sérhæfðari mála. Þá varð talsverð umræða um vaxandi samvinnu Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins, en árið áður hafði ráðherranefndin samþykkt ályktun um samvinnu þessara stofnana beggja sem báðar starfa oft og einatt að sömu eða svipuðum verkefnum. Nú þegar 12 af 21 aðildarríki Evrópuráðsins hafa einnig öðlast fulla aðild að EB er meiri þörf á því en áður að þessar stofnanir hafi samráð sín í milli. Flestir eru sammála um að slík samvinna sé æskileg og óhjákvæmileg, en samt er ekki laust við að vart hafi orðið við nokkurn ótta um að EB fikri sig æ meir yfir á starfssvið Evrópuráðsins. Einkum á það við um fulltrúa þeirra landa innan Evrópuráðsins sem ekki eiga aðild að EB.

Á árinu var á vegum Evrópuráðsins efnt til nokkurra ráðstefna ráðherra sem fara með sérstaka málaflokka, svo sem íþróttamál, fjölmiðlamál og menntamál. Létu þær frá sér fara ýmsar merkar ályktanir. Í desembermánuði var síðan efnt til ráðstefnu dómsmálaráðherra Evrópuráðslandanna um samvinnu þeirra í baráttunni gegn hryðjuverkum. Sótti dómsmálaráðherra Íslands þá ráðstefnu. Þótti hún takast mjög vel og marka merkilegt spor í átt til aukinnar samvinnu í milli Evrópulanda í baráttunni gegn vaxandi hryðjuverkastarfsemi.

4. Norðurlandasamvinna.

Hið margslungna og nána samstarf Norðurlanda er á alþjóðlegum vettvangi oft nefnt sem dæmi um hvernig nágrannasamskipti ríkja geta best orðið. Til þess er gjarnan vitnað sem hvatningar til þjóða um að búa saman í sátt og samlyndi.

Margt er það sem bindur Norðurlöndin traustum böndum. Þau eru, að undanskildu Finnlandi, byggð þjóðum sem tala mjög skyld tungumál. Menning þeirra og saga hefur um aldir verið samofin. Það er hins vegar ekki fyrr en á síðustu áratugum að norræn samvinna fór að þróast með þeim hætti sem við þekkjum. Norðurlandaráð var formlega stofnað 1953, en það er samstarfsvettvangur þjóðþinganna. Íslandsdeild Norðurlandaráðs gefur út skýrslu um málefni ráðsins og þingmenn fá enn fremur skýrslur um málefni ráðsins og um störf samstarfsráðherra Norðurlanda. Vísast hér til þeirra um nánari frásagnir.

Á utanríkisráðherrafundum Norðurlanda, sem haldnir eru tvisvar á ári, er fjallað um alþjóðamálefni, ekki síst þau sem tekin eru fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Næsti fundur norrænu utanríkisráðherranna verður haldinn í Reykjavík 25.–26. mars n.k.

Náið samstarf milli embættismanna norrænu utanríkisráðuneytanna, milli fastanefnda þeirra hjá alþjóðastofnunum og starfsmanna norrænna sendiráða gera hinni fámennu íslensku utanríkisþjónustu kleift að sinna mikilvægum verkefnum sínum betur en ella. Það er hins vegar svo að ekki fellur nema lítill hluti norrænnar samvinnu undir utanríkisráðuneytið. Að þeirri samvinnu vinna öll ráðuneytin beint, t.d. hvað varðar sameiginlegan vinnumarkað, sameiginlegt tryggingakerfi, gagnkvæm námshlunnindi, orku- og umhverfismálasamstarf, Norræna fjárfestingabankann, Norrænu eldfjallastöðina, Norrænu iðnþróunarstofnunina, Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, svo að fátt eitt sé nefnt. Flestar íslenskar stofnanir og frjáls samtök hafa og samstarf við norrænar systurstofnanir og samtök.

4.1. Grænland.

Grænlenska heimastjórnin hefur nú tekið i eigin hendur verulegan hluta af innanlandsmálum Grænlands. Á þessu ári tekur hún til viðbótar við stjórn Grænlensku tæknistofnunarinnar (GTO), en sú stofnun hefur m.a. haft með höndum íbúðabyggingar, orkumál, vegalagningar, hafnarmál og fjarskipti, og á næsta ári er líklegt að Grænlendingar taki við stjórn heilbrigðismálanna. Sennilegt er, að eftir það verði Grænlandsmálaráðuneytið í Kaupmannahöfn lagt niður.

Viðskipti milli Íslands og Grænlands hafa aukist nokkuð. Meðal annars hafa verið seld frá Íslandi til Grænlands veiðarfæri, fiskkassar, fiskmjöl o.fl. Á milli iðnaðardeildar Sambands ísl. samvinnufélaga á Akureyri og grænlenskra aðila tókust á s.l. ári samningar um samvinnu, m.a. varðandi byggingu nýrrar sútunarverksmiðju í Qaqurtoq (Julianehaab). Verið er að kanna möguleika á kaupum á kvarsi frá Grænlandi fyrir járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, og einnig eru í athugun möguleikar á sölu á sementi og öðru byggingarefni til Grænlands.

Í maímánuði kom til Íslands hópur landsþingmanna frá Grænlandi í boði Alþingis og var hér í fimm daga. Slíkt boð hafði verið ítrekað nokkrum sinnum á undanförnum árum, en ekki getað orðið af heimsókninni fyrr en nú.

Vestur-norræna samvinnan mun styrkjast við það, að á árinu 1986 var endanlega gengið frá stofnun Hins norræna þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland. Hinn 20. ágúst s.l. hittust á Þingvöllum stjórnarformenn landanna þriggja, Steingrímur Hermannsson, Jonathan Motzfeldt og Atli Dam, til að ræða sameiginleg vandamál.

Á undanförnum árum hafa Grænlendingar haft leyfi til að landa afla á Íslandi. Ekki hefir verið gerður formlegur samningur um tilhögun þessara landana og hefir heimildin verið framlengd til eins árs í senn. Um s.l. áramót var löndunarheimild Grænlendinga ekki framlengd og Grænlendingum tilkynnt að við óskuðum að hafa sem allra fyrst viðræður við þá um sameiginlega fiskstofna og landanir á Íslandi. Viðræður embættismanna fóru síðan fram í Reykjavík 24.–25. janúar s.l. og tóku þátt í þeim tveir embættismenn grænlensku heimastjórnarinnar og fulltrúi danska utanríkisráðuneytisins.

Að því er fiskstofna snertir var fyrst og fremst rætt um rækju, karfa og loðnu. Ýmsar tillögur voru settar fram og ræddar en engar niðurstöður fengust á fundinum, enda eru tveir þessara stofna sameiginlegir með þriðja aðila, þ.e. loðnan með Norðmönnum og karfinn með Færeyingum. Samkomulag var um nauðsyn á frekari rannsóknum á áðurnefndum fiskstofnum og ákveðið var að halda árlega tvíhliða fundi Íslendinga og Grænlendinga og að hafa sem fyrst viðræður við Norðmenn og Færeyinga um hina sameiginlegu stofna.

Utanríkismálanefnd Alþingis var skýrt frá viðræðunum og 27. janúar ákvað ríkisstjórnin að framlengja veiðiheimildir Grænlendinga á Íslandi til 1. júlí 1987.

5. Samstarf Evrópuþjóða á sviði vísinda og tækni, EUREKA.

Á undanförnum árum hefur stórlega vaxið áhugi á samvinnu milli landa um rannsóknir og þróunarstarfsemi. Lengi hefur verið samvinna um almenn atriði stefnumörkunar á sviði vísinda t.d. á vettvangi OECD sem Íslendingar hafa m.a. haft gagn af. Sömuleiðis hafa ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna stuðlað að samráði um rannsóknir, sérstaklega í þágu þróunarlanda. Aukinn áhugi síðari ára beinist hins vegar í meira mæli að samvinnu um afmörkuð rannsóknarverkefni, skipti á vísindamönnum og flutning tækniþekkingar milli landa.

Merkilegt má telja að áhuginn á samvinnu á þessu sviði vex samhliða því að samkeppni milli landa á viðskiptasviðinu harðnar. Skýringin er sú að engin ein þjóð getur nú orðið ráðið yfir allri nauðsynlegri vísinda- og tækniþekkingu til að tryggja alhliða efnahags- og þjóðfélagsframfarir. Allir sjá sér því hag í að eiga samskipti við aðrar þjóðir á þessu sviði.

Margar þjóðir kappkosta að gera tvíhliða samninga um vísinda- og tæknisamstarf en annars staðar er um fjölhliða samstarf að ræða. Síðar nefnda formið er algengast innan Vestur-Evrópu. Samstarf Norðurlanda á því sviði er vel þekkt og eru rannsóknir og þróunarstarfsemi mjög ríkur þáttur í öllu samstarfi á vegum Norðurlandaráðs. Er nú m.a. stefnt að því að efla það með sameiningu NORDFORSK og Norræna iðnaðarsjóðsins í eina öfluga stofnun sem á að hafa frumkvæði um samvinnu, skipuleggja hana og fjármagna. Efnahagsbandalagið hefur á sínum vegum fjölmargar samvinnuáætlanir um rannsóknir og þróunarstarfsemi sem að hluta eru kostaðar af sameiginlegum sjóðum.

Á sameiginlegum ráðherrafundi EFTA- og EB-landa í Luxemborg árið 1984 var ákveðið að stórauka samvinnu milli EFTA-landa og Evrópubandalagsins, m.a. með því að opna EFTA-löndum aðgang að rannsóknaáætlunum bandalagsins. Hafa öll EFTA-löndin nú óskað eftir eða þegar lokið við rammasamninga við EB sem kveða á um almennar forsendur þess samstarfs. Jafnframt þarf svo að gera sérstaka samninga um aðild EFTA-landanna að einstökum áætlunum sem fjármagnaðar eru úr sjóðum bandalagsins. Þá þarf að semja um framlög viðkomandi landa til þess sameiginlega sjóðs sem ætlað er að fjármagna viðkomandi áætlun.

Ísland hefur óskað eftir rammasamningi við Evrópubandalagið og jafnframt aðild að svokallaðri „hvataáætlun“ (Stimulation Programme). Í henni er gert ráð fyrir að styrkja verkefni sem byggjast á samvinnu vísindamanna eða vísindastofnana í a.m.k. tveim löndum, t.d. Íslandi og einu EB-ríkjanna. Ætti það að geta gagnast íslenskum aðilum vel því verkefni má velja efnislega innan víðs ramma á ýmsum sviðum grundvallarvísinda og hagnýtra rannsókna.

Nýjasti þátturinn í rannsóknasamstarfi Vestur-Evrópuríkja er EUREKA-áætlunin sem skipulögð var að frumkvæði Mitterands Frakklandsforseta og kynnt vorið 1985. Hugmyndin með EUREKA er að skapa sameiginlegan evrópskan starfsvettvang fyrir vísinda- og tækniþekkingu og sameiginlegan markað fyrir afrakstur rannsókna og þróunarstarfs innan álfunnar. Leggja á nýjar forsendur að samstarfi á þessu sviði með því að láta atvinnulífið sjálft velja rannsóknarverkefni í samræmi við markaðsforsendur og láta fyrirtækin síðan um að markaðssetja afrakstur samstarfsins og um leið ryðja úr vegi hindrunum fyrir markaðslegri og þekkingarlegri einingu Evrópu. Hlutverk stjórnvalda er aðeins að hjálpa til og styðja fyrirtækin í samstarfinu. Reiknað er með að hvert land styðji við fyrirtæki sín í samræmi við venjur og aðstæður, en ekki verði komið á sameiginlegum sjóði til að fjármagna og meta samstarfsverkefni.

Hugmynd Mitterands var svo vel tekið af ríkisstjórnum og forsvarsmönnum iðnaðar í Evrópu að innan hálfs árs var búið að samþykkja stofnskrá EUREKA og fyrstu 10 verkefnin komin af stað. Síðan hafa 109 verkefni verið samþykkt innan áætlunarinnar af 173 sem þegar hefur verið stungið upp á. Áætlaður kostnaður við verkefnin er yfir fimm milljarðar Evrópumynteininga (ECU).

Aðild að EUREKA-áætluninni eiga 19 Vestur-Evrópulönd auk Evrópubandalagsins sem á sjálfstæða aðild. Ísland var síðast til að leita eftir aðild og var það samþykkt á ráðherrafundi EUREKA í London 30. júní á s.l. ári og naut þar eindregins stuðnings hinna Norðurlandanna.

Þar sem EUREKA-áætlunin gerir sérstaklega ráð fyrir að smá og meðalstór fyrirtæki geti tekið þátt í samstarfi innan hennar og sum verkefni snúast um hagnýtingu nýrrar tækni á hefðbundnum sviðum var talið líklegt að Ísland gæti haft gagn af henni. Ríkisstjórnin ákvað að fela menntamálaráðuneytinu að hafa umsjón með aðild Íslands, en ráðuneytið fól síðan Rannsóknaráði ríkisins að sjá um framkvæmdaatriði og samræma upplýsingamiðlun og aðgerðir varðandi þátttöku í áætluninni. Hefur ráðið skipað samstarfsnefnd með aðild samtaka iðnaðarins, Háskóla Íslands og ýmissa ráðuneyta í þessu skyni.

Nýlega var EUREKA-áætlunin kynnt opinberlega hér á landi. Naut Rannsóknaráð þar aðstoðar frönsku EUREKA-skipuleggjendanna. Jafnframt var EUREKA-verkefnið ALIOS-fiskiskip 10. áratugarins kynnt fyrirtækjum sem framleiða tæki og búnað fyrir útgerð. Býðst Íslendingum nú formleg aðild að verkefninu sem Frakkland og Spánn hafa haft frumkvæði um. Hefur m.a. verið rætt um að íslensk fyrirtæki og Háskóli Íslands taki að sér forystu um þróun tölvu- og upplýsingakerfa til nota um borð í fiskiskipum. Í athugun er aðild Íslendinga að fleiri verkefnum innan EUREKA.

Með aðild að EUREKA-verkefnum ættu íslensk fyrirtæki í samstarfi við erlend fyrirtæki að geta tekist á við umfangsmeiri þróunarverkefni en ella og fá aðgang að stórum markaði og kynningu sem gæti reynst ómetanleg til að ná markaðsfótfestu. Að öðru leyti veitir EUREKA-aðildin aðgang að upplýsingum um mikinn fjölda verkefna á fremsta stigi tækniþróunar og gerir kröfur til þátttakenda um öguð og skipuleg vinnubrögð sem stuðlað gætu að örari tækniþróun hér á landi.

III. Málefni fjarlægra heimshluta.

1. Afríka.

Alvarlegasta vandamál flestra Afríkuríkja um þessar mundir er mikil kreppa í efnahags- og atvinnulífi. Almennt neyðarástand í álfunni var tilefni sérstaks aukafundar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna er boðað var til í maí 1986 þar sem ríkisstjórnir margra Afríkuríkja sýndu fram á vaxandi vilja til að takast á við efnahagskreppuna. Nokkuð hefur dregið úr miðstýringu hins opinbera auk þess sem ríkisstjórnir hafa lýst sig fúsar til samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um aðgerðir í efnahagsmálum. Gjaldeyrisöflun flestra ríkja álfunnar hvílir að mestu á útflutningi einhæfrar framleiðsluvöru, oft lítt unninna hráefna, og því er efnahagslíf þeirra viðkvæmt fyrir verðsveiflum á heimsmarkaði. Á sama tíma og þjóðartekjur margra Afríkuríkja rýrna eykst skuldabyrði erlendra lána. Einungis vaxtagreiðslur af erlendum lánum eru mörgum ríkjum ofviða.

Íslenskir útflytjendur skreiðar til **Nígeríu** hafa af eigin raun kynnst efnahagskreppu þeirri er nú ríkir í mörgum Afríkuríkjum. Í Nígeríu hefur stjórnarfar verið óstöðugt og stjórnarbyltingar tíðar. Verðhrun á heimsmarkaðsverði olíu hefur leitt til mikilla hafta í utanríkisviðskiptum landsins. Hefur íslenskum skreiðarútflytjendum gengið illa að fá að fullu greitt fyrir skipsfarma af skreið er samið hefur verið um sölu á við nígeríska innflytjendur.

Tekist hefur að mestu að útrýma örbirgð og hungurvofu í **Eþíópíu** og **Súdan** eftir langvarandi matvælaskort af völdum mikillar þurrkatíðar 1984 þar sem þúsundir manna dóu úr hungri. Enn vinna ríkisstjórnir og alþjóðlegar hjálparstofnanir mikið starf á þeim svæðum er verst urðu úti í þurrkunum. Þótt tekist hafi að mestu að sigrast á hungurvofunni blasir önnur ógn víða við. Mannskæðir sjúkdómar stofna lífi milljóna íbúa álfunnar í hættu. Sjúkdómurinn eyðni er þeirra ógnvænlegastur. Hvergi í veröldinni hefur eyðniveiran breiðst eins hratt út og í ríkjum **Austur-** og **Vestur-Afríku**.

Þrátt fyrir gífurlega fólksfjölgun er barnadauði í Afríku margfalt tíðari en í öðrum þróunarlöndum og helmingur vinnufærra manna er atvinnulaus eða hefur ónóga atvinnu.

Ekkert lát er á ofbeldisaðgerðum í **Suður-Afríku.** Minnihlutastjórn P.W. Botha hefur ekki hikað við að beita aukinni hörku hers og lögreglu gegn andófi blökkumanna. Fordæming umheimsins á aðgerðum minnihlutastjórnar hvítra vex stöðugt og að sama skapi einangrun Suður-Afríku í samfélagi þjóðanna. Rótgróin viðskiptalönd Suður-Afríku í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu hafa fordæmt aðskilnaðarstefnu stjórnvalda og beitt sér fyrir auknum efnahagslegum refsiaðgerðum í því skyni að knýja fram grundvallar-

mannréttindi til handa blökkum meiri hluta landsins. Mörg erlend stórfyrirtæki hafa á undanförnum mánuðum hætt starfsemi sinni í Suður-Afríku. Í kjölfar refsiaðgerða hefur mikill samdráttur orðið í efnahagslífi landsins og fólksflótti hvítra aukist. Á sama tíma leita suður-afrísk stjórnvöld sér nú nýrra viðskiptasambanda, einkum í Asíu. Utanaðkomandi þrýstingur virðist frekar hafa sameinað fylkingar hvítra og tvíeflt stjórnvöld fremur en aukið líkur á samningaviðræðum kynþáttanna um stjórn landsins. Í kjölfar blóðugra átaka og vaxandi spennu lýsti Suður-Afríkustjórn yfir setningu sérstakra neyðarástandslaga í júní síðastliðnum, en þá var þess minnst að tíu ár voru liðin frá fjöldamorðum lögreglu á blökkumönnum í Soweto. Í krafti neyðarástandslaganna voru þúsundir blökkumanna fangelsaðar án réttarhalda og stjórnvaldsaðgerðir einkenndust af vaxandi harðýðgi. Enn fremur er ritskoðun efld og frekari hömlur settar á starfsemi erlendra fréttastofa í landinu.

Afstaða íslenskra stjórnvalda til Suður-Afríku er í samræmi við samþykktir utanríkisráðherra Norðurlanda um frekari ráðstafanir gegn Suður-Afríku eftir fund þeirra í Kaupmannahöfn 13.–14. ágúst s.l. Þar undirstrikuðu utanríkisráðherrarnir enn frekar fordæmingu sína á aðskilnaðarstefnu minnihlutastjórnar hvítra og árásarhneigð gagnvart ríkjum blökkumanna í sunnanverðri Afríku. Einnig var ítrekuð samþykkt utanríkisráðherranna frá fundi þeirra í Osló 17. og 18. október 1985 um norræna áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku. Íslendingar líta svo á að kynþáttaaðskilnaðarstefna Suður-Afríkustjórnar brjóti í bága við mannréttindaákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna og vilja stuðla að því að horfið verði frá aðskilnaðarstefnunni með friðsamlegum hætti. Þess má geta að tillaga um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku var felld í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hinn 20. febrúar s.l., en Bretar og Bandaríkjamenn beittu neitunarvaldi.

En almenn þegnréttindi eru víðar fótum troðin í heimsálfunni. Flestir Afríkubúar hafa atkvæðisrétt, en í mörgum tilvikum geta þeir aðeins raðað atkvæði sínu á einn frambjóðanda. Á meðal fjörutíu stærstu blökkumannaríkja álfunnar umbera aðeins sjö starfsemi stjórnarandstöðuflokka. Í sautján þessara ríkja er aðeins leyfður einn stjórnmálaflokkur, flokkur valdhafanna, og í öðrum sautján eru herforingjar við völd.

Borgarastyrjöldin í **Angóla** virðist í sjálfheldu. Skæruliðum UNITA hefur þó nokkuð vaxið ásmegin á undanförnum mánuðum í baráttu sinni gegn ríkisstjórn marxista er nýtur stuðnings Kúbu og Sovétríkjanna. Sovétmenn hafa einnig dyggilega stutt við bakið á leppstjórnum sínum í **Eþíópíu** og **Mósambík**.

Herforingjastjórnin í **Súdan** efndi loforð sitt um almennar þingkosningar í landinu í apríl síðastliðnum. Borgarastríð setti þó svip sinn á kosningarnar og hamlaði framkvæmd þeirra í sumum héruðum. Í kjölfar kosninganna var myndað þjóðarráð er fer með stjórn landsins og fulltrúar fjögurra stærstu stjórnmálaflokkanna eiga þátt í.

Gaddafy leiðtogi **Líbýu** reynir að auka áhrif sín í álfunni með margvíslegu móti. Hersveitir Líbýumanna hafa átt aðild að átökum í **Chad** og **Súdan** þar sem þær hafa stutt við bakið á uppreisnaröflum. Slegið hefur í brýnu með sveitum Gaddafys og frönskum hersveitum sem staðsettar eru í **Chad** og **Mið-Afríkulýðveldinu.** Í kjölfar verðfalls á olíu hefur dregið úr möguleikum Líbýu á að afla sér áhrifa með efnahagsaðstoð til annarra Afríkuríkja. Meint aðild Líbýumanna að alþjóðlegri hermdarverkastarfsemi og loftárás Bandaríkjamanna á líbýsk skotmörk í apríl s.l. hefur að auki dregið úr áhrifum Líbýumanna í álfunni og aukið á tortryggni annarra Afríkuríkja í þeirra garð.

2. Mið- og Suður-Ameríka.

Illur efnahagur og ófriður hefur mjög markað þróun mála í Mið- og Suður-Ameríku undanfarin ár og er svo enn. Í þessum kringumstæðum hefur lýðræðislegt stjórnarfar átt örðugt uppdráttar. Lýðræðislegar kosningar og stjórnarskipti urðu þó í þremur ríkjum, **Kólombíu, Barbados** og **Dóminíska lýðveldinu.**

Lækkun olíuverðs hefur haft neikvæð áhrif á efnahagslíf **Mexíkó, Venesúela** og **Perú.** Aukið framboð á heimsmarkaði af landbúnaðarafurðum hefur haft sams konar áhrif á mörg önnur ríki svæðisins. Ríkisstjórnir landanna virðast í æ ríkara mæli gera sér grein fyrir ástæðum efnahagsvandans. Til að vinna bug á honum hafa þær meðal annars aukið samvinnu á ýmsum sviðum efnahagslífsins.

Óðaverðbólga einkennir efnahagslíf **Brasilíu** um þessar mundir, en 8% hagvöxtur og hagstæður viðskiptajöfnuður við útlönd gerði landinu kleift að standa í skilum við erlenda lánardrottna á síðasta ári. Lækkun á heimsmarkaðsverði olíu, helstu útflutningsvöru Mexíkó, hefur haft í för með sér að landið hefur ekki getað staðið í skilum við erlenda lánardrottna. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að hún hyggist vinna bug á efnahagsvandanum. Í því skyni hefur aðhald verið aukið í efnahagsmálum og landið opnað fyrir erlendri fjárfestingu.

Horfur eru betri í efnahagsmálum í **Chile** en þær hafa oft verið. Hagvöxtur var rúmlega 4% síðastliðið ár, verðbólga var á milli 15 og 20% og atvinnuleysi minnkaði. Ástandið er þó dökkt í innanlandsmálum. Ríkisstjórn Pinochets forseta lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir þrýsting frá Vesturlöndum um að taka upp lýðræðislegri og frjálslyndari stjórnarhætti. Mótmæli, sem hafa blossað upp öðru hvoru, hafa verið brotin á bak aftur. Ríkisstjórnin segir aðgerðirnar beinast gegn kommúnistum. Ljóst er að kommúnistar gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að auka spennu í landinu og til að fá ríkisstjórnina til að grípa til harðneskjulegra aðgerða gegn andstæðingum sínum. Tilgangurinn er að afla stefnu þeirra um vopnaða andstöðu gegn stjórninni fylgis og að útiloka að hægfara öfl komist til áhrifa í landinu.

Skæruliðar herja í ýmsum löndum svæðisins. Þar á meðal **Perú, Kólombíu** og **Equador.** Í **Perú** ber mest á samtökum maóista sem kalla sig „hina upplýstu leið". Hingað til hefur mest borið á aðgerðum þeirra í Suður-Perú þar sem talið er að þau beri ábyrgð á dauða þúsunda manna. Upp á síðkastið hafa þau látið á sér kræla í höfuðborginni Líma. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ríkisstjórn landsins ekki tekist að ráða niðurlögum samtakanna. Öfgafyllstur af fjölmörgum hópum í **Kólombíu** er „M19" sem hefur nána samvinnu við eiturlyfjasmyglara og alþjóðlega glæpahringi. Fátt bendir til að skæruhernaði linni í landinu. Þó að stjórnvöldum í **Equador** hafi tekist að halda niðri skæruhernaði að miklu leyti láta skæruliðahópar studdir af Líbýu og Kúbu sífellt á sér kræla.

Ófriðurinn í **El Salvador** dregst á langinn þrátt fyrir viðræður á milli stjórnar Duartes forseta og skæruliða. Þótt báðir aðilar kveðist tilbúnir að leysa deilur sínar við samningaborðið er óttinn við að vera í veikari stöðu hernaðarlega, þegar sest er við samningaborðið, nægur til að ófriðurinn heldur áfram. Mannréttindabrotum hefur heldur fækkað og aftökur án dóms og laga lagst af að mestu. Sömu sögu er þó ekki hægt að segja um pyntingar.

Í **Nikaragúa** virðist stjórn Sandinista vera föst í sessi. Í októbermánuði 1985 afnam stjórn Sandinista öll borgaraleg þegnréttindi í eitt ár og bar við að nauðsyn bæri til vegna utanaðkomandi afskipta af málefnum landsins. Níunda janúar s.l. var sett ný stjórnarskrá. Í samræmi við ákvæði hennar lýsti forseti landsins samdægurs yfir neyðarástandi og framlengdi þar með afnám þegnréttinda um óákveðinn tíma. Kaþólsku kirkjunni í landinu hefur verið gert erfitt um vik. Dagblöðum og útvarpsstöðvum hefur verið lokað, gefið að sök að ganga erinda Bandaríkjastjórnar. Í skýrslu útgefinni í febrúarmánuði 1986 gagnrýnir Amnesty International stjórn Sandinista í Nikaragúa og andstæðinga hennar fyrir mannréttindabrot. „Contra"-skæruliðar, sem herja í landinu með stuðningi Bandaríkjastjórnar, hafa hingað til mátt láta í minni pokann fyrir Sandinistum. Þessi hernaður hefur leitt til spennu á landamærum Nikaragúa og Hondúras og Nikaragúa og Costa Rica. Hersveitir Sandinista hafa elt skæruliða inn í þessi ríki. Efnahagur Nikaragua heldur áfram að versna og landið verður sífellt háðara erlendri efnahagsaðstoð. Í **Keesing's Record of World Events** (Nr.

8/1986) kemur fram að Líbýumenn hafa á laun gefið stjórn Sandinista 400 milljónir dollara í efnahagsaðstoð og að auki sent þeim ráðgjafa á ýmsum sviðum. Litlar líkur eru á bata í efnahagsmálum á meðan rúmlega helmingur ríkisútgjalda fer til hermála.

Sjónarmið íslenskra stjórnvalda í málefnum Mið-Ameríku hefur verið að þar sem annars staðar beri að leysa deilur á friðsamlegan hátt. Ísland hefur lýst yfir stuðningi við frumkvæði „Contadora-ríkjanna (Venesúela, Mexíkó, Kólombíu og Panama). Þessi ríki hafa reynt að koma á viðræðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Nikaragúa annars vegar og milli stjórnar Nikaragua og grannríkja þess hins vegar. Eins og mál standa nú virðist pólitískur vilji ekki fyrir hendi til að gera alvöru úr tillögunum. Veldur þar mestu djúpstæður ágreiningur stjórnar Sandinista annars vegar og stjórna annarra Mið-Ameríkuríkja hins vegar.

3. Austurlönd nær.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn í ágúst á síðasta ári var lögð áhersla á að ríki mættu ekki undir neinum kringumstæðum stofna því í hættu sem þegar hefði áunnist og umfram allt ætti að leita friðsamlegra lausna á vandamálum þeim sem herja á ríkin fyrir botni Miðjarðarhafs. Ástand mála í Austurlöndum nær hefur síst batnað að undanförnu og á olíuverðslækkunin, sem bitnað hefur illa á þeim ríkjum sem að miklu leyti byggja efnahag sinn á olíuvinnslu, sinn þátt í því.

Eftir að **Jórdaníumenn** létu af friðarumleitunum sínum, hefur bilið milli þeirra og Samtaka Palestínumanna (PLO) farið breikkandi. Stefna Jórdana hefur verið að styðja yfirráð Palestínumanna yfir vesturbakkanum, en Ísraelsmenn hafa þar öll ráð sem endranær.

Samskipti **Ísraelsmanna** og **Egypta** hafa skánað að undanförnu og átti lausn Tabadeilunnar á síðasta ári sinn þátt í því þó að enn beri mikið á milli þjóðanna.

Ekki bólar enn á stjórnmálalegri lausn þeirrar ömurlegu stöðu, sem nú er í **Líbanon,** og ræðast deiluaðilar varla við. Á síðasta ári hélt stjórn landsins einn fund, og á honum voru ekki samþykktar neinar tillögur sem leitt hefðu getað til sátta og tryggt öryggi óbreyttra borgara. Eitt áhyggjuefni er öllum, sem þarna eiga hlut að máli, sameiginlegt, en það er hnignun efnahagslífs í landinu sem auðveldar ekki lausn mála. Sýnt þykir að gæslulið Sameinuðu þjóðanna í suðurhluta Líbanon hafi stuðlað að friði, en á þeim svæðum hafa mikil átök verið. Talið er að brottflutningur gæsluliðsins úr þessum landshluta geti leitt til aukinnar spennu milli Múhameðstrúarmanna og Ísraela sem svo myndi leiða til stórfelldra átaka.

Þó að ríkisstjórnarskipti hafi orðið í **Ísrael** er víst að það mun ekki skipta sköpum innanlands. Líkud-bandalagið mun ekki hafa alla valdatauma í hendi sér og talið er að hin harða stefna, sem fylgt var á valdatímum Begins, muni varla eiga afturkvæmt.

4. Austurlönd fjær.

Ófriðarsvæðin í Austurlöndum eru hin sömu og fyrr: styrjöldin við Persaflóa heldur áfram, frelsissveitir berjast við heri Sovétmanna og leppstjórnarinnar í Afganistan, bardagar blossa stöðugt upp í Kampútseu og annað slagið eru mannskæð vopnaviðskipti á landamærum Kína og Víetnams.

Í styrjöld **Írana og Íraka** gengur á ýmsu. Fréttir af bardögum eru oft óljósar, en öllum kemur saman um að mannfall er gífurlegt. Sáttatilraunir hafa engan árangur borið. Írakar hafa lengi viljað semja frið og hafa boðist til að láta af öllum landakröfum en þeir telja sér ekki fært að ganga að skilyrðum Írans fyrir friði, sem m.a. fela í sér kröfu um að Hussein forseti fari frá völdum.

Í **Afganistan** hafa haldið áfram hörmungar þjóðarinnar. Nálega fimm milljónir manna eru landflótta, fyrst og fremst í Pakistan en einnig í Íran. Fyrir nokkru bauð núverandi

oddviti leppstjórnar Sovétmanna í Kabúl, Najibullah, foringjum frelsissveitanna vopnahlé, en þeir kváðust ekki ljá máls á vopnahléi fyrr en Sovétherinn væri farinn úr landinu. Najibullah lýsti þá yfir sex mánaða einhliða vopnahléi, en bardagar hafa haldið áfram. Þess hafa sést nokkur merki á undanförnum mánuðum að Sovétmenn séu fúsari en áður að fara með her sinn frá Afganistan. Viðræður hafa haldið áfram á ýmsum fundum í Genf með milligöngu Diego Cordovez aðstoðaraðalritara Sameinuðu þjóðanna um Afganistanmálið og einnig beinar viðræður milli Sovétmanna og Pakistana. En skilyrðin, sem Sovétmenn setja fyrir brottför herliðs þeirra, eru þess eðlis að ekki virðist ástæða til bjartsýni um skjóta lausn Afganistanmálsins.

Hinn 28. júlí s.l. flutti Sovétleiðtoginn Gorbachev ræðu í Vladivostok sem nokkra athygli vakti. Hinn minnti á að Sovétríkin væru ekki aðeins í Evrópu, heldur væru þau líka Asíu- og Kyrrahafsríki, og lýsti yfir vilja Sovétmanna til að hafa góða sambúð við önnur ríki í þeim heimshluta. Almennt er talið að ræðan hafi fyrst og fremst verið hugsuð sem liður í hinni áköfu viðleitni Sovétmanna til að bæta sambúðina við Kínverja. Gorbachev boðaði nokkra fækkun í Sovéthernum í Afganistan og í setuliði Sovétmanna við kínversku landamærin í Mongólíu. Hvorugt er talið hafa neina hernaðarlega þýðingu sem máli skipti. Til dæmis er hin umrædda fækkun í Sovéthernum á Afganistan aðeins um 5%. Kínverjar hafa ekki látið í ljós neina hrifningu yfir Vladivostok-ræðunni og er ástæðan talin fyrst og fremst sú að í ræðunni var hvergi fjallað um Kampútseumálið.

Sem fyrr láta Sovétmenn **Víetnömum** stöðugt í té aðstoð sem talin er nema sem svarar 3–4 milljónum dollara á dag.

Víetnamar og leppstjórn Heng Samrins hafa tögl og hagldir í **Kampútseu.** Frá því að Víetnömum tókst að leggja undir sig herstöðvarnar við landamæri Kampútseu og Thailands 1984–85 hefur verið tiltölulega rólegt á þeim svæðum. En Víetnömum hefur ekki tekist að loka landamærunum alveg svo að birgðaflutningar halda áfram til skæruliðasveitanna inni í landinu. Þær sveitir gera oft mikinn usla víðs vegar um landið. Það eru eingöngu Indverjar, auk ríkisstjórna kommúnistalanda, sem viðurkenna stjórn Heng Samrins. Hjá Sameinuðu þjóðunum er það samsteypustjórn Sihanouks fursta sem heldur sæti Kampútseu, en að henni standa sem fyrr „rauðu khmerarnir", „þjóðfrelsisfylking" Son Sanns og „hin þjóðlega samfylking" Sihanouks. Af hálfu ASEAN-landanna eru stöðugt gerðar tilraunir án árangurs til að finna friðsamlega lausn á Kampútseumálinu, þ.e. semja um brottför Víetnam-herliðsins og nýja stjórn landsins. Nýlega hafa þrír helstu stjórnendur Víetnams látið af völdum og yngri menn tekið við. En ekki er við því búist að þessi mannaskipti boði nýja stefnu í Kampútseu-málinu hjá Víetnömum.

Í **Kína** hefur verið nokkur ólga að undanförnu. Í kjölfar „opnunarstefnunnar" í efnahagsmálum komu fram nýjar hugmyndir um stjórnarhætti í landinu. Framan af fóru fram opinskáar umræður um þau mál, en þegar kröfur um lýðræði fóru að magnast og stúdentar efndu til ólöglegra fjöldafunda og hópgangna til stuðnings þeim kröfum gripu stjórnvöld í taumana. Sumir voru handteknir og öðrum vikið úr starfi. Aðalritari kommúnistaflokksins, Hu Yaobang, sagði af sér og játaði ýmiss konar mistök. En hinn aldni leiðtogi Deng Xiaoping er enn valdamesti maður landsins, og hefur hann lýst yfir því að „opnunarstefnan" í efnahagsmálum verði óbreytt.

Að því er snertir **Japan** hefur vakið athygli sú staðreynd að á fjárhagsárinu, sem hefst í apríl 1987, er nú gert ráð fyrir því að útgjöld til landvarna fari fram úr 1% af vergri þjóðarframleiðslu (verði 1,004%), en árið 1976 var ákveðið að ekki skyldi farið fram úr 1%. Aukning landvarna hefur verið eitt af baráttumálum Yasuhiro Nakasone forsætisráðherra og stuðningsmanna hans sem benda á hinn stóraukna vígbúnað og umsvif Sovétmanna í Austurlöndum og á Kyrrahafi, ekki síst í námunda við Japan.

Samskipti Íslands við Austurlönd fjær eru fyrst og fremst við Japan og Kína.

Samskipti Íslendinga og Japana hafa farið vaxandi á undanförnum árum eins og lýst var í skýrslu minni um utanríkismál í fyrra. Útflutningur okkar til Japans er um 5% af heildarútflutningi okkar. Ferðamannafjöldi frá Japan til Íslands fer vaxandi (857 árið 1986). Nokkrir íslenskir námsmenn eru við nám í Japan. Í byrjun nóvember kom Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra við í Japan á leið heim úr opinberri heimsókn til Kína. Ræddi hann m.a. við Nakasone forsætisráðherra og við stjórnendur Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókíó.

Til Kína fór í júní 1986 íslensk sendinefnd til að kanna möguleika á samvinnu Íslendinga og Kínverja að því er snertir nýtingu jarðhita í Tíbet. Var gert samkomulag um framhald þeirra athugana, og er gert ráð fyrir að hingað komi í sumar nefnd jarðhitastarfsmanna frá Tíbet. Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra var í opinberri heimsókn í Kína seint í október og ræddi þar við suma æðstu menn landsins. Samkomulag varð um að hingað komi á þessu ári nefnd frá Peking til að kanna almennt möguleika á samskiptum Íslendinga og Kínverja varðandi nýtingu jarðhita og að til Kína fari nefnd manna frá Íslandi til að athuga hvort grundvöllur er fyrir samvinnu Íslendinga og Kínverja að því er snertir sjávarútvegsmál.

IV. Utanríkisviðskipti.

Viðskiptaráðuneytið hefur tekið saman kafla um utanríkisviðskiptin 1986 sem fer hér á eftir. Fyrst er greint frá utanríkisviðskiptum Íslendinga almennt séð og síðan er fjallað um alþjóðlega efnahags- og viðskiptasamvinnu sem Íslendingar eru aðilar að.

1. Almenn viðskiptamál.

1.1. Viðskiptajöfnuður.

Samtals nam heildarverðmæti vöruútflutnings 44 968 m.kr. fob á árinu 1986 en heildarverðmæti vöruinnflutnings 40 988 m.kr. fob og varð vöruskiptajöfnuður því hagstæður um 3980 m.kr. á árinu 1986 samanborið við því sem næst sléttan jöfnuð árið áður, nánar tiltekið 12 m.kr. halla. Við þennan samanburð ber að hafa í huga að birgðir útflutningsvara voru tæpum 2300 m.kr. minni að verðmæti í lok síðasta árs en í byrjun þess. Á árinu 1985 minnkaði verðmæti útflutningsvörubirgða um 684 m.kr. Viðskiptakjörin bötnuðu um rúmlega 4% á árinu, einkum vegna lækkunar á olíuverði, hækkunar á fiskverði erlendis og lækkunar vaxta á alþjóðlegum lánamörkuðum.

Á árinu 1986 jókst verðmæti vöruútflutnings um 15,7% miðað við árið áður og hafa þá útflutningstölur ársins 1985 verið umreiknaðar til meðalgengis 1986. Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst um 19%. Verðmæti álútflutnings jókst um 7%, en útflutningsverðmæti kísiljárns dróst saman um 5%. Verðmæti annars útflutnings jókst um 17,5%.

Heildarverðmæti vöruinnflutnings jókst um 5,4%. Almennur innflutningur jókst um 5,6%, en innflutningur á olíuvörum dróst saman um 37%, þannig að almennur innflutningur að frátöldum olíuvörum jókst um tæp 15%. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 62% og munar þar mest um skipainnflutning, sem jókst um 112%. Innflutningur flugvéla jókst um 15%. Innflutningur vegna járnblendiverksmiðju dróst saman um 9% og innflutningur vegna álversins um 24%. Innflutningur vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurvelli var 72 milljónir á móti 75 m.kr. árið áður og innflutningur á vegum Landsvirkjunar var 67 m.kr. á móti 52 m.kr. árið áður, reiknað á föstu gengi.

Líkur benda til að þjónustujöfnuður ársins 1986 verði neikvæður um svipaða fjárhæð og vöruskiptajöfnuður varð jákvæður þannig að viðskiptajöfnuður verði nálægt núllpunktinum, en árið áður varð viðskiptajöfnuður neikvæður um 5550 m.kr., reiknað á gengi ársins 1986, sem svarar til 4,3% af vergri landsframleiðslu.

1.2. Útflutningur eftir vörutegundum.

Á árinu 1986 nam heildarútflutningsverðmæti tæplega 45 milljörðum króna, eins og áður er getið, og hafði aukist um 33% frá árinu áður í krónum talið. Að mestu leyti er þessi aukning til komin vegna stóraukins útflutnings á sjávarafurðum en útflutningur þeirra nam á síðasta ári 35,5 milljörðum króna sem er 37% aukning frá árinu áður. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða og iðnaðarvara jókst minna eða um 23% og 17%. Hlutdeild sjávarafurða í heildarútflutningi jókst úr 77% 1985 í tæplega 79%, en hlutur íslenskra iðnaðarvara minnkaði úr rúmlega 20% í tæplega 18%.

Af einstökum vörutegundum var langmest flutt út af frystum fiskflökum, þá óverkuðum saltfiski, áli og ferskum fiski. Mest aukning varð í útflutningi á ferskum fiski og frystri rækju. Talsverð aukning varð einnig í útflutningi á áli, loðnumjöli, kísiljárni og heilfrystum fiski, en útflutningur á frystum fiskflökum, óverkuðum saltfiski og lagmeti var svipaður og á árinu 1985. Útflutningur á loðnulýsi og ullarvörum dróst hins vegar saman miðað við árið á undan.

Að öðru leyti gera eftirfarandi töflur nánari grein fyrir útflutningi ársins 1986 eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum.

Útflutningur vara eftir vinnslugreinum 1986.

	Þús.kr.	%
Sjávarafurðir	35 469 002	78,9
Landbúnaðarafurðir	584 613	1,3
Iðnaðarvörur	8 031 710	17,8
Ýmsar vörur	882 479	2,0
Alls	44 967 804	100,0

Útflutningur helstu vörutegunda 1986.

	Tonn	Þús. kr.	%
1. Fryst fiskflök	115 385	12 100 367	26,9
2. Óverkaður saltfiskur	45 441	4 893 450	10,9
3. Ál	77 489	4 124 716	9,2
4. Ferskur fiskur	90 685	3 851 576	8,5
5. Fryst rækja	12 389	3 636 211	8,1
6. Loðnumjöl	165 093	2 338 719	5,2
7. Kísiljárn	64 990	1 334 419	3,0
8. Heilfrystur fiskur	20 359	1 060 290	2,3
9. Skreið	7 166	900 367	2,0
10. Loðnulýsi	96 629	887 588	2,0
11. Lagmeti	3 807	841 758	1,9
12. Saltfiskflök	7 150	816 987	1,8
13. Prjónavörur úr ull	536	805 257	1,8
Aðrar vörur		7 376 099	16,4
Alls		44 967 804	100,0

Útflutningur **frystra fiskflaka** var nánast hinn sami að magni til árið 1986 og árið 1985 eða um það bil 115 400 tonn. Langmest var selt til Bandaríkjanna, 59 000 tonn. Þá voru seld 25 500 tonn til Bretlands og 14 000 tonn til Sovétríkjanna. Töluverður samdráttur varð í sölunni til Bandaríkjanna en þangað fóru 66 500 tonn árið 1985. Einnig var um mikinn samdrátt í sölu að ræða til Sovétríkjanna. Hins vegar var um verulega aukna sölu að ræða til Bretlands og námu kaup Breta 25 000 tonnum árið 1986 miðað við 20 000 tonn árið á undan.

Langstærstu markaðir fyrir **óverkaðan saltfisk** eru Portúgal og Spánn sem taka við samtals 80% af þessum útflutningi. Útflutningur óverkaðs saltfisks jókst aðeins lítillega að magni til eða um tæplega 4% en útflutningsverðmætið jókst um 27% reiknað á föstu meðalgengi íslensku krónunnar árið 1986. Hefur því verið um verulegar verðhækkanir á árinu að ræða.

Útflutningur á **ferskum fiski** hefur aukist mjög á síðustu árum og nam aukningin milli áranna 1985 og 1986 63%. Langmestur hluti er seldur til Bretlands eða rúmlega 60%, u.þ.b. 30% eru seld til Vestur-Þýskalands og meðal annarra kaupenda eru Frakkar og Bandaríkjamenn.

Útflutningur á **frystri rækju** hefur einnig aukist mikið á síðustu tveimur árum. Að magni til jókst útflutningurinn um 46% á árinu 1986 en útflutningsverðmæti jókst um 77% ef reiknað er á föstu meðalgengi íslensku krónunnar 1986, þannig að um umtalsverðar verðhækkanir hefur verið að ræða. Um það bil þriðjungur af rækjuútflutningnum er seldur til Bretlands, en aðrir stórir kaupendur eru Japanir, Norðmenn, Danir og Bandaríkjamenn. Á milli áranna 1985 og 1986 hefur hlutur Japans og Bandaríkjanna í heildarútflutningi á frystri rækju minnkað, en hlutfallslega meira var flutt út á síðasta ári til Noregs og Danmerkur en áður.

Að mestu leyti má skýra þá miklu aukningu á útflutningi **loðnumjöls,** sem nam 21 500 tonnum milli áranna 1985–1986, til aukins útflutnings til Svíþjóðar. Á árinu 1985 keyptu Svíar aðeins 4500 tonn af loðnumjöli og sem var um 3% af útflutningi loðnumjöls á því ári, en 1986 námu kaup þeirra 32 400 tonnum sem er 20% af heildarútflutningi loðnumjöls. Aflabrestur í Noregi hefur m.a. áhrif hér. Voru Svíar þar með þriðju stærstu kaupendur loðnumjöls á eftir Finnum sem keyptu 34 900 tonn og Bretum sem keyptu 32 600 tonn.

Stærstu kaupendur **kísiljárns** 1985–1986 hafa verið Japanir, Vestur-Þjóðverjar og Bandaríkjamenn. Keyptu Japanir á síðasta ári rúmlega þriðjung af útflutningnum, Bandaríkjamenn tæplega þriðjung og Þjóðverjar fjórðung. Á síðasta ári jókst útflutningurinn um rúmlega 8000 tonn eða sem nemur 14% af heildarútflutningi á þeirri vöru og stafaði það aðallega af auknum útflutningi til Bandaríkjanna.

Þá aukningu, sem orðið hefur á útflutningi **heilfrysts fisks** og nam tæplega 4000 tonnum á árinu 1986, má að mestu leyti rekja til aukins útflutnings til Japans. Á síðasta ári keyptu Japanir um 9400 tonn eða sem nemur 46% af útflutningnum það ár meðan útflutningur til annarra ríkja, svo sem Sovétríkjanna og Vestur-Þýskalands, stóð í stað eða dróst saman, eins og til Bretlands.

Umtalsverð aukning varð á útflutningi **skreiðar** eða úr rúmlega 900 tonnum 1985 í tæplega 7200 tonn 1986. Útflutningurinn til Ítalíu og Kamerún tvöfaldaðist á árinu og nam 840 tonnum til Ítalíu og 340 tonnum til Kamerún. Hins vegar margfaldaðist útflutningurinn til Nígeríu og nam á árinu 1986 5800 tonnum samanborið við aðeins rúmlega 100 tonna útflutning 1985, en greiðslur hafa ekki enn þá borist nema fyrir lítinn hluta útflutningsins.

Útflutningur á **loðnulýsi** dróst verulega saman 1986 og nam aðeins 96 600 tonnum samanborið við 122 400 tonn 1985. Veruleg verðlækkun varð á árinu 1986 á loðnulýsi og lækkaði útflutningsverð á tonn um 29% frá árinu á undan, reiknað á föstu meðalgengi íslensku krónunnar árið 1986. Mestur hluti loðnulýsisins var seldur til Japans eða tæplega 40%, en til Noregs og Hollands voru seld 23–24% til hvors lands.

Útflutningur á **lagmeti** var svipaður milli áranna 1985 og 1986. Vestur-Þjóðverjar keyptu tæplega 1300 tonn sem er um þriðjungur útflutningsins (aðallega rækja). Sovétmenn juku kaup sín talsvert á síðasta ári og námu kaup þeirra 1000 tonnum samanborið við tæplega 700 tonn árið áður (einkum gaffalbitar). Aðrir stórir kaupendur eru Frakkar sem keyptu tæplega 600 tonn bæði árin eða 15–16% af útflutningnum hvort árið um sig (fyrst og fremst kavíar).

Útflutningur á **saltfiskflökum** tvöfaldaðist að magni til árið 1986, en útflutningsverðmætið jókst enn meira eða um 140% frá árinu á undan. Þrjár þjóðir, Vestur-Þjóðverjar, Ítalir og Spánverjar, keyptu 80% af flökunum, en öll þessi lönd juku innflutning sinn verulega. T.d. keyptu Vestur-Þjóðverjar 3000 tonn 1986 en 1700 tonn 1985 og útflutningur til Ítalíu jókst um 1000 tonn, úr 600 tonnum í rúmlega 1600 tonn.

Verulega dró úr sölu á **prjónavörum úr ull,** helstu tegund ullarvara, 1986 og nam samdrátturinn tæplega 30%. Útflutningurinn á árinu 1986 nam aðeins 540 tonnum samanborið við 760 tonn árið 1985. Stafar samdrátturinn aðallega af minni kaupum Sovétmanna á ullarvörum, en útflutningur til þeirra dróst saman um helming milli ára eða úr 390 tonnum í 180 tonn. Útflutningurinn til Bandaríkjanna dróst hins vegar aðeins lítillega saman og nam rúmlega 150 tonnum samanborið við tæplega 170 tonn árið 1985.

1.3. Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði.

Á árunum 1984–1986 hefur sú breyting orðið á markaðssvæðum fyrir íslenskar útflutningsvörur að hlutur Bandaríkjanna og Austur-Evrópulanda hefur minnkað en hlutur núverandi EFTA- og EBE-landa og annarra landa aukist. Á árinu 1986 var skipting **útflutningsverðmætis** þannig að til EBE-landanna fóru 54% af heildarútflutningi, 10% voru flutt út til EFTA-landanna, 22% til Bandaríkjanna, 5,5% til Austur-Evrópulandanna og 8,5% til annarra landa.

Engu að síður eru **Bandaríkin** enn sem fyrr stærsti kaupandi íslenskra útflutningsvara og námu kaup þeirra á árinu 1986 tæplega 9,8 milljörðum króna. Hlutdeild Bandaríkjanna í heildarútflutningi hefur, eins og áður segir, minnkað og var á árinu 22% samanborið við 27% og 28,5% á næstu tveimur árum þar á undan.

Hlutur ríkja **EBE,** sem eru nú 12 talsins eftir inngöngu Spánar og Portúgals í bandalagið í ársbyrjun 1986, hefur aldrei verið jafnstór í heildarútflutningi og á árinu eða 54% í samanburði við 47% og 49% næstu tvö ár þar á undan miðað við sölulönd. Veruleg aukning varð á útflutningnum milli 1985 og 1986 samkvæmt þessu. Af einstökum aðildarríkjum EBE var langmest flutt út til Bretlands, eða að verðmæti tæplega 9,2 milljarðar króna sem er aukning um 45% frá árinu á undan, og er þar aðallega um að ræða mjög mikla aukningu á útflutningi fersks fisks og frystrar rækju. Athyglisvert er að Bretland kemur nú fast á hæla Bandaríkjanna í útflutningnum. Af öðrum aðildarríkjum í EBE jókst útflutningur einnig verulega til Vestur-Þýskalands, Frakklands, Ítalíu og Portúgals.

Útflutningur til **EFTA-landanna** fimm (að frátöldu Portúgal sem gekk í EBE 1. janúar 1986) jókst verulega á árinu eða um 57%. Er þar aðallega um að ræða mikinn útflutning á loðnumjöli til Svíþjóðar, en einnig jókst útflutningur talsvert til Noregs vegna aukinnar sölu á frystri rækju og til Sviss vegna aukins útflutnings á áli.

Viðskipti við ríki **Austur-Evrópu** drógust saman um 6% á síðasta ári frá árinu áður svo sem nánar verður vikið að hér á eftir. Útflutningur til Nígeríu jókst mikið en miklir erfiðleikar hafa verið varðandi sölu á skreið þangað. Af **öðrum löndum,** sem voru stórir kaupendur íslenskra útflutningsvara, má nefna Japan en þangað er aðallega seldur frystur karfi, fryst rækja og kísiljárn. Á árinu 1985 var vöruskiptajöfnuðurinn við Japana okkur hagstæður sem fáar þjóðir geta státað sig af, en 1986 jókst innflutningur japanskra vara um 80% og vöruskiptajöfnuðurinn varð því okkur óhagstæður um rúmlega 800 milljónir.

Ekki varð nein veruleg breyting á **hlutdeild helstu markaðssvæða í innflutningi** til landsins, en þó juku EBE- og EFTA-löndin sinn hlut örlítið og sömuleiðis hefur innflutningur frá Asíulöndum fjær, svo sem Japan, Hong Kong, Suður-Kóreu, Taívan og Singapúr, aukist verulega á síðustu árum. Rúmlega helmingur innflutningsins kemur frá EBE-löndum og fimmtungur frá EFTA-löndum.

Hér á eftir gefur að líta tvær töflur, sem sýna annars vegar hlutfallslega skiptingu út- og innflutnings eftir markaðssvæðum 1985 og 1986 og hins vegar tíu stærstu út- og innflutningslönd árið 1986 og verðmæti þeirra viðskipta sem Íslendingar áttu við þau á því ári. Í fyrri töflunni eru Spánn og Portúgal talin með EBE-löndum enda þótt þau hafi ekki gengið í EBE fyrr en í ársbyrjun 1986.

	Útflutningur		Innflutningur	
	1985	1986	1985	1986
EBE-lönd	48,9	54,2	52,7	52,9
EFTA-lönd	8,6	10,1	19,7	20,6
Bandaríkin	27,0	21,7	6,8	7,0
Austur-Evrópulönd	7,8	5,5	8,8	6,5
Önnur lönd	7,7	8,5	12,0	13,0

Tíu helstu útflutningslöndin
Upphæðir í millj. kr. (fob)

Lönd	1986
1. Bandaríkin	9 771
2. Bretland	9 178
3. V-Þýskaland	4 080
4. Portúgal	2 915
5. Frakkland	2 152
6. Japan	2 147
7. Sovétríkin	1 925
8. Danmörk	1 714
9. Spánn	1 593
10. Sviss	1 425
Önnur lönd	8 068
Útflutn. samtals	44 968

Tíu helstu innflutningslöndin.
Upphæðir í millj. kr. (cif)

Lönd	1986
1. V-Þýskaland	6 958
2. Danmörk	4 753
3. Svíþjóð	4 100
4. Holland	3 927
5. Bretland	3 754
6. Noregur	3 324
7. Bandaríkin	3 208
8. Japan	2 994
9. Sovétríkin	2 610
10. Frakkland	1 375
Önnur lönd	8 907
Innfl. samtals	45 910

Viðskiptin við **Austur-Evrópuríkin** drógust enn saman á árinu 1986. Útflutningurinn minnkaði um rösk 6% og innflutningurinn um rösk 9%. Sem hlutfall af heildarútflutningi Íslands minnkaði útflutningurinn til þessara ríkja úr 7,8% 1985 í 5,5% 1986. Innflutningurinn minnkaði hins vegar úr 8,8% í 6,5%.

Á árinu 1986 voru fluttar út vörur til **Sovétríkjanna** fyrir 1,9 milljarða kr. en verðmæti innflutningsins nam 2,6 milljörðum kr. Hallinn var nokkru minni en árið áður, tæpar 700 milljónir kr. eða 17 milljónir dollara miðað við meðalgengi. Á sama mælikvarða minnkaði útflutningur og innflutningur um 22%. Hlutur útflutningsins í heildarútflutningi Íslands lækkaði úr 6,7% 1985 í 4,3% 1986, en hlutur innflutningsins í heildarinnflutningi minnkaði úr 8,0% 1985 í 5,7% 1986. Í hagskýrslum eru oft nokkrar sveiflur í magni og verðmæti eftir því m.a. hvernig afgreiðslur skiptast á árið og um áramót. Meginskýringarnar á þessum breytingum eru þó þær að heimsmarkaðsverð á olíu, þar á meðal á sovéskri olíu, lækkaði mikið á árinu, svartolíunotkun minnkaði til muna og verulegar vanefndir urðu á afgreiðslu á íslenskum freðfiski.

Samkvæmt hagskýrslum minnkaði útflutningur á freðfiski til Sovétríkjanna úr 20 800 tonnum 1985 í 19 300 tonn 1986. Voru aðeins afgreiddir ¾ hlutar af umsömdu magni samkvæmt sölusamningi. Þá minnkaði útflutningur saltsíldar úr 21 800 tonnum í 15 600 tonn. Sveiflur í afgreiðslu miðað við áramót eru hluti af skýringunni en einnig fórst á jóladag flutningaskip með um 2000 tonn. Útflutningur á lagmeti jókst úr 670 tonnum í 1060 tonn og var talsvert langt yfir meðaltali áranna 1981–1985. Útflutningur á ullarvörum var 180 tonn (420 tonn 1985) en árið 1985 var mjög gott söluár og 1984 jafnvel enn betra. Verðmæti

ullarvara í krónum 1986 var 60% af verðmæti ársins 1985 en á árinu 1986 var þó aðeins keyptur um ¼ af kvóta viðskiptasamningsins. Meiri hluti útflutningsins 1986 var sem sé í formi vöruskipta. Verðágreiningur á viðkvæmum tíma hafði m.a. áhrif á beinu viðskiptin. Á árinu 1986 var útflutningur mestur á freðfiski (1057 milljónir kr.), þá kom saltsíld (150 millj.), síðan ullarvörur (171 millj.) og loks lagmeti (150 millj.). Ekki seldist málning á árinu en Sovétmenn höfðu beðið um nýja tegund.

Helstu innflutningsvörur voru sem fyrr olíuvörur (2229 milljónir kr.) eða 85% af innflutningnum frá Sovétríkjunum. Miðað við keypta og lestaða farma var olíuinnflutningurinn frá Sovétríkjunum örlitlu minni en 1985, fór úr 304 000 tonnum 1985 í 299 000 tonn 1986, þ.e. 78 000 tonn af bílabensíni, 137 000 tonn af gasolíu og 85 000 tonn af svartolíu. Samdrátturinn stafar aðallega af minni notkun á svartolíu en innflutningur hennar minnkaði úr 107 000 í 85 000 tonn milli ára. Af þessum þrem helstu olíuvörum var öll svartolían, 85 000 tonn, keypt frá Sovétríkjunum, 78 000 af 110 000 tonnum af bensíni (71%) og 137 000 af 265 000 tonnum af gasolíu (52%) eða samtals 299 000 af 460 000 tonnum (65%). Samkvæmt hagskýrslum nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum 61% af heildarinnflutningi allra olíuvara á árinu 1986 (337 000 af 554 000 tonnum). Talsvert misræmi getur verið milli talna eftir því hvort miðað er við keypta og lestaða farma eða stuðst við hagskýrslur sem byggjast á formlegri tollafgreiðslu en hún fer fram alllöngu eftir losun skipa. Þotueldsneyti, flugvélabensín, smurolíur o.fl. er ekki flutt inn frá Sovétríkjunum. Í desember 1986 var samið við sovéska ríkisolíufélagið um kaup á 270 000–310 000 tonnum af olíuvörum á árinu 1987 (310 000 tonn næstu tvö ár þar á undan). Skiptingin var 70 000 tonn af bílabensíni, 120 000 tonn af gasolíu og 80 000–120 000 tonn af svartolíu. Viðskiptaráðuneytið vinnur að gerð olíukaupasamninga í samvinnu við olíufélögin og er formlegur aðili að þeim — ólíkt því sem gerist varðandi aðra vörukaupasamninga sem viðskiptaaðilar gera beint sín á milli að öllu leyti nema hvað ráðuneytið kemur til aðstoðar ef erfiðleikar koma upp. Ráðuneytið framselur síðan olíusamninginn í hendur íslensku olíufélaganna.

Í byrjun febrúar 1987 voru horfurnar í viðskiptum við Sovétríkin á árinu 1987 mun óvissari en á svipuðum tíma næstu ár þar á undan. Í byrjun nóvember 1986 var samið um sölu á saltsíld, aðallega til afhendingar á árinu 1987. Samningaumleitanir höfðu byrjað mjög seint og gengið mjög erfiðlega þrátt fyrir stöðuga viðleitni söluaðila og fulltrúa stjórnvalda til að ná hagkvæmri lausn sem fyrst. Umsamið magn var 20 000 tonn (200 000 tunnur) eins og fyrir árið 1986 sem var metár. Keypt var að þessu sinni einungis heilsöltuð síld en flokkaskipting breyttist þannig að heildarverðmæti var það sama og í síðasta samningi. Í byrjun febrúar var óvissa um sölu á freðfiski, bæði varðandi afhendingartíma óafgreidds magns frá 1986 og væntanlegt samningsmagn 1987, en samningaviðræður stóðu fyrir dyrum. Þá stóðu einnig fyrir dyrum samningaviðræður um sölu á ullarvörum. Í desember 1986 var útlit fyrir að helsta ullarvörukaupafyrirtækið mundi aðeins hafa sama fjármagn og keypt var fyrir á árinu 1986 eða um ¼ af kvóta viðskiptasamningsins fyrir bein viðskipti. Var fulltrúi viðskiptaráðuneytisins þá sendur til Moskvu til að knýja á um að sovésk stjórnvöld veittu gjaldeyri til ullarvörukaupa í samræmi við viðskiptasamninginn. Í byrjun febrúar hafði náðst samkomulag um kaup á miklu magni af lagmeti að verðmæti 4,9 milljónir bandaríkjadala í stað 3,8 milljóna árið áður sem þó var mjög gott söluár. Gert var ráð fyrir undirritun um miðjan febrúar. Samningaumleitanir um sölu málningar voru þá hafnar.

Í viðskiptasamningi Íslands og Sovétríkjanna, sem gildir á tímabilinu 1986–1990, er gert ráð fyrir aukinni sölu á freðfiskflökum og saltsíld, svo og ullarvörum. Frá Sovétríkjunum eru aðallega keyptar olíuvörur og var í samningnum gert ráð fyrir svipuðum viðskiptum og verið höfðu. Samningnum, sem er rammasamningur, fylgja tveir listar yfir þær íslensku og sovésku vörur sem gert er ráð fyrir að keyptar séu árlega á samningstímabilinu. Forsendan fyrir því að í reynd sé samið um kaup á vörum í samræmi við rammasamninginn er sú að

viðkomandi viðskiptaaðilar í löndunum nái samkomulagi um verðmagn og aðra skilmála í sölusamningum sem gerðir eru ár hvert milli þeirra. Þótt viðskiptasamningur landanna sé ekki vöruskiptasamningur er samt stefnt að sem mestu jafnvægi í viðskiptunum. Ef samdráttur yrði í kaupum á olíu, sem er yfir 90% af innflutningnum frá Sovétríkjunum, má fastlega búast við því að Sovétmenn mundu fljótlega draga úr eða hætta kaupum sínum á útflutningsvörum okkar til Sovétríkjanna, freðfiski, saltsíld, ullarvörum, lagmeti, málningu o.fl.

Á árinu 1986 fóru fram hinar árlegu viðskiptaviðræður við fulltrúa Sovétríkjanna, Póllands og Tékkóslóvakíu, svo og viðræður við fulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins sem haldnar eru annað hvert ár. Útflutningur til Póllands jókst mikið á árinu vegna aukinnar sölu á loðnumjöli og þorskmjöli.

Viðskiptin við **Norðurlöndin** jukust á árinu 1986 án þess þó að drægi úr viðskiptahallanum. Hlutfall útflutningsins til Norðurlandanna í heildarútflutningnum óx úr 9,0% 1985 í 11,3% 1986, en hlutfall innflutningsins þaðan í heildarinnflutningnum jókst úr 27,2% í 29,3%. Verðmæti útflutningsins til þessara landa jókst úr 3,0 í 5,1 milljarð króna eða um 68% á meðan útflutningsverðmætið almennt jókst um 33%. Hlutfallslega jókst útflutningurinn mest til Grænlands eða um 215% (úr 14 í 44 millj. kr.), þar næst til Svíþjóðar, um 185%, aðallega vegna stóraukinnar sölu á loðnumjöli, en síðan til Danmerkur, um 80%, og til Noregs, um 61%, aðallega vegna aukinnar sölu á frystri rækju til þessara landa. Aukning innflutningsins frá Norðurlöndunum var mun meiri en almenn aukning innflutningsins milli ára, mest þó frá Færeyjum, 91%, Danmörku, 39%, og Svíþjóð, 37%.

1.4. Útflutningsráð Íslands.

Lög nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands, gengu í gildi 1. október 1986. Undirbúningur að starfseminni hófst þegar eftir setningu laganna. Stofnfundur ráðsins var haldinn að Hótel Sögu 7. október. Stjórn ráðsins var fullskipuð á þeim fundi. Formaður stjórnarinnar er Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, en framkvæmdastjóri ráðsins er Þráinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur er gegndi áður störfum framkvæmdastjóra Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Til starfseminnar á árinu 1987 eru ætlaðar á fjárlögum 10 milljónir sem framlag ríkissjóðs, framlag útflytjenda sjávarafurða er 25 milljónir og er það hluti af endurgreiddum söluskatti til sjávarútvegs, en framlag iðnrekenda, sem greiðist af iðnlánasjóðsgjaldi, er einnig 25 milljónir. Tekjur af árgjöldum eru 3 milljónir og af þjónustu um 2 milljónir. Alls eru áætlaðar tekjur því 65 milljónir króna sem er mun meira fé en Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur fengið í sinn hlut enda er starfssvið ráðsins miklu víðtækara, nær til útflutnings allra vara en ekki einungis iðnaðarvara, svo og útflutnings á þjónustu. Ráðgert er að ráða tvo viðskiptafulltrúa til viðbótar þeim sem nú starfa í New York og London. Yrði annar þeirra í Kaupmannahöfn en hinn á meginlandi Evrópu.

2. Alþjóðlegt viðskiptasamstarf.

2.1. Efnahagsbandalag Evrópu, EBE, og Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA.

Hinn 1. janúar 1986 urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Eru EBE-löndin tólf nú orðin langmikilvægasta markaðssvæði í utanríkisviðskiptum Íslendinga, ekki aðeins með um helming af heildarinnflutningnum, heldur einnig með um helming af heildarútflutningnum. Miðað við tölur 1986 eru EBE-löndin með 54% af viðskiptaveltu Íslands (51% 1985), EFTA-löndin með 15% (14%), Bandaríkin með 14% (17%), Austur-Evrópulöndin með 6% (8%) og önnur lönd með 11% (10%). Vegna fríverslunarsamningsins við EBE njótum við þýðingarmikila tollfríðinda fyrir helstu útflutningsvörur okkar, bæði sjávarafurðir og iðnaðarvörur. Mikilvægustu vörurnar eru fryst fiskflök, fryst rækja, ísfiskur, loðnumjöl, lagmeti, ál, ullarvörur og kísiljárn.

Í tengslum við aðild Spánar og Portúgals að EBE og nauðsynlegar breytingar á fríverslunarsamningnum við bandalagið í því sambandi komu upp ýmsir erfiðleikar vegna ákvörðunar EBE um að leggja að nýju toll á saltfisk, saltfiskflök og skreið og tilrauna bandalagsins til að tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi. Af Íslands hálfu var ekki léð máls á slíkum tengslum. Ekki sköpuðust sérstakir erfiðleikar í útflutningi á saltfiski á árinu 1986 enda höfðu aðalinnflytjendur saltfisks til bandalagsins, Portúgalir, hagsmuni af því að knýja fram háan innflutningskvóta með lágum tolli á saltfiski miðað við upphaflega ákvörðun. Stjórnvöld beittu sér á margvíslegan hátt fyrir farsælli lausn saltfiskvandamálsins. Kvótaákvarðanir bandalagsins eru þó til skamms tíma í senn. EBE virðist ekki vilja leysa vandamál sem þessi til frambúðar án þess að fá tilslakanir varðandi fiskveiðiréttindi og sama máli virðist gegna um frekari fríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir, en fríverslunarsamningurinn nær ekki til allra sjávarafurða heldur þeirra mikilvægustu, t.d. frystra fiskflaka sem eru tollfrjáls og helstu tegunda ísfisks sem eru í lágum tolli. Betri möguleikar hafa skapast á því að sinna margvíslegum samskiptum við EBE eftir að utanríkisráðuneytið opnaði sérstaka skrifstofu fyrir almenna sendiráðsstarfsemi og EBE-mál í desember 1986.

EFTA- og EBE-löndin eru í vaxandi mæli háð hvert öðru efnahagslega. Nær samvinna þeirra því til fjölmargra málaflokka og fer stöðugt vaxandi. Á fjölmennum ráðherrafundi EFTA í Reykjavík í júní 1986, sem viðskiptaráðuneytið undirbjó af Íslands hálfu en Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra stýrði í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar viðskiptaráðherra, lýstu ráðherrarnir því yfir að þeir hygðust leggja meira af mörkum til að hrinda í framkvæmd efnahagslegri einingu Evrópu. Sameiginleg yfirlýsing ráðherra EFTA- og EBE-landanna á fundi í Luxemborg í apríl 1984, Luxemborgar-yfirlýsingin, er mjög mikilvæg varðandi samstarf fríverslunarlandanna. Þar heita löndin því að halda áfram, styrkja og færa út samstarf sitt innan ramma fríverslunarsamninga og jafnframt á víðara sviði.

Með það markmið í huga að koma á virku evrópsku efnahagssvæði lýstu ráðherrarnir yfir vilja sínum til að standa gegn þrýstingi um verndaraðgerðir og til að greiða fyrir viðskiptum með iðnvarning milli landanna. Í þessu sambandi var minnst á samstarf um samræmingu staðla, afnám tæknilegra viðskiptahamla, einföldun landamæraeftirlits og upprunareglna, afnám óréttmætra viðskiptahátta, ríkisstyrki sem væru andstæðir fríverslunarsamningnum og á þátttöku í opinberum útboðum.

Hagkvæm og sveigjanleg samvinna utan ramma fríverslunarsamskipta EFTA- og EBE-landanna er talin eðlilegt framhald síaukinna viðskipta. Í Luxemborgar-yfirlýsingunni er kveðið nánar á um slíka samvinnu og tekið fram að auka beri samstarf og samráð á ýmsum sviðum, svo sem í samgöngumálum, landbúnaðarmálum, sjávarútvegi og orkumálum. Í Visby-yfirlýsingu forsætisráðherra og annarra ráðherra EFTA-landanna í maí 1984 er auk þess m.a. minnst á samvinnu í efnahags- og gjaldeyrismálum, viðskiptum með fisk- og landbúnaðarafurðir, umhverfismálum, þjónustuviðskiptum, neytendavernd og löggjöf varðandi einkaleyfi og vörumerki.

Á næstunni er fram undan aukið samstarf á sviði rannsókna og þróunar til að bæta samkeppnisstöðu evrópskra iðnaðarvara í alþjóðasamkeppni, bæði á grundvelli rammasamninga milli einstakra EFTA-landa og EBE og vegna þátttöku í EUREKA-áætluninni. Ísland hefur gerst aðili að áætluninni og gerir væntanlega rammasamning um vísinda- og tæknisamstarf í lok ársins 1987. Á árinu 1987 verður væntanlega gengið frá samningi um samræmt tollskjal með vörusendingum milli landa EFTA og EBE, og gert er ráð fyrir að reglur um staðfestingu á uppruna vöru verði einfaldaðar.

Með hliðsjón af því að EBE stefnir að sameiginlegum markaði árið 1992 er ljóst að aukið starf er framundan af hálfu EFTA-landanna að því að hafa í tæka tíð áhrif á framvindu mála og aðlaga sig nýjum aðstæðum á ýmsum sviðum.

Ekki er ólíklegt að einn liðurinn í nánari samskiptum Íslands við hin fríverslunarlöndin verði aukin samvinna við erlenda aðila og jafnframt aukning á eignaraðild þeirra í fyrirtækjum hér á landi, ekki aðeins iðnfyrirtækjum. Norðmenn hafa t.d. veitt fjármagni í fiskeldisfyrirtæki og miðlað þekkingu á því sviði.

Framkvæmdastjóri utanríkis- og viðskiptamála í framkvæmdanefnd EBE, Willy De Clercq, og ráðherrar EFTA-landanna héldu fund í Reykjavík í júní 1986 í tengslum við ráðherrafund EFTA og ræddu möguleika á auknu samstarfi EBE og EFTA á grundvelli Luxemborgar-yfirlýsingarinnar. Matthías Á. Mathiesen utanríkisráðherra stjórnaði fundi þessum. Þá átti framkvæmdastjórinn fund með forsætisráðherra og utanríkisráðherra ásamt embættismönnum. Embættismenn viðskiptaráðuneytisins og bandalagsins áttu einnig með sér fund, en formlegur fundur sameiginlegrar nefndar Íslands og EBE var haldinn í Brussel í byrjun desember.

Að frátalinni mjög mikilli vinnu við undirbúning og framkvæmd ráðherrafundar EFTA í Reykjavík, hinum fyrsta frá 1971, auk funda ráðgjafarnefndarinnar í apríl og júní sem iðnaðarráðherra stýrði, var þátttaka Íslendinga í starfsemi EFTA á árinu 1986 með venjulegu sniði og m.a. tengd fundum þingmannanefndar og sérfræðinganefnda um viðskiptamál, tollamál og efnahagsmál. Finnland varð fullgildur aðili að EFTA 1. janúar 1986 en hafði áður verið aukaaðili.

2.2. Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT.

Ráðherrafundur GATT var haldinn í Uruguay 15.–20. september 1986. Tilgangur þessa fundar var að hefja nýjar alþjóðlegar viðskiptaviðræður sem að þessu sinni skyldu ekki aðeins ná yfir vöruviðskipti heldur einnig ýmis önnur mál, svo sem þjónustuviðskipti, fjárfestingar o.fl. sem ekki hefur áður verið samið um innan GATT enda tekur GATT-samningurinn ekki til þeirra.

Síðustu viðskiptaviðræður í GATT voru ákveðnar á ráðherrafundi í Tókíó árið 1973 og stóðu þær til ársins 1979. Góður árangur náðist á ýmsum sviðum í þeim viðræðum. Sérstakur ráðherrafundur var svo haldinn árið 1982 til að stuðla að eflingu alþjóðaviðskipta á nýjan leik eftir þau áföll sem höfðu orðið í kjölfar olíuverðshækkana í lok áttunda áratugarins, og til að stemma stigu við sívaxandi tilhneigingu til hafta- og verndarstefnu í alþjóðaviðskiptum. Árangur þessa fundar varð frekar lítill.

Undirbúningur ráðherrafundarins í Uruguay stóð marga mánuði. Var m.a. deilt um þá málaflokka sem ræða ætti í nýjum viðskiptaviðræðum. Hörð andstaða var hjá nokkrum þróunarlöndum gegn því að ræða önnur mál en vöruviðskipti og höfðu Brasilía og Indland sig einkum í frammi. Önnur lönd, eins og EFTA-löndin, EBE-löndin og Bandaríkin, vildu að þjónustuviðskipti yrðu einnig á dagskrá nýrra viðskiptaviðræðna enda verða þau viðskipti sífellt stærri hluti alþjóðlegra viðskipta. Er til ráðherrafundarins kom var enn deilt um mörg atriði og voru helstu ágreiningsefnin sem fyrr niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum, aðgerðir í peningamálum, skuldir þróunarlandanna og þjónustuviðskipti. Að lokum tókst samkomulag um orðalag á yfirlýsingu ráðherrafundarins og er viðfangsefnum nýrra viðskiptaviðræðna þar skipt í tvennt, þ.e. vöruviðskipti og þjónustuviðskipti.

Í yfirlýsingu ráðherrafundarins er umræðuefnum skipt í marga málaflokka, en helstu mál, sem hafa þýðingu fyrir Íslendinga, eru tollar, aðrar viðskiptahindranir, náttúruauðlindir, landbúnaðarvörur og niðurgreiðslur og jöfnunargjöld.

Við undirbúning þessara nýju viðræðna í GATT lögðu Íslendingar áherslu á að forðast umræðu um að tengja saman fiskveiðiréttindi og viðskiptafríðindi. Varð það niðurstaðan, m.a. vegna stuðnings Bandaríkjanna, Kanada og ýmissa þróunarlanda. EBE lýsti því hins vegar yfir að með hliðjón af þessari niðurstöðu yrði bandalagið ekki til viðræðu um tollalækkanir á fiskafurðum í hinum nýju viðræðum.

Frá því að ráðherrafundinum lauk hafa verið haldnir margir fundir um starfshætti og viðfangsefni þeirra nefnda sem fjalla munu um hina ýmsu málaflokka viðræðnanna svo að raunverulegar viðræður komist í gang. Hefur verið mikill ágreiningur um ýmis mál, svo sem um landbúnaðarmál milli Bandaríkjanna og EBE og um þjónustuviðskipti milli Brasilíu og Indlands annars vegar og flestra annarra ríkja hins vegar. Í lok janúar 1987 náðist loks samkomulag um tilhögun og skipulag Uruguay-viðræðnanna.

Auk viðskiptaviðræðnanna fjallaði GATT um ýmis önnur mál á árinu 1986. M.a. var haldið áfram undirbúningi að gildistöku samræmdrar tollheitaskrár frá 1. janúar 1988.

2.3. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD.

Starf Íslendinga að málefnum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París var með svipuðum hætti á árinu 1985 og árið áður. Á ráðherrafundi stofnunarinnar, sem haldinn var í París 17.–18. apríl og Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra sótti að þessu sinni ásamt embættismönnum, benti hann m.a. á að oft væri mikill misbrestur á því að alþjóðlegum yfirlýsingum um aukna fríverslun og afnám viðskiptahamla væri hrundið í framkvæmd. Nefndi hann sem dæmi saltfisktoll EBE. Hann benti og á að ríkisstyrkir bitnuðu bæði á viðskiptum með sjávarafurðir og iðnaðarvörur og nefndi skipasmíðar sérstaklega.

Á árinu 1986 gerði nefnd á vegum OECD könnun á íslenskri menntastefnu hér á landi að ósk íslenskra stjórnvalda. Könnunin fór þannig fram að menntamálaráðuneytið lét gera ítarlegt yfirlit yfir menntakerfið sem sent var OECD til athugunar og úrvinnslu. Síðan komu nefndarmenn hingað til lands og heimsóttu þá menntastofnanir og áttu viðtöl við ýmsa innan menntakerfisins og utan. Dvöldust þeir hér á landi í tvær vikur og sendu síðan frá sér skýrslu til menntamálanefndar OECD sem tók hana fyrir á fundi sínum í júní á síðasta ári. Skýrslan verður þýdd á íslensku og henni dreift.

Í skýrslu nefndarinnar eru ýmsar athugasemdir og tillögur um úrbætur á ýmsum sviðum menntamála. M.a. er bent á að of mikill tími fari í að kenna erlend tungumál miðað við aðrar mikilvægar námsgreinar. Lítil eða engin tengsl séu milli einstakra framhaldsskóla og er það talinn Þrándur í Götu umbóta í námi og kennslu. Spurt er hvort ekki sé ástæða til þess að öll menntun kennara sé á háskólastigi. Vikið er að lágum launum kennara sem birtist m.a. í því að 50–70% kennaranema komi aldrei til kennarastarfa eða hætti þeim snemma og snúi sér að öðrum störfum. Of margir kennarar vinni hlutastarf og yfirvinna sé allt of mikil sem komi niður á gæðum kennslunnar. Þá er höfundum skýrslunnar starsýnt á þá staðreynd að 50% nemenda í Háskóla Íslands hætta námi þegar á fyrsta ári og aðeins 25% innritaðra nemenda ljúka námi. Þeir staldra einnig við þá staðreynd að aðeins 250 háskólakennarar eru í föstu starfi en 400 lausráðnir. Hljóti þetta að hafa áhrif á gæði menntunar við skólann. Rannsóknir við skólann séu yfirleitt á lágu stigi þar eð kennarar geti ekki sinnt þeim með allri hinni miklu vinnu sinni. Námslánakerfið er talið til fyrirmyndar almennt séð en lagt er til að jafnhliða því sé tekið upp námsstyrkjakerfi. Hvatt er til aukinnar valddreifingar í menntamálum. Skipulagsbreytingar eru taldar nauðsynlegar í þeim tilgangi að bæta menntakerfið og er í því sambandi minnst á lengri skóladag, lengra skólaár, styttri undirbúningstíma fyrir háskólanám, fjölmennari bekki sums staðar, upphaf skólagöngu við sex ára aldur í stað sjö ára aldurs og lengingu háskólanáms um eitt ár.

V. Þróunarsamvinna.

Framlag af ríkisfé til þróunarsamvinnu var á árinu 1986 tæpar 85 millj. króna sem er um 0,058% af vergri þjóðarframleiðslu. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir tæpum 90 millj. kr. sem er um 0,054% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Íslendinga vantar því jafn mikið og áður á að ná því marki sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér, þ.e. að ríkisfé, sem nemi 0,7% af þjóðarframleiðslu, verði varið til þessara mála.

Á s.l. hausti urðu nokkrar umræður á Alþingi um hve hægt miðar að ná því marki að opinber framlög til uppbyggingar í þróunarríkjunum verði 0,7%. Allir þeir, sem til máls tóku, töldu að auka beri verulega framlög ríkisins, en enginn mælti í móti.

Stærsti hluti opinberra fjárveitinga ríkisins til þróunarsamvinnu rennur enn til alþjóðastofnana. Áhugi er á því að vaxandi framlög renni í ríkari mæli til tvíhliða verkefna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) annast tvíhliða aðstoð við þróunarlöndin. Um árabil hefur stofnunin tekið þátt í norrænum samstarfsverkefnum í Austur-Afríku. Nú eru horfur á að breytingar verði á norræna samstarfinu. Í Kenýa og Tanzaníu hafa Norðurlöndin stutt uppbyggingu samvinnureksturs til sveita. Samstarfssamningurinn við stjórnvöld í Kenýa er útrunninn og standa nú yfir umræður um hvort nýr norrænn samstarfssamningur verði gerður. Uppi eru hugmyndir um að rétt sé að breyta til. Verkefnið sé ekki það stórt að það réttlæti svo flókið og seinvirkt stjórnunarmynstur sem óhjákvæmilegt er þegar Norðurlöndin fimm standa saman að yfirstjórn. Gæti því svo farið, að Danir taki að sér verkefnið einir. Skæruhernaður í Mósambík torveldar enn aðstoð við bændur í landinu og tefur framkvæmd hennar. Samstarfssamningurinn við stjórnvöld í Mósambík rennur út á árinu 1989 og ef ekki tekst að stöðva skæruhernaðinn í landinu og koma á stjórnarfari sem íbúar þess sætta sig við er vandséð að hægt sé að halda áfram þróunarsamvinnu við landið. Verkefnið í Tanzaníu kemur sömuleiðis til endurskoðunar á árinu 1989.

Í janúar 1986 var undirritaður í Harare, höfuðborg Zimbabwe, viljayfirlýsing um aðstoð Norðurlandanna við lönd í suðurhluta Afríku, svonefnd SADCC-lönd. Verið er að kanna hvar og hvernig ÞSSÍ geti unnið að þróunarsamstarfi í þessum löndum. Það sem veldur mestum erfiðleikum, þegar slíkar athuganir eiga sér stað, er að hafa enga hugmynd um hvaða fjármunum er út að spila.

Aðalverkefni ÞSSÍ er sem fyrr á Grænhöfðaeyjum. Verkefnið var rekið með líkum hætti á árinu 1986 og áður hefur verið. Meginhersla var lögð á tilraunaveiðar í framhaldi af þeim athugunum og rannsóknum sem gerðar höfðu verið á árunum á undan. R.S. Fengur, skip ÞSSÍ, stundaði humarveiðar, handfæraveiðar og togveiðar fyrri helming ársins, en einnig var leitað að rækju og gerðar voru veiðitilraunir með dragnót. Á s.l. ári lauk verkefnum R.S. Fengs og kom hann til Íslands til viðhalds og endurbóta. Á árinu gekk í gildi ný fimm ára efnahagsáætlun á Cabo Verde. Í samræmi við hana hafa Cabo Verde-búar gert tillögur að nýjum samstarfsverkefnum til næstu ára á sviði fiskveiða. Þar er öll áhersla lögð á stuðning við smábátaútgerð heimamanna. Er það í samræmi við þær áherslur sem koma fram í fimm ára efnahagsáætluninni. Jafnframt gera tillögur þeirra ráð fyrir mun víðtækari samvinnu en áður. Óskað er eftir samvinnu í heilbrigðis-, jarðhita- og velferðarmálum. Eru tillögurnar til athugunar hjá ÞSSÍ.

VI. Öryggis- og varnarmál.

1. Varnarmálaskrifstofa.

Sérstök varnarmálaskrifstofa innan utanríkisráðuneytisins hefur starfað frá 1. apríl 1985. Tilgangur með stofnun hennar er að á vegum utanríkisráðuneytisins verði til staðar fullnægjandi sérfræðileg þekking til eflingar íslensku frumkvæði í öryggis- og varnarmálum. Í síðustu skýrslu var ítarleg grein gerð fyrir stefnu Íslendinga í þessum málaflokki og vísast til þess. Grundvöllur að virkri þátttöku Íslands í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins er að Íslendingar öðlist sjálfir aukna reynslu og þekkingu á varnarmálum sem geri þeim fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu sem þjóðin býr við. Markmiðið er að Íslendingar taki fullan þátt í stefnumörkun um fyrirkomulag varna landsins.

Verkefni varnarmálaskrifstofunnar varða í fyrsta lagi málefni er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þ.e. yfirstjórn ríkisstofnana sem starfa á eða í tengslum við varnarsvæðin og heyra undir utanríkisráðherra. Skrifstofan hefur eftirlit með

verktökum og þjónustuaðilum er starfa á varnarsvæðum. Einnig hefur skrifstofan samskipti við nágrannasveitarfélög sem eru í nábýli við varnarsvæðin og stofnanir og aðila er hafa hagsmuna að gæta vegna veru varnarliðsins. Þess má geta í þessu sambandi að sérstök samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum hefur unnið að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurnes. Stefnt er að því að það verði tilbúið í júní 1987.

Varnarmálaskrifstofan fæst í öðru lagi við herfræðileg og hertæknileg málefni er lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum þannig að hægt sé hverju sinni að leggja hlutlægt íslenskt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna. Þá fylgist skrifstofan með störfum varnarliðsins, hermálanefndar og yfirherstjórnar Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi um gerð áætlana er varða varnir Íslands. Jafnframt annast varnarmálaskrifstofan skýrslugjöf og ráðgjöf fyrir ríkisstjórnina.

2. Ríkisstofnanir á varnarsvæðum.

2.1. Lögreglustjóraembættið.

Í árslok voru fastráðnir starfsmenn embættisins 78 talsins, en stöðugildi samkvæmt fjárlögum voru 77 og skiptust þannig milli deilda:

Yfirstjórn: 7 starfsmenn, þar af tveir í hálfu starfi.

Tollgæsla: 29 starfsmenn.

Lögregla: 42 starfsmenn.

Af þessum 77 stöðugildum ber ríkissjóður vegna embættisins kostnað af 63, en 14 eru endurgreidd, samkvæmt samningum. Ákveðið var á árinu, að haldið skyldi upp öryggisgæslu vopnaðra lögreglumanna í og við flugstöðina. Sérstaklega þjálfaðir lögreglumenn sinna nú gæslu þessari og ganga reglubundnar vaktir í og við flugstöðina, frá varðstofu sem þar hefur verið komið upp.

2.2. Flugmálastjórn.

Á árinu 1986 fóru samtals 603 877 farþegar um Keflavíkurflugvöll á móti 567 236 árið áður. Aukning milli ára er 6,5%. Farþegar hafa aldrei verið fleiri í sögu Keflavíkurflugvallar. Skiptingin var þannig að úr landi fóru 213 056 eða 16,8% fleiri en á árinu 1985. Til landsins komu samtals 211 539 sem er 15,3% aukning frá árinu 1985. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 179 292 árið 1986, en voru 201 374 árið 1985. Fækkun viðkomufarþega má m.a. rekja til samdráttar á ferðum Bandaríkjamanna til Evrópu s.l. sumar af ótta þeirra við hryðjuverk.

Þegar framkvæmdir hófust 1983 við byggingu nýju flugstöðvarinnar komu 144 628 farþegar til landsins en frá landinu fóru 145 557. Viðkomufarþegar voru 165 698. Árið 1984 voru brottfararfarþegar 165 276, 168 470 manns komu til landsins og viðkomufarþegar voru 170 435. Í spá, sem höfð er til hliðsjónar vegna byggingar nýrrar flugstöðvar, er gert ráð fyrir 6% meðaltalshækkun milli ára.

Heildartekjur flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru 96 159 334 krónur á árinu 1986. Þar af voru lendingargjöld 80 293 326 krónur. Rekstrargjöld voru 63 797 937 krónur, þar af launakostnaður 40 717 386 krónur. Skil til ríkissjóðs voru 30 milljónir króna.

Á árinu 1986 unnu 340 fastráðnir starfsmenn við almenna flugstarfsemi hjá innlendum stofnunum og fyrirtækjum. Um háannatímann var starfsmannafjöldi á sjötta hundrað manns.

2.3. Ráðningarskrifstofa.

Ráðningarskrifstofa varnarmálaskrifstofu hefur með höndum framkvæmd á ráðningu starfsfólks til varnarliðsins. Enn fremur skal ráðningarskrifstofan vera íslensku starfsfólki varnarliðsins til aðstoðar um þau ágreiningsmál sem upp koma við starfsmannahald

varnarliðsins. Á árinu 1986 voru ráðnir til starfa 230 Íslendingar en 245 hættu störfum hjá varnarliðinu. 1. janúar 1987 voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1097. Starfsmenn ráðningarskrifstofunnar eru 2.

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins skiptast í eftirfarandi hópa:

	1. jan. 1985	1. jan. 1986	1. jan. 1987
Stjórnun	83	96	104
Verkstjórn	83	82	82
Slökkvilið og snjóruðn.	123	118	122
Iðnaðarstörf	226	239	194
Skrifstofu- og verslunarst.	255	256	320
Alm. verkafólk	248	271	224
Verkfræðingar og tæknimenn	35	39	43
Símvarsla	16	11	8

2.4. Fríhöfnin.

Heildarvelta Fríhafnarinnar í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli var um 560 milljónir árið 1986 og er því veltuaukningin milli ára um 45%. Hreinn hagnaður Fríhafnarinnar var um 180 milljónir króna og skil hennar í ríkissjóð 165 milljónir króna eða 35 milljónum meiri en fjárlög fyrir 1986 gerðu ráð fyrir. Heildarveltan 1985 var alls 382 milljónir króna og nam hagnaður 131,1 milljón króna. Skil í ríkissjóð voru 115 milljónir króna.

2.5. Sala varnarliðseigna.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1986 50 500 000 kr. án söluskatts. Alls var rekstrarhagnaður 14 200 000 kr. Skil í ríkissjóð námu samtals 12 000 000 kr. Alls var álagður söluskattur 11 300 000 kr. og var því samtals skilað í ríkissjóð 23 300 000 kr. Tekjur Sölu varnarliðseigna rýrnuðu verulega á árinu vegna lækkunar á tollum af bifreiðum sem leiddi til minni skila í ríkissjóð.

2.6. Ný flugstöð.

Í samræmi við samning við Hagvirki h.f., sem er aðalverktaki í nýrri flugstöðvarbyggingu, verða öll svæði í byggingunni, sem snúa að afgreiðslu farþega, tilbúin fyrir miðjan apríl 1987 og stefnt er að því að nýja flugstöðvarbyggingin verði opnuð 14. apríl. Unnið er að vegagerð til að tengja Reykjanesbraut við flugstöðina. Um það bil helmingur tengibrautarinnar er fullgerður nú. Þá eru flugvélastæði og akbrautir, sem tengja flugbrautir og flugvélastæði, að mestu fullgerð. Birgðastöð fyrir flugvélaeldsneyti er í byggingu og Flugleiðir eru að reisa stórhýsi um 4.200 fermetra að flatarmáli í nágrenni flugstöðvarbyggingarinnar. Byggingin var fokheld um miðjan janúar 1986. Í byggingunni verður fullkomið flugeldhús, tollvörugeymsla, vöruafgreiðsla og fleira. Stefnt er að því að taka bæði þessi mannvirki í notkun um leið og flugstöðvarbygginguna sjálfa.

Þegar ákveðið var að byggja nýju flugstöðina var sú stefna mörkuð að skilja að starfsemi farþegaflugs og herflugs á Keflavíkurflugvelli, að svo miklu leyti sem það væri framkvæmanlegt. Slíkur aðskilnaður hefur ekki í för með sér að flugstöðin verði utan varnarsvæðisins, enda er flugstöðin og önnur tengd mannvirki í beinum tengslum við flughlað og akstursbrautir flugvallarins og til notkunar fyrir varnarliðið ef til hættuástands kæmi. Með nýju flugstöðinni og breytingu á öryggis- og tollgirðingu skapast annars vegar sú aðstaða fyrir farþega að aka beint að flugstöðinni og hins vegar sá möguleiki að láta af hendi frekari svæði til nágrannasveitarfélaga í samræmi við aðalskipulag fyrir Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöll sem staðfest var haustið 1983. Huga þarf jafnframt að samkomulagi við önnur sveitarfélög vegna skipulagsmála flugvallarins og varnarsvæðanna.

3. Varnarliðið.

3.1. Eftirlits- og varnarhlutverk.

Varnarliðið heldur uppi stöðugu eftirliti með ferðum skipa og kafbáta umhverfis landið og hefur mikilvægi þess eftirlits vaxið samhliða auknum styrk og umsvifum norðurflota Sovétríkjanna á Atlantshafi. Jafnframt eftirlitshlutverkinu skipuleggur varnarliðið varnir Íslands í samráði við innlend stjórnvöld.

Árið 1986 flugu F-15 orrustuþotur varnarliðsins til móts við 170 sovéskar herflugvélar sem komið höfðu inn á íslenska loftvarnarsvæðið. Sovéskar herflugvélar komu að meðaltali á tveggja daga fresti inn á íslenska loftvarnarsvæðið.

Endurnýjun á flugvélakosti varnarliðsins lauk árið 1986 og er nú flugsveit varnarliðsins einvörðungu búin F-15 orrustuþotum. Við þessa breytingu hefur geta flugsveitar varnarliðsins til að sinna loftvarnarhlutverki sínu aukist verulega. Rétt er að geta þess að hávaði frá þotuhreyflum F-15 flugvélarinnar er mun minni en hávaðinn sem var af F-4 orrustuþotunum. Snemma á árinu 1987 er stefnt að því að skipt verði um hreyfla í KC-135 eldsneytisflutningavél varnarliðsins og verða nýju hreyflarnir mun lágværari en þeir hreyflar sem vélin notar nú.

E-3A Sentry ratsjárflugvélarnar fljúga eftirlitsflug reglulega frá Keflavíkurflugvelli og sinna þessar vélar loftvörnum Íslands. Hollensk flugsveit tekur einnig þátt í eftirliti á hafsvæðunum í kringum Ísland. Fyrirhugað er að varnarliðið taki þátt í sameiginlegum loftvarnaræfingum með orrustuflugsveitum frá Bretlandi og Noregi.

Haldið er áfram að bæta tengsl annarra NATO-ríkja við starfsemi varnarliðsins. Á árinu 1986 kom til landsins danskur flugliðsforingi og einnig hollenskur sjóliðsforingi sem báðir hafa hafið störf við yfirstjórn varnarliðsins. Ákveðið er að á næstunni komi til starfa liðsforingi frá Noregi.

3.2. Björgunar- og leitarstarf.

Hér fylgir yfirlit yfir störf björgunar- og leitarsveitar varnarliðsins fyrir tímabilið 1984, 1985 og 1986. Minnkunin, sem orðið hefur á leitar- og björgunarflugi sveitarinnar, stafar af aukinni getu Landhelgisgæslunnar til að sinna björgunarstörfum þar sem Landhelgisgæslan hefur nú tvær nýjar þyrlur til umráða.

	Útköll	Bjarganir
1984 (110 stundir)	30	19
1985 (62 stundir)	20	4
1986	20	5

3.3. Kostnaður við rekstur varnarliðsins.

Heildarkostnaður við rekstur varnarliðsins á árinu 1986 nam 127,8 millj. dollara eða 5,207 millj. króna. Þar af nam launakostnaður til íslenskra starfsmanna varnarliðsins 24,0 (976,8 millj. kr.) millj. dollara en 60,6 millj. dollara til varnarliðsmanna.

Varnarliðið greiddi á árinu 1986 um 101,2 millj. dollara (4,118 millj. kr.) til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna launa, verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu. Áætlað er að eigin innkaup varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra á íslenskum landbúnaðarafurðum hafi numið 963 þús. dollara eða 39,2 millj. króna sem er um 12% hækkun frá árinu 1985.

Heildarkostnaður við mannvirki, sem nú eru í notkun hjá varnarliðinu, er talinn vera 309 millj. dollara (12,576 millj. kr.). Endurnýjunarkostnaður þessara mannvirkja miðað við núvirði er áætlaður 1,384 millj. dollara eða 56,388 millj. króna.

Fjöldi varnarliðsmanna er sem hér segir:

	31. des. 1984	31. des. 1985	31. des. 1986
Fjöldi varnarliðsmanna	3104	3057	3104
Þar af konur í varnarliðinu			456
Skyldulið varnarliðsmanna	2144	2045	2054
Þar af börn	1284	1230	1257

3.4. Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæða.

Utan varnarsvæða voru búsettir 1. desember 1986 63 menn er starfa fyrir varnarliðið, þar af 14 hermenn. 38 þessara 63 manna eiga íslenska maka. Af fyrrgreindum 49 borgaralegum starfsmönnum eru 17 við kennslu í gagnfræðaskóla og barnaskóla varnarliðsins. Aðrir erlendir starfsmenn vinna sérhæfð tæknistörf fyrir varnarliðið eða eru fulltrúar bandarískra fyrirtækja er annast viðhald og þjónustu á tækjabúnaði varnarliðsins.

3.5. Mengunarvarnir og hreinsun skotæfingasvæða.

Í samráði við sveitarfélög og sérfræðistofnanir fylgist varnarmálaskrifstofan náið með því að ráðstöfunum gegn mengun sé framfylgt á varnarsvæðunum. Einn liður í þessu er flutningur olíugeyma varnarliðsins. Varnarliðið hefur nú skilað sex tönkum til niðurrifs. Eftir standa sex tankar ofan jarðar og verða þeir einnig afhentir til niðurrifs. Þá verður flugvallargirðingin flutt til að umlykja þá átta neðanjarðartanka sem eftir standa.

Hreinsun skotæfingasvæðisins á Vogaheiði stóð yfir í júlí, ágúst og september 1986. Í hreinsuninni tóku þátt starfsmenn varnarliðsins. Starfsmenn Landhelgisgæslu og lögreglu fylgdust með störfum varnarliðsmannanna og voru þeim til ráðgjafar.

Hollustuvernd ríkisins er um þessar mundir að vinna að skýrslu vegna umfangsmikilla hávaðamælinga sem farið hafa fram umhverfis flugvöllinn og er reiknað með að skýrslan liggi fyrir áður en langt um líður.

3.6. Nýjar ratsjárstöðvar.

Gert er ráð fyrir að samningagerð um rekstur stöðvanna ljúki í mars–apríl og þá verði hafin ráðning íslenskra starfsmanna. Bandaríkjamenn hverfa að mestu leyti úr ratsjárstöðinni á Stokksnesi fyrri hluta árs 1988 og Íslendingar taka við störfum þar. Ráðgert er að ratsjárstöðvar á Stigahlíðarfjalli og Gunnólfsvíkurfjalli verði teknar í notkun síðari hluta árs 1988 eða í ársbyrjun 1989. Stöðvarnar á Miðnesheiði og Stokksnesi verða jafnframt endurnýjaðar.

4. Verklegar framkvæmdir.

4.1. Verktakastarfsemi fyrir varnarliðið.

Heildarframkvæmdir á vegum íslenskra aðalverktaka námu 54,1 millj. dollara (2,201 millj. kr.) á árinu 1986, en árið áður var samsvarandi tala 24,9 millj. dollara (1,103 millj. kr.).

Helstu verkefnin voru: Gerð flughlaðs og akstursbrauta flugvéla vegna nýju flugstöðvarinnar, einnig nýr vegur frá henni ofan Keflavíkur og Njarðvíkur, framkvæmdir við hina nýju höfn í Helguvík, stækkun vararafstöðvar Keflavíkurflugvallar, íbúðarhús fyrir einstaklinga, vegagerð í Gunnólfsvíkurfjalli og byrjunarframkvæmdir ratsjárstöðva, vegagerð á Stigahlíðarfjall við Bolungarvík og byrjunarframkvæmdir ratsjárstöðva, smíði við fjögur flugskýli. Að auki var unnið að framkvæmd ýmissa smærri verka. Samstarfsnefnd með aðild Íslenskra aðalverktaka, Keflavíkurverktaka, Verktakasambands Íslands og ráðuneytisins hefur áfram unnið að því að opna fyrir undirverktöku í vissum verkefnum fyrir varnarliðið. Er þetta í samræmi við stefnumörkun forvera míns eins og frá var greint í síðustu skýrslu minni til Alþingis.

4.2. Nýjar framkvæmdir á vegum varnarliðsins.

Á árlegum fundi með byggingardeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október s.l., voru eftirtaldar varnarliðsframkvæmdir heimilaðar árið 1987:

1. Bygging húsnæðis fyrir húsnæðisskrifstofu varnarliðsins, um 300 m^2.
2. Félagsheimili, um 400 m^2.
3. Húsnæði fyrir fjármála- og bókhaldsdeild flughersins, um 550 m^2.
4. Vegagerð, bifreiðastæði og að- og fráveitur fyrir nýtt 250 íbúða hverfi.
5. 250 íbúðir, 2ja, 3ja og 4ra herbergja.
6. Verkstæði, um 180 m^2, við flugskýli 885.
7. Tvær nýjar vararafstöðvar við byggingu kafbátaleitareftirlitsins.
8. Framhaldsframkvæmdir við gerð flughlaðs, akstursbrautir og flugvallarveg vegna nýju flugstöðvarinnar.
9. Viðgerð á akstursbraut S-2 og S-3.

Kostnaður við allar ofangreindar framkvæmdir greiðist af Bandaríkjunum nema viðgerð á akstursbrautum S-2 og S-3 sem Atlantshafsbandalagið greiðir. Áætlaður kostnaður ofangreindra framkvæmda er talinn vera um 59 millj. dollara, en endanlegt verð miðast við samningsgerð sjóhersins við Íslenska aðalverktaka. Ofangreindar framkvæmdir taka 2–3 ár og líklega kemst ekki skriður á framkvæmdir fyrr en upp úr miðju sumri. Íslenskir aðalverktakar fengu jafnframt nokkur stór viðhaldsverkefni við vegi, bifreiðastæði, flugvallarbrautir, vatnsdreifingarkerfi og viðhald á ýmsum möstrum. Áætlaður kostnaður 11 millj. dollara þannig að heildarkostnaður við verkefni Íslenskra aðalverktaka, sem hefjast á næsta ári, er um 70 millj. dollara samanborið við 80 millj. dollara á s.l. ári. Áætlað er að á árinu 1987 muni Íslenskir aðalverktakar framkvæma verk, þ.e. bæði eldri og ný, fyrir u.þ.b. 56 millj. dollara. Á fundinum í Norfolk var jafnframt gengið frá verkefnaáætlun fyrir Keflavíkurverktaka, þ.e. viðhaldsverkefni að upphæð 8,8 millj. dollara.

4.3. Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins.

Í skýrslu s.l. árs gat ég þess að varnarmálaskrifstofan væri að gera ítarlega úttekt á hugsanlegri aðild okkar að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Þessari úttekt er nýlokið og hefur ráðuneytið hana nú til athugunar.

VII. Hafréttarmál.

1. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.

Hafréttarsamningurinn hefur verið fullgiltur af 32 aðilum. Hann var fullgiltur fyrir Íslands hönd 21. júní 1985, en hann tekur gildi einu ári eftir að 60 aðilar hafa fullgilt hann. Nefnd, sem vinnur að undirbúningi að starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómsins, náði talsverðum árangri á fundum sínum á árinu.

2. Hafsbotnsmálefni.

Hinn 9. maí 1985 var gefin út reglugerð (nr. 196) varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs. Reglugerðin var sett samkvæmt lögum nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Liggja nú formlega fyrir kröfur frá fjórum ríkjum til Rockall-svæðisins, þ.e. frá Bretlandi, Írlandi, Danmörku og Íslandi. Samkvæmt hafréttarsamningnum ber þessum ríkjum að leita samninga um málið. Viðbrögð Breta og Íra við ráðstöfunum Íslendinga voru að telja þessar ráðstafanir ólögmætar að þjóðarétti. Telja Bretar og Írar að svæðinu beri að skipta milli þeirra með línu frá austri til vesturs, en Danir telja að svæðið sé eðlilegt framhald af Færeyjum og tilheyri þeim.

Á fundi fulltrúa Dana (Færeyinga) og Íslendinga í Kaupmannahöfn hinn 10. september 1985 var ákveðið að fela dr. Talwani að undirbúa vísindalega rannsóknaáætlun varðandi

Rockall-svæðið. Sú áætlun var rædd á fundi í Reykjavík hinn 1. maí 1986 og sendu Danir síðan tillögur um tilfærslu á svæðinu. Verður áætlunin athuguð nánar á fundi í Kaupmannahöfn 27. febrúar 1987. Ráðgert er að innan skamms verði Bretum og Írum boðin þátttaka í framkvæmd áætlunarinnar.

3. Hvalveiðimál.

Mjög gott samstarf hefur verið á milli sjávarútvegsráðuneytis og utanríkisráðuneytis varðandi málefni sem tengjast hvalveiðum í vísindaskyni. Fulltrúar beggja ráðuneytanna hafa sótt fundi, tekið virkan þátt í umræðum og gætt hagsmuna Íslands þar sem þetta mál hefur verið til umfjöllunar og ákvörðunar.

Endurskoðuð rannsóknaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar um hvalrannsóknir 1986–1989 gerir ráð fyrir óbreyttum fjölda hvala sem veiða þarf árlega (80 langreyðar, 40 sandreyðar og 89 hrefnur) svo að unnt verði að meta ástand hvalastofna hér við land á fullnægjandi hátt, en samkvæmt ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins skal heildarendurmat á hvalastofnum framkvæmt eigi síðar en 1990.

Á síðasta ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem haldinn var í Malmö 9.–13. júní 1986, var helsta ágreiningsmálið varðandi veiðiheimildir í vísindaskyni. Fyrir lá að svokölluð „hvalfriðunarríki" ætluðu að knýja fram ályktun er fæli í sér bann við milliríkjaviðskiptum með afurðir af hvölum veiddum í vísindaskyni. Það tókst að koma í veg fyrir þessi áform, ekki síst fyrir atbeina Íslendinga. Niðurstaðan varð sú að samkomulag náðist um ályktun um „sérstakar veiðiheimildir til vísindarannsókna". Það ákvæði ályktunarinnar, sem víkur að nýtingu afurða, mælir með að þær séu einkum nýttar innanlands en útilokar hins vegar ekki útflutning.

Eftir að vísindaveiðar Íslendinga hófust s.l. sumar kom í ljós að bandarísk stjórnvöld lögðu annan skilning í þetta ákvæði en Íslendingar. Þetta leiddi m.a. til þess að hafnar voru tvíhliða viðræður milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda í Washington 7.–8. júlí 1986 þar sem sjónarmið hvors aðila um sig voru vandlega útskýrð. Sjávarútvegsráðherra var í forsvari fyrir íslensku viðræðunefndinni. Sendiráð Íslands í Washington hafði síðan milligöngu varðandi þetta mál og fylgdist náið með framvindu þess.

Í lok júlí 1986 bárust ríkisstjórn Íslands minnispunktar frá viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna þar sem fram kom m.a. að ef Íslendingar stöðvuðu ekki þá þegar vísindaveiðarnar sæju bandarísk stjórnvöld sig knúin til, með hliðsjón af bandarískum lögum, svonefndum Pelly-viðaukalögum, að gefa út staðfesta yfirlýsingu til forseta Bandaríkjanna þess efnis að Íslendingar hefðu gerst brotlegir við verndunaráform Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það gat haft þær afleiðingar að útflutningur á íslenskum fiski til Bandaríkjanna yrði stöðvaður.

Eftir ítarlegar umræður í ríkisstjórn og eftir fund sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra með utanríkismálanefnd Alþingis var talið rétt að sjávarútvegsráðherra efndi til frekari viðræðna við bandarísk stjórnvöld undir forustu viðskiptaráðherra Bandaríkjanna. Þessar framhaldsviðræður fóru fram í Washington 4. og 5. ágúst 1986. Í kjölfar þeirra var gefin út ríkisstjórnarsamþykkt 6. ágúst 1986. Í niðurlagsorðum segir orðrétt:

„Til þess að tryggja, að því verði ekki haldið fram að ályktun Alþjóðahvalveiðiráðsins sé ekki fullnægt, og til að koma í veg fyrir frekari árekstra í máli þessu hefur verið ákveðið að aðeins verði fluttur út tæpur helmingur af kjötinu og einnig tæpur helmingur annarra hluta hvalanna og það sem eftir er nýtt innanlands, enda mun það tryggja framgang nauðsynlegra rannsókna og veiði á 80 langreyðum og 40 sandreyðum í því skyni."

Ákvörðunum um hrefnuveiðar var frestað um óákveðinn tíma. Fyrirhugaðar eru viðræður við aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins fyrir næsta ársfund ráðsins.

4. Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin, NASCO.

Þriðji ársfundur NASCO var haldinn í Edinborg 23.–27. júní 1986. Sovétríkin gerðust aðilar að stofnuninni 11. september 1986, en aðrir aðilar eru, auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk f.h. Færeyja og Grænlands, Evrópubandalagið, Finnland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Á ársfundinum var Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur endurkjörinn forseti stofnunarinnar til tveggja ára.

Á ársfundinum kynnti sendinefnd Íslands í Norðaustur-Atlantshafsnefnd stofnunarinnar afstöðu Íslands í laxamálum, sbr. ályktun Alþingis frá 14. mars 1983. Íslensku fulltrúarnir lögðu fram tillögu um laxveiðibann utan 12 sjómílna og bann við notkun rekneta. Fulltrúar Evrópubandalagsins lögðu fram tillögu um takmörkun veiða Færeyinga við 550 lestir en fulltrúar Noregs um takmörkun veiðanna við 500 lestir. Ekki náðist samkomulag um veiðar Færeyinga á fundinum. Samkvæmt tvíhliða samningi milli Færeyja og Evrópubandalagsins verða laxveiðar Færeyinga á tímabilinu 1. október 1986 til 31. maí 1987 takmarkaðar við 550 lestir.

Í Vestur-Grænlandsnefndinni náðist samkomulag til tveggja ára um takmörkun laxveiða við Vestur-Grænland við 850 lestir árlega. Í Norður-Ameríkunefndinni voru samþykktar ráðstafanir til að draga úr laxveiðum í sjó við Nýfundnaland.

5. Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975 með breytingum frá 1981. Heimild þessi er bundin við tiltekin skip sem eru nú fimm talsins. Aðeins þrjú þeirra stunduðu veiðar við Ísland á árinu 1986. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir. Afli belgískra skipa á árinu 1986 var um 1333 lestir, þar af þorskur um 219 lestir.

Færeyingar hafa leyfi samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979, 1981 og 1984 til að veiða hér við land allt að 17 000 lestir af botnfiski, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu 1986 var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 8500 lestir, þar af allt að 2000 lestir þorsks. Afli þeirra á árinu var 8755 lestir, þar af 2574 lestir þorsks, en farið var fram úr leyfðum afla með samþykki íslenskra stjórnvalda.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Árið 1984 var gerður samningur við Noreg um veiðar Íslendinga í norskri lögsögu og fallið frá uppsögn samkomulagsins um veiðar Norðmanna við Ísland. Afli Norðmanna á árinu 1986 var ákveðinn samkvæmt samkomulagi nú 400 lestir. Sex norsk línuskip stunduðu veiðar við Ísland á árinu, aðallega lúðuveiðar, og var afli þeirra 429 lestir.

Í desember 1986 var gerður samningur um að Norðmenn mættu veiða allt að 60 000 lestir loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1987. Norðmenn veiddu á umræddu tímabili um 58 000 lestir.

6. Skipting loðnustofnsins.

Áfram hefur verið unnið að því að koma á samningi milli Íslands, Grænlands og Noregs um skiptingu veiða úr íslenska loðnustofninum. Frumdrög að heildarsamningi liggja fyrir síðan um mitt ár 1985, en ágreiningur er enn þá um hver vera skuli hlutdeild landanna þriggja í veiðunum. Þríhliða samningi er ætlað að taka við samkomulagi Íslendinga og Norðmanna frá 1980 um 85%–15% skiptingu veiðanna þeirra í milli, enda viðurkennt að Grænlendingum beri hlutur í veiðunum. Þeir hafa hins vegar krafist hærri hlutar, en forsendur hafa þótt standa til. Juku þeir kröfur sínar á fundi í Kaupmannahöfn í apríl 1986 í stað þess að endar næðust þar saman eins og vonast hafði verið eftir. Meðal þess, sem torveldað hefur endanlega lausn málsins, er óleystur ágreiningur Dana og Grænlendinga

annars vegar og Norðmanna hins vegar um lögsögumörkin milli Grænlands og Jan Mayen, þ.e. hvort miðlína eða fullar 200 mílur frá Grænlandi skuli gilda.

Á áðurnefndum fundi náðist samkomulag um að vísindamenn aðilanna þriggja tækju skiptinguna til endurskoðunar í ljósi nýrrar rannsóknaskýrslu frá því í maí 1983 um dreifingu loðnustofnsins. Endurskoðunin staðfesti að í stað þess, að fyrri skýrslan hafi sýnt 73–86% loðnustofnsins tilheyra íslensku lögsögunni, bæri nú að telja 79–91% til hennar og 9–21% til Jan Mayen- og Grænlands-svæðanna sameiginlega. Íslendingar hafa lagt áherslu á að hin vísindalegu gögn um dreifingu stofnsins í heild séu eðlilegasti megingrundvöllur að skiptingu veiðanna, en hjá hinum hefur tilhneigingin verið að miða einungis við dreifingu veiðanlegs hluta stofnsins þá mánuði sem hann gengur út fyrir íslensku lögsöguna.

Nokkrar hugmyndir um mögulega lausn ágreiningsins, sem fjallað hefur verið um óformlega milli stjórnvalda landanna, bæði ráðherra og embættismanna, eru nú til áframhaldandi athugunar og mótunar með það fyrir augum að gerð verði ný sameiginleg tilraun til að leysa málið áður en næsta sumarvertíð hefst.

Á s.l. sumri veiddu færeysk skip um 60 þúsund lestir af loðnu sem voru hluti af kvóta sem grænlenska heimastjórnin ákvað sér, en að öðru leyti hafa veiðarnar á því veiðitímabili, sem nú er að ljúka, farið fram á grundvelli umsaminnar skiptingar Íslendinga og Norðmanna.

Fylgiskjal I.

Sendiráð Íslands og fastanefndir — og umdæmi þeirra.

Hinn 5. febrúar s.l. var undirritaður forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur. Helstu breytingar frá síðasta forsetaúrskurði eru þær að tvær skrifstofur verða í Brussel, önnur fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxemborg hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og hin fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu. Grikkland flyst frá sendiráðinu í Brussel til sendiráðsins í Bonn sem að auki fær Vatíkanríkið. Kúba og Bahamaeyjar flytjast frá sendiráðinu í Washington til fastanefndarinnar í New York. Fer forsetaúrskurðurinn hér á eftir:

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra, sem nefndar eru í 1. lið hér að framan, skulu vera sem hér segir:

a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
b. Ósló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía, Albanía og Saudi Arabía.

d. London. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígería.
e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Grænhöfðaeyjar, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Búlgaría, Alþýðulýðveldið Rúmenía, Alþýðulýðveldið Ungverjaland, Þýska alþýðulýðveldið og Alþýðulýðveldið Mongólía.
g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Sviss, Grikkland og Vatíkanríkið.
h. Brussel. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxemborg.

Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og fastafulltrúi í Norður-Atlantshafsráðinu.

Tvær skrifstofur skulu vera í Brussel:

1. fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxemborg og hjá Efnahagsbandalagi Evrópu,
2. fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu.

i. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólombía, Venezúela og Barbados.
j. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann skal einnig vera fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Kenýu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
k. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.

3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægum löndum, fyrst og fremst Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

4. Starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu.

5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 8. febrúar 1980.

Gjört í Reykjavík, 5. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Sendiherrar með búsetu í Reykjavík gegna embættum í eftirtöldum ríkjum: Japan, Kína, Indlandi, Pakistan, Bangladesh, Alþýðulýðveldinu Kóreu, Kóreulýðveldinu, Indónesíu, Thailandi, Íran, Írak, Kýpur, Túnis og Ástralíu.

Fylgiskjal II.

Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (UN).
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).
Alþjóðapóstsambandið (UPU).
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).
Alþjóðabankinn (IBRD).
Alþjóðalánastofnunin (IFC).
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

Önnur alþjóðasamtök.

Atlantshafsbandalagið (NATO).
Evrópuráðið (Council of Europe).
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).
Norðurlandaráð (Nordic Council).
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).
Bernarsambandið til verndar bókmenntum og listaverkum (Berne Union for the Protection of Literary and Artistic Works).
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).
Norður-Atlantshafslaxverndarstofnunin (NASCO).
Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).
Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar (Paris Convention for the Protection of Industrial Property).
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).
Alþjóðasamband sakamálalögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

Fylgiskjal III.

Tillögur á 41. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að (samtals 34):

Allsherjarþingið (5):	**Ál. nr.**	**Dsl.**	**Úrslit**
Kjörbréf Ísrael	Þst.	3	77—40—16
Kampútsea	41/6	25	115—21—13
Hafréttarmál	41/34	32	142— 2— 5
S.-Afríku sjóður S.Þj.	41/35G	33	s.á.a.
Aðgerðir gegn aðskilnaði kynþátta	41/35H	33	149— 2— 3
Fyrsta nefnd (8):			
Bann við tilraunum með kjarnavopn	41/47	48	137— 1—15
Efna og sýklavopn	41/58C	59	137— 0—14
Óhlutdrægar upplýsingar um hermál	41/59B	60	116— 0—26
Efndir samninga um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun	41/59J	60	s.á.a.
Vígbúnaðarkappklaup á hafinu og afvopnun	41/59K	60	153— 1— 1
Upplýsingaskylda um kjarnatilraunir	41/59N	60	130— 1—22
Skýrsla afvopnunarnefndarinnar í Genf	41/86P	62	101— 0—50
Vopnaeftirlit	41/86Q	62	s.á.a.
Sérstaka stjórnmálanefndin (1):			
Ráðstafanir gegn flóttamannastraumi	41/70	76	s.á.a.
Önnur nefnd (3):			
Háskóli S.Þj.	41/173	81	s.á.a.
Frjálst framtak	41/182	12	s.á.a.
Aðstoð við jaðarríki Suður Afríku	41/199	82	152— 0— 1
Þriðja nefnd (8):			
Kynþáttamisréttissamningur	Brt.[1]	89(b)	80— 0—45
Samningur um afnám alls misréttis gegn konum	41/108	92	s.á.a.
Samningur um réttindi barna	41/116	96	s.á.a.
Mannréttindasáttmálar	41/119	97	s.á.a.
Flóttamannafulltrúi S.Þj.	41/124	99	s.á.a.
Alþjóðasamningur gegn pyntingum	41/134	103	s.á.a.
Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga	41/135	103	s.á.a.
Skyndiaftökur	41/144	12	s.á.a.
Fjórða nefnd (1):			
Menntunar og þjálfunaráætlun fyrir suðurhluta Afríku	41/27	107	s.á.a.

Fimmta nefnd (5):			
Fjárþröng S.þj.	41/204A	112	s.á.a.
Frímerkjaútgáfa	41/204B	112	s.á.a.
Friðhelgi Starfsm. S.þj.	41/205	117	s.á.a.
Fjármögnum UNIFIL	41/179A	120(a)	125— 2— 9
Friðargæslusveitir UNIFIL	41/179B	120(a)	116— 2—19
Sjötta nefnd (3)			
Genfarsamningur um vernd fórnarlamba hernaðarátaka	41/72	122	s.á.a.
Öryggi stjórnarerindreka	41/178	128	s.á.a.
Skýrsla alþjóðalaganefndarinnar	41/81	130	s.á.a.

1) L.24, breytingartillaga við L.9 (41/104), afgreidd í nefnd.

Skýringar: „Ál. nr." táknar ályktun númer. Þar eru einnig skráðar ákvarðanir, breytingartillögur (Brt.) og þingskapartillögur (Þst.) „Dsl" merkir dagskrárliður númer. Undir „Úrslit" eru skráð meðatkvæði—mótatkvæði—hjásetur. „S.á.a." táknar samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Fylgiskjal IV.

Skrá yfir framlög ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1978–1987 (í þús. kr.).

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987[1]
A. Langtíma þróunaraðstoð										
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	176	280	364	521	3 600	4 788	4 788	4 788	5 000	6 000
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	604	1 404	1 404	2 760	3 660	7 323	4 580	20 530	27 400	27 400
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal	380	540	960		590					
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	400	710	6 022	5 757	9 007	41 701	41 410	20 500	24 000	30 000
5. Alþjóðabankinn (IRBD), hlutafjáraukning	900					5 453	11 856	11 856	11 856	11 856
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild		332	456	661	1 045	2 650	3 775	4 900	6 125	9 054
Alls	2 460	3 266	9 206	9 699	17 902	61 915	66 409	62 574	74 381	84 310
B. Önnur aðstoð.										
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	40	59	71	138	250	332	332	332	500	800
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	12	26	33	59	173	378	580	552	644	566
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	21	52	100	296	683	595	945	1 208	1 471	1 291
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	29	60	88	132	512	201	297	380	445	390
5. Aðstoð við flóttamenn	4	434	182	413	1 911	1 500	318	—	—	—
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	6	10	16	29	45	41	58	80	84	80
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	9	14	19	34	363	367	477	558	1 107	1 199
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	6	10	16	29	45	41	58	80	84	464
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)		3	12	31	164	112	238	236	276	243
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna					58	50	88	104	122	107
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)						248	294	258	302	238
12. Sérstök matvælaaðstoð vegna hungursneyðar o. fl.					1 150	2 559	2 000	10 800	4 800	—
13. Tækniaðstoð við Kólombíu									970	—
Alls	127	668	537	1 161	5 354	6 424	5 685	14 588	10 805	5 378
Samtals	2 587	3 931	9 743	10 860	23 256	68 339	72 094	77 162	85 186	89 688
Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0.042%	0.043%	0.065%	0.047%	0.066%	0.115%	0.094%	0.073%	0.058%	0.054%

1) Áætlun. Spá 1987 er á áætluðu meðalgengi 1987.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal V.

Norræn áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Kaupmannahöfn 13. og 14. ágúst síðastliðinn ítrekuðu þeir enn frekar samþykkt utanríkisráðherrafundar Norðurlanda í Ósló 17. og 18. október 1985 um norræna áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

1. Formáli.

Norrænu ríkin telja kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku (apartheid) brot á grundvallarmannréttindum samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðamannréttindayfirlýsingunni. Apartheid-stefnan er einsdæmi í veröldinni, þar sem hún felur í sér skipulagðan aðskilnað kynþátta og er bundin í stjórnskipunarlög Suður-Afríku. Þessi stefna og löglaust hernám Suður-Afríkulýðveldisins í Namibíu hefur leitt til alvarlegrar spennu í suðurhluta Afríku.

Enn fremur líta norrænu ríkin svo á, að apartheid-stefnan sé ógnun við alþjóðlegan frið og öryggi. Þess vegna munu þau vinna að því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að samþykktar verði skuldbindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku til að stuðla að því að horfið verði frá apartheid-stefnunni með friðsamlegum hætti.

Meðan þess er beðið, að skuldbindandi refsiaðgerðir nái fram að ganga, hafa Norðurlönd ákveðið að grípa til einhliða aðgerða til að minnka efnahagsleg og önnur samskipti við Suður-Afríku. Þau hvetja önnur ríki til að fara að dæmi Norðurlanda og ákveða svipaðar ráðstafanir til að auka alþjóðlegan þrýsting á ríkisstjórn Suður-Afríku og gera hann áhrifaríkari. Vegna hins einstæða eðlis apartheids má óeining í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um skuldbindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku ekki koma í veg fyrir að einstök ríki grípi til ráðstafana til að draga úr samskiptum við Suður-Afríku.

2. Alþjóðlegar ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna munu Norðurlönd:

— vinna ötullega að því að öryggisráðið samþykki bindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku, m.a. á sviði fjárfestinga, viðskipta og flutninga. Virkt bann við olíuflutningum til Suður-Afríku gæti orðið mikilvægur liður í slíkum refsiaðgerðum. Norðurlönd munu stuðla að slíku olíubanni og hefja viðræður við lönd, sem gera út kaupskipaflota í því augnamiði að ná samkomulagi um sameiginlegt bann við olíuflutningum til Suður-Afríku;

— vinna að því að önnur ríki geri þær ráðstafanir, sem mælt er með í ályktun 39. allsherjarþings S. þj. um samræmdar alþjóðlegar aðgerðir gegn apartheid (ályktun 39/72G);

— vinna að því að ályktun öryggisráðs S. þj. nr. 418 (1977) um bann við sölu vopna til Suður-Afríku verði í hvívetna hlýtt. Enn fremur að vinna að því að vopnasölubannið verði gert víðtækara og virkara, t. d. með því að banna útflutning til Suður-Afríku á búnaði, sem nota mætti í jafnt hernaðarskyni og til almennra nota;

— stuðla að því að þær ráðstafanir, sem mælt var með í ályktun öryggisráðs S. þj. nr. 558 (1984) og 569 (1985) verði gerðar skuldbindandi;

3. Norrænar ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Norðurlönd hafa ákveðið að beita sér fyrir eftirfarandi einhliða ráðstöfunum:

— að banna eða vinna gegn nýjum norrænum fjárfestingum í Suður-Afríku;
— að hefja samninga við norræn fyrirtæki um að draga úr framleiðslu sinni í Suður-Afríku;
— að hvetja norræn fyrirtæki, sem eiga verslunarviðskipti við Suður-Afríku, að leita annarra markaða í þeim tilgangi að draga úr viðskiptum milli Norðurlanda og Suður-Afríku;
— að gera þær ráðstafanir, sem öryggisráð S. þj. mælti með í ályktun nr. 558 (1984) um að kaupa ekki vopn, skotfæri eða brynvagna framleidda í Suður-Afríku;
— að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem öryggisráð S. þj. mælti með í ályktun nr. 569 (1985) en enn hafa ekki verið framkvæmdar á Norðurlöndum, þ. e.:
bann við innflutningi á suður-afrískum gullpeningum, Krügerrands,
bann við nýjum samningum um samstarf á sviði kjarnorkumála,
bann við útflutningi á tölvubúnaði, sem her og lögregla Suður-Afríku gætu haft not af;
— gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að opinber fyrirtæki á Norðurlöndum geri innkaup í Suður-Afríku;
— að banna hvers konar ríkisstyrki er stuðlað gætu að auknum viðskiptum við Suður-Afríku;
— að banna eða vinna gegn lánveitingum, þar með talin þátttaka í alþjóðlegum lánum, til Suður-Afríku. Svo lengi sem aðskilnaðarstefnan og hin neikvæðu áhrif hennar á efnahag Suður-Afríku vara, ber að vinna gegn lánveitingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Suður-Afríku á grundvelli þeirra reglna, sem stofnskrá sjóðsins setur;
— að banna eða vinna gegn hvers konar leigusamningum við fyrirtæki í Suður-Afríku;
— að banna eða vinna gegn sölu einkaleyfa og framleiðsluréttinda til Suður-Afríku;
— að hætta flugsamgöngum við Suður-Afríku;
— að takmarka frekari samskipti við Suður-Afríku á sviði íþrótta, menningar og vísinda;
— að herða sameiginlegar norrænar leiðbeiningarreglur fyrir embættismenn um útgáfu vegabréfsáritana fyrir suður-afríska ríkisborgara í því augnamiði að styrkja framkvæmd þessarar áætlunar;
— að auka norræna mannúðarhjálp við flóttamenn, frelsishreyfingar, fórnarlömb og andstæðinga apartheid-stefnunnar;
— að auka norræna aðstoð við grannríki Suður-Afríku og önnur ríki í sunnanverðri Afríku og samstarfsstofnun þeirra (SADCC) til að gera þau minna háð Suður-Afríku efnahagslega og minnka þar með möguleika Suður-Afríku á að skapa glundroða í þessum löndum.

Norræni vinnuhópurinn um ráðstafanir gegn Suður-Afríku mun reglubundið íhuga nýjar hugsanlegar aðgerðir gegn Suður-Afríku.

Fylgiskjal VI.

Þingsályktun
um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.

Sþ. **723. Svar** [250. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um verðlag og sölu á kindakjöti.

1. Hvert var heildsöluverð á kindakjöti, smjöri og mjólk að meðaltali hvert ár frá 1976–1986, einnig reiknað á föstu verði samkvæmt verðlagi í árslok 1986?

Þessari spurningu er svarað í töflu I og II. Rétt er þó að benda á að mjög erfitt er að reikna nákvæmlega hvert meðalverð einstakra vörutegunda er á hverju ári því að ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu mikið seldist og á hvaða verði.

Því miður voru hliðstæðar upplýsingar fyrir árið 1976 ekki tiltækar og er því þess vegna sleppt.

2. Hverju námu niðurgreiðslur á verði þessara vörutegunda sama tímabil, reiknað með sama hætti?

Þessari spurningu er svarað með töflu III og IV.

3. Hvert er sölumagn á þessum vörum sama tímabil?

Í töflu V getur að líta tölur um sölumagn þessara vörutegunda 1977–1986. Jafnframt má sjá sömu upplýsingar á 1. mynd.

4. Hvert var heildsöluverð þessara vara í hlutfalli við framfærsluvísitölu þetta tímabil?

Sem svar við þessari spurningu hefur 2. mynd verið útbúin, en hún sýnir hlutfallslega breytingu vísitölu framfærslukostnaðar og verðvísitalna þeirra vörutegunda sem spurt er um.

5. Hvert var smásöluverð þessara vara sama tímabil — áætlað meðalverð samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofnunar eftir að álagning var gefin frjáls?

Í töflu VI, er Verðlagsstofnun lét útbúa, kemur fram smásöluverð nokkurra landbúnaðarafurða á tímabilinu frá 1976 til 1986 og svarar það fyrri hluta þessarar spurningar.

Seinni hluti spurningarinnar fjallar um það hvort það hafi haft áhrif til verðhækkunar kindakjöts, og þá tilsvarandi minni heildarsölu, þegar smásöluálagning var gefin frjáls á kindakjöti í stykkjasölu í byrjun árs 1984. Þessari spurningu er erfitt að svara því að litlar upplýsingar eru til um breytingar á hlutfalli einstakra skrokkhluta í sölunni milli ára. Jafnframt þyrfti að einangra aðra áhrifaþætti eins og t.d. breytingu í þjóðartekjum á mann og áhrif samkeppnisvöru þannig að það sæist í raun og veru hvers vegna sala kindakjöts hefur minnkað.

Þrátt fyrir þessa annmarka vill ráðuneytið koma á framfæri 3. mynd, en í henni eru bornar saman breytingar á smásöluverði kindakjöts í stykkjasölu miðað við smásöluverð kindakjöts í heilum og hálfum skrokkum, en eins og kunnugt er fer verðlagning kindakjöts í heilum og hálfum skrokkum nú fram hjá verðlagsnefnd.

Á 3. mynd má sjá að verðhækkanir á kótilettum og lærum frá árinu 1983 hafa orðið töluvert meiri en verðhækkanir á kjöti í heilum og hálfum skrokkum. Sem dæmi hækkaði verð skrokksins um 130% á þessu tímabili. Ef t.d. læri hefði tekið sömu verðbreytingum hefði meðalverð þess á árinu 1986 orðið 252 kr. en ekki 322 kr.

Á það skal ekki lagður dómur hér hvort þessa aukalegu verðhækkun sé hægt að réttlæta með hærra vinnslustigi vörunnar eða meiri gæðum, en það kemur reyndar hvergi fram í upplýsingum Verðlagsstofnunar hvort svo er.

Tafla I.

Niðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara (meðaltal hvers árs).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	1138.92	76.07	585.08
1978	969.08	122.29	763.58
1979	1651.17	172.41	1070.00
1980	3201.17	306.24	1938.00
1981	55.82	4.72	32.05
1982	67.75	6.32	42.77
1983	153.17	13.10	83.86
1984	213.69	19.12	122.26
1985	313.32	27.73	168.27
1986	252.44	33.25	203.91

Ath.: Frá 1977–80 er um að ræða gkr.

Tafla II.

Niðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara (fast verðlag des. 1986, miðað við framfærsluvísitölu).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	346.06	23.11	177.78
1978	204.38	25.79	161.04
1979	239.40	25.00	155.14
1980	292.74	28.00	177.23
1981	338.35	28.63	194.26
1982	271.95	25.36	171.68
1983	333.63	28.54	182.66
1984	360.35	32.23	206.17
1985	399.14	35.32	214.06
1986	266.39	35.09	215.17

Tafla III.

Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða (meðaltal hvers árs).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	481.33	40.40	151.33
1978	1310.58	61.77	426.25
1979	1887.00	104.50	721.50
1980	2275.08	125.25	773.17
1981	30.12	1.83	9.85
1982	64.01	3.90	21.78
1983	70.72	4.40	25.06
1984	72.86	3.40	21.67
1985	72.86	2.60	26.18
1986	221.52	4.23	38.92

Ath.: Frá 1977–80 er um að ræða gkr. Árin 1977 og 1986 taka bændur þátt í niðurgreiðslum.

Tafla IV.

Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða (fast verðlag 1. des. 1986, miðað við framfærsluvísitölu).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	146.25	12.28	45.96
1978	276.4	13.03	89.9
1979	273.6	15.15	104.61
1980	208.05	11.45	70.71
1981	182.55	11.08	59.69
1982	256.93	15.66	87.43
1983	154.05	9.58	54.59
1984	122.06	5.73	36.54
1985	92.82	3.31	33.35
1986	233.76	4.47	41.07

Ath.: Til viðbótar þessum niðurgreiðslum hefur áburðarverði verið haldið niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, þ.e. 130 milljónum kr. 1985 og 170 milljónum kr. 1986. Þessar niðurgreiðslur skila sér óbeint til lækkunar á verði til neytenda.

Tafla V.

Sala landbúnaðarafurða.

ár	smjör tonn	mjólk millj.ltr.	kindakjöt tonn
1977	1,266	42,824	9,022
1978	1,512	45,462	9,845
1979	1,500	45,235	10,423
1980	1,673	45,259	9,918
1981	1,158	45,301	9,731
1982	1,379	46,014	10,916
1983	1,254	46,066	10,734
1984	1,240	44,871	9,739
1985	1,100	45,705	10,025
1986	1,173	46,341	7,879

Ath.: Frá 1981 er smjörhluti smjörva innifalinn og til mjólkur telst nýmjólk, léttmjólk, G-mjólk, súrmjólk og G-súkkulaðimjólk.

Tafla VI.

Meðalsmásöluverð á dilkakjöti 1976–1986 (verð á kg) skv. vísitölu framfærslukostnaðar.

1976	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	Óvegið meðalverð
Heilir skrokkar	4.24	5.20	5.49	6.56	5.37	
Súpukjöt	4.87	5.95	6.29	7.29	6.10	
Læri	5.02	6.12	6.47	7.66	6.32	
Kótelettur	5.61	6.80	7.20	8.54	7.04	6.21
1977	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	6.96	7.26	6.36	8.24	7.07	
Súpukjöt	7.72	8.09	7.28	9.46	7.96	
Læri	8.10	8.50	7.72	9.98	8.38	
Kótelettur	9.00	9.47	8.78	11.21	9.39	8.20
1978	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	9.92	9.09	10.85	9.41	9.72	
Súpukjöt	11.11	10.38	12.29	10.71	11.02	
Læri	11.70	11.25	13.29	11.87	11.87	
Kótelettur	13.10	12.72	14.97	13.14	13.32	11.48
1979	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	8.32	9.17	12.31	16.09	10.92	
Súpukjöt	9.74	10.69	14.08	18.06	12.53	
Læri	11.50	12.56	16.23	20.51	14.48	
Kótelettur	12.88	14.02	17.90	22.42	16.03	13.49
1980	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	18.09	19.49	19.47	24.24	19.64	
Súpukjöt	20.06	21.79	22.05	25.82	21.78	
Læri	22.51	24.64	25.21	31.83	25.10	
Kótelettur	24.42	26.86	27.66	34.51	27.36	23.47
1981	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	28.55	30.30	35.35	41.05	32.41	
Súpukjöt	30.40	32.15	37.05	43.45	34.29	
Læri	37.20	38.95	44.90	52.00	41.58	
Kótelettur	40.25	42.00	48.40	55.85	44.85	38.28
1982	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	40.80	37.35	43.70	57.35	43.44	
Súpukjöt	42.90	39.65	46.15	60.25	45.84	
Læri	52.20	49.70	56.90	72.90	56.18	
Kótelettur	56.35	54.20	61.70	78.60	60.82	51.57
1983	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	66.20	81.85	101.20	116.45	86.50	
Súpukjöt	69.80	86.10	106.25	122.10	90.91	
Læri	85.00	104.15	127.30	145.50	109.44	
Kótelettur	91.80	112.30	136.75	155.95	117.75	101.15
1984	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	116.45	122.95	137.65	146.27	128.35	
Súpukjöt	122.10	128.56	139.06	144.87	131.75	
Læri	145.50	166.30	205.81	222.28	178.57	
Kótelettur	155.95	169.09	196.08	207.30	177.83	154.12
1985	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	158.45	172.22	187.13	167.08	169.49	
Súpukjöt	161.13	170.90	187.95	176.50	171.48	
Læri	250.36	277.31	313.85	264.45	272.98	
Kótelettur	227.59	246.96	272.64	242.86	244.55	214.62
1986	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	191.70	220.13	182.40	223.10	199.66	
Súpukjöt	210.92	239.25	208.24	267.23	223.85	
Læri	354.44	340.60	278.00	335.53	321.22	
Kótelettur	348.56	345.53	278.38	324.43	317.43	265.54

Meðalsmásöluverð á mjólk og smjöri 1976–1986 (verð á kg eða ltr) skv. vísitölu framfærslukostnaðar.


MJÓLK

	febrúar	maí	ágúst	nóvember	m.verð ársins
1976	0.41	0.55	0.61	0.69	0.57
1977	0.75	0.79	0.76	0.92	0.79
1978	1.14	1.31	1.55	1.43	1.32
1979	1.35	1.52	2.00	2.54	1.76
1980	2.81	3.13	3.29	3.53	3.11
1981	4.25	4.45	5.40	5.85	4.79
1982	5.70	5.65	6.65	8.35	6.38
1983	9.70	12.55	16.45	17.10	13.22
1984	17.10	18.70	22.30	23.10	19.80
1985	26.50	28.60	30.90	33.30	28.98
1986	35.40	35.40	36.20	37.50	35.78


SMJÖR

	febrúar	maí	ágúst	nóvember	m.verð ársins
1976	6.12	8.15	8.92	10.12	8.33
1977	10.92	11.71	10.96	13.42	11.48
1978	8.80	8.80	22.40	12.74	13.24
1979	11.50	13.70	18.10	25.06	16.06
1980	28.70	31.88	32.66	20.00	28.73
1981	46.60	49.00	63.60	70.25	53.18
1982	56.50	57.30	71.10	90.70	67.20
1983	109.95	144.40	192.70	200.40	152.72
1984	200.40	219.50	239.70	250.30	223.32
1985	291.50	319.00	349.00	380.70	324.18
1986	410.20	275.00	233.00	233.00	309.11


Mynd 1.


1
Mjólkursala
milljon ltr.
50
45
40
35
30
25
20
15
10
5
0
1977-1986
2
Smjörsala
tonn
1800
1600
1400
1200
1000
800
600
400
200
0
1977-1986
3
Kindakjötssala
tonn
12000
10000
8000
6000
4000
2000
0
1977-1986

Mynd 2.


Samanburður á
heekkunum framfeersluvísitölu og
heildsöluverðs búvöru
vísitala
4500
4000
3500
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
ár
Mjólk
Kindakjöt
Framfeersiu
visitala
Smjör

Mynd 3.



Ed. 724. Frumvarp til laga [397. mál]

um fangelsi og fangavist.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Stjórn og skipulag.

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka öll fangelsi hér á landi. Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

2. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður staðsetningu, gerð og rekstrarfyrirkomulag fangelsa.

Fangelsi skiptast í eftirtalda flokka:

1. Afplánunarfangelsi.
2. Gæsluvarðhaldsfangelsi.

Í afplánunarfangelsum skal vista þá sem dæmdir eru í fangelsi eða varðhald og þá sem afplána vararefsingu fésekta. Ef sérstakar ástæður krefja er einnig heimilt að vista þar þá sem dæmdir eru í öryggisgæslu.

Í afplánunarfangelsum má einnig vista gæsluvarðhaldsfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Í sérstökum tilfellum má um skemmri tíma vista fanga í fangageymslum lögreglu eða gæsluvarðhaldsfangelsi.

Heimilt er að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu.

II. KAFLI

Starfsmenn og sérhæfð þjónusta.

3. gr.

Dómsmálaráðherra ræður forstöðumann fangelsis. Ráða skal öðrum fremur mann er hefur lokið viðurkenndu lokaprófi frá háskóla. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann.

Forstöðumaður sér um daglegan rekstur stofnunar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

4. gr.

Í fangelsum skal starfa hæfilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs. Dómsmálaráðherra ræður fangaverði, en forstöðumaður viðkomandi stofnunar aðra starfsmenn.

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

5. gr.

Eftirtalda sérhæfða þjónustu skal veita í fangelsum:

1. Heilbrigðisþjónustu.
2. Félagslega þjónustu.
3. Prestsþjónustu.

Dómsmálaráðherra ræður starfsmenn til að sinna framangreindri þjónustu.

6. gr.

Starfrækja skal sérstaka stofnun til þess:

1. Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn eða náðun.
2. Að annast félagslega þjónustu við fanga og þá sem upp eru taldir í lið 1.

Stofnunin skal í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra ræður forstöðumann og sérhæft starfslið stofnunarinnar.

Forstöðumaður skal hafa lokið viðurkenndu lokaprófi úr háskóla.

Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

III. KAFLI

Fangavist.

7. gr.

Ákvæði í þessum kafla eiga við þá sem eru vistaðir í afplánunarfangelsum.

8. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður í hvaða fangelsi afplánun fer fram. Við þá ákvörðun skal tillit tekið til aldurs, kynferðis, búsetu og brotaferils fangans. Fangi, sem á við andlega eða líkamlega fötlun að stríða eða þarfnast af öðrum ástæðum sérstaks aðbúnaðar, skal afplána dóm í fangelsi sem uppfyllir skilyrði um slíkan aðbúnað.

Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða fæði barn í afplánun má heimila henni að hafa það hjá sér í fangelsinu.

9. gr.

Afplánun skal vera samfelld. Ef sérstakar ástæður eru til staðar er heimilt að skipta afplánun. Slíkt hlé má skilorðsbinda.

10. gr.

Fanga, 20 ára og yngri, má hafa einan sér í fangavist og láta hann sæta sérstakri meðferð. Leggja skal áherslu á að efla andlegan og líkamlegan þroska fangans.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsitímann vistaður á sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsu hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

12. gr.

Fangi, sem lagður er á sjúkrahús, telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar, nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.

13. gr.

Í fangelsum skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu.

Fanga ber að vinna þau störf sem honum eru falin.

Fanga skal greiða laun fyrir vinnuna og skal tekið tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa.

Heimilt er að ákvarða að tiltekinn hundraðshluti af launum fanga fari í skyldusparnað og skal sú fjárhæð annaðhvort afhent fjölskyldu fangans eða fanganum að lokinni afplánun refsingar.

Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fanginn verður ábyrgur fyrir meðan hann er að afplána refsingu.

Samkvæmt beiðni fanga má heimila honum að uppfylla vinnuskyldu í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því. Með samþykki forstöðumanns fangelsis er fanga heimilt að útvega sér vinnu.

Heimila má fanga að stunda vinnu utan fangelsis og ákveður forstöðumaður í samráði við dómsmálaráðuneytið hvernig gæslu skuli hagað.

Ekki má setja fanga til vinnu sem er hættuleg heilsu hans. Fangi skal tryggður gegn slysum við vinnu, eftir því sem lög um slysatryggingar mæla.

Ef fangi er ekki settur til vinnu skulu honum ákvarðaðir dagpeningar.

14. gr.

Fangi skal eiga kost á því að stunda nám. Heimila má fanga að stunda nám eða starfsþjálfun utan fangelsis og ákveður forstöðumaður fangelsis í samráði við dómsmálaráðuneytið hvernig gæslu skuli hagað.

Reglubundið nám fanga kemur í stað vinnuskyldu.

15. gr.

Fanga skal séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar.

Fangi skal eiga kost á útivist í a.m.k. eina klukkustund á dag nema aðstæður hamli.

16. gr.

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal klefinn vera lokaður að næturlagi.

Fangi má samkvæmt nánari reglum umgangast aðra fanga að degi til.

17. gr.

Fangi hefur rétt til að þiggja heimsókn af nánustu vandamönnum sínum á tilteknum viðtalstímum.

Forstöðumaður getur leyft frekari heimsóknir. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, einnig vandamönnum hans.

Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir manna nema þeirra sem eiga við hann opinber erindi eða heimsækja hann að tilmælum forstöðumanns.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga.

18. gr.

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum.

Heimilt er að rannsaka bréf ef ástæða þykir til.

Bréf til og frá fanga skal rannsakað í viðurvist hans.

Bréf til og frá fanga má stöðva ef innihald þess gefur tilefni til og skal tilkynna sendanda um stöðvun bréfs.

Bréf til og frá yfirvöldum og lögmönnum fanga skulu ekki rannsökuð.

Fanga er heimilt að taka við öðrum sendingum samkvæmt nánari reglum. Heimilt er að rannsaka allar sendingar til og frá fanga.

19. gr.

Fangi hefur rétt á símtölum við aðila utan fangelsis að því marki sem aðstæður leyfa í fangelsinu.

Heimilt er að hlusta á símtöl við fanga. Ef hlustað er á símtal við fanga skal það gert með vitneskju hans.

20. gr.

Dómsmálaráðherra getur takmarkað rétt fanga skv. 17.–19. gr. vegna öryggis ríkisins.

21. gr.

Veita má fanga leyfi til skammrar dvalar utan fangelsis ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki.

Leyfi skal ekki veitt ef hætta er á að fangi misnoti það.

IV. KAFLI

Öryggi í fangelsum og agaviðurlög.

22. gr.

Áfengi, önnur vímuefni og lyf, sem fangi hefur í fórum sínum við komu í fangelsið eða kemst yfir í því, má gera upptækt.

Muni, sem tekist hefur eða reynt er að smygla inn í fangelsið, má gera upptæka. Það sama gildir um muni sem fangi hefur búið til eða komist yfir án leyfis réttra yfirvalda.

Forstöðumaður hefur heimild til að leggja hald á handrit eða annað skrifað efni sem fangi hefur skráð í fangelsinu. Þetta á við ef handritið eða hið skráða efni inniheldur upplýsingar um aðra fanga, sem ekki eiga að vera á allra vitorði, eru ósæmilegar eða aðrar ástæður mæla gegn því að það fari út úr fangelsinu.

23. gr.

Ef grunur leikur á að fangi feli á sér innan klæða efni eða hluti sem honum er bannað að hafa í fangelsinu er heimilt að framkvæma líkamsleit á fanga. Slíka leit má gera þegar eftirfarandi ástæður gefa tilefni til:

1. Þegar fangi kemur í fangelsi í upphafi afplánunar eða kemur aftur eftir dvöl utan þess.
2. Grunur leikur á að fangi feli á sér hluti eða efni sem honum er bannað að hafa í fangelsinu.
3. Ástæða þykir til að gera skyndileit meðal fanga.
4. Fangi hefur fengið heimsókn sem farið hefur fram án eftirlits.

Leit á fanga innan klæða skal gerð af starfsmanni sama kyns og fanginn.

24. gr.

Heimilt er að taka þvag- og blóðsýni úr fanga.

Ef grunur leikur á að fangi feli innvortis efni eða hluti sem honum er bannað að hafa í fangelsi er heimilt að framkvæma leit að fengnu áliti læknis. Innvortis leit skal gerð af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Vitni sama kyns og fangi skal vera viðstatt ef aðstæður leyfa.

Ákvörðun um leit samkvæmt þessari grein skal bókuð og ástæður tilgreindar.

25. gr.

Fanga má einangra frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins. Einnig má einangra fanga vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin. Ef hætta er á að fangi valdi meiri háttar eignaspjöllum á húsakosti eða húsbúnaði fangelsisins má halda honum einangruðum frá öðrum, svo og til að koma í veg fyrir strok.

Þá má einangra fanga til að koma í veg fyrir að hann hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis og hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf. Fanga má sömuleiðis hafa út af fyrir sig til að afstýra því að hann beiti aðra fanga yfirgangi.

Spennibol og handjárn má nota um skamman tíma ef nauðsyn krefur.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal bóka og ástæður tilgreindar.

Samþykki dómsmálaráðherra þarf til að halda fanga í einangrun samkvæmt grein þessari lengur en 30 daga.

26. gr.

Fyrir brot á reglum fangelsis má beita fanga eftirtöldum agaviðurlögum:

1. Áminningu.
2. Sviptingu réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt lögum þessum og reglugerðum.
3. Sviptingu vinnulauna.
4. Einangrun í allt að 60 daga.

Beita má fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis. Viðurlögin má skilorðsbinda.

Sá tími, sem fangi er hafður í einangrun, telst ekki til refsitímans. Strjúki fangi telst tími frá stroki og þar til fangi er settur í fangelsi á ný ekki til refsitímans.

Forstöðumaður ákveður agaviðurlög samkvæmt grein þessari. Áður en hann tekur ákvörðun skal hann ganga úr skugga um hvernig broti var háttað með því að yfirheyra fangann og með annarri rannsókn eftir aðstæðum.

Ákvarðanir um agaviðurlög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis.

Einangrun má ekki lengja fangavist um meira en þriðjung dæmds refsitíma nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið og aldrei um meira en helming.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Sé fangi lengur en þrjá mánuði í afplánun er óheimilt að innheimta opinber gjöld af honum meðan afplánun stendur yfir, svo og tvöfaldan þann tíma eftir að henni lýkur allt að einu ári. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessari grein.

28. gr.

Þegar fullnægja á refsivist er heimilt að handtaka dómþola og gilda þá ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

29. gr.

Fangar, sem afplána varðhalds- og fangelsisdóma, skulu látnir lausir kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur.

Fangar, sem afplána vararefsingu vegna sekta, skulu látnir lausir um sama leyti dags og afplánun hófst.

30. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um skilyrði þess að verða ráðinn sem fangavörður og um menntun þeirra, um starfsemi stofnunar skv. 6. gr., um vinnulaun og dagpeninga fanga, um nám fanga og um leyfi til dvalar utan fangelsis.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum. Enn fremur falla brott 3. málsl. 2. mgr. 32. gr., 33. gr., 35.–39. gr., 43. gr., 2.–5. mgr. 44. gr., 45.–48. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. í V. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Enn fremur 2. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 79. gr. í VIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Þann 20. apríl 1982 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi þingsályktun um fangelsismál:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi.

Á grundvelli þeirrar úttektar skal nefndin skila áliti jafnóðum og það liggur fyrir er feli í sér:

1. Stöðu fangelsismála.
2. Tillögur um brýnar úrbætur.
3. Áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála.

Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.“

Síðar um vorið 1982 skipaði Alþingi eftirtalda í nefndina: Braga Jósepsson uppeldisfræðing, Davíð Aðalsteinsson alþingismann, Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing, Jakob Havsteen lögfræðing, Jósef Þorgeirsson alþingismann, Ólaf Þórðarson alþingismann og Salome Þorkelsdóttur alþingismann. Dómsmálaráðherra skipaði Jakob Havsteen formann. Sagði hann af sér formennsku á árinu 1983 og var Davíð Aðalsteinsson þá skipaður formaður.

Nefndin fól nefndarmönnunum Braga Jósepssyni, Davíð Aðalsteinssyni og Hildigunni Ólafsdóttur að semja frumvarp og var það gert í samvinnu við Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Með bréfi, dags. 5. febrúar 1987, til dómsmálaráðherra sendi nefndin frumvarp til laga um fangelsi og fangavist og frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, og tilkynnti jafnframt að hún hefði lokið störfum. Frumvarp þetta er efnislega óbreytt eins og það kom frá nefndinni, en á því hafa verið gerðar ýmsar minni háttar orðalagsbreytingar í dómsmálaráðuneytinu.

Það sama á við um athugasemdir við frumvarpið sem nefndin sendi frá sér. Orðalagi hefur á nokkrum stöðum verið breytt og í örfáum tilfellum hefur verið bætt við skýringum varðandi einstakar greinar.

II. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er endurskoðun á lögum nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum, og þeim hluta V. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem varðar fangelsi og fangavist. Þykir rétt að um fangelsi og fangavist gildi ein heildarlög þar sem skil á milli þeirra ákvæða í V. kafla almennra hegningarlaga sem lagt er til að felld verði brott með frumvarpi þessu og laga um fangelsi og vinnuhæli eru að sumu leyti óljós. Þó að ákvæði um framkvæmd refsivistar séu að meginstefnu til í almennum hegningarlögum og meginákvæði um refsivistarstofnanir í lögum um fangelsi og vinnuhæli eru í síðarnefndu lögunum einnig ákvæði um framkvæmd refsivistar. Nauðsynlegt er að lögfesta ýmis ákvæði um réttarstöðu fanga sem miðað við framangreinda skiptingu hefðu átt að vera í V. kafla almennra hegningarlaga, en þau þykja ekki eiga heima í þeim lögum.

Frumvarpið tekur mið af núverandi aðstæðum hér á landi í fangelsismálum og gerir ekki ráð fyrir grundvallarbreytingum á framkvæmd fullnustu óskilorðsbundinna refsivistardóma. Við samningu þess hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf á þessu sviði, einkum norskum og sænskum lögum, en dönsk lög eru nú í heildarendurskoðun.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum á þeim ákvæðum V. kafla almennra hegningarlaga er fjalla um viðurlög við afbrotum en þau mál hafa mjög verið til umfjöllunar í nágrannalöndum okkar á undanförnum árum og þá sérstaklega með tilliti til nýrra refsileiða. Eðlilegt er að þessi ákvæði sæti endurskoðun á næstunni, en það verkefni fellur ekki undir verksvið þessarar nefndar.

Með lögum nr. 18/1961, um ríkisfangelsi og vinnuhæli, var mótuð sú refsipólitíska stefna að flokka fangelsi í þrennt:

1. Ríkisfangelsi.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingafangelsi.

Í 2. gr. þeirra laga sagði að stofna skyldi í Reykjavík eða nágrenni hennar ríkisfangelsi sem rúmi 100 fanga og að því skyldi skipt í þessar deildir: einangrunarfangelsi, öryggisgæsludeild, deild fyrir geðveila, kvennafangelsi og gæsluvarðhald.

Í 2. gr. núgildandi laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, er sú stefna, sem mótuð var 1961, áréttuð. Unglingafangelsi er breytt í unglingavinnuhæli og bætt við 4. tölulið: Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæsluvarðhaldsfanga. Þá var ákvæðið um fjölda fangaplássa í ríkisfangelsi fellt niður.

Ríkisfangelsi hefur aldrei verið byggt og engin áform hafa verið uppi um að byggja það á síðustu árum. Unglingavinnuhæli hefur heldur ekki verið komið á fót.

Hugmyndin um ríkisfangelsi er komin frá nágrannalöndum okkar. Um 1970 hafði fengist af þeim nokkur reynsla og sú stefna, sem þau byggðust á, mikið gagnrýnd.

Hugmyndafræðina á bak við ríkisfangelsi má rekja allt til áranna 1920 til 1930 en þá gætti mikillar bjartsýni meðal þeirra sem unnu við refsimál. Almennt var talið að hægt væri að taka afbrotamenn til meðferðar ef til þess væru hentugar stofnanir. Þessi stefna, „meðferðarstefnan“, byggðist á því að flokka afbrotamenn og koma þeim síðan fyrir á viðeigandi stofnunum þar sem sú meðferð, sem þar fengist, kæmi í veg fyrir ítrekuð afbrot. Þannig áttu að vera sérstakar deildir fyrir hvern flokk, svo sem síbrotamenn, unga menn og geðveila afbrotamenn.

Hér verður ekki gerð grein fyrir allri gagnrýni á ríkisfangelsishugmyndina og þau vandamál sem upp komu við framkvæmd hennar. Eitt dæmi verður látið nægja: Hvar ætti að vista ungan síbrotamann sem er geðveikur?

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að fallið verði frá hugmyndum um ríkisfangelsi eins og það er nú skilgreint í lögum. Samkvæmt frumvarpinu skiptast fangelsi í:

1. Afplánunarfangelsi.
2. Gæsluvarðhaldsfangelsi.

Verður nánar fjallað um þessa skiptingu hér síðar í umfjöllun um I. kafla frumvarpsins.

Frumvarpinu er skipt upp í eftirtalda V. kafla:

1. Stjórn og skipulag.
2. Starfsmenn og sérhæfð þjónusta.
3. Fangavist.
4. Öryggi í fangelsum og agaviðurlög.
5. Ýmis ákvæði.

Með frumvarpinu fylgir eitt fylgifrumvarp þar sem lagt er til að núverandi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1983, verði felld inn í lög nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um yfirstjórn fangelsismála, tegundir fangelsa og hverjir skulu vistaðir í fangelsum.

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli.

Um 2. gr.

Eins og áður hefur verið rakið felur grein þessi í sér grundvallarbreytingu frá gildandi lögum um fangelsi og vinnuhæli.

Skipta má efni greinarinnar í þrennt:

a. Staðsetningu, gerð og rekstrarfyrirkomulag fangelsa.
b. Flokka fangelsa.
c. Hverjir skulu vistaðir í fangelsi.

Í fyrstu málsgrein segir að dómsmálaráðherra ákveði staðsetningu, gerð og rekstrarfyrirkomulag fangelsa.

Ekki þykir ástæða til að ákveða með lögum hvar fangelsi skuli staðsett eða hvaða fangelsi skulu rekin, heldur verði ákvörðun um það í höndum dómsmálaráðherra. Það sama gildir um stærð og fyrirkomulag fangelsa.

Í upphafi 4. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, segir að ekki megi setja á fót nýja ríkisstofnun nema með lögum. Varðandi ný fangelsi er því hér um sérákvæði að ræða, en ljóst er að þau verða ekki sett á stofn nema

til þess fáist fjárveiting í fjárlögum og heimild til að ráða starfsmenn í samræmi við framangreind lög.

Í núgildandi lögum eru atriði sem 1. mgr. greinarinnar tekur til á ýmsum stöðum. Í upphafi 4. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli segir að vinnuhæli skuli rekin fyrst um sinn á Litla-Hrauni í Árnessýslu og á Kvíabryggju. Í 3. mgr. 16. gr. sömu laga segir að þar til komið hefur verið upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ætlaðar eru fyrir móttökudeild, gæsluvarðhald og varðhald, skuli reka Hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og fangelsi í húsnæði við Síðumúla í Reykjavík og skuli í þeim fangelsum heimilt að vista hvers konar fanga.

Í 6. gr. sömu laga er fjallað um fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæsluvarðhaldsfanga. Í 3. mgr. þeirrar greinar segir að dómsmálaráðherra kveði á um hversu langan tíma sé heimilt að geyma gæsluvarðhaldsfanga í slíkum fangelsum og sömuleiðis geti hann ákveðið að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis að heimilt sé að láta varðhaldsfanga afplána í slíkum fangelsum og þá um hve langan tíma.

Í 13. gr. sömu laga segir að dómsmálaráðherra ákveði nánar staðsetningu fangelsa og gerð þeirra og setji reglugerð um rekstur þeirra.

Þá segir í 1. mgr. 33. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, að refsivist skuli taka út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli.

Auk þeirra fangelsa, sem talin eru upp hér að framan, fer afplánun fram í húsnæði lögreglustöðvarinnar á Akureyri, sbr. reglugerð þar að lútandi nr. 112/1978, og á Bitru í Hraungerðishreppi, sbr. reglugerð nr. 584/1981.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fangelsi skiptist í tvo flokka, þ.e. afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi. Eins og áður er fram komið er fangelsum í 2. gr. núgildandi laga um fangelsi og vinnuhæli skipt í fjóra flokka: Ríkisfangelsi, vinnuhæli, unglingavinnuhæli og fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæsluvarðhaldsfanga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að afplánunarfangelsi komi í stað núgildandi ákvæða um ríkisfangelsi, vinnuhæli og unglingavinnuhæli.

Áður er fram komið að sú hugmyndafræði, sem liggur að baki ríkisfangelsi og raunar unglingavinnuhæli, á ekki hljómgrunn nú.

Orðið „vinnuhæli“ kemur fyrst fyrir í lögum nr. 26/1928 um heimild fyrir landsstjórnina til að reisa betrunarhús og vinnuhæli. Upphaflegt frumvarp til þeirra laga hét „frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að reisa betrunarhús og letigarð“ og í 1. gr. þess stóð: „Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfé allt að 100 000 krónum til að kaupa land og láta reisa betrunarhús og letigarð, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæpingjar, sem ekki vilja vinna fyrir sér eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.“

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hugmyndin var sú að stofnunin skyldi vera fangelsi og letigarður „þar sem heilsuhraustir letingjar væru þvingaðir til að vinna“. Og í greinargerðinni segir enn fremur: „Af letigarðinum mundi mörgum sveitar- og bæjarfélögum stafa mikið gagn á þann hátt, að landeyður, sem nú vilja ekki vinna fyrir sér eða börnum sínum, myndu mjög oft fremur vilja vinna eins og frjálsir menn, heldur en komast á slíkt vinnuheimili, þar sem aðbúðin væri að vísu góð, en þeir þó sviptir frelsi um lengri eða skemmri tíma.“ Og í áliti minni hluta allsherjarnefndar efri deildar segir: „Ég er sammála meiri hluta nefndarinnar um það, að nauðsyn beri til að reisa á næstunni nýtt betrunarhús (fangahús) fyrir landið þar sem fangelsið í Reykjavík er orðið allsendis ófullnægjandi. Hitt tel ég ekki fullrannsakað, hvort fært eða hagkvæmt sé að reka sömu stofnun einnig sem „letigarð“, og tel ég að ákvörðun þar um verði að bíða frekari rannsókna“.

Í meðförum þingsins var orðinu letigarður í frumvarpinu breytt í vinnuhæli og það þannig samþykkt með einni annarri smávægilegri breytingu. Í framhaldi af þessari lagasetningu var Eyrarbakkaspítali keyptur til afnota í þessu skyni.

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að vinnuhæli hefur upphaflega ekki þýtt fangelsi eða refsivistarstofnun. Í lögum nr. 18/1961, um ríkisfangelsi og vinnuhæli, kemur vinnuhæli fyrst inn sem tegund fangelsis. Í 4. gr. núgildandi laga um fangelsi og vinnuhæli segir í 2. málsl.: „Í vinnuhælunum skal fullnægja fangelsisrefsingum að því leyti, sem ekki er nauðsynlegt að vista refsifanga í deildum ríkisfangelsisins eða þeir aldurs vegna skulu dvelja í unglingavinnuhæli.“

Hvergi eru í lögum ákvæði um að réttindi og eða skyldur fanga á vinnuhælum séu aðrar en í öðrum fangelsum.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að framan þykir rétt að fella vinnuhæli niður sem sérstaka tegund fangelsis.

Annar töluliður 2. mgr. fjallar um gæsluvarðhaldsfangelsi. Kemur hann í staðinn fyrir núgildandi 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli þar sem fjallað er um fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæsluvarðhaldsfanga.

Rétt þykir að aðgreina gæsluvarðhaldsfangelsi frá fangageymslum sem eru í tengslum við lögreglustöðvar. Fangageymslur lögreglu þykja svo nátengdar löggæslustarfsemi að ekki þykja rök til að hafa ákvæði um þau í lögum um fangelsi og fangavist, enda heyrir rekstur þeirra, stjórn og fyrirkomulag undir lögreglustjóra á hverjum stað.

Í 3. mgr. eru ákvæði um hverja vista skuli í afplánunarfangelsum. Það eru þeir sem dæmdir eru í fangelsi og varðhald og afplána vararefsingu fésekta. Einnig er þar heimildarákvæði um að vista megi þá sem dæmdir eru í öryggisgæslu í slíkum fangelsum.

Í 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga um fangelsi og vinnuhæli segir að þeir sem úrskurðaðir eru samkvæmt framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947, og lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971, til að vinna af sér meðlag eða barnalífeyri skulu vistaðir á vinnuhæli eða unglingavinnuhæli, eftir því sem aldur þeirra segir til um. Í frumvarpi þessu er felld niður heimild til að vista þá sem úrskurðaðir eru samkvæmt framangreindum ákvæðum í fangelsum. Þessir aðilar hafa ekki verið vistaðir á vinnuhælum síðan upp úr árinu 1970. Benda má á að framangreind lagaákvæði eru síðustu leifar af skuldafangelsi. Enn fremur brýtur framangreint ákvæði í bága við 3. mgr. a-lið 8. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt og birtur er sem auglýsing nr. 10/1979 í C-deild stjórnartíðinda. Við fullgildingu samningsins var gerður fyrirvari við 3. mgr. a-lið 8. gr. samningsins.

Í 4. mgr. er heimild til að vista gæsluvarðhaldsfanga í afplánunarfangelsum ef einangrun telst ekki nauðsynleg. Ef gæsluvarðhaldsfangi er vistaður í afplánunarfangelsi sætir hann almennum kjörum afplánunarfanga. Nú eru gæsluvarðhaldsfangar vistaðir í almennum fangelsum, einkum í þeim tilfellum þegar um mjög alvarleg afbrot er að ræða og þeir eru úrskurðaðir í gæsluvarðhald á meðan á málsmeðferð fyrir dómstólum stendur en einangrun telst ekki nauðsynleg vegna rannsóknar málsins. Þykir nauðsynlegt að sérstök lagaheimild sé til slíkrar vistunar í afplánunarfangelsum.

Í 5. mgr. er heimild til að vista afplánunarfanga í sérstökum tilfellum um skamman tíma í fangageymslu lögreglu eða gæsluvarðhaldsfangelsi. Þetta á einkum við þegar afplánun hefst utan höfuðborgarsvæðisins og áður en unnt er að flytja viðkomandi einstaklinga í önnur fangelsi. Einnig getur verið nauðsynlegt að vista erfiða fanga í slíkum fangelsum um skamman tíma vegna sérstakra aðstæðna. Það sama gildir um heimild til að vista afplánunarfanga í gæsluvarðhaldsfangelsi. Það getur verið nauðsynlegt þegar um erfiða fanga er að ræða og vegna agabrota. Aðrar aðstæður geta einnig gert það nauðsynlegt.

Í 6. mgr. er heimild til að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu. Nú er einungis eitt gæsluvarðhaldsfangelsi hér á landi, þ.e. við Síðumúla 28 í Reykjavík. Nauðsynlegt er að heimilt sé að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu, einkum utan höfuðborgarsvæðisins. Einnig er það nauðsynlegt ef gæsluvarðhaldsfangar eru fleiri en fangelsið í Síðumúla rúmar og ef nauðsynlegt þykir að aðskilja menn sem t.d. eru viðriðnir sama mál.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um starfsmenn fangelsa og þá sérhæfðu þjónustu sem veita á í fangelsum.

Um 3. gr.

Þessi grein kemur í stað núgildandi 11. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli. Í 11. gr. segir að skipa skuli öðrum fremur lögfræðing eða félagsráðgjafa sem forstöðumann stofnunar og að þeir skuli sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál.

Ekki þykja rök til að takmarka forstöðumannsstarf við lögfræðinga og félagsráðgjafa heldur er lagt til að ráðnir skulu öðrum fremur menn er lokið hafa viðurkenndu lokaprófi úr háskóla. Þá er fellt niður skilyrði um að þeir skuli sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál. Mjög erfitt hefur reynst að fá háskólamenntaða starfsmenn til að vinna að fangelsismálum og óraunhæft er að setja skilyrði um að þeir hafi sérstaklega kynnt sér fangelsismál áður en þeir hefja störf á því sviði.

Í 11. gr. er ákvæði um heimild fyrir ráðherra til að skipa þriggja manna stjórnarnefnd við hverja stofnun sér til aðstoðar við yfirstjórn stofnunarinnar. Þessi heimild er ekki í frumvarpinu.

Í þessari grein er það nýmæli að heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann. Slíkt getur verið hentugt þar sem fleiri en ein stofnun eru á sama svæði, t.d. í Reykjavík.

Um 4. gr.

Í 12. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli er fjallað um starfslið fangelsa. Í frumvarpinu er fjallað um starfsmenn fangelsa í tveimur greinum, þ.e. 4. og 5. gr. Í þessari grein segir að í fangeslum skuli starfa hæfilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs. Með öðru starfsliði er t.d. átt við starfsmenn í eldhúsi og skrifstofumenn. Í greininni segir að dómsmálaráðherra ráði fangaverði en forstöðumaður viðkomandi stofnunar aðra starfsmenn. Í núgildandi lögum er ekki ákvæði um þessi atriði.

Ekki þykja ástæður til að setja í lög ákvæði um skilyrði til þess að vera ráðinn sem fangavörður og um menntun þeirra, en í 30. gr. frumvarpsins segir að setja skuli reglugerð um þessi atriði og er það í samræmi við almenna venju hér á landi um nám sérstakra starfsstétta.

Ákvæði 2. og 3. mgr. greinarinnar eru samhljóða lögum nr. 81/1986 um breytingu á 12. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um hvaða sérhæfða þjónustu skuli veita í fangelsum. Er hér ekki um tæmandi upptalningu að ræða heldur lágmarksþjónustu. Gert er ráð fyrir að þessari þjónustu geti hvort heldur verið sinnt sem aukastarfi sérhæfðra starfsmanna eða af fastráðnum starfsmönnum. Í dag eru læknar ráðnir í hlutastarf við fangelsin í Reykjavík og á Litla-Hrauni og að Bitru en heilsugæslulæknar sinna þjónustu án sérstaks samnings við Vinnuhælið að Kvíabryggju og á Akureyri. Þá er starfandi einn fangaprestur og einn sálfræðingur er sinna öllum fangelsunum.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að starfrækja skuli sérstaka stofnun til að:

1. annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða fá skilorðsbundna reynslulausn eða náðun,
2. annast félagslega þjónustu við fanga og þá sem upp eru taldir í lið 1.

Gert er ráð fyrir að stofnun þessi komi í staðinn fyrir Skilorðseftirlit ríkisins sem sett var á stofn með heimild í núgildandi 14. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, en verkefni skilorðseftirlitsins eru þau sömu og talin eru upp í 1. tölul. 1. mgr.

Nauðsynlegt þykir að auka félagslega þjónustu við fanga og núverandi skjólstæðinga Skilorðseftirlits ríkisins og þykir eðlilegt að þessi starfsemi sé rekin undir einni yfirstjórn þar sem um sömu skjólstæðinga er að ræða. Nú sinnir skilorðseftirlitið þeim sem frestað er ákæru gegn, en það eru einkum yngri afbrotamenn sem ekki hafa fengið dóma. Þeir sem dæmdir eru skilorðsbundið hefur aldrei verið gert að sæta eftirliti skilorðseftirlitsins. Skilorðseftirlitið hefur eftirlit með flestum er losna úr fangelsum á reynslulausn og þykir rétt að tengsl þeirra við væntanlega skjólstæðinga hefjist þegar í fangelsunum. Þannig má búa þá betur undir komu þeirra út í þjóðfélagið á ný.

Ákvæðið um að stofnunin skuli í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir eftir því sem við á er óbreytt frá núgildandi 14. gr.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um fangavistina sem slíka, hvar afplánun fari fram og um réttarstöðu fanga. Í kaflanum eru ýmis nýmæli áður ólögfest. Nauðsynlegt þykir að lögfesta ákvæði um nokkur grundvallarréttindi fanga en um mörg þeirra er nú fjallað í reglugerð um fangavist nr. 206/1957 og reglugerð um vinnuhælið á Litla-Hrauni nr. 150/1968. Verður nánar gerð grein fyrir ákvæðum þessum hér á eftir í umfjöllun um einstakar greinar.

Tekið skal fram að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að réttarstaða þeirra sem afplána varðhaldsdóma verði sú sama og þeirra sem afplána fangelsisdóma, en í 44. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru nú sérákvæði um réttarstöðu þeirra sem afplána varðhaldsdóma. Í framkvæmd nú er ekki mismunur á þessu tvennu og þykja ekki rök til að viðhalda honum í lögum.

Um 7. gr.

Í þessari grein segir að ákvæði III. kafla frumvarpsins um fangavist eigi einungis við um þá sem eru í afplánunarfangelsum. Um réttarstöðu gæsluvarðhaldsfanga er fjallað í IX. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Um 8. gr.

Samkvæmt starfsreglum fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins nr. 409/1977, sbr. auglýsingu um breytingu á þeim nr. 3/1980, 4. gr., annast deildin um fullnustu á öllum refsivistardómum. Í 1. mgr. þessarar greinar segir að dómsmálaráðherra ákveði í hvaða fangelsi afplánun fari fram og eru í greininni leiðbeiningar um við hvað eigi að miða þegar ákvörðun um afplánunarstað er tekin.

Í 2. mgr. er ákvæði um að eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða fæði barn í afplánun megi heimila henni að hafa það hjá sér í fangelsinu. Í frumvarpinu er ekki skilgreint hvað átt er við með ungbarn en miðað er við að um sé að ræða barn sem vegna aldurs gerir sér ekki grein fyrir hvar það er.

Um 9. gr.

Í 4. gr. reglugerðar um fangavist nr. 206/1957 segir að refsitími skuli yfirleitt vera óslitinn en dómsmálaráðherra geti þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi ákveðið hlé á fullnustu refsingar og skuli þá ákveðið í upphafi hve langt hlé sé veitt hverju sinni.

Rétt þykir að ákvæði um samfellda afplánun séu lögbundin. Jafnframt þykir rétt ef sérstakar ástæður eru til staðar að heimilt sé að veita hlé á afplánun og jafnframt að skilorðsbinda frestinn. Er þá miðað við að heimilt sé að beita þeim skilyrðum sem talin eru upp í 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 10. gr.

Í 43. gr. almennra hegningarlaga segir að ákveða megi með reglugerð að fangar, sem dæmdir hafa verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skuli hafðir sér í fangelsi eða fangelsisdeild og látnir sæta annarri meðferð en aðrir fangar. Skal þá leggja sérstaka stund á að efla andlegan og líkamlegan þroska fanganna með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna þeim atvinnugreinar sem komið geti þeim að gagni er þeir hafa fengið frelsi sitt aftur.

Í 5. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli segir að reka skuli unglingavinnuhæli fyrir allt að 25 fanga og skuli það fullnægja fangelsisrefsingu þeirra sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri. Efni þessarar greinar hefur aldrei verið skilgreint og eins og fram kemur í almennum inngangi hér að framan hefur unglingavinnuhæli ekki verið sett á stofn. Ef aðstæður breytast í fangelsismálum hér á landi og rétt þykir að setja upp sérstaka fangelsisdeild eða fangelsi fyrir unga fanga þykir rétt að heimild þar að lútandi sé í lögum og jafnframt skilgreint hvað sé átt við með ungum föngum. Þykir rétt að miða þann aldur við 20 ár í staðinn fyrir 22 ár eins og nú er í lögum.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 39. gr. almennra hegningarlaga.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 46. gr. almennra hegningarlaga.

Um 13. gr.

Um vinnu og vinnuskyldu eru nú ákvæði í 37. gr. almennra hegningarlaga og 8. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973.

Þessi ákvæði eru ekki að öllu leyti samhljóða.

Í 1. mgr. er lögð sú skylda á fangelsisyfirvöld að sjá fyrir vinnuaðstöðu í öllum fangelsum. Ástand þessara mála nú er þannig að einungis á Kvíabryggju og á Litla-Hrauni er aðstaða til vinnu. Allt fram á þetta ár var vinnuframboð á Kvíabryggju lítið en nú hefur verið bætt úr því. Á Litla-Hrauni er vinnuframboð takmarkað og einungis hægt að fullnægja vinnuþörf í 3–4 klst. á degi hverjum og er varla hægt að segja að fullnægjandi vinnuframboð sé fyrir alla fanga. Mikilvægt er að bjóða upp á fullnægjandi vinnuaðstöðu þar sem vinnan er liður í því að gera fanga hæfari til að koma út í þjóðfélagið á ný. Auk þess má benda á að vinna hefur mikið gildi í þá veru að menn sætti sig betur við fangavistina og hefur það sýnt sig að þegar vinnuframboð er nægilegt eru minni vandamál í fangelsunum á öðrum sviðum.

Í 2. mgr. felast ákvæði um vinnuskyldu og að fanga beri að vinna þau störf sem honum eru falin.

Þriðja málsgrein er í samræmi við 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli.

Fjórða málsgrein er í samræmi við 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli. Tekið skal fram að ákvæði um skyldusparnað hefur ekki verið nýtt fram að þessu.

Fimmta málsgrein er í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. almennra hegningarlaga.

Í 6. mgr. er um nýmæli að ræða. Af og til undanfarin ár hefur föngum verið heimilað að útvega sér sjálfir vinnu og að vinna í klefum sínum ef vinnan og aðstæður leyfa. Þykir ástæða til að heimild þar til sé í lögum.

Sjöunda málsgrein er í samræmi við 2. mgr. 37. gr. almennra hegningarlaga.

Þótt aðalreglan sé sú að vinna fanga fari fram innan fangelsisins þykir rétt að heimild sé til staðar um að fangi stundi vinnu utan fangelsis og er þá einkum haft í huga ef það gæti verið í tengslum við starfsnám fanga.

Áttunda málsgrein er í samræmi við 45. gr. almennra hegningarlaga.

Í 9. mgr. er um nýmæli að ræða og er skilyrði fyrir því að greiða fanga dagpeninga sem ekki er í vinnu að fangelsisstjórn geti ekki eða útvegi ekki vinnu fyrir viðkomandi fanga. Er þetta fyrirkomulag nú til staðar í fangelsinu á Akureyri og á Bitru og miðast dagpeningar við brýnustu persónulegar nauðsynjar fangans.

Um 14. gr.

Um nokkurra ára skeið hefur föngum á Litla-Hrauni verið gefinn kostur á reglubundinni kennslu. Er það gert í samvinnu við Fjölbrautaskólann á Selfossi og er kennslan á Litla-Hrauni á vegum skólans. Þeim nemendum, sem lokið hafa grunnnámi á Litla-Hrauni, hefur verið gefinn kostur á að sækja tíma í Fjölbrautaskólanum á Selfossi. Þykir þessi reynsla hafa gefið góða raun. Rétt þykir að reglubundið nám fanga komi í stað vinnuskyldu. Með reglubundnu námi er átt við að fangar geti ekki komist hjá vinnu með því að innrita sig í skóla en sinna ekki raunverulegu námi.

Um 15. gr.

Aðstaða til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar í fangelsunum er mjög bágborin. Gert er ráð fyrir að vinnutími fanga sé átta klukkustundir fimm daga vikunnar. Frítími fanga er því mjög langur. Því er nauðsynlegt að fanginn geti varið þeim tíma til hollra tómstundaiðkana og gerir 1. mgr. ráð fyrir að fangelsisyfirvöld hafi frumkvæði í að sjá föngum fyrir viðunandi aðstöðu til þess.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að fangar skuli eiga kost á a.m.k. einnar klukkustundar útivist nema veður eða aðrar ástæður hamli.

Um 16. gr.

Í fangelsunum á Litla-Hrauni og Kvíabryggju eru allir fangar í eins manns klefa. Þykir rétt að stefnt verði að því framvegis að fangar verði einir í klefa.

Um 17. gr.

Ákvæði um heimsóknir til fanga eru ekki lögbundin. Um það atriði er fjallað í 20. gr. reglugerðar um fangavist nr. 206/1957. Í fangelsum landsins eru mjög takmarkaðar aðstæður til að taka á móti heimsóknum til fanga. Í flestum tilfellum er gestum til fanga leyft að fara inn í klefa til hans. Heimildarákvæði um að leita á gestum fanga er sett til að koma megi í veg fyrir að reynt sé að smygla inn í fangelsið hlutum sem fanginn hefur ekki heimild til að hafa þar, svo sem áfengi og öðrum vímuefnum. Þykir nauðsynlegt að þessi heimild sé til staðar á meðan ekki eru möguleikar á sérstakri heimsóknaraðstöðu við fangelsin.

Um 18. gr.

Um heimild fanga til að senda og taka á móti bréfum og sendingum eru ekki ákvæði í lögum. Um það er fjallað í 19. gr. reglugerðar um fangavist nr. 206/1957. Nauðsynlegt þykir að lagaheimild sé til staðar til að bréf og sendingar til og frá fanga séu rannsökuð ef ástæða þykir til. Er það gert til að koma í veg fyrir m.a. smygl á vímuefnum inn í fangelsi og einnig að koma í veg fyrir hugsanlegar ólöglegar aðgerðir fanga innan eða utan fangelsis.

Rétt þykir að bréf til og frá yfirvöldum og lögmönnum fanga skuli ekki rannsökuð.

Um 19. gr.

Ákvæði um rétt fanga til símtala eru ólögfest. Í framkvæmd er það svo að fangar fá að hringja stutt símtöl þrisvar í viku og hringja má til þeirra þrisvar í viku í fangelsið. Af sömu ástæðu og nauðsynlegt þykir að rannsaka megi bréf fanga er hér ákvæði um að heimilt sé að hlusta á símtöl þeirra. Þykir rétt að fanga sé það ljóst hvort hlustað er á það sem hann talar í

síma. Við það er miðað að fanga sé gert ljóst fyrir símtal eða á meðan á því stendur hvort hlustað er á það.

Ákvæði um að hlusta megi á símtöl fanga felur ekki í sér heimild til að taka þau upp á segulband til að hlusta á þau síðar.

Um 20. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Ef öryggi ríkisins krefst þess þykir nauðsynlegt að dómsmálaráðherra geti takmarkað rétt fanga er hann hefur almennt skv. 17.–19. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Um heimild til að veita leyfi meðan á afplánun stendur eru nú ákvæði í 3. mgr. 37. gr. almennra hegningarlaga. Slík heimild var fyrst veitt með lögum nr. 42/1985, 3. gr. Í framkvæmd hefur undanfarin ár verið veitt leyfi þegar fangi hefur verið a.m.k. eitt ár í afplánun og er honum þá veitt leyfi til dagsdvalar utan fangelsis og síðan á hálfs árs fresti.

Víðast hvar á Vesturlöndum eru ákvæði um leyfi meðan á afplánun stendur í föstum skorðum og mun víðtækari en hér á landi.

Um IV. kafla.

Um 22. gr.

Í lögum eru ekki ákvæði um hvaða muni fangi má hafa með sér í fangavistina og í sínum klefa.

Í framkvæmd hefur verið miðað við að hann megi aðeins hafa í klefa sínum brýnustu persónulega muni, svo sem föt, snyrtiáhöld o.þ.h. og fyrir öðrum hlutum þurfi sérstakt leyfi fangelsisyfirvalda.

Þessi framkvæmd styðst við ýmis ákvæði í reglugerð um fangavist nr. 206/1957. Í 2. mgr. 8. gr. segir t.d.: „Sérhvern fanga skal rannsaka nákvæmlega jafnskjótt og hann kemur í fangelsið, í viðurvist eins vitnis, ef unnt er. Taka skal af fanga alla peninga og önnur verðmæti — þó ekki giftingar- eða trúlofunarhring — en yfirleitt allt það, sem ekki þykir henta samkvæmt reglum fangelsins að hann hafi meðferðis.“

Í 4. mgr. 23. gr. sömu reglugerðar segir: „Fangi má nota vinnuarð sinn til þess að afla sér ritfanga, almanaka, verkefnis til tómstundavinnu og því um líkt, þó aðeins með leyfi fangelsisstjóra hverju sinni, og samkvæmt því sem samrýmist reglum fangelsis hverju sinni.“

Í 1. mgr. þessarar greinar er heimild til að gera áfengi, önnur vímuefni og lyf upptæk sem fangi hefur við komu í fangelsi eða kemst yfir í fangelsinu.

Áfengi og lyf er almennt lögmætt að eiga, en notkun þess sem og annarra vímuefna er bönnuð í fangelsum nema þeirra lyfja sem fangelsislæknir ávísar. Nauðsynlegt þykir að ótvíræð lagaheimild sé til staðar til að gera upptækt áfengi, önnur vímuefni og önnur lyf en fangalæknir ávísar og finnast hjá fanga eða í fangelsi.

Í 2. mgr. er heimild til að gera muni, sem smyglað hefur verið inn í fangelsið eða reynt er að smygla inn í fangelsi, upptæka svo og muni sem fangi hefur búið til eða komist yfir án heimildar fangelsisstjórnar. Nauðsynlegt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að allt það sem fangi hefur komist yfir án heimildar fangelsisstjórnar sé gert upptækt. Ef ástæða þykir til að banna ákveðna hluti eða muni í fangelsi er almennt gert ráð fyrir að þeir séu afhentir fanga þegar afplánun lýkur. Upptökuheimildinni er einkum beint gegn munum sem fanga, samföngum eða starfsmönnum geta verið hættulegir eða nota má til stroks eða annarrar ólögmætrar starfsemi í fangelsinu.

Í 3. mgr. er heimild til að leggja hald á handrit eða annað skrifað efni sem fangi hefur skráð í fangelsinu. Upptökuheimild hér miðast við að hið skráða efni innihaldi upplýsingar um aðra fanga sem ekki eigi að vera á allra vitorði, er ósæmilegt eða aðrar ástæður mæli gegn því að hið skráða efni fari út úr fangelsinu.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er heimild til að framkvæma rannsókn á föngum til að komast að raun um hvort þeir hafi að geyma efni eða hluti sem bannaðir eru í fangelsum. Í 1.–4. tölul. 2. mgr. eru leiðbeiningarreglur um hvenær slík leit er heimil. Er hér ekki um tæmandi upptalningu að ræða heldur miðað við að ef um aðrar sambærilegar aðstæður er að ræða sé leit leyfileg. Ákvæði þessa efnis eru ekki lögfest nú en í 8. gr. reglugerðar nr. 206/1957 er almenn heimild til að framkvæma rannsókn á föngum hvenær sem þurfa þykir.

Í 2. mgr. segir að leit á fanga innan klæða skuli gerð af starfsmanni sama kyns og fanginn. Þykir nauðsynlegt að enginn vafi sé um þetta framkvæmdaratriði.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er heimild til að taka þvag- og blóðsýni úr fanga. Tilgangurinn með þessari heimild er tvíþættur. Í fyrsta lagi þykir nauðsynlegt að hægt sé að ganga úr skugga um hvort fangi sé undir áhrifum áfengis eða lyfja. Í öðru lagi eru fangar áhættuhópur margra alvarlegra smitsjúkdóma og er nauðsynlegt að hægt sé að staðreyna hvort þeir séu smitaðir jafnvel án vilja þeirra.

Í 2. mgr. er heimild til innvortis leitar á föngum. Skilyrði þess að framkvæma megi slíka leit er að grunur leiki á að fangi feli innvortis efni eða hluti sem honum er bannað að hafa í fangelsum og áður en sú leit er framkvæmd skal leita álits læknis. Á undanförnum árum hefur í þó nokkrum tilfellum fíkniefnum verið smyglað innvortis. Þykir nauðsynlegt að hægt sé að ganga úr skugga um hvort svo sé gert í fangelsum. Til þess þarf að vera ótvíræð lagaheimild. Í greininni er ákvæði um að leit skuli framkvæmd af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Í 3. mgr. er ákvæði um að vitni sama kyns og fangi skuli vera viðstatt ef aðstæður leyfa.

Í 4. mgr. segir að ákvörðun um leit samkvæmt grein þessari skuli bókuð og ástæður fyrir henni tilgreindar.

Um 25. gr.

Grein þessi kemur í staðinn fyrir 48. gr. almennra hegningarlaga, en ákvæði hennar eru að ýmsu leyti fyllri.

Í 1. málsl. 1. mgr. er nýmæli um að heimilt sé að halda fanga einangruðum frá öðrum ef það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 26. gr.

Grein þessi kemur í staðinn fyrir 47. gr. almennra hegningarlaga. Í greininni eru fyllri ákvæði sérstaklega um hvernig staðið skuli að ákvörðun um beitingu agaviðurlaga.

Í 1. mgr. er fjallað um hvaða agaviðurlögum er heimilt að beita. Það eru:

1. Áminning.
2. Svipting réttinda sem fangar almennt njóta.
3. Svipting vinnulauna.
4. Einangrun í allt að 60 daga.

Fyrsti töluliður er nýmæli. Þykir ástæða til að taka upp áminningu fyrir t.d. fyrsta minni háttar brot fanga á reglum fangelsis.

Annar og 3. tölul. eru óbreyttir frá 1. og 2. tölul. 1. mgr. 47. gr. almennra hegningarlaga.

Í 4. tölul. 1. mgr. er heimild til að einangra fanga í allt að 60 daga fyrir agabrot. Í 3. tölul. 1. mgr. 47. gr. almennra hegningarlaga er heimild til að einangra varðhaldsfanga í allt að 60 daga og þá sem afplána fangelsisvist í allt að 90 daga fyrir agabrot. Í frumvarpi þessu er

ekki gerður munur á varðhaldsföngum og þeim sem afplána fangelsisdóma. Í samræmi við það þykir ekki rétt að hafa mismunandi heimildir til einangrunar vegna agabrota þessara fanga. Þá þykir rétt að hámarkstímalengd í einangrun vegna agabrota verði 60 dagar.

Í 4. mgr. 27. gr. reglugerðar um fangavist nr. 206/1957 segir að innilokun í einangrunarklefa megi ekki vera lengri en 30 dagar nema með samþykki dómsmálaráðuneytisins. Með gildistöku laga þessara þykir rétt að þetta ákvæði falli brott þar sem ákvörðun forstöðumanns um beitingu agaviðurlaga sætir stjórnsýslulegri kæru til dómsmálaráðuneytisins og þykir ekki eðlilegt að ráðuneytið hafi í alvarlegustu tilfellunum fyrir fram tekið þátt í afgreiðslu málsins ef ákvörðun kann að verða kærð.

Í 2. mgr. er heimild til að beita fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis. Er það óbreytt ákvæði frá 47. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar er það nýmæli í 2. mgr. að heimilt er að skilorðsbinda ákvarðanir um agaviðurlög.

Ákvæði 3. mgr. eru efnislega samhljóða 2. mgr. 46. gr. almennra hegningarlaga.

Í 4. mgr. eru ákvæði um að forstöðumaður skuli sjálfstætt kanna hvernig broti er háttað áður en hann tekur ákvörðun um beitingu agaviðurlaga. Þetta ákvæði er nýmæli í lögum en er efnislega samhljóða 3. mgr. 27. gr. reglugerðar um fangavist nr. 206/1957. Þykir ástæða til að lögfesta þetta ákvæði.

Í 5. mgr. eru ákvæði um að ákvarðanir um agaviðurlög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis. Er þetta nýmæli í lögum en í áðurnefndri 27. gr. reglugerðar um fangavist er ákvæði um að bóka skuli ákvarðanir um refsiviðurlög. Nauðsynlegt þykir að lögfesta ákvæði um að fanga sé með formlegum hætti tilkynnt ákvörðun um beitingu agaviðurlaga.

Sjötta málsgrein er samhljóða 3. mgr. 47. gr. almennra hegningarlaga.

Um V. kafla.

Um 27. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 4. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, svo sem henni var breytt með 2. gr. laga nr. 26/1983.

Þó að óeðlilegt þyki að taka sérákvæði um innheimtu opinberra gjalda í lög um fangelsi og fangavist þar sem sá málaflokkur heyrir undir annað ráðuneyti en fangelsismál þykir ekki verða hjá því komist af lagatæknilegum ástæðum.

Um 28. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. mgr. 33. gr. almennra hegningarlaga eins og hin var lögfest með 2. gr. laga nr. 42/1985.

Um 29. gr.

Í 3. málsl. 2. mgr. 32. gr. almennra hegningarlaga segir að láta skuli fanga lausan um sama leyti dags og hann er settur inn.

Í 1. mgr. þessarar greinar er ákvæði um að þeir sem afplána varðhalds- og fangelsisdóma skulu látnir lausir kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur og er það í samræmi við núverandi framkvæmd. Þessi framkvæmd byggist m.a. á því að fangar þurfa að hafa möguleika á að komast frá fangelsi til síns heima m.a. með áætlunarferðum.

Ekki þykir ástæða til að breyta núverandi framkvæmd á afplánun vararefsingar vegna sekta sem miðast við að fangi sé látinn laus á sama tíma dags og hann hóf afplánun.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að setja skuli reglugerð um skilyrði þess að verða ráðinn sem fangavörður og menntun þeirra, um starfsemi stofnunar skv. 6. gr., um vinnulaun og dagpeninga fanga, um nám fanga og um leyfi til dvalar utan fangelsis.

Auk þess er heimilt að setja reglugerð um önnur atriði varðandi fangavist þótt ekki sé það skylt.

Rétt þykir að hafa eina grein um reglugerðarsetningu í stað þess að taka það fram varðandi hverja einstaka grein.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 725. Frumvarp til laga [398. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Í 5. gr. bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðist svo:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknað í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrr en tveimur árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fangelsi og fangavist. Efnisatriði frumvarpsins eru samhljóða 2. mgr. 7. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, svo sem henni var breytt með 1. gr. laga nr. 26/1983.

Þykir eðlilegast að efnisatriði þessi séu í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga frekar en í lögum um fangelsi og fangavist.

Nd. 726. Frumvarp til laga [399. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna, sbr. lög nr. 54/1986, komi nýr kafli svohljóðandi:

IX. KAFLI

Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur.

82. gr.

Markmið húsnæðissamvinnufélaga er að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té með búseturétti. Að ofangreindu markmiði fellur einnig að eiga og reka annað húsnæði, byggingar og lóðir sem eru í

eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæði. Félögin skulu stuðla að hagkvæmni í rekstri og að sparnaði og reka lánastarfsemi fyrir félagsmenn sína.

Auk ofangreindra höfuðmarkmiða fellur einnig undir markmið húsnæðissamvinnufélaga:

a. að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til kaupa á búseturétti,
b. að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð eins og samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélögum enda starfi þau fyrirtæki að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir húsnæðissamvinnufélög,
c. að útvega lán til byggingarframkvæmda og rekstrar sem félögin annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal hafa orðið „húsnæðissamvinnufélag“ í nafni sínu. Jafnframt skal öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

83. gr.

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags skal fara, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

84. gr.

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið enda fullnægi þeir skilyrðum þessara laga að öðru leyti og greiði ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins, eigi lægri en 500 kr. Þegar litið er til skilyrða 33. gr. þessara laga skal tekið mið af meginmarkmiði þeirrar lagagreinar í heild sinni. Félagsmálaráðuneytið skal kveða nánar á um þessi skilyrði í reglugerð.

Þegar félagsmaður notar rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna ákveðið búseturéttargjald af hendi. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr. Um búseturéttargjald eru nánari ákvæði í 85. gr.

Búseturétt geta þeir einir keypt sem eru orðnir fjárráða.

85. gr.

Búseturétt kaupa menn með ákveðnu framlagi, búseturéttargjaldi, sem er tiltekið hlutfall af verðmæti þess húsnæðis sem búseti vill tryggja sér rétt til. Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfjármagni til langs tíma.

Aðalfundur félagsins ákveður hlutfall búseturéttargjalds og hvenær það skuli innt af hendi.

Nú gengur búseturéttur kaupum til annars félagsmanns og skal þá ákveða endursöluverðið eftir upphaflegu verði að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni allt samkvæmt samkomulagi eða mati.

86. gr.

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins vegna íbúðarinnar. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann umráðarétti

yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörun áður en til slíks kemur nema um alvarlegt eða ítrekað brot sé að ræða.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema búa um leið í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði í 87. gr. um erfðir og í 93. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem haft hafa sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almannasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags. Skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 10% íbúða félagsins.

87. gr.

Húsnæðissamvinnufélagið hefur jafnan forkaupsrétt að búseturétti félagsmanna. Um ráðstöfun búseturéttarins getur farið eftir ólíkum reglum eftir því hvernig til þess kom að forkaupsréttarins var neytt. Meginreglan er sú að sá sem eignast hefur búseturétt með kaupum, við skipti á búi, sem arf eða á annan sambærilegan hátt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseta enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu og fullnægi skilyrðum þessara laga til þess.

Við andlát félagsmanns erfist búseturétturinn samkvæmt framansögðu til eftirlifandi maka og barna. Ef eftirlifandi maka eða börnum er ekki til að dreifa og sé um marga erfingja að ræða skal að jafnaði greiða búseturéttinn út og ráðstafa honum til næsta félagsmanns.

Við nauðungaruppboð að undangenginni aðför að lögum í búseturétt félagsmanns skal að jafnaði greiða út andvirði búseturéttarins þegar forkaupsréttar er neytt og ráðstafa honum til næsta félagsmanns.

88. gr.

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 90. gr. Þó getur stjórn húsnæðissamvinnufélags heimilað félagsmanni að veðsetja öðrum en félaginu allt að helmingi af fjármunalegu andvirði búseturéttar síns.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

89. gr.

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að fulltrúar handhafa búseturéttar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir sem þar hafa keypt sér búseturétt mynda með sér sérstakt samvinnufélag innan húsnæðissamvinnufélagsins sem nefnist búsetufélag. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski handhafar búseturéttar eftir því í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélag og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form samþykkta búsetufélaga.

90. gr.

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver einstakur félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði vegna íbúðanna þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

91. gr.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur án samþykkis búsetufélags veðsett íbúðir fyrir stofnlánum sem tekin eru vegna byggingar íbúðanna. Stjórn búsetufélags þarf á hinn bóginn að samþykkja veðsetningar vegna lána sem tekin kunna að verða síðar vegna endurbóta og viðhalds fasteignanna. Með reglugerð má takmarka þessar veðsetningarheimildir miðað við ákveðið hlutfall af kostnaðarverði íbúðanna.

Jafnan skal tryggt að veðsetningar húsnæðissamvinnufélags nemi ekki hærri fjárhæð en svo að félagsmaður hafi helming af fjármunalegu andvirði búseturéttar síns veðfrjálsan. Félagsmaður getur þó samþykkt undanþágu frá þessari takmörkun ef um lántöku er að ræða vegna eigin skuldbindinga hans við félagið.

92. gr.

Hver sá, sem hefur fengið keyptan búseturétt, skal gera sérstakan búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Þessi samningur er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseti geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseta er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé slíkum félagsmanni ekki til að dreifa á seljandi búseturéttar rétt á að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða getur seljandi þurft að sætta sig við að fá andvirði búseturéttar síns greitt með greiðsluskilmálum á næstu sex mánuðum frá lokum uppsagnarfrests.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum þess búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir gerð búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um gerð samnings, uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu reksturskostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat.

93. gr.

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseti eftir því að íbúðin veri framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags hafa gefið svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseti hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu.

Nú fer félagsmaður ekki eftir ákvæðum þessarar lagagreinar um framleigu og telst hann þá hafa gert sig sekan um vanefnd sem valdið getur brottvísun úr félaginu. Stjórn húsnæðis-

samvinnufélags er þó heimilt að beita vægari viðurlögum m.a. með greiðslu aukagjalds í stofnsjóð húsnæðissamvinnufélags eða viðhaldssjóð búsetufélags. Einnig er heimilt að beita félagsmann, sem eigi sinnir reglum félagsins um framleigu, þeim viðurlögum við sölu búseturéttar hans að fella niður verðbætur skv. 3. mgr. 86. gr. fyrir það tímabil sem seljandi hefur framleigt íbúðina án heimildar stjórnar húsnæðissamvinnufélagsins.

94. gr.

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur ákveður gjöld til hverju sinni. Þegar fjárhæð framlaga í viðhaldssjóð er ákveðin skal höfð hliðsjón af þeim gjaldalið sem áætlaður er sem hluti búsetugjalds skv. 90. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af ytra viðhaldi fasteignar sem félagið annast og innra viðhaldi íbúðar sem búseti einstakrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagsmaður getur fengið fé úr viðhaldssjóðnum vegna innra viðhalds samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur félagsins setur.

95. gr.

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 33. og 58. gr. þessara laga. Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögu til félagsmálaráðuneytisins um vexti af þeim lánum Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt eru til húsnæðissamvinnufélaga.

   Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt nefndum lagagreinum, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
c. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Í varasjóð skal einnig greiða árlegt fjárframlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur húsnæðissamvinnufélagsins en þær sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofnsjóð eða rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð. Skal þar m.a. kveðið á um að hluti af varasjóði félagsins, þ.e. ½% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, skuli geymdur og ávaxtaður á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna.
d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna eða hluti framlaga þeirra til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna. Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur þó ákveðið að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins að allt að helmingur stofnsjóðsinnstæðna sé ávaxtaður í almennum innlánsstofnunum. Við ákvörðun á vaxtakjörum þeirra stofnsjóðsinnstæðna sem ávaxtaðar eru hjá Byggingarsjóði verkamanna skal höfð hliðsjón af þeim kjörum sem eru á þeim lánum sem félagsmenn fá hjá Byggingarsjóði verkamanna. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.

96. gr.

Þegar húsnæðissamvinnufélag sækir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að Húsnæðisstofnun ríkisins geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna. Einnig þarf að fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár.

Tilkynna skal fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir til stofnunarinnar fyrir 1. ágúst árið áður en hefja á framkvæmdir.

97. gr.

Að lokinni athugun tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um það hvort framkvæmdin falli undir 33. gr. þessara laga og skal sérstaklega hugað að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð, svo sem með stöðlum, samkeppnisútboðum og hagkvæmum efniskaupum. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar getur hún heimilað stjórn húsnæðissamvinnufélags að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að gera framkvæmdalánssamning við húsnæðissamvinnufélög með hliðsjón af 43. gr. þessara laga. Húsnæðismálastjórn skal þá sérstaklega gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af þessum lánum.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum húsnæðissamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum húsnæðissamvinnufélaga og hafa aðgang að bókhaldi þeirra. Skylt er húsnæðissamvinnufélögum að senda Húsnæðisstofnun ársreikninga sína.

98. gr.

Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á húsnæði sem síðan yrði ráðstafað með búseturétti skv. 58. gr. þessara laga. Húsnæðið þarf að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð má eigi vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar að frádregnum afskriftum.

Lán sjóðsins má nema allt að sama hlutfalli af kaupverði, að frádregnum áhvílandi lánum, og lánað er til nýbygginga. Lánin skulu bera sömu vexti og nýbyggingalán til húsnæðissamvinnufélaga, sbr. b-lið 95. gr. þessara laga.

Óheimilt er húsnæðissamvinnufélögum að selja íbúðir með búseturétti sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt með nýrri allítarlegri greinargerð, en sú greinargerð, sem upphaflega fylgdi frumvarpinu, er birt aftast.

Nú þegar milliþinganefnd um húsnæðismál hefur skilað áliti sínu og það liggur fyrir að niðurstaðan er engin varðandi meginverkefni nefndarinnar er staða húsnæðissamvinnufélaganna eftirfarandi:

1. Í áliti meiri hluta félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis í apríl 1986 var lagt til að fela milliþinganefnd það hlutverk að fjalla um húsnæðissamvinnufélög og fram komið lagafrumvarp um þau (sjá 89. mál 108. löggjafarþings). Í hugmyndum frá nefndinni, bls. 24 í nefndaráliti, er lagt til að þetta frumvarp verði afgreitt sem fyrst og engar athugasemdir við það gerðar. Í áliti milliþinganefndar segir m.a. eftirfarandi um húsnæðissamvinnufélög:

Fyrir rúmum 50 árum tóku fyrstu byggingarsamvinnufélögin til starfa hér á landi. Í þeim bindast menn samtökum um að byggja yfir sig og fjölskyldur sínar íbúðarhúsnæði. Um byggingarsamvinnufélög er fjallað í VIII. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984.

Á allra síðustu árum hefur komið hérlendis fram á sjónarsviðið annað form samvinnufélagsskapar um húsnæðismál, svonefnd húsnæðissamvinnufélög. Tilgangur þeirra er að eiga og reka íbúðarhúsnæði þar sem íbúum er tryggð búseta með kaupum á búseturétti. Nefndin hefur kynnt sér frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi um húsnæðissamvinnufélög. Fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni, Guðni Jóhannesson, hefur einnig kynnt nefndinni nánar hugmyndir og tillögur um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Í hugmyndum og tillögum um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt kemur fram:

Lagt er til að skipulagt verði biðraðakerfi. Með þeim hætti ráðist réttur manna til húsnæðis fyrst og fremst af tímalengd aðildar að félaginu. Í umræðum á Alþingi hafa komið fram hugmyndir um að takmarka rétt til íbúða við ákveðið tekjumark líkt og gert er í verkamannabústöðum. Enn fremur hefur verið rætt um að gera lánskjör að einhverju leyti háð tekjum.

Í tillögunum er lagt til að fjármögnun bygginga búseturéttaríbúða verði með svipuðum hætti og verkamannabústaða. Það er talið hafa kosti að íbúð sé ekki í séreign þegar hafður er til hliðsjónar sá fjármagnskostnaður sem Byggingarsjóður verkamanna ber vegna eigendaskipta.

Innan búseturéttarkerfisins takmarkast eign einstaklinga við búseturéttargjaldið sem ætíð helst óbreytt að raunvirði. Þegar íbúð er skilað stendur gjaldið sem trygging fyrir því að verðmæti hennar hafi ekki skerst vegna slæmrar umgengni sem ekki getur flokkast undir eðlilegt slit. Viðhald fasteignarinnar greiðist úr tveimur viðhaldssjóðum sem búsetinn leggur til með fastri prósentu af leigugjaldi. Annar sjóðurinn kostar sameiginlegt viðhald fasteignarinnar, hinn er bundinn framkvæmdum í íbúðinni sjálfri. Viðhaldssjóðirnir fylgja íbúðinni við eigendaskipti.

Þetta húsnæðisfyrirkomulag hefur komið til umræðu á nokkrum fundum nefndarinnar. Rétt er að vekja athygli á bréfi félagsmálaráðuneytisins til Húsnæðisstofnunar ríkisins dags. 8. janúar 1985 þar sem ráðuneytið telur heimilt að veita lán með stoð af ákvæði c-liðar 33. gr. laga nr 60/1984 úr Byggingarsjóði verkamanna til félagssamtaka, þar á meðal húsnæðissamvinnufélaga, svo fremi að þau hafi það að markmiði að byggja eða kaupa leiguíbúðir til útleigu fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja með hóflegum kjörum.

Í hugmyndum um búseturéttarfyrirkomulag kemur eftirfarandi fram:

1. Búseturéttarfyrirkomulagið er talið opna möguleika fyrir sveitarfélög til að koma betra lagi á rekstur leiguíbúða en nú er með því að leiguíbúðirnar verða sjálfstæðar rekstrareiningar sem lúta lýðræðislegri sjálfsstjórn þeirra er í þeim búa. Reynslan frá Norðurlöndum sýni að sveitarfélögin hafi í æ ríkara mæli fært þetta rekstrarhlutverk yfir til slíkra sjálfstæðra almannafélaga.
2. Talið er brýnt að opnaðir verði möguleikar fyrir fjármögnun búseturéttaríbúða og varpar nefndin fram þeirri hugmynd að það verði sett í ákvörðunarvald hins einstaka sveitarfélags hvernig fyrirkomulag verði á félagslegum íbúðabyggingum í byggðarlaginu. Ýmislegt bendir til að sveitarfélög treysti sér vart til þess að byggja fleiri verkamannabústaði vegna þeirra vandkvæða sem skapast hafa á viðkomandi stöðum.
3. Í hugmyndunum er lagt til að frumvarp um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir verði afgreitt sem fyrst þannig að réttindi og skyldur þeirra sem fá íbúðir samkvæmt búseturéttarkerfinu liggi ljóst fyrir frá upphafi.

2. Allt frá því að þessu máli var vísað til milliþinganefndar hefur félagsmálaráðherra vísað á væntanlegt álit frá nefndinni og því ekki talið ástæðu til að mæla fyrir áðurnefndu

frumvarpi á Alþingi. Á fundi fulltrúa Búseta með ráðherra í sept. s.l. átti ráðherra von á áliti nefndarinnar fyrir lok þess mánaðar og ítrekaði um leið það meginhlutverk nefndarinnar, að skila tillögum um félagslega húsnæðiskerfið.

3. Nær allt þetta kjörtímabil hefur félagsmálaráðherra verið með mál Búseta á borðinu og lagafrumvarpið sem hann lét semja verður nú lagt fram í fjórða sinn á Alþingi en aldrei af hálfu ráðherra.

4. Nú er hafin bygging á fjölbýlishúsi í Grafarvogi með fyrstu íbúðunum fyrir Búseta. Mjög nauðsynlegt er að þeir félagsmenn Búseta (væntanlega í hópi námsmanna, aldraðra og öryrkja) sem fara í þessar íbúðir *njóti strax í upphafi lögverndaðs búseturéttar.* Bygging verkamannabústaða eða íbúða á vegum byggingarsamvinnufélaga á sínum tíma hófust ekki fyrr en búið var að setja lög um þetta efni. Ákvörðun um hverjir fara í þessar íbúðir þarf að taka n.k. sumar, en íbúðirnar verða tilbúnar í mars eða apríl 1988.

5. Með hækkun lánshlutfalls og lengingu lána samkvæmt lögum frá s.l. ári er í raun ekki lengur til sú meginröksemd gegn húsnæðissamvinnufélögunum að þau krefjist mun betri lánskjara en almenningur nýtur í almenna húsnæðislánakerfinu.

6. Kannanir meðal ungs fólks á s.l. ári leiddu í ljós mikinn stuðning við búseturéttarformið og leiguíbúðir. Í könnun í Félagsvísindastofnunar meðal ungs fólks kom m.a. í ljós að 14,2% töldu byggingu búseturéttaríbúða brýnasta á næstunni, en 29,2% vildu aukna nýbyggingu í einkaeign. Í könnun framtíðarnefndar forsætisráðuneytisins töldu 21% framhaldsskólanema og 17% ungs fólks í V.R. byggingu búseturéttaríbúða brýnasta framtíðarverkefnið. Samsvarandi tölur um auknar nýbyggingar í einkaeign voru 42% og 43%. Sjá nánar grein eftir Jón Rúnar Sveinsson í Morgunblaðinu 16. des. 1986.

7. Í könnun Húsnæðisstofnunar á s.l. ári um þörf fyrir leiguíbúðir kom í ljós mikill skortur á leiguhúsnæði um allt land, nærri þrjú þúsund íbúðir. Í margvíslegum upplýsingum frá sveitarfélögum kemur fram þörf ýmissa hópa fyrir leiguhúsnæði og í öllum tilvikum mundu búseturéttaríbúðir koma að sama gagni. Einkaeign og verkamannabústaðir duga hér ekki til. *Búseturéttarformið gæti reynst einn besti kosturinn til að bæta úr ófremdarástandi í húsnæðismálum víða úti um landið.* Á Vestfjörðum kom m.a. í ljós í nefndri könnun að þar vantar 24 íbúðir til leigu fyrir hverja 1000 íbúa.

8. Hjá fjölmörgum samtökum og félögum, svo sem samtökum öryrkja, aldraðra, námsmanna o.fl., hefur komið fram víðtækur áhugi á því að búseturéttarformið verði aðgengilegt öllum.

Það er því brýnt — og ekki eftir neinu að bíða — með að lögfesta ákvæði um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Þó ljóst sé einnig að ýmis gildandi lagaákvæði um félagslegar byggingar þarfnist lagfæringa er ekki rétt að láta það velkjast lengur fyrir löggjafanum að lögfesta rétt þessa búsetuforms. Það má svo að sjálfsögðu endurskoða með tilliti til fenginnar reynslu og með hliðsjón af öðrum breytingum sem gerðar kunna að verða á húsnæðislöggjöfinni á næstu árum.

Síðast þegar frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er lagt fram óbreytt eins og það kom frá nefnd þeirri er Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. júní 1984, til að semja frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Í nefndina voru skipaðir: Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, formaður, Friðrik Friðriksson hagfræðingur, Magnús L. Sveinsson skrifstofustjóri, Páll R. Magnússon húsasmiður og Stefán Guðmundsson alþingismaður. Sigurður Magnússon kjarneðlisfræðingur tók sæti Friðriks Friðrikssonar 19. febrúar s.l.

Nefndin hefur fjallað um málið á allmörgum fundum og rætt við ýmsa aðila, svo sem fulltrúa frá húsnæðissamvinnufélögum, ASÍ og BSRB. Þá hefur nefndin aflað sér allnokkurra upplýsinga erlendis frá en þetta byggingarform er allmikið notað á Norðurlöndum og í V-Þýskalandi.

Nefndin fól síðan Helga V. Guðmundssyni hdl., lögfræðingi Húsnæðisstofnunar ríkisins, að semja á grundvelli starfs nefndarinnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er nýr kafli felldur inn í lög nr. 60/1984 er ber nafnið: Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur. Þessi kafli verður nr. IX. Við þessa breytingu verður núverandi IX. kafli nr. X og númer lagagreinanna í þeim kafla breytast jafnframt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

82. gr.

Þessi lagagrein, sem fjallar um markmið húsnæðissamvinnufélaga, þarfnast ekki skýringa.

83. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

84. gr.

Samkvæmt c-lið 33. greinar laga nr. 60/1984 eru lánveitingar bundnar við námsfólk, aldraða og öryrkja samkvæmt orðanna hljóðan. Með 84. gr. er lagt til að lögfest verði víðari túlkun um þetta efni og tekið mið af meginmarkmiði 33. gr. í heild sinni. Samkvæmt þessu ætti láglaunafólk og aðrir, sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun af félagslegum ástæðum, rétt á láni úr Byggingarsjóði verkamanna jafnt sem námsfólk, aldraðir og öryrkjar. Hvað teljast mundi láglaunafólk yrði þá væntanlega að ákvarðast með hliðsjón af 44. gr. laga nr. 60/1984 sem þó getur ekki gilt alfarið um þetta efni þegar um námsfólk er að ræða. Með þessum hætti er félagsmönnum í húsnæðissamvinnufélögum tryggður hliðstæður réttur á við rétt annarra sem fá íbúðum úthlutað í verkamannabústaðakerfinu. Gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um þessi skilyrði í reglugerð.

85. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á búseturéttargjaldi og hvernig það skuli ákveðið. Í 3. mgr. eru ákvæði um ákvörðun endursöluverðs þegar búseturéttur gengur til annars félagsmanns.

86. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

87. gr.

Í 1. mgr. er húsnæðissamvinnufélagi tryggður forkaupsréttur að búseturétti. Jafnframt er sett fram meginregla um ráðstöfun búseturéttar.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað nánar um hvernig með þennan rétt skuli fara þegar um erfðir eða nauðungaruppboð er að ræða. Eðlilegt þykir að greiða út andvirði búseturéttar þegar um fjarskyldari erfingja er að ræða en maka og börn og erfingjar eru margir. Einnig þegar forkaupsréttar hefur verið neytt við nauðungaruppboð. Í seinna tilvikinu hefur félagið e.t.v. gengið inn í boð lánastofnunar, félags eða annars innheituaðila. Í báðum tilvikum getur þó sú staða komið upp að stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveði að ráðstafa búseturéttinum til

nýs félagsmanns, erfingja eða þess er boðið hefur í búseturéttinn við nauðungaruppboð. Slík ákvörðun mundi þá væntanlega byggjast á sérstökum ástæðum sem ættu sér fasta stoð í 33. gr. laganna.

88. gr.

Í 1. mgr. er opnaður möguleiki fyrir félagsmann til að veðsetja öðrum en félaginu allt að helmingi af verðmæti búseturéttar hans. Þessi möguleiki yrði væntanlega notaður ef félagsmaður á í erfiðleikum með að útvega tryggingu fyrir láni sem hann þarf að taka til að fjármagna búseturéttargjald eða búsetugjald. Gert er ráð fyrir að stjórn húsnæðissamvinnufélags fjalli um og meti slík erindi.

89. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

90. gr.

Í greininni er skilgreining á búsetugjaldi og hvernig fjárhæð þess skuli ákveðin.

91. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvernig fara skuli með veðsetningar íbúða. Gerður er greinarmunur á stofnlánum annars vegar og hins vegar síðar teknum lánum vegna endurbóta og viðhalds. Í seinna tilvikinu þykir eðlilegt að stjórn búsetufélags þurfi að samþykkja veðsetningar enda er það m.a. hlutverk búsetufélags að sjá um viðhald mannvirkja.

Þá er opnaður möguleiki á að takmarka veðsetningar miðað við ákveðið hlutfall af kostnaðarverði íbúða og félagsmanni tryggður réttur til að hafa helming af verðmæti búseturéttar hans veðfrjálsan. Um þetta má setja nánari ákvæði í reglugerð.

92. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

93. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

94. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

95. gr.

Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn geri tillögu til félagsmálaráðuneytisins um vexti af þeim lánum Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt eru til húsnæðissamvinnufélaga. Samkvæmt 58. gr. laganna er gert ráð fyrir því að lán til leiguíbúða beri sömu vexti og lán skv. 49. gr. Þessir vextir hafa verið allmiklu lægri en t.d. vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Þegar lög nr. 60/1984 voru samþykkt voru ekki sérstök ákvæði í þeim um húsnæðissamvinnufélög eins og nú er verið að gera tillögu um með setningu þessa nýja lagakafla. Rétt þykir að opna stjórnvöldum möguleika á að ákveða sérstaklega vexti af lánum til húsnæðissamvinnufélaga jafnhliða útvíkkun á túlkun c-liðar 33. gr.

Í c-lið 96. gr. er húsnæðissamvinnufélagi gert að skyldu að geyma og ávaxta hluta af varasjóði félagsins, þ.e. ½% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þetta ákvæði er byggt á gagnkvæmum viðskiptasjónarmiðum og með það í huga að fjárþörf Byggingarsjóðs verkamanna eykst verulega með tilkomu nýrra lánveitinga til húsnæðissamvinnufélaga.

Í d-lið 96. gr. er gert ráð fyrir því að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skuli geymdar og ávaxtaðar á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna. Sömu rök eiga hér við og að framan segir um ákvæði c-liðarins. Þó þykir rétt að gefa stjórn húsnæðissamvinnufélags kost á að ávaxta allt að helmingi stofnsjóðsinnstæðna í almennum innlánsstofnunum að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins. Er þetta gert með það í huga að húsnæðissamvinnufélag getur þurft á því að halda að skapa viðskiptagrundvöll við lánastofnun sem það stofnar til viðskipta við.

96. gr.
Greinin þarfnast ekki skýringa.

97. gr.
Greinin þarfnast ekki skýringa.

98. gr.
Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 727. Fyrirspurn [400. mál]

til samgönguráðherra um fyrirhleðslur á vatnasvæði við Markarfljót.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

1. Hvað hefur verið gert til að fyrirbyggja vatnsflóð og landskemmdir við Markarfljót?
2. Hefur verið gerð áætlun um að halda áfram fyrirbyggjandi aðgerðum við Markarfljót svo að það ógni ekki byggðinni, samgönguleiðum og öðrum mannvirkjum og gróðurlendi í framtíðinni?

Nd. 728. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1986, um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 2. gr. laga nr. 54/1986 komi ný grein er orðist svo:
   Í 11. gr. laga nr. 60/1984 bætist nýr tölul., er verði 10. tölul., svohljóðandi:
   Lán til sveitarfélaga og/eða félagasamtaka til byggingar kaupleiguíbúða.
2. Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 12. gr. laga nr. 54/1986 komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 28. gr. laga nr. 60/1984 komi ný grein er orðist þannig:
   Lán skv. 10. tölul. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum og/eða félagasamtökum til byggingar íbúða með kaupleigufyrirkomulagi.
   Heimilt er að kaupa notaðar íbúðir í þessu skyni þar sem það hentar betur.
   Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúðum geta verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða.

Lán þessi mega nema allt að 85% byggingarkostnaðar og vera til 40 ára. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr. laganna.

3. Á eftir 3. gr. frv. komi önnur ný grein er orðist þannig:
   13. gr. laga nr. 60/1986 breytist svo:
   Í stað „1.–8. tölul.“ í 1. mgr. komi: 1.–8. og 10. tölul.
   Í stað „1.–7. tölul.“ í 4. og 5. mgr. komi: 1.–7. og 10. tölul.
4. Á eftir 3. gr. frv. komi enn ný grein er orðist þannig:
   Á eftir 15 gr. laga nr. 54/1986 komi ný grein er orðist svo:
   Í 33. gr. laga nr. 60/1984 bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi:
   Kaupleiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og/eða félagasamtökum og ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun af félagslegum ástæðum. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúð geta verið launþegafélög, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða. Lánin mega nema allt að 85% byggingarkostnaðar. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 49. gr. laganna.
   Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

Ed. 729. Frumvarp til laga [401. mál]

um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum.

Flm.: Egill Jónsson.

1. gr.

4. gr. laganna, sbr. l. nr. 41/1982, breytist svo:

a. 2. tölul. fyrri mgr. falli niður.
b. Lokamálsl. fyrri mgr. 3. tölul., er verður 2. tölul., orðist svo:
   Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og búnaðarmálasjóðsgjald, sbr. lög nr. 40 7. maí 1982, er lagt á.
c. Orðin „nemur samanlögðum“ í 5 tölul., er verður 4. tölul., falli niður.

2. gr.

Aftan við I. kafla laganna, sbr. l. nr. 68/1973, komi nýr kafli, II. kafli, **um stofnfjárreikninga**, er orðist svo:

a. 19. gr.
   Innheimta skal við sölu búvara og leigu á landi lögbýla, sem gjaldskyld er skv. lögum nr. 40 7. maí 1982, um búnaðarmálasjóð, sérstakt stofnfjárgjald er nemi 2% af verði til framleiðenda eða leigu til leigusala. Stofnfjárgjaldi skal varið til að greiða afborganir og vexti af lánum þeim sem veitt hafa verið búvöruframleiðendum af Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum.
   Afurðastöðvar skulu innheimta stofnfjárgjald af verði þeirra afurða, sem þær kaupa af framleiðendum búvara, og standa skil á gjaldinu til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama tíma og greiðsla afurðaverðs eða leigu fer fram. Heimilt er að taka stofnfjárgjald lögtaki. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um álagningu og innheimtu stofnfjárgjalds, þar með talið um álagningu þess samkvæmt áætlun, gjalddaga og vanskilavexti.

b. 20. gr.

Stofnfjárgjöld er greiðast til Stofnlánadeildar landbúnaðarins skulu leggjast inn á reikning þess búvöruframleiðanda eða leigusala sem lagt hefur inn á afurðastöð þá vöru eða leigt út land sem gjaldið er greitt af. Hver búvöruframleiðandi og leigusali skal hafa stofnfjárreikning hjá deildinni. Sé innstæða á stofnfjárreikningi lengur en einn mánuð skal Stofnlánadeildin færa á reikninginn tiltekna vexti. Ráðherra ákveður vaxtakjör, þar með taldar verðbætur, og skulu þau miðuð við að fé á stofnfjárreikningum beri sambærilega vexti og útlán hjá Stofnlánadeild.

c. 21. gr.

Ef innstæða er á reikningi búvöruframleiðanda eða leigusala hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og viðkomandi skuldar jafnframt Stofnlánadeild árgjöld, þ.e. gjaldfallnar afborganir, verðbætur, vexti, dráttarvexti og kostnað af lánum, skal Stofnlánadeild taka fé af reikningi þessum til að greiða hinar gjaldföllnu greiðslur að svo miklu leyti sem það hrekkur til þess.

d. 22. gr.

Stofnlánadeild skal á gjalddaga meiri hluta þeirra lána, sem eigandi stofnfjárreiknings skuldar hjá deildinni, endurgreiða honum innstæðu á reikningnum ásamt vöxtum að frádregnum greiðslum skv. 21. gr.

Sé greiðandi stofnfjárgjalds ekki skráður skuldari að láni hjá Stofnlánadeild skal innstæða á stofnfjárreikningi viðkomandi endurgreidd ásamt vöxtum eigi síðar en 1. september ár hvert en ráðherra getur í reglugerð ákveðið fleiri gjalddaga endurgreiðslna og mega þær vera mismunandi eftir upphæð innstæðna á stofnfjárreikningum. Þá er stjórn Stofnlánadeildar heimilt að endurgreiða innstæðu á stofnfjárreikningi vegna sérstakra aðstæðna greiðanda gjaldsins, svo sem framkvæmda, breytinga eða áfalla í rekstri, enda telji stjórn ekki ástæðu til að ætla að til vanskila lána komi við deildina á næsta gjalddaga þeirra.

Stofnlánadeild er heimilt að undanþiggja þá búvöruframleiðendur og leigusala gjaldskyldu skv. 19. gr. sem ekki eru skráðir skuldarar að láni hjá Stofnlánadeild eða eiga þegar innstæðu á stofnfjárreikningi er nægi til greiðslu á árgjöldum af lánum viðkomandi hjá deildinni það ár.

e. 23. gr.

Innstæða á stofnfjárreikningi hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning eiganda.

Óheimilt er að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu jarðar eða bústofns sem veðsettur hefur verið til tryggingar á lánum hjá Stofnlánadeild enda yfirtaki kaupandi greiðslu viðkomandi lána.

3. gr.

Greina- og kaflanúmer laganna, sbr. e-lið 14. gr. laga nr. 90 31. maí 1984, breytist til samræmis við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Greinargerð.

1. Setning laganna 1962.

Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins voru sett 1962 í samræmi við yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar.

Í athugasemdum við frumvarpið segir svo m.a.:

„Gerð var á síðastliðnu ári ítarleg athugun á fjárhag Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, sem sannar ótvírætt, að sjóðir þessir eru nú raunverulega gjaldþrota, ...“

Um ástæður hins þrönga fjárhags sjóðanna, tekjuöflun og kjör á útlánum deildarinnar kemur eftirfarandi fram í athugasemdum við frumvarpið:

„Fjáröflun sú til stofnlána í landbúnaði, sem lagt er til að lögfesta með þessu frumvarpi, er við það miðuð, að Stofnlánasjóði landbúnaðarins verði innan skamms tíma kleift af eigin fé að standa undir eðlilegri fjárfestingarlánaþörf vegna framkvæmda í landbúnaði. Svo sem áður er að vikið, er vonlaust með öllu að velta þessu vandamáli á undan sér með nýjum lántökum, og eigi er það heldur viðunandi lausn, þótt gengishallanum einum væri létt af sjóðunum. Það hefur jafnan verið viðurkennt nauðsynlegt, að stofnlán í landbúnaði væru að verulegu leyti með hagstæðari kjörum en gilda á hinum almenna lánamarkaði. Eigi því sjóðirnir í senn að gegna því hlutverki að starfa á eðlilegum og raunhæfum fjárhagsgrundvelli, er eina leiðin sú, að sjóðirnir verði að mestu byggðir upp af eigin fé. Með hliðsjón af þessari veigamiklu staðreynd verður að meta fjáröflunartillögurnar.“

Árlegar tekjur deildarinnar voru ákveðnar þannig: Framlag úr ríkissjóði eins og verið hafði, 1% gjald á framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem skyldi dregið frá útborgunarverði til framleiðenda. Á móti legði ríkissjóður fram jafnháa upphæð. Enn fremur skyldi sölugjald lagt á landbúnaðarvörur, 0,75% af söluverði framleiðenda.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a. um þessar ákvarðanir:

„Í 2. og 3. tölulið (4. gr.) er lagt til, að bændastéttin og ríkissjóður leggi fram að jöfnu árlegt tillag til Stofnlánadeildarinnar. Með hliðsjón af því alvarlega vandamáli, sem hér er við að fást og mikilvægi þess fyrir alla framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins í landinu, er lagt til að leggja 1% gjald á framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðist og innheimtist á sama hátt og það ½% gjald til búnaðarmálasjóðs og ½% gjald til byggingar bændahallar, sem nú er innheimt.“

Ekki voru allir á eitt sáttir um lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Framleiðendagjaldið hlaut mikla andstöðu meðal bænda og fjölmörg samtök í landbúnaði mótmæltu því, m.a. var stofnað til samtaka innan landbúnaðarins um málshöfðun til að hnekkja gjaldinu. Niðurstaða dómstóla var hins vegar sú að með framleiðendagjaldinu væru lög á bændum ekki brotin.

2. Lögum breytt 1971.

Sú breyting, sem gerð var á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins 1970, var til samræmis við lögin um Lífeyrissjóð bænda. Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.:

„Frumvarp þetta er samið og gert til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð bænda, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Í frumvarpi að lögum um Lífeyrissjóð bænda er gert ráð fyrir að bændur greiði sjálfir í sjóðinn 4% iðgjald af tryggðum tekjum, en álagningargrundvöllur verði framleiðsluverðmæti búsins. Samkvæmt lögum nr. 38/1945 greiða bændur búnaðarsjóðsgjald, 1% af brúttóframleiðsluverðmæti landbúnaðarvara, og 1% stofnlánasjóðsgjald af sama stofni. Hér er um slíka gjaldabyrði að ræða, að vegna framangreindrar iðgjaldagreiðslu ber nauðsyn til að afnema stofnlánasjóðsgjaldið í áföngum fram til ársins 1990.“

Ekki orkar tvímælis að mikilvægasta ákvörðun við þessar breytingar er lækkun sjóðagjaldanna í áföngum og afnám þeirra að fullu árið 1990. Bændastéttin var ekki að fullu sátt við framleiðendagjaldið og menn treystu sér ekki til að fara af stað með nýtt gjald af sama stofni, þótt til Lífeyrissjóðs bænda væri, nema samtímis væri tekin ákvörðun um að lækka og síðar að fella niður sjóðagjöldin til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

3. Lögum breytt 1973.

Svo sem kunnugt var var verðlag á sjöunda áratugnum stöðugt og auðveldaði það rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Enn fremur dró erfitt árferði úr framkvæmdum í landbúnaði, sem jafnframt dró úr lánum til landbúnaðar og þannig minnkuðu útlán deildarinnar. En Adam var ekki lengi í Paradís, því að nú fóru verðbólguhjólin að snúast og framkvæmdir að aukast. Útlánaþörfin jókst og hagur deildarinnar versnaði. Um þetta segir svo í athugasemdum við frumvarpið:

„Það sem langmest hefur rýrt hag Stofnlánadeildar á undanförnum árum eru erlendar lántökur og þau stórfelldu gengistöp sem hún hefur orðið fyrir ...“

Og enn fremur segir:

„Það hefur einnig rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar að hún hefur orðið að taka að láni fjármagn sem bæði hefur verið á hærri vöxtum og lánað til skemmri tíma en deildin hefur síðan endurlánað það.“

Til þess að bæta fjárhagsstöðu deildarinnar er 0,75% gjaldið hækkað í 1% til 1980 og framleiðendagjaldið látið haldast óbreytt til 1980. Jafnframt er ríkissjóði gert að greiða framlag til deildarinnar að jöfnu á móti báðum þessum gjöldum. Enn fremur voru þau tímamörk, sem þá voru á framleiðslugjöldunum, felld niður.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir til styrktar fjárhag deildarinnar hefðu þær eins og jafnan áður náð skammt ef ekki hefði meira komið til.

Á grundvelli reglugerðar um Stofnlánadeild landbúnaðarins frá 1973 var tekin upp 25% verðtrygging á almenn útlán deildarinar til bænda árið 1976. Árið 1978 var verðtryggingin hækkuð í 33% en á árinu 1979 var svo lánareglum breytt í 100% vísitölubindingu allra lána deildarinnar. Hér var um grundvallarbreytingu á lánakjörum til landbúnaðarins að ræða þar sem segja má að lánin séu greidd á kostnaðarverði. Hér voru áhrif hinnar mikilvægu breytingar á lögunum 1973 komin fram en skv. 6. gr. þeirra laga var stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins heimilt að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra að setja deildinni lánareglur. M.a. á grundvelli þessarar heimildar var opnuð leiðin til verðtryggingar á lánum til landbúnaðarins.

4. Lögum breytt 1978.

Í lok síðasta áratugar er enn svo komið að rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins er kominn í erfiða stöðu. Um þetta segir í athugasemdum við frumvarp sem lagt var fram á þingi 1977–1978:

„Lánakjör útlána Stofnlánadeildar hafa verið þyngd á undanförnum árum, en ekki í samræmi við þann fjármagnskostnað sem deildin býr við. Er nú svo komið að vextir og verðbætur nema hærri upphæð en af útlánum og fer munurinn vaxandi ár frá ári. Á sama hátt hefur lánstíminn rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar verulega.“

Til að treysta rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins var tekið upp nýtt gjald, jöfnunargjald, sem í raun var tvöföldun gjaldsins sem lagt var á heildsöluverð búvöru.

Eins og að framan greinir átti Stofnlánadeild landbúnaðarins jafnan í erfiðleikum með að standa straum af greiðslum vegna þeirra lána sem hún þurfti að taka til að geta sinnt eðlilegri þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé. Í þessum efnum réð verðtrygging tekinna lána mestu um þessa þróun mála, þess vegna jókst þessi vandi deildarinnar með aukinni verðbólgu í landinu.

Eins og áður segir var árið 1979 tekin sú örlagaríka ákvörðun að verðtryggja öll útlán til landbúnaðarins. Nú liggur fyrir hvaða áhrif þessar ákvarðanir hafa haft á rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins þau átta ár sem lán til landbúnaðarins hafa verið veitt með fullri verðtryggingu, sjá töflur I og II (í þús. kr.):

Tafla I.

	1982	**1983**	**1984**	**1985**
1. Tekjur skv. rekstrarreikningi	19 790	103 103	61 178	125 390
2. Gjaldfærsla verðlagsbreytinga	7 697	29 958	33 066	95 774
3. Reiknuð uppfærsla skulda	198 593	420 558	144 412	530 031
4. Reiknuð uppfærsla útlána o.fl.	208 854	461 841	226 561	552 396
5. Til ráðstöfunar frá rekstri	17 226	91 778	12 095	198 799
Framleiðendagjald	11 500	30 100	24 500	67 900

Tafla II.

Upphæðir á verðlagi sept. 1986, lánskjaravísitala 1486 stig; þús. kr.:

	1982	1983	1984	1985
1. Tekjur skv. rekstrarreikningi	78 764	228 889	101 555	159 245
2. Gjaldfærsla verðlagsbreytinga	30 634	66 507	54 890	121 633
3. Reiknuð uppfærsla skulda	790 400	933 639	239 724	673 139
4. Reiknuð uppfærsla útlána o.fl.	831 239	1 025 287	376 091	701 543
5. Til ráðstöfunar frá rekstri	68 559	203 748	20 078	252 474
Framleiðendagjald	45 770	66 882	40 670	86 233

Á síðustu árum hafa skuldir bænda við Stofnlánadeild landbúnaðarins farið stöðugt vaxandi, m.a. vegna áhrifa verðtryggingar á útlán, sjá töflu III (millj. kr.):

Tafla III.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Heildarskuldir bænda	143	231	404	782	1037	1701
Skuldir vinnslustöðva	75	112	191	314	425	502

Jafnframt hefur greiðslubyrði aukist sem m.a. kemur fram í meiri vanskilum við deildina, sjá töflu IV (millj. kr.):

Tafla IV.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Vanskil í árslok	13.8	22.4	38.0	92.8	130.6	206.2
Hlutfall af árgjöldum	36.8	37.8	43.1	56.2	60.8	60.1

Vegna markaðsaðstæðna og framleiðslustjórnar í landbúnaði er brýnt að leita leiða til að auka launahlut framleiðenda í söluverði búvara. Framleiðslugjaldið kemur til lækkunar á verði því sem framleiðendum er ætlað. Niðurfelling þess þýðir því auknar tekjur til framleiðenda.

Lögbundinn sparnaður, eins og hér er mælt fyrir um, ætti að auðvelda bændum að standa í skilum við Stofnlánadeildina og bæta til muna rekstrarstöðu deildarinnar og vega þannig að hluta upp tekjutap deildarinnar vegna niðurfellingar framleiðendagjaldsins.

Í töflu V er yfirlit yfir tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins árin 1980–1985. Þar kemur m.a. fram hverjar hafa verið árlegar greiðslur framleiðenda til deildarinnar og eins og yfirlitið ber með sér er hér um að ræða umtalsverðar greiðslur af hendi landbúnaðarins, sjá töflu V.

Tafla V.

Tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1980–85, sundurliðaðar eftir árum og töluliðum í 4. gr. laga nr. 68/1973 og reglugerðar nr. 627/1982.

(Tölur í milljónum króna):

	1980	1981	1982	19[illegible]3	1984	1985
Framlag ríkissjóðs	0.2	0.25	0.25	0	0	0
Framleiðendagjald	4.9	7.1	11.5	30.1	24.5	67.9
Neytendagjald	6.9	12.0	17.3	32.9	39.6	58.3
Lánajöfnunargjald	6.7	12.0	17.3	32.9	39.6	58.3
Framlag ríkissjóðs	7.0	10.0	15.4	23.1	12.1	30.6
Vaxtatekjur og gengismunur	69.8	111.0	247.5	513.7	291.9	666.4

Við samningu þessa frumvarps hefur verið tekið mið af lögum nr. 13/1976, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, og þeirri reynslu sem fengist hefur af þeirri löggjöf varðandi hagsmuni sjávarútvegsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er svonefnt 1% framleiðendagjald fellt niður sem tekjustofn Stofnlánadeildar landbúnaðarins en sú niðurfelling lækkar einnig framlag ríkissjóðs skv. 5 tölul. 4. gr. l. 45/1971, sbr. l. nr. 41/1982, en samkvæmt þeim lið skal ríkissjóður árlega greiða deildinni framlag er nemi jafnhárri fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum af framleiðendagjaldi og neytendagjaldi.

Aðrar breytingar samkvæmt greininni eru til samræmis við ofangreinda breytingu.

Um 2. gr.

19. gr.

Í samræmi við 2. tölul. 4. gr. stofnlánadeildarlaganna, sbr. breytingu með l. nr. 41/1982, er lagt til að stofnfjárgjald verði innheimt af sömu vörum og landleigu og gjaldskyld er samkvæmt lögum um búnaðarmálasjóðsgjald. Á þetta jafnt við bein ákvæði þeirra laga um gjaldskyldu og heimildarákvæði f-liðar 2. gr. l. nr. 40/1982. Gjaldstofninn er hér einnig sá sami vegna búnaðarmálasjóðsgjalds eða verð til framleiðanda og kemur þetta gjald til lækkunar á skilaverði til hans.

Gert er ráð fyrir að afurðastöðvar annist innheimtu á stofnfjárgjaldinu og sjái um skil á því til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Þótt tekið sé fram að stofnfjárgjald skuli innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald útilokar það ekki að settar séu reglur um örari skil söluaðila á gjaldinu en nú er varðandi búnaðarmálasjóðsgjald og er raunar eðlilegast að þetta gjald sé greitt innheimtuaðila á greiðsludegi afurðaverðsins og þá inn á reikning viðkomandi greiðanda hjá Stofnlánadeild sem næst greiðsludegi.

20. gr.

Lagt er til að hver búvöruframleiðandi eða leigusali hafi sérstakan stofnfjárreikning hjá Stofnlánadeildinni og á grundvelli reglna, sem settar eru skv. 19. gr., þarf að kveða á um skyldu þeirra sem standa eiga skil á gjaldi þessu til að upplýsa um hver hafi lagt inn hina seldu vöru eða tekið við leigunni.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir tilteknum lögbundnum sparnaði er eðlilegt að umræddar innstæður beri vexti. Er lagt til að vaxtakjörin verði í samræmi við þau kjör sem hverju sinni eru á útlánum deildarinnar en þar sem þau kjör kunna að vera mismunandi eftir lánaflokkum verður að taka mið af meðaltali þeirra.

Á Stofnlánadeild hvílir sú skylda að ávaxta það fé sem hverju sinni er inni á stofnfjárreikningnum með eigin útlánum eða á annan hátt þannig að deildin verði ekki fyrir útgjöldum umfram tekjur vegna vaxtagreiðslna til eigenda stofnfjárreikninga.

Rétt er að vekja athygli á því að telji stjórn Stofnlánadeildar vaxtagreiðslur á innstæður á stofnfjárreikningum umfram greiðslu árgjalda deildinni óhagstæðar getur hún skv. 22. gr. ákveðið hraðari endurgreiðslur en þar er að lágmarki mælt fyrir um.

21. gr.

Samkvæmt meginhlutverki stofnfjárreikninganna kveður þessi grein á um að innstæður á þeim skuli notaðar til greiðslu gjaldfallinna afborgana, vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og annars kostnaðar af lánum eigenda reikninganna hjá Stofnlánadeild. Nægi innstæða á stofnfjárreikningi ekki til greiðslu á skuld viðkomandi fer eftir almennum reglum og ákvæðum skuldabréfanna um innheimtu á þeim mismun með þeirri undantekningu að greiðslur, sem koma inn á stofnfjárreikning skuldara eftir gjalddaga, skulu þá þegar notaðar til greiðslu á hinni gjaldföllnu skuld.

Um 22. gr.

Þessi grein fjallar um endurgreiðslu á fé sem greitt hefur verið inn á stofnfjárreikninga og veitir jafnframt heimild til að veita undanþágur frá greiðslu stofnfjárgjalds.

Í 1. mgr. er fjallað um endurgreiðslur til þeirra sem eru skráðir skuldarar að lánum hjá Stofnlánadeild. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að uppgjör vegna endurgreiðslna fari fram einu sinni á ári og þá á gjalddaga meiri hluta þeirra lána sem eigandi reikningsins skuldar og er þá miðað við upphæð lána en ekki fjölda þeirra.

Ekki er talin ástæða til að lögbinda nema einn árlegan gjalddaga á endurgreiðslum en hins vegar er eðlilegt að endurgreiðslur verði inntar af hendi eins ört og hagkvæmt getur talist og því er gert ráð fyrir að hægt sé að mæla fyrir um fleiri gjalddaga á endurgreiðslum.

Þar sem markmið frumvarpsins er að auðvelda búvöruframleiðendum að standa straum af greiðslum árgjalda af lánum þeirra hjá Stofnlánadeild er eðlilegt að heimilt sé að veita þeim, sem ekki skulda lán hjá deildinni eða eiga þegar næga innstæðu til greiðslu árgjalda viðkomandi árs á stofnfjárreikningi sínum, undanþágu frá greiðslu stofnfjárgjalds. Það kann hins vegar að fara eftir viðskiptaháttum í viðkomandi grein hvort notaðar eru heimildir um endurgreiðslu eða undanþágu frá greiðslu gjaldsins.

23. gr.

Þar sem innstæður á stofnfjárreikningum eru ætlaðar til greiðslu á tilteknum útgjöldum vegna lána hjá Stofnlánadeild, eins og kveðið er á um í 20. gr., er óhjákvæmilegt að undanþiggja innstæðuna löghaldi, fjárnámi eða lögtaki og enn fremur er óheimilt að veðsetja eða ávísa á hana.

Heimilt er hins vegar í samningi um sölu jarðar eða bústofns, sem hefur verið veðsettur vegna lána hjá Stofnlánadeild, að framselja innstæðu á stofnfjárreikningi enda yfirtaki þá kaupandi áhvílandi lán frá deildinni. Ef ekkert er um þetta samið er seljandi áfram eigandi að innstæðu á stofnfjárreikningi sínum og getur eftir atvikum fengið hana endurgreidda eða undanþágu frá greiðslu gjaldsins.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Rétt þykir að Stofnlánadeildin fái nokkurn aðlögunartíma áður en lagabreyting þessi tekur gildi og einnig er eðlilegt vegna uppgjörs ársreikninga að miða þessa breytingu við áramót.

Ed. 730. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það mikla áfall, sem reið yfir þegar Útvegsbankinn riðaði til falls, var þungur dómur um þá alvarlegu ágalla sem eru á íslensku bankakerfi. Ójöfn samkeppni ríkis og einkabanka stuðlar að skipulagsleysi og óhagkvæmni. Ríkisrekstur margra banka hefur reynst skaðlegur markmiðum efnahagsstjórnar og óábyrgur þegar á reyndi.

Útvegsbankamálið var því ærið tilefni til róttækra viðbragða með þeim hætti að byggja upp heilbrigðara bankakerfi án ríkisafskipta eða a.m.k. með miklum samdrætti þeirra.

Í byrjun desember s.l. ályktaði þingflokkur Alþýðuflokksins um Útvegsbankamálið. Ályktun þessi fylgir með þessu nefndaráliti sem fylgiskjal. Þar er í fyrsta lagi lögð áhersla á nauðsyn þess að eyða óvissu í Útvegsbankamálinu með því að leggja þá þegar fram lausn á því. Í öðru lagi var lagt til að rekstur ríkisbanka yrði stokkaður upp þannig að stofnaðir yrðu tveir viðskiptabankar úr þremur og annar þeirra síðan seldur sem hlutafélag. Þessi lausn hefði bætt skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði hagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála. Í þriðja lagi var lagt til að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í bankaráð en viðskiptaráðherra þess í stað falin skipan þeirra. Í heild miðar þessi lausn að því að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af bankarekstri jafnframt því að draga skýrar línur hvað varðar stjórnarábyrgð á bankarekstri.

Niðurstaða málsins nú sýnir að ríkisstjórnin hefur ekki getu eða vilja til að breyta íslensku viðskiptalífi til ábyrgari starfshátta og í öðru lagi hefur ríkisstjórnin ekki getu eða vilja til að framfylgja lögum. Á annað ár hefur Útvegsbankinn ekki uppfyllt þau ákvæði laga um viðskiptabanka sem kveða á um hlutfall eiginfjár af niðurstöðutölum efnahagsreiknings.

Ábyrgð Sjálfstæðisflokksins er stór í þessu máli. Engum dylst ábyrgð ráðamanna Sjálfstæðisflokksins á Hafskipsmálinu, síst þeim sjálfum. Þess vegna setti flokksráð Sjálfstæðisflokksins endurskipulagningu bankakerfisins á oddinn á fundi sínum í nóvember s.l. og krafðist þess að aldrei rynni eyrir úr ríkissjóði í Hafskipsgjaldþrotið. Getuleysi þessa

stærsta flokks þjóðarinnar til að standa við áform sín sannar það rækilega að Sjálfstæðisflokkurinn sjálfur er **báknið** sem helst þarf **burt** úr íslensku stjórnkerfi.

Í tvo áratugi hafa menn talað um nauðsyn endurskipulagningar bankakerfisins. Sú lausn, sem hér er lögð til, breytir engu. Í ljósi þess getur 1. minni hl. ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 3. mars 1987.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Fylgiskjal.

Ályktun þingflokks Alþýðuflokksins um bankamál.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur að nú sé nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á íslenska bankakerfinu sem miði að því að efla á Íslandi bankakerfi þar sem efnahagsleg og viðskiptaleg sjónarmið séu í fyrirrúmi. Rétt sé að hið opinbera stuðli að því að hér á landi starfi fáir, allstórir viðskiptabankar, er veitt geti atvinnulífi og einstaklingum alhliða þjónustu.

Það er skoðun þingflokksins að markmið endurskipulagningar bankakerfisins skuli vera þríþætt:

Í fyrsta lagi að eyða óvissu um framtíð þeirrar bankastarfsemi sem nú fer fram innan Útvegsbankans.

Í öðru lagi að bæta skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði rekstrarhagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála.

Í þriðja lagi að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af rekstri viðskiptabanka, fækka ríkisbönkum og draga skýrari línur hvað varðar stjórnarábyrgð í bönkum.

Við þá endurskipulagningu bankakerfisins, sem nú er óhjákvæmileg, telur þingflokkurinn eðlilegast að líta á ríkisbankana þrjá í einu lagi. Eignum þeirra og skuldum verði steypt saman að viðbættum sama eiginfjárstuðningi og Seðlabanki Íslands hefur lagt til að veittur verði ef Útvegsbanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki sameinast. Þessari bankastarfsemi, þ.e. ríkisbönkunum þremur, verði þegar skipt í tvo ámóta stóra og fjárhagslega sterka banka þar sem Landsbankinn yrði uppistaðan í öðrum en Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn í hinum. Öðrum þessara banka verði breytt í hlutafélagsbanka og allt hlutaféð boðið til sölu, hinn bankinn starfi áfram sem ríkisbanki.

Þingflokkurinn telur það rökrétta afleiðingu af slíkri endurskipulagningu bankakerfisins að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í bankaráð viðskiptabanka. Bankaráð ríkisbanka verði skipað af ráðherra bankamála út frá faglegum sjónarmiðum. Ráðherra tilnefni einnig einn fulltrúa í bankaráð hvers hlutafjárbanka hvort sem ríkið á hlut í bankanum eða ekki. Setja ber strangari ákvæði en nú gilda um viðskipti bankaráðsmanna og fyrirtækja í þeirra eigu við hlutaðeigandi banka. Ákveðið verði í lögum að meðal þeirra mála, sem bankaráð skuli fjalla um og ákvarða eigi sjaldnar en árlega, sé hámark lánveitinga til eins aðila í hlutfalli við eigið fé bankans.

Það er skoðun þingflokks Alþýðuflokksins að með þessu móti yrði stuðlað að eflingu bankakerfis þar sem ríkti nokkurt jafnræði með ríkisbönkum og hlutafjárbönkum og að slíkt kerfi gæti átt ríkan þátt í að efla efnahagslegar framfarir hér á landi, bæta bankaskipulagið til frambúðar og gæta almannahagsmuna í bráð og lengd.

Ed. 731. Nefndarálit [368. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 4. mars 1987.

Salome Þorkelsdóttir, varaform.	Helgi Seljan, fundaskr., frsm.	Jón Sveinsson.
	Björn Dagbjartsson.	

Ed. 732. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. mars 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Valdimar Indriðason.	Magnús H. Magnússon.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 733. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til laga um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar ljóst varð að gjaldþrot Hafskips hafði gert út af við fjárhag Útvegsbankans sendi stjórn Seðlabankans álitsgerð til ríkisstjórnarinnar þar sem lagt var til að bankinn yrði sameinaður öðrum banka eða bönkum í því skyni að auka hagkvæmni í bankakerfinu og gera það ódýrara í rekstri. Nokkrir kostir voru nefndir sem velja þyrfti á milli. Bankastjórnin tók það fram að lakasti kosturinn væri sá að endurreisa Útvegsbankann.

Ríkisstjórnin hefur nú loksins eftir langa mæðu tekið ákvörðun í Útvegsbankamálinu. Að sjálfsögðu valdi hún versta kostinn sem völ var á, þann óhagkvæmasta og dýrasta fyrir almenning í landinu. Útvegsbankinn verður endurreistur en nú í formi einkabanka þótt ríkið leggi að vísu fram fjármagnið, þ.e. 800 millj. kr. úr ríkissjóði og 200 millj. kr. úr Fiskveiðasjóði.

Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra var að vísu búinn að heita því, og staðfesta það heit með ítrekuðum yfirlýsingum, að ekki yrði neitt af fé skattgreiðenda látið af hendi til að endurreisa fjárhag Útvegsbankans. Það heit hefur hann nú svikið.

Útvegsbankinn var upphaflega hlutafélag, stofnað upp úr þrotabúi Íslandsbanka um 1930. Á árinu 1957 þótti óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að bjarga fjárhag Útvegsbankans hf. og var hann þá gerður að ríkisbanka. Árið 1981 lagði ríkissjóður 50 millj. kr. til bankans með aðstoð Seðlabankans og er það fé á núvirði hátt í 400 millj. kr.

Nú á enn að bjarga fjárhag bankans og í þetta sinn er lausnin þveröfug við það sem var árið 1957 því að nú á að breyta honum úr ríkisbanka í hlutafélagsbanka.

Þessi breyting felur það í sér að ríkisábyrgð á innlánum og lántökum bankans erlendis fellur niður eftir tvö ár. Hvort tveggja er mjög óhagstætt fyrir bankann, dregur úr trausti innstæðueigenda og lánveitenda og eykur lántökukostnað erlendis. Því kæmi ekki á óvart að eftir nokkur ár yrði að grípa til þess ráðs til að bjarga bankanum að breyta honum enn á ný og þá úr hlutafélagi í ríkisbanka.

Undirritaður er ekki reiðubúinn að taka þátt í þessum skollaleik. Bönkum ber að fækka. Kerfið þarf að verða einfaldara, ódýrara og hagkvæmara. Skattgreiðendur þessa lands hafa margt betra við fé sitt að gera en að moka eitt þúsund milljónum króna í þessa botnlausu hít — 20 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

Annar minni hl. getur ekki mælt með því að frumvarp þetta verði samþykkt og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 4. mars 1987.

Ragnar Arnalds.

Ed. 734. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frá því á haustdögum 1985, þegar fyrirtækið Hafskip, sem var einn af stærstu viðskiptaaðilum Útvegsbanka Íslands, varð gjaldþrota, hefur legið fyrir að rekstrargrundvöllur Útvegsbankans var brostinn og að leysa yrði vanda bankans með einhverjum hætti.

Sú lausn á þessum vanda, sem fram er sett í þessu síðbúna frumvarpi, ber þess öll merki að vera þrautalending í ósamkomulagi núverandi stjórnarflokka um leiðir í málinu og er með öllu óviðunandi.

Í fyrsta lagi hefði verið eðlilegast að snúast við vanda Útvegsbankans með því að sameina hann öðrum eða báðum hinna ríkisbankanna og nota jafnframt tækifærið til að einfalda og endurskipuleggja íslenska ríkisbankakerfið. Það er ekki gert.

Í öðru lagi er ljóst að hinn nýi hlutafélagsbanki mun standa höllum fæti viðskiptalega bæði innan lands og utan þar sem hann mun ekki njóta ríkisábyrgðar nema fyrstu tvö starfsár sín. Framtíð hans er því ótrygg og óviss.

Í þriðja lagi er ekki vitað með vissu hvort einkaaðilar hyggjast gerast hluthafar í bankanum og því óvíst hvort um hlutafélagsbanka getur orðið að ræða.

Í fjórða lagi er erlendum bönkum heimilað að eiga allt að 25% hlutafjár hins nýja banka án þess að í gildi séu lög hér á landi um erlenda fjárfestingu í íslensku viðskiptalífi.

Af þessum ástæðum telur 3. minni hl. frumvarpið óviðunandi og mælir því ekki með samþykkt þess.

Alþingi, 3. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Sþ. 735. Tillaga til þingsályktunar [402. mál]

um afnám einokunarsölu á lyfjum.

Flm.: Árni Johnsen, Egill Jónsson, Björn Dagbjartsson,
Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp til laga um afnám þeirra ákvæða laga um lyfjadreifingu, m.a. í lögum nr. 35/1978 og 76/1982, sem kveða á um að lyfjafræðingar einir geti haft lyfjasölu á hendi. Lyfjasala verði gefin frjáls en tryggt sé að lyfjafræðingur sé ábyrgur fyrir daglegum rekstri lyfjasölu. Frumvarpið verði lagt fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Fullyrða má að engin viðskipti á Íslandi gefi eins mikið af sér og lyfjasala. Verð lyfja á Íslandi er mjög hátt, notkun dýrustu lyfja óeðlilega mikil og öll verðlagning og kynning lyfja er nær einvörðungu í höndum lyfjafræðinga og apótekara. 1% af kynningu lyfja er í höndum landlæknis en 99% í höndum lyfsala. Lyfjafræðingar og lyfsalar eru allt í senn innflytjendur lyfja, framleiðendur, heildsalar, smásalar og þeir ráða útsöluverðinu auk þess sem þeir semja um innkaupsverð sem er mjög breytilegt vegna óstjórnlega harðrar samkeppni í sölu lyfja á heimsmarkaði.

Afnám einkasölu á lyfjum er grundvallaratriði fyrir því að unnt sé að ná lyfjaverði niður. Jafnframt þarf að draga úr óhóflegri lyfjaneyslu landsmanna og bæta þannig heilsu manna því að of mikil lyfjaneysla er heilsuspillandi.

Æskilegt er að setja á stofn fimm manna nefnd reyndra manna í viðskiptum til þess að fara ofan í saumana á verðlagningu lyfja og má ætla að nefndarmenn gætu lokið starfi á hálfu ári miðað við fulla vinnu í verkefninu.

Meðfylgjandi er grein Árna Johnsens alþingismanns, dagsett 4. mars 1984, um úttekt á lyfjakostnaði á Íslandi.

LYFJAKOSTNAÐUR Á ÍSLANDI.

Fullyrða má að enginn rekstur á Íslandi borgi sig eins vel og lyfjasala. Íslendingar munu kaupa lyf fyrir a.m.k. um 1800 milljónir króna á þessu ári, en með skynsamlegri stýringu og afnámi einokunar á sölu lyfja á að vera unnt að spara 600–700 milljónir króna, þar af stærstan hluta sem ríkissjóður greiðir nú beint af skattpeningum. Margir, sem gerst þekkja í lyfjamálum, telja að unnt sé að spara verulega hærri upphæð, allt að 50% af núverandi lyfjakostnaði.

Enginn raunhæfur möguleiki er til þess að ná lyfjaverðinu niður nema einokunin í lyfjasölu verði afnumin. Núgildandi kerfi er byggt á því að á sínum tíma var fjöldi lyfjafræðinga takmarkaður og þá voru lyfin framleidd í apótekum. Það er liðin tíð. Innan við 1% af lyfjum er nú unnið í apótekum, aðallega hóstasaft, allt hitt kemur tilbúið í lyfjabúðina. Apótekin kaupa nú inn í stórum skömmtum að öllu jöfnu og umpakka gjarnan í smærri einingar til þess að ná upp álagningu.

Á undanförnum árum hefur net lyfjasölunnar verið að þéttast. Fyrir nokkrum árum má segja að helmingur lyfsala í landinu hafi verið aðilar að lyfjainnflutnings- og lyfjaframleiðslufyrirtækjum, en nú eru þeir nær allir aðilar að þeim og náðist það markmið hinna ýmsu lyfjafyrirtækja að ná öllum undir þennan hatt með afslætti á lyfjum og ýmsu fleira. Lyfsalar og lyfjafræðingar ráða algerlega ferðinni í þessum málum. Þeir eru innflytjendur lyfja, framleiðendur, heildsalar, smásalar og ráða útsöluverðinu þar sem fjórir lyfjafræðing-

ar eru í fimm manna nefnd sem ákveður verð á lyfjum, lyfjaverðlagsnefnd. Að auki ráða þessir aðilar innkaupsverðinu að hluta því að það er samningsatriði, og harðasta sölumennska í heiminum í dag er ekki í vopnum heldur lyfjasölu.

Innlend lyfjafyrirtæki hafa lagt kapp á að framleiða dýr sérlyf í samkeppni við innflutt lyf en jafnframt leggjast innlend lyfjaframleiðslufyrirtæki á erlendu fyrirtækin og hóta þeim að fara að framleiða þeirra lyf nema þau fái umboð fyrir þau.

Nærri lætur að verð lyfja hækki í það minnsta um 140% frá innflutningsverði þar til neytandinn fær lyfið afhent og er söluskatturinn undanskilinn. Ef innflutningsverð er 100 kr. má reikna með 10% umboðslaunum, 19% álagningu frá heildsala til apótekara. Álagningin á erlendu sérlyfin er um 75% og þá er þetta lyf komið upp í 227 krónur, en síðan bætist við 10 króna afgreiðslugjald á hvert lyf. Á móti má ætla að álagning á innlendu lyfin, þegar allt er tekið til, sé um 80%.

Þegar lyfjanefnd hefur samþykkt skráningu lyfs verðleggur lyfjaverðlagsnefnd lyfið. Dæmi um möndlið í þessum málum er t.d. að þegar framleiddar voru hérlendis valíumtöflur sem kostuðu brot af innflutta lyfinu tók enginn lyfsali innlendu framleiðsluna til sölu vegna þess að álagningin var svo lág, þeir höfðu ekkert upp úr sölunni. Til stóð að flytja inn penisillíntöflur frá Finnlandi fyrir aðeins einn þriðja af verðinu annars staðar frá, en þá tók lyfjanefnd þá afstöðu að það væri engin ástæða til þess að flytja þetta lyf inn væri til sams konar lyf í landinu.

Verðskrá lyfjaheildsala byggist á Dansk legemedel statistik, en þessi verðskrá er hernaðarleyndarmál og ekki einu sinni landlæknir fær að sjá þessa skrá. Unnt er að fá heildarupplýsingar úr skránni, en þær skipta engu máli ef unnt á að vera að draga ályktanir af henni.

Öll lyfjafyrirtækin eru eins konar ferðaskrifstofur fyrir lækna og aðra sem sinna lyfjadreifingu. Ferðir, sem boðið er upp á, heita fundaferðir til þess að kynna sér lyf, en hér er að sjálfsögðu um að ræða sporslur til manna fyrir dreifingu lyfja. Gigtarlyf, hjartalyf og magalyf eru meðal dýrustu lyfjanna og árið 1985 voru seld hjartalyf fyrir um 200 millj. kr., geðlyf fyrir um 200 millj. kr., sýklalyf fyrir um 200 millj. kr. og sárasjúkdómalyf fyrir um 200 millj. kr. Obbinn af fjármagninu í lyfjasölunni er því í þessum lyfjum. Lyfjaframleiðendur í þessum lyfjaflokkum leggja mikla áherslu á alls kyns boðsferðir til kynningar og væri fróðlegt að skoða samhengi milli útskrifta þessara lyfja og boðsferða lækna og annarra.

Engin stýring er á því hérlendis, sem skiptir máli, að velja ódýrari lyf fremur en dýr þótt þau hafi sömu möguleika til þess að gagnast sjúklingum. Það geta verið tíu tegundir lyfja sem gera sama gagn en ef til vill getur verið matsatriði að einhver tvö af tíu henti sjúklingnum betur. Verðmunurinn getur verið mörg hundruð prósent. Ef lyfjaframleiðandi ætlar að lækka lyf verður hann að sækja um leyfi til lyfjaverðlagsnefndar.

Læknir getur haldið því fram að eitt lyf henti betur en annað, en sannanlega er oft um sams konar lyf að ræða og þá ætti að vera hægt að stýra þessum hlutum betur án þess að læknirinn geti sagt að verið sé að ganga á möguleika sjúklingsins til þess að ná bata.

Lyf fást með 45–90 daga greiðslufresti, vaxtalaust frá afskipunardegi erlendis. Ein af forsendunum fyrir hárri verðlagningu hérlendis er sú kenning að menn segjast liggja með miklar birgðir, en í eðlilegri stjórnun á lyfjalager er ljóst að erlendi framleiðandinn greiðir 70–80% af lagernum. Apótekarinn kaupir út í reikning hjá heildsala og hefur 2% staðgreiðsluafslátt ef hann greiðir fyrir 10. næsta mánaðar, en greiðir án vaxta ef hann gerir upp fyrir 21. næsta mánaðar. Lyfsalar geta skilað öllum lyfjum sér að kostnaðarlausu ef þau seljast ekki fyrir tilskilinn tíma.

Það hefur færst í vöxt að lyfsalar byggi eða kaupi húsnæði við apótek sín og skapi aðstöðu fyrir læknastofur sem oft eru setnar læknum sem skrifa út hátt hlutfall lyfjaávísana, en þessar lyfjaávísanir renna síðan inn í lyfjaverslun leigusalans. Í Reykjavík eru mörg

hundruð læknar en aðeins átta þeirra skrifa út helming allra lyfjaávísana í borginni. Á Reykjanesi utanverðu eru um 20 læknar, en einn þeirra skrifar út helming lyfseðlanna og t.d. má nefna að í Árnessýslu eru 40 læknar en einn þeirra skrifar út helming lyfseðlanna.

Það er ugglaust engin tilviljun að launaskrá lyfjafræðinga er á hæstu nótum launa í hópi háskólamanna. Grundvöllur lyfjaverslana byggist aðeins á lyfjasölu, þ.e. sölu gegn lyfjaávísunum, en ekki er tekið tillit til handkaupslyfja, hjúkrunarvöru, snyrtivöru og margra fleiri vörutegunda sem tíðkast í apótekum, en álitið er að þessir þættir geti numið allt að 50% verslunarinnar. Álagning og verðgrundvöllur miðast einnig við einhvern tiltekinn stað á landinu þar sem erfiðast er að reka slíka þjónustu, en allir aðrir hafa þar af leiðandi þeim mun meiri gróða.

Á s.l. ári voru skrifaðar út um 1,7 millj. lyfjaávísana en það er nærri helmingi örari tjáskiptatíðni milli lækna og sjúklinga en eðlilegt er talið því að eðlilegt er talið að menn hafi samband við lækni um fjórum sinnum á ári að meðaltali. Ljóst er að ótæpileg lyfjaútskrift er verulegt vandamál á Íslandi og kann þar að koma einnig til mikil fjölgun lækna. Meðalverð á afgreiddu lyfi í nóvember s.l. var 1070 kr. Ekkert er því til fyrirstöðu að lyfseðlum lækna fjölgi t.d. um helming á einu ári. Allt rynni í gegnum Tryggingastofnunina þar sem hver einasti skattgreiðandi á landinu, miðað við 121 þúsund vinnufæra menn, greiðir á þessu ári 10 þúsund krónur að meðaltali af sínum gjöldum í lyf. Íslendingar eru með flesta lækna á íbúa miðað við Norðurlönd eða 2,5 á hverja þúsund íbúa.

Það er eftirtektarvert að Íslendingar nota mikið af sýklalyfjum. Tuttugu af hverjum 1000 nota þau lyf daglega, en það er helmingi hærra hlutfall en hjá öðrum þjóðum. Íslendingar nota mest af sýkla- og súlfalyfjum í Evrópu ásamt Frökkum. Á undanförnum 10 árum hefur landlækni orðið mikið ágengt í að minnka útskrift á svefnlyfjum og róandi lyfjum og miðað við að 100 af hverjum 1000 íbúum notuðu slík lyf daglega 1976 er sú tala komin niður í 60 af 1000 á dag.

Erlendir lyfseðlar eða ávísanir eru tvisvar til þrisvar sinnum dýrari en innlend lyf, en Tryggingastofnun telur að 2/3 af lyfseðlum séu fyrir erlend lyf. Láta mun nærri að Tryggingastofnun greiði 75% af lyfjakostnaðinum, en sjúklingurinn 25% að meðaltali. Það er óheyrilega hátt hlutfall að 10 þús. kr. af gjöldum hvers vinnufærs manns í landinu skuli fara í lyf, sérstaklega með tilliti til þess að mjög stór hluti landsmanna notar ekki lyf nema að mjög takmörkuðu leyti. Hver borgari greiðir 350 kr. fyrir erlend lyf, nema aldraðir sem greiða 120 kr., en meginreglan er að skattpeningarnir greiði mismuninn. Fyrir innlendu lyfin greiða menn 200 kr. og aldraðir 80 kr. Vegna lágs greiðsluhlutfalls þeirra sem lyf þurfa að nota hefur aðgerða ekki verið krafist í þessum efnum þótt þarna sé einfaldlega um skattpeninga að ræða, en þessar staðreyndir vekja spurningar um það hvort hlutfall erlendra sérlyfja sé ekki of hátt, hvort hægt sé að vinna lyfin innanlands, hvers vegna ekki sé gerður greinarmunur á dýrum lyfjum og ódýrum, hvort læknar gefi sér nægan tíma til að tala við sjúklingana, hvort ekki sé tímabært að koma á fót faglegri yfirstjórn í þessum málum sem byggist jöfnum höndum á hagfræði og lyfjafræði. Það er hægt að spara hundruð milljóna króna með því að hafa stjórn á verðmyndun í lyfjasölu og taka þann þátt úr höndum lyfjafræðinga og þetta á jafnframt við um flesta þætti í heilsugæsluþjónustu landsmanna.

99% af upplýsingum um lyf koma frá apótekurum og sölumönnum, 1% frá landlækni vegna þess að hann hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að sinna þessari stjórnun af fullum krafti. Lyfjamál eru viðkvæmt mál því að enginn notar lyf nema af illri nauðsyn, en mesti gróðavegur á Íslandi á ekki að vera í skjóli sjúkdóma og það er því fyllilega tímabært að skera þetta kerfi upp með stóraðgerð. Ragnhildur Helgadóttir heilbrigðisráðherra skipaði s.l. haust nefnd til þess að gera úttekt á ýmsum þáttum heilbrigðisþjónustunnar og m.a. lyfjakostnaði, en hyggilegt væri að setja hóp reyndra viðskiptamanna og viðskiptafræðinga í lyfjakostnaðinn og stokka spilin upp jafnhliða afnámi einokunar í lyfjasölu. Auk

þess er mikilvægt að stórauka í Háskóla Íslands kennslu í meðferð lyfja. Reikna má með að í dreifbýli þurfi um það bil 2500 manns til þess að það borgi sig að reyna að halda uppi fullkomnu apóteki þannig að það má fjölga útsölustöðum lyfja verulega í landinu án þess að það komi niður á þjónustu. Miðað við árin 1974 og 1984 hefur lyfjakostnaður í Reykjavík hækkað um 102,5%, 79,6% í kaupstöðum utan Reykjavíkur og 103,2% í sýslum, en á sömu árum hefur lækniskostnaður sjúkrasamlaga á íbúa lækkað í Reykjavík um 14,4%, 32,2% í kaupstöðum utan Reykjavíkur, en kostnaðurinn hefur hækkað um 43,2% í sýslum, sem m.a. virðist koma til vegna mikillar hreyfingar á læknum í sýslum. Þetta segir sína sögu um frumskóg lyfjasölunnar. 1050 milljónir eru áætlaðar af skattpeningum þessa árs í lyf, 350 millj. kr. má ætla hlut neytenda, sjúkrahúsin munu kaupa lyf fyrir nær 300 millj. kr. og lyf án lyfseðla má ætla að seljist fyrir nær 100 millj. kr. samkvæmt áætlun embættismanna. Með því að hrista upp í þessum málum og skipuleggja betur er unnt að spara 600–700 millj. kr. og stórlækka lyfjakostnað á hvern landsmann án þess að skerða heilbrigðisþjónustu. Slíkt er gróðabrallið í sölu lyfja að ekki einu sinni landlæknir fær að vita hvert er söluhæsta lyf landsins.

Nd. 736. Lög [18. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 4. mars.)

Samhljóða þskj. 716 (sbr. 647).

Nd. 737. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. mars 1987.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Stefán Valgeirsson.	Kristín S. Kvaran.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 738. Frumvarp til laga [359. mál]

um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. mars.)

Samhljóða þskj. 644 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. kemur í stað Útvegsbanka Íslands í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976, og í lögum um Iðnþróunarsjóð, nr. 9/1970.

Ed. 739. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. mars.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „félag með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina FTÁ.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.

Ed. 740. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði til viðræðu Halldór Kristjánsson skrifstofustjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur lögfræðing frá samgönguráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Árni Johnsen, Kolbrún Jónsdóttir og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 1987.

Egill Jónsson, form.	Valdimar Indriðason, frsm.	Jón Kristjánsson.

Skúli Alexandersson.

Sþ. 741. Fyrirspurn [403. mál]

til félagsmálaráðherra um endursöluíbúðir í verkamannabústöðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað voru margar íbúðir keyptar inn og endurseldar í verkamannabústöðum á árunum 1984 og 1985, sundurliðað eftir árum?

2. Hverju nam hagnaður Byggingarsjóðs verkamanna af innkaupum og endursölu eldri íbúða í verkamannabústöðum á árinu 1984 og 1985? Sundurliðun óskast á innkaupsverði annars vegar og endursöluverði hins vegar hvort árið um sig.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 742. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum samhliða frumvarpi til laga um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. fulltrúar frá fjármálaráðuneyti, ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum.

Breytingartillögur þær, sem meiri hl. nefndarinnar flytur, hafa ekki í för með sér efnisbreytingar á ákvæðum frumvarpsins heldur eru þær fyrst og fremst fluttar til þess að gera orðalag skýrara.

Meiri hl. vísar að öðru leyti til nefndarálits meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 4. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Egill Jónsson. Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 743. Breytingartillögur [340. mál]

við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, EgJ, JK, VI).

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „í 5. gr.“ í 6. tölul. komi: í 6. tölul. 5. gr.
2. Við 15. gr. Í stað orðanna „og skilað í ríkissjóð“ í 3. málsl. fyrri mgr. komi: og greidd inn á reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga.
3. Við 17. gr. Í stað orðanna „hefur ekki náð“ komi: nær ekki.
4. Við 29. gr. Í stað orðanna „utan skuldaraðar“ í 2. mgr. komi: forgangskrafa.

Ed. 744. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum samhliða frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. fulltrúar frá fjármálaráðuneyti, ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum.

Breytingartillögur þær sem meiri hl. leggur til varða ekki efnisatriði frumvarpsins heldur eru þær fluttar til að lagfæra mistök sem urðu við endanlegan frágang frumvarpsins.

Meiri hl. vísar að öðru leyti til nefndarálits meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 4. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Egill Jónsson. Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 745. Breytingartillögur [341. mál]

við frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, VI, JK, EgJ).

1. 6. gr. orðist svo:
   Þrátt fyrir gildistökuákvæði 21. gr. laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem taka skulu gildi 1. janúar 1988, skulu þau ákvæði, sem breytingum taka með þeim lögum, önnur en 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða I, sbr. og 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. þessara laga, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu skatta á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.
2. Við 7. gr. Í stað „19. gr.“ komi: 9. gr.

Ed. 746. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Hún varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu, ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna í þjónustu ríkisins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum. Skriflegar umsagnir, sem bárust frá þessum aðilum, fylgja nefndarálitinu sem fylgiskjöl.

Á fundum nefndarinnar var auk frumvarps þessa fjallað samhliða um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarp til laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, enda verða þau ekki eðli málsins samkvæmt slitin úr tengslum hvert við annað. Fulltrúar þeirra hagsmunasamtaka, er að framan greinir og komu á fund nefndarinnar, lýstu því yfir að í grundvallaratriðum væru þeir fylgjandi staðgreiðslukerfi skatta. Hins vegar kom fram að þá greinir nokkuð á um hvernig staðið skuli að breytingum á skattkerfinu í heild sinni samhliða upptöku staðgreiðslukerfis beinna skatta.

Ábendingar komu fram um ýmis atriði, m.a. um nokkrar nauðsynlegar breytingar á frumvörpunum. Að auki var bent á nokkur atriði sem afla þyrfti nánari upplýsinga um áður en skattkerfisbreytingunni verður hrint í framkvæmd. Þá voru nefndinni kynntar fyrstu niðurstöður Þjóðhagsstofnunar á heildaráhrifum frumvarps þess sem hér um ræðir. Samanburður Þjóðhagsstofnunar á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu álagningarkerfi samkvæmt þessu frumvarpi miðað við áætlaðar tekjur ársins 1987 bendir til þess að tekjuskattur muni lækka um 235–435 millj. kr. nái frumvarpið ásamt áðurnefndum frumvörpum um staðgreiðslu opinberra gjalda og gildistöku þeirra fram að ganga. Útreikningar Reiknistofnunar Háskóla Íslands benda til sömu niðurstöðu.

Meiri hl. telur að ekki sé unnt að afla frekari upplýsinga en gert hefur verið um áhrif svo róttækrar skattkerfisbreytingar sem hér um ræðir né ganga frá fullmótuðum breytingartillögum ef þurfa þætti á þeim mjög svo skamma tíma sem til stefnu er fram að þinglokum. Á hitt er hins vegar að líta að þær upplýsingar, sem ekki hafa verið tök á að afla, varða að mati meiri hl. ekki framgang skattkerfisbreytingarinnar í heild sinni. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að tími gefst til þess á næstu mánuðum að fara frekar í saumana á þeim atriðum sem nánari athugunar þarfnast og leggja fram breytingartillögur á komandi haustþingi, þyki slíkt nauðsynlegt. Hafa verður í huga í þessu sambandi að þar sem hrinda á staðgreiðslukerfinu í framkvæmd um næstu áramót verður að nýta þann tíma, sem til stefnu er, mjög vel. Er því nauðsynlegt að hraða umfjöllun um málið og afgreiða það á þessu þingi. Fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að eðlilegt sé og rétt að endurskoða ýmis einstök ákvæði frumvarpsins þegar niðurstöður álagningar opinberra gjalda í ár liggja fyrir. Auðveldara verður þá að fá rétt mat á áhrif einstakra liða á grundvelli nýjustu upplýsinga um álagningu skatta árið 1987. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem áður var rætt um og nú skulu skýrðar nánar:

1. Að tillögu fjármálaráðherra er lagt til að millifæranlegur persónuafsláttur á milli hjóna verði 80% í stað 75% eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Tekið skal fram að fjármálaráðherra hafði ákveðið að þetta hlutfall millifæranlegs persónuafsláttar skyldi vera 80% áður en frumvarpið var lagt fram. Vegna þess hve prentun frumvarpsins var langt komin er ákvörðun þessi var tekin var hins vegar látið við svo búið standa, en þess í stað ákveðið að koma breytingartillögu að í nefndinni.

Komið hefur í ljós að fjárhæð sjómannaafsláttar á dag skv. 10. gr. frv. er að mati fjármálaráðuneytisins vanáætluð um 50 kr. og er því lögð til breyting í samræmi við þessar upplýsingar. Þetta er þó eitt þeirra atriða sem nánar yrði kannað eftir að álagning 1987 hefur farið fram.

2. Nauðsynlegt þykir að lækka skatthlutfall tekjuskatts þeirra sem ekki eru skattskyldir að fullu hérlendis til samræmis við þær breytingar sem frumvarpið hefur að öðru leyti í för með sér á skattstigum. Hér er einkum um þá aðila að ræða sem eru heimilisfastir erlendis en njóta greiðslna héðan, t.d. lífeyrisgreiðslna, arðs eða launa vegna starfs hér á landi í

skemmri tíma. Tekið skal fram að umræddir aðilar njóta ekki persónuafsláttar eins og þeir sem ótakmarkaða skattskyldu bera hérlendis. Því er lagt til að breyting verði gerð á 71. gr. laganna í þá veru sem kveðið er á um í 2. tölul. breytingartillagna meiri hl.

3. Þá er lagt til að ákvæðið um skattvísitölu í lögunum haldi gildi sínu varðandi ýmsar fjárhæðir er tengjast skattlagningu eignatekna, lágmarksfjárhæð eigna sem heimilt er að gjaldfæra á kaupári og ákvörðun eignarskatts, enda felur þetta frumvarp ekki í sér efnisbreytingar á þessum atriðum. Um þetta atriði fjallar 3. tölul. breytingartillagna meiri hl.

4. Loks er í 4. tölul. lagt til að breyting verði gerð á 2. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í því skyni að gera það skýrara.

Þrátt fyrir breytingartillögur þær, sem meiri hl. flytur og að framan greinir, er ljóst að á næstu mánuðum verður að athuga ýmsa þætti málsins og leggja fram breytingartillögur á haustþingi ef þurfa þykir. Þau atriði, sem meiri hl. telur nauðsynlegt að gefa sérstakan gaum í þessu sambandi, eru:

1. Endurskoða þarf álagningarkerfi frumvarpsins með hliðsjón af þeim upplýsingum sem álagning opinberra gjalda á árinu 1987 leiðir í ljós. Með þessum hætti ætti að vera tryggt að nýjustu upplýsingar liggi til grundvallar skattkerfisbreytingunni.

2. Athuga þarf nánar áhrif þess að afnema skattfrelsi fæðispeningagreiðslna sjómanna á hag þeirra í skattalegu tilliti og hvort eðlilegt sé að gera þar á breytingu. Enn fremur þarf að sannreyna að fjárhæð sjómannaafsláttar verði í eðlilegu samræmi við hag þeirra af núverandi kerfi.

3. Nauðsynlegt er að kanna sérstaklega ákvæði laganna um húsnæðisbætur og vaxtaafslátt og hvort ná megi þeim markmiðum sem þar er stefnt að með öðrum hætti eða annarri útfærslu. Sérstaklega verði athugað hvort koma megi til móts við þann hóp manna sem verst varð úti framan af áratugnum vegna misgengis lánskjaravísitölu og launa.

4. Þá er nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laga um húsnæðissparnaðarreikninga og gera tillögur um hvernig með skattafslátt, sem þau veita sparendum, skuli fara eftir að skattkerfisbreytingin tekur gildi.

5. Athuga þarf nánar hvort taka beri sérstakt tillit til námsmanna sem eru að ljúka námi og verða af því hagræði eftirágreiðslukerfisins sem felst í því að þurfa ekki að greiða skatt fyrr en einu ári eftir að námi lýkur. Á sama hátt þyrfti að kanna nánar áhrif afnáms námsmannafrádráttar eftir að námi lýkur.

6. Þá þyrfti að kanna hvort leiðrétta beri hlut þeirra sem flytja til landsins á árinu 1988, en hafa á árinu 1987 greitt tekjuskatt hérlendis vegna tekna á árinu 1986, jafnframt því að greiða staðgreiðsluskatt til erlends ríkis vegna launatekna sinna þar samfara búsetu. Þessir menn missa á sama hátt og námsmenn af hagræði eftirágreiðslukerfisins við það að flytja heim eftir að staðgreiðsla hefur verið tekin upp hérlendis.

Að lokum vill meiri hl. árétta það sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu um heildarendurskoðun beinna skatta hér á landi. Lítur hún svo á að frumvarp þetta og fylgifrumvörp þess séu í raun aðeins fyrsta skrefið í þessari endurskoðun. Þau atriði, sem hér um ræðir, eru einkum skattlagning eignatekna, eignarskattur og síðast en ekki síst skattlagning félaga. Á þetta atriði verður að leggja ríka áherslu að mati meiri hl. og er það í samræmi við samhljóða afstöðu fulltrúa þeirra hagsmunasamtaka sem á fund nefndarinnar komu.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Minni hl. munu skila sérálitum.

Alþingi, 4. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Jón Kristjánsson.
Egill Jónsson.
Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal I.

Þjóðhagsstofnun:

Minnisatriði um núgildandi álagningarkerfi skatta í samanburði við fyrirhugað staðgreiðslukerfi.

(3. mars 1987.)

Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi miðað við áætlaðar tekjur ársins 1987. Forsendur þessara útreikninga eru þessar helstar:

1. Tekjuhækkun milli áranna 1985 og 1986 er áætluð 35% á launþega en 20% á þessu ári frá árinu 1986.
2. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi um upptöku staðgreiðslukerfis í byrjun næsta árs er reiknað með að skattafsláttur verði 11 500 kr. á einstakling á mánuði m.v. verðlag í febrúar 1987 mælt á mælikvarða lánskjaravísitölu, eða 138 000 kr. á ársgrundvelli. Lausleg áætlun gefur til kynna að þessi afsláttur gæti numið 139 500 kr. að meðaltali á þessu ári. Byggir hún á reglum frumvarpsins um endurskoðun afsláttarliða tvisvar sinnum á ári, eða í júní og desember, með hliðsjón af breytingum lánskjaravísitölu. Raunar gerir frumvarpið ráð fyrir að þeirri aðferð verði beitt á alla afsláttarliði staðgreiðslukerfisins. Í þessum útreikningum er hins vegar miðað við að barnabætur og barnabótaauki verði sama fjárhæð í áætluðu staðgreiðslukerfi og reiknað er með í álagningu ársins 1987 samkvæmt núgildandi kerfi.
3. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti má gera ráð fyrir að áætlaður sjómannaafsláttur, sem kemur í stað sjómanna- og fiskimannafrádráttar í núgildandi kerfi, verði 420 millj. kr. í heild miðað við árið 1987. Er þá reiknað með að þessi afsláttur verði heldur hærri en tölur staðgreiðslufrumvarpsins gefa til kynna.
4. Varðandi afslátt vegna ökutækjastyrks og dagpeninga er í meðfylgjandi útreikningum annars vegar við það miðað að nálægt þriðjungur þessara liða samsvari útlögðum kostnaði og hins vegar um helmingur. Þennan lið er auðvitað erfitt að meta og hér er því um hreina ágiskun að ræða.
5. Áætlað er að húsnæðisbætur gangi til 5000–6000 fjölskyldna á árinu 1987 og kostnaður verði því um 300–330 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að 12 000 til 12 500 fjölskyldur fái vaxtaafslátt. Meðalvaxtaafsláttur á fjölskyldu er áætlaður um 25 þús. kr. og kostnaður því rúmlega 300 millj. kr.

Helstu niðurstöður.

Í aðalatriðum eru niðurstöður þessa samanburðar þær að skatttekjur ríkisins eru 235–435 millj. kr. minni samkvæmt nýju skattkerfi samanborið við áætlaða álagningu ársins 1987 miðað við gildandi kerfi. Þetta er í samræmi við þau áform sem lýst er í greinargerð með frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt sem nú liggur fyrir Alþingi.

Hvað snertir sveitarfélög er hins vegar meiri munur á áætluðum tekjum. Forsendur frumvarpsins fela í sér verulega lækkun á tekjum þeirra af útsvari. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 6,25% útsvari sem skilar sveitarfélögunum um 6,4 milljörðum kr. Miðað við áform sveitarfélaga er hins vegar áætlað að tekjur þeirra af útsvari nemi um 7,3 milljörðum kr. í ár. Þar munar því 900 millj. kr. Til þess að sveitarfélögin næðu þessum tekjum þyrfti álagt útsvar að hækka úr 6,25% í nálægt 7,2% sem er 0,2% hærra en hámarkið er samkvæmt

frumvarpinu. Í þessu sambandi er þó vert að benda á að skýringin á þessum mun er að hluta fólgin í mismunandi forsendum um verðlags- og tekjuáform. Sveitarfélögin virðast ganga út frá meiri tekju- og verðlagsbreytingum á þessu ári í sínum áætlunum en gert er ráð fyrir hér. Þessi forsenda þeirra fæli jafnframt í sér að staðgreiðslukerfið gæfi meiri tekjur en áætlað er í þessum útreikningum. Með staðgreiðslu skatta skiptir þessi munur á forsendum hins vegar ekki sama máli og áður.

Í sambandi við þessa útreikninga er vert að leggja áherslu á að hér er um fyrstu skoðun á áhrifum fyrirhugaðra skattabreytinga að ræða. Mörg atriði þarf að skoða nánar, sérstaklega að því er varðar einstaka frádráttarliði og áhrifin á mismunandi tekjuhópa. Sum þessara atriða er enn fremur ákaflega erfitt að meta af nákvæmni á þessu stigi. Þess vegna er vakin athygli á því að endanleg skatthlutföll þarf e.t.v. að endurmeta á komandi hausti þegar niðurstöður um álagningu skatta á þessu ári liggja fyrir.

Samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi miðað við áætlaðar tekjur ársins 1987.[1])
Allir framteljendur.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
	m.kr.	m.kr.
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	14 750	29 205
Sjúkratryggingagjald	400	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	720	720
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	450	—
Framkvæmdasjóðsgjald	150	—
Álagning alls, brúttó	16 470	29 925
Nýttur persónuafsláttur	8 900	21 270
Sjómannaafsláttur	—	420[2])
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	300–400[3])
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	600–700
Barnabætur	1 800	1 800
Frádráttur alls	10 700	24 390–24 590
Álagning ríkisins, nettó	5 770	5 335–5 535
Mismunur	235–435	
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	7 330	6 405
Mismunur	905	

1) Áætluð tekjubreyting milli áranna 1985 og 1986 er 35%, en á þeirri forsendu byggir áætluð álagning 1987 skv. núgildandi kerfi. Tekjuuppfærsla ársins 1987 er hins vegar 20% á áætlaðar tekjur 1986, en áætluð álagning staðgreiðslukerfis tekur mið af þeirri forsendu.
2) Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis.
3) Neðri mörkin miða við að nálægt þriðjungur þessara greiðslna samsvari útlögðum kostnaði en þau efri að helmingur sé nær lagi.

Fylgiskjal II.

Alþýðusamband Íslands:

Minnisblað um skattabreytingar.
(2. mars 1987.)

Aðdragandi.

Í kjölfar tekjuskattsálagningar á síðasta sumri voru skattamál víða til umfjöllunar vegna óánægju sem þá gætti vegna skattahækkana. Í tengslum við þessa umfjöllun komu enn á ný á dagskrá hugmyndir um upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda. Í kjölfarið, nánar tiltekið þann 4. sept. 1986, voru skattamál til umræðu í miðstjórn Alþýðusambandsins. Voru þá m.a. ræddar hugmyndir um róttækar breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Reifaðar voru hugmyndir um eitt skatthlutfall og háan almennan afslátt, afnám flestra frádráttarliða gildandi kerfis, jafnframt upptöku staðgreiðslukerfis. Ákveðið var að áfram skyldi unnið að frekari tillögugerð um þetta efni.

Samhliða undirbúningi að kröfugerð fyrir nýja kjarasamninga var frekar hugað að þessu máli og m.a. fengin heimild fjármálaráðuneytisins til þess að skoða áhrif slíkrar einföldunar skattakerfisins, sem hér um ræðir, í reiknilíkani ráðuneytisins. Af ýmsum ástæðum dróst þetta fram undir formannafund ASÍ sem haldinn var í nóvember. Þessir útreikningar staðfestu þá hugsun að einföldun skattkerfisins væri möguleg án þess að niðurstöðurnar yrðu mjög misvísandi eftir fjölskyldugerð og tekjum.

Í framhaldinu voru meginefni hugmyndanna bréfuð til ríkisstjórnar sem tók jákvætt í þær. Ekki fer á milli mála að grundvallaratriði þeirra breytinga, sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi, eru sóttar í þessar hugmyndir sem Alþýðusambandið lagði fram í samningunum fyrr í vetur. Þetta dregur ekki úr því að geysimikið starf hefur síðan verið unnið og áreiðanlega finnast ekki mörg dæmi um svo skjót viðbrögð embættismannakerfis þegar um jafnflóknar lagabreytingar er að tefla.

Á það verður að leggja þunga áherslu að þær breytingar, sem nú eru til umræðu, snúa fyrst og fremst að tekjuskatti og útsvari launamanna. Þessi þáttur skattalagabreytinga skiptir almennt launafólk mjög miklu máli og það er þrifnaðarmál að ljúka þeirri kerfisbreytingu sem staðgreiðslan er. Hitt verður jafnframt að undirstrika að strax í kjölfarið verði undinn bráður bugur að einföldun og endurskoðun á fyrirtækjasköttum. Að hluta til er þetta knýjandi mál vegna breytinga sem nú er fjallað um. Einnig er löngu tímabært að samræmd ákvæði verði lögfest um meðferð eignatekna einstaklinga. Fleiri atriði mætti nefna en um þessi þarf vart deila.

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir við þrjú þeirra frumvarpa sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi. Hér er ekki fínt í saumana farið heldur aðeins tínt til það sem mestu þykir skipta.

1. Almennar athugasemdir.

Ekki hefur að svo komnu máli reynst unnt að meta frumvörpin og áhrif þeirra í heild sinni. Breytingar, sem í þeim felast, eru svo róttækar að þær hljóta að koma misjafnlega niður, einkum vegna þess að stækkun skattstofnsins og afnám frádráttarliða kemur einstaklingsbundið mjög misjafnlega út.

Með bréfi til fjármálaráðherra þann 17. febrúar s.l. óskaði Alþýðusambandið eftir því að þá þegar yrði gerður „víðtækur samanburður á áætluðum gjöldum ársins 1987 skv. núgildandi skattareglum og opinberum gjöldum skv. frumvörpum, miðað við að skattareglur þeirra giltu á yfirstandandi ári og að teknu eðlilegu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga."

Þetta hefur því miður dregist mjög, en er að sjálfsögðu forsenda þess að skýr heildarmynd fáist af áhrifum fyrirhugaðra skattalagabreytinga. Að svo komnu máli er því ekki unnt að leggja neitt endanlegt mat á skatthlutfall eða einstakar fjárhæðir í tekjuskattsfrumvarpi, en ekki virðist ástæða til þess að ætla að stórvægilegra breytinga sé þörf á þeim. Auðvitað er augljóst mál að djúptækar breytingar af því tagi sem hér um ræðir eru vart framkvæmanlegar án einhvers tekjumissis ríkissjóðs þótt ekki sé stefnt að almennri skattalækkun sem máli skiptir.

Frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt.

2. Fæði sjómanna, 2. gr.

Í 5. tölul. 28. gr. gildandi laga er ákvæði sem kveður á um að fæði sjómanns, er hann fær hjá útgerðarmanni, skuli ekki teljast til tekna. Bátasjómenn hafa ekki frítt fæði en fá þess í stað greidda fæðispeninga. Augljóst misræmi er í þessu efni og eðlilegt verður að telja, með tilliti til allra aðstæðna, að fæði á sjó verði með öllu skattfrjálst.

3. Ökutækjastyrkir og dagpeningar, 3. gr.

Á framtölum 1986 nema dagpeningar og bifreiðastyrkir um 1400 millj. kr. Þar af eru síðartöldu styrkirnir 1030 millj. kr. Augljóst er og á almannavitorði að frádráttarheimildir þessar hafa verið stórlega misnotaðar og brýn nauðsyn er því á mjög hertum ákvæðum um þær. Miklu skiptir hver framkvæmdin verður. Samhliða þeim breytingum sem hér er um að ræða er nauðsynlegt að herða mjög ákvæði um frádrátt frá rekstrartekjum vegna bifreiða- og ferðakostnaðar. Treysta verður á að slíkar breytingar nái fram að ganga á haustþingi.

4. Húsnæðisbætur, 11. gr. B.

Nokkurt misræmi er á milli efnisákvæða greinarinnar og því sem í greinargerð segir. Nauðsynlegt að samræma í anda greinargerðarinnar.

5. Framreikningur fjárhæða, 18. gr.

Í 18. gr. frv. eru ákvæði þess efnis að fjárhæðir, persónuafsláttur, barnabætur o.fl. skuli hækka tvisvar á ári, þ.e. 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í samræmi við hækkun lánskjaravísitölu frá desember til júní og frá júní til desember næst á undan. Fjárhæðir frv. eru miðaðar við lánskjaravísitölu í febrúar, 1594 stig, og mælt fyrir um að þær hækki frá næstu áramótum, í samræmi við hækkun vísitölunnar frá febrúar til desember.

Ef skoðaðar eru breytingar lánskjaravísitölu og atvinnutekna á mann frá 1980 kemur í ljós að verulegra frávika getur verið að vænta einstök ár. Í töflunni hér á eftir eru bornar saman breytingar þessara stærða og er lánskjaravísitala hvers árs þá reiknuð sem meðaltal vísitölunnar í desember næstan á undan og í júní á viðmiðunarárinu.

Hækkun atvinnutekna 1985–1987 er reiknuð samkvæmt áætlunum og bráðabirgðatölum Þjóðhagsstofnunar.

Ár	Lánskj.-vísit.	Vísit. atvt.	Hækkun lkj. %	Hækkun atvt. %	Frávik %
1980	145	100			
1981	221	156	52.4	56.0	2.4
1982	325.5	240	47.3	53.8	4.5
1983	563.5	376	73.1	56.7	−9.5
1984	860.5	480	52.7	27.7	−16.4
1985	1051.5	684	22.2	42.5	16.6
1986	1392.5	923	32.4	35.0	1.9
1987	1610.5	1131	15.7	22.5	5.9

Á árunum 1981 og 1982 hækka atvinnutekjur nokkuð umfram lánskjaravísitölu, en á árunum 1983 og 1984 er frávikið með öfugum formerkjum og mun stærra. Þetta snýst aftur við á árinu 1985. Í þessu felst að ef farið hefði verið alfarið að reglum frumvarpsins að þessu leyti hefði skattbyrði lækkað á árunum 1983 og 1984 en önnur ár hefði hún vaxið.

Auðvitað eru allar líkur á að þær sveiflur, sem hér um ræðir, hefðu verið jafnaðar að einhverju marki með sérstakri lagasetningu og auðvitað má reikna með því að slíkt verði gert. Spurning til umhugsunar er þá hvort reiknireglur frumvarpsins eru ekki óþarfar og hvort ekki sé einfaldast að Alþingi ákveði hverju sinni skattvísitölu við fjárlagaafgreiðslu en ráðherra hafi heimild til þess að ákveða sérstaka hækkun umræddra fjárhæða í reglugerð ef sýnt er að skattbyrði muni að öðrum kosti verða meiri en stefnt er að hverju sinni.

Frumvarp um staðgreiðslu opinberra gjalda.

6. Skattkort maka og leiðrétting staðgreiðslu, 13. gr.

Ákvæði 13. gr. fela það í sér að samanlögð staðgreiðsla hjóna getur orðið verulega hærri en eðlilegt er. Ef tekið er dæmi af hjónum þar sem það tekjulægra er í hlutastarfi með 15 000 kr. á mánuði, en hitt á háum launum, gætu ákvæði frv. leitt til þess að staðgreiðslan yrði um 60 000 kr. hærri á ári en endanlegri álagningu næmi. Ekki er gert ráð fyrir því að tilflutningur skattkorts komi til greina í þessu tilviki. Hjón fengju því ekki leiðréttingu fyrr en við álagningu.

Nauðsynlegt er að við þessu verði séð. Til greina koma einkum þrjár leiðir sem e.t.v. er hægt að þræða allar að einhverju marki:

a. Ekki verði um að ræða takmörkun á flutningi skattkorts milli hjóna, a.m.k. ekki ef tekjur tekjulægri makans eru óverulegar.
b. Reglulega, t.d. ársfjórðungslega, verði samanlögð staðgreiðsla hjóna borin saman við framtaldar tekjur og mismunur endurgreiddur.
c. Ákvæði 12. gr. frv. um aukaskattkort verði rýmkuð á þann veg að tekjulægri maki, sem fyrirsjáanlega nýtir ekki að fullu persónuafslátt sinn, geti fengið aukaskattkort með skiptum persónuafslætti sem tekjuhærri makinn nýtir að staðaldri hjá sínum launagreiðanda.

7. Endurgreiðsla, 18. gr.

Augljóst hagræði sýndist vera af því að þeir sem stunda eða ætla að stunda nám lengur en sex mánuði á ári geti sótt um sérstakt skólaskattkort, sem gildi tímabundið, en tryggi handhafa t.d. tvöfaldan persónuafslátt, a.m.k. á meðan sumarvinna stendur.

8. Gildistökufrumvarp, 4. gr.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði sem fela í sér að reiknað endurgjald vegna ársins 1987, sem ekki nær 25% hækkun umfram verðlagsbreytingar, verði í öllum tilvikum skattlaust. Hliðstæð ákvæði eru um laun þeirra sem hafa aðstöðu til þess að ákveða sér, maka sínum og/eða börnum laun. Afar óheppilegt verður að telja að tiltekið hlutfall skuli hafa verið sett inn í frumvarpið líkt og hér er gert og fráleitt að lögbinda það þar sem líklegt er að hlutfallið verði viðmiðun við framtal 1988 vegna tekna ársins 1987. Sjálfsagt er á hinn bóginn að lögfesta heimild til álagningar á tekjur ársins 1987, hjá þessum aðilum, þegar og ef ríkisskattstjóra sýnist tekjuaukning umfram eðlileg mörk.

Varðandi ákvæði 2. mgr. um skattlagningu almennra launatekna ársins 1987 er vandséð að sýnt verði fram á að tekjuhækkun launamanns geti átt rætur að rekja til annarra þátta en aukins vinnuframlags, starfsábyrgðar eða stöðuhækkunar þannig að spurning er í hvaða tilvikum skattlagning almennra launatekna kæmi í reynd til greina.

Fylgiskjal III.

Stjórn BHMR:

Skattkerfisbreytingar.

Stjórn BHMR er hlynnt staðgreiðslukerfi skatta en telur að þær viðamiklu breytingar, sem jafnframt eru boðaðar með fyrirliggjandi frumvörpum, þurfi meiri undirbúning, rannsóknir og kynningu en gert er ráð fyrir. Stjórn BHMR varar við of mikilli fljótfærni við kerfisbreytingarnar og minnir á vandkvæði nýja húsnæðislánakerfisins í því sambandi.

Stjórn BHMR óskaði í janúar 1985 eftir upplýsingum um tekjuskattsgreiðslu háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og hlutdeild þeirra í heildartekjusköttum. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafa engin svör borist.

Áður en samþykktar eru breytingar á tekjuskattskerfi einstaklinga þurfa jöfnunaráhrif þess með tilliti til tekna, fjölskyldustærðar, aldurs og starfs skattgreiðanda að liggja fyrir. Engin ástæða er til að breyta tekjuskatti launamanna meðan ekki liggja fyrir tillögur um breytingar á skattlagningu fyrirtækja, fjármagnstekna og eigna.

Stjórn BHMR telur að eðli málsins samkvæmt sé heppilegast að koma á staðgreiðslukerfi skatta nú, en bíða með aðrar breytingar á skattakerfinu þar til heildarendurskoðun liggur fyrir, með nauðsynlegum upplýsingum um núverandi fyrirkomulag og áhrif fyrirhugaðra breytinga.

Stjórn BHMR leggur áherslu á eftirfarandi stefnumið í skattamálum:

1. BHMR leggur áherslu á að *allt* skattakerfið verði endurskoðað með það að markmiði að draga úr skattsvikum og auka jöfnuð með hliðsjón af tekjum, eignum og þörfum fjölskyldunnar.
2. BHMR mótmælir þungum tekjuskatti á launatekjur meðan fjármagns- og eignarskattar eru mjög litlir. BHMR telur að afnema beri sérsköttun á launafólki.
3. BHMR telur að ríkisstarfsmenn beri í dag verulegan hluta tekjuskatta launamanna, einkum háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn. Ástæður þess eru m.a.:
   ríkið er bæði launagreiðandi og skattheimtuaðili,
   aðrir launagreiðendur gefa ekki upp fullar tekjur og/eða veita starfsmönnum önnur ígildi launa sem ekki koma til skattlagningar,
   margir geta skammtað sér tekjur eftir hagkvæmustu leiðum miðað við skattareglur hverju sinni.

Greinargerð hagfræðings BHMR til stjórnar BHMR vegna frumvarpa um breytingar á skattalögum.

Meginatriði í nýjum skattafrumvörpum:

1. Tekjuskattur launamanna festur í sessi í stað afnáms hans.

Það hefur verið yfirlýst stefna fjármálaráðherra sjálfstæðismanna að afnema beri tekjuskatt af launatekjum. Yfirlýsingar hafa komið um að afnema þennan sérskatt á launamenn í áföngum.

Með þessu frumvarpi er gengið í allt aðra átt: verið er að festa tekjuskatt af launatekjum í sessi í stað þess að minnka hann eða fella niður.

Það veldur félagsmönnum BHMR vonbrigðum.

2. Skattkerfisbreytingar í skjóli staðgreiðslukerfisbreytingar.

Í kynningum á frumvörpum vegna skattalagabreytinga er lögð áhersla á að megintilgangurinn sé að koma á staðgreiðslu skatta og vitnað til þess að þetta sé í samræmi við kröfur launafólks í landinu.

Með fyrirliggjandi frumvörpum er ekki aðeins komið á staðgreiðslukerfi tekjuskatts launamanna heldur gerbreytt öllu skattkerfi vegna tekna launamanna með ófyrirséðum afleiðingum á skiptingu skattbyrðar og velferðar í þessu landi. Sýnist sem verið sé að gerbreyta skattkerfinu — svo lítið beri á — í skjóli þess að verið sé að koma á eftirsóttu staðgreiðslukerfi.

Það er verið að koma í gegn meiri háttar skattkerfisbreytingum og vitnað til breiðrar samstöðu launamanna í landinu enda þótt sú samstaða sé um allt annað mál, þ.e. staðgreiðslu. Sú skoðun, að skattkerfisbreyting sé forsenda staðgreiðslukerfisins, er röng. Núverandi skattkerfi er að mestu framkvæmanlegt þrátt fyrir setningu laga um staðgreiðslu enda mun í báðum tilvikum þörf á leiðréttingum eftir á.

3. Heildarendurskoðun á skattkerfi snúið í endurskoðun á skattkerfi launamanna án þess að létta skattbyrðar þeirra.

Fjármálaráðherra skipaði í nóvember s.l. nefnd til að endurskoða skattkerfið m.t.t.

1. einföldunar skattkerfis,
2. skattlagningar á eignatekjur og samhengi þess og eignarskatts,
3. skattlagningar fyrirtækja og
4. staðgreiðslu skatta.

Nefndin hefur aðeins skilað af sér hugmyndum um staðgreiðslu tekjuskatta launamanna eftir gerbreyttum forsendum en alls ekki gert neinar tillögur um breytingar á sköttun eigna, eignatekna eða fyrirtækja.

Það var skilningur BHMR að nefndin hafi átt að skoða heildarskattkerfið með það í huga að tekjuskattur á launamenn félli niður í áföngum og flyttist á aðra skattstofna, einkum tekjur fyrirtækja og fjármagnseigenda. Niðurstaða nefndarinnar er allt önnur og veldur félagsmönnum BHMR vonbrigðum.

Þessi endurskoðun á skattkerfi launamanna varðar einkum stofn skattskyldra tekna launamanna, frádráttarliði, skattstigann, breytta sköttun sjómanna og langskólagenginna, og breytta sköttun húsnæðiskaupenda og breytt viðhorf til fjölskyldusköttunar. Sem sagt skattkerfisbreytingarnar taka til flestra grundvallaratriða í tekjuskattskerfinu auk þess sem form skattlagningar breytist þannig að tekjuskattur, útsvar og önnur gjöld, sem áður höfðu mismunandi stofna og prósentu, eru nú tekin af sama stofni með einni prósentu.

4.1. Um breyttan skattstofn: Kostnaður talinn til launa.

Samkvæmt 5. gr. staðgreiðslulagafrumvarpsins telst til launa hvers konar endurgjald fyrir vinnu og má segja að í viðbót við eldri útsvarsstofn sé nú bætt við nokkrum kostnaðartengdum liðum eins og: ökutækjastyrkjum, dagpeningum o.fl. Um leið eru felldir niður allir frádráttarliðir. Þannig er lagt að jöfnu laun eða hvers kyns ígildi launa og svo endurgreiddur kostnaður sem launamenn hafa lagt út fyrir fyrirtæki sem þeir starfa fyrir.

Ef dagpeningar eða ökutækjastyrkir hafa þjónað starfsmönnum einkafyrirtækja sem launauppbætur má ljóst vera að fyrirtækjum er í lófa lagið að koma slíkum greiðslum með öðrum hætti til starfsmanna sinna. Hvað varðar starfsmenn ríkisins er ljóst að kostnaður ríkisins af ferðalögum starfsmanna verður miklu meiri ef fjármagna á hann með innkaupum á ríkisbifreiðum vegna uppsagna á aksturssamningum starfsmanna, með reikningsgreiðslum fyrir ferðalög starfsmanna og allt það batterí sem þarf til að yfirfara og greiða slíka

reikninga. Þetta vita starfsmenn fjármálaráðherra sem þekkja eldra fyrirkomulag þessara mála.

Með þessu hefur skattstofninn verið einfaldaður en jafnframt gerður miklu ósanngjarnari ef skattborgurum er ætlað að greiða skatt af útlögðum kostnaði fyrir fyrirtæki.

4.2. Um breyttan skattstofn: Niðurfelling frádráttarliða.

Helstu frádráttarliðir gildandi skattalaga eru húsnæðiskaupafrádráttarliðir vegna vaxta- og verðbótakostnaðar, sjómannafrádráttur (10%), námsfrádráttur, giftingarfrádráttur og persónufrádráttur auk annarra smærri liða. Engir frádráttarliðir eru í nýja kerfinu. Hins vegar eiga sérstakar bótagreiðslur að koma til fyrir þá sem kaupa í fyrsta sinn = húsnæðisafsláttur, sérstakur sjómannaafsláttur = 150 á úthaldsdag og afsláttur einstaklings = 11 500 á mánuði. Auk þessa bótakerfis eru einnig barnabætur með óbreyttu sniði.

Þetta hljómar e.t.v. einfalt, að setja upp bótakerfi af þessu tagi í stað þeirra frádráttarliða sem áður voru, ef markmiðið er aðeins að einfalda kerfið. En þessar breytingar fela í sér verulegan tilflutning á skattbyrðinni.

4.3.

Með niðurfellingu vaxtafrádráttar vegna húsnæðisöflunar er vikið frá þeirri grundvallarreglu fyrri laga að taka tillit til fjölskyldustærðar við jöfnun húsnæðiskostnaðar. Það hefur jafnan verið meginmarkmið skattkerfisins með ívilnunum vegna húsnæðiskostnaðar að auka möguleika barnafjölskyldna til að geta búið í húsnæði sem hæfir fjölskyldustærðinni. Hið nýja fyrirkomulag með húsnæðisbótum í stað vaxtafrádráttar tekur ekki mið af þörfum fjölskyldunnar í húsnæðismálum. Þannig fá minni fjölskyldur hlutfallslega meiri aðstoð í gegnum skattakerfið. Hér er enn einu sinni verið að vega að barnafjölskyldunni en í hinu nýja húsnæðislánakerfi sem tók gildi hinn 1. september s.l. var hætt að miða lánsfjárhæð við fjölskyldustærð.

Húsnæðisbætur eingöngu til þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð eru einnig á skjön við hið dæmigerða ferli fjölskyldunnar á húsnæðismarkaðnum. Skortur á lánsfjármagni hefur leitt til þess að fólk almennt hefur þurft að fikra sig áfram í áföngum í hæfilegt húsnæði. Ungt fólk, sem hefur byrjað smátt á síðast liðnum árum og á enn eftir að fikra sig áfram í stærra húsnæði vegna fjölskyldustærðar, er með nýja fyrirkomulaginu útilokað frá þeirri aðstoð sem foreldrar þeirra (verðbólgukynslóðin) nutu svo ríkulega.

55 000 króna húsnæðisbætur samsvara hugsanlega um 200 000 króna vaxtafrádrætti fyrir húsnæðiskaupanda með tekjur á bilinu 700–900 000 krónur. Sá sem fær fullt lán Húsnæðisstofnunar fær 2,3 millj. kr. á 3,5% vöxtum og vaxtakostnaður hans er rúmar 80 þús. kr. á ári sem vex með verðbólgu. En sá sem hefur tekið yfir 1 milljón á kjörum Húsnæðisstofnunar og skuldar 1,5 milljón á 6,5% vöxtum er kominn í 132 þús. kr. vaxtakostnað. Langstærsti hluti frádráttar húsnæðiskaupenda eftir 1982/83 hefur þó verið vegna skammtímaskulda og verðbótaþáttar sem hér er undanskilinn enda örðugt að spá fyrir um hann. Af þessu má vera ljóst að nýja kerfið flytur húsnæðisniðurgreiðslu frá þeim sem fjármagna húsnæði eftir fyrstu húsnæðissölu til þeirra sem eru að kaupa fyrsta húsnæði sitt. Þetta bitnar illa á barnafjölskyldum sem hafa farið út í að stækka við sig með vaxandi fjölda og aldri barna.

4.4.

Sjómannafrádrátturinn er felldur niður sem 10% frádráttur, þ.e. tekjubundinn frádráttur og breytt í frádrátt sem miðar við sóknardaga, þ.e. fjölda lögskráningardaga. Þetta gæti falið í sér verulega breytingu á skattbyrði sjómanna sem flytti skattbyrði frá tiltölulega tekjulitlum sjómönnum með marga úthaldsdaga til sjómanna sem taka stóran hluta tekna sinna á stuttum tíma.

4.5.

Brottfall námsfrádráttar og eftirstöðva námsfrádráttar án nokkurra bóta felur í sér að enn er gengið á ævitekjur langskólamenntaðra manna í þessari skattalagabreytingu. Háskólamenn hafa verið með í smíðum kröfur um aukinn frádrátt vegna háskólanáms og símenntunar en þeim hefur verið stungið undan vegna loforða um að tekjuskattur launamanna verði lagður af. Háskólamenn hljóta þess vegna að krefjast menntunarálags eða bótakerfis á sama hátt og sjómenn. Með staðgreiðslufyrirkomulaginu er einnig gengið á möguleika háskólamanna þar sem fyrsta starfsár eftir langskólamenntun verður skattað jafnóðum og tekna er aflað í stað þess greiðslufrests sem nú er og munar miklu.

4.6.

Niðurfelling á giftingarfrádrætti og það að makaafsláttur skuli aðeins nýtast að ¾ hlutum felur í sér neikvæða afstöðu í sköttun fjölskyldna og tilfærslu frá fjölskyldum til einstaklinga ef heildarskattbyrði er að öðru leyti óbreytt. Í stað giftingarfrádráttar ætti e.t.v. að koma á sérstökum fjölskyldubótum sem greiðast mánaðarlega og á sama hátt ætti að vera unnt að greiða mökum sem ekki nýta sér fullan persónuafslátt ónotaðan hluta hans beint út.

5. Um breytta skattprósentu: Tekjuskattur án jöfnunarhlutverks.

Því er lýst í greinargerð með frumvörpunum að erlendis sé komið úr tísku að beita tekjuskatti til jöfnunar tekjum og hann sé fremur hugsaður þannig að þeir sem hafi svipaðar tekjur greiði sambærilega skatta. Þetta virðist höfuðröksemdin fyrir því að aðeins er nú ein skattprósenta og gildir þá einu hvort verið er að skatta einstaklinga með 30, 80, 130 eða 180 þúsund króna mánaðartekjur. Þetta má bera saman við þrjú stig skattprósentu til tekjuskatts (18%, 28,5% og 38,5%) ofan skattleysismarka.

6. Samanburður á heildaráhrifum.

Hvergi í fyrirliggjandi frumvörpum er reynt að taka trúverðug dæmi um heildaráhrif skattbreytinganna. Þau fáu dæmi, sem eru dregin, eru raunar mjög villandi þar sem þau annars vegar sýna ekki samanburð á gildandi skattalögum og áhrifum frumvarpanna og hins vegar sýna ekki nema lítinn hluta af þeim kerfisbreytingum sem verða mundu með samþykkt frumvarpanna og geta breytt miklu um skattbyrði einstaklinga og fjölskyldna. Það er ljóst af fyrirliggjandi gögnum að verulegar breytingar geta orðið á skattbyrði skattgreiðenda. Það er sjálfsögð krafa að almennar breytingar og spönn mögulegra hámarksbreytinga á skattbyrði séu kynntar þingmönnum og almenningi með kýrskýrum dæmum.

Þau dæmi, sem hér er lýst eftir, eiga að lýsa samspili hinna ýmsu þátta breytinganna gagnvart venjulegum fjölskyldum í landinu: 2–3 barna í fjölskyldum sem þegar eiga fyrstu íbúð en eru í of litlu húsnæði engu að síður og hafa aðeins meðaltekjur. Í dæmum þarf að sýna það sem almennt má telja líklegt en einnig óvenjulegar en mögulegar aðstæður. Dæmin þarf síðan að skoða sérstaklega út frá mismunandi tekjum, fjölskyldustærð, hvort fyrirvinna er sjómaður eða menntamaður með námsskuldir á baki en báðir fá mjög breytta skattmeðferð.

Hér fylgja dæmi um spurningar sem vakna vegna fyrirliggjandi frumvarpa. Hver þeirra um sig þarfnast sjálfstæðs svars en auðvitað verður einnig að skýra heildarsamhengi og innbyrðis samhengi þeirra allra. Einungis það getur varpað ljósi á eðli skattbreytinganna sem hér um ræðir.

1. Almennar spurningar um gerð núgildandi skattkerfis hvað varðar húsnæðiskaupendur.

Hver var vaxta- og verðbótafrádráttur á tekjuárinu 1985 og 1986?

1.1. Hvernig dreifðist hann á einstaklinga eftir tekjubilum?

1.2. Hvernig dreifðist hann á hjón/sambýlisfólk eftir tekjubilum?

1.3. Hvernig dreifðist hann á húsnæðiskaupendur eftir því hvort þar voru fyrstu kaupendur húsnæðis eða aðrir?

1.4. Hvernig dreifðist á hann fyrstu húsnæðiskaupendur eftir fjölskyldustærð og tekjubilum?

2. Almennar spurningar um „nýja“ húsnæðisbótakerfið.

Hve miklum fjármunum er ætlað að verja til húsnæðisafsláttar skv. nýju kerfi?

2.1. Hver er áætlaður fjöldi þeirra sem munu njóta kerfisins?

2.2. Hver er áætluð samsetning þeirra sem munu fá húsnæðisafslátt með tilliti til fjölskyldustöðu og tekna?

2.3. Hvernig munu nýjar útlánareglur Húsnæðisstofnunar breyta fjölda og samsetningu þess hóps sem nýtur almennrar fyrirgreiðslu húsnæðis- og skattkerfis með tilliti til fjölskyldustöðu og tekjubila?

2.4. Hvað liggur til grundvallar tölunni 55 000 krónur í þessu sambandi og hvenær eiga þær að koma til greiðslu (staðgreiddur eða eftir á, — verðbættur)?

3. Stefnumótandi spurningar um húsnæðisbótakerfið.

3.1. Er það meðvituð stefna stjórnvalda að færa grundvöll húsnæðisbótakerfis frá viðmiðum um þarfir fjölskyldna til einstaklingsviðmiða útlánakerfis húsnæðisstjórnar þar sem höfuðviðmiðun er hvort viðkomandi einstaklingur hafi verið í lífeyrissjóði tiltekinn tíma og hvort hann sé að kaupa í fyrsta sinn — en ekki fjölskyldustærð og þarfir?

3.2. Ef styðja á einstaklinga til kaupa í fyrsta sinn — en ekki horfa á þarfir (barna)fjölskyldna — þá má spyrja hvers vegna þessi stuðningur er bundinn við að vera notaður allur í einu og á tilteknu tímabili en ekki í sjálfsvaldi hvers og eins hvenær hann notar sér lánamöguleika sinn til fullnustu og þá sjálfræði um notkun afsláttarmöguleikanna á sama hátt?

3.3. Ef það er stefna stjórnvalda að styðja einmitt einstaklinga í fyrstu húsnæðiskaupum má trúlega gera það á þann hátt að lækka vexti þeirra á láni frá Húsnæðisstofnun í stað þess að setja upp stórt bótakerfi?

3.4. Eftir stendur spurningin hvernig mæta eigi þörfum fjölskyldna, einkum þeirra, sem búa í allt of litlu eigin húsnæði, hafa litla lánamöguleika í opinbera kerfinu á niðurgreiddum vöxtum og nú á að svipta frádráttarmöguleikum á vaxta- og verðbótagjöldum?

4. Um bráðabirgðaákvæði vegna vaxtaafsláttar.

4.1. Hvað ræður vaxtaafslætti: umskrifa þarf og gera 2. mgr. I. bráðabirgðaákvæðis skýrari. Á að lesa þetta svona:

Dæmi:	Tekjur einstaklings/tekjuhærri maka	1 000 000
	Vaxtafrádráttur	300 000
	7% regla	70 000
	300 000–70 000	230 000
	Vaxtaafsláttur 30%	69 000

4.2. Hvers vegna er ekki miðað við árin 1983–87?

4.3. Hvernig greiðist vaxtaafsláttur?

7. Lokaorð.

Það blasir við að miklar breytingar mundu eiga sér stað í íslensku skattkerfi og húsnæðisstefnu ef frumvörp þessi næðu fram að ganga. Ég tel að BHMR hljóti að vera andsnúið lagabreytingum sem fela í sér aukinn launamannaskatt og jafnvel ef frumvörpin fela aðeins í sér að núverandi launamannaskattur er festur í sessi. Það er skoðun mín að koma megi á staðgreiðslu skatta án þess að gerð sé um leið meiri háttar skattkerfisbreyting

af því tagi sem hér er boðuð. Hins vegar er ég sammála þeirri meginstefnu frumvarpsflytjenda að koma á einföldun skattkerfisins. Hér held ég þó að einföldun skattkerfisins sé um of gerð á kostnað barnafjölskyldna, þeirra sem eignast hafa sitt fyrsta húsnæði nú þegar, hluta sjómanna og menntamanna. Helstu atriði gagnrýni minnar eru þessi:

1. Tekjuskattur launamanna er ekki afnuminn heldur festur í sessi.
2. Reynt er að koma á verulegum breytingum á skattkerfi í skjóli staðgreiðslukerfisbreytinga.
3. Frumvörpin virðast fela í sér umfangsmiklar breytingar á skattbyrðum launamanna.
4. Frumvörpin fela í sér breytingar sem minnka almenna húsnæðisaðstoð við barnafjölskyldur.

Fylgiskjal IV.

Vinnuveitendasamband Íslands:

Minnisblað um skattabreytingar.
(3. mars 1987.)

Einfalt staðgreiðslukerfi.

Með þeim skattafrumvörpum, sem nú eru til meðferðar á Alþingi, hefur verið smíðað einfalt kerfi til að skattleggja launatekjur jafnóðum og þær eru greiddar. Slíkt staðgreiðslukerfi skatta leggur þungar kvaðir á fyrirtæki sem þurfa að leggja á og skila skattinum. Það er forsenda þess að vel takist til við framkvæmd staðgreiðslukerfisins að það sé sem allra einfaldast. Það er því afar brýnt að engar þær breytingar verði gerðar á skattafrumvörpunum sem geri staðgreiðsluna á einhvern hátt flóknari en þar er gert ráð fyrir. Þetta skiptir algjörlega sköpum fyrir sundurlausa framkvæmd staðgreiðslunnar.

Kynning er nauðsynleg.

Nauðsynlegt er að hefja rækilega kynningu á skattabreytingunum þegar eftir afgreiðslu þeirra á Alþingi. Æskilegt væri að fjármálaráðuneytið og embætti ríkisskattstjóra tækju saman efni til kynningar á staðgreiðslunni sem samtök atvinnuveganna gætu dreift til félagsmanna sinna.

Bifreiðastyrkir og dagpeningar.

Í athugasemdum með frumvarpinu um breytingu á lögum um tekjuskatt segir að „sönnuð útgjöld vegna móttekinna ökutækjastyrkja og dagpeninga verði frádráttarbær frá tekjum við álagninu tekjuskatts", þótt þau verði ekki frádráttarbær í staðgreiðslu. Enn fremur segir að gert sé ráð fyrir „hertum reglum varðandi mat á því hvort hér sé um raunveruleg útgjöld að ræða eða ekki". Æskilegt væri að þessar reglur verði kynntar sem fyrst til að eyða óvissu um framkvæmd. Ljóst er að fjöldamörg atriði í skattabreytingunum munu hafa áhrif á vinnumarkaðinn með ýmsum hætti. Það er því nauðsynlegt að sem nákvæmust útfærsla á breytingunum liggi fyrir sem fyrst til að auðveldara verði að átta sig á áhrifunum.

Skattvísitala.

Í frumvarpinu eru felld úr gildi núverandi ákvæði um skattvísitölu. Í staðinn koma ákvæði um að persónuafsláttur og barnabætur skuli breytast með lánskjaravísitölu tvisvar á

ári. Æskilegt er að þessar fjárhæðir breytist innan hvers árs með einhverjum þeim verðmælikvarða, sem reiknaður er reglulega, t.d. lánskjaravísitölu, en ekki eftir áætluðum stærðum. Hins vegar hljóta tekjubreytingar einnig að ráða talsverðu um þessar stærðir og því nauðsynlegt að endurskoða þær á eins til tveggja ára fresti með tilliti til tekjubreytinga. Þótt framangreindar fjárhæðir séu bundnar lánskjaravísitölu eru ýmsir aðrir liðir í tekjuskattskerfinu sem þarf að breyta frá ári til árs með tilliti til verðbólgu, tekjubreytinga eða annarra þátta. Þessa liði mætti færa til með skattvísitölu á svipaðan hátt og í núverandi kerfi. Að þessu þarf að huga.

Frekari skattabreytingar.

Inn í tekjuskattaumræðuna nú hefur fléttast umræða um tekjuskatt félaga og skattlagningu atvinnurekstrar- og eignatekna almennt. Víða um heim er verið að gera breytingar á skattlagningu atvinnurekstrar og á eignatekjum og ganga þær nokkuð í sömu átt og breytingar á skattlagningu einstaklinga. Í þessari umræðu þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Það er vissulega kostur að hafa skattkerfið einfalt og það á að vera réttlátt. Við verðum hins vegar að gæta vel að því að fjármagnsmarkaður hér á landi er nú sem betur fer mun fjölbreyttari en áður var. Það verður því að skoða skattlagningu félaga í nánu samhengi við skattlagningu annarra eigna- og fjármagnstekna.
- Við umfjöllun um skattlagningu eigna og eignatekna er nauðsynlegt að hafa í huga að við þurfum að auka sparnað og beina honum í auknum mæli inn á fjármagnsmarkaðinn. Þær breytingar, sem gerðar verða á skattlagningu eigna og eignatekna, þurfa því góðan undirbúning og langan aðdraganda til þess að þær hafi ekki neikvæð áhrif á sparnað og fjármagnsmarkað.

Okkur er nauðsynlegt að beina fjármagni í atvinnurekstur, við þurfum að treysta íslenskt atvinnulíf í harðnandi samkeppni við erlend fyrirtæki. En atvinnurekstri fylgir áhætta og það þarf að taka tillit til hennar við skattlagningu. Það þarf að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja og örva til fjárfestingar í fyrirtækjum. Þetta gerist ekki á skömmum tíma. Það þarf að gæta þess að skattkerfið vinni ekki gegn þessu og einnig að styðja við það með beinum aðgerðum eins og þegar er vísir að.

Nú er verið að gera veigamiklar breytingar á framkvæmd skattlagningar á launatekjur. Þessu þarf að fylgja eftir með breytingum á skattlagningu eignatekna þar sem þess verði gætt að samræmi sé í skattlagningu allra eignatekna. Kerfið má ekki letja til sparnaðar — og reyndar þarf það að örva sparnað í atvinnurekstri — og það á að vera einfalt í framkvæmd. Það verður vægast sagt erfitt að samræma öll þessi sjónarmið og það er því betra að flýta sér hægt við undirbúning að þessum breytingum. Margt af því sem gagnrýnt er í skattamálum í dag snertir framkvæmd skattlagningar og skatteftirlits en ekki lagasetningu. Þessa þætti má bæta á meðan ný lagasetning er vandlega undirbúin.

Fylgiskjal V.

Áhugamenn um úrbætur í húsnæðismálum:

Athugasemdir við skattkerfi.

(Febrúar 1987.)

Í núverandi skattalögum er gert ráð fyrir að hægt sé að nýta sér 10% afsláttarregluna eða vaxtafrádrátt. Með 10% reglunum er reiknaður inn frádráttur m.a. fyrir lífeyrissjóðsgreiðslur, stéttarfélagsgjöld, líftryggingu, vexti o.fl. og liggur nærri að allir þessir liðir að

frádregnum vöxtum nemi a.m.k. 7% (4% vegna lífeyrisgreiðslna verður væntanlega greitt af öllum launum, 1–2% til stéttarfélaga, 1–2% vegna mismunar á brúttó- og nettótekjum (nýtt skattkerfi byggir á brúttótekjum) og 0–1% vegna annarra liða svo sem líftryggingar eða öðrum liðum sem 10% frádrætti er ætlað að koma í staðinn fyrir). Gera má þannig ráð fyrir að þeir sem nýti sér vaxtafrádrátt verði af 3% frádrætti af tekjum sem aðrir launþegar njóta, sem er í sjálfu sér illskiljanlegt sé ætlunin að koma til móts við húsnæðiskaupendur.

Í meðfylgjandi samanburði á skattafslætti vegna vaxta og verðbóta í núverandi og fyrirhuguðu skattkerfi er þannig gengið út frá nettófrádrætti í núverandi kerfi, þ.e. frádráttarbærir vextir og verðbætur eru lækkaðir um sem nemur 3% af brúttótekjum áður en talan er margfölduð með álagsprósentunni.

Í núverandi skattalögum er heimildarákvæði um vaxtafrádrátt á fasteignatryggð lán í jafnlangan tíma og greiðslutíma lánsins en ekki í sex ár eins og gert er ráð fyrir í fyrirhuguðum skattalögum. Bent er á að með verðtryggðum lánum breyttust reikningslegar forsendur fyrir útreikningi á frádráttarbærum verðbótum þannig að fyrstu afborgunarárin er frádráttur lítill en eykst eftir því sem líður á lánstímann.

Er að vonum allharkalegt að sá hópur, sem fyrst tók verðtryggð lán og lítið hefur notið þessa frádráttarmöguleika fram að þessu, skuli nú sviptur honum loks þegar vægi frádráttarbærra verðbóta eykst.

Gerðar eru því eftirfarandi tillögur til að leiðrétta fyrirhugaða lækkun:

1. Felldur verður niður frádráttur af vöxtum og verðbótum (7% af brúttótekjum) þannig að upphæðin komi óskert til frádráttar.
2. Margföldunarstuðull til útreiknings á skattafslætti breytist úr 0,3 í 0,35 eða í þá álagsprósentu sem endanlega verður ákveðin.
3. Enginn hámarkstími verði á heimild til vaxtafrádráttar á fasteignatryggðum lánum, þ.e. núverandi ákvæði standi óbreytt.

Við þær leiðréttingar verða niðurstöður eins og sýnt er í töflu II eða sem næst *óbreyttur frádráttur frá núverandi skattkerfi.*

Tafla I

Samanburður á skattafslætti v. vaxta og verðbóta við nýtt álagningarkerfi.

(Upphæðir í þús. kr.)

Skuld	vextir +verðb.	Brúttótekjur (þús. kr.) 800		1000		1200		1400		1600	
þ. kr.	þús. kr.	var	verður	var	verður	var	verður	var	verður	var	verður
1000	180	45	37(55)	60	33(55)	55	29(55)	53	25(55)	51	20(55)
1500	270	70	64	92	60	90	56	88	52	85	47(55)
2000	360	—	—	127	87	125	83	122	79	120	74
2500	450	—	—	162	114	159	110	157	106	155	101
3000	540	—	—	196	141	194	137	191	133	189	128

Skattafsl. gamalt kerfi = ((vextir + verðb.) − brúttót. × 0,03) × (álags%)*) Skattafsl. nýtt kerfi = ((vextir + verðb.) − brúttót. × 0,07) × 0,3
Vextir = 5%, verðbætur = 13%.

*) Skattaþrep, 412–824 þ.kr. = 28,5%; Upph.> 824 þ.kr. = 38,5%.

Tafla II

Tillögur.

(Upph. í þús. kr.)

Skuld þ. kr.	vextir + verðb. þús. kr.	Brúttótekjur (þús. kr.) 800 var	800 verður	1000 var	1000 verður	1200 var	1200 verður	1400 var	1400 verður	1600 var	1600 verður
1000	180	45	63	60	63	55	63	53	63	51	63
1500	270	70	95	92	95	90	95	88	95	85	95
2000	360	—	—	127	126	125	126	122	126	120	126
2500	450	—	—	162	158	159	158	157	158	155	158
3000	540	—	—	196	189	194	189	191	189	189	189

Eins og áður segir gera ofangreindar breytingar á fyrirhuguðu skattkerfi það að verkum að núverandi skattafsláttur verði óbreyttur. Eins og ítrekað hefur verið bent á varð þessi hópur fyrir verulegum skakkaföllum á tímum misgengis lánskjara og launa og er ljóst að þetta misgengi hefur ekki gengið til baka, aðeins hafa laun og lánskjör nokkurn veginn haldist í hendur síðan.

Áhugamenn um úrbætur í húsnæðismálum benda á leið sem ætti að geta jafnað hag þessa fólks, en hún felst í því að í stað gjaldfallinna verðbóta, sem nú er heimilt að nýta til frádráttar, verði áfallnar verðbætur frádráttarbærar og mætti jafna þeim niður á næstu sex ár og verði sex ára reglan látin gilda.

Fylgiskjal VI.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands:

Um sjómannaafslátt í staðgreiðslukerfi skatta.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt njóta sjómenn sérstaks sjómanna- og fiskimannafrádráttar frá tekjum, umfram þann 10% eða fasta frádrátt sem almennt er áður en tekjuskattur er reiknaður. Sjómanna- og fiskimannaafsláttur á bæði við um sjómenn á farskipunum og fiskiskipunum.

Sjómannaafslátturinn í núgildandi skattkerfi er föst krónutala á hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf. Vegna álagningar árið 1987 af tekjum 1986 er sjómannafrádrátturinn 330 kr. á dag sem dregst frá tekjum áður en skattlagt er. Þessi tala var 245 kr. á dag við álagningu 1986 vegna tekna ársins 1985.

Farmanna- og fiskimannafrádrátturinn er hins vegar hlutfall af tekjum og er skv. núgildandi lögum 12% sem dregst einnig frá tekjum áður en tekjuskattur er reiknaður.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, var sjómanna- og fiskimannafrádráttur sem hér segir, vegna tekna ársins 1985, við álagningu 1986 (í millj. kr.).

	Fjöldi framt.	Fjárhæð v/1985	Áætluð fjárhæð fyrri hluta 1987
Sjómannafrádráttur	10 386	515 millj. kr.	800 millj. kr.
Farmanna- og fiskimannafrádráttur	10 239	638 millj. kr.	990 millj. kr.
		1 153 millj. kr.	1 790 millj. kr.

Við álagningu 1986 vegna tekna 1985 var sjómannafrádráttur 245 kr. á hvern dag sem maður taldist stunda sjómannsstörf. Fjöldi daga er því 515 millj./245 kr./dag eða 2,1 millj. daga.

Áætlaðar fjárhæðir sjómanna- og fiskimannafrádráttar eru framreiknaðar til verðlags á fyrri hluta árs 1987 og ættu því að jafngilda því verðlagi sem miðað er við í frumvarpinu um staðgreiðslukerfi skatta. Áætluð tekjubreyting milli áranna 1985 og 1986 er 35%. Sjómannafrádrátturinn er hækkaður um þá tölu sem samsvarar því að hann sé 330 kr. á dag við álagningu 1987 vegna tekna ársins 1986. Á sama hátt er farið með farmanna- og fiskimannafrádráttinn, þó svo að tekjubreyting sjómanna á fiskiskipum sé áætluð 37% milli áranna 1985 og 1986.

Áætlað er að tekjubreytingin frá 1986 til fyrri hluta árs 1987 sé um 15%.

Samkvæmt þessum forsendum ætti því sjómanna- og fiskimannafrádrátturinn að samsvara 1790 millj. kr. á verðlagi fyrri hluta árs 1987.

Sjómanna- og fiskimannafrádráttur kemur eingöngu til frádráttar við útreikning á tekjuskatti, en ekki við útreikning á útsvari eða öðrum sköttum svo sem sjúkratryggingagjaldi, sóknargjaldi og þess háttar.

Samkvæmt frumvarpinu um staðgreiðslukerfi skatta verður skattur til ríkisins 28,5% en inni í þeirri álagningartölu eru sjúkratryggingagjald, framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjald og kirkjugarðsgjald sem er um 1,5–2,5% af tekjum í staðgreiðslukerfinu. Tekjuskatturinn sjálfur er því um 26–27% af tekjum.

Miðað við staðgreiðsluna verður því beinn frádráttur frá tekjusköttum 1790 millj. kr. x 0,26 = 465,4 millj. kr. vegna sjómannaafsláttar, sé miðað við að hann kosti ríkið svipaða fjárhæð og hann gerir í núgildandi skattkerfi. Sjómannaafsláttur á dag er því 465,4 millj. kr./ 2,1 millj. daga eða um 222 kr./dag.

Ef miðað er við að tekjuskatturinn sé 27% af tekjum en ekki 26% þarf sjómannaafslátturinn að vera 230 kr. á dag.

Ed. 747. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, EgJ, VI).

1. Við 10. gr.
   a. Í stað „75%“ í A-lið komi: 80%.
   b. Í stað „150 kr.“ í B-lið komi: 200 kr.
2. Á eftir 13. gr. komi ný grein er orðist svo:
   a. Í stað „35%“ í fyrri mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 20%.
   b. Í stað „20%“ í síðari mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 13%.
3. 19. gr., er verður 20. gr., orðist svo:
   a. Á eftir 121. gr. laganna komi ný grein, 122. gr., er orðist svo: Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1988.
   b. 123. gr. laganna falli brott.
   c. 122. gr. laganna verði 123. gr.

4. Við ákvæði til bráðabirgða I.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Vaxtaafsláttur skv. 1. mgr. skal nema 30% af frádráttarbærum vöxtum þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni hvers manns. Sé um hjón að ræða skal framangreint hlutfall dragast frá samanlögðum tekjuskattsstofnum þeirra beggja. Frádráttarbærir vextir samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði geta aldrei verið hærri en 292 600 kr. hjá hverjum manni en 585 200 kr. hjá hjónum. Framangreind hámörk vaxtafrádráttar skulu hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr.
   b. Við síðari málsl. 4. mgr. bætist: þó þannig að honum skal ráðstafa til greiðslu á álögðum tekjuskatti 1988 sem ekki verður felld niður innheimta á, sbr. 2. gr. laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, síðan eignarskatti og öðrum þinggjöldum.

Sþ. 748. Tillaga til þingsályktunar [404. mál]

um undirritun og fullgildingu samnings um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða þeirra í Evrópu.

Flm.: Magdalena M. Sigurðardóttir, Haraldur Ólafsson, Guðrún Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa undirritun og fullgildingu samnings Evrópuráðsins, um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða þeirra í Evrópu, sem gerður var í Bern 19. september 1979.

Greinargerð.

Nú eru liðin rúm sjö ár síðan fyrstu Evrópuráðsríkin undirrituðu samning um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða þeirra í Evrópu, en það var á fundi umhverfismálaráðherra Evrópuráðsríkja í Bern 19. september 1979. Síðan hefur samþykktin verið kennd við borgina Bern.

Öll Evrópuráðsríkin nema Malta og Ísland hafa undirritað samninginn. Sextán þessara ríkja hafa fullgilt samninginn en Belgía, Frakkland og Kýpur hafa enn ekki gert það. Finnland, sem einungis er áheyrnaraðili að ráðinu en tekur virkan þátt í störfum þess, hefur fullgilt samþykktina, einnig Evrópubandalagið.

Ísland tók þátt í undirbúningi samþykktarinnar og menntamálaráðuneytið lét þýða hana á íslensku strax þegar hún var fullfrágengin og hefur sent hana stofnunum og ráðuneytum til umsagnar.

Þeir sem vinna að náttúru- og umhverfisverndarmálum hér á landi, svo sem Náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskólans, náttúruverndarþing, samtök og félög eins og Landvernd, náttúruverndarfélög, Hið íslenska náttúrufræðifélag og ýmsir fleiri, hafa unnið að því að Ísland undirriti og fullgildi Bernarsamþykktina.

Náttúru- og umhverfisverndarmál verða sífellt mikilvægari málaflokkar. Það getur því ekki verið heppilegt til lengdar að Íslendingar standi einir Norður-Evrópuríkja utan ýmissa fjölþjóðasamþykkta um náttúruverndar- og umhverfismál og séu jafnvel tortryggðir og vændir um óheilindi í þeim málum fyrir vikið.

Á það skal bent að við munum þurfa að gera fyrirvara vegna örfárra tegunda á skrá samþykktarinnar, eins og heimilt er og fleiri ríki hafa gert. En þess skal getið að Norðmenn,

sem fullgilt hafa Bernarsamþykktina, gerðu enga fyrirvara vegna þeirra hvalategunda sem þeir veiða því að þeir töldu ákvæði samþykktarinnar sjálfrar nægja, enda eru þessar tegundir ekki alfriðaðar samkvæmt samþykktinni og þær veiðiaðferðir, sem notaðar eru við hvalveiðar, heimilar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það tímabært að Íslendingar undirriti og fullgildi Bernarsamningana og leggja því til að ríkisstjórnin gangist fyrir því að Íslendingar fullgildi þennan samning Evrópuráðsins um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða þeirra í Evrópu.

Fylgiskjal.

Úr formála að Bernarsamþykktinni.

Þau ríki, sem undirrita samninginn, gera sér ljóst að villtar plöntur og dýr eru arfleifð náttúrunnar, fegurðarverðmæti með vísindalegt, menningarlegt og efnahagslegt gildi til nota fyrir tómstundaiðkun og með gildi í sjálfu sér sem nauðsyn ber til að halda við og afhenda komandi kynslóðum,

viðurkenna nauðsynlegt hlutverk villtra plantna og dýra til að viðhalda lífrænu jafnvægi í náttúrunni,

taka tillit til þess að stofn margra villtra dýra, plöntu- og dýrategunda minnkar ískyggilega og sumar þeirra eru í útrýmingarhættu,

gera sér grein fyrir því að verndun lífsvæða er snar þáttur í friðun og verndun villtra plantna og dýra,

viðurkenna að stjórnvöld þurfi að taka tillit til verndunar villtra plantna og dýra við stefnumörkun og áætlanagerð og að koma þurfi á fót alþjóðlegri samvinnu um verndun fartegunda sérstaklega,

hafa í huga fjölda tilmæla frá ríkisstjórnum eða alþjóðatofnunum um sameiginlegar aðgerðir, einkum þau tilmæli er fram komu á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins árið 1972 og á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins ...

Úr I. kafla. Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið þessa samnings er að vernda villtar plöntur og dýr og lífsvæði þeirra, einkum þær tegundir og þau lífsvæði þar sem verndun krefst samvinnu margra ríkja, og að efla slíka samvinnu.

Sérstök áhersla er lögð á tegundir sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar, þar á meðal fartegundir sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar.

2. gr.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda eða koma fjölda villtra plantna og dýra á það stig sem samsvarar einkum vistfræðilegum, vísindalegum og menningarlegum þörfum en tekið sé mið af efnahagsþörfum og tómstundaiðkun og þörfum deilitegunda, afbrigða eða gerða sem hætt eru komin á einstökum stöðum.

3. gr.

Sérhver samningsaðili skal gera ráðstafanir til að efla heildarstefnu síns lands varðandi verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða með sérstöku tilliti til tegunda sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar, einkum einlendra, og lífsvæða sem eru í hættu, í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Sérhver samningsaðili skal taka tillit til verndunar villtra plantna og dýra við áætlanagerð og stefnumótun og við mengunarvarnir.

Hver samningsaðili um sig skal efla fræðslu og dreifa almennum upplýsingum um nauðsyn þess að vernda villtar plöntu- og dýrategundir og lífsvæði þeirra.

Ed. 749. Frumvarp til laga [405. mál]

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip, sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna.

Lögin gilda enn fremur um erlend skip, sem íslenskir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenskri áhöfn.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og tækja og hvernig því eftirliti skuli haga.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far, þar með talin svifskip, skíðaskip og önnur skip sérstakrar gerðar, nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af ráðherra.
4. Fiskiskip er skip sem skráð er sem fiskiskip, og notað til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
5. Farþegaskip er hvert það skip sem skráð er sem farþegaskip og ætlað er að flytja farþega.
6. Farþegar eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipverjar og þeir sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika.
7. Opið skip er hvert það fljótandi far sem ekki er varið ágangi sjávar með þilfari stafna á milli yfir sjólínu.

II. KAFLI

Haffæri skipa.

3. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru hvenær sem því er lagt úr höfn.

4. gr.

Skip skal telja óhaffært:

1. Ef gilt haffærisskírteini eða skoðunarvottorð er ekki sýnt þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða löggæslumönnum.

2. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.
3. Ef bol þess, búnaði, vélum eða tækjum eða mönnun er áfátt eða það er af öðrum ástæðum svo á sig komið að telja verður að það sé eigi öruggt til siglingar vegna sjóferða þeirra er skipið skal fara.

5. gr.

Ef skip hefur tekið grunn, orðið fyrir árekstri eða annað að borið svo ætla má að skip hafi laskast og sé óhaffært, er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framkvæma þá skoðun.

Ef svo ber við að ekki verður náð til starfsmanna Siglingamálastofnunar þar sem skip er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur fulltrúum annarra skipverja framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af öllum er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því sem bókað var skal þá þegar sent Siglingamálastofnun og ákveður hún svo fljótt sem verða má hvort ný skoðun skuli fara fram.

Ef skip skal flytja óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis þeirra manna sem skipinu fylgja.

III. KAFLI

Framkvæmd eftirlits.

6. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglugerða um öryggi skipa. Í því skyni skal stofnunin m.a. skoða skip, hvar sem er á landinu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Ef vafi leikur á því að skip sé haffært samkvæmt lögum þessum skal það svipt haffærisskírteini til bráðabirgða þar til úr er bætt skv. 15. gr.

7. gr.

Verði starfsmenn Siglingamálstofnunar ríkisins, löggæslumenn, hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar varir við að lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim séu brotin eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir skv. 6. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera forstjóra fyrirtækisins aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til viðkomandi umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar.

IV. KAFLI

Skoðun skipa.

8. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: Aðalskoðun og aukaskoðun.

9. gr.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálstjóra.

10. gr.

Aðalskoðun skal gera á sérhverju skipi ár hvert.

11. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allan búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunarskírteini skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

12. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að skip er haffært skal siglingamálastjóri eða starfsmaður stofnunarinnar, sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra, gefa því haffærisskírteini.

13. gr.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða notkunar skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, gildistími og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærisskírteinis á tímabilinu.

Siglingamálastofnun ríkisins getur veitt heimild til frestunar aðalskoðunar um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en þrjá mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla að skip sé ekki haffært. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Haffærisskírteini eða skoðunarvottorð skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, greiðslu tryggingariðgjalds skips, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða lögreglunni.

Þegar gildistími haffærisskírteinis eða skoðunarvottorðs er á enda, skal eigandi skips, útgerðarmaður eða skipstjóri færa skipið til skoðunar samkvæmt lögum þessum. Sé skip í notkun án þess að hafa fullgilt haffærisskírteini skal setja farbann á skipið skv. 26. gr.

14.gr.

Aukaskoðun skal gera á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar.
2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, einstakir skipverjar eða stjórn stéttarfélags þeirra krefst skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eru bundnir þagnarheiti um hver kært hefur, nema kæran hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn kæranda ef útgerðarmaður krefst þess.
3. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

15. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er.

Telji starfsmenn Siglingamálastofnunar eigi öruggt að skip sé í förum skal svipta skipið haffærisskírteini og tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni að skipið hafið eigi rétt til að vera í förum fyrr en úr ágöllum er bætt og tilgreindar ástæður sviptingarinnar.

Ef ágallar eru þannig að haffæri skips er óskert og eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta. Skrá skal í eftirlitsbók skips hverju áfátt er, ástæður frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur skv. 3. mgr. er liðinn skal Siglingamálastofnun ganga úr skugga um að bætt hafi verið úr ágöllum. Hafi það eigi verið gert ákveður hann hvort frestur skuli framlengdur eða skipstjóri eða útgerðarmaður skuli sóttir til saka.

16. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist skv. 2. tölul. 14. gr. eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 30. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um hvort Siglingamálastofnun skuli framkvæma skoðun eða yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn er fullnægja skilyrðum þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki breytt ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með drengskaparheiti ef krafist er af einhverjum þeim er hlut á að máli.

V. KAFLI

Gerð og búnaður skipa. Smíði, innflutningur og breytingar.

17. gr.

Skip skal að jafnaði fullægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Bolur, reiði og vélar.

1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skulu vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal vera nægilega stöðugt svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.–4. tölul., að jafnaði talið fullnægt ef skip fullnægir þeim kröfum, sem flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma að slíkt skip nái 1. flokki þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum sem nauðsynleg eru til þess að því verði örugglega siglt.

C. Eldvarnir.

Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa, og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til varnar eldi.

D. Björgunar- og öryggisbúnaður.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum sem komið skal fyrir á hentugum stöðum.
2. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips eða búnaðar, skulu vera í því horfi að menn, sem dvelja á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.
3. Farþegaskip skal auk þess vera þannig búið að því er snertir öryggi mannslífa að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra sem það er notað til.

E. Vistarverur og vinnurými.

1. Vistarverur farþega og skipverja, vinnurými skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð, um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hávaðamörk, hreinlætistæki og viðhald, svo og önnur atriði sem stuðlað geta að vinnuvernd.
2. Í reglugerð, sem sett er af ráðherra að fengnu áliti landlæknis, skal kveða á um búnað skips af lyfjum og hjúkrunargögnum.

F. Fjarskiptatæki.

Öll skip skulu búin fullnægjandi fjarskiptabúnaði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Búnaður þessi er háður eftirliti Póst- og símamálastofnunar. Að lokinni skoðun búnaðarins tilkynnir Póst- og símamálastofnun Siglingamálastofnun ríkisins árangur skoðunar á honum og annað varðandi hann sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.

Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð þeirra, sem skoðun hafa annast um framkvæmd skoðunar ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið sem krafist kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt sem siglingamálastjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á farþegaskipi skal vera auglýst á áberandi stað til hvers konar flutninga skip sé ætlað og hámark farþegafjölda.

18. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um gerð og búnað skipa og véla að fengnu áliti siglingamálastjóra.

Sérreglur skulu settar um aðbúnað og öryggi skipa sem ekki eru farþegaskip en flytja annað fólk en skipverja.

19. gr.

Um nýsmíði skipa fer eftir reglum sem ráðherra setur og þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips skal senda Siglingamálastofnun ríkisins tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og

uppdráttum þeim sem siglingamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þríriti.

Séu skip smíðuð erlendis fyrir innlenda aðila skal væntanlegur eigandi sjá um að tilkynning og umrædd gögn berist Siglingamálastofnun.

Eigendum skipa, skipasmiðum eða siglingamálastjóra er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra að því leyti sem þær gilda hér á landi.

Við lokaúttekt nýsmíði skal aðalskoðun skips fara fram.

20. gr.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipum, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Allar breytingar sem varða öryggi skips og áhafnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

21. gr.

Skip, sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja í einu og öllu íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.

Eigi má flytja inn skip sem er 12 ára eða eldra.

Skoðun skal fara fram á skipi áður en það er keypt eða leigt.

Siglingamálastjóri lætur framkvæma skoðun þessa og má hann fela hæfri stofnun eða einstaklingi skoðunina.

Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips að það fullnægi kröfum ákvæðis þessa um aldur, gerð og búnað.

VI. KAFLI

Um hleðslu skipa og frágang farms.

22. gr.

Þau íslensk skip, sem gildandi alþjóðleg hleðslumerkjasamþykkt nær til, skulu hafa alþjóða hleðslumerkjaskírteini.

Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra íslenskra skipa.

Siglingamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri er um ræðir í 1. mgr. og reglum er ráðherra setur.

23. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa.

Á skip, sem eru 15 metrar eða lengri að mestri lengd, skal marka beggja megin að framan og aftan hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

Siglingamálastjóri getur ákveðið að djúpristumörk skuli sett á skip þótt minna sé en að framan greinir og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

24. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða löggæslunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnvöldum í ríki sem er aðili að gildandi alþjóðasamþykkt um hleðslumerki eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur siglingmálastjóri veitt því íslenskt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

25. gr.

Um fermingu, flutning og affermingu farms, að öðru leyti, setur ráðherra reglur.

Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

VII. KAFLI

Um farbann.

26. gr.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta hindrað för skips skv. 15. gr. uns úrlausn er fengin.

Sé skipi lagt úr höfn án þess að hafa gilt haffærisskírteini eða leiki rökstuddur grunur á að það standi til eða skip er annars óhaffært á ferð skal viðkomandi umdæmisstjóri leggja farbann á skipið.

Ef umdæmisstjóri hefur lagt farbann á skip skal það þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda siglingamálastjóra og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum svo og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum hverjum á sínu sviði að veita fulltingi sitt til þess að banni verði framfylgt.

27. gr.

Siglingamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji siglingamálastjóri gögn skorta sér hann um að þeirra verði aflað.

28. gr.

Skipstjóri eða útgerðarmaður getur kært farbann fyrir siglingadómi.

VIII. KAFLI

Siglingadómur.

29. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Dómsmálaráðherra skipar tólf meðdómendur og sex varameðdómendur alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á dísilskipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn eða loftskeytamenn síðast liðin fimm ár.

4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra sem tilnefndir hafa verið og annar sjómannanna (sbr. 3. tölul.).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda og gildir sú kvaðning þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

30. gr.

Verkefni siglingadóms eru:

1. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn eins og nánar greinir í 16. gr.
2. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 28. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum ef saksóknari telur mál sérstaklega mikilvæg. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms, getur hann farið með rannsókn í því hvort heldur af sjálfsdáðum eða að beiðni saksóknara.

Um refsimál sem höfðað er fyrir siglingadómi fer að hætti opinberra mála, þó þannig að mál skal jafnan sæta sókn og vörn.

31. gr.

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af brotum á lögum þessum skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Siglingamálastofnun í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af brotum á lögum þessum.

32. gr.

Málum sem höfðuð eru skv. 16. gr eða 28. gr. laga þessara skal beint gegn siglingamálastjóra. Þeim skal hraða svo sem kostur er. Sérstaklega skal hraða máli þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

33. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

Skrifstofukostnaður siglingadóms, ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld greiðast eftir reikningi er dómsmálaráðherra úrskurðar.

IX. KAFLI

Gjöld.

34. gr.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að halda eftir haffærisskírteini að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

35. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt getur hann leitað til siglingamálastjóra sem úrskurðar um gjaldtöku. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því er honum varð kunnugt um úrskurðinn skotið honum til dómstóla.

Siglingamálastjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI

Um refsingar, sviptingu réttinda o.fl.

36. gr.

Ef eigandi skips, skipasmíðastöð, verkstæði, skipstjóri eða annar yfirmaður skips brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varðar það sektum eða varðhaldi.

37. gr.

Um brot skv. 36. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

38. gr.

Þegar um brot er að ræða skv. 36. gr. má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu í sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

39. gr.

Svipting réttinda skv. 38. gr. skal gerð með dómi. Sá er réttindum hefur verið sviptur skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

40. gr.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá því að réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími sem tilgreindur er í dóminum sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda skv. 1. mgr. er þó því aðeins heimil að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

41. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

42. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

XI. KAFLI

Um gildistöku laganna o.fl.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 52 12. maí 1970, ásamt síðari breytingum, svo og önnur þau ákvæði sem eigi fá samrýmst lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Íslensk löggjöf um opinbert eftirlit með skipum er rúmlega áttatíu ára gömul og skal hér greint frá helstu breytingum sem hún hefur tekið í tímans rás.

1. Fyrstu ákvæði um eftirlit með öryggi í siglingum voru sett hér á landi með lögum nr. 25/1903, um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskveiða eða vöruflutninga. Var eigendum slíkra skipa gert skylt að láta skoða skip af tveimur skoðunarmönnum áður en það hæfi fyrstu ferð sína á almanaksárinu.
2. Með lögum nr. 29/1912 var gert skylt að láta skoða í ársbyrjun öll lögskráningarskyld skip ef þau voru gerð út til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða hér við land.
3. Ný heildarlög voru sett 1922, lög nr. 37/1922. Með þeim var atvinnumálaráðuneyti falin yfirstjórn þessara mála sem áður höfðu lotið stjórn lögreglustjóra. Landinu var skipt í skipaskoðunarumdæmi og komst eftirlitið því í mun fastari skorður. Auk skráningarskyldra skipa átti skoðun nú að fara fram á öllum vélbátum og fjórrónum róðrarbátum eða stærri ef þeir voru gerðir út til fiskveiða.
4. Embætti skipaskoðunarstjóra ríkisins var sett á stofn með lögum nr. 58/1929.
5. Með lögum nr. 93/1935 voru gerð skoðunarskyld öll skip og bátar sem eru 6 metrar að lengd eða stærri. Hefur það haldist síðan. Enn fremur var skipaskoðunarstjóra falið að gefa út hleðslumerkjaskírteini og öryggisskírteini.
6. Helstu nýmæli laga nr. 78/1938 voru þau að ráðherra skyldi skipa sérstaka skipaeftirlitsmenn einn í hverjum landsfjórðungi.
7. Í lögum nr. 68/1947 voru ýmis þýðingarmikil nýmæli. Samkvæmt þeim var landinu skipt í fimm tiltekin eftirlitssvæði. Árleg aðalskoðun var nú látin ná til fleiri skipa en fyrr hafði verið. Skipaskoðuninni voru fengin ný verkefni, m.a. eftirlit með nýsmíði skipa. Siglingadómur var settur á stofn og ákvæði sett um hlutverk hans og störf.
8. Breyting var gerð á lögunum frá 1947 með lögum nr. 38/1959 þar sem ákveðið var að aðalskoðun skuli fram fara árlega á hverju eftirlitsskyldu skipi. Auk þess voru gerðar nokkrar breytingar á gjaldakafla laganna. Breytingar þessar voru felldar inn í lögin frá 1947 og lögin gefin út að nýju sem lög nr. 50/1959.
9. Gildandi lög um eftirlit með skipum eru nr. 52 12. maí 1970, en á þeim hafa verið gerðar nokkrar breytingar.

Með þeim lögum voru numin brott ýmis ákvæði eldri laga sem vörðuðu skipulag Siglingamálastofnunar, hlutverk hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði. Jafnframt voru sett sérstök lög um Siglingamálastofnun ríkisins, lög nr. 51/1970. Útgáfa haffærisskírteina var færð frá lögreglustjóra (tollstjóra) til siglingamálastjóra og þar til bærra starfsmanna hans. Ýmsar breytingar voru og gerðar á hlutverki siglingadóms.

Ákvæðum l. nr. 52/1970 um sjópróf (sjóferðapróf) var breytt með l. nr. 34/1981, og með lögum nr. 18/1986 var fellt niður ákvæði laganna um Rannsóknarnefnd sjóslysa.

II.

Með frumvarpi þessu er leitast við að færa lagaákvæði um eftirlit með skipum til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau eru einfölduð. Í því skyni eru allmörg ákvæði felld niður, sem betur eiga heima í reglugerðum, orðalagi og efnisskipan einstakra greina er breytt. Jafnframt er í frumvarpinu leitast við að skýra ýmis atriði með það fyrir augum að auðvelda framkvæmd þeirra og draga úr réttaróvissu.

Helstu efnisbreytingar frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

1. Með nýjum lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, l. nr. 20/1986, varð töluverð skipulagsbreyting á starfsemi stofnunarinnar. Samkvæmt þeim skulu stofnaðar umdæmisskrifstofur á fimm stöðum utan Reykjavíkur og verður ráðinn umdæmisstjóri í hverju umdæmi. Taka ákvæði þessa frumvarps m.a. mið af breytingu þessari.
2. Að tillögu nefndar þeirrar er samdi siglinga- og sjómannalög er ákvæði 40. gr. gildandi laga um sjóferðapróf felld niður.
3. Ákvæðum um farbann er breytt og skýrt kveðið á hvenær leggja skal farbann á skip. Verður farbann ekki lagt á skip, nema því sé lagt úr höfn án haffærisskírteinis, rökstuddur grunur leiki á að því eigi að sigla í slíku ástandi eða skip sé annars óhaffært á ferð.
4. Ákvæði um ábyrgð skipasmíðastöðva, vélsmiðja og eigenda skipa vegna breytinga á skipum og skil á teikningum og stöðugleikaútreikningi til Siglingamálastofnunar eru hert.
5. Ákvæði um útgáfu og gildistíma haffærisskírteina eru að mestu óbreytt, en heimild til framlengingar þeirra er eingöngu bundin við frestun aðalskoðunar skips um tiltekinn tíma og í sérstökum tilvikum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

1. gr. gildandi laga fjallar um orðskýringar. Hér er lagt til að felldar verði niður 6.,7. og 10. tölul. 1. gr. laganna. Orðskýringar eru að öðru leyti efnislega óbreyttar, en orðalagsbreytingar nokkrar.

Um 3. gr.

Samkvæmt 5. gr. gildandi laga hvílir skylda á þar tilgreindum aðilum til að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram og því sé haldið haffæru hvort sem skip er statt í höfn eða á hafi úti.

Hér er lagt til að þessari skyldu sé framfylgt hvenær sem skipi er lagt úr höfn.

Oft liggja skip í höfnum langtímum saman vegna viðgerða, vélaskipta eða annarra breytinga og er útilokað að skip geti verið haffær á meðan slíkt fer fram.

Um 4. gr.

Um 1. tölul.

Samkvæmt a-lið 4. gr. gildandi laga er krafist framlagningar hleðslumerkjaskírteinis og öryggisskírteinis auk haffærisskírteinis, en þar sem haffærisskírteini er ekki útgefið nema þessi atriði séu í samræmi við lög og reglur er nægjanlegt að krefjast framlagningar þess.

Um 2. tölul.

Óbreytt frá b-lið 4. gr. gildandi laga.

Um 3. tölul.

C-liður 4. gr. gildandi laga er svohljóðandi:

„Ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar."

Þó að þetta séu allt atriði sem skoða þarf þegar haffæri skips er kannað er ekki ástæða til að telja þau öll upp í lagaákvæðinu, enda er hvort eð er ekki um að ræða tæmandi talningu á atriðum sem leitt geta til óhaffærni.

Um 5. gr.

Samkvæmt 6. gr. gildandi laga skal, þegar skip laskast, skoðun framkvæmd af sérfróðum mönnum, sem siglingadómur kveður til, ef skoðunarmenn Siglingamálastofnunar geta ekki annast hana án verulegrar tafar.

Þar sem starfsmenn Siglingamálastofnunar eru sérfróðir og hafa nú fast aðsetur um allt land (sbr. almennar athugasemdir) er ekki lengur talin þörf fyrir slíkt ákvæði í lögunum.

4. mgr. er nýmæli sem þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga, en samkvæmt henni hvílir þetta eftirlit á eftirlitsmönnum Siglingamálastofnunar.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga, þó þannig að í stað eftirlitsmanns kemur umdæmisstjóri (sbr. almennar athugasemdir).

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr. gildandi laga, en þar er rætt um skipaskoðunarmenn.

Samkvæmt 2. mgr. gildandi laga skal eftirlitsmaður í ákveðnum tilvikum kveða til aðstoðar sérfróðan mann/menn, en með vísun til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins er slíkt ákvæði óþarft.

Um 10. gr.

Um aðalskoðun er nú fjallað í 14. gr. gildandi laga og er þar upp talið hvenær aðalskoðun skuli fram fara.

Þessi breyting er gerð til einföldunar. Meginreglan er sú að aðalskoðun skuli gera árlega. Hér skal þó bent á 18. og 19. gr. frumvarpsins, sem fjallar um aðalskoðun við lokaúttekt nýsmíði, og enn fremur skal aðalskoðun fara fram við úttekt á skipi að lokinni meiri háttar breytingu og við innflutning skips.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 15. gr. gildandi laga segir:

„Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi þess.“

Þó að þessi atriði séu allt atriði, sem athuga ber við aðalskoðun, telst upptalningin ónauðsynleg og getur beinlínis verið villandi þar sem hún er ekki tæmandi. Enn fremur eru þessi atriði öll nánar tilgreind í reglum um smíði og búnað íslenskra skipa, sbr. 18. gr.

2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 15. gr. en þó einfölduð.

Um 12. gr.

Greinin svarar til 2. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. 16. gr. laganna eru all ítarleg ákvæði um þær boðleiðir sem skýrsla um skoðun á að fara innan Siglingamálastofnunar. Þykja slík ákvæði ekki eiga heima í lögum.

Um 13. gr.

Í 17. gr. gildandi laga er veitt heimild til að framlengja gildistíma skírteinis, en í 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er þessari heimild breytt í heimild til frestunar aðalskoðunar, enda sé eigi ástæða til að ætla að skip sé óhaffært. Við er bætt að siglingamálastjóra sé heimilt að fela öðrum opinberum aðila slíka framlengingu. Nær það m.a. til fulltrúa í utanríkisþjónustu Íslands erlendis. Þessi háttur hefur verið á hafður um langa hríð.

5. mgr. er nýmæli. Er heimild til farbanns samkvæmt ákvæðinu bundin við það að skip sé í notkun.

Um 14. gr.

Um aukaskoðun er fjallað í 18. gr. gildandi laga. Samkvæmt a-lið þeirrar greinar skal aukaskoðun fara fram þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en hér er lagt til að aukaskoðun fari fram að lokinni viðgerð án tillits til umfangs hennar.

Samkvæmt 2. tölul. geta einstakir skipverjar krafist skoðunar, en samkvæmt gildandi lögum er krafist meiri hluta skipshafnar.

Í 2. mgr. 18. gr. gildandi laga er svohljóðandi ákvæði:

„Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafist samkvæmt b-lið þessarar greinar (2. tölul. frumvarpsins, innsk.), má skjóta málinu til siglingamálastjóra“.

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins annast starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins alla skoðun samkvæmt lögunum. Siglingamálastjóri er æðsti maður stofnunarinnar og annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem henni eru falin. Heimild til að kæra til hans ákvarðanir undirmanna þarf því almennt ekki að tiltaka í lögum.

Um 15. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er lagt til að skip sé svipt haffærisskírteini, ef eigi er talið öruggt að skip sé í förum. Ef skipi er lagt úr höfn án þess að hafa gilt haffærisskírteini má leggja farbann á skipið samkvæmt 26.gr. Bera má úrskurð um farbann undir siglingadóm samkvæmt 30.gr.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 21. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Í greininni eru talin þau skilyrði sem skip þurfa að uppfylla varðandi gerð og búnað. Hér eru einungis taldir höfuðflokkar, en nánari fyrirmæli um einstök atriði verða sett í reglugerð.

Greinin er að mestu leyti efnislega samhljóða 22. gr. gildandi laga. Þó eru nokkrar breytingar sem leiða af þeim breytingum sem orðið hafa eða vænta má á gerð og búnaði skipa. Má þar nefna F-lið, sem fjallar um fjarskiptabúnað. Fjarskiptabúnaður skipa hefur tekið miklum breytingum og má vænta enn frekari breytinga á næstu árum.

Sérákvæði gildandi laga, 23.–25.gr., um farþegaskip eru felld niður. Þau atriði sem ástæða er til að hafa í lögum eru tilgreind í 17. gr., sem gildir um öll skip, þar með talin farþegaskip. Enn fremur má benda á ákvæði ýmissa alþjóðasamninga, sem Íslands hefur fullgilt, sem hafa að geyma ítarleg ákvæði um búnað farþegaskipa og gilda um farþegaskip í alþjóðaflutningum.

Um 18. gr.

Í samræmi við athugasemdir með 17. gr. setur ráðherra nánari reglur um gerð og búnað skipa, enda er þá auðveldara að breyta þeim í samræmi við almenna þróun í þessum málum. Greinin er efnislega samhljóða 28. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. tölul. 26. gr. gildandi laga. Hins vegar eru hér felld niður ítarleg ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

3. mgr. er nýmæli. Nefnd, sem samgönguráðherra skipaði til að fjalla m.a. um hvernig herða mætti ábyrgð skipasmíðastöðva, vélsmiðja og eigenda skipa, lagði til að þetta ákvæði yrði tekið í lög um eftirlit með skipum til að tryggja skil á teikningum og öðrum gögnum til Siglingamálastofnunar vegna skipa sem smíðuð eru erlendis fyrir innlenda aðila.

Samkvæmt 5. mgr. skal aðalskoðun skips fara fram við lokaúttekt nýsmíði. Um aðalskoðun nýsmíði er fjallað í a- og b-liðum 14. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða B-lið 26. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin er að mestu samhljóða C-lið 26. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er þó bætt inn skipum sem leigð eru frá útlöndum til skráningar hér á landi. Með nýlegum lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985 var í fyrsta sinn heimiluð íslensk skráning erlendra skipa sem íslensk útgerð rekur samkvæmt leigusamningi. Er breytingin í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 29. gr. gildandi laga en tilvísun í ákveðna hleðslumerkjasamþykkt er sleppt. Þess í stað er vísað til gildandi hleðslumerkjasamþykktar. Alþjóðasamþykkt um hleðslumerki var undirrituð í London 5. apríl 1966, en öðlaðist alþjóðlegt gildi 21. júlí 1968. Á Íslandi öðlaðist hún gildi 24. september 1970, sbr. auglýsingu nr. 19/1970.

Í 2. mgr. er ákveðið, að ráðherra setji reglur um hleðslu skipa sem samþykktin tekur ekki til. Í því sambandi skal þess getið að samþykktin nær ekki til fiskiskipa, en í henni er tekið fram að Alþjóðasiglingamálastofnunin skuli láta fram fara athugun á lágmarksfríborði fyrir fiskiskip til undirbúnings að setningu alþjóðlegra ákvæða um lágmarksfríborð fyrir fiskiskip.

Um 23. gr.

Greinin svarar að mestu til 30. og 31. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin er að mestu óbreytt 32. gr. gildandi lögum, þó er vísað til gildandi hleðslumerkjasamþykktar, sbr. athugasemdir með 22. gr.

Um 25. gr.

Greinin er óbreytt 33. gr. laganna og þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

Samkvæmt 1. mgr., sbr. 15. gr., má svipta skip haffærisskírteini og þar með hindra för skips ef ekki er öruggt að skip sé í förum.

Farbann skv. 2. mgr. er bundið því skilyrði að skipi sé lagt úr höfn eða rökstuddur grunur leiki á að það standi til. Er hér mun fastar að orði kveðið en í gildandi lögum, enda verður ásetningur skipstjóra að ná til þess að sigla skipinu.

3. mgr. svarar til 2. mgr. 35. gr. gildandi laga. Hér er lagt til að starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands sé skýrt frá farbanni sem er breyting frá lögunum.

Um 27. gr.

Farbann skv. 26. gr. frumvarpsins leggja umdæmisstjórar á. Hins vegar getur siglingamálastjóri fellt það úr gildi ef hann telur það eigi á rökum reist. Er þetta í samræmi við 36. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin er óbreytt og þarfnast ekki skýringar.

Um 29. gr.

Greinin svarar til 38. gr. laganna um skipun siglingadóms og þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Hér er lýst verkefni siglingadóms og lagt til að það verði óbreytt frá gildandi lögum. Með þeim lögum voru gerðar ýmsar breytingar á hlutverki dómsins og er ekki þörf á frekari breytingum.

Um 31. gr.

Umsögn siglingamálastjóra um mál út af brotum á lögunum er mjög mikilvæg út frá faglegu og tæknilegu sjónarmiði og þykir því rétt að saksóknara sé gert skylt að senda mál til umsagnar hans eins og í gildandi lögum. Önnur mgr. var nýmæli í l. nr. 52/1970.

Um 32. gr.

Greinin svarar til 43. gr. laganna.

Um 33. gr.

Ákvæði um laun dómenda í siglingadómi og kostnað af starfsemi dómsins eru í 44. gr. laganna og eru tekin óbreytt hér upp.

Um IX. kafla.

Gjaldaákvæði 45. og 46. gr. laganna eru tekin hér að mestu óbreytt í 34. og 35. gr. laganna. Þriðja mgr. 34. gr. er nýmæli sem heimilar Siglingamálastofnun ríkisins að halda eftir haffærisskírteini að lokinni skoðun ef gjöld eru ekki greidd. Þar með er för skips bönnuð, og ætti það að knýja á um innheimtu þessara gjalda.

Um X. kafla.

Refsiákvæði laganna eru töluvert einfölduð.

Um 36. gr.

Heimild 47. gr. gildandi laga til fangelsisrefsingar er hér lögð niður og enn fremur ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar um lágmarksrefsingu til handa óhaffærum skipum á ferð. Þar sem farbann verður samkvæmt frumvarpinu ekki lagt á, nema skip sé eða ætli á siglingu, er slíkt ákvæði óþarft.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 38. gr.

Fyrirmæli laganna um réttindasviptingu eru tekin óbreytt hér upp og þarfnast ekki skýringar.

Um 39. gr.

Greinin svarar til 51. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Tíminn, sem líða þarf frá því að réttindasvipting er dæmd þar til endurveiting réttinda er heimil, er styttur úr þremur árum í tvö ár. Er það gert til samræmis við 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985 og 77. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985. Í samræmi við tilgreind lög er heimild til endurveitingar færð úr höndum dómsmálaráðherra til samgönguráðherra.

Um 41. og 42. gr.

Greinarnar eru óbreyttar og þarfnast ekki skýringa.

Um XI. kafla.

Ákvæði kaflans þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 750. Skýrsla [406. mál]

iðnaðarráðherra um stöðu samninga RTZ Metals um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. INNGANGUR

Árið 1982 voru samþykkt á Alþingi lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur. Með vísan til framangreindra laga var Kísilmálmvinnslan hf. stofnuð 4. júní 1982. Meginverkefni stjórnar félagsins var í upphafi að kanna nánar allar forsendur og áætlanir um byggingu og rekstur verksmiðjunnar og skyldi hún leggja skýrslu um athuganir sínar fyrir Alþingi áður en heimilt yrði að hefja framkvæmdir. Stjórnin lauk skýrslu sinni í janúar 1983 og voru niðurstöður hennar að á grundvelli athugana sinna taldi hún að:

- Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu.
- Stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986–1988 en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986.
- Ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum.

- Auka þurfi hlutafé félagsins.
- Verð raforku til Kísilmálmvinnslunnar skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.
- Vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda eða erlenda.

Í mars 1983 lagði þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. fyrir Alþingi ásamt þingsályktunartillögu til staðfestingar á niðurstöðum hennar. Þingsályktunartillagan hlaut ekki afgreiðslu á því þingi.

Í maí 1983 ákvað þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni hf. á Reyðarfirði. Var þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason, fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar, og Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóra að þeir störfuðu með undirnefnd stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísl. Gunnarssyni, formanni stóriðjunefndar, og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá komu hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísl. Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr stóriðjunefnd, Geir H. Haarde og Axel Gíslason samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. í viðræðunefnd til að hafa með höndum samningaumleitanir við aðila er áhuga hefðu á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar var Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar hf.

Fyrri hluta ársins 1985 var einkum rætt við norska fyrirtækið Elkem, bandaríska fyrirtækið Dow Corning og austurríska fyrirtækið Voest Alpine án þess að jákvæð niðurstaða fengist. Á miðju ári voru teknar upp að nýju könnunarviðræður við breska fyrirtækið RTZ Metals í Bristol, en rætt hafði verið við það fyrirtæki síðari hluta árs 1984. Niðurstöður þeirra viðræðna urðu þær að síðari hluta desembermánaðar ákvað fyrirtækið að taka upp formlegar viðræður við íslensk stjórnvöld um hugsanlega eignaraðild að Kísilmálmvinnslunni hf.

Í janúar 1986 skipaði Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra þá Axel Gíslason, Birgi Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Guðmund G. Þórarinsson og Halldór J. Kristjánsson í nefnd til þess að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Formaður nefndarinnar er Birgir Ísl. Gunnarsson. Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri og Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.

Viðræður við RTZ Metals hófust með formlegum hætti með fundi í janúar 1986 í Bristol og voru tólf viðræðufundir haldnir á árinu 1986. Hafa viðræðurnar gengið vel þannig að fyrir liggur að ganga megi frá endanlegum samningum milli aðila með skömmum fyrirvara. Hins vegar hafa ytri aðstæður þróast verkefninu mjög í óhag, svo sem gerð er grein fyrir í 7. kafla hér á eftir. Hefur það valdið drætti á ákvörðunum um málið.

2. RIO TINTO ZINC CORPORATION PLC (RTZ)

2.1 Almennt um RTZ.

RTZ er breskt fjölþjóðafyrirtæki sem var stofnað 1962 með samruna bresku fyrirtækjanna Rio Tinto Company og Consolidated Zinc Group. Fyrirtækið er eitt stærsta og

öflugasta námufyrirtæki í heiminum með námu- og málmvinnslu víðs vegar um heim. Fyrirtækið á einnig aðild að úrvinnslu málma, verkfræðiþjónustu, framleiðslu byggingarefna, efnavinnslu og öflun hráefna til orkuvinnslu (kol, olía, gas og úran). Starfsemi RTZ má skipta í þrjú aðalstarfssvið, en 1985 var vægi þeirra eftirfarandi:

a. Námu- og málmvinnsla og var hlutur hennar 21% af hreinum hagnaði RTZ.
b. Iðnaðarstarfsemi, aðallega í Bretlandi og Norður-Ameríku, sem lagði til 48% af hreinum hagnaði RTZ.
c. Vinnsla hráefna til orkuvinnslu sem lagði til 31% af hreinum hagnaði.

Starfsemi RTZ á þessum sviðum er, að hluta til vegna kröfu viðkomandi ríkja, rekin í formi dótturfyrirtækja eða samstarfsfyrirtækja. Mörg hver hafa verulega innlenda eignaraðild, annaðhvort einkafyrirtækja eða ríkisstjórna. Í þessu sambandi má geta þess að það hefur verið stefna RTZ að rekstrarleg stjórnun sé sjálfstæð og á ábyrgð hinna einstöku fyrirtækja, en fjárfestingarákvarðanir séu miðstýrðar í höndum móðurfyrirtækisins.

Fyrirtækið starfar í flestum heimshlutum og skiptist veltan á árinu 1985 þannig á milli svæða:

	% af heildarveltu
Ástralía og Nýja-Sjáland	29.1
Bretland	25.6
Bandaríkin	20.0
Kanada	11.8
Afríka	5.8
Önnur svæði	7.7

2.2 Fjárhagsstaða RTZ.

Hlutabréf RTZ eru skráð á verðbréfamarkaðnum í London og er fyrirtækið því háð almennum reglum verðbréfamarkaðarins um starfsemi þess, m.a. varðandi reikningsskil, gerð ársreikninga og almenna upplýsingagjöf.

Fyrirtækið er almenningshlutafélag með um 90 000 hluthafa og á enginn einn hluthafi meira en 5% af heildarhlutafé RTZ.

Til fróðleiks um fjárhagsstöðu RTZ skulu hér birtar niðurstöðutölur rekstrar- og efnahagsreikninga fyrirtækisins 1984 og 1985:

Rekstrarreikningur (millj. punda)	**1985**	**1984**
Velta	5 311	5 949
Hagnaður fyrir skatta	717	676
Fjármagn úr rekstri	976	1 023
Tekjur á almennan hlut	76.14p	69.59p
Greiddur arður á almennan hlut	22.00p	20.00p

Efnahagsreikningur (millj. punda)

Eignir í rekstri	**1985**	**1984**
Fastafjármunir	4 270	5 249
Hreinir veltufjármunir	1 132	1 550
Eignir samtals	5 402	6 799

Skuldir og eigið fé	**1985**	**1984**
Langtímaskuldir	1 916	2 188
Aðrar skuldir og skuldbindingar	460	642
Hlutdeild minnihlutaaðila í dótturfyrirt.	1 269	1 789
	3 645	4 619

Nafnverð innborgaðs hlutafjár		88	88
Gengisauki hlutafjár		298	298
Varasjóður		1 371	1 794
	1 757	2 180	
Skuldir og eigið fé samtals		5 402	6 799

Félagið stendur því mjög sterkt fjárhagslega. Hagnaður þess á almennan hlut og greiddur arður hefur farið hlutfallslega vaxandi á undanförnum árum á sama tíma og hvort tveggja hefur lækkað hjá flestum samkeppnisaðilum félagsins. Hefur þetta komið fram í að verð á hlutabréfum í félaginu hefur verið mjög stöðugt og þróast sem hér segir:

Verð á 25p hlutum:

	1982	**1983**	**1984**	**1985**	**1986**
Hæsta verð	475p	672p	785p	690p	790p
Lægsta verð	336p	453p	498p	500p	513p

2.3 Nánar um RTZ Metals.

RTZ Metals er dótturfyrirtæki RTZ með höfuðstöðvar í Bristol. Félagið er fyrst og fremst eignarhalds- og stjórnunarfélag og er sem slíkt ábyrgt fyrir rekstri og þróun námu- og málmvinnslu RTZ í Evrópu. Félagið starfar sjálfstætt en er eins og önnur dótturfyrirtæki RTZ háð samþykki móðurfyrirtækisins um meiri háttar fjárfestingar. RTZ Metals á og rekur tinbræðslufyrirtækið Capper Pass skammt frá Hull og námufélagið Carnon Consolidated Tin Mines, er starfrækir tinmámur í Cornwall. RTZ Metals er meirihlutaeigandi (51%) á móti Kaiser Aluminium að Anglesey-álverinu í Norður-Wales. Þá á RTZ Metals 49% í Rio Tinto Minera er rekur koparnámu og koparbræðslu á Spáni og fjárfesti nýlega (49% eignaraðild) í Neves Corvo koparnámunni í Portúgal. Auk framangreinds eru á vegum RTZ Metals ýmis sérhæfð fyrirtæki á sviði námuvinnslu, jarðfræði og verkfræði.

3. SAMNINGAR VIÐ RTZ METALS

Í samningaviðræðum við RTZ Metals hefur verið lögð áhersla á að fullt jafnræði ríki með samstarfsaðilum um rekstur verksmiðjunnar og hagnaður þeirra af rekstri félagsins verði í formi beinna arðgreiðslna, en ekki á grundvelli sérstakrar greiðslu fyrir tækniþekkingu, markaðsstöðu eða annarra beinna eða óbeinna þátta er aðilar telja sig leggja til verkefnisins. Félagið keypti sjálft hráefni og rekstrarvörur og seldi afurðir sínar án milligöngu eigenda og um algjörlega sjálfstæða rekstrareiningu yrði að ræða. Í því sambandi er rétt að fram komi að RTZ hefur engan rekstur á þessu sviði í dag.

Gert hefur verið ráð fyrir því að samningar við RTZ Metals yrðu byggðir á þremur aðalsamningum, fjárfestingarsamningi, hluthafasamningi og samningi um kaup á hlutum. Lokadrög samninganna liggja nú fyrir sem vinnugögn samninganefnda RTZ Metals og iðnaðarráðherra.

Í fjárfestingarsamningnum yrðu ákvæði, er leiðir af samskiptum ríkisins sem stjórnvalds og RTZ Metals, um réttarstöðu hins erlenda aðila og Kísilmálmvinnslunnar hf. Í hluthafasamningnum yrðu hins vegar ákvæði er leiðir af samskiptum ríkisstjórnarinnar sem hluthafa og RTZ um málefni Kísilmálmvinnslunnar hf. Þá yrðu í samningnum um kaup á hlutum ítarleg ákvæði um kaup RTZ Metals á 60% af hlutafé Kísilmálmvinnslunnar hf.

Helstu efnislegar niðurstöður, er fengist hafa í viðræðum við RTZ Metals, eru eftirfarandi:

3.1 Fjárfestingarsamningur.

Helstu ákvæði fjárfestingarsamningsins yrðu:

- Um upphafstíma framkvæmda, byggingu og byrjun rekstrar sem yrði 36 mánuðum eftir að framkvæmdir hefjast.
- Reglur um umhverfis-, rekstrar- og öryggismál þar sem m.a. yrði kveðið á um forgangsrétt íslenskra aðila til framleiðslu og þjónustu í þágu félagsins.
- Reglur um meðferð gjaldeyrismála.
- Ákvæði um ábyrgðir eigenda, fyrirheit og skuldbindingar.
- Ákvæði um sköttun fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir því að það greiði skatta samkvæmt íslenskum skattalögum með ákveðnum sérákvæðum, svo sem síðar er vikið að.
- Gert er ráð fyrir að íslensk lög verði ráðandi um túlkun og framkvæmd samningsins, en deilur verði leystar fyrir gerðardómi Alþjóðastofnunarinnar til lausnar fjárfestingardeilna samkvæmt alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að (ICSID).
- Gildistími samningsins yrði 20 ár.
- Í samningnum yrði sanngirnisákvæði þar sem aðilar lýsa vilja til að semja um endurskoðun á efnisatriðum er þróast kynnu öðrum aðilanum til tjóns.

3.2 Hluthafasamningur.

Helstu efnisatriði hluthafasamningsins yrðu:

- Gert er ráð fyrir að ríkið eigi 40% hlutafjár, en RTZ Metals og Tinto Investments 60% samtals. Þá yrðu ákvæði um fjármögnunarskuldbindingu hluthafa. Ákvæði yrðu um að hlutfall eiginfjár og skulda skuli vera 1:2.
- Sjö manna stjórn yrði í félaginu, þrír tilnefndir af iðnaðarráðherra og fjórir af RTZ Metals. Þá yrðu ítarleg ákvæði er tryggi réttindi minni hlutans með neitunarvaldi um meiri háttar ákvarðanir.
- Ákvæði yrðu um markmið og stefnumál félagsins sem helgist af arðsemissjónarmiðum og takmarkist við framkvæmd verkefnisins.
- Auk venjubundinna ákvæða um framsal hluta yrðu ákvæði um kaupkröfurétt (put-option) RTZ á hendur ríkinu ef ríkið bryti í mjög verulegu gegn réttindum RTZ samkvæmt fjárfestingarsamningi. Ríkið yrði þá skuldbundið til að kaupa hlutabréf RTZ á matsverði. Á sama hátt öðlaðist ríkið rétt til að kaupa hlutabréf RTZ á matsverði ef RTZ bryti gegn skyldum sínum.
- Þá yrðu ákvæði um gangsetningu, markaðsmál sem skulu vera „arm's length" og fylgisamninga um önnur mál.
- Íslensk lög yrðu ráðandi um samninginn og íslenski textinn ráðandi ef misræmi verður milli íslenska og enska textans.
- Ágreiningsmál yrðu leyst með sama hætti og í fjárfestingarsamningnum.

3.3 Samningur um kaup á hlutum.

Samningur þessi varðar kaup RTZ Metals og Tinto Investments á 60% af hlutafé í núverandi félagi. Í samningnum yrðu allítarleg ákvæði um skuldbindingar, ábyrgð og réttindi, auk sambærilegra ákvæða um ágreiningsmál, ráðandi lög, sanngirni o.fl., og eru í ofangreindum samningum.

3.4 Breytingar á lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Ef samningar takast er gert ráð fyrir því að ofangreindir samningar yrðu lagðir fyrir Alþingi sem fylgigögn frumvarps til breytingar á lögum nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Breytingar, sem leiddi af gerð samningsins, yrðu m.a.:

- Skilyrði laganna um meirihlutaeign íslenska ríkisins að félaginu yrðu felld niður.
- Ákvæðið um stjórnarkjör fyrir félagið á Alþingi yrði fellt niður og gert ráð fyrir sjö manna stjórn, þremur tilnefndum af ráðherra og fjórum af RTZ Metals. Áskilið yrði þó að meiri hluti stjórnarmanna hafi fasta búsetu hér á landi.
- Sett yrðu sérákvæði um skattlagningu þannig að félagið geti eigi nýtt ákveðna frádráttarliði, svo sem 10% skattfrjálsan arð, skattfrjáls framlög í varasjóð eða fjárfestingarsjóð, en greiði þess í stað lægri tekjuskattsprósentu, þannig þó að skatttekjur ríkisins minnkuðu ekki frá núgildandi skattalögum. Hið breytta fyrirkomulag auðveldar hins vegar útborgun arðs til beggja eigenda.
- Gert er ráð fyrir að félagið greiði 0,5% aðstöðugjaldsígildi er skiptist þannig:

Reyðarfjarðarhreppur	37.5%
Eskifjarðarbær	37.5%
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	25.0%

- Þá yrðu ákvæði um tvísköttun og gert ráð fyrir 5% skatti á tekjur RTZ hér á landi (withholding tax).
- Sett yrðu ákvæði er tryggja réttindi félagsins til frjálsra gjaldeyrisviðskipta.

4. SAMNINGAR KÍSILMÁLMVINNSLUNNAR HF. VIÐ ÞRIÐJU AÐILA

Á vegum samninganefndar iðnaðarráðherra og samninganefndar RTZ Metals hefur verið haldið áfram undirbúningi samninga Kísilmálmvinnslunnar hf. við þriðju aðila, m.a. um orkukaup, markaðsmál og vegna byggingarframkvæmda (verktakamál). Skal nú vikið stuttlega að hverju þessara efnisatriða.

4.1 Orkukaupsamningur.

Sérstök samninganefnd Landsvirkjunar um orkusölu annast viðræðurnar við Kísilmálmvinnsluna hf., en hluti af samninganefnd iðnaðarráðherra ásamt framkvæmdastjóra Kísilmálmvinnslunnar hf. annast viðræðurnar um þetta mál af hálfu Kísilmálmvinnslunnar hf. Þrír viðræðufundir hafa farið fram með þátttöku RTZ Metals. Fyrstu drög að orkusölusamningi liggja nú fyrir, en ekki hefur á þessu stigi verið gengið frá orkuverði, verðtryggingu og afhendingarskilmálum.

4.2 Markaðsmál.

Ráðist var í markaðskönnun með aðstoð sérstaks markaðsráðgjafa RTZ Metals og meðal annars rætt við aðila í Japan, Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Þótt eigi hafi reynst mögulegt að gera sölusamninga til lengri tíma er talið að engum sérstökum vandkvæðum verði bundið að selja framleiðslu verksmiðjunnar á markaðsverði, þegar hún hefur starfrækslu.

4.3 Verktakar.

Að loknu opnu forvali innanlands buðu tvær verktakasamsteypur í byggingu kísilmálmverksmiðjunnar. Þær voru:

- Breska verktakafyrirtækið Davy McKee og Ístak hf.

- Þýska fyrirtækið Mannesmann Demag og Hagvirki hf.

Verktakarnir skiluðu tilboðum 30. ágúst 1986. Tilboðin reyndust vera allverulega hærri en vonast hafði verið til. Var gengið til viðræðna við verktakana um möguleika til lækkunar á verði og breytinga á tilhögun byggingarframkvæmda og hefur tekist að ná verðinu verulega niður.

Að undangengnum frekari viðræðum við verktakana og samanburði sérfræðinga RTZ Metals og Kísilmálmvinnslunnar hf. á tilboðunum var ákveðið að hefja samningaviðræður við Davy McKee og Ístak, en tilboð þeirra var talið hagkvæmara.

Í þeim viðræðum verður leitast við að kanna nánar leiðir til enn frekari lækkunar tilboðs þeirra, m.a. með samanburði við kostnaðaráætlun og með breytingum á búnaði og fyrirkomulagi verksmiðjunnar.

5. AÐSTÖÐUMÁL Í HÉRAÐI

Viðræðunefnd iðnaðarráðherra hefur átt allmarga fundi með fulltrúum Eskifjarðarbæjar og Reyðarfjarðarhrepps um aðstöðumál verksmiðjunnar. Hefur náðst samkomulag í meginatriðum um þau mál milli ríkisins, Kísilmálmvinnslunnar hf., Reyðarfjarðarhrepps og Eskifjarðarbæjar.

Samkomulag þetta tekur m.a. til:

- Eignarhalds og rekstrar á höfn við Mjóeyri.
- Byggingar og starfrækslu vatnsveitu fyrir verksmiðjuna.
- Álagningar og skiptingar aðstöðugjalda af verksmiðjunni og verktökum við byggingu hennar.
- Álagningar fasteignagjalda.
- Húsnæðismála í héraðinu og framboðs á byggingarlóðum.
- Skipulags-, starfsleyfa- og umhverfismála.

6. ATHUGUN Á MÁLEFNUM RTZ

Aflað hefur verið gagna um starfsemi RTZ frá ýmsum aðilum, þeirra á meðal frá upplýsingabönkum með aðstoð fjölþjóðafyrirtækjastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þá er unnið að sérstöku yfirliti er fjallar um eftirfarandi atriði:

a. Sögu fyrirtækisins.
b. Markaðsstöðu RTZ og starfsemi almennt.
c. Yfirlit um hluthafa, fjárhagsstöðu, veltu, hagnað, eignir og arðgreiðslur RTZ.
d. Frammistöðu RTZ í samstarfsverkefnum, sérstaklega hvað varðar samstarf við ríkisstjórnir.
e. Viðkvæm atriði í starfsemi RTZ, svo sem:
   - Úraníumvinnslu.
   - Starfsemi í Suður-Afríku og Namibíu.
   - Staðbundin viðbrögð við einstökum verkefnum.
   - Náttúruverndarmál.

Niðurstöður þessara athugana eru að RTZ sé traust fyrirtæki er teljist vænlegur samstarfsaðili um verkefni sem þetta.

7. ARÐSEMI OG YTRI AÐSTÆÐUR

Þær niðurstöður arðsemireikninga, er nú liggja fyrir, sýna að á grundvelli tilboða í byggingu verksmiðjunnar, núverandi verðs á aðföngum verksmiðjunnar og markaðsverðs á kísilmálmi er arðsemi verksmiðjunnar eftir sköttun rúm 8%. Hefur þá verið gert ráð fyrir því að lækka megi byggingarkostnað verksmiðjunnar með breytingum á búnaði og fyrirkomulagi um 8 milljónir bandaríkjadala frá tilboðum verktaka þannig að heildarstofnkostnaður


verksmiðjunnar verði um 86 milljónir dala á verðlagi 1986 og að vegið meðalverð á kísilmálmi sé nú um 1 300 dalir á tonn.

Arðsemi þessi er allverulega lægri en hún var metin á árinu 1985 og lögð var til grundvallar er viðræður við RTZ Metals hófust í byrjun þessa árs og telst ekki viðunandi. Miðað hefur verið við að arðsemi heildarfjármagns eftir sköttun væri minnst 10% til þess að ráðlegt væri talið að ráðast í byggingu verksmiðjunnar.


Meginorsakir þessarar breyttu niðurstöðu á mati á hagkvæmni verksmiðjunnar má rekja til:

a. Gengisfalls bandaríkjadals gagnvart helstu gjaldmiðlum í Evrópu og þar af leiðandi hækkun á aðföngum til byggingar og rekstrar verksmiðjunnar, sjá mynd 1.
b. Hækkunar á innlendum byggingarkostnaði, mældum í bandaríkjadölum, sjá mynd 2.
c. Verð á kísilmálmi hefur haldist óbreytt og jafnvel lækkað í bandaríkjadölum, eins og fram kemur á mynd 3.


Samspil framangreindra atriða hefur leitt til þess að núvirði afkomu verksmiðjunnar á grundvelli 10% vaxta hefur versnað um allt að þrjátíu milljónir dala á þeim tíma er samningaviðræður hafa staðið við RTZ Metals.



MYND 1


Byggingarvísitala á Íslandi
mæld í Bandaríkjadölum
Byggingarvísitala í dölum
110
105
100
95
90
85
80
75
70
65
Jan-82 Jul-82 Jan-83 Jul-83 Jan-84 Jul-84 Jan-85 Jul-85 Jan-86 Jul-86 Jan-87
Grunntala 100 janúar 1982

MYND 2


Verð á kísilmálmi
(000) USD/tonn
1.4
1.3
1.2
1.1
1
0.9
0.8
0.7
0.6
0.5
0.4
0.3
0.2
0.1
0
1982 1983 1984 1985 1986
Ár
Frjáls mark. Evrópu
Innflutningur USA
Framl. V-Þýskaland

MYND 3

8. STAÐA MÁLSINS

Arðsemi kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er nú ófullnægjandi en aðstæður hafa breyst mjög hratt til hins verra síðan samningaviðræður hófust við RTZ Metals í janúar 1986. Þrátt fyrir þetta eru báðir samningsaðilar sammála um að vinna áfram að verkefninu og leita leiða til þess að lækka stofnkostnað verksmiðjunnar og kanna frekar aðrar leiðir til þess að auka arðsemi fjárfestingarinnar. Þá er heldur ekki talið útilokað að á næstu mánuðum hækki verð á kísilmálmi þannig að afkomuhorfur verksmiðjunnar batni.

Rétt er að fram komi að samninganefnd RTZ Metals hefur eindregið mælst til þess að staðið verði að málinu með ofangreindum hætti og það verið staðfest af stjórn RTZ Metals.

9. REKSTUR KÍSILMÁLMVINNSLUNNAR HF.

Eins og að framan greinir var Kísilmálmvinnslan hf. stofnuð 4. júní 1982. Meginverkefni stjórnar félagsins var í upphafi að kanna nánar allar áætlanir og forsendur um byggingu og rekstur kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og taka afstöðu til þess hvort leggja ætti til við Alþingi að verksmiðjan yrði byggð og þá hvenær hún ætti að hefja framleiðslu.

Niðurstöður af athugunum stjórnarinnar ásamt tillögum hennar, er getið er í inngangi þessarar skýrslu, liggja fyrir í skýrslu stjórnarinnar „Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði", er send var þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifi Guttormssyni, í janúar 1983. Skýrslan ásamt þingsályktunartillögu var lögð fyrir Alþingi í mars 1983, en hlaut ekki afgreiðslu eins og að framan greinir. Í samræmi við niðurstöður stjórnarinnar og að höfðu samráði við iðnaðarráðherra, Hjörleif Guttormsson og síðar Sverri Hermannsson, var undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar haldið áfram á árunum 1983 og 1984.

Í maí 1983 var gengið til samninga við vestur-þýska fyrirtækið Mannesmann Demag um kaup á tveim 21 MW ofnum, ásamt tilheyrandi vél- og rafbúnaði í verksmiðjuna. Samningurinn var undirritaður 28. maí með þeim fyrirvara af hálfu stjórnarinnar að Alþingi samþykkti niðurstöður skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um útgáfu viðbótarhlutafjár, hvort tveggja samkvæmt lögum nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, og að nauðsynlegs fjármagns yrði aflað.

Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í mars 1984 og liggur hún fyrir í skýrslu „Silicon Metal Plant, Reydarfjordur, Iceland: Basic Engineering Report". Var skýrslan unnin af Kísilmálmvinnslunni og verkfræðilegum ráðgjöfum hennar, Almennu verkfræðistofunni, Fjarhitun, Rafteikningu, Hnit og Teiknistofunni Ármúla 6. Einnig tók þátt í þeirri vinnu, sem sérstakur ráðgjafi Kísilmálmvinnslunnar, Fredrik Schatvet efnafræðingur er var tæknilegur framkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins á árunum 1977–1981.

Stærð og gerð allra helstu bygginga var ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar var einnig ákveðið. Þá var einnig aflað tilboða í efni og vinnu við verksmiðjubygginguna og önnur tæki og vélar verksmiðjunnar sem ekki voru í samningnum við Mannesmann Demag. Á grundvelli forhönnunar var stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar endurskoðuð og var byggingarkostnaður hennar áætlaður 1 842 millj. kr. á verðlagi í janúar 1984.

Þá voru á árunum 1982–84 framkvæmdar ýmsar athuganir og rannsóknir vegna væntanlegra mannvirkja, hafnargerðar og vatnsveitu.

Í júlímánuði 1983 hófust loftgæðarannsóknir í nágrenni verksmiðjunnar og liggja niðurstöður fyrir í skýrslu Hollustuverndar ríkisins, „Loftgæðarannsóknir í nágrenni fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði". Veðurfarsrannsóknir hófust í október 1982 og stóðu þær til marsloka 1985. Niðurstöður þeirra mælinga er að finna í skýrslu Veðurstofu Íslands „Veðurathuganir á Reyðarfjarðarsvæðinu".

Mat á þróun markaðar fyrir kísilmálm, bæði hvað varðar verð og stærð, hefur verið einn mikilvægasti og jafnframt vandasamasti þátturinn í starfsemi félagsins. Í því efni var á árinu 1982 leitað til bandaríska fyrirtækisins Chase Econometrics um athugun á hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Íslandi. Verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins hafði fyrr fengið breska fyrirtækið Commodities Research Unit Ltd. til þess að gera slíka athugun. Var aftur leitað til þeirra og þeir beðnir að endurskoða markaðsspár miðað við breyttar efnahagslegar forsendur. Niðurstöður beggja þessara fyrirtækja hnigu mjög í sömu átt. Bæði töldu að markaður fyrir kísilmálm færi vaxandi og verð á markaðnum mundi ráðast af framleiðslukostnaði nýrra verksmiðja og verksmiðja á Íslandi gæti í framtíðinni framleitt á samkeppnishæfu verði.

Alla tíð síðan hefur náið verið fylgst með markaðsþróun, bæði með öflun skýrslna um kísilmálmmarkaðinn og eigin athugunum. Ljóst er að nýjustu áætlanir og spár um þróun kísilmálmmarkaðarins næstu 10 árin einkennast ekki af sömu bjartsýni og fyrri spár.

Samhliða mati á markaðshorfum fyrir kísilmálm hafa verið kannaðar leiðir til sölu á væntanlegri framleiðslu. Haft hefur verið samband við fjölmarga aðila sem látið hafa í ljós áhuga á samvinnu um sölumál eða vilja taka að sér sölu framleiðslunnar, allrar eða hluta hennar.

Hagkvæmniathuganir og arðsemireikningar hafa að jafnaði verið endurnýjaðir til samræmis við breytingar á helstu forsendum, svo sem stofnkostnaði og verði á kísilmálmi, og niðurstöður kynntar iðnaðarráðherrum á hverjum tíma. Reiknilíkön þau, er notuð eru við arðsemimatið, hafa verið endurbætt verulega og er nú að fullu tekið tillit til verðbreytingafærslna og ákvæða íslenskra skattalaga. Auk hefðbundinna reikninga núvirðis og innri vaxta stillir líkanið nú upp rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir hvert rekstrarár fyrirtækisins allt rekstrartímabilið sem tekið er til athugunar.

Frá því í maí 1983, er þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, ákvað að leitað skyldi að erlendum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni hf., hefur starfsemi félagsins mótast mjög af þeirri ákvörðun. Hafa starfsmenn félagsins unnið að fjölmörgum verkefnum, tengdum eignaraðildarkönnuninni og samningaviðræðum og starfað með þeim nefndum er að málinu hafa unnið.

Þegar viðræður við RTZ Metals hófust á miðju ári 1985 voru þeim kynntar allar áætlanir um byggingu og rekstur verksmiðjunnar og hefur síðan tekist góð samvinna við RTZ Metals um frekari undirbúning og áætlanagerð, gerð útboðsgagna, úrvinnslu tilboða, könnun markaðsaðstæðna o.fl. Þá var RTZ Metals aðstoðað við að aðlaga reiknilíkön íslenskum aðstæðum. Í því sambandi er rétt að fram komi að RTZ Metals hefur varið verulegri vinnu og fjármunum til frekari upplýsingaöflunar og undirbúnings og hafa starfsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. haft aðgang að öllum gögnum og athugunum þeirra.

Við stofnun félagsins 1982 var Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur ráðinn framkvæmdastjóri. Þá var einnig í upphafi ráðinn til starfa hjá félaginu Magnús Magnússon verkfræðingur sem verið hafði ritari verkefnisstjórnar iðnaðarráðuneytisins, auk tveggja annarra starfsmanna. Egill Skúli Ingibergsson lét af störfum framkvæmdastjóra 1. apríl 1983. Við starfi framkvæmdastjóra tók þá dr. Geir A. Gunnlaugsson prófessor. Magnús Magnússon lét af störfum hjá félaginu 1. júní 1985 og hafa starfsmenn félagsins síðan verið framkvæmdastjóri auk ritara í hlutastarfi.

Frekari upplýsingar um starfsemi Kísilmálmvinnslunnar hf. er að finna í ársskýrslum félagsins og skýrslum iðnaðarráðherra til Alþingis: „Starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana, hlutafélaga með ríkisaðild og sjóða, er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins“, er út hafa komið um árin 1983, 1984 og 1985.

10. KOSTNAÐUR

Í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, var hlutafé Kísilmálmvinnslunnar hf. ákveðið 25 000 000 kr. og var það verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í mars 1982. Hefur hlutafénu, auk sérstakrar fjárveitingar iðnaðarráðuneytisins á árinu 1986 að upphæð 15 000 000 kr., verið varið til þess að standa straum af rekstri Kísilmálmvinnslunnar hf. og öllum undirbúningskostnaði vegna byggingar verksmiðjunnar, þar með talinn kostnaður vegna könnunar á eignaraðild og samningaviðræðna við RTZ Metals.

Skipting kostnaðar á einstök ár og milli helstu kostnaðarþátta á verðlagi hvers árs er sýnd í töflu 1.

TAFLA 1

Kostnaður í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

	1982	1983	1984	1985	1986	Samt.
Rekstur	1.7	6.1	5.1	4.9	4.9	22.6
Stjórn	1.1	0.9	0.3	0.4	0.5	3.2
Arðsemi og markaðsathuganir	1.3	0.3	0.2	0.2	1.2	3.1
Rannsóknir á Reyðarfirði	0.6	1.9	1.4	0.0	0.1	4.1
Hönnun, útboð, samn. o.fl.	2.3	8.3	2.2	0.6	3.8	17.2
Mannesmann Demag	0.0	4.7	1.7	0.0	0.0	6.4
Eignaraðild	0.0	0.1	2.0	3.0	5.7	10.8
Opinber gjöld	0.0	0.0	0.0	0.5	0.6	1.1
Samtals	6.9	22.3	12.8	9.7	16.8	68.6

Um skiptingu milli einstakra kostnaðarliða gilda eftirfarandi skýringar:

Rekstur.

Til rekstrar telst allur kostnaður við beinan rekstur Kísilmálmvinnslunnar, þar með talin laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnaður og annar rekstrarkostnaður.

Stjórn.

Til þessa liðar telst allur kostnaður vegna stjórnar félagsins.

Arðsemi og markaðsathuganir.

Til þessa liðar telst öll aðkeypt vinna vegna arðsemireikninga, gerð reiknilíkana, svo og tölvukostnaður. Einnig keyptar upplýsingar og skýrslur um markaðsmál og verðspár ásamt sérstakri markaðsathugun í samvinnu við RTZ Metals vegna eignaraðildarsamninga.

Rannsóknir á Reyðarfirði.

Til þessa liðar telst allur kostnaður vegna rannsókna á verksmiðjusvæðinu við Mjóeyri og á Reyðarfirði, þ.m.t. jarðvegsathuganir, könnun á hafnarstæði, loftgæðarannsóknir og veðurathuganir.

Hönnun, útboð, samningar o.fl.

Til þessa liðar telst öll aðkeypt vinna og þjónusta verkfræðilegra ráðgjafa, m.a. gerð kostnaðar- og tímaáætlana, samanburður tilboða og gerð samninga vegna ofna, gerð

útboðsgagna vegna verksmiðjuhúss, vél- og rafbúnaðar, svo og samanburður tilboða; kostnaður vegna forhönnunar verksmiðjunnar, gerðar útboðsgagna vegna heildarútboðs á byggingu verksmiðjunnar og úrvinnslu tilboða.

Mannesmann Demag.

Samkvæmt samningi við Mannesmann Demag var greitt fyrir vinnu við forhönnun verksmiðjunnar.

Eignaraðild.

Til þessa liðar telst allur kostnaður vegna leitar að erlendum eignaraðilum og samningaviðræðna við RTZ Metals, þ.m.t. aðkeypt sérfræðiþjónusta.

Opinber gjöld.

Til þessa liðar teljast álögð gjöld, að meginhluta eignarskattur vegna eignafærslu undirbúningskostnaðar.

Kostnaður vegna vegar, er Kísilmálmvinnslan hf. lagði á árinu 1982 að verksmiðjusvæðinu á Mjóeyri samkvæmt fyrirmælum þáverandi iðnaðarráðherra, er ekki meðtalinn í töflu 1. Vegarlagningin kostaði 1 011 000 kr. (4 180 000 kr. á verðlagi í desember 1986) og hefur verið færð sem útistandandi krafa í bókum félagsins.

Í töflu 2 er sýnd sama skipting og í töflu 1 ef kostnaður einstakra ára er á grundvelli lánskjaravísitölu færður til verðlags í desember 1986.

TAFLA 2


Kostnaður í milljónum króna á verðlagi í árslok 1986.

	1982	1983	1984	1985	1986	Samt.
Rekstur	6.9	14.1	8.7	6.4	5.2	41.3
Stjórn	4.5	2.1	0.5	0.5	0.5	8.1
Arðsemi og markaðsathuganir	5.3	0.7	0.3	0.3	1.2	7.8
Rannsóknir á Reyðarf.	2.6	4.5	2.4	0.1	0.1	9.6
Hönnun, útboð, samn. o.fl.	9.5	19.1	3.8	0.8	4.1	37.2
Mannesmann Demag	0.0	10.8	3.0	0.0	0.0	13.8
Eignaraðild	0.0	0.2	3.4	4.0	6.1	13.6
Opinber gjöld	0.0	0.0	0.0	0.7	0.6	1.3
Samtals	28.7	51.4	22.1	12.8	17.8	132.8

Til frekari upplýsinga er skipting milli ára samkvæmt töflu 2 sýnd með stólpariti á mynd 4.

Samkvæmt framangreindu er uppsafnaður heildarkostnaður vegna verkefnisins í árslok 1986 68,6 millj. kr. eða 132,8 millj. kr. ef kostnaður einstakra ára er framreiknaður til ársloka 1986. Nemur það tæpum 4% af áætluðum heildarkostnaði við byggingu verksmiðjunnar. Rétt er að fram komi að takist samningar við RTZ Metals er gert ráð fyrir því að verulegur hluti þessa kostnaðar fáist greiddur vegna kaupa RTZ Metals á 60% af hlut íslenska ríkisins í Kísilmálmvinnslunni, en afgangur teljist hlutafjárframlag Íslendinga.

Verði ekki af byggingu verksmiðjunnar er hér vissulega um háa krónutölu að ræða, en hana verður að skoða í samhengi við umfang verkefnisins og þá áhættu sem tekin yrði með byggingu og rekstri verksmiðjunnar.



MYND 4

Sþ. 751. Tillaga til þingsályktunar [407. mál]

um Norðurlandasamning um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem undirritaður var í Svaneke á Borgundarhólmi 17. júní 1981.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Norðurlandasamningur um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi var undirritaður í Svaneke á Borgundarhólmi 17. júní 1981. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi er árangur af starfsemi Norðurlandaráðs á grundvelli ályktunar nr. 29/1966. Málið var falið starfshópi á vegum dómsmálaráðuneyta Norðurlanda.

Viðleitni þessi beindist fyrst og fremst að vandamálum finnskumælandi Finna sem starfa í Svíþjóð, en stefnt var að undirbúningi samnings sem hefði almennt gildi. Ljóst var þó að ekki yrði samstaða milli Norðurlanda um víðtækar skuldbindingar. Hins vegar náðist samkomulag um stefnuyfirlýsingu í þessu máli og í 2. gr. samningsins segir:

„Samningsríkin skuldbinda sig til þess að stuðla að því að ríkisborgari samningsríkis geti eftir þörfum notað eigin tungu í samskiptum við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir í öðru samningsríki.“

Af ákvæðum samningsins, sem varða skyldur samningsríkjanna, ber helst að nefna eftirfarandi:

1. Í 2. mgr. 2. gr. segir að í sakamálum skulu ríkisborgarar ávallt fá nauðsynlega aðstoð túlks.

2. Í 4. gr. segir að þeir sem dvelja á stofnunum skuli eiga rétt á að umgangast aðra sem tala tungu þeirra, að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa.

3. Fimmta grein fjallar um staði þar sem fyrir er hópur ríkisborgara annars samningsríkis sem ekki skilur tungu dvalarríkisins. Þar skal leitast við að koma upp opinberri málaþjónustu.

4. Skv. 6. gr. skuldbinda ríkin sig til að leitast við að gera átak varðandi tungumálaaðstöðu þegar tilefni er til.

5. Skv. 8. gr. skal hvert ríki tilgreina aðila til að fylgjast með framkvæmd samningsins og efla samvinnu í þessum málum.

Skv. 1. gr. samningsins tekur hann til íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og gildir um hvers konar samskipti við yfirvöld, þó ekki um samskipti símleiðis. Í 3. gr. samningsins er ákveðið að kostnaður við túlkun eða þýðingar greiðist af hinu opinbera, þó með vissum undantekningum t.d. þegar úrskurðað er að einhver aðilanna greiði málskostnað.

Dómsmálaráðuneytið mun hafa það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samningsins hér á landi og efla samvinnu í þessum málum, sbr. 8. gr.

Ekki er talin þörf lagasetningar til þess að geta framfylgt samningnum hér á landi en með tillögu þessari er þess farið á leit að Alþingi heimili fullgildingu hans.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem telja mjög mikilvægt fyrir norræna samkennd og nánara samneyti norrænna þjóða að tungumálum Norðurlanda sé í auknum mæli gert jafn hátt undir höfði,

sem telja mikilvægt að norrænir ríkisborgarar geti í svo ríkum mæli sem kostur er notað eigin tungu við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir í öðru norrænu landi,

sem gera sér ljóst að góð málaþjónusta fyrir norræna innflytjendur hafi verulega þýðingu til að auðvelda aðlögun og tryggja þeim félagslegt öryggi og jafnrétti í samfélaginu,

hafa í samræmi við þá hugsun sem býr að baki ályktun Norðurlandaráðs nr. 29/1966 orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Þær tungur, sem samningur þessi tekur til, eru íslenska, danska, finnska, norska og sænska.

Samningurinn gildir bæði um munnleg og skrifleg samskipti við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir, þó ekki samskipti símleiðis.

2. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til að stuðla að því að ríkisborgari samningsríkis geti eftir þörfum notað eigin tungu í samskiptum við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir í öðru samningsríki. Auk samskipta við dómstóla á þetta sérstaklega við um samskipti við opinbera aðila, svo sem heilbrigðis-, félagsmála- og barnaverndaryfirvöld, svo og vinnumarkaðs-, skatta-, lögreglu- og skólayfirvöld.

Í málum, sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða öðrum opinberum stofnunum, skulu þessar stofnanir, eftir því sem frekast er kostur, hlutast til um að útvega ríkisborgara samningsríkis nægilega þjónustu túlks eða þýðanda. Í sakamálum skulu ríkisborgarar ávallt fá nauðsynlega aðstoð túlks.

3. gr.

Kostnaður við túlkun eða þýðingu í málum, sem greind eru í 2. gr., greiðist af hinu opinbera. Þóknun til túlks vegna máls, sem sætir opinberri ákæru, skal ávallt greiðast af hinu opinbera.

Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að samningsríki geti krafist greiðslu að nokkru eða öllu leyti fyrir þýðingu á skjali frá þeim sem lagði skjalið fram ef það inniheldur óþarfar málalengingar eða er þýðingarlítið eða ef sérstakar ástæður eru að öðru leyti fyrir hendi. Þetta kemur heldur ekki í veg fyrir að samningsríki setji reglur um rétt hins opinbera til að endurkrefja kostnað við túlkun eða þýðingu frá þeim sem verður að standa straum af málskostnaði vegna þess að hann tapar máli eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Þeim sem dvelur á hæli eða stofnun skal, eftir því sem aðstæður leyfa, gefinn kostur á því að umgangast aðra sem hafa vald á sömu tungu.

5. gr.

Samningsríkin skulu leitast við að koma upp opinberri málaþjónustu eða annars konar túlkunar- eða þýðingaraðstoð á stöðum þar sem nokkur hópur ríkisborgara annars samningsríkis dvelur en skilur ekki tungu dvalarlandsins. Þegar fjöldi slíkra ríkisborgara í dvalarlandinu eða á tilteknu svæði þar gefur tilefni til skal það ríki annast þýðingu og dreifingu leiðbeininga, bæklinga, eyðublaða, o.þ.h. sem auðveldað geta samskipti einstaklingsins og hins opinbera.

6. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til að leitast við að gera átak varðandi málaþjónustu þegar aðstæður gefa tilefni til og að efla milliliðalausa samvinnu yfirvalda samningsríkjanna með það í huga að markmið samningsins komist til framkvæmda.

7. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að tvö eða fleiri samningsríki geri með sér sérstakt samkomulag þegar ástæða þykir til um frekari skyldur en hér er samið um.

8. gr.

Sérhvert samningsríki skal tilgreina þann aðila sem hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samnings þessa í ríkinu og að efla samvinnu ríkjanna um þau atriði sem samningurinn nær yfir.

Þá skal norræna ráðherranefndin einnig fylgjast með framkvæmd þessa samnings.

9. gr.

Samningsríkin geta gerst aðilar að þessum samningi með því að

a. undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða
b. undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu ásamt síðari fullgildingu.

Fullgildingarskjöl skal afhenda til vörslu í finnska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn öðlast gildi fyrsta dags þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að fjögur samningsríki hafa gerst aðilar að samningnum. Gagnvart samningsríki, sem síðar gerist aðili að samningnum, öðlast hann gildi tveimur mánuðum eftir að það hefur gerst aðili að honum.

Sérhvert samningsríki getur sagt samningnum upp gagnvart sérhverju öðru samningsríki með sex mánaða fyrirvara.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað þennan samning.

Gjört í Svaneke á Borgundarhólmi 17. júní 1981 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku.

Nd. 752. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til tollalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru gerðar um á sérstöku þingskjali.

Með nefndinni hafa unnið lögfræðingarnir Lárus Ögmundsson og Sigurgeir A. Jónsson fyrir hönd fjármálaráðuneytisins. Á fundi nefndarinnar komu bæjarfógetarnir Einar Ingimundarson og Ásgeir Pétursson, og Sveinbjörn Guðmundsson og Jón Mýrdal frá Tollvarðafélaginu. Frá Félagi ísl. stórkaupmanna komu Haraldur Haraldsson, Árni Reynisson, Páll Bragason og Bragi Jónsson. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Ásmundur Sigurjónsson, deildarstjóri hjá Hagstofunni, Helgi Hjálmsson, forstjóri Tollvörugeymslunnar, Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri og Sigvaldi Friðgeirsson, skrifstofustjóri tollstjórans í Reykjavík.

Umsagnir bárust frá Verslunarráði Íslands, Félagi ísl. stórkaupmanna, sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hreppsnefnd Skilmannahrepps, Sauðárkrókskaupstað og Tollvörugeymslunni hf.

Með frumvarpinu er m.a. stefnt að því að gera tollmeðferð á vörum einfaldari og nútímalegri en nú er. Yfirstjórn tollamála verður skýrari og úrskurðarvaldið er flutt úr ráðuneyti til ríkistollanefndar. Í frv. eru ákvæði um tollkrít og tollfrjálst svæði en hvort tveggja eru merk nýmæli.

Á sérstöku þskj. flytur meiri hl. breytingartillögur sem flestar eru minni háttar lagfæringar á frv. Rétt er þó að vekja sérstaka athygli á brtt. við 33. gr. frv. þar sem kveðið er á um að Tollgæsla Íslands starfi við embætti ríkistollstjóra. Þá er greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. lengdur um einn mánuð. Enn fremur er með brtt. við 2. mgr. 145. gr. gert ráð fyrir að í reglugerð skuli ákveða hvaða gjald verði innheimt fyrir störf

tollstarfsmanna, „sem ekki teljast liður í almennu tolleftirliti“. Með því er lögð áhersla á að ríkissjóður standi straum af almennum störfum tollstarfsmanna eins og löggæslumanna.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 4. mars 1987.

Friðrik Sophusson, varaform., frsm. Halldór Blöndal. Ólafur G. Einarsson.

Sverrir Sveinsson. Guðmundur Bjarnason.

Nd. 753. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, HBl, ÓE, SvS, GB).

1. Við 5. gr. Við 3. tölul. bætist nýr málsl. er orðist svo: Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
2. Við 6. gr.
   a. 2. tölul. orðist svo:
      Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum. Undanþágu samkvæmt þessum tölul. má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti og að greidd verði af þeim gjöld miðuð við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir.
   b. Við 9. tölul. bætist ný mgr. er orðist svo:
      Um vöntun í vörusendingu gilda ákvæði 60. og 112. gr. þessara laga.
3. Við 8. gr. Orðin „við sölu til útflutnings til landsins“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
4. Við 13. gr. Orðin „og fyrirhugaðar breytingar þar á“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við 15. gr. bætist orðin: sem nauðsynlegt getur talist og varðar viðkomandi innflutning.
6. Við 18. gr. 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
7. Við 19. gr. Greinin falli niður.
8. Á eftir 20. gr., sem verður 19. gr., komi ný grein er orðist svo:
   Ráðherra getur með reglugerð heimilað að upplýsingar, sem um ræðir í 14.–29. gr., séu veittar með öðrum hætti en skriflega, t.d. með tölvumiðli eða fjarskiptum.
9. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Innflytjandi eða vörsluaðili vöru eða sendingar skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð hennar að dómi tollstarfsmanna, svo sem að opna umbúðir og ganga frá þeim að nýju.
   Tollyfirvaldi er heimilt að fela tollstarfsmönnum eða ráða ákveðna menn til að vinna og aðstoða við tollmeðferð vöru eða sendingar, svo sem að opna umbúðir og loka að nýju á ábyrgð innflytjanda eða vörsluaðila og innheimta hjá innflytjendum þóknun fyrir þessi störf með aðflutningsgjöldum sé skyldu skv. fyrri mgr. ekki sinnt.
10. Við 27. gr.
    a. Á eftir orðinu „Kjósarsýslu“ í 1. tölul. komi: þó ekki Bessastaðahreppur.
    b. Orðin „Skilmannahrepp og Hvalfjarðarstrandarhrepp“ í 2. og 3. tölul. falli brott.
    c. Við 25. tölul. bætist orðin: auk Bessastaðahrepps.
11. Við 28. gr. Á eftir 3. tölul. bætist nýr tölul., svohljóðandi: Sauðárkrókur.

12. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
    Við embætti ríkistollstjóra starfar Tollgæsla Íslands undir stjórn tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri skal fullnægja skilyrðum um embættisgengi sem sett eru í 1.–6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.
    Tollgæsla Íslands skal hafa með höndum tolleftirlit á tollsvæði ríkisins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
13. Við 63. gr. Í stað orðanna „henta þykir“ í fyrri mgr. komi: nauðsyn krefur.
14. Við 64. gr. 8. mgr. orðist svo:
    Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit í vörugeymslum sínum sem ekki getur talist þáttur í almennu tolleftirliti, svo sem fyrir útgáfu vottorða um endursendingar á vörum, gegnumflutning, aðstoð við mat á vörum til ákvörðunar tollverðs og aðra þjónustu eftir nánari ákvörðun ráðherra.
15. Við 80. gr. Fyrri málsl. síðari mgr. orðist svo: Leyfishafi og geymsluhafi eru skyldir til að færa nákvæmt birgðabókhald og sýna tollgæslunni það hvenær sem krafist er.
16. 87. gr. orðist svo:
    Ákvæði IV. kafla, um tollmeðferð o.fl., V. kafla, um aðflutningsskýrslu og aðra skýrslugjöf, og VII. kafla, um almenn ákvæði, um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddra vara, skulu gilda eftir því sem við getur átt um vörur sem settar eru í tollvörugeymslur.
17. Við 89. gr. bætist orðin: sbr. 8. mgr. 64. gr.
18. Við 109. gr.
    a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist orðin: eða hliðstæðrar ábyrgðar.
    b. 3. mgr. orðist svo:
        Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far kom á ákvörðunarstað, eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugeymslu. Aðflutningsgjöld, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara í sama mánuði, skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir komudag flutningsfars til ákvörðunarstaðar eða úttektardag úr tollvörugeymslu. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. lögum nr. 36/1986. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem að fella niður greiðslufrest, tímabundið eða að fullu, eða stöðva tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Verði frestur veittur til greiðslu aðflutningsgjalda skv. þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim þá vexti sem ákveðnir verði af ráðherra.
19. Við 110. gr. bætist nýr málsl. er hljóði svo: Sama skal gilda um miðlara sem veita fyrrgreindum aðilum þjónustu við tollmeðferð og tollafgreiðslu á vöru í atvinnuskyni.
20. Við 121. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
    Ákvæði 110. gr. skulu gilda með sama hætti um útflytjendur og miðlara sem veita þeim þjónstu við útflutning á vörum.
21. Við 134. gr.
    a. Í stað „10%“ í 1. og 2. mgr. komi: 20%.
    b. Síðari málsl. 2. mgr. falli brott.
    c. 3. mgr. orðist svo:
        Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á getur tollyfirvald fallið frá innheimtu viðauka samkvæmt þessari grein, enda færi aðili gildar ástæður sér til málsbóta.
    d. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
        Sé málinu vísað til opinberrar rannsóknar skal við ákvörðun sektar hafa hliðsjón af viðauka sem innflytjanda hefur verið gert að greiða.

22. Við 142. gr. 1. mgr. orðist svo:
Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ríkistollstjóri setur, að taka vöru eða sýnishorn af vöru til tollskoðunar. Halda má eftir verðlitlum sýnishornum.
23. 143. gr. orðist svo:
Ráðherra skal heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer í tollskrá þegar beitt er heimild 6. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.
Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins.
Samþykki tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrám skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Vörugreining í öðrum lögum byggð á tollflokkun skv. tollnafnaskránni skal breytt til samræmis án þess að slíkar breytingar hafi áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá eða gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og þess háttar sem kveðið er á um í öðrum lögum.
Breytingar skv. ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda.
24. Við 145. gr. Síðari mgr. orðist svo:
Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða gjald skuli innheimta fyrir störf tollstarfsmanna sem ekki teljast liður í almennu tolleftirliti. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.
25. Við 146. gr. bætist orðin: að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.
26. Við 149. gr. Á undan orðinu „álagningu“ komi: flokkun vara.
27. Við 150. gr.
a. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. september 1987.
b. Í stað orðanna „lög nr. 3 1. mars 1986“ komi: IV. kafli laga nr. 3 1. mars 1986.
c. Orðin „svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið skv. þeim lögum“ í niðurlagi greinarinnar falli brott.
d. Við bætist ný mgr. er orðist svo:
Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið skv. lögum þeim sem um ræðir í fyrri mgr., skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.
28. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðsins „þeim“ í fyrri mgr. komi: þessum greinum.

Ed. 754. Frumvarp til laga [408. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–1987.)

1. gr.

1. og 2. tölul. 7. gr. laganna orðast svo:
7.1. Í hverju héraði utan Reykjavíkur skal starfa heilbrigðismálaráð.
7.2. Heilbrigðismálaráð skal þannig skipað að héraðslæknir er formaður ráðsins, en sveitarstjórnir héraðsins kjósa aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Skulu þeir kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa og skal hver slík stofnun jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðismálaráði héraðsins.

2. gr.

Við 17. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 4. tölul. og orðast svo:

17.4. Þar sem starfandi er sérstök stjórn heilsugæslu, sbr. 4. tölul. 21. gr., ber hún ábyrgð á ráðningu starfsfólks og setur því erindisbréf.

3. gr.

Við 18. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 4. tölul. og orðast svo:

18.4. Á höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlisstöðum er stjórn heilsugæslu heimilt að taka á leigu húsnæði og búnað fyrir heilsugæslustöð eða hluta af heilsugæslustöð. Kostnaður vegna þess greiðist af stjórn heilsugæslu, sbr. 9. tölul. 21. gr.

4. gr.

1. tölul. 19. gr. laganna orðast svo:

19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu, eftir því sem við á og hér segir, enda sé hún ekki veitt með öðrum hætti á svæðinu:

5. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

21.1. Stjórn heilsugæslustöðva, H1 og H2, skal þannig skipuð að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann, en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús fer sjúkrahússstjórn, sbr. 30. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Sé fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn.

21.3. Sama gildi um stjórn heilsugæslu, sbr. 21.4.

21.4. Ef sveitarstjórn á höfuðborgarsvæðinu eða öðru þéttbýlissvæði ákveður annast sérstök stjórn, í umboði ráðherra og viðkomandi sveitarfélags, stjórn heilbrigðisþjónustu utan spítala. Stjórnin skal þannig mynduð að fjórir fulltrúar eru kosnir af sveitarstjórn en einn skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og jafnmargir til vara. Sveitarstjórn kýs formann. Sveitarstjórn setur stjórn heilsugæslu starfsreglur (samþykktir) sem skulu staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

21.5. Stjórn heilsugæslu, sbr. 4. tölul. 24. gr., er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem hefur yfirumsjón með rekstri heilsugæslu á viðkomandi starfssvæði. Ef undir stjórnina heyra margar rekstrareiningar skal einum úr hópi fastra starfsmanna þess vinnustaðar falin ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart framkvæmdastjóra.

21.6. Þar sem stjórn heilsugæslu starfar, sbr. 4. tölul. 21. gr., ræður hún sér starfslið heilsugæslu í samræmi við kjarasamninga opinberra starfsmanna að fenginni umsögn stöðunefndar, sbr. l. tölul. 31. gr., framkvæmdastjóra eða faglegan yfirmann, allt eftir því sem við á hverju sinni.

21.7. Framkvæmdastjórar stjórna heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og í öðru þéttbýli og annast í umboði stjórnar ráðningu annars starfsliðs í samræmi við kjarasamninga.

21.8. Sveitarstjórnum á höfuðborgarsvæðinu og í þéttþýli er heimilt að semja við sjúkrahús, heilsugæsluhóp eða einstaka heilbrigðisstarfsmenn um rekstur heilsugæslu eða vissra þátta hennar á vegum stjórna heilsugæslu.

21.9. Þar sem starfandi eru stjórnir heilsugæslu skal allt framlag ríkissjóðs á fjárlögum vegna rekstrar og stofnkostnaðar heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa renna til stjórna heilsugæslu.

21.10. Stjórn heilsugæslu skal árlega gera áætlun um rekstur og stofnkostnað vegna heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á viðkomandi svæði.

21.11. Kostnaður hins opinbera og hlutfallsskipting milli ríkis og sveitarfélaga við heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa skal ákveðinn árlega við fjárlagagerð. Skal þessi kostnaður vera 85% af fjárfestingu, 50,5% af starfsemi almennra heilsugæslulækna, heilsugæslu, heimahjúkrunar, læknastofa og læknavakta, 56% vegna kostnaðar við sérfræðiþjónustu, 67,7% af kostnaði vegna lyfja og 36,9% af kostnaði vegna tannlæknaþjónustu.
Þessar greiðslur skulu greiddar mánaðarlega af Tryggingastofnun ríkisins til viðkomandi heilsugæslustjórna.

21.12. Gjald sjúklings fyrir þjónustu skal ákveðið af ráðherra og fylgja sömu reglu alls staðar á landinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. september 1987. Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 59/1983, sbr. breytingu nr. 84/1986, gilda þar til.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. júní 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sérstaklega með skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Var stofnað til þessa nefndarstarfs í samræmi við niðurstöður fundar sem ráðuneytið hélt með sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu 27. apríl 1984, en þar voru, auk ráðherra og ráðuneytisstarfsmanna, fulltrúar Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Seltjarnarneskaupstaðar, Garðabæjar og Mosfellshrepps og auk þess sem áheyrnarfulltrúar, fulltrúi Akureyrarbæjar, landlæknir og tryggingayfirlæknir.

Í nefndina voru skipaðir Davíð Á. Gunnarsson, aðstoðarmaður ráðherra, Eggert Jónsson borgarhagfræðingur, Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri, Kristján Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Ólafsson heilsugæslulæknir og Hilmar Björgvinsson deildarstjóri.

Í október 1984 tók Katrín Fjeldsted heilsugæslulæknir við sæti Eggerts Jónssonar í nefndinni samkvæmt sérstakri beiðni borgarstjóra.

Nefndin tók til starfa í byrjun september 1984 og skilaði áliti á öndverðu sumri 1985 í formi frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, ásamt ítarlegri greinargerð.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var hlutverk hennar eftirfarandi:

1. Að kanna reynslu og kostnað af rekstri þeirra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu þar sem starfið er orðið fullmótað.
2. Að gera grein fyrir skipulagsatriðum kerfis sem kæmi í stað heilsugæslukerfis í Reykjavík, hvernig það verði mótað, hvernig það yrði sett á laggirnar, hverjir stjórnuðu því og hver yrði kostnaður af því í sambandi við heilsugæslukerfið samkvæmt gildandi lögum.

3. Að kanna hvort innan sambands sveitarfélaga sé hugsanlegt að reka tvö kerfi með mismunandi fyrirkomulagi til að sjá um heilsugæslu án þess að það leiddi til kostnaðarauka.
4. Að kanna hvernig sérfræðiþjónusta, hvers konar, sem reka á samkvæmt gildandi lögum sem hluta heilsugæslunnar, skuli framkvæmd.

Einnig var nefndinni falið að semja frumvarp til laga um breytingar á þeim gildandi lögum sem hún taldi nauðsynlegt að gera og gera greinargerð með rökstuðningi með þeim lagabreytingum sem lagðar yrðu til.

Með áliti nefndarinnar fylgdi, eins og áður sagði, ítarleg greinargerð sem þegar hefur verið dreift til þingmanna.

Á fundum nefndarinnar varð fljótlega ljóst að það væru einkum níu þættir sem þyrfti að hafa í huga:

1. **Þjónusta.** Mikilvægt er að tryggja öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins heilsugæslu. Hagræðing á fjármögnun og stjórnun má ekki draga úr þeirri faglegu þjónustu sem heilsugæsla veitir.
2. **Kostnaður.** Sveitarstjórnarmenn hafa af því áhyggjur að núgildandi lög leiði til aukins rekstrar- og stofnkostnaðar heilsugæslunnar. Nauðsynlegt er því að gera ítarlegan samanburð á kostnaði við heilsugæslu í dag og þeim leiðum sem hugsanlegar eru.
3. **Stjórnun.** Sveitarstjórnarmenn benda á að nauðsynlegt sé að endurskipuleggja núverandi stjórnun á heilsugæslu. Er þar m.a. átt við þá þrískiptingu sem er á stjórn rekstrar heilsugæslustöðva milli yfirlæknis og hjúkrunarforstjóra sem skipaðir eru af ráðherra og framkvæmdastjóra sem ráðinn er af stjórn heilsugæslustöðvar. Slíkt kerfi er óþarflega flókið. Einnig er bent á þá staðreynd að í stjórnum heilsugæslustöðva getur það gerst, vegna þeirra laga sem nú eru í gildi, að fulltrúar ríkjandi meiri hluta bæjarstjórnar lendi í minni hluta í stjórn stöðvarinnar. Nauðsynlegt er að kveða mjög ákveðið á um stjórnun í lögum.
4. **Fjármögnun.** Ríki og sveitarfélög fjármagna rekstur heilsugæslunnar eftir hinum margvíslegustu reglum. Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasamlög eru milliliðir. Þetta gerir allan rekstrar- og kostnaðarsamanburð á starfsemi heilsugæslustöðva mjög erfiðan ef ekki óframkvæmanlegan.

   Það er rétt að vekja á því sérstaka athygli að eins og er hefur enginn aðili heildaryfirlit yfir rekstrarkostnað hverrar heilsugæslustöðvar. Rekstrarkostnaður þeirra verður einungis fundinn með því að afla gagna og sameina þau frá Tryggingastofnun ríkisins, viðkomandi sjúkrasamlagi, viðkomandi sveitarsjóði og ríkisbókhaldi.

   Sama gildir um laun einstakra heilsugæslulækna. Þeir fá fyrir störf sín á sama vinnustað föst laun frá ríkissjóði og taxtagreiðslur ýmist frá sjúkrasamlagi eða Tryggingastofnun ríkisins. Sjúklingur greiðir hluta af taxtagreiðslum. Fækka þarf greiðsluleiðum og koma á samræmdu bókhaldskerfi fyrir heilsugæslustöðvar sem auðveldar rekstrarlegan samanburð.
5. Nefndarmenn telja að með tilliti til þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu séu ýmsir þættir sem kveðið er á um í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þess eðlis að hagkvæmara sé að þeim sé sinnt eða stýrt frá einum stað í stað þess að flytja þá í einstakar heilsugæslustöðvar. Sem dæmi nefna berkla-, kynsjúkdóma-, áfengis-, tóbaks-, fíkniefna- og ónæmisvarnir og skipulag krabbameinsleitar. Einnig vill nefndin benda á að í sumum tilfellum er einnig hagkvæmast að ríkið annist þessa starfsemi fyrir landið í heild.

6. Þar sem greiður aðgangur er að sérhæfðum stoðdeildum sjúkrahúsa, eins og á höfuðborgarsvæðinu (rannsóknarstofur og röntgendeildir), þarf að kanna hvort ekki er hagkvæmara að nýta þá aðstöðu í stað þess að koma henni upp á hverri heilsugæslustöð.
7. Kanna þarf nauðsyn á staðsetningu sérhæfðrar læknisþjónustu á heilsugæslustöðvum. Með hliðsjón af hinum mikla fjölda sérfræðinga, sem starfandi er á höfuðborgarsvæðinu, telur nefndin nauðsynlegt að kanna hvort hagkvæmt sé að koma upp í heilsugæslustöðvum aðstöðu fyrir ýmsa sérhæfða læknisþjónustu, tannlækningar, augnlækningar, háls-, nef- og eyrnalækningar, endurhæfingu, sjúkraþjálfun, félagsráðgjöf, ýmsar hópskoðanir o.fl.
8. Nefndarmenn eru sammála um að leita leiða til að tengja betur en nú er starfsemi heilsugæslu og sjúkrahúsa.
9. Endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi þarf að hvetja til aukinnar rekstrarhagkvæmni. Aðalmarkmiðið er að þjónustan sé ávallt veitt þar sem hún verður nægilega góð og jafnframt ódýrust. Fjármögnunar- og stýrikerfi þurfa að vera þannig að þau hvetji starfsmenn til sem hagkvæmastra vinnubragða bæði að því er varðar afköst og góða þjónustu.

Skýrsla nefndarinnar skiptist í sex kafla. Fyrsti kaflinn er inngangur. Kafli tvö fjallar um kostnað. Gerð er grein fyrir fjármögnun og kostnaði við rekstur helstu þátta heilsugæslunnar. Þriðji kaflinn fjallar um lög um heilsugæslu. Gerð er úttekt á þeim lögum sem snerta skipulag þessara mála. Kafli fjögur fjallar um skipulag og stjórnun heilsugæslu í ýmsum löndum. Fimmti kaflinn gerir grein fyrir heildarniðurstöðum. Lýst er stjórn og fjármögnun heilsugæslukerfis fyrir höfuðborgarsvæðið. Sjötti kaflinn er drög að frumvarpi til laga ásamt greinargerð um þær breytingar sem nefndin telur nauðsynlegt að gera.

Nefndin hélt alls 52 fundi og boðaði til sín ýmsa sérfræðinga og stjórnendur sem afskipti hafa af málefnum heilsugæslu utan sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu.

Meðal þeirra sem nefndin ræddi við eru: Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi, Friðrik Stefánsson, framkvæmdastjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, Gróa Sigfúsdóttir, hjúkrunarforstjóri heilsugæslustöðvarinnar í Kópavogi, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Helgi V. Jónsson, formaður samninganefndar f.h. Tryggingastofnunar ríkisins, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneyti, Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneyti, Kristján Guðjónsson, deildarstjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins, Margrét R. Einarsdóttir, formaður SLFÍ, Ólafur Mixa læknir, Páll Gíslason borgarfulltrúi, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Sigþrúður Ingimundardóttir, formaður HFÍ, Sveinn Magnússon heilsugæslulæknir, Þorvaldur Veigar Guðmundsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur.

Þessir aðilar höfðu mjög mismunandi skoðanir á því hver væru vandamál heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og má segja að skoðanir þeirra nái allt frá því að heilsugæsla á svæðinu sé í besta lagi og engu skuli breytt — aðeins haldið áfram á núverandi braut og lokið uppbyggingu heilsugæslustöðva í samræmi við núgildandi lög — til þess að mörgu þurfi að breyta.

Með tillögum nefndarinnar fylgdi eftirfarandi útdráttur varðandi skipulagningu heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu:

Nefndin fékk það hlutverk að kanna reynslu og kostnað af rekstri heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Einnig að gera grein fyrir skipulagsatriðum kerfis sem kæmi í stað núverandi kerfis. Gera grein fyrir stjórnun og kostnaði við slíkt kerfi. Tekið er fram í skipunarbréfinu að kanna skuli hvort hugsanlegt er að reka heilsugæslu með mismunandi

fyrirkomulagi án kostnaðarauka. Einnig með hvaða hætti sérfræðiþjónusta verði hluti af heilsugæsluþjónustu.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að reynsla af heilsugæslustöðvum og þjónustu þeirra sé góð. Rekstur þeirra á höfuðborgarsvæðinu borinn saman við önnur rekstrarform og heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni sé kostnaðarlega hagstæður.

Miklar umræður urðu í nefndinni um skipulagsatriði kerfis sem kæmi í stað núverandi heilsugæslukerfis í Reykjavík. Í nefndinni og meðal viðmælanda nefndarinnar komu fram mjög mismunandi hugmyndir og skoðanir um skipulagsmál.

Allir nefndarmenn voru sammála um að tvískipting rekstrar og ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga eins og nú er rugli ákvarðanatöku og flæki þætti sem varða húsbóndavald og áætlanagerð óþarflega mikið. Rætt var um möguleika á lagfæringu á núverandi kerfi sem vissulega er fær leið. Einnig að ríkið yfirtæki allan rekstur heilsugæslu sem miðað við fólksfjölda sýnist rekstrarlega hagkvæmt, en leiðir hugsanlega til einokunar og býður því ákveðnum hættum heim. Mikill meiri hluti er fyrir því í nefndinni að flytja rekstur heilsugæslu algjörlega til sveitarfélaganna.

Sameiginleg niðurstaða er sú að svokallaðri stjórn heilsugæslu verði falið skipulag og umsjón heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn heilsugæslu sé þannig skipuð að sveitarfélag skipi fjóra menn og formann en ráðherra einn. Sveitarstjórn setji stjórninni starfsreglur sem ráðherra staðfestir. Reiknað er með að innan þessa kerfis yrðu fleiri en ein tegund rekstrareininga. Stjórnin hefði nokkuð frjálsar hendur um skipulag starfsemi. Reiknað er með að kostnaður yrði svipaður og nú. Hver rekstrareining verði rekin sjálfstætt með einn æðsta stjórnanda sem sé ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra stjórnar heilsugæslu og hann síðan ábyrgður fyrir stjórninni. Árlega verði gerð fjárhagsáætlun sem höfð sé til grundvallar við fjárlagagerð og ákvörðun um framlag ríkissjóðs.

Reiknað er með að framlag ríkissjóðs sem hlutfall af áætluðum heildarkostnaði verði ákveðið í fjárlögum árlega. Ráðherra ákveði greiðsluhlutfall sjúklinga sem verði það sama um allt land. Nú er greiðsluhlutfall ríkissjóðs um það bil 85% af stofnkostnaði, 50,5% af áætluðum meðalkostnaði vegna starfsemi almennra heimilislækna, heilsugæslustöðva, heilsuverndarstöðva, heimahjúkrunar, læknastöðva og læknastofa, 56% vegna sérfræðiþjónustu, 67,7% vegna lyfja og 36,9% vegna tannlækna og tannverndarþjónustu. Þetta hlutfall verði ákveðið í fjárlögum árlega. Eins og sést af ofansögðu er til þess ætlast að stjórn heilsugæslu hafi með að gera alla heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa, þar með talið sérfærðiþjónustu og greiðslur fyrir lyf. Stjórnin yfirtekur því að hluta hlutverk sjúkrasamlaga og er í tillögunum reiknað með að sjúkrasamlög verði lögð niður í núverandi mynd.

Eins og fram kemur hér á undan er lögð til sú breyting á stjórn sjúkrasamlaga að stjórn heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu eða öðrum þéttbýlisstöðum geti jafnframt farið með þá stjórn. Því er nauðsynlegt að leggja til breytingar á 38. gr. almannatryggingalaga og er gerð tillaga þar að lútandi í hliðarfrumvarpi.

Eins og á framanrituðu má sjá hefur náðst samkomulag um tillögur varðandi skipan heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum þéttbýlisstöðum í nefnd þeirri sem sérstaklega var falið að vinna að þessu verkefni.

Ráðuneytið sér því ekki ástæðu til annars en að leggja frumvarpið fram óbreytt eins og það kom frá nefndinni þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til þess. Í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæmi Garðabæjar er enn starfað eftir eldri lögum og eins og áður hefur komið fram gildir því í reynd tvenns konar kerfi. Ábendingar hafa komið fram um það að kerfi heilsugæslu, eins og það er skilgreint í gildandi lögum, henti ekki að öllu leyti á þéttbýlissvæðum, sérstaklega þó höfuðborgarsvæðinu, og að opna beri aðrar leiðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Mikil gagnrýni hefur komið fram á heilbrigðismálaráð eftir að ákvæði um þau voru sett í heilbrigðisþjónustulög.

Lagt er til að heilbrigðismálaráð í Reykjavík verði lagt niður.

Um 2. gr.

Með tilliti til þess að stefnt er að meiri samræmingu í stjórn heilsugæslunnar er lagt til að stjórnin beri ábyrgð á allri starfsemi, bæði ráðningu starfsfólks og starfsemi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Um 3. gr.

Með tilliti til þeirra óska, sem settar hafa verið fram um að gefa kost á því að hópar heilbrigðisstarfsmanna geti tekið að sér rekstur heilsugæslu samkvæmt sérstöku samkomulagi við stjórn heilsugæslu, er nauðsynlegt að setja inn ákvæði þess eðlis að reka megi slíka starfsemi í leiguhúsnæði.

Um 4. gr.

Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að orðalag í upphafi 19. gr. um heilbriðgisþjónustu sé stundum rangtúlkað eða túlkað þrengra en ástæða er til og er því lagt til að gerð sé orðalagsbreyting þannig að skýrar sé kveðið á um það að ekki sé nauðsynlegt að binda ákveðna þjónustu við ákveðið húsnæði.

Um 5. gr.

Í núverandi heilbrigðisþjónustulögum er ákvæði um að stjórn á heilsugæslustöðvum sé heimilt að efna til samstarfs ef sveitarfélög óska þess. Bætt er í lögin sérstöku ákvæði til að tryggja að slíkt geti einnig gerst með stjórn heilsugæslu. Í grein 21.4 er að finna það ákvæði í þessum lögum sem mestar breytingar eru tengdar við og það er ákvæði þess eðlis að ef sveitarstjórnir óska eftir sé þeim heimilt að kom á nýju formi stjórna heilsugæslu. Tilgangurinn er að setja á laggirnar stjórn heilsugæslu sem fari með bæði fjármálastjórn, áætlanagerð og yfirstjórn rekstrar allrar þjónustu utan spítala á höfðurborgarsvæðinu. Hér er í raun verið að sameina þá starfsemi sem hefur verið á vegum sjúkarsamlaga, stjórna heilsugæslustöðva og í Reykjavík.

Nefndin telur nauðsynlegt að kveða á um það að rekstrarábyrgð sé í höndum eins aðila í stað þriggja, þ.e. yfirlæknis, hjúkrunarforstjóra og framkvæmdastjóra, eins og nú er. Þetta er gert með tilliti til fjölda ábendinga sem nefndinni hafa borist í viðtölum við ýmsa aðila.

Ekki er ákvæði um neina sérstaka menntun hvorki í læknisfræði né hjúkrun. Reiknað er með að það sé stjórn heilsugæslu sem metur hvaða einstaklingur sé hæfastur til að gegna þessu starfi. Einnig er gert ráð fyrir að það fari eftir stærð viðkomandi vinnustaðar hvort einum af starfsmönnum yrði falið þetta starf eða ráðinn yrði sérstakur starfsmaður til að annast starfið.

Í 6. tölul. 21. gr. er sett ákvæði um að það sé stjórn heilsugæslunnar sem ráði allt starfsfólk, en ekki eins og nú að það séu tveir aðilar, annars vegar heilbrigðisráðherra sem skipar lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, tannlækna og ljósmæður og hins vegar viðkomandi sveitarstjórn sem ræður annað starfsfólk.

Í 7. tölul. 21. gr. er sett inn ákvæði um umboð framkvæmdastjóra fyrir hönd viðkomandi stjórnar að ráða starfslið annað en sérhæft starfslið sem stjórnin ræður beint sjálf.

Í 8. tölul. 21. gr. eru lögð til skýr ákvæði um að heimilt sé að semja við sjúkrahús og heilsugæsluhópa og einstaka heilbrigðisstarfsmenn um rekstur heilsugæslu. Þetta er gert til að reyna að koma á fleiri tegundum slíks rekstrar með það í huga að rekstrarsamanburður fáist þannig að hægt sé að bera saman hagkvæmni hinna ýmsu aðferða.

Í 9. tölul. 21. gr. er kveðið á um með hvaða hætti þessi starfsemi skuli fjármögnuð. Í þessari grein er kveðið á um að öll framlög ríkissjóðs og viðkomandi sveitarfélags renni til stjórnar heilsugæslu.

Í 10. tölul. 21. gr. er gert ráð fyrir að gerð sé fjárhagsáætlun á svipaðan hátt og nú er gert fyrir sjúkrahúsin og er reiknað með að gerð verði áætlun fyrir alla þætti starfseminnar, ekki aðeins heilsugæsluna heldur einnig þætti eins og sérfræðiþjónustu, tannlækningar, lyfjakostnað o.fl.

Í 11. tölul. 21. gr. er sett inn ákvæði þar sem sett er ein prósentutala fyrir skiptingu ríkisins og sveitarfélaga á rekstri heilbrigðisþjónutu utan sjúkrahúsa og er prósentutalan unnin úr þeim útreikningum sem gerðir hafa verið á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélag á árinu 1984. Hér er vitanlega um stefnumarkandi ákvörðun að ræða sem getur haft víðtæk áhrif á verkaskiptingu og tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga í framtíðinni.

Í 12. tölul. 21. gr. er kveðið á um að sjúklingar alls staðar að af landinu greiði sama gjald þannig að ekki geti komið til mismunar milli sjúklinga eftir því hvar á landinu þeir búa.

Um 6. gr.

Verði framangreind ákvæði að lögum þarf að tryggja að ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 59/1983, með breytingu nr. 84/1986, haldi gildi til 1. september 1987.

Ed. 755. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Við 38. gr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:

Á höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlisstöðum, þar sem sveitarstjórn óskar þess, fer stjórn heilsugæslu jafnframt með stjórn sjúkrasamlags.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er hliðarfrumvarp með frumvarpi til laga um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, og fram komið vegna tillagna þess efnis að sveitarstjórnum á höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlisstöðum sé heimilt að fela stjórn heilsugæslu jafnframt stjórn sjúkrasamlags.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59/1983, með síðari breytingum, sem dreift er samhliða þessu frumvarpi.

Sþ. 756. Nefndarálit [317. mál]

um till. til þál. um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsögn flugmálastjóra. Þá komu á fund nefndarinnar Pétur Einarsson flugmálastjóri og Jóhann Jónsson, framkvæmdastjóri flugvalla.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. mars 1987.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm.
Eggert Haukdal.	Guðrún Agnarsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Haraldur Ólafsson.	

Ed. 757. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu William Möller, fulltrúa lögreglustjóra, og Einar Bjarnason og Þorgrím Guðmundsson frá Lögreglumannafélaginu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Stefán Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1987.

Jón Kristjánsson, form, frsm.	Valdimar Indriðason.	Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.	Magnús H. Magnússon.	Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 758. Nefndarálit [170. mál]

um till. til þál. um fjármögnunarfyrirtæki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar breyttrar eins og hún kemur frá nefndinni á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. mars 1987.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson.
Haraldur Ólafsson.	Eggert Haukdal.	Guðrún Agnarsdóttir.
	Birgir Ísl. Gunnarsson.	

Sþ. 759. Breytingartillaga [170. mál]

við till. til þál. um fjármögnunarfyrirtæki.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um fjármögnunarfyrirtæki.

Sþ. 760. Nefndarálit [93. mál]

um till. til þál. um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með því að hún verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1987.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Guðmundur H. Garðarsson.	Eggert Haukdal.	Haraldur Ólafsson.

Sþ. 761. Breytingartillaga [93. mál]

við till. til þál. um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga þá reynslu sem fengist hefur undanfarin ár af hagkvæmni útboða á opinberum framkvæmdum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að setja nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra, m.a. um val á verktökum.

Sþ. 762. Þingsályktun [62. mál]

um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu.

(Afgreidd frá Sþ. 5. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð semji hún frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar sem lagt verði fyrir Alþingi.

Sþ. 763. Þingsályktun [289. mál]

um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1987–1991.

(Afgreidd frá Sþ. 5. mars.)

Alþingi ályktar að á árunum 1987–1991, að báðum meðtöldum, skuli, auk árlegra fjárveitinga til viðkomandi stofnana á fjárlögum, unnið að landgræðslu- og landverndarmálum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

	Fjárveit. þús. kr.	% af fjárv.
1. Verkefni framkvæmd af Landgræðslu ríkisins:		
a. Stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar og sandfoks, gróðureftirlit, gróðurvernd og gróðuraukning		
b. Landgræðsla í samvinnu við bæjar- og sveitarfélög	150 353	56.5
2. Verkefni framkvæmd af Skógrækt ríkisins:		
a. Verndun birkiskóga		
b. Skógrækt á útivistarsvæðum		
c. Skógræktaráætlanir og rannsóknir	34 313	12.90
3. Verkefni framkvæmd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA):		
a. Frærannsóknir		
b. Nýting beitilanda		
c. Gróður- og jarðakort	16 736	6.30
4. Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun:		
a. Fræðslustarf, kynbætur melgresis, birkis og niturbindandi plantna		
b. Rannsóknir á jarðvegseyðingu og ástandi gróðurs		
c. Lúpínurannsóknir		
d. Til ýmissa starfa í þágu gróðurverndar og landgræðslu	8 661	3.30
5. Varnir gegn landbroti af völdum vatna eða sjávar, í umsjá Landgræðslu ríkisins	55 937	21.00
Samtals á 5 árum	266 000	

Fjárhæðin er miðuð við verðlag í desember 1986.
Á framlög áranna 1988–1991 greiðist verðbætur er miðist við framlög ársins 1987.

Nd. 764. Nefndarálit [297. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Pálmi Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Davíð Pétursson.

Sþ. 765. Nefndarálit [225. mál]

um till. til þál. um stofnun ferðamálaskóla.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og kannað þær umsagnir sem um hana bárust. Leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem er að finna á sérstöku þingskjali.

Stefán Valgeirsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Davíð Pétursson.
Árni Johnsen.	Guðrún Helgadóttir.	Jón Kristjánsson.

Sþ. 766. Breytingartillögur [225. mál]

við till. til þál. um stofnun ferðamálaskóla.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða undirbúningi að skipulegri kennslu í ferðamálum. Veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðamannaþjónustu svo að ekki þurfi lengur að sækja grundvallarnám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um kennslu í ferðamálum.

Nd. 767. Frumvarp til laga [410. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Barnið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 17. gr. barnalaganna, nr. 9 frá 15. apríl 1981, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa upp á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felst það að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríksins er heimilað að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmenna á aldrinum 18–20 ára, ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir og enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Er að finna í frumvarpinu ítarleg ákvæði og nánari útfærslu þessarar heimildar. Þá er og tryggingaráði heimilað að kveða upp úrskurð um þetta efni að nánar uppfylltum skilyrðum. Þess skal getið að nefndin fjallaði á fundum sínum um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981, sem flutt er af Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur, þskj. 13. Eru efnisatriði þess frumvarps tekin upp í þetta frumvarp sem allsherjarnefnd flytur, en hér er hins vegar gert ráð fyrir heimild lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar til greiðslu barnalífeyris án þess að valdsmaður úrskurði um það á grundvelli barnalaganna. Þá er í þessu frumvarpi og fjallað um ýmis önnur atriði er varða hlutverk lífeyrisdeildarinnar og tryggingaráðs á þessu sviði. Þótti nefndinni ekki standa efni til að gera breytingar á barnalögum, nr. 9/1981, í þessu skyni.

Ed. 768. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frá upphafi hefur það verið eitt af stefnumiðum Kvennalistans að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi. Því hefur Kvennalistinn í tvígang flutt tillögur til þingsályktunar um staðgreiðslu opinberra gjalda á þessu kjörtímabili en þær hafa ekki verið útræddar. Kostir staðgreiðslukerfis opinberra gjalda eru þeir helstir: Í fyrsta lagi að í slíku kerfi myndast ekki skuld hjá skattgreiðanda, í öðru lagi fylgir innheimta skatta hagsveiflunni hverju sinni og í þriðja lagi má ætla að innheimta skatta verði öllu skilvirkari en nú er. Þess ber þó að gæta að með staðgreiðslukerfi er skattheimtu flýtt frá því sem nú er og ef verðbólga fer hjaðnandi er skattheimtan í reynd hert og því nauðsynlegt að endurskoða skattprósentuna reglulega með hliðsjón af verðbólgu hverju sinni.

Meginágallar þessa frumvarps eru:

Í fyrsta lagi nær það aðeins til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars launamanna. Eðlilegast hefði verið að láta skattkerfisbreytinguna ganga yfir alla beina skattlagningu í landinu í einu, en ekki aðeins hluta hennar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, en í því er ekki tekið á skattlagningu á eignir, fjármagns- og eignatekjur né á skattlagningu fyrirtækja. Miðað við þau rök, sem sett eru fram í athugasemdum með frumvarpinu, þess efnis að einn meginkostur við skattkerfisbreytinguna sé tryggari og skilvirkari innheimta opinberra gjalda, liggur í augum uppi að öllu brýnna er að koma þessari breytingu á hvað varðar skattlagningu á fyrirtæki og fjármagns- og eignatekjur heldur en launatekjur þar sem undanskot frá skatti eru margfalt umfangsmeiri hvað fyrrgreindu tekjurnar varðar. Í frumvarpinu er því byrjað á öfugum enda. Ef svigrúm er ekki fyrir hendi til að láta breytinguna ganga yfir alla beina skattlagningu í einu hefði frá sjónarmiði ríkissjóðs og miðað við áðurgreind rök tvímælalaust átt að byrja á að koma á staðgreiðslu fjármagns- og eignatekna og tekna fyrirtækja en ekki launatekna eins og frumvarpið kveður á um.

Í öðru lagi staðfestir frumvarpið skattlagningu á almennar launatekjur í landinu þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis og núverandi ríkisstjórnar um að afnema í áföngum tekjuskatt af almennum launatekjum.

Í þriðja lagi er ekki ljóst að sú innheimtuaðferð tekjuskattsins, sem lögð er til í frumvarpinu, sé sú skilvirkasta og einfaldasta sem völ er á. Í stað þess að fela vinnuveitendum að innheimta og skila tekjuskattinum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, hefði mátt fela bönkum þetta hlutverk. Auk augljósra kosta hefði það fyrirkomulag þann kost í för með sér að tekjur launamanns væru allar bókfærðar á einum stað sem auðvelda mundi til mikilla muna allt skatteftirlit. Slík tilhögun í staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars er við lýði í Færeyjum og er nánar gerð grein fyrir því fyrirkomulagi í stuttri úttekt á færeyska skattkerfinu sem unnin var hjá embætti ríkisskattstjóra og fylgir þessu áliti.

Þótt þessir megingallar séu á frumvarpinu er ljóst að umtalsverð hagræðing er að því að taka upp þá staðgreiðslu opinberra gjalda sem frumvarpið felur í sér. Fyrsti minni hl. mælir því með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Sú breyting varðar samsköttun hjóna og vísast til nefndarálits um frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt um rökstuðning þeirrar breytingar.

Alþingi, 6. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Örfá orð um færeyska skattkerfið.

Á árinu 1984 var tekið upp í Færeyjum staðgreiðslukerfi skatta. Sá háttur, sem Færeyingar hafa við framkvæmd staðgreiðslunnar, er að ýmsu leyti frábrugðinn framkvæmd annarra þjóða. Meginmunurinn felst í annars konar innheimtukerfi, sem sé því að öll laun eru greidd í gegnum banka. Launagreiðandi skal tilkynna bankanum hver séu brúttólaun launamanns og sér þá bankinn um að reikna út tekjuskatt til ríkis og sveitarfélags, draga skattinn af launum, auk annars frádráttar sé um slíkt að ræða, og greiða launamanni afganginn inn á bankareikning.

Kostirnir við þetta fyrirkomulag eru margs konar: Frá sjónarhóli launagreiðanda er þetta til mikilla þæginda þar sem hann þarf ekki að reikna út skattgreiðslur heldur nægir honum aðeins að skila til viðskiptabanka síns lista yfir þá launamenn sem hann greiðir laun og tilgreina brúttólaun hvers þeirra um sig.

Þetta fyrirkomulag er einnig til verulegra þæginda fyrir launamenn. Þeir fá laun sín ætíð inn í banka og geta betur treyst því að útreikningur afdráttarins sé réttur heldur en ef launagreiðandi annaðist hann sjálfur. Þá er það einnig kostur fyrir launamenn að treysta má því að skatti sé skilað í færeyska landssjóðinn en hann ekki notaður til þarfa launagreiðanda. Þannig losna launamenn við ýmiss konar óþægindi sem hljótast af því þegar innheimtumenn ganga að eignum þeirra til lúkningar bókfærðri skuld.

Landssjóður hefur verulegt hagræði af þessu fyrirkomulagi. Í fyrsta lagi eru tryggð skil á afdregnum skatti. Í öðru lagi auðveldar þetta mjög verulega skatteftirlit þar sem allar launagreiðslur fara án nokkurs vafa í gegnum banka. Í þriðja lagi ættu að geta verið fyrir hendi nokkuð áreiðanlegar hagrænar upplýsingar sé áhugi á að nota slíkt.

Álagningarkerfið sjálft byggist á svokallaðri „samsöfnunarreglu“ (kumulatívri reglu). Við hverja útborgun launa eru lagðar saman allar launagreiðslur fram að þeim tíma og síðan reiknaðar upp í árstekjur. Skattur er síðan reiknaður eins og um heilsárstekjur væri að ræða en bakreiknaður til tímabilsins og tekið tillit til þess skatts sem inntur hefur verið af hendi af fyrri launagreiðslum ársins. Með þessari aðferð næst mikil nákvæmni í skattákvörðun en útreikningurinn þykir flókinn fyrir venjulega launagreiðendur. Hjá Færeyingum kemur það ekki að sök þar sem launagreiðandi þarf ekki sjálfur að annast útreikninginn.

Það fyrirkomulag á útreikningi skattgreiðslu opinberra gjalda, sem nú liggur fyrir Alþingi, er allmjög frábrugðið því álagningarkerfi sem Færeyingar nota. Telja verður líklegt að róttæk endurskoðun yrði að fara fram á þeim frumvörpum, sem nú liggja fyrir Alþingi, væri fyrirhugað að koma á sams konar kerfi og Færeyingar hafa. Enn fremur yrði að breyta verulega ýmum öðrum lagaákvæðum.

Yrði farið út í að greiða öll laun í gegnum banka, sem einnig mundu annast útreikning skatta af launagreiðslum, draga þær af og skila til ríkis og sveitarfélaga, er full ástæða til að velta fyrir sér hvort þá væri ekki tilefni til að útvíkka kerfið og taka aðra hluti inn í, svo sem frádrátt lífeyrissjóðstillags, orlofsfjár, stéttarfélagsgjalds, meðlags, skyldusparnaðar og annarra greiðslna sé um slíkt að ræða. Með þessum hætti mundi launamaður fá eina skilagrein yfir alla frádrætti, sem einnig yrði kvittun fyrir öll greidd gjöld og skatta. Bankar, eða reiknistofa bankanna, mundi þannig annast innheimtu allra þessara gjalda með einu innheimtukerfi í stað þess fyrirkomulags sem nú ríkir.

Ed. 769. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK).

Við 13. gr. Greinin falli brott.

Ed. 770. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er flutt í tengslum við frumvarp um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarp um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Með vísan til nefndarálita og breytingartillagna, sem fluttar eru af 1. minni hl. við fyrrgreind frumvörp, leggur 1. minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt, en vekur jafnframt athygli á að nauðsynlegt er að endurákvarða prósentu hækkunar reiknaðs endurgjalds manna í sjálfstæðum atvinnurekstri í samræmi við almennar tekjubreytingar milli áranna 1986 og 1987 þegar þær tekjubreytingar liggja ljósar fyrir.

Alþingi, 6. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 771. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið, sem er flutt í tengslum við frumvarp um staðgreiðslu opinberra gjalda, felur í sér víðtækar breytingar á álagningu skatta á tekjur launamanna. Þótt þjóðarsátt kunni að ríkja um staðgreiðslu opinberra gjalda er fráleitt að slík sátt sé um þær breytingar á álagningu tekjuskatts sem frumvarpið felur í sér.

Megineinkenni frumvarpsins eru:

Í fyrsta lagi, einföldun á álagningarkerfi tekjuskatts með afnámi gildandi frádráttarliða, einu skattþrepi og skattprósentu og einum föstum persónuafslætti. Þótt einföldun álagningarkerfisins sé í sjálfu sér æskileg er sú mikla einföldun sem frumvarpið gerir ráð fyrir hvorki réttlát né nauðsynleg forsenda staðgreiðslukerfisins eins og haldið er fram í athugasemdum með frumvarpinu. Í öðrum löndum, þar sem staðgreiðslukerfi er notað, eru ýmsir frádráttarliðir í gildi og tekið tillit til þeirra í skattkorti viðkomandi. Jafnframt hefur þessi mikla einföldun í för með sér að svigrúm til að hafa hliðsjón af mismunandi aðstæðum launamanna er verulega skert og þau tekjujöfnunaráhrif, sem álagning tekjuskatts hefur hingað til haft, eru fyrir borð borin.

Í öðru lagi felur frumvarpið í sér tilflutning á skattbyrði frá einhleypingum og barnlausum hjónum yfir á barnafjölskyldur. Þetta kemur glöggt fram sé skoðuð áætlun um vaxtaafslátt 1987 eftir fjölskyldum (sjá fylgiskjal), enda felur frumvarpið í sér niðurfellingu á giftingarfrádrætti, skerðingu á ónýttum persónuafslætti maka, vaxtaafslátt í stað vaxtafrádráttar og húsnæðisbætur sem eru jafnháar til einhleypinga og til hjóna og greiðast einungis

til þeirra sem byggja í fyrsta sinn án tillits til fjölskyldustærðar. Þar sem þær barnabætur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, vega ekki þungt í afkomu heimilanna og frumvarpið sniðgengur að öðru leyti fjölskyldustærð skattgreiðanda felur það í sér að skattbyrði barnafjölskyldna verður óréttlátlega þung miðað við skattbyrði annarra. Jafnframt flytur frumvarpið skattbyrðina frá hátekjuhópum til millitekjuhópa þar sem með einni skattprósentu, í stað stighækkandi prósentu, er að öðru óbreyttu verið að færa skattbyrðina frá þeim sem hæstar tekjur hafa til þeirra sem meðaltekjur hafa og ekki njóta til fulls hærri skattleysismarka.

Í þriðja lagi virðist sjónarhóll frumvarpsins vera ríkissjóður fremur en hagur þess fólks sem við álagningarákvæði þess á að búa. Þeir útreikningar, sem frumvarpið byggist á, miðast við að afkoma ríkissjóðs verði svipuð og í núgildandi skattkerfi og launamönnum síðan komið fyrir innan þess ramma. Upphæðir persónuafsláttarins og húsnæðisbótanna eru ákvarðaðar með þetta í huga en ekki hvernig þessir frádráttarliðir nýtast mismunandi tekjuhópum. Jafnframt hefur í störfum fjárhags- og viðskiptanefndar komið fram að þeir útreikningar, sem að baki frumvarpinu liggja, eru mjög takmarkaðir og ónákvæmir, bæði hvað varðar þann grunn sem þeir byggjast á og einnig áætlanir um einstaka kostnaðarþætti. Skynsamlegast hefði því verið að vinna frumvarpið betur og leggja það fram að nýju á komandi haustþingi á traustari tölulegum grunni, enda ljóst að þess þings bíður óhjákvæmilega gagnger endurskoðun á ákvæðum frumvarpsins. Það er núverandi fjármálaráðherra hins vegar greinilega pólitískt kappsmál að koma frumvarpinu í gegn með fulltingi meiri hluta Alþingis áður en gengið verður að kjörborðinu í vor og eðlileg skynsemi í vinnubrögðum því ekki á dagskrá að þessu leytinu til. Ekki er því um annað að ræða en að sníða verstu vankantana af frumvarpinu nú og í því skyni flytur 1. minni hl. eftirfarandi breytingartillögur við frumvarpið:

1. Niðurfelling samsköttunarákvæða og auknar greiðslur barnabóta. Í frumvarpinu er gengið lengra en áður í þá átt að veita tekjuhærri maka afslátt frá skatti fyrir að hafa tekjulægri eða tekjulausan maka á framfæri sínu, óháð fjölskyldustærð. Þessi samsköttunarregla brýtur í bága við sérsköttunarreglu skattalaganna og er makalaus óvirðing við fjárhagslegt sjálfstæði tekjulægri eða tekjulausa makans, í flestum tilfellum heimavinnandi kvenna. Fjárhagslegt sjálfstæði allra einstaklinga, án tillits til kynferðis og hjúskaparstöðu, er grundvallaratriði í þeirri viðleitni að tryggja jafnrétti kvenna og karla hér á landi og því ber að virða það í skattalögum sem og öðrum lögum. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af fjölskyldustærð skattgreiðenda í skattalögum og því liggur beinast við að nýta þá fjármuni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fari til samsköttunar, til hækkunar barnabóta. Er lagt til að þeim 1750 millj. króna, sem samkvæmt frumvarpinu og gildandi skattalögum yrði varið til samsköttunar hjóna, sé þess í stað varið til hækkunar barnabóta. Er hér um nærfellt 100% hækkun barnabóta að ræða, bætur með fyrsta barni hækka úr 12 625 kr. í 24 900 kr. og bætur með hverju barni umfram eitt úr 18 910 kr. í 37 295 kr.

Með þessu móti er fjárhagslegt sjálfstæði heimavinnandi virt í skattalögum, greiðslum fyrir unnin störf er skilað til þeirra í stað þess að maki þeirra fái afslátt fyrir að hafa heimavinnandi á framfæri sínu og meiri hliðsjón er höfð af fjölskyldustærð í lögunum. Það er brýn nauðsyn miðað við þá hlutfallslegu þyngingu á skattbyrðar barnafjölskyldna sem frumvarpið felur í sér.

2. Námsafsláttur. Í frumvarpinu er skattbyrði þeirra, sem fara í langskólanám, þyngd sérstaklega með niðurfellingu á námsfrádrætti, niðurfellingu á uppsöfnun eftirstöðva námsfrádráttar til lækkunar á tekjuskattsstofni eftir nám og staðgreiðslu skatta á fyrsta tekjuári eftir nám. Eins og að framan greinir er niðurfelling frádráttarliða engan veginn forsenda staðgreiðslukerfis skatta og til að mæta aðstæðum þessa hóps er lagt til að námsmenn, sem náð hafa 20 ára aldri og tekið verðtryggð lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna til námsins, skuli njóta sérstaks námsfrádráttar frá tekjuskatti á fyrsta tekjuári eftir nám að

upphæð 18 000 kr. Þessi upphæð tekur mið af óráðstöfuðum námsfrádrætti við álagningu 1986, en í stað þess að dreifa afslættinum á nokkur ár er þessi upphæð margfölduð með þremur, greidd út á einu ári og nýtist námsmanni í eitt skipti til að vega upp á móti þeirri þyngingu skattbyrði sem afnám námsfrádráttar og staðgreiðsla skatta á fyrsta tekjuári eftir nám felur í sér.

3. Húsnæðisbætur. Í frumvarpinu er vaxtafrádráttur vegna húsnæðiskaupa afnuminn og þess í stað gert ráð fyrir sérstakri greiðslu húsnæðisbóta til þeirra sem eru að kaupa húsnæði í fyrsta sinn. Það er álitamál hvort taka eigi með beinum hætti á húsnæðismálum í skattalögum, lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins kunna að vera öllu heppilegri vettvangur. Bent skal á að ná má sömu markmiðum og frumvarpið gerir ráð fyrir með því að lækka vexti af lánum Húsnæðisstofnunar til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn um u.þ.b. 1,5%. Samkvæmt gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er ákvörðun vaxta af lánum hennar í höndum ríkisstjórnar og því þarf ekki lagabreytingu til að ná þessu markmiði.

Hins vegar er það í engu samræmi við veruleikann í húsnæðismálum hér á landi að taka aðeins tillit til þeirra sem eru að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn. Flestir þurfa fleiri en eina atrennu til að komast í fullnægjandi húsnæði, eins og reynslan sannar. Miðað við núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem veita þeim sem kaupa í fyrsta sinn öllu hærra lán en öðrum og taka ekkert tillit til fjölskyldustærðar húskaupenda, má ætla að erfiðasti þröskuldurinn við öflun húsnæðis sé önnur og þriðja atrenna barnafjölskyldna til að komast í viðunandi húsnæði. Því er lagt til að ákvæðið um sérstakar húsnæðisbætur nái fyrst og fremst til þeirra sem búa í ófullnægjandi húsnæði miðað við fjölskyldustærð samkvæmt reglum sem húsnæðismálastjórn setur þar um. Með þessu er komið til móts við þær staðreyndir að fæstum tekst að komast í fullnægjandi húsnæði í fyrstu atrennu, að húsnæði þrengist eftir því sem börnum fjölgar og að núgildandi húsnæðislög taka ekki tillit til fjölskyldustærðar heldur til þess í hvaða skipti viðkomandi festir kaup á húsnæði. Jafnframt er tekið mið af þeirri staðreynd að frumvarpið eykur hlutfallslega skattbyrði barnafjölskyldna og því er brýnt að taka sérstakt tillit til þeirra einnig að þessu leyti.

4. Framreikningur bóta- og afsláttarliða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að upphæðir persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, barnabóta, barnabótaauka og húsnæðisbóta séu framreiknaðar tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu. Á meðan verðbólga er einhver hér á landi rýrna þessar fjárhæðir sem henni nemur á reikningstímabilinu. Til að sporna við slíkri rýrnun þessara bóta- og afsláttarliða er nauðsynlegt að reikna upphæð þeirra, og þess námsafsláttar sem tillaga er gerð um, oftar og því er lagt til að það verði gert mánaðarlega í stað tvisvar á ári.

5. Tvö skattþrep og hækkun skattleysismarka. Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur einnig mjög mikilvægt að hækka skattleysismörk frá því sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu þannig að tekjuskattur af meðaltekjum og þaðan af lægri verði afnuminn. Til að mæta því tekjutapi ríkissjóðs, sem af hlytist, er eðlilegt að hafa skattþrep hins nýja kerfis tvö og leggja hærri skattprósentu á tekjur ofan ákveðins marks. Þar sem enn er ekki ljóst hvernig skattlagningu á eigna- og fjármagnstekjur verður háttað, en þær eru þáttur heildartekna launamanna, leggur 1. minni hl. ekki fram tillögur nú um hvar skuli draga mörkin í þessu efni né hversu há skattprósenta efra skattþreps skuli vera. Slík tillögugerð bíður til upphafs næsta þings og þeirrar endurskoðunar sem þá mun óhjákvæmilega fara fram á ákvæðum þessa frumvarps, enda liggi þá fyrir ítarlegri upplýsingar en nú um tekjur landsmanna og álagningu annarra beinna skatta.

Með þeim breytingum, sem hér er greint frá og tillögur eru gerðar um á sérstöku þingskjali, leggur 1. minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Þjóðhagsstofnun:

Áætlun um vaxtaafslátt 1987 eftir fjölskyldum.
(Í þús. kr.)

	Fjöldi með vaxta-frádrátt	Meðal-tekjur 1985	Meðal-vaxta-frádráttur 1985	Meðal-skatta-lækkun 1986
Hjón án barna	2 802	774	127	24
Hjón með eitt barn	4 153	870	125	27
Hjón með tvö börn	4 867	860	123	36
Hjón með þrjú börn o.fl.	3 136	871	106	37
Hjón samtals	14 958	849	121	31
Einhleypir	3 830	515	111	21
Einstæðir með eitt barn	344	541	150	32
Einstæðir með tvö börn	112	410	149	27
Einstæðir foreldrar	457	506	149	31
Allir framteljendur	19 245	774	120	29

	Fjöldi með vaxta-frádrátt	Áætlaðar meðal-tekjur 1987	Áætlaður meðal-vaxtafrádr. 1987	Áætlaður vaxta-afsláttur 1987
Hjón án barna	2 802	1 254	182	28
Hjón með eitt barn	4 153	1 409	179	24
Hjón með tvö börn	4 867	1 393	176	24
Hjón með þrjú börn o.fl.	3 136	1 411	152	16
Hjón samtals	14 867	1 375	173	23
Einhleypir	3 830	834	159	30
Einstæðir með eitt barn	344	876	215	46
Einstæðir með tvö börn	112	664	213	50
Einstæðir foreldrar	457	820	213	47
Allir framteljendur	19 245	1 254	172	26

Hér er byggt á athugun sem Reiknistofnun Háskólans gerði að beiðni Þjóðhagsstofnunar í október s.l. á framtölum 1986. Tekjur ársins 1985 voru reiknaðar fram til ársins 1987 með hækkun um 62%. Vaxtafrádrátturinn var hins vegar færður fram til ársins 1987 með hækkun lánskjaravísitölu frá 1985 til áætlunar 1987, eða um 43%.

Ed. 772. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK).

1. Við 3. gr. bætist tvær nýjar mgr. er orðist svo:
   a. B-liður 1. mgr. 30. gr. laganna breytist þannig:
      1. Í stað orðanna „hjá einstaklingi og 114 750 kr. hjá hjónum“ í 1. málsl. 2. tölul. komi orðin: hjá hverjum manni.
      2. Í stað orðanna „hjá einstaklingi og 91 800 kr. hjá hjónum“ í síðari málsl. 4. tölul. komi orðin: hjá hverjum manni.
   b. 3. mgr. 30. gr. laganna breytist þannig:
      Orðin „eða meira ef um einstakling er að ræða en 18 360 000 kr. ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut“ í lokamálslið falli niður.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verði á 63. gr. laganna:
   a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:
      Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. 30. gr.
   b. 2. tölul. 1. mgr. falli niður.
   c. 2. og 3. mgr. greinarinnar falli brott.
3. Á eftir 7. gr. komi ný gr. svohljóðandi:
   64. gr. laganna orðist svo:
   Barnabætur skv. 69. gr. skulu skiptast milli hjóna og miðast við tímabil framfærsluskyldu. Sé svo ástatt að annað hjóna er skattskylt hér á landi skv. 1. gr. en hitt ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skal hið fyrrnefnda njóta helmings barnabóta skv. A-lið 69. gr. eftir því sem við á.
   Ákvæði fyrri málsgreinar skulu eiga við um karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.
4. Við 8. gr. Framan við greinina bætist ný mgr. svohljóðandi:
   Orðin „skattlagðir sem“ í fyrri mgr. 65. gr. laganna falli niður.
5. Við 10. gr.
   a. 2. málsl. 2. efnismgr. A-liðar orðist svo: Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður.
   b. 3. og 4. málsl. 2. efnismgr. A-liðar falli brott.
   c. Við greinina bætist nýr stafliður, C, svohljóðandi:
      Námsmenn, sem ljúka námi á því ári sem þeir verða 20 ára eða síðar og tekið hafa verðtryggð námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, skulu njóta sérstaks afsláttar, námsafsláttar, er veittur skal frá tekjuskatti í eitt ár talið frá og með 1. næsta mánaðar eftir að námi lýkur. Námsafsláttur skal vera 1500 kr. á mánuði. Hefji maður, sem notið hefur námsafsláttar, nám að nýju skapar það nám ekki rétt til skattafsláttar.
      Í stað þess að draga námsafslátt frá álögðum tekjuskatti vegna tekjuársins getur fjármálaráðherra ákveðið að ríkissjóður greiði þeim sem rétt eiga á námsafslætti ársfjórðungslega á tekjuárinu fjárhæð sem svarar til áunnins námsafsláttar, þó aldrei hærri fjárhæð en viðkomandi hefur sannanlega greitt upp í tekjuskatt samkvæmt

lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Greiðsla samkvæmt þessari málsgrein skal koma til frádráttar námsafslætti við álagningu tekjuskatts. Nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun á móti staðgreiðslu, vottorð og þess háttar, skuldajöfnun á móti vangoldnum opinberum gjöldum o.fl., skulu settar í reglugerð.

6. Við 11. gr.
   a. Í stað „12 625 kr.“ og „18 910 kr.“ í 1. og 2. mgr. 1. tölul. A-liðar komi: 24 900 kr. og 37 295 kr.
   b. Í stað „3. mgr. 63. gr.“ í síðari másl. 6. mgr. 1. tölul. A-liðar komi: síðari mgr. 64. gr.
   c. 1. tölul. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
      Viðkomandi búi í íbúð sem telst ófullnægjandi miðað við fjölskyldustærð hans samkvæmt reglum sem húsnæðismálastjórn setur þar um.
   d. Í stað „3. mgr. 63. gr.“ í 5. mgr. B-liðar komi: síðari mgr. 64. gr.
7. Við 18. gr. Í stað orðanna „tvisvar á ári“ í 1. efnismgr. komi: mánaðarlega.

Ed. 773. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Skattkerfisbreytingin, sem felst í þessu frumvarpi og þremur fylgifrumvörpum, felur ekki í sér almenna skattalækkun fyrir launamenn; sumir fá þyngri skatt en áður og á öðrum minnkar skattbyrðin. Breytingin felst hins vegar í verulegri *einföldun* álagningar og *staðgreiðslu* skattanna. Hvort tveggja er ágætt svo langt sem það nær, en ríkisstjórnin er áfram óralangt frá því marki, sem hún setti sér í upphafi ferils síns, að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum.

Það er stærsti ágallinn á þessum frumvörpum um nýtt skattkerfi að ekki er látið eitt yfir alla ganga, fyrirtæki jafnt sem einstaklinga, með einföldun og staðgreiðslu tekjuskatts á fyrirtæki og álagningu á brúttóhagnað þeirra hliðstætt því sem nú verður hjá launafólki, að brúttótekjur þess verða skattlagðar og flestir frádráttarliðir hverfa. Með afnámi hinna fjöldamörgu frádráttarheimilda, sem fyrirtæki eiga völ á til að lækka skattstofn, yrði heildarskattsstofninn, sem lagt væri á, verulega miklu stærri og gerði það hvort tveggja mögulegt: að lækka skatthlutfall félaga og afla ríkissjóði aukinna tekna sem numið gætu um 1000–1500 millj. kr.

Í meðfylgjandi tillögum, sem undirritaður leggur hér fram fyrir hönd þingflokks Alþýðubandalagsins, er að því stefnt

- *að auka skatttekjur ríkissjóðs af fyrirtækjum um 1200 millj. kr;*
- *að minnka um leið skattbyrði á almennum launatekjum um sömu upphæð;*
- *að hækka skattfrelsismörk einstaklinga sem svarar til 38 þús. kr. mánaðartekna úr 33 þús. kr. sem frumvörp ríkisstjórnarinnar eru miðuð við;*
- *að draga úr skattbyrði á almennum launatekjum á tekjubilinu frá 38 þús. kr. til 50 þús. kr. mánaðartekna* sem svarar til þess að einungis útsvar sé lagt á þessar tekjur en enginn tekjuskattur;
- *að minnka nokkuð skattbyrði launatekna á tekjubilinu frá 50 upp í 70 þús. kr.* miðað við mánuð en þar fyrir ofan mundu áhrif þessarar skattalækkunar fara dvínandi og deyja út þegar kæmi upp fyrir 100 þús. kr. tekjur.

Þessum markmiðum tillagna okkar yrði náð með því að lækka eða fella niður eftirfarandi heimildir sem fyrirtækjum eru veittar í skattalögum til að gera skattstofn sinn sem minnstan:

1. 10% af matsverði vörubirgða;
2. 5% af útistandandi viðskiptaskuldum;
3. framlög í fjárfestingarsjóði;
4. afskriftir sem ekki eru í neinu samræmi við endingartíma eignanna;
5. framlög í varasjóð.

Samkvæmt þessum tillögum eru afskriftir færðar í fyrra horf eins og þær voru fyrir valdaskeið núverandi ríkisstjórnar og reiknað er með að heimildir til að draga hluta af andvirði vörubirgða og útistandandi viðskiptaskulda falli niður í áföngum á næstu þremur árum.

Skattalækkun í þágu launafólks fælist í því að skatthlutföll yrðu tvö, 33% upp að 50 þús. kr. mánaðartekjum en 38% á tekjur sem væru þar umfram. Jafnframt yrði persónuafsláttur hækkaður úr 11 500 kr. samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar í 12 540 kr.

Til viðbótar er hér lagt til *að leigjendur fái sömu húsnæðisbætur og húsbyggjendum eru ætlaðar.* Leigjendur hafa notið þess undanfarin ár að mega draga hálfa húsaleigu frá við álagningu tekjuskatts. Um 1600 leigjendur nýttu sér þetta við seinustu álagningu og fengu um 60 millj. kr. frádrátt. Að sjálfsögðu er fráleitt að greiða húseigendum húsnæðisbætur en leigjendur fái alls ekki neitt og missi það litla sem þeir höfðu í frádrátt. *Oftast eru leigjendur verr settir í húsnæðismálum en aðrir. Það væri því hneyksli ef þeir gleymdust þegar byrjað er í fyrsta sinn að greiða út húsnæðisstyrki, en að því stefnir að öllu óbreyttu.*

Þá er ljóst að fjölmargir húsbyggjendur með þunga vaxtabyrði koma verr út úr þessu nýja kerfi en því gamla. Á það ekki síst við þá sem fóru illa út úr misgengi lána og launa á árunum 1983–84. Því eru hér gerðar tillögur sem fela það í sér að skattafsláttur vegna vaxtagreiðslna, sem tengjast kaupum eða byggingu eigin íbúða fyrir 1987, verði hliðstæður vaxtafrádrætti samkvæmt núgildandi kerfi og verði m.a. ekki bundinn við sex næstu ár eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir.

Við þessa kerfisbreytingu úr skattlagningu eftir á yfir í staðgreiðsluskatt er mikil hætta á að sumir tapi miklu á breytingunni en aðrir stórgræði.

Þannig er til dæmis um þá sem fara til náms á þessu ári en koma svo aftur til vinnu næsta ár. Í ár eru þeir að greiða skatt af tekjum liðins árs en hefðu að öllu óbreyttu verið skattlausir næsta ár vegna tekjuleysis í ár og þannig bætt sér upp launamissi í eitt ár. Nú lenda þeir beint inn í staðgreiðslu næsta árs. Auðvelt á að vera að veita þeim, sem þannig stendur á fyrir, sérstaka ívilnun við álagningu skatta 1988, en heimild til leiðréttingar af þessu tagi á helst heima í frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 4. gr., en þar er einmitt fjallað um endurmat á tekjum ársins 1987.

Í 4. gr. nefnds frumvarps er heimild veitt til að leggja skatt á reiknað endurgjald atvinnurekenda vegna eigin starfa á árinu 1987 ef fjárhæðin fer fram úr 25% af endurgjaldi ársins 1986 að teknu tilliti til breytinga á lánskjaravísitölu milli áranna 1986 og 1987. Hér er dæmi um menn sem eru húsbændur sjálfs sín og ákveða sjálfum sér laun. Þeir geta hagnast verulega á skattkerfisbreytingunni með því að ætla sjálfum sér há laun árið 1987 en síðan lægri laun árið eftir.


Með ákvæði frumvarpsins er reynt að takmarka skattlausar tekjur sem þannig eru fengnar við 25% ef ekki er sýnt fram á að tekjuhækkun sé fengin með auknu vinnuframlagi. Nær væri að hafa hlutfallið 10% að hámarki og er hér gerð tillaga um það á sérstöku þingskjali.

Á tveimur súluritum, sem birt eru hér sem fylgiskjal, má sjá álagðan tekjuskatt á mismunandi mánaðartekjur, annars vegar samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar og hins vegar samkvæmt tillögum þingflokks Alþýðubandalagsins.


Alþingi, 5. mars 1987.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal.



Súluritið sýnir tekjuskatt miðað við mánaðartekjur frá 38–128 þús. kr., annars vegar eftir væntanlegri tillögu Alþýðubandalagsmanna (dekkri súlurnar) og hins vegar eftir tillögu ríkisstjórnarinnar. Skattbyrðin verður um 3% lægri allt upp í 70 þús. kr. mánaðartekjur, sem samsvarar 4% hækkun ráðstöfunartekna, en þegar kemur vel yfir 100 þús. kr. mánaðartekjur hverfur þessi munur og þar fyrir ofan snýst dæmið við og skatturinn þyngist í vaxandi mæli, eftir því sem tekjurnar verða meiri.



Súluritið sýnir fjögur dæmi um álagðan tekjuskatt miðað við mánaðartekjur einstaklinga, annars vegar eftir tillögu Alþýðubandalagsins (lægri og dekkri súlur) og hins vegar eftir tillögu ríkisstjórnarinnar. Í tillögu Alþýðubandalagsins er miðlungstekjum hlíft ólíkt betur, enda nær algert skattleysi upp í 38 þús. kr. tekjur og aðeins útsvar er á lagt á bilinu frá 38 þús. til 50 þús. kr. mánaðartekjur. Þessi skattalækkun samsvarar um 3% af brúttótekjum á þessu tekjubili og þegar tekið er með í reikninginn, að skattalækkun er tekjuviðbót, sem ekki er skattlögð, verður hækkun ráðstöfunartekna rúm 4%.

Sþ. 774. Tillaga til þingsályktunar [411. mál]

um aðgerðir í landbúnaðarmálum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að marka skýra stefnu í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðar og felur ríkisstjórn og landbúnaðarráðuneyti að beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum:

Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, verði tekin til endurskoðunar. Aðlögunartími laganna verði lengdur um fimm ár og útflutningsbótarétti breytt í samræmi við það.

Langtímastefna í landbúnaðarmálum verði miðuð við landkosti, framleiðsluáætlanir og búvörusamninga er gerðir verði til fimm ára svo að dregið sé úr þeirri óvissu sem bændur búa nú við um afkomu sína og framtíð.

Sérstök áhersla verði lögð á nýja atvinnumöguleika í sveitum og nýjar búgreinar á grundvelli svæðaskipulags fyrir byggðirnar. Ráðgjafarþjónusta og önnur fræðslustarfsemi fyrir bændur verði stóraukin og stuðlað sem mest að heimaöflun aðfanga í búrekstri.

Starfsemi Framleiðnisjóðs verði endurskoðuð og sjóðnum mörkuð stefna sem miðar að eflingu byggðar í sveitum frekar en að fækkun bænda. Stuðla ber að búháttabreytingum og nauðsynlegum kynslóðaskiptum með eflingu Jarðasjóðs og Lífeyrissjóðs bænda og verði bændum gert kleift að taka lífeyri við 65 ára aldur eftir 30 ára búskap. Frekar en að grisja byggð á tilviljunarkenndan hátt ber að auðvelda bændum á jörðum sem verr eru fallnar til búskapar að breyta búskaparháttum til samræmis við aðstæður eða að flytja sig yfir á jarðir með betri búskaparaðstöðu. Í þessu skyni verði úttekt gerð á aðstöðu til búrekstrar um land allt. Jafnframt þarf að meta áhrif framleiðslusamdráttar í landbúnaði á atvinnulíf í þéttbýli víðs vegar um land.

Stuðla ber að hóflegu verði á íslenskum landbúnaðarafurðum innanlands með því að tryggja sem jafnast niðurgreiðslustig er verði ekki lægra en verið hefur að meðaltali seinustu tíu árin. Markvisst verði unnið að því að lækka vinnslu- og dreifingarkostnað en úrvinnslu verði sem mest haldið á framleiðslusvæðunum. Söluskattur, virðisaukaskattur eða önnur tegund veltuskatts verði ekki lögð á matvæli og smásöluálagning á kjötvörur verði lækkuð.

Reglugerð landbúnaðarráðherra frá 29. október 1986, um fullvirðisrétt sauðfjárbænda, verði tafarlaust endurskoðuð. Taka ber fullt tillit til aðstæðna og sérstaklega ber að rétta hlut bænda með litla framleiðslu, svo og að hlífa frumbýlingum sem fengið hafa stofnlán og fjárfest hafa á undanförnum árum í samræmi við búmark.

Unnið verði að því að gjörbreyta sölufyrirkomulagi á lamba- og kindakjöti, innan lands og utan, með fjölbreyttari úrvinnslu og umbúðum bæði fyrir neytendur og mötuneyti. Auðvelda ber nýjum útflutningsaðilum að fást við útflutning á kjöti. Innflutningur á mjólkur- og kjötvörum verði ekki leyfður og eftirlit með ólöglegum innflutningi á landbúnaðarvörum stórhert.

Meðan afkoma bænda er jafnerfið og raun ber vitni verði sjóðagjöld landbúnaðarins lækkuð, m.a. framlög í Stofnlánasjóð.

Greinargerð.

Ískyggilegt útlit blasir við í landbúnaðarmálum. Neysla lambakjöts hefur dregist saman og kjör bænda hafa verið stórskert. Ljóst er að ríkjandi stefna stjórnvalda í landbúnaðarmálum hefur vaxandi vandamál í för með sér. Fyrirskipuð skerðing á framleiðslurétti bænda kemur afar ójafnt niður og harðast verða þeir úti sem nýlega eru byrjaðir búskap eða hafa verið að breyta um framleiðslu innan búmarksins. Fjöldamargir bændur sjá fram á gjaldþrot.

Undanfarnar vikur hafa bændur efnt til funda um land allt þar sem krafist hefur verið stefnubreytingar af hálfu stjórnvalda. Samt er ekki að sjá að ríkisstjórnin hafi nokkur áform uppi um breytta stefnu og samdráttaraðgerðum er áfram haldið með tilviljunarkenndum árangri og oft hrikalegum afleiðingum.

Nýjasta framlag ríkisstjórnarinnar til hagsmunamála bænda er gróf íhlutun forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar, í ákvörðun vegna launaliðar bænda í verðlagsgrundvelli 1. mars s.l. Þrátt fyrir einróma niðurstöðu sexmannanefndar, bæði af hálfu fulltrúa neytenda og bænda, um áhrif nýgerðra kjarasamninga til hækkunar á launalið bænda krafðist ríkisstjórnin þess að löglegri ákvörðun nefndarinnar yrði frestað. Þó er ljóst að mikill meiri hluti bænda er í hópi lágtekjumanna og í lögum er beinlínis fyrirskipað að launaliður í verðlagsgrundvelli skuli miðaður við almennt kaupgjald. Hér er því gerð enn ein tilraun til að rýra hlut bænda.

Engan þarf að undra þótt bændur hafi þungar áhyggjur af framtíð stéttar sinnar. Svo að dæmi sé tekið úr einróma samþykkt geysifjölmenns bændafundar í Skagafirði 11. janúar s.l. var vandanum lýst þar með þessum orðum:

„Ljóst er að ef gengið verður áfram jafnhratt í samdrætti sauðfjárframleiðslunnar blasir við byggðabrestur í fjölmörgum sveitum, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir landsbyggðina og samfélagið í heild, bæði efnahagslega og félagslega séð.

Nú er ljóst að svo ör samdráttarstefna, sem mörkuð var með nýju búvörulögunum, stenst ekki nema menn ætli vitandi vits að setja heila landshluta í auðn sem á engan hátt var ætlast til við setningu laganna. Því er algjör nauðsyn að staldra nú við, gefa lengri tíma til aðlögunar og nýrrar uppbyggingar. Fimm ár í viðbót er lágmarkstími til frekari aðlögunar.“

Í tillögu þessari, sem flutt er af sex þingmönnum Alþýðubandalagsins, er sérstök áhersla lögð á að mörkuð verði langtímastefna í landbúnaðarmálum er miðuð sé við búvörusamninga til fimm ára og framleiðsluáætlanir er taki mið af landkostum og svæðaskipulagi fyrir byggðirnar í stað hinnar handahófskenndu grisjunar á byggð sem nú virðist ríkjandi stefna.

Hins vegar er það ekki skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að vandamálin í landbúnaði verði leyst með nokkrum pennastrikum. Ýmsar aðgerðir stjórnvalda hafa að vísu magnað vandamálin um allan helming, t.d. lækkun niðurgreiðslna um tvo þriðju á sama tíma og útflutningsbætur eru lækkaðar verulega. Hækkandi búvöruverð vegna minni niðurgreiðslna og vegna þess að kaupmáttur launa neytenda hefur verið skertur hefur leitt til minnkandi neyslu. En neysluvenjur hafa líka verið að breytast af öðrum ástæðum. Því er nauðsynlegt að leggja áherslu á nýja atvinnumöguleika í sveitum og nýjar búgreinar ásamt stóraukinni ráðgjafarþjónustu, svo og á sem mesta heimaöflun aðfanga í búrekstri. Brýnt er að staðið sé skipulega að uppbyggingu nýrra búgreina, m.a. loðdýraræktar með tilliti til hagkvæmrar fóðuröflunar.

Ríkjandi stjórnarstefna er afar óhagstæð ungu fólki í sveitum sem er nýbyrjað búskap og hefur þurft að fjárfesta mikið. Ekki er nóg með að vaxtastigið hafi verið spennt upp langt úr hófi fram. Búmark er miskunnarlaust skorið niður, jafnt á litlum búum sem stórum og ekkert tillit tekið til aðstæðna.

Framtíð landbúnaðarins veltur á ungu kynslóðinni og möguleikum hennar til að laga sig að breyttum aðstæðum. Fjármagnsbyrði frumbýlinga verður að gera léttari en jafnframt á að liðka fyrir kynslóðaskiptum með eflingu Jarðasjóðs og með því að skapa möguleika til að lækka lífeyrisaldur bænda í 65 ár eftir 30 ára búskap.

Fé Framleiðnisjóðs hefur að undanförnu verið beitt til að kaupa upp framleiðslurétt bænda án nokkurs tillits til búskaparaðstöðu á viðkomandi jörð eða aðstæðna í byggðarlaginu. Kemur þetta í kjölfar skömmtunar á framleiðslurétti sem ekki er síður handahófskennd. Flutningsmenn tillögunnar telja að nær væri að nota fé Framleiðnisjóðs á jákvæðan hátt í þágu íslensks landbúnaðar með því að styrkja byggð í sveitum með markvissum hætti. Að því marki, sem réttlætanlegt er að fækka jörðum í byggð, ber að sjálfsögðu að auðvelda bændum á jörðum sem verr eru fallnar til búskapar að flytja sig yfir á jarðir með betri búskaparaðstöðu, en að öðru leyti ber að stuðla að breyttum búskaparháttum til samræmis við aðstæður.

Þess vegna hafa Alþýðubandalagsmenn lagt sérstaka áherslu á að gerð verði úttekt á búrekstraraðstöðu um land allt, sbr. tillögu til þingsályktunar á þingskjali 138.

Samdráttur í framleiðslu landbúnaðarins er ekki mál bænda einna. Tugir þéttbýlisstaða um land allt byggja atvinnulíf sitt að verulegu leyti á úrvinnslu búvara. Áframhaldandi samdráttur framleiðslu hefur keðjuverkandi áhrif til hins verra. Því er hér mikið í húfi fyrir þéttbýlisstaði víðs vegar um land sem telja tugþúsundir íbúa.

Auk þess sem að framan greinir er í tillögunni vikið að tvenns konar hættu sem vofir yfir íslenskum landbúnaði.

Annars vegar er um að ræða áform stjórnarflokkanna um virðisaukaskatt sem yrði lagður á búvörur eins og aðrar matvörur, en fæða hvers konar (þó ekki heitur matur) er nú undanþegin söluskatti.

Nú er það báðum mjög til hags, neytendum með lágar tekjur jafnt sem bændum, að matvælum sé hlíft við veltusköttum. Þetta þarf að tryggja áframhaldandi.


Hins vegar er sú hugmynd að leyfa innflutning á mjólkur- og kjötvörum frá öðrum löndum. Öflug hreyfing í þessa átt hefur komið í ljós í seinni tíð, ekki síst innan Sjálfstæðisflokksins. Að vísu segir formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, í viðtali við DV þriðjudaginn 3. mars s.l. að tillögur í þessa átt á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 5.–8. mars 1987 séu „*ekki tímabærar*“. Kosningar nálgast og allur er varinn góður. En tillöguflutningurinn og ummæli formanns flokksins sýna að innflutningur erlendra búvara getur verið talinn „tímabær“ af hægrisinnuðum stjórnvöldum fyrr en nokkurn grunar. Því er löngu tímabært að Alþingi taki af skarið með yfirlýsingu þess efnis að innflutningur á mjólkur- og kjötvörum verði ekki leyfður.

Fylgiskjal.

Um niðurgreiðslur, verðlag og sölumagn landbúnaðarvara.


Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds á Alþingi:

1. MYND




Teikningin sýnir glöggt hvað niðurgreiðslur á mjólk og kjöti hafa dregist mikið saman á seinustu árum miðað við fyrri ár. Tölurnar eru miðaðar við hliðstætt verðlag í samræmi við þróun framfærsluvísitölu.

2. MYND




Teikningin sýnir að verðlag á mjólk og kjöti hefur farið hlutfallslega hækkandi seinustu ár miðað við verðlag í landinu og er því eðlilegt að neysla fari minnkandi. Þetta er heildsöluverð en síðan bætist við stórhækkun smásöluverðs á kjöti, sbr. 4. mynd.

3. MYND



Teikningin sýnir minnkandi sölu kindakjöts. Súlan 1985 er villandi vegna stórfelldrar kjötútsölu á síðari hluta árs 1985 sem síðan olli samdrætti í sölu á fyrri hluta þessa árs.

4. MYND



Á þessu línuriti er verð á heilum skrokkum sett á 100 öll árin. Línuritið sýnir glöggt að eftir að álagning í smásölu var gefin frjáls 1984 fór smásöluverð á lærum og kótilettum verulega hækkandi.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Ragnars Arnalds segir m.a.:

„Seinni hluti spurningarinnar fjallar um það hvort það hafi haft áhrif til verðhækkunar kindakjöts, og þá tilsvarandi minni heildarsölu, þegar smásöluálagning var gefin frjáls á kindakjöti í stykkjasölu í byrjun árs 1984. Þessari spurningu er erfitt að svara því að litlar upplýsingar eru til um breytingar á hlutfalli einstakra skrokkhluta í sölunni milli ára. Jafnframt þyrfti að einangra aðra áhrifaþætti eins og t.d. breytingu í þjóðartekjum á mann og áhrif samkeppnisvöru þannig að það sæist í raun og veru hvers vegna sala kindakjöts hefur minnkað.

Þrátt fyrir þessa annmarka vill ráðuneytið koma á framfæri 3. mynd, en í henni eru bornar saman breytingar á smásöluverði kindakjöts í stykkjasölu miðað við smásöluverð kindakjöts í heilum og hálfum skrokkum, en eins og kunnugt er fer verðlagning kindakjöts í heilum og hálfum skrokkum nú fram hjá verðlagsnefnd.

Á 3. mynd má sjá að verðhækkanir á kótilettum og lærum frá árinu 1983 hafa orðið töluvert meiri en verðhækkanir á kjöti í heilum og hálfum skrokkum. Sem dæmi hækkaði verð skrokksins um 130% á þessu tímabili. Ef t.d. læri hefði tekið sömu verðbreytingum hefði meðalverð þess á árinu 1986 orðið 252 kr. en ekki 322 kr.

Á það skal ekki lagður dómur hér hvort þessa aukalegu verðhækkun sé hægt að réttlæta með hærra vinnslustigi vörunnar eða meiri gæðum, en það kemur reyndar hvergi fram í upplýsingum Verðlagsstofnunar hvort svo er.“

Töflur úr svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um verðlag á kindakjöti.

Tafla I.

Niðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara (meðaltal hvers árs).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	1138.92	76.07	585.08
1978	969.08	122.29	763.58
1979	1651.17	172.41	1070.00
1980	3201.17	306.24	1938.00
1981	55.82	4.72	32.05
1982	67.75	6.32	42.77
1983	153.17	13.10	83.86
1984	213.69	19.12	122.26
1985	313.32	27.73	168.27
1986	252.44	33.25	203.91

Ath.: Frá 1977–80 er um að ræða gkr.

Tafla II.

Niðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara (fast verðlag des. 1986, miðað við framfærsluvísitölu).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	346.06	23.11	177.78
1978	204.38	25.79	161.04
1979	239.40	25.00	155.14
1980	292.74	28.00	177.23
1981	338.35	28.63	194.26
1982	271.95	25.36	171.68
1983	333.63	28.54	182.66
1984	360.35	32.23	206.17
1985	399.14	35.32	214.06
1986	266.39	35.09	215.17

Tafla III.

Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða (meðaltal hvers árs).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	481.33	40.40	151.33
1978	1310.58	61.77	426.25
1979	1887.00	104.50	721.50
1980	2275.08	125.25	773.17
1981	30.12	1.83	9.85
1982	64.01	3.90	21.78
1983	70.72	4.40	25.06
1984	72.86	3.40	21.67
1985	72.86	2.60	26.18
1986	221.52	4.23	38.92

Ath.: Frá 1977–80 er um að ræða gkr. Árin 1977 og 1986 taka bændur þátt í niðurgreiðslum.

Tafla IV.

Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða (fast verðlag 1. des. 1986, miðað við framfærsluvísitölu).

ár	smjör kr./kg.	mjólk kr./ltr. í pökkum	kindakjöt 1.fl. 1/1 skr. kr./kg.
1977	146.25	12.28	45.96
1978	276.4	13.03	89.9
1979	273.6	15.15	104.61
1980	208.05	11.45	70.71
1981	182.55	11.08	59.69
1982	256.93	15.66	87.43
1983	154.05	9.58	54.59
1984	122.06	5.73	36.54
1985	92.82	3.31	33.35
1986	233.76	4.47	41.07

Ath.: Til viðbótar þessum niðurgreiðslum hefur áburðarverði verið haldið niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, þ.e. 130 milljónum kr. 1985 og 170 milljónum kr. 1986. Þessar niðurgreiðslur skila sér óbeint til lækkunar á verði til neytenda.

Tafla V.

Sala landbúnaðarafurða.

ár	smjör tonn	mjólk milj.ltr.	kindakjöt tonn
1977	1,266	42,824	9,022
1978	1,512	45,462	9,845
1979	1,500	45,235	10,423
1980	1,673	45,259	9,918
1981	1,158	45,301	9,731
1982	1,379	46,014	10,916
1983	1,254	46,066	10,734
1984	1,240	44,871	9,739
1985	1,100	45,705	10,025
1986	1,173	46,341	7,879

Ath.: Frá 1981 er smjörhluti smjörva innifalinn og til mjólkur telst nýmjólk, léttmjólk, G-mjólk, súrmjólk og G-súkkulaðimjólk.

Tafla VI.

Meðalsmásöluverð á dilkakjöti 1976–1986 (verð á kg) skv. vísitölu framfærslukostnaðar.

1976	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	Óvegið meðalverð
Heilir skrokkar	4.24	5.20	5.49	6.56	5.37	
Súpukjöt	4.87	5.95	6.29	7.29	6.10	
Læri	5.02	6.12	6.47	7.66	6.32	
Kótelettur	5.61	6.80	7.20	8.54	7.04	6.21
1977	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	6.96	7.26	6.36	8.24	7.07	
Súpukjöt	7.72	8.09	7.28	9.46	7.96	
Læri	8.10	8.50	7.72	9.98	8.38	
Kótelettur	9.00	9.47	8.78	11.21	9.39	8.20
1978	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	9.92	9.09	10.85	9.41	9.72	
Súpukjöt	11.11	10.38	12.29	10.71	11.02	
Læri	11.70	11.25	13.29	11.87	11.87	
Kótelettur	13.10	12.72	14.97	13.14	13.32	11.48
1979	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	8.32	9.17	12.31	16.09	10.92	
Súpukjöt	9.74	10.69	14.08	18.06	12.53	
Læri	11.50	12.56	16.23	20.51	14.48	
Kótelettur	12.88	14.02	17.90	22.42	16.03	13.49
1980	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	18.09	19.49	19.47	24.24	19.64	
Súpukjöt	20.06	21.79	22.05	25.82	21.78	
Læri	22.51	24.64	25.21	31.83	25.10	
Kótelettur	24.42	26.86	27.68	34.51	27.36	23.47
1981	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	28.55	30.30	35.35	41.05	32.41	
Súpukjöt	30.40	32.15	37.05	43.45	34.29	
Læri	37.20	38.95	44.90	52.00	41.58	
Kótelettur	40.25	42.00	48.40	55.85	44.85	38.28
1982	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	40.80	37.35	43.70	57.35	43.44	
Súpukjöt	42.90	39.65	46.15	60.25	45.84	
Læri	52.20	49.70	56.90	72.90	56.18	
Kótelettur	56.35	54.20	61.70	78.60	60.82	51.57
1983	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	66.20	81.85	101.20	116.45	86.50	
Súpukjöt	69.80	86.10	106.25	122.10	90.91	
Læri	85.00	104.15	127.30	145.50	109.44	
Kótelettur	91.80	112.30	136.75	155.95	117.75	101.15
1984	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	116.45	122.95	137.65	146.27	128.35	
Súpukjöt	122.10	128.56	139.06	144.87	131.75	
Læri	145.50	166.30	205.81	222.28	178.57	
Kótelettur	155.95	169.09	196.08	207.30	177.83	154.12
1985	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	158.45	172.22	187.13	167.08	169.49	
Súpukjöt	161.13	170.90	187.95	176.50	171.48	
Læri	250.36	277.31	313.85	264.45	272.98	
Kótelettur	227.59	246.96	272.64	242.86	244.55	214.62
1986	feb.	maí	ágúst	nóv.	m.verð	
Heilir skrokkar	191.70	220.13	182.40	223.10	199.66	
Súpukjöt	210.92	239.25	208.24	267.23	223.85	
Læri	354.44	340.60	278.00	335.53	321.22	
Kótelettur	348.56	345.53	278.38	324.43	317.43	265.54

Meðalsmásöluverð á mjólk og smjöri 1976–1986 (verð á kg eða ltr) skv. vísitölu framfærslukostnaðar.

MJÓLK

	febrúar	maí	ágúst	nóvember	m.verð ársins
1976	0.41	0.55	0.61	0.69	0.57
1977	0.75	0.79	0.76	0.92	0.79
1978	1.14	1.31	1.55	1.43	1.32
1979	1.35	1.52	2.00	2.54	1.76
1980	2.81	3.13	3.29	3.53	3.11
1981	4.25	4.45	5.40	5.85	4.79
1982	5.70	5.65	6.65	8.35	6.38
1983	9.70	12.55	16.45	17.10	13.22
1984	17.10	18.70	22.30	23.10	19.80
1985	26.50	28.60	30.90	33.30	28.98
1986	35.40	35.40	36.20	37.50	35.78

SMJÖR

	febrúar	maí	ágúst	november	m.verð ársins
1976	6.12	8.15	8.92	10.12	8.33
1977	10.92	11.71	10.96	13.42	11.48
1978	8.80	8.80	22.40	12.74	13.24
1979	11.50	13.70	18.10	25.06	16.06
1980	28.70	31.88	32.66	20.00	28.73
1981	46.60	49.00	63.60	70.25	53.18
1982	56.50	57.30	71.10	90.70	67.20
1983	109.95	144.40	192.70	200.40	152.72
1984	200.40	219.50	239.70	250.30	223.32
1985	291.50	319.00	349.00	380.70	324.18
1986	410.20	275.00	233.00	233.00	300.11

Nd. 775. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 14. gr. 3. mgr. falli niður.
   Varatillaga:
   Aftan við greinina bætist: enda séu skjölin fullnægjandi að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.
2. Við 16. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Innflytjandi eða umboðsmaður hans fá ekki afhenta vöru nema frágangur aðflutningsskýrslna sé í samræmi við lög þessi.
3. Aftan við 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. bætist: enda séu þeir óháðir innflutningsaðilum.
4. Á eftir 2. mgr. 115. gr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Ráðherra skal sjá svo um að reglulega sé fylgst með því hvort um sé að ræða undirboð sem geti stofnað íslenskum atvinnurekstri í hættu. Skal hann gera Alþingi árlega grein fyrir niðurstöðum sínum í þessum efnum.
5. Við 119. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Skal ráðherra skýra Alþingi árlega frá rannsókn, sem fram hefur farið í fjármálaráðuneytinu, á undirboðum.
6. Við 129. gr. Greinin flytjist aftur fyrir 150. gr. og verði ákvæði til bráðabirgða.

Nd. 776. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Tollyfirvald: Ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar“ komi: Tollyfirvald: Tollstjórar og tollgæslustjóri við embætti tollstjóra í Reykjavík.
2. Við 28. gr. Í stað orðanna „ríkistollstjóra og tollgæslustjóra“ í 2.–4. mgr. komi: viðkomandi tollstjóra.
3. Við 29. gr.
   a. Orðin „í samráði við tollgæslustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað „Tollgæslustjóri“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: Tollstjóri.
4. Við 30. gr. Í stað orðanna „ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar“ í 1. málsl. komi: tollstjórar og tollgæslustjóri.
5. Við 31. gr.
   a. Síðustu tveir málsliðirnir falli brott.
   b. Fyrirsögn á undan greininni orðist svo: *Tollstjórar og tollgæslustjóri.*
6. Við 32. gr. Greinin falli brott.
7. Við 34. gr. Greinin falli brott.
8. Við 36. gr. Í stað orðanna „yfirstjórn tollgæslustjóra“ í 4. mgr. komi: stjórn viðkomandi tollstjóra.
9. Við 47. gr. Í stað „Tollgæslustjóri“ í 2. mgr. komi: Ráðherra.
10. Við 64. gr. Orðin „og tollgæslustjóra“ í 2. mgr. og „og tollgæslustjóri“ í 6. mgr. falli brott.
11. Við 65. gr. Orðin „í samráði við tollgæslustjóra“ í síðari málslið falli brott.

12. Við 70 gr. Í stað „Ríkistollstjóri“ í 1. málsl. komi: Ráðherra.
13. Við 100. gr. Í stað orðsins „Ríkistollstjóra“ í síðasta málslið komi: Fjármálaráðuneytinu.
14. Við 101. gr. Í stað „ríkistollstjóra“ í 3. mgr. komi: fjármálaráðuneytinu, og í stað „Ríkistollstjóri“ í 4. mgr. komi: Yfirmaður tollamála í fjármálaráðuneytinu.
15. Í stað „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 109. gr. komi: Ráðherra.
16. 142. gr. orðist svo:

Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ráðherra setur, að taka vöru eða sýnishorn til tollskoðunar. Halda má eftir verðlitlum sýnishornum.

Innflytjandi, sem óskar eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru, skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til fjármálaráðuneytisins. Erindi skulu fylgja nauðsynleg gögn, svo sem teikning, mynd eða vörulýsing og sýnishorn verði því við komið.

Nd. 777. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til tollalaga.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. treystir sér ekki til að ganga frá afgreiðslu þessa máls þar sem ekki hefur unnist nægur tími til að fara yfir það sem vert væri. Hér er um að ræða þýðingarmikla löggjöf og hefði því verið eðlilegt að gefa Alþingi góðan tíma til að fjalla um hana eftir kosningar. Hætta er á að þegar Alþingi afgreiðir mál í flaustri sé þar ekki farið eins nákvæmlega yfir málin og nauðsynlegt verður að teljast.

Þar sem meiri hl. kýs að knýja málið fram flytur undirritaður nokkrar breytingartillögur á þingskjali 775. Enn fremur mun undirritaður greiða atkvæði um nokkrar breytingartillögur meiri hl. en að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Nd. 778. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til vaxtalaga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur stefnan í vaxtamálum verið meginágreiningsefni stjórnarflokkanna og Alþýðubandalagsins. Stefnan í vaxtamálum hefur leitt til þess að raunvextir hafa á tveimur árum hækkað úr 1% í 7% að jafnaði. Okurlánastarfsemi er heimil að mati Hæstaréttar.

Þegar dómarnir í okurmálinu svokallaða lágu fyrir um s.l. áramót ákvað viðskiptaráðherra að kalla til sérfræðinga sem hafa samið frumvarp til vaxtalaga. Nú liggur fyrir að verulegur ágreiningur er um málið og bent hefur verið á að samþykkt frumvarps þessa muni hafa í för með sér stórfellda tilfærslu fjármuna frá skuldurum til skuldareigenda umfram það sem gert er í raun ráð fyrir í samningum. Þá liggur það einnig fyrir að frumvarpið gerir beinlínis ráð fyrir því að okurlánastarfsemi geti haldið áfram þar sem vaxtataka er ekki talin refsiverð nema um mjög gróf brot sé að ræða. Því hefur ekki fengist svarað hverjir eru í raun

löglegir vextir og hvað eru okurvextir. Þess vegna dugir frumvarpið ekki á neinn hátt til að sporna við okurlánastarfsemi. Þá hefur meiri hluti Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í nefndinni ekki fengist til að taka inn breytingartillögu við frumvarpið þar sem vitnað er til seðlabankalaga og ríkisstjórn veitt heimild til að takmarka vexti þegar sérstaklega stendur á.

Minni hl. leggst því gegn samþykkt frumvarpsins og mun greiða atkvæði gegn 1. gr. þess og frumvarpinu í heild.

Með nefndarálitinu er birt grein Jóns Steinars Gunnlaugssonar úr Morgunblaðinu 7. mars s.l. og frumvarp hans um vaxtamál og álit Seðlabankans um sömu tillögu.

Alþingi, 9. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

FRUMVARP TIL VAXTALAGA
Tillaga Jóns St. Gunnlaugssonar.

Tillögur um breytingar á frumvarpi til vaxtalaga í því skyni að teknar verði upp höfuðstólsbætur og eiginlegir dráttarvextir í stað dráttarvaxta sem samkvæmt frumvarpinu fela í sér hvort tveggja.

7. gr.

7. gr. frumvarpsins falli niður. 8. gr. verður 7. gr. o.s.frv.

III. KAFLI

Höfuðstólsbætur og dráttarvextir.

8. gr.

Í kafla þessum er fjallað um tvenns konar álag á gjaldkræfar peningakröfur, höfuðstólsbætur og dráttarvexti.

Höfuðstólsbætur merkja hækkun á höfuðstól kröfu á tilteknu tímabili, í hlutfalli við hækkun sérstakrar höfuðstólsvísitölu á sama tímabili.

Dráttarvextir merkja ákveðinn hundraðshluta á ári af höfuðstól kröfu að viðbættum höfuðstólsbótum sem lagst hefur við höfuðstólinn í lok dráttarvaxtatímabilsins.

Um höfuðstólsbætur.

9. gr.

Það er tilgangur ákvæða þessa kafla um höfuðstólsbætur að tryggja að kröfuhafi, sem fær kröfu sína greidda síðar en hann átti kröfu til lögum samkvæmt, fái höfuðstól kröfunnar greiddan með peningafjárhæð sem er jöfn að verðgildi á greiðslutímanum og höfuðstóll kröfunnar var þegar kröfuhafinn fyrst mátti krefjast greiðslu á henni. Skulu höfuðstólsbæturnar reiknast á höfuðstólinn eins og hann var þá að viðbættum þeim vöxtum eða öðru álagi sem höfuðstóllinn til þess tíma hefur borið samkvæmt samningi eða annarri heimild.

10. gr.

Aldrei skal reikna höfuðstólsbætur af dráttarvöxtum.

11. gr.

Reikna skal höfuðstólsbætur frá gjalddaga ef hann er fyrir fram ákveðinn.

Nú er gjalddagi ekki ákveðinn fyrir fram og skal þá reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi er kröfuhafi fyrst mátti krefjast greiðslu. Þetta gildir þó ekki ef svo er um samið að krafa skuli gjaldfalla við uppsögn því að þá skal reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi er krafan raunverulega gjaldfellur fyrir uppsögn.

Nú eru atvik með þeim hætti, af ástæðum sem kröfuhafa varðar og hann á kost á að bæta úr, að skuldari hefur enn ekki tök á að fá upplýsingar sem álíta verður nauðsynlegar til að meta réttmæti og stærð kröfunnar eða til að koma fram greiðslu og taka þá höfuðstólsbætur ekki að falla á kröfuna fyrr en frá þeim tíma er kröfuhafi bætir úr. Það tímabil, sem höfuðstólsbætur reiknast ekki af þessum sökum, skal krafan bera vexti sem eru jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Ef um er að ræða skaðabótakröfu vegna tjóns, sem byggist á viðgerðar- og endurnýjunarkostnaði eða mati, skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. í fyrsta lagi reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi er viðgerðar- og endurnýjunarkostnaður var greiddur eða frá þeim degi sem verðlag mats er byggt á. Hafi sá er skaðabóta krefst greitt viðgerðar- eða endurnýjunarkostnað með höfuðstólsbótum reiknast höfuðstólsbætur frá greiðsludegi á þá fjárhæð er hann þannig greiddi. Ef krafa er með öðrum hætti byggð á verðlagi á tilteknum degi skal í fyrsta lagi reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi.

Nú er krafa greidd innan 15 daga frá þeim degi er reikna skyldi höfuðstólsbætur samkvæmt þessari grein og skal þá ekki reikna höfuðstólsbætur.

Þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi geta dómstólar ákveðið að upphafstími höfuðstólsbóta skuli vera á öðrum tíma en mælt er fyrir um í þessari grein.

12. gr.

Höfuðstólsbætur skulu reiknast til greiðsludags kröfu.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, má kröfuhafi í dómsmáli krefjast höfuðstólsbóta á höfuðstól kröfu án þess að tiltaka hversu hárri fjárhæð bæturnar nemi.

Í dómi skal einnig ákveða, að kröfu aðila, að við dæmdan málskostnað skuli bætast höfuðstólsbætur fyrir tímabilið frá dómsuppsögu til greiðsludags.

14. gr.

Seðlabanki Íslands skal gefa út höfuðstólsvísitölu mánaðarlega, eigi síðar en síðasta dag hvers mánaðar, og skal sú vísitala gilda allan næsta mánuð. Höfuðstólsvísitala skal samsett að ⅔ af vísitölu framfærslukostnaðar og ⅓ af vísitölu byggingarkostnaðar eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum hverju sinni. Skal til grundvallar útreikningi á höfuðstólsvísitölu í hverjum mánuði leggja nýjustu reiknuð eða áætluð gildi áðurnefndra vísitalna næsta almanaksmánuð á undan gildistökudegi nýrra höfuðstólsvísitölu. Þannig skal t.d. höfuðstólsvísitala sem reiknuð er út í lok marsmánaðar og gilda á fyrir aprílmánuð taka mið af áðurnefndum vísitölum eins og þær eru ákveðnar fyrir marsmánuð.

Þá mánuði sem hvorki vísitala framfærslukostnaðar né vísitala byggingarkostnaðar er reiknuð út eða þá einungis önnur þeirra skal Seðlabankinn leggja spá um hækkun viðkomandi vísitölu þann mánuð til grundvallar við ákvörðun nýrrar vísitölu.

Við ákvörðun höfuðstólsvísitölu hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, annars hækka í heilt stig.

Rísi ágreiningur um grundvöll eða útreikning höfuðstólsvísitölu má vísa honum til þriggja manna nefndar til úrskurðar. Verði gerð breyting á grundvelli vísitölu, sem höfuðstólsvísitala er sett saman úr, skal nefndin fella úrskurð um það hver áhrif það skuli hafa á útreikning höfuðstólsvísitölu. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan. Meðan ákvæði 44. gr. laga nr. 13/1979 haldast í lögum skal nefnd sú sem starfar samkvæmt þeirri grein einnig fara með úrskurðarvald í málum samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Nú eykst verðgildi kröfu vegna aukningar á verðgildi íslensku krónunnar og þessi aukning kemur fram í lækkun á verðgildisvísitölu á því tímabili sem verðgildisbóta má krefjast samkvæmt lögum þessum og skal þá lækka höfuðstól kröfu um sama hlutfall og nemur lækkun verðgildisvísitölu umrætt tímabil.

Um dráttarvexti.

16. gr.

Dráttarvextir samkvæmt lögum þessum skulu vera 8% ársvextir til greiðsludags kröfu og skulu þeir reiknaðir af höfuðstól að viðbættum löglega umsömdum verðbótum (svo sem vöxtum) og höfuðstólsbótum eins og þær eru ordnar á greiðsludeginum.

Áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka dráttarvexti oftar en á 12 mánaða fresti.

17. gr.

Greiða skal dráttarvexti frá gjalddaga ef hann er fyrir fram ákveðinn.

Í öðrum tilvikum skal greiða dráttarvexti frá og með sama mánaðardegi næsta mánaðar eftir að kröfuhafi sendi frá sér kröfu um greiðslu eða koma fram með slíka kröfu. Sé sá mánaðardagur ekki til í mánuðinum skal skuldari greiða dráttarvexti frá síðasta degi hans. Skuldari skal þó ekki greiða dráttarvexti fyrir tímabilið fram að því að hann fær greiðslukröfu frá kröfuhafa. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar skal upphafstími dráttarvaxta vera í síðasta lagi frá þeim degi er kröfuhafi byrjaði lögsókn til heimtu skuldarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu dráttarvextir fyrst falla á þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi þegar skuldari gat aflað sér þeirra upplýsinga sem telja verður nauðsynlegar til að meta réttmæti og fjárhæð kröfunnar.

Þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem að verulegur vafi þyki hafa verið um réttmæti og stærð kröfu eða kröfuhafi þyki hafa sýnt verulegt tómlæti við heimtu kröfu, geta dómstólar ákveðið að upphafstími dráttarvaxta skuli vera annar en mælt er fyrir um í þessari grein.

Um sérstaka dráttarvexti.

18. gr.

Í tilvikum, þar sem gjalddagi skuldar er fyrir fram ákveðinn og skuld er greidd innan þriggja mánaða frá gjalddaga, má kröfuhafi í stað höfuðstólsbóta og dráttarvaxta samkvæmt lögum þessum krefjast sérstakra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður í þessu skyni.

Sérstakir dráttarvextir, sbr. 1. mgr., af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli skulu reiknaðir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta að viðbættri tölunni 100 og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. þessarar greinar að viðbættri tölunni 100 sé á bilinu 1,05 til 1,10. Dagvextir eru $\frac{1}{360}$ af ársvöxtum þannig reiknuðum.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingarblaði ásamt hinum sérstöku dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Nú hljóðar krafa svo gilt sé að lögum um greiðslu í erlendri mynt eða íslenskum krónum eftir gengi erlendrar myntar á greiðsludegi og verður þá ekki krafist höfuðstólsbóta samkvæmt lögum þessum heldur einungis dráttarvaxta.

Kröfuhafi má þó ávallt krefjast þess að krafa sem stofnast hefur um greiðslu í eða miðað við erlenda mynt sé umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi viðkomandi myntar á þeim degi er kröfuhafi fyrst mátti krefjast greiðslu og beri síðan höfuðstólsbætur og dráttarvexti samkvæmt lögum þessum. Um upphafstíma höfuðstólsbóta og dráttarvaxta skal þá fara eftir 11. og 17. gr.

20. gr.

Þegar greiða skal höfuðstólsbætur eða dráttarvexti samkvæmt lögum þessum skulu samningsvextir eða annað löglega um samið álag falla niður frá gjalddaga.

Nú hefur svo löglega verið um samið að skuld skuli bera álag og vexti fram að gjalddaga og má þá kröfuhafi ávallt krefjast þess að hin umsömdu kjör um skuldina að þessu leyti skuli gilda áfram eftir gjalddagann og koma í stað höfuðstólsbóta eða dráttarvaxta samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Ef skuldari býður fram greiðslu skuldar á gjalddaga eða síðar og greiðsla verður í öllu verulegu að teljast fullnægjandi efnd á kröfunni í heild eins og hún er þegar greiðslan er boðin fram, en atvik, sem kröfuhafann varða, koma í veg fyrir greiðsluna, skal ekki reikna höfuðstólsbætur á kröfuna fyrir það tímabil er slíkt ástand varir. Í stað þess skal krafan, eins og hún var í upphafi þessa tímabils, bera á þessu tímabili sömu vexti og greiddir eru af geymslufé (depositum) í viðskiptabanka á hverjum tíma. Dráttarvextir falla niður fyrir það tímabil er slíkt ástand varir.

22. gr.

Dómari í fógeta-, uppboðs- eða skiptarétti sker úr ágreiningi, sem upp kemur í máli, um hvort boðin er fram fullnægjandi greiðsla á skuld sem aðfarar-, uppboðs- eða skiptaúthlutunar er krafist fyrir.

23. gr.

Kröfuhafa er rétt að synja móttöku á greiðslu hluta gjaldkræfrar kröfu sinnar að viðbættum höfuðstólsbótum, dráttarvöxtum og kostnaði sem fallinn er á kröfuna, enda sé það ekki óverulegur hluti kröfunnar í heild sem á vantar. Nú tekur kröfuhafi við greiðslu á hluta og er honum þá heimilt að láta greiðsluna fyrst ganga inn á áfallna dráttarvexti og kostnað áður en greiðsla gengur til lækkunar á þeim höfuðstól kröfunnar með höfuðstólsbótum sem dráttarvextir reiknast af.

24. gr.

Um gildi samnings um hærri eða lægri álög eða févíti vegna vanefnda á skuldbindingu um peningagreiðslu eða vegna skyldu til greiðslu skaðabóta fer eftir almennum ákvæðum laga um gildi löggerninga.

25. gr.

Dómstólar geta beitt ákvæðum laga þessara að nokkru leyti eða öllu um peningakröfur utan sviðs fjármunaréttarins ef þeir telja sömu sjónarmið eiga að gilda um slíkar kröfur.

IV. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

17. gr. yrði þá 26. gr. og aðrar greinar mundu breytast til samræmis við það.

18. gr.

18. gr. falli niður, 19. gr. verði 27. gr. o.s.frv.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur krafa um peningagreiðslu, sem fellur undir ákvæði laga þessara, orðið gjaldkræf fyrir gildistöku laganna og er þá kröfuhafa heimilt að krefjast frá gildistökudeginum höfuðstólsbóta og dráttarvaxta samkvæmt lögunum af höfuðstól kröfunnar að viðbættum áföllnum dráttarvöxtum eins og þeir eru þá samkvæmt þeim lagareglum um dráttarvexti sem um kröfuna hafa gilt.

Fylgiskjal II.

Eiríkur Guðnason,
Seðlabanka Íslands:

Minnisblað til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar.

(3. mars 1987.)

Á fundi nefndarinnar hinn 25. febúar s.l. var mælst til þess að Seðlabankinn kæmi því á framfæri við nefndina ef hann hefði einhverjar athugasemdir við frumvarp til vaxtalaga sem nú er til meðferðar. Í samtölum mínum við bankastjórnina hefur komið fram að frumvarpið er talið vel úr garði gert og að talið er brýnt að þetta mál fái afgreiðslu á þinginu sem nú situr.

Þá hefur verið beðið um álit á breytingartillögu frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl. þess efnis að í stað vanskilavaxta skuli gilda höfuðstólsbætur (=verðbætur) og fastir 8% vextir. Séu gerð skil innan þriggja mánaða geti kröfuhafi þó valið venjulega dráttarvexti eða höfuðstólsbætur og 8% ársvexti. Drög að hliðstæðu frumvarpi voru samin fyrir nokkrum árum á vegum viðskiptaráðuneytisins en hafa ekki verið lögð fram á þingi. Naumur tími hefur gefist til að skoða breytingartillöguna en rétt er að geta hér nokkurra ábendinga þó að flestar hafi þær þegar komið fram á fundum nefndarinnar.

1. Vegna breytinga í vaxtamálum, einkum að því er varðar raunvexti, sýnist nú minni ástæða til að innleiða höfuðstólsbætur en þegar frumvarpsdrög um þær voru fyrst samin. Vikið er að þessu atriði í greinargerð frumvarpsins. Þyki vaxtafrumvarpið leiða til of hárra dráttarvaxta má ráða bót á því með lækkun margfeldisstuðla í 1. mgr. 10. gr.
2. Höfuðstólsbætur og fastir vextir geta verið í ósamræmi við almenn vaxtakjör í landinu hverju sinni.
3. Því er haldið fram að einfaldara sé að reikna út kröfu með höfuðstólsbótum og föstum vöxtum en vejulegum dráttarvöxtum. Þetta er rétt ef krafan er gerð upp í einu lagi. Sé hún gerð upp með innáborgunum flækist málið. Þá verða málin flókin við það að gefa valfrelsi milli tveggja ólíkra aðferða fyrstu þrjá mánuði vanskila eins og breytingartillagan gerir ráð fyrir.
4. Vilji menn stefna í áttina frá verðtryggingu sýnist tillagan ganga í öfuga átt.

5. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að auglýst sé sérstök „höfuðstólsvísitala“ og er henni lýst í 14. gr. Samkvæmt lýsingunni yrði vísitalan nákvæmlega eins og lánskjaravísitalan er nú. Ætti því að vera óþarfi að bæta nýrri vísitölu í safnið.
6. Við útreikning verðbóta myndast skekkjur þegar tímabil teljast ekki í heilum mánuðum en vísitalan, sem við er miðað, er mánaðarleg. Slíkar skekkjur yrðu metnar þegar um stutt tímabil er að ræða.

Mér er kunnugt um að bankastjórn Seðlabankans telur breytingartillöguna of seint fram komna til að hægt sé að gera sér skýra mynd af gildi hennar gagnvart ýmsum ákvæðum frumvarpsins sem þegar hafa verið vandlega ígrunduð.

Fylgiskjal III.

Jón Steinar Gunnlaugsson:

Hundruð milljóna úr vasa skuldara samkvæmt frumvarpi til vaxtalaga?

Seðlabanki Íslands hefur undanfarna áratugi farið með ákvörðunarvald um vexti í landinu. M.a. hefur bankanum verið falið að taka ákvarðanir um dráttarvexti, þ.e. vexti sem skuldari þarf að greiða eftir að skuld er komin í vanskil.

Það er vægt til orða tekið að segja að ákvarðanir bankans um þessi þýðingarmiklu efni hafa í gegnum tíðina tekist hörmulega illa. Lengst af voru þær þannig að dráttarvextir voru ákveðnir allt of lágir. Nægðu þeir þá hvergi nærri til þess að bæta kröfuhafa verðrýrnun kröfu hans í verðbólgunni. Var áratugum saman það „réttar“-ástand ríkjandi að sá sem braut rétt á öðrum með því að vanefna peningaskuld hagnaðist stórlega á vanefndinni.

Nú er öldin önnur. Eftir að verðbólga lækkaði og svonefndir raunvextir tóku að ríkja á lánamarkaði hafa ákvarðanir bankans um dráttarvextina hækkað upp úr öllu valdi. Voru þeir t.d. mestallt síðasta ár 27% ársvextir meðan verðbólga er talin hafa verið 12–14%. Í þessu hafa falist ósiðlegar álögur á skuldara þessara krafna.

Dæmi má taka: Krafa að fjárhæð 100 000 kr. gjaldféll 1. apríl 1986 og var greidd 25. febrúar 1987. Þá þurfti skuldarinn að greiða 124 375 kr. samkvæmt ákvörðunum Seðlabankans um dráttarvexti. Ef sama fjárhæð hefði þennan tíma verið verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu og borið í ofanálag t.d. 8% dráttarvexti hefði skuldarinn þurft að greiða 119 937 kr. eða 4438 kr. minna en samkvæmt ákvörðunum bankans. Hér er um mikinn mismun að ræða af ekki hærri fjárhæð.

Núna er verið að afgreiða á Alþingi frumvarp til vaxtalaga þar sem ríkjandi ástand á þessu sviði er sérstaklega löghelgað, þar með talið ákvörðunarvald Seðlabankans eftir sömu útreikningsaðferð og bankinn hefur notað að undanförnu. Við meðferð á því frumvarpi hafa verið kynntar fyrir þingmönnum tillögur þess efnis að í lögunum yrði efnislega kveðið á um að kröfur í vanskilum skyldu annars vegar halda verðgildi sínu miðað við sérstaka vísitölu og hins vegar bera fasta vexti (t.d. 8%) sem yrðu lögákveðnir. Slíkur háttur í lögum mundi á einfaldan hátt tryggja sómasamlegt og traust réttarástand á hvaða tíma sem er, þ.e. hvort sem verðbólga er mikil eða lítil, vaxandi eða minnkandi. Þessar tillögur hafa hlotið stuðning víða, m.a. hjá fulltrúum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands. Rennur flestum félagsmönnum þessara félaga til rifja hversu efnisréttur á þessu sviði hefur gersamlega mislukkast, ýmist þannig að sá hefur hagnast sem brotið hefur rétt á öðrum eða þannig að á hann eru lagðar ósæmilegar álögur.

En valdamenn í Seðlabanka vilja ekkert hlusta á þetta. Þeir hafa lagt ofurþunga á að knýja sitt mál í gegn, þannig að nú sýnist það ætla að takast. Alþingismenn virðast ætla sér að viðhalda vitleysunni. Það mun þá a.m.k. á næstunni gerast á kostnað þeirra sem eru svo ógæfusamir að geta ekki greitt skuldir sínar á réttum gjalddögum. Og bankarnir verða sjálfsagt vel haldnir af dráttarvaxtatekjum sínum.

Ekki er gott að segja hve miklir hagsmunir eru hér í húfi. Á síðasta ári voru höfðuð rúmlega 17 000 skuldamál á bæjarþingi Reykjavíkur einu. Og flestar vanskilaskuldir eru greiddar án málshöfðunar. Ætli vaxtafrumvarpið leiði ekki til álaga á vanskilaskuldara næsta árið sem nema nokkrum hundruðum milljóna fram yfir það sem væri miðað við skaplegar reglur, svo sem þær sem um var getið? Kannske þingmenn telji að þarna séu bökin breiðust?

Nd. 779. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til tollalaga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með þessu frv. er leitast við að setja heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit. Slík löggjöf var löngu tímabær.

Á hinn bóginn er í frumvarpinu gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík verði jafnframt ríkistollstjóri og tollstjórar um allt land skuli vera undirsátar tollgæslustjórans í Reykjavík sem er undirmaður tollstjórans í Reykjavík sem á svo aftur að vera ríkistollstjóri — samhliða sínu eigin embætti. Sem ríkistollstjóri verður tollstjórinn í Reykjavík yfirmaður sjálfs sín. Jafnframt er þessum embættismanni í Reykjavík ætlað að vera yfirmaður allra tollstjóra um allt land þótt hér sé um hliðstæð embætti að ræða. Og að því er tollgæslumál varðar eiga tollstjórar úti á landi að lúta undirmanni eins tollstjóranna, nefnilega þess sem situr í Reykjavík.

Hér er á ferðinni stjórnunarlegur vanskapnaður. Jafnframt er verið að draga vald utan af landi í hendur embættismanna í Reykjavík.

Ef tollstjórinn í Reykjavík er jafnframt ríkistollstjóri má reyndar spyrja, hvort ekki eigi það sama að gilda um skattstjórann í Reykjavík að því er skattamál varðar.

Hingað til hefur sú regla gilt að yfirstjórn tollamála í landinu væri í höndum fjármálaráðuneytis. Í breytingartillögum á sérstöku þingskjali gerir undirritaður tillögu um að þessi skipan haldist og tollstjórar úti um land haldi sjálfstæði sínu.

Alþingi, 9. mars 1987.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Sþ. 780. Svar [358. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Páls Péturssonar um fjárreiður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

1. Tekjur Framleiðnisjóðs árið 1985 voru 66 079 440,55 kr.

2. Tekjur Framleiðnisjóðs árið 1986 voru 170 618 712,57 kr. (skv. bráðabirgðayfirliti).

3. Fjármunum Framleiðnisjóðs var varið þannig árið 1985 (í kr.):

a. Framlög.		
Til búháttabreytinga		23 967 713
Til loðdýraræktar		18 774 700
Til rannsóknaverkefna		4 712 412
Til tölvuvæðingar búnaðarsambanda		2 400 000
Til markaðsöflunar		2 466 236
Til fiskiræktar		2 105 000
Lánum breytt í styrki		528 735
Sérstök fjárveiting til sláturhúsa		7 319 000
Sérstök framlög skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar		2 000 000
	Samtals	64 273 796
b. Rekstrarkostnaður.		
Þóknun til Búnaðarbanka Íslands		22 000
Útlagður kostnaður við stjórn		135 000
Stjórnarlaun		333 000
Ferðakostnaður		190 929
Afskrifuð bráðabirgðalán		145 000
	Samtals	825 929
c. Hagnaður ársins		979 715

4. Fjármunum Framleiðnisjóðs var varið þannig árið 1986 (skv. bráðabirgðayfirliti, í kr.):

a. Framlög.	
Til búháttabreytinga	23 494 370
Til loðdýraræktar	26 231 453
Til rannsókna og leiðbeininga	10 140 000
Til markaðsöflunar	10 393 690
Til fiskiræktar	6 581 250
Til ýmissa verkefna	825 000
Vegna ungkálfaslátrunar	8 773 630
Verðábyrgð mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1985–86	32 666 427
Kaup og leiga búmarks	28 477 412
Kaup á fullvirðisrétti mjólkur verðlagsárið 1985–86	9 059 070
Förgunarbætur vegna kaupa og leigu fullvirðisréttar verðlagsárið 1987–88	51 387 000

Greitt upp í sláturkostnað vegna samninga um leigu og sölu fullvirðisréttar	12 085 125
Greitt upp í samninga vegna fækkunar sauðfjár skv. búvörusamningi	5 000 000
Framlög vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar á lögbýlum	1 576 437
Samtals	226 696 864

b. Lánveitingar.

Lán vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar á lögbýlum	12 375 000
Önnur lán	4 200 000
Samtals	16 575 000

c. Hlutafé.

Hlutafé í Þróunarfélagi Íslands	1 250 000

d. Rekstrarkostnaður.

Rekstur Framleiðnisjóðs	2 511 584
Kostnaður við fjárhagskönnunarnefnd árin 1985 og 1986	2 220 375
Kynningarfundir haustið 1986	624 538
Vextir af lántöku sjóðsins	500 000
Til framleiðsluráðs, innheimta á sérstöku fóðurgjaldi	3 358 942
Samtals	9 215 439

5. Tekjuáætlun Framleiðnisjóðs 1987 er þannig (í kr.):

Samkvæmt fjárlögum	267 000 000
Tekjur af fóðurgjaldi	30 000 000
Samtals	297 000 000

6. Skuldbindingar Framleiðnisjóðs vegna ársins 1987 eru þessar (í kr.):

Vegna mjólkurframleiðslu	35 000 000
Vegna kindakjötsframleiðslu	100 000 000
Vegna búmarks, kaup og leiga	35 000 000
Vegna útflutningsábyrgðar kindakjöts 1987	40 000 000
Vegna útflutnings á kjúklingakjöti	15 000 000
Vegna annarra lána og framlaga	20 000 000
Samtals	245 000 000

7. Skuldbindingar Framleiðnisjóðs vegna ársins 1988 eru þessar (í kr.):

Vegna mjólkurframleiðslu	47 000 000
Vegna leigu á búmarki	7 000 000
Vegna leigu á fullvirðisrétti til sauðfjárframleiðslu	31 000 000
Samtals	85 000 000

Ed. 781. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:
   31. gr. laganna breytist þannig:
   a. 3. tölul. orðist svo: Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1987, um allt að 3% á árinu 1988, um allt að 2% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir samkvæmt þessari málsgrein niður.
   b. 4. tölul. orðist svo: Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 8% 1987, 6% 1988, 4% 1989 og 2% 1990, en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð, sem fæst samkvæmt fyrri málslið, má draga frá skattskyldum tekjum.
   c. 11. tölul. (um tillög í fjárfestingarsjóð) falli niður.
   d. Einnig falla niður ákvæði 7. og 12. tölul.
2. Við bætist ný grein sem verði 6. gr. og orðist svo:
   Tölur í 38. gr. laganna breytast sem hér segir:
   a. 1. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
   b. 2. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
   c. 3. tölul. Í stað „15%“ komi: 12%.
   d. 4. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
   e. 7. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
3. Við bætist ný grein sem verði 7. gr. og orðist svo:
   Við 52. gr. laganna bætast nýir töluliðir sem orðist svo:
   4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa út árlega reglur um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
   5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.
4. Við bætist ný grein sem verði 9. gr. og orðist svo:
   54. gr. til og með 55. gr. B í lögunum falli brott.
5. Við 9. gr. 1. tölul. orðist svo:
   Af tekjuskattsstofni reiknast 26,75% á mánaðartekjur upp að 50 þús. kr. en 38% á það sem umfram er 50 þús. kr.
6. Við 10. gr. 1. mgr. A-liðar orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 150 480 kr.
7. Við 11. gr. Á eftir 6. mgr. B-liðar komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
8. Við bætist ný grein sem verði 18. gr. og orðist svo:
   5. tölul. 2. mgr. 74. gr. laganna orðist svo:
   Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá

þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1987, 3% 1988, 2% 1989 og 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því til þeirra var stofnað.

9. Við 18. gr.
   a. Í stað orðsins „lánskjaravísitölu“ í greininni komi: vísitölu kauptaxta verkamanna og iðnaðarmanna.
   b. Við 2. mgr. Orðin „þ.e. 1594 stig“ falli niður.
10. Við ákvæði til bráðabirgða I.
   a. Orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Vaxtaafsláttur, sem um ræðir í 1. mgr., telst vera 34,75% af frádráttarbærum vöxtum.

Ed. 782. Breytingartillögur [341. mál]

við frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (RA).

a. Við 4. gr. Í stað orðanna „25%“ í 3. mgr. komi: 10%.
b. Við 4. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:
   Nú hefur skattgreiðandi verið tekjulítill eða tekjulaus á árinu 1987 vegna veikinda, námsvistar eða atvinnuleysis og skal þá lækka álagðan tekjuskatt og útsvar í samræmi við viðmiðunarreglur sem ríkisskattstjóri setur.

Ed. 783. Breytingartillaga [341. mál]

við frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (StB).

Við 4. gr. Orðin „að viðbættum 25%“ í 3. og 5. mgr. falli niður.

Ed. 784. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (StB).

1. Við 2. gr. A-liður orðist svo:
   2. málsl. 5. tölul. orðist svo: Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá útgerðarfyrirtækjum til að standa undir fæðiskostnaði um borð í fiskiskipum.
2. Við 3. gr. bætist nýr töluliður er orðist svo:
   Tekjur skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–3. tölul. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal

þó aldrei vera hærri en 700 000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar skv. 1. mgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt skv. 1. mgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

3. Við 10. gr.
   a. Við 1. efnismgr. A-liðar bætist nýr málsl. er orðist svo: Ráðherra er þó heimilt að tvöfalda í tólf mánuði persónuafslátt þeirra námsmanna sem náð hafa 21 árs aldri, frá og með þeim tíma er þeir ljúka námi.
   b. Við 3. mgr. A-liðar bætist nýr málsl. er hljóði svo:
      Ráðherra er þó heimilt að setja ákvæði í fyrrgreinda reglugerð um millifærslu persónuafsláttar milli mánaða hjá námsmönnum með hliðsjón af takmörkuðum vinnutíma þeirra ár hvert.
   c. 2. málsl. 1. mgr. B-liðar orðist svo: Sjómannaafsláttur skal vera 220 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.
4. Við 11. gr. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
   Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum. Við fyrstu íbúð sem maður eignast skal reikna fullar húsnæðisbætur en hálfar sé um kaup annarrar eða þriðju íbúðar að ræða.
5. Við 18. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo:
      Fjárhæðum, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum hvert ár.
   b. 1. tölul. 1. efnismgr. falli brott.
6. Við ákvæði til bráðabirgða I. Orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli brott.
7. Við ákvæði til bráðabirgða, II. Orðin „í fyrsta sinn“ falli brott.
8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þegar að lokinni samþykkt þessara laga skal ríkisstjórn hefja undirbúning heildarlöggjafar um tekjuskatt og eignarskatt. Miða skal við að löggjöf þessi taki gildi fyrir næstu áramót er lög þessi öðlast gildi. Markmið löggjafarinnar skal vera að flytja a.m.k. 500 millj. kr. skattbyrði af tekjuskatti launafólks til fyrirtækja og fjármagnseigenda.

   Helstu atriði löggjafarinnar verði þessi:
   1. Einföld skattlagning á fyrirtæki, færri undanþágur og afnám margs konar frádráttarliða þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Skatttegundum verði fækkað og þess gætt að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.
   2. Hert ákvæði um refsingu við skattalagabrotum og álög.
   3. Hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Skattrannsóknarstjóri fari með bókhaldseftirlitið og fái auknar sektarheimildir vegna bókhaldsbrota.
   4. Ríkisskattanefnd úrskurði sektir fyrir hrein bókhaldsbrot eins og skattabrot.
   5. Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög. Brot verði þar skilgreind sjálfstætt eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Í lögunum verði ákvæði um heimild til sviptingar starfsréttinda að því leyti sem almenn ákvæði hegningarlaga eru talin ófullnægjandi.

6. Nýtt ákvæði komi í almennum hegningarlögum um „stórfellda óreglusemi“ í færslu bókhalds.
7. Hlutræn refsiábyrgð lögaðila verði svipuð þeirri sem nú er að finna um skattabrot.
8. Embætti ríkisskattstjóra breytist í stofnun er fari með heildarstjórn skattamála, bæði faglega og verkstjórnarlega. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum fari fram á einum stað þar sem sérhæft, menntað starfsfólk starfar. Skattstofur í núverandi mynd leggist niður en eftir verði aðilar sem veita upplýsingar til almennings og afla gagna vegna framtala.
9. Skýr ákvæði verði um menntunarmál starfsfólks á skattstofum, m.a. um skattskólann.
10. Komið verði á fót sérstöku eftirliti sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl.
11. Ný ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna.

Ed. 785. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum samhliða frumvarpi um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi um gildistöku laga um staðgreiðslu.

Til viðræðna við nefndina komu fulltrúar fjármálaráðuneytis, ríkisskattstjóra, ASÍ, VSÍ, BSRB og Félags áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum.

Viðmælendur nefndarinnar voru yfirleitt hlynntir staðgreiðslubreytingunni en höfðu ýmsa fyrirvara á samþykki sínu við álagningu tekju- og eignarskatts og framkvæmd staðgreiðslunnar. Flestir þeirra bentu á nauðsyn þess að vinna þyrfti að ítarlegri könnun á áhrifum frumvarpsins á tímanum fram að gildistöku þess.

Heildaráhrif breytinga frumvarpsins virðast vera þau að tekjur ríkissjóðs lækki um 4–7,5% miðað við tekjur ársins 1987 samkvæmt núgildandi lögum.

Ekki verður með nokkru móti séð hvort verulegur flutningur verður á greiðslubyrði milli fólks með mismunandi tekjur þar sem beinn samanburður á núgildandi lögum með öllum sínum tilbrigðum er erfiður við það einfalda kerfi sem nú er lagt til að taka upp. Sjálfsagt verður sá samanburður ekki gerður fyrr en í lok ársins 1988 svo að fullnægjandi sé.

Þau atriði, sem ekki er tekið á í þessu frumvarpi og fylgifrumvörpum, hafa trúlega meiri áhrif en frumvarpið sjálft.

Sú ríkisstjórn, sem enn situr, hefur margítrekaði lofað afnámi tekjuskatta af almennum launum. Þetta loforð tengist loforðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Ástand ríkissjóðs leyfir ekki mikinn samdrátt þessa stundina. Þannig hlaut loforðið um tekjuskattsafnám að tengjast auknum tekjum á öðrum vettvangi. Ríkisstjórnin hefur heykst á að fylgja eftir frumvarpi um virðisaukaskatt eða breytingum á gildandi söluskattslögum þannig að ekki verður tekna að vænta úr þeirri átt. Ríkisstjórnin hefur einnig heykst á flutningi frumvarps um skattlagningu á fjármagns-, eigna- og hlunnindatekjur ásamt skattlagningu á fyrirtæki og því verður ekki hægt að flytja greiðslubyrði af launafólki yfir á herðar þeirra sem meira mega sín fjárhagslega í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Fyrirhuguð innheimta skatta af ökutækjastyrkjum og dagpeningum mun líklega skapa fleiri vandamál en hún leysir. Þessi aðferð mun leggja mikla vinnu á starfsmenn skattstofa, auk þess sem þeir, sem fá slíkar greiðslur með eðlilegum hætti sem endurgreiðslu á útlögðum

kostnaði, verða fyrir verulegum óþægindum og útgjöldum. Það er óraunsæ bjartsýni að ætla að slíkar aðferðir muni ekki leiða til breytinga á formi slíkra greiðslna.

Það er ljóst að greiðslur í formi ökutækjastyrkja og dagpeninga, einkum þó ökutækjastyrkja, eru stórlega misnotaðar hér á landi. Það er þó verulegur fjöldi sem fær þessar greiðslur eðlilega ákvarðaðar miðað við þau útgjöld sem þeir hafa orðið fyrir. Skattyfirvöld hafa reynt að beita nokkru aðhaldi á þessu sviði en árangur hefur ekki orðið sem skyldi og verður ekki séð að hin fyrirhugaða skattlagning breyti miklu í því efni. Hins vegar er hætta á að þeir sem síst skyldi verði fyrir barðinu á þeim aðferðum sem fyrirhugað er að nota. Á þessu vandamáli þarf að finna aðra raunsærri lausn.

Í athugasemdum með frumvarpinu um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem ætlað er að gera á skatt- og útsvarsstofninum og er ekki tilefni til að gera athugasemdir við þá útreikninga hér. Þó verður að telja áætlun skattstofns vegna ökutækjastyrkja, dagpeninga og annarra hlunninda byggða á bjartsýni.

Í 4. gr. frumvarpsins um gildistöku eru nokkur athyglisverð ákvæði. Þar er m.a. kveðið á um það að þeim mönnum, sem ber lögum samkvæmt að telja sér til tekna endurgjald, megi ekki gera það á árinu 1987 ef það myndar tap í rekstrinum. Á það hefur verið lögð áhersla á undanförnum árum að þessir aðilar reikni sér tekjur eftir ákveðnum reglum þótt um tap sé að ræða á rekstri þeirra og greiði af þeim skatt innan ákveðinna marka. Samkvæmt frumvarpinu mega þeir það ekki á árinu 1987. Þessi ákvæði eru óviðeigandi og valda mismunun milli manna og fyrirtækja eftir eignaraðild.

Í staðgreiðslufrumvarpinu eru ítarleg ákvæði um álag og dráttarvexti vegna vangreiðslna. Hins vegar virðist aðeins gert ráð fyrir almennum sparisjóðsvöxtum af ofgreiðslum, en ljóst er að talsvert verður um ofgreiðslur í kerfinu. Almennir sparisjóðsvextir hafa lengst af ekki nægt til að halda í við verðlagsbreytingar og eru þessi ákvæði óréttlát gagnvart gjaldendum.

Stjórn staðgreiðslunnar verður í höndum ríkisskattstjóra og er skattstjórum ætlað að hafa eftirlit með höndum. Látið er að því liggja að talsverður sparnaður verði við hina almennu framkvæmd álagningar vegna einföldunar og muni starfsfólk skattstofa nýtast til eftirlits með staðgreiðslunni. Draga verður í efa að um sparnað verði að ræða á skattstofum við almenna framkvæmd og ekki liggur nægilega fyrir enn þá hvernig verkefnum skattstofa og innheimtumanna verður breytt. Hér er um nokkra áhættu að ræða vegna hins skamma undirbúningstíma.

Með þessum frumvörpum er gert ráð fyrir að gerðar verði veigamiklar og óæskilegar breytingar á ákvæðum laga um vald skattyfirvalda til að ákveða gjaldendum stofna til greiðslu skatta og verður það að teljast nokkuð athyglisvert. Á þetta t.d. við um 6. gr. frumvarps um staðgreiðslu og 4. gr. frumvarps um gildistöku. Samkvæmt þeim breytingum, sem nú er verið að gera á 59. gr. skattalaga, getur skattstjóri að eigin mati hækkað reiknað endurgjald án þess að gjaldandi sé beðinn um skýringar á því sem kann að þykja óeðlilegt.

Telja verður varhugavert og reyndar óþarft að auka verulega vald skattstjóra, ekki síst af þeim ástæðum að skattstofurnar eru um þessar mundir illa í stakk búnar til að fara með slíkt vald, m.a. vegna skorts á sérhæfðum starfsmönnum til faglegrar umfjöllunar mála.

Eins og áður segir er yfirstjórn staðgreiðslu í höndum ríkisskattstjóra og á hann að setja skattstjórum starfsreglur. Hann á að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, en hann á einnig að úrskurða sektir fyrir brot á lögunum skv. 31. gr. frumvarpsins nema máli sé vísað til dómstóla. Úrskurður ríkisskattstjóra er fullnaðarúrskurður. Það sektarvald, sem gert er ráð fyrir að fá ríkisskattstjóra í hendur samkvæmt frumvarpinu, er mjög víðtækt, sbr. 30. gr. frumvarpsins. Það getur ekki talist eðlilegt að hið víðtæka sektarvald sé fengið í hendur þeim aðila sem ábyrgð ber á framkvæmdinni og hefur með höndum eftirlit með greiðslum og framtölum. Með þessu er þó alls ekki verið að lýsa yfir vantrausti á embættismanninn heldur

bent á að þetta fer illa saman. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er sektarvaldinu komið fyrir með öðrum hætti, sbr. 108. gr.

Með tilkomu staðgreiðslu opinberra gjalda er stigið verulegt framfaraskref í innheimtu opinberra gjalda þegar til lengri tíma er litið, að því gefnu að framkvæmdin takist vel og að náð verði þeim markmiðum sem að er stefnt. Því miður virðist sem frumvarpið hafi ekki fengið nægilegan undirbúning þótt hér hafi mikið starf verið unnið á skömmum tíma. Nokkrum efasemdum verður að lýsa varðandi undirbúning framkvæmdarinnar, en fjölmarga þætti þessa máls á eftir að vinna og skýra. Fróðlegt hefði verið að fá upplýsingar um þær áætlanir sem gerðar hafa verið um einstaka þætti undirbúningsins, svo sem nánar um breytingu verkefna skattstofa og innheimtumanna, skipulag eftirlits skattstjóra, þjálfun mannafla, hönnun tölvukerfa sem halda eiga utan um staðgreiðsluna og skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og margt fleira. Það væri skaði ef farið yrði af stað með gott mál án nægilegs undirbúnings.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Augljóst er að frumvarpið mismunar þeim sjómönnum sem eru í fríu fæði hjá útgerð og þeim sem fá fæðispeninga. Því er flutt breytingartillaga við 2. gr. frv. svo að jafnræði megi ríkja með sjómannastéttinni allri.

Ekki er að finna í þessu frumvarpi neinar hugmyndir um tilfærslu á skattbyrði milli skattgreiðenda í heild þar sem frumvarpið tekur aðeins til hluta skattgreiðenda. Ekki eru því efni til að flytja breytingartillögur um lækkun skattprósentu eða hækkun persónuafsláttar fyrr en heildarlöggjöf um skatta á eignir, eignatekjur og fyrirtæki er komin fram á hausti komanda. Alþýðuflokkurinn ætlast til að þar megi auka tekjur ríkissjóðs um 400–500 milljónir króna og nota þá tekjuaukningu til að aflétta sköttum af almennum launatekjum. Það er heilbrigt sjónarmið í blönduðu hagkerfi að gera þá kröfu til eigenda fyrirtækja og fjármagns að umsvif þeirra skili arði sem nægi til að létta skattbyrði launþega þeirra.

Andi núgildandi laga er m.a. sá að tekið er tillit til þeirra er stunda nám, eru að hefja störf á vinnumarkaði og þeirra sem eru að ljúka starfi. Það verður ekki séð að nein ástæða sé til þess að leggja þessi mannúðlegu sérkenni á íslenskum skattalögum fyrir róða og því flytur 3. minni hl. breytingartillögur við 10. gr. þar að lútandi.

Fram kom í viðræðum við fulltrúa sjómanna að sá frádráttur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sjómenn skuli njóta, er allt of lítill og því er flutt tillaga um hækkun hans.

Margt mælir með því að B-liður 11. gr. frumvarpsins, húsnæðisbæturnar, eigi ekki heima í þessu frumvarpi. Hér er í raun um niðurgreiðslu vaxta að ræða sem heima á í lögum um Húsnæðisstofnun. Ef gengið er út frá því að þetta sé hluti af frumvarpinu þá má draga í efa að það skili öðrum árangri en þeim að breyta sem minnst stöðu ríkissjóðs. Húsbyggjendum eða kaupendum, sem keypt hafa fyrir 1985, skilar hún styttingu þess tíma sem þeir áttu von á að njóta vaxta og verðbótafrádráttar og ef horft er til þeirra sem keyptu 1981–1984 er það harður kostur. Í annað sinn á sex árum verða þeir fyrir barðinu á aðgerðum ríkisvaldsins með líkum hætti, fyrst kjaraskerðingu og misgengi lána og launa, og nú í annað sinn misgengi á afborgunartíma lánanna. Þeir sem eru að kaupa í annað eða þriðja sinn þegar fjölskyldan er hvað stærst og heimilistekjurnar e.t.v. hlutfallslega minnstar eru settir hjá og þannig nær frumvarpið e.t.v. ekki til þeirra sem helst þyrftu þessa með. Þess vegna flytur 3. minni hl. breytingartillögu við þessa grein með það að markmiði að ná til þeirra að nokkru sem hvað mest munu þurfa á aðstoð að halda.

Efnahagslíf Íslendinga er sveiflukennt. Því er hætt við að áhrif 18. gr. frumvarpsins geti orðið önnur en höfundar ætlast til. T.d. er áberandi að kaupmáttur tekna fólks, sem er með tekjur rétt yfir skattleysismörkum, sveiflast hlutfallslega mest ef verðlagsbreytingar eru miklar milli ára. Því er augljóst að löggjafinn mun oft þurfa að grípa inn í til að draga úr áhrifum verðlagssveiflna á kaupmátt. Af þeirri ástæðu er lagt til að Alþingi ákveði

skattvísitölu á miðju viðmiðunartímabilinu með tilliti til undangenginnar þróunar og áætlana um þjóðarhag á komandi ári.

Með tilliti til þess að með sex ára ákvæði í 11. gr. er verið að skapa ríkissjóði tekjur að því tímabili loknu sem hann annars ekki átti von á, þess að með sex ára reglunni verða þeir verst úti sem urðu fyrir misgengi lána og launa 1982–1984 og þess að það er yfirlýst áform stjórnvalda að menn tapi ekki neinu við umskiptin flytur 3. minni hl. breytingartillögu við ákvæði til bráðabirgða I.

Enn fremur er flutt lítils háttar breytingartillaga við ákvæði til bráðabirgða II er tengist breytingartillögu við 11. gr. frumvarpsins.

Efni þessa frumvarps má rekja til síðustu kjarasamninga og þeirrar skýrslu um könnun á umfangi skattsvika sem lögð var fyrir Alþingi 18. apríl s.l. Í skattsvikaskýrslunni var niðurstaðan sú að ríkissjóður hefði orðið af 2500–3000 milljónum króna, eða 7–8% af heildarskatttekjum, á árinu 1985 og lækka hefði mátt heildarskattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu um 9,4% ef þessum tekjum hefði verði náð. Enn fremur komu í ljós að mestar líkur voru á skattsvikum í tengslum við dulda atvinnustarfsemi í ákveðnum starfsgreinum.

Nefndin, sem skýrsluna samdi, taldi helstar ástæður skattsvika vera flókið skattkerfi. Óljóst réttlæti skattalaga vegna fjölgunar ívilnunarákvæða einstakra hópa, há skatthlutföll og opinber höft á ákveðnum sviðum. Fjármálaráðherra lofaði s.l. vor verulegum úrbótum í frumvarpsformi, jafnvel mörgum strax á liðnu haustþingi. Ekkert slíkt frumvarp leit dagsins ljós. Þó líta megi á staðgreiðslu launaskatts sem hluta af einföldun skattkerfis verður það ekki til að bæta skattvitund manna ef önnur skattheimta verður ekki lagfærð með sömu markmið í huga. Þess vegna leggur 3. minni hl. til að samþykkt verði nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, er skuldbindi stjórnvöld til að undirbúa samræmda heildarlöggjöf um skattheimtu fyrir næstu áramót og bæta tekjumöguleika ríkissjóðs á næsta ári með hertu skatteftirliti.

Jafnaðarmennska tekur til fleiri þátta en efnalegs jafnaðar en um þann þátt mannlegrar tilveru á að gilda sú grundvallarhugsun að réttlæta má efnalegan ójöfnuð manna með því einu að *efni* þeirra betur settu komi þeim sem verr eru settir til góða.

Þriðji minni hl. mælir með samþykki frumvarpsins svo breytts.

Alþingi, 9. mars 1987.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Ed. 786. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður er því eindregið fylgjandi að staðgreiðslu skatta verði komið á og mælir því með samþykkt frumvarpsins en vísar að öðru leyti til breytingartillagna við gildistökufrumvarpið og nefndarálits um tekjuskattsfrumvarpið.

Alþingi, 9. mars 1987.

Ragnar Arnalds.

Nd. 787. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1986, um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, skv. l. nr. 77/1985.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1987, eftir reglum sem félagsmálaráðherra setur, til þess að létta skuldabyrði þeirra sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–1985. Reglurnar skulu miðast við að tiltekinn hluti skuldaaukningar umfram hækkun almenns kaupgjalds fram til 31. des. 1985, sem beint má rekja til íbúðaröflunar, myndi endurgreiðsluhluta sem gangi sem óafturkræft framlag til þess að greiða vanskilaskuldir, lækka skammtímaskuldir eða skuldir til langs tíma hjá viðkomandi og þá í fyrrgreindri forgangsröð.

Ed. 788. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á nokkrum fundum. Magnús E. Guðjónsson, Björn Friðfinnsson, Húnbogi Þorsteinsson, Sigurgeir Sigurðsson, Indriði H. Þorláksson og Lárus Ögmundsson mættu til viðræðna við nefndina.

Nefndin var ekki einhuga í afstöðu sinni til frumvarpsins og skiptist í meiri og minni hl. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt verður á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9 mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Valdimar Indriðason. Björn Dagbjartsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 789. Breytingartillaga [346. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (DA, VI, BD, SalÞ).

Við 2. gr. Í stað „7%“ í fyrri málsgrein komi: 7,5%.

Nd. 790. Nefndarálit [316. mál]

um frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Komið hafa á fund nefndarinnar Pétur Einarsson flugmálastjóri, Jóhann H. Jónsson skrifstofustjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri, Birgir Guðjónsson deildarstjóri og Leifur Magnússon framkvæmdastjóri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 9. mars 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Eggert Haukdal.	Halldór Blöndal.	Karvel Pálmason.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 791. Nefndarálit [395. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Björn Dagbjartsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Helgi Seljan.	

Ed. 792. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 32. gr. Í stað „1%“ í 2. mgr. komi: 0,5%.

Ed. 793. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það hefur lengi verið stefnumál Alþýðuflokksins að koma á staðgreiðslu opinberra gjalda samhliða einföldun álagningar allra skatta. Ágalli þessa frumvarps er fyrst og fremst sá að hér er aðeins fjallað um lítinn hluta skattheimtu. Enn er frestað afnámi tekjuskatts og auk þess er álitamál hvernig að innheimtu er staðið. En þar sem hér er fyrst og fremst um það skref að ræða til breytinga á innheimtu sem oft hefur verið lofað en enn aldrei staðið við mælir 3. minni hl. með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 9. mars 1987.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Ed. 794. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þriðji minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt en niður falli það 25% svigrúm til óskilgreindrar tekjuaukningar í eigin atvinnurekstri sem augljóslega ívilnar þeim aðilum sem þess njóta umfram aðra launþega.

Alþingi, 9. mars 1987.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Sþ. 795. Fyrirspurn [412. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjutap sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Hverju nemur tekjutap eða áætlað tekjutap sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi vegna skerðingar á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga borið saman við óskerta tekjustofna og vegna erlendrar lántöku sem sjóðurinn ber?

Í svari óskast tilgreint hvert sveitarfélag fyrir sig, ár fyrir ár og að þessu ári meðtöldu, frá því að skerðing hófst, og allar upphæðir á verðlagi fjárlagaársins 1987.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 796. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi um breytingu á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og vísast til nefndarálits 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um þessi frumvörp hvað varðar þær skattkerfisbreytingar sem frumvarpið er hluti af.

Breytingartillögur eru gerðar við 2., 3. og 8. gr. frumvarpsins og miða þær að því að selja sveitarstjórnum sjálfdæmi um álagningu útsvars og aðstöðugjalda í hverju sveitarfélagi. Samkvæmt þessum breytingum eru sveitarstjórnirnar ekki bundnar af neinum ákvæðum um hámarksskattlagningu á tekjur eða rekstur í sveitarfélaginu. Telja verður eðlilegt að leggja ákvörðunarvaldið í þessum málum í hendur sveitarstjórna þar sem þær eru kjörnar í almennum kosningum og standa þar skil ákvarðana sinna. Jafnframt hljóta sveitarstjórnir í tekjuöflun sinni bæði að taka mið af þörfinni fyrir þjónustu í sveitarfélaginu og gjaldþoli útsvarsgreiðenda og atvinnurekstrar. Breyting sú, sem gerð er tillaga um á 2. gr., gerir sveitarstjórnum auk þess kleift að leggja á breytilegt útsvar eftir tekjum gjaldenda. Þannig getur sveitarstjórn beitt útsvarinu til tekjujöfnunar en er ekki bundin af ákvæðum laga um að henni beri að leggja sama hundraðshluta á alla íbúa í sveitarfélaginu.

Breytingartillagan við 3. gr. er í eðlilegu framhaldi af því sem að framan segir. Fái sveitarstjórnirnar sjálfdæmi í þessu efni er heimildarákvæði um 10% hækkun eða lækkun útsvara óþarft.

Þær breytingar, sem hér eru lagðar til á ákvæðum um álagningu útsvars, eru í samræmi við einróma samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 15. des. 1983, svohljóðandi:

„Vegna þeirrar skoðunar, sem nú fer fram á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, beinir borgarstjórn Reykjavíkur eftirfarandi tilmælum til félagsmálaráðherra:

1. Ákvæði um álagningu fasteignagjalda verði rýmkuð þannig að sveitarstjórnir fái aukið svigrúm til að veita tekjulitlum hópum afslátt af fasteignagjöldum.
2. Ákvæði um álagningu útsvars verði breytt á þann veg að ákvörðunarvaldið verði algerlega í höndum sveitarfélaga, en ekki takmarkað eins og nú er af ákvæðum um hámarksútsvar, og að sami hundraðshluti skuli lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.“

Með þeim breytingum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir og fluttar eru á sérstöku þingskjali, leggur undirrituð til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 797. Breytingartillögur [346. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar (SDK).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   25. gr. laganna orðist svo:
   Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.
2. Við 3. gr. 3. mgr. falli brott.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:
   38. gr. laganna falli brott.

Ed. 798. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Undirritaður getur ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps í óbreyttri mynd þótt hann telji breytingartillögur því tengdar til bóta.

Þrátt fyrir ýmsar skýringar og útreikninga er fjölmargt enn óljóst um afleiðingar þess nýja fyrirkomulags fyrir hin mörgu og mismunandi sveitarfélög í landinu.

Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin í heild hafa í reynd afar takmarkað fjallað um frumvarpið en á ráðstefnu í Borgarnesi á vegum sveitarfélaganna komu fram ýmsar efasemdir um það hversu þessi nýja skipan mundi reynast. M.a. var bent á óvissuþætti varðandi það meginatriði er snertir útvíkkun skattstofns þess sem leggja skal á, deilt á þá tilhögun að skerða vald sveitarfélaga til álagningar, enda ábyrgðin þeirra, og eins lýst andstöðu við það að samþykki félagsmálaráðherra þurfti til að hreyfa útsvarsprósentu frá fjárhagsáætlun.

Sama er að segja um andstöðu við þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars sem er raunar í öðru frumvarpi.

Ljóst er að samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra hafa verið í lágmarki við allan frágang þessa frumvarps.

Að öðru leyti tengist þetta frumvarp þeirri heildarskattkerfisbreytingu sem verið er að koma á. Alþýðubandalagið er þar með veigamiklar tillögur sem miða að minni skattbyrði almennings og betri skilum á gróða fyrirtækjanna í landinu til samfélagsins.

Undirritaður vísar til þessara tillagna sem óneitanlega snerta þetta frumvarp en mun að öðru leyti láta afstöðu sína til málsins koma fram í umræðu.

Alþingi, 9. mars 1987.

Helgi Seljan.

Nd. 799. Lög [232. mál]

um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Afgreidd frá Nd. 9. mars.)

Samhljóða þskj. 249.

Nd. 800. Frumvarp til laga [413. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Páll Pétursson,
Guðrún Helgadóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun, hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu. „Eiturefnavopn“ merkir vopn sem byggist á notkun skaðlegra efna eða efnasambanda, þar með talið lífefnaeitur, skaðlegar örverur eða líffræðilegir orsakavaldar. Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt þjóðarrétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofansjávar og í lofti. Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorku- og eiturefnavopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 11. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari, sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis, má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 11. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Bannað er að búa til eiturefnavopn af nokkru tagi innan hins friðlýsta svæðis, koma þar fyrir, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn hátt.

9. gr.

Bannað er að flytja eiturefnavopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 11. gr.

10. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 11. gr.

11. gr.

Undanþegin ákvæðum 6., 9. og 10. gr. þessara laga er friðsamleg umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum, þó aldrei nær landinu en upp að 12 sjómílna mörkum og lofthelginnar þar upp af.

12. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila sem völ er á til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

13. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

14. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að 10 árum.

15. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð forsætisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 15. gr. laga nr. 52/1985. Heimilt er forsætisráðherra að fela utanríkis- eða samgönguráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1988.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar og til að hefja umræður um hvernig staðið skuli að því að festa í lög þá yfirlýstu stefnu Alþingis og ríkisstjórna að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Rétt þótti að láta sambærilegt bann við eiturefnavopnum fylgja með í lögunum.

Það er eðlileg, lýðræðisleg krafa að sú yfirlýsta stefna, að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn, verði bundin í lögum landsins. Í framhaldi af slíkri lagasetningu hlýtur að koma til skoðunar að taka upp almenn ákvæði þar að lútandi í stjórnarskrá. Með þeim hætti væri vilji bæði Alþingis og þjóðarinnar allrar tryggður að baki friðlýsingar landsins.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við frumvarp um kjarnorkuvopnalust Nýja-Sjáland sem er til umfjöllunar á þingi þeirra Nýsjálendinga í Wellington, lagt fram af forsætisráðherra landsins, David Lange. Einnig var tekið mið af hugmyndum sem settar hafa verið fram um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Frumvarp þetta á enn fremur í öllum meginatriðum að vera í samræmi við ákvæði um önnur kjarnorkuvopnalaus svæði eða friðlýst svæði, svo sem Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku, Rarotonga-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Kyrrahafi og stöðu þessara mála á alþjóðavettvangi, sbr. lokakafla ályktunar frá afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1978 (sjá fylgiskjöl).

Höfundur telur rétt að nokkur tími sé til stefnu frá því að frumvarp þetta verður að lögum og þar til lögin taka gildi. Þann tíma þarf að nota m.a. til að afla svæðinu viðurkenningar, undirbúa eftirlit og annað sem að framkvæmdinni lýtur.

Enginn vafi er á því að lagasetning af þessu tagi um kjarnorku- og eiturefnavopnafriðlýsingu væri stórt framlag og hvatning af Íslands hálfu til afvopnunar og friðarviðleitni í heiminum. Ótvírætt væri gildi þess fyrir framþróun hugmynda um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum ef Íslendingar tækju fyrir sitt leyti af skarið með kjarnorkufriðlýsingu landsins. Verulegur skriður hefur verið á umræðum og mótun hugmynda um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd upp á síðkastið en því miður virðist svo sem framlag íslenskra yfirvalda hingað til hafi fyrst og fremst orðið það að tefja fyrir málinu. Hér er lagt til að bragarbót verði gerð í því efni í samræmi við ótvíræðan vilja þjóðarinnar ef marka má kannanir. Að sjálfsögðu mundi svo hið friðlýsta íslenska svæði ganga inn í væntanlegt kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og verða hluti af því hvað varðaði samninga um viðurkenningu, eftirlit og alla framkvæmd.

Hér er einnig um stórt umhverfismál að ræða og fyllilega tímabært að við Íslendingar tökum af meiri alvöru á þeirri ógn sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum, kjarnorkuúrgangi, eiturefnum o.s.frv.

Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í öll skiptin hefur þar verið um að ræða tillögur að ályktunum um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf. Fyrst var slík tillaga flutt af Svövu Jakobsdóttur og Magnúsi Torfa Ólafssyni á 97. löggjafarþingi, síðan af Svövu einni á 100. löggjafarþingi og svipuð tillaga af Guðrúnu Helgadóttur o.fl. á 102. og 107. löggjafarþingi. Einnig hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, afvopnun á Norður-Atlantshafi o.fl., en hér er eftir því sem best er vitað málið í fyrsta sinn komið í frumvarpsbúning.

Um skýringar að öðru leyti vísast í athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, fylgiskjöl og í framsöguræðu. Einnig má benda á rit öryggismálanefndar (rit 3) um kjarnorkuvopnalaus svæði eftir Þórð Ingva Guðmundsson, en það er að því leyti ófullnægjandi að það er orðið nokkurra ára gamalt (1982) en þróun þessara mála hefur verið hröð upp á síðkastið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laganna er megintilgangur þeirra skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi lagagrein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn“ við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði (sbr. fylgiskjöl).

Eiturefnavopn eru hér nánast í sinni víðustu merkingu látin ná yfir öll skaðleg efni eða efnasambönd sem nota á sem vopn til að skaða fólk, mannvirki eða náttúru. Innifalin eru í þessari skilgreiningu lífefnavopn, en um þau gilda alþjóðlegir samningar, um bann við þróun, framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna (líffræðilegra vopna) og vopna er nýta lífefnaeitur, og um eyðingu slíkra vopna, frá 10. apríl 1972. Að öðru leyti yrði að afla hinni víðtæku íslensku skilgreiningu sérstaklega viðurkenningar.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði“ og hið „friðlýsta svæði“ skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðréttar og fullveldisréttar, ná til. Sjá hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum (sjá fylgiskjal II, 1. og 2. gr.) og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorku- og eiturefnavopnabannið í senn bundið ríkinu sem saman stendur af borgurunum og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8.–9. gr.

Í 8.–9. gr. er lagt hliðstætt bann við umsýslan með eiturefnavopn innan hins friðlýsta svæðis og eiga við um kjarnorkuvopn. Sjá einnig skilgreiningu á hugtakinu „eiturefnavopn“ í athugasemdum um 3. gr.

Um 10. gr.

Í 10. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 11. gr.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, sé undanþegin ákvæðum 6., 9. og 10. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í frumvarpinu um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku landhelginni (innan 12 mílna

marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og lofthelgi þar yfir, og til að friðlýsa eftir því sem fært er, með tilliti til alþjóðlegrar umferðar, efnahagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 12. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnt þó um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga, og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem kjarnorkuvopnuð.

Um 13. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum (sjá fylgiskjöl) og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálenska frumvarpinu.

Um 15. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri formlega undir forsætisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli forsætisráðherra og Alþingis um framkvæmdina.

Um 16. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist, frá samþykkt laganna, til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Fylgiskjal I.

David Lange

KJARNORKUVOPNALAUST NÝJA-SJÁLAND, AFVOPNUN OG TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR

Frumvarp til laga

er gera skal Nýja-Sjáland að kjarnorkuvopnalausu svæði, stuðla að virku og raunhæfu framlagi Nýja-Sjálands í þágu þeirrar nauðsynjar, að afvopnun fari fram og komið verði á alþjóðlegri takmörkun vígbúnaðar, og láta eftirtalda þjóðréttarsamninga koma til framkvæmda að því er Nýja-Sjáland varðar:

a. samning um kjarnorkuvopnalaust svæði á Suður-Kyrrahafi, frá 6. ágúst 1985, en texti hans fylgir lögum þessum sem fylgiskjal 1,
b. samning um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar, frá 5. ágúst 1963, en texti hans fylgir lögum þessum sem fylgiskjal 2,

c. samning um að dreifa ekki kjarnavopnum, frá 1. júlí 1968, en texti hans fylgir í lögum þessum sem fylgiskjal 3,
d. alþjóðasamning um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gereyðingarvopna á sjávarbotni og í honum, frá 11. febrúar 1971, en texti hans fylgir lögum þessum sem fylgiskjal 4,
e. alþjóðasamning um bann við þróun, framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna (líffræðilegra vopna) og vopna er nýta lífefnaeitur, og um eyðingu slíkra vopna, frá 10. apríl 1972, en texti hans fylgir lögum þessum sem fylgiskjal 5,

ER HÉR MEÐ LÖGFEST á þjóðþingi Nýja-Sjálands, háðu á löggjafarþingi og í valdi þess, svo sem hér greinir:

1. Stytt heiti.

Til laga þessara má vísa sem laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, frá 1985.

2. Skýringar.

Í lögum þessum, komi ekki annað fram af samhengi,

merkir „líffræðilegt vopn" sérhverjar örverur, líffræðilega orsakavalda eða lífefnaeitur, sem ætlaðar eru eða ætlað er til nota sem vopn í hernaðarátökum, eða til að valda óvinum skaða með öðrum hætti, þar með talinn búnaður sem gerður er til að auðvelda slík not,

tekur „neyð" m.a. til óviðráðanlegra atvika (force majeure), neyðarástands, og sérstaklega slæmra veðurskilyrða,

merkir „erlent herloftfar" sérhvert loftfar, svo sem skilgreint er í 2. gr. laga um hervarnir frá 1971, sem á þeim tíma er um ræðir er í þjónustu eða undir stjórn hernaðaryfirvalda nokkurs annars ríkis en Nýja-Sjálands, eða lýtur valdboði þeirra,

merkir „erlent herskip" sérhvert skip, svo sem skilgreint er í 2. gr. laga um hervarnir frá 1971, sem
a. tilheyrir her annars ríkis en Nýja-Sjálands og
b. ber ytri auðkenni skipa af þjóðerni þess ríkis og
c. lýtur stjórn foringja sem réttilega er skipaður af stjórnvöldum þess ríkis og
d. er mannað áhöfn undir venjulegum heraga,

vísar „innsævi Nýja-Sjálands" til skilgreiningar þess í lögum um landhelgi og sérefnahagslögsögu frá 1977,

merkir „kjarnorkusprengja" sérhvert kjarnorkuvopn eða aðra sprengju, sem leyst getur kjarnorku úr læðingi, án tillits til til hvers hún kynni að vera notuð, hvort sem hún er ósamsett eða samsett að nokkru eða að öllu leyti, en tekur ekki til flutningatækis, eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark, ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu,

merkir „ferð" stöðuga og tafalausa siglingu, án þess að stöðvað sé eða akkerum varpað, nema slíkt tilheyri venjulegri siglingu eða sé nauðsynlegt í neyð eða til að veita mönnum, skipum eða loftförum aðstoð í neyð,

vísar „landhelgi Nýja-Sjálands" til skilgreiningar hennar í 3. gr. laga um landhelgi og sérefnahagslögsögu frá 1977.

3. Ákvæði um skuldbindingu konungsvaldsins.
Lög þessi skuldbinda konungsvaldið.

4. Hið kjarnorkuvopnalausa svæði Nýja-Sjálands.
Nýja-Sjáland skal vera kjarnorkuvopnalaust svæði, en það tekur til
a. alls lands, landsvæðis og innsævis innan nýsjálenskrar lögsögu og
b. áa og vatna á Nýja-Sjálandi og
c. landhelgi Nýja-Sjálands og
d. loftrýmis yfir svæðum þeim sem um getur í a- til c-liðum þessarar greinar.

Bönn varðandi kjarnorkusprengjur og líffræðileg vopn.

5. Bann við öflun kjarnorkusprengja.
1. Innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands má enginn nýsjálenskur ríkisborgari eða maður, sem að jafnaði dvelst á Nýja-Sjálandi,
a. búa til kjarnorkusprengju af nokkru tagi, afla sér slíkrar sprengju eða hafa hana í vörslum eða umráðum eða
b. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða fái í vörslur eða umráð kjarnorkusprengju af nokkru tagi.

2. Utan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands má enginn nýsjálenskur ríkisborgari eða maður, sem að jafnaði dvelst á Nýja-Sjálandi og er í þjónustu konungsvaldsins eða er umboðsmaður þess
a. búa til kjarnorkusprengju af nokkru tagi, afla sér slíkrar sprengju eða hafa hana í vörslum eða umráðum,
b. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða fái í vörslur eða umráð kjarnorkusprengju af nokkru tagi.

6. Bann við staðsetningu kjarnorkusprengja.
Bannað er að koma fyrir kjarnorkusprengju af nokkru tagi innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands, staðsetja þar slíka sprengju, flytja hana um land, ár eða vötn eða safna slíkum sprengjum eða dreifa þeim.

7. Bann við tilraunum með kjarnorkusprengjur.
Bannað er að gera tilraun með kjarnorkusprengju af nokkru tagi innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands.

8. Bann við líffræðilegum vopnum.
Bannað er að búa til líffræðilegt vopn af nokkru tagi innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands, koma slíku vopni fyrir eða staðsetja það þar, afla þess eða hafa það í vörslum eða umráðum.

9. Sigling inn á innsævi Nýja-Sjálands.
1. Þegar forsætisráðherra hefur til athugunar hvort veita skuli erlendum herskipum heimild til siglingar inn á innsævi Nýja-Sjálands skal hann taka tillit til allra upplýsinga sem völ er á og málið snerta, og allrar tiltækrar ráðgjafar, einnig upplýsinga og ráðgjafar varðandi hernaðar- og öryggishagsmuni Nýja-Sjálands.

2. Forsætisráðherra skal aðeins heimila erlendum herskipum för inn á innsævi Nýja-Sjálands ef hann telur víst að þau muni ekki bera kjarnkorkusprengju af nokkru tagi er þau koma inn á innsævi Nýja-Sjálands.

10. Lending loftfars á Nýja-Sjálandi.

1. Þegar forsætisráðherra hefur til athugunar hvort veita skuli erlendu herloftfari heimild til lendingar á Nýja-Sjálandi skal hann taka tillit til allra upplýsinga sem völ er á og málið snerta, og allrar tiltækrar ráðgjafar, einnig upplýsinga og ráðgjafar varðandi hernaðar- og öryggishagsmuni Nýja-Sjálands.

2. Forsætisráðherra skal aðeins heimila erlendu herloftfari lendingu á Nýja-Sjálandi ef hann telur víst að það muni ekki bera kjarnorkusprengju af nokkru tagi er það lendir á Nýja-Sjálandi.

3. Slíka heimild má binda tegund eða flokki herloftfara og veita til þess tíma er heimildin tiltekur.

11. Koma kjarnorkuknúinna skipa.

Sérhverju því skipi, sem að nokkru eða öllu leyti er kjarnorkuknúið, er bönnuð sigling inn á innsævi Nýja-Sjálands.

Takmarkanir.

12. Ferð um landhelgi og sund.

Lög þessi skulu á engan hátt skerða

a. heimild nokkurs skips til friðsamlegrar ferðar um nýsjálenska landhelgi að alþjóðalögum,
b. heimild nokkurs skips eða loftfars að alþjóðalögum til gegnumferðar um eða yfir sund sem notað er til alþjóðlegra siglinga, eða
c. rétt nokkurs skips eða loftfars í neyð.

13. Friðhelgi.

Lög þessi skulu á engan hátt skerða friðhelgi

a. nokkurs erlends herskips eða annars ríkisskips sem gert er út til annars en kaupsiglinga,
b. nokkurs erlends herloftfars eða
c. áhafnar skips eða loftfars sem a- eða b-liðir þessarar greinar eiga við um.

Refsiákvæði.

14. Afbrot og refsingar.

1. Það er afbrot ef nokkur brýtur gegn eða lætur undir höfuð leggjast að hlíta ákvæðum greina 5 til 8 í lögum þessum.

2. Hver sá, sem sakfelldur er af ákæru um afbrot samkvæmt lögum þessum, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

15. Samþykki ríkissaksóknara til höfðunar refsimáls.

1. Enginn skal sæta kæru fyrir

a. afbrot samkvæmt lögum þessum,
b. refsivert samsæri um að fremja afbrot samkvæmt lögum þessum eða
c. refsiverða tilraun til þess að fremja afbrot samkvæmt lögum þessum

nema samþykki ríkissaksóknara komi til.

Nú hefur maður verið sakaður um eitthvert það afbrot sem um getur í grein þessari, og heimilt er að handtaka hann eða kveða upp og framkvæma úrskurð um handtöku hans, og er þá einnig heimilt að úrskurða hann í gæsluvarðhald eða krefjast tryggingar gegn því að hann sé látinn laus enda þótt samþykki ríkissaksóknara til kæru sé ófengið, en ekki skal grípa til annarra eða frekari ráðstafana gegn honum fyrr en samþykkið er fengið.

2. Ríkissaksóknari getur aflað sér þeirra upplýsinga sem hann telur þörf á áður en hann veitir samþykki sitt samkvæmt þessari grein.

Opinber ráðgjafarnefnd um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

16. Stofnun opinberrar ráðgjafarnefndar um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Skipuð skal nefnd er heiti opinber ráðgjafarnefnd um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

17. Starfssvið og heimildir nefndarinnar.

1. Starfssvið nefndarinnar skal vera
   a. að veita aðstoðarutanríkisráðherra þá ráðgjöf um mál er afvopnun og takmörkun vígbúnaðar varða er hún telur þörf á,
   b. að skýra forsætisráðherra frá framkvæmd laga þessara,
   c. að birta opinberlega með hæfilegu millibili skýrslur um mál er varða afvopnun og takmörkun vígbúnaðar og um framkvæmd laga þessara.
2. Nefndinni skulu veittar allar heimildir sem nauðsynlegar eru eða þörf er á til að hún geti sinnt skyldum sínum.

18. Um nefndarmenn.

1. Í nefndinni eiga sæti sjö menn og
   a. skal einn þeirra vera ráðherra afvopnunarmála og mála er varða takmörkun vígbúnaðar, og er hann jafnframt formaður,
   b. skal einn þeirra vera utanríkisráðherra eða annar forstöðumaður utanríkisráðuneytisins sem tilnefndur sé til ákveðins tíma af utanríkisráðherra,
   c. skal einn þeirra vera varnarmálaráðherra eða annar forstöðumaður varnarmálaráðuneytisins sem tilnefndur sé til ákveðins tíma af varnarmálaráðherra,
   d. skulu fjórir þeirra tilnefndir af aðstoðarutanríkisráðherra.
2. Aðstoðarutanríkisráðherra ræður hve lengi nefndarmenn þeir, sem um getur í d-lið 1. mgr., eigi sæti í nefndinni.
3. Þótt nefndin sé ekki fullskipuð skal það engin áhrif hafa á störf hennar og heimildir.

19. Starfsreglur nefndarinnar.

Nefndin skal fara að starfsreglum sem aðstoðarutanríkisráðherra kann að setja henni en ákveður að öðru leyti sjálf með hverjum hætti hún starfar.

20. Þóknun og ferðakostnaður.

1. Nefndin er lögskipuð nefnd í merkingu laga um þóknun og ferðakostnað frá 1951.
2. Greiða skal nefndarmönnum nefndarlaun og framlög og ferðafé og ferðakostnað af fé sem löggjafarþingið veitir í því skyni, samkvæmt lögum um þóknun og ferðakostnað frá 1951, og gilda ákvæði þeirra laga um nefndina.

21. Um fjárveitingar löggjafarþingsins vegna laga þessara.

Öll þóknun, laun, framlög og önnur útgjöld, sem á falla eða stofnað er til við framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sem löggjafarþingið veitir í því skyni.

Breytingar á öðrum lögum.

22. Breytingar á lögum um mengun sjávar, frá 1974.

1. Lögum um mengun sjávar frá 1974 er hér með breytt, þannig að á eftir 21. gr. þeirra, eins og hún var lögfest með 4. gr. laga um breytingu á lögum um mengun sjávar frá 1980, komi ný grein, svohljóðandi:

„21A. Refsiákvæði varðandi losun geislavirkra úrgangsefna.

1. Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara skulu þeir menn sæta refsingu, sem taldir eru í 2. mgr. þessarar greinar, ef
   a. nokkur geislavirk úrgangsefni eru tekin um borð í skip eða loftfar á Nýja-Sjálandi eða á nýsjálensku hafsvæði í því skyni að losa þau í sjó,
   b. nokkur geislavirk úrgangsefni eru losuð á nýsjálensku hafsvæði frá skipi eða loftfari sem þessi kafli laga þessara tekur til,
   c. nokkur geislavirk úrgangsefni eru losuð í sjó frá mannvirki undan ströndum, botnföstum eða fljótandi palli eða öðru mannvirki sem þessi kafli laga þessara tekur til,
   d. nokkur geislavirk úrgangsefni eru losuð í sjó utan nýsjálensks hafsvæðis frá nýsjálensku skipi, skipi í innanlandssiglingum, eða nýsjálensku loftfari.
2. Menn þeir, sem refsiábyrgð bera skv. 1. mgr. þessarar greinar, eru:
   a. eigandi skips og skipstjóri, eða eigandi loftfars og umráðamaður, eftir því sem við á, enda taki a-, b- eða d-liðir þeirrar málsgreinar til brotsins,
   b. eigandi botnfasta pallsins, flotpallsins eða mannvirkisins, eftir því sem við á, og stjórnandi þeirrar starfsemi sem þar fer fram, enda taki c-liður þeirrar málsgreinar til brotsins.
3. Með geislavirkum úrgangsefnum er í grein þessari átt við alls kyns efni, án tillits til flokks eða ástands, hverju nafni sem þau nefnast, ef geislavirkni á kílógramm fer fram úr 100 kílóbecquerel og heildargeislavirkni fer fram úr 3 kílóbecquerel.
4. Hver sá, sem refsiábyrgð ber samkvæmt grein þessari,
   a. skal sæta allt að 100 000 dala sekt, og skal kviðdómsmeðferð ekki viðhöfð og
   b. skal einnig greiða þá fjárhæð er dómstóll metur með hliðsjón af áföllnum eða fyrirsjáanlegum kostnaði við að fjarlægja, hreinsa upp eða gera óskaðleg þau úrgangsefni sem brotið var framið með.
5. Ákvæði b-, c- og d-liða 1. mgr. 22. gr. og a-liðar 2. mgr. 22. gr. laga þessara skulu ekki að neinu leyti ná til losunar geislavirkra úrgangsefna.“

2. Á eftir 6. mgr. 22. gr. B í lögum um mengun sjávar frá 1974, eins og hún var lögfest með 4. gr. laga um breytingu á lögum um mengun sjávar frá 1980, komi ný málsgrein svohljóðandi:

„6A. Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara skal enga heimild veita til losunar geislavirkra úrgangsefna, svo sem þau eru skilgreind í 3. mgr. 21. gr. A í lögum þessum.“

23. Breyting á lögum um friðindi og friðhelgi erlendra sendimanna frá 1968.

Lögum um friðindi og friðhelgi erlendra sendimanna frá 1968 er hér með breytt, þannig að á eftir 10. gr. þeirra komi ný grein svohljóðandi:

„10A. Friðindi og friðhelgi alþjóðlegra eftirlitsmanna er starfa samkvæmt alþjóðasamningum um afvopnun.

Landstjóri getur með ríkisráðstilskipun veitt mönnum, sem skipaðir hafa verið eftirlitsmenn samkvæmt alþjóðasamningi um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar, einhver eða öll þau friðindi sem um getur í fylgiskjali 3 með lögum þessum, eða einhverja eða alla þá friðhelgi sem þar greinir, til ákveðins tíma.“

24. Breyting á lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda frá 1982.

Lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda frá 1982 er hér með breytt, þannig að á eftir liðnum um fosfatnefnd Nýja-Sjálands í fylgiskjali 1 með þeim lögum komi eftirfarandi liður:

„Opinber ráðgjafarnefnd um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.“

Fylgiskjal II.

AUGLÝSING
um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Hinn 18. júlí 1969 voru utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna afhent fullgildingarskjöl Íslands að samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum, sem gerður var í Washington, London og Moskvu hinn 1. júlí 1968 og undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Samningurinn hefur eigi öðlast gildi og verður gildistaka hans auglýst síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, Reykjavík, 23. október 1969.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Ríki þau, sem gera með sér samning þennan, hér á eftir nefnd „samningsaðilar“,

hafa í huga eyðilegginguna sem kjarnorkustyrjöld mundi valda öllu mannkyninu, og þar af leiðandi þá nauðsyn að beita öllum kröftum til að afstýra hættunni á slíkri styrjöld og til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þjóðanna,

hyggja, að dreifing kjarnavopna mundi auka verulega hættuna á kjarnorkustyrjöld,

fara eftir ályktunum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þar sem hvatt hefur verið til samningsgerðar til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarnavopna,

skuldbinda sig til að vinna saman að því að auðvelda framkvæmd öryggiseftirlits Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar með friðsamlegri notkun kjarnorku,

lýsa yfir stuðningi sínum við rannsóknir, þróun og aðrar tilraunir til að efla, í samræmi við öryggiskerfi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, framkvæmd meginreglunnar um öruggt eftirlit með birgðahreyfingum vinnsluefna og sérstakra kjarnkleyfra efna með því að nota mælitæki og aðra tækni á ákveðnum, mikilvægum stöðum,

staðfesta þá meginreglu að gagnið af friðsamlegri hagnýtingu kjarnatækni, þar með talin sérhver tæknileg aukaefni, sem kjarnavopnaríki kunna að fá við smíði kjarnasprengjutækja, eigi að standa öllum samningsaðilum til reiðu, hvort heldur eru kjarnavopnaríki eða kjarnavopnalaus ríki,

eru sannfærð um að allir samningsaðilar eigi samkvæmt þessari meginreglu rétt á að taka þátt í sem allra víðtækustum skiptum á vísindalegum upplýsingum um frekari framþróun kjarnorkunotkunar í friðsamlegum tilgangi og að leggja fram sinn skerf til þessarar framþróunar hver í sínu lagi eða í samvinnu við önnur ríki,

lýsa yfir þeirri ætlun sinni að stöðva kjarnavopnakapphlaupið eins fljótt og unnt er og að gera raunhæfar ráðstafanir í þá veru að eyða kjarnavopnum,

hvetja til samvinnu allra ríkja til þess að ná þessu marki,

minnast ásetnings aðilanna að samningnum frá 1963 um bann við tilraunum með kjarnavopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar, sem skýrt er frá í formála samningsins, um að reyna að hætta við allar tilraunasprengingar með kjarnavopn um alla eilífð og að halda áfram samningum í þeim tilgangi,

óska að draga úr alþjóðlegum viðsjám og efla trúnaðartraust milli ríkja til þess að auðvelda framleiðslustöðvun kjarnavopna, eyðingu allra núverandi birgða þeirra og útrýmingu kjarnavopna og tækja til að koma þeim í skotmark úr vopnabúrum þjóðanna í samræmi við samning um almenna og algjöra afvopnun undir ströngu og raunhæfu, alþjóðlegu eftirliti,

minnast þess, að ríki eiga samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna að varast hótanir um valdbeitingu í milliríkjaskiptum og beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmálasjálfstæði nokkurs ríkis eða á neinn annan hátt, sem kemur á bága við markmið Sameinuðu þjóðanna, og að alþjóðafriði og öryggi skal komið á og varðveitt með því að beina sem minnstum mannafla og fjármunum heimsbyggðarinnar til vopnabúnaðar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. grein.

Sérhvert kjarnavopnaríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að fá ekki í hendur neinum viðtakanda, hverjum sem er, hvorki beinlínis né óbeinlínis, kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki eða yfirráð yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum; og að aðstoða ekki, hvetja eða fá á neinn hátt nokkurt kjarnavopnalaust ríki til að framleiða eða útvega sér með öðrum hætti kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki eða yfirráð yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum.

II. grein.

Sérhvert kjarnavopnalaust ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að taka ekki við frá neinum afhendingaraðila, hverjum sem er, hvorki beinlínis né óbeinlínis, kjarnavopnum eða öðrum kjarnasprengjutækjum eða yfirráðum yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum; að framleiða ekki eða útvega sér með öðrum hætti kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki; og að leita ekki eftir eða fá nokkra aðstoð við framleiðslu kjarnavopna eða annarra kjarnasprengjutækja.

III. grein.

1. Sérhvert kjarnavopnalaust ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að fara eftir öryggisákvæðum, sem sett verða fram í samkomulagi, sem samið verður um og gert verður við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina í samræmi við stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og öryggiskerfi stofnunarinnar, til þess eingöngu að sannprófa hvort það hefur uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi, er miða að því að koma í veg fyrir að kjarnorku verði veitt frá friðsamlegri notkun til kjarnavopna eða annarra kjarnasprengjutækja. Öryggisreglum þeim, sem krafist er í þessari grein, skal fylgt að því er varðar vinnsluefni eða sérstakt kjarnkleyft efni, hvort heldur er við framleiðslu, umbreytingu eða notkun þess í öllum helstu kjarnorkustöðvum eða þegar það er utan við slíka stöð. Öryggisákvæðin, sem krafist er í þessari grein, eiga að ná til alls vinnsluefnis eða sérstaks kjarnkleyfs efnis við alla friðsamlega notkun kjarnorku á landsvæði slíks ríkis, í lögsögu þess eða hvar sem er undir stjórn þess.

2. Sérhvert ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til þess að láta ekki neinu kjarnavopnalausu ríki í té til friðsamlegrar notkunar: (a) vinnsluefni eða sérstakt kjarnkleyft efni, eða (b) tæki eða efni, sem sérstaklega eru ætluð eða útbúin til umbreytinga, notkunar eða framleiðslu á sérstöku kjarnkleyfu efni, nema vinnsluefnið eða sérstaka kjarnkleyfa efnið komi undir öryggisákvæðin sem krafist er í þessari grein.

3. Öryggisákvæðin, sem krafist er í þessari grein, skulu koma þannig til framkvæmda að framfylgt verði ákvæðum fjórðu greinar þessa samnings, og að komist verði hjá því að hindra efnahags- eða tæknilega þróun samningsaðilanna eða alþjóðlega samvinnu um friðsamlega notkun kjarnorku, þar með talin alþjóðleg skipti á kjarnefni og tækjum til

umbreytingar, notkunar eða framleiðslu á kjarnefni í friðsamlegum tilgangi í samræmi við ákvæði þessarar greinar og meginregluna um öryggi sem sett er fram í formála samningsins.

4. Til þess að uppfylla kröfurnar, sem gerðar eru í þessari grein, eiga kjarnavopnalaus ríki, sem eru samningsaðilar, að ganga frá samkomulagi við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum ríkjum í samræmi við stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Samningar um slíkt samkomulag eiga að hefjast innan 180 daga frá því að samningur þessi gengur upphaflega í gildi. Samningar um slíkt samkomulag vegna ríkja, sem afhenda fyrst staðfestingar- eða aðildarskjöl eftir að 180 dagarnir eru liðnir, eiga að hefjast eigi síðar en slík skjöl eru afhent. Slíkt samkomulag skal ganga í gildi eigi síðar en átján mánuðum eftir þann dag er samningarnir hófust.

IV. grein.

1. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að það breyti óhagganlegum rétti allra samningsaðila til þess, án mismununar og í samræmi við fyrstu og aðra grein þessa samnings, að efla rannsóknir, framleiðslu og notkun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.

Frá öryggispólitísku sjónarmiði er eitt markmiðanna með því að stofna kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum að vekja umræður um hugmyndafræðina að baki kjarnorkuvígbúnaðinum. Aðildarlönd svæðisins hafna þeim skilningi að öryggi byggist á ógnarjafnvægi. En til að hindra það að tilkoma hins kjarnorkuvopnalausa svæðis verði aðeins upphaf að nýrri uppbyggingu hefðbundins vopnabúnaðar verða aðildarlöndin að vinna fylgi nýjum viðhorfum í öryggismálum, viðhorfum sem byggjast á aðgerðum í þá átt að skapa traust þjóða í milli og eyða tortryggni eins og mögulegt er. Raunverulegt og varanlegt öryggi er fólgið í gagnkvæmu trausti og þrotlausri baráttu fyrir friði.

Fylgiskjal IV.

Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku.
(Tlatelolco-samningurinn, 1967.)

Samningsaðilar skuldbinda sig til að banna og fyrirbyggja, hver á sínu yfirráðasvæði, eftirfarandi:

a. tilraunir, notkun, smíði eða öflun með nokkrum hætti á hvers kyns kjarnorkuvopnum hvorki fyrir eigin hönd eða annars, beint eða óbeint; og

b. móttöku, geymslu, uppsetningu eða hvers konar eignaraðild að kjarnorkuvopnum, beint eða óbeint.

Aðilar skuldbinda sig einnig til að ráðast hvorki í né efla, leyfa, eða á nokkurn hátt taka þátt í tilraunum, notkun, smíði, öflun eða yfirráðum yfir hvers kyns kjarnorkuvopnum.

Stofnun sem beri nafnið „Eftirlitsstofnun með banni við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku“ skal bera ábyrgð á eftirliti með að ákvæði samningsins séu haldin og skal hún halda fundi með aðildarríkjum á tveggja ára fresti eða þegar þörf gerist. Höfuðstöðvar stofnunarinnar skulu vera í Mexíkóborg.

Stofnunin skal hafa allsherjarráð, stjórnarnefnd og ritaraembætti. Allsherjarráðið skal halda fund á tveggja ára fresti og ályktа um öll mál er varða samninginn. Stjórnarnefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum af allsherjarráði, og skal hún starfa óslitið.

Sérhver samningsaðili skal ganga til samninga við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA) um að taka upp eftirlitskerfi þeirrar stofnunar með kjarnorkumálum sínum. Hann skal skila skýrslum á tveggja ára fresti bæði til eftirlitsstofnunarinnar og til IAEA þar sem staðfest er að ekkert það sem stríðir gegn ákvæðum samningsins hafi átt sér stað á yfirráðasvæði hans.

Aðalritara er heimilt að fara fram á nánari upplýsingar um öll atvik og atriði er varða samninginn og ber að veita honum tafarlausa fyrirgreiðslu.

IAEA og stjórnarnefndin skulu hafa vald til að gera sérstakar kannanir, hinir fyrrnefndu í samræmi við samkomulag sem þeir hafa gert við hvern aðila fyrir sig en stjórnarnefndin

a. þegar fram á slíkt er farið af hálfu einhvers aðila sem hefur grun um að einhverjar framkvæmdir, sem brjóta í bága við samninginn, hafi átt sér stað eða séu í þann veginn að eiga sér stað á yfirráðasvæði annars aðila eða annars staðar á vegum hins síðarnefnda aðila eða

b. þegar farið er fram á slíkt af hálfu aðila sem sakaður er um að hafa brotið gegn ákvæðum samningsins.

Samningsaðilar, sem hyggjast sprengja kjarnorkusprengju í friðsamlegum tilgangi, skulu tilkynna það eftirlitsstofnuninni og IAEA með eins löngum fyrirvara og aðstæður krefja. Tæknilegum fulltrúum stjórnarnefndar eftirlitsstofnunarinnar og IAEA er þá heimilt að fylgjast með öllum undirbúningi og eiga greiðan aðgang að svæðinu.

Verði uppvíst um brot á samningnum skal allsherjarráðið skila skýrslu samtímis til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, til aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til stjórnarnefndar Samtaka Ameríkuríkja og til IAEA.

Öllum þjóðum rómönsku Ameríku, svo og öðrum fullvalda þjóðum sem liggja í heild sinni sunnan 35 gráðu norður á vesturhveli jarðar, er heimilt að undirrita samninginn.

Undirritendur geta við staðfestingu samningsins sett fram skilyrði (t.d. um að önnur ríki staðfesti samninginn) sem þurfi að mæta áður en þeir telji sig bundna af samningnum.

Samningurinn skal gilda um ótakmarkaðan tíma, en þó er sérhverjum samningsaðila heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara til aðalritara enda telji viðkomandi aðili að þær aðstæður hafi komið til eða séu í þann veginn að koma til er varða brýnustu hagsmuni hans.

Framkvæmd samningsins skal frestað af hálfu allra samningsaðila komi til nýtt veldi er ráði yfir kjarnorkuvopnum.

Samningnum fylgja tveir hliðarsamningar (protocol).

Í hliðarsamningi I samþykkja Bretland og Holland að framfylgja þeim ákvæðum samningsins er lúta að banni við kjarnorkuvopnum á þeim svæðum sem eru á ábyrgð þeirra (t.d. á Falklandseyjum). Samþykktin felur í sér skuldbindingar gagnvart IAEA en ekki gagnvart eftirlitsstofnuninni.

Í hliðarsamningi II gera Bandaríkin og fleiri aðilar með sér samning um að beita ekki kjarnorkuvopnum gegn nokkrum öðrum aðila að samningnum né heldur hóta beitingu slíkra vopna. Bandaríkin áskilja sér óskoraðan lagalegan rétt til að veita eða neita aðilum utan samningsins um yfirferðarleyfi og flutningsleyfi. Bandaríkin mundu og skoða árás af hálfu samningsríkis með stuðningi kjarnorkuveldis sem brot á ákvæðum samningsins.

Bandaríkin líta svo á að sú tækni að beita kjarnorkusprengingum í friðsamlegum tilgangi sé óaðgreinanleg frá þeirri tækni að framleiða kjarnorkuvopn. Þau leggja því þann skilning í skilgreiningu samningsins á kjarnorkuvopnum að hún nái til hvers kyns tækja sem nota má til að framleiða kjarnorku.

Fylgiskjal V.

Samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum og Tlatelolco-samningnum.

(Jozef Goldblat og Sverre Lodgaard.)

Rarotonga-samningurinn frá 1985, þar sem lýst er yfir kjarnorkuvopnalausu svæði á Suður-Kyrrahafi, er að nokkru leyti sniðinn eftir Tlatelolco-samningnum frá 1967 sem bannar kjarnorkuvopn í rómönsku Ameríku. Samanburður á þessum tveimur samningum er því bæði gagnlegur og fróðlegur.

Að sumu leyti virðist sem Rarotonga-samningurinn sé yfirgripsmeiri en Tlatelolco-samningurinn: hinn síðarnefndi leyfir sprengingu kjarnorkusprengja í friðsamlegum tilgangi en hinn fyrrnefndi bannar tilraunir með *hvers konar* kjarnorkubúnað. Í raun eru þau skilyrði sem tengjast viðkomandi grein í Tlatelolco-samningnum þó túlkuð á þann veg af flestum þjóðum að þau banni framleiðslu kjarnorkusprengibúnaðar í friðsamlegum tilgangi nema hannaður verði kjarnorkubúnaður sem ekki er hægt að nota sem vopn en slíkt er ólíklegt að verði nokkurn tíma.

Ólíkt Tlatelolco-samningnum bannar Rarotonga-samningurinn alla losun kjarnorkuúrgangs og annars geislavirks efnis á hafi úti; þessi ráðstöfun heyrir þó undir þann lagabálk er fjallar um umhverfisvernd fremur en um takmörkun vopna.

Á hinn bóginn er svæðið í rómönsku Ameríku mun stærra en Suður-Kyrrahafssvæðið. Enda þótt því sé haldið fram að með Rarotonga-samningnum myndist kjarnorkuvopnalaust svæði er nái að mörkum kjarnorkuvopnalauss svæðis rómönsku Ameríku í austri og að kjarnorkuvopnalausa svæðinu á Suðurskautslandi í suðri þá bannar samningurinn aðeins kjarnorkuvopn á sjálfum yfirráðasvæðum Suður-Kyrrahafslanda, út að tólf mílna landhelgismörkum. Í samningnum er engin tilraun gerð til þess að láta kjarnorkuvopnabannið ná til

stærra hafsvæðis hvorki með milliríkjasamþykktum né með öðrum hætti. Svæði það, sem Tlatelolco-samningurinn mundi taka til að uppfylltum nokkrum skilyrðum, mundi hins vegar ná til stórra svæða Atlantshafs og Kyrrahafs, hundruð kílómetra út af ströndum rómönsku Ameríku auk yfirráðasvæða viðkomandi landa. Skilyrðin, sem raunar hafa flest öll verið uppfyllt, eru eftirfarandi: aðild allra ríkja á svæðinu að samningnum; samþykki við viðbótarákvæði af hálfu allra ríkja sem heimild hafa til að undirrita þau; og gerð samninga um eftirlit við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, IAEA. Alþjóðalög um frelsi á úthöfum stóðu ekki í vegi fyrir kjarnorkuvopnabanni á hafi úti í Tlatelolco-samningnum. Engin ástæða virðist vera til þess að ætla að þau hefðu komið í veg fyrir sams konar höft í Rarotonga-samningnum eða a.m.k. beiðni til kjarnorkuvelda um að taka sjálfviljug á sig slík höft í sérsamkomulagi.

Hvers kyns skuldbinding sem fullvalda ríki tekur á sig um takmörkun vopna felur í sér einhvers konar skerðingu á frelsi sem sama ríki naut áður og hafið er hér engin undantekning. Raunar hafa öll kjarnorkuveldin skuldbundið sig til að virða lög um afvopnun rómönsku Ameríku eins og hún er „afmörkuð“ í samningnum, þ.e. að meðtöldum svæðum á hafi úti. Auk þess hefur samningurinn frá 1971, um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni, hlotið samþykki allra helstu kjarnorkuveldanna.

Báðir samningar gera í sérstökum hliðarsamningi ráð fyrir skuldbindingum sem kjarnorkuveldin taki á sig um að beita ekki kjarnorkuvopnum né hóta beitingu þeirra gegn aðilum samningsins. Í Tlatelolco-samningnum, sem samþykktur var fyrir rúmlega 19 árum, var full þörf á slíkum ákvæðum. Þeim virðist þó ofaukið í Rarotonga-samningnum þar sem öll kjarnorkuveldin hafa nú einhliða og formlega heitið því að beita ekki kjarnorkuvopnum. Kína tók á sig þá skuldbindingu „skilyrðislaust“ að beita ekki kjarnorkuvopnum og hóta ekki beitingu þeirra gegn ríkjum sem ekki ráða yfir kjarnorkuvopnum eða gegn kjarnorkuvopnalausum svæðum. Sovétríkin gáfu einnig út formlega yfirlýsingu um að þau mundu aldrei beita kjarnorkuvopnum gegn ríkjum sem hætt hefðu framleiðslu og öflun slíkra vopna og geymdu ekki slík vopn á yfirráðasvæðum sínum. Vestrænu kjarnorkuveldin, Bandaríkin, Bretland og Frakkland, sem hétu formlega að beita ekki kjarnorkuvopnum gegn kjarnorkuvopnalausum ríkjum er hefðu skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að afla sér ekki slíkra vopna, settu það skilyrði að kjarnorkuvopnalaus ríki tækju ekki þátt í árásaraðgerðum gegn þeim eða bandamönnum þeirra í bandalagi með öðru kjarnorkuveldi. Þetta skilyrði ætti þó ekki að valda ríkjum Suður-Kyrrahafssvæðisins neinum vanda þegar mið er tekið af stjórnmálalegri stöðu þeirra þjóða. Engu að síður gæti það haft öfug áhrif að fara fram á það við kjarnorkuveldin að þau staðfesti á ný heit sín í marghliða, alþjóðlegri og lögfestri samþykkt fremur en að vísa til gildandi skuldbindinga sem ríkin hafa þegar tekið á sig sjálfviljug. Sérstaklega kynnu Sovétríkin að færast undan að undirrita viðbótarákvæði við aðalsamning sem lögfestir fjarskipta- og eftirlitskerfi Bandaríkjamanna á Kyrrahafi sem er hluti af kjarnorkuhernaðarkerfi þeirra þar og sem leyfir viðdvöl flughers- og flotadeilda sem búnar eru kjarnorkuvopnum, ekki síst þar sem fjöldi og lengd slíkra viðdvala hefur ekki verið takmörkuð.

Það er rétt að aðilar að Tlatelolco-samningnum telja það á eigin valdi að veita leyfi eða synja leyfis til flutninga kjarnorkuvopna um yfirráðasvæði sín. En við staðfestingu viðeigandi hliðarsamnings gáfu Sovétríkin út yfirlýsingu (sem jafngilti fyrirvara) um að leyfisveiting til *hvers konar* flutninga á kjarnorkuvopnum samræmdist ekki stöðu aðilanna sem kjarnorkuvopnalauss ríkis. Ólíklegt er að Sovétríkin mundu taka aðra afstöðu til Kyrrahafssvæðisins sem hefur meira hernaðarlegt gildi fyrir þau en rómanska Ameríka einmitt vegna aukinna umsvifa Bandaríkjamanna þar.

Þessir annmarkar rýra þó ekki gildi Rarotonga-samningsins sem aðgerðar til að koma í veg fyrir frekari kjarnorkuvæðingu Suður-Kyrrahafssvæðisins og styrkja þar með alheimsátakið til takmörkunar á útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Fylgiskjal VI.

Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.

60. Myndun kjarnorkuvopnalausra svæða á grundvelli frjálsra samninga milli ríkja á viðkomandi svæði er mikilvægur þáttur í afvopnun.

61. Rétt er að styðja myndun slíkra svæða með það endanlega markmið í huga að losa heiminn að fullu við kjarnorkuvopn. Við myndun slíkra svæða skal tekið tillit til sérkenna hvers svæðis. Þau ríki, sem þátt taka í myndun slíkra svæða, ættu að skuldbinda sig til að styðja að fullu markmið, tilgang og grundvallarreglur þeirra samninga eða samkomulaga er miða að stofnun svæðanna og tryggja þar með að þau verði í raun laus við kjarnorkuvopn.

62. Hvað varðar slík svæði er gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin taki á sig vissar skuldbindingar sem samið skal um við lögmæt yfirvöld á svæðinu, einkum:

a. að virða að fullu stöðu hins kjarnorkuvopnalausa svæðis;
b. að virða bann við beitingu eða hótunum um beitingu kjarnorkuvopna gegn ríkjum á svæðinu.

63. Með tilliti til ríkjandi aðstæðna hverju sinni og án þess að það rýri gildi annarra ráðstafana sem til greina koma á öðrum svæðum eru eftirfarandi ákvæði sérlega æskileg:

a. Viðurkenning allra viðkomandi ríkja á þeim ákvæðum er tryggja fullt gildi samningsins um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningsins) með sérstöku tilliti til þeirra skoðana sem fram komu á tíundu ráðstefnunni um framfylgd samningsins.

b. Undirritun og samþykki á viðbótarákvæðum við samninginn um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samninginn) af hálfu þeirra ríkja sem rétt eiga á að gerast aðilar að þeim samningum en hafa ekki gert það.

c. Í Afríku, þar sem Einingarsamtök Afríku hafa samþykkt ályktun um kjarnorkuafvopnun svæðisins, skal öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þetta markmið verði hindrað.

d. Að taka til alvarlegrar athugunar þær þörfu og áríðandi ráðstafanir sem lýst er í málsgreinunum hér að ofan og nauðsynlegar eru til að hrinda í framkvæmd tillögunni um lýsingu kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum í samræmi við viðeigandi ályktanir allsherjarþingsins þar sem allir aðilar, sem málið varðar beint, hafa lýst yfir stuðningi sínum við hugmyndina og þar sem hætta er á útbreiðslu kjarnorkuvopna. Myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum mundi stórlega bæta horfur á alheimsfriði og öryggi. Meðan beðið er eftir stofnun slíks svæðis í þessum heimshluta ættu ríki á svæðinu að lýsa því yfir formlega að þau muni forðast á gagnkvæmum grundvelli að framleiða, afla sér eða á nokkurn annan hátt að eignast kjarnorkuvopn og kjarnorkusprengibúnað og að heimila staðsetningu kjarnorkuvopna á yfirráðasvæðum sínum af hálfu þriðja aðila og samþykkja að leggja öll sín kjarnorkumál undir eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Taka skal til athugunar að öryggisráðið taki þátt í undirbúningi stofnunar kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum.

e. Öll ríki Suður-Asíu hafa lýst yfir þeirri ákvörðun sinni að heimila ekki kjarnorkuvopn í ríkjum sínum. Engar ráðstafanir skyldu gerðar af þeirra hálfu er yrðu til þess að vikið yrði af þeirri braut. Í þessu samhengi hefur spurningin um myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis verið afgreidd í ýmsum ályktunum öryggisráðsins en þar er málið enn til umfjöllunar.

64. Stofnun friðarsvæða í ýmsum heimshlutum með viðeigandi skilyrðum skilgreindum af viðkomandi ríkjum á svæðinu þar sem tekið er mið af sérkennum svæðisins og

grundvallarhugsjón stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við alþjóðalög getur stuðlað að eflingu öryggis ríkja innan slíkra svæða og að heimsfriði og öryggi. Í þessu sambandi bendir allsherjarráðið á tillögur um stofnun friðarsvæða, meðal annars:

a. Í Suðaustur-Asíu þar sem ríki á svæðinu hafa lýst áhuga á stofnun slíks svæðis í samræmi við sjónarmið sín.

b. Á Indlandshafi með tilliti til umræðna öryggisráðsins og viðeigandi ályktana þess og þeirrar nauðsynjar að tryggja frið og öryggi á svæðinu.

c. Að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna er brýnn og óaðskiljanlegur þáttur í viðleitninni til að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og snúa því við. Markmiðið með takmörkun kjarnorkuvopna er annars vegar að koma í veg fyrir tilkomu fleiri kjarnorkuþjóða í viðbót við kjarnorkuveldin fimm og hins vegar að fækka og loks útrýma kjarnorkuvopnum að fullu. Þetta felur í sér skuldbindingar og ábyrgð bæði af hálfu kjarnorkuvopnaðra ríkja og ríkja sem ekki ráða yfir kjarnorkuvopnum. Skulu hinir fyrrnefndu leitast við að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið með því að hrinda tafarlaust í framkvæmd þeim aðgerðum sem lýst er í viðeigandi greinum þessarar lokayfirlýsingar en öll ríki skulu beita sér fyrir að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna.

66. Mögulegt er og skylt að gera ráðstafanir á innanlandsvettvangi sem og á alþjóðavettvangi til að minnka hættu á útbreiðslu kjarnorkuvopna án þess að stofna í hættu framboði á orku og þróun kjarnorkutækni til friðsamlegra nota. Því skulu kjarnorkuveldin og þau ríki, sem ekki búa yfir kjarnorkuvopnum, leitast við að gera sameiginlegar ráðstafanir til að komast að alþjóðlegu samkomulagi um aðferðir til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

67. Full framkvæmd allra atriða þeirra samkomulaga sem til eru um stöðvun á útbreiðslu kjarnorkuvopna, t.d. samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna og samningsins um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn), af hálfu þeirra sem aðild eiga að samningunum er mikilvægt framlag til þessarar viðleitni. Fylgi við slíka samninga hefur aukist á síðari árum og sú von hefur verið látin í ljós af hálfu aðila að slíkum samningum að framhald verði á þeirri þróun.

68. Ráðstafanir, sem gerðar eru til að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna, ættu ekki að skerða fullan rétt þjóða til að framkvæma og þróa áætlanir sínar um friðsamlega notkun kjarnorku til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar í samræmi við hagsmuni sína og þarfir. Öll ríki ættu og að eiga aðgang að og hafa fullt frelsi til að afla sér tækniþekkingar, búnaðar og efna til friðsamlegrar notkunar á kjarnorku með sérstöku tilliti til þarfa þróunarríkjanna. Alþjóðleg samvinna á þessu sviði ætti að eiga sér stað undir viðurkenndu alþjóðlegu eftirliti í umsjá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar án mismununar til að fyrirbyggja útbreiðslu kjarnorkuvopna.

69. Tekið skal fullt tillit til ákvarðana sérhverrar þjóðar á sviði friðsamlegrar nýtingar kjarnorkuvopna án þess að stofna í hættu orkunýtingarstefnu hvers ríkis fyrir sig eða alþjóðlegri samvinnu, samningum eða verksamningum um friðsamlega nýtingu kjarnorku, enda séu viðhafðar þær varúðarráðstafanir sem getið er um hér að ofan.

70. Í samræmi við niðurstöður og ákvæði samþykktar allsherjarráðsins, nr. 32/50 frá 8. desember 1977, skal alþjóðleg samvinna um flutning og nýtingu á kjarnorku til efnahagslegrar og þjóðfélagslegrar þróunar efld, einkum í þróunarlöndum.

71. Reynt verði að leiða til lykta störf nefndarinnar um nýtingu kjarnorkueldsneytis (Nuclear Fuel Cycle Evaluation) í fullu samræmi við markmið þau sem sett voru fram í lokayfirlýsingu á stofnþingi nefndarinnar.

72. Öll ríki skulu halda fast við milliríkjasamþykkt um bann við notkun eiturefna og sýkla í hernaði sem undirritaður var í Genf 17. júní 1925.

73. Öll ríki, sem ekki eru þegar aðilar að samþykktinni um bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun gerla- (lífrænna) og eiturefna og um eyðingu þeirra, ættu að íhuga aðild að henni.

74. Ríki skulu einnig íhuga möguleika á því að gangast inn á marghliða samninga sem þegar hafa verið gerðir um afvopnunarmál og getið er um hér að neðan.

75. Algert bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun eiturefnavopna og eyðing slíkra vopna eru meðal brýnustu aðgerða til afvopnunar. Því er gerð milliríkjasamnings í þessu skyni eitt brýnasta verkefnið sem fyrir liggur en umræður um þessi mál hafa nú staðið yfir um nokkurra ára skeið. Að gerðum slíkum milliríkjasamningi skyldu öll ríki stuðla að því að tryggja sem víðtækast gildi samningsins með tímabærri undirritun og gildistöku hans.

76. Nauðsynlegt er að gera milliríkjasamning er bannar þróun, framleiðslu, birgðasöfnun og notkun geislavopna.

Sþ. 801. Skýrsla [414. mál]

um norrænt samstarf árið 1986.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. 34. ÞING NORÐURLANDARÁÐS Í KAUPMANNAHÖFN 3. TIL 7. MARS 1986

1.1. MINNINGARATHÖFN UM OLOF PALME FORSÆTISRÁÐHERRA SVÍÞJÓÐAR

Morðið á Olof Palme forsætisráðherra Svíþjóðar setti mark sitt á 34. þing Norðurlandaráðs. Þingið hófst með minningarathöfn og tók þar fyrstur til máls Páll Pétursson alþingismaður, þáverandi forseti ráðsins, og minntist hins látna forsætisráðherra. Næstir tóku til máls þeir *Poul Schluter* forsætisráðherra, *Kalevi Sorsa* forsætisráðherra, *Steingrímur Hermannsson* forsætisráðherra, *Kare Willoch* forsætisráðherra og *Anker Jörgensen*, fyrrv. forsætisráðherra. Í almennu umræðunum minntust og margir ræðumanna Olofs Palme.

1.2. ALMENNU UMRÆÐURNAR

Að minningarathöfninni lokinni hófust almennu umræðurnar. Voru haldnar áttatíu ræður; sjö ræður voru fluttar af Íslendingum.

Formaður Norrænu ráðherranefndarinnar, danski samstarfsráðherrann *Christian Christensen*, hóf umræðurnar með því að fylgja úr hlaði ársskýrslu ráðherranefndarinnar, en sú skýrsla liggur ásamt ársskýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs til grundvallar almennu umræðunum. Hann vakti þar m.a. athygli á að þær breytingar á Helsinki-samningnum, sem gengnar væru í gildi, hefðu í för með sér að samspil Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar líktist nú meira en áður samspili þjóðþinga og ríkisstjórna á Norðurlöndum. Sérstaklega vakti hann í því sambandi athygli á þeim breytingum sem ákveðnar höfðu verið á meðferð norrænu fjárlaganna.

Þau mál, sem hæst bar í almennu umræðunum, voru að venju efnahagsmál og atvinnumál. Á 33. þingi Norðurlandaráðs hafði verið samþykkt tillaga, lögð fram af Norrænu ráðherranefndinni, um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand á Norðurlöndum. Tillaga þessi og þær aðgerðir, sem framkvæmdar hafa verið innan ramma hennar, voru mjög til umræðu á 34. þinginu.

Einnig voru mengunar- og umhverfismál í brennidepli. Formaður Norrænu ráðherranefndarinnar, *Christian Christensen*, ræddi sérstaklega um loftmengun og það tjón sem af

henni hlýst. Hann minnti í því sambandi á að Norðurlandaþjóðirnar hefðu ákveðið að draga úr brennisteinsútstreymi um 50% fyrir árið 1995 og gengju þannig feti framar en ákvæði ECE-sáttmálans sem undirritaður var í Helsinki 1985, en hann kveður á um 30% lækkun fyrir árið 1993. Einnig var í því sambandi rætt um alþjóðaráðstefnu þá sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefði tekið ákvörðun um að halda haustið 1986 um loftmengun.

Norrænt samstarf á alþjóðvettvangi var enn eitt málefni sem margir ræðumenn fjölluðu um. Meðal annars var fjallað sérstaklega um hlutverk Dana, einu norrænu þjóðarinnar með aðild að Evrópubandalaginu, og þann styrk sem fælist í því að Norðurlönd stæðu sameiginlega að samningum við önnur ríki og ríkjabandalög fremur en hvert um sig. Einnig var rætt um Eureka-samstarfið, samstarf Norðurlandaþjóða við SADCC-löndin og samstarf þeirra innan vébanda Sameinuðu þjóðanna.

Páll Pétursson alþingismaður benti í ræðu sinni á ýmis merki þess að áhuginn á norrænu samstarfi væri að aukast. Hann nefndi sem dæmi þess að tillögur bærust til Norðurlandaráðs um samstarfsverkefni frá ýmsum aðilum og þar á meðal frá norrænu verkalýðshreyfingunni, fulltrúum atvinnurekenda og frá hinum svonefnda Gyllenhammar-hópi.

Hann ræddi um norrænu fjárlögin og benti á að þótt þau hækkuðu árlega um dágóðan hundraðshluta væru þau nú einungis 540 millj. danskra króna sem jafngilti tæplega fjárhagsáætlun venjulegs sveitarfélags á Norðurlöndum með 30 000 íbúum. Hann fjallaði og um ráherranefndartillögu þá um samstarf um hljóðvarps- og sjónvarpsmál sem lá fyrir þinginu og kvað Norðurlandaráð hafa tekið við tillögunni með ánægju þó að tíu ár væru liðin frá því að þingmannatillaga þessa efnis hefði verið samþykkt af ráðinu.

Hann lýsti og ánægju yfir norrænu samstarfi og aðstoð við SADCC-löndin. Hann nefndi og í því sambandi tillögu þá um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi sem kom til atkvæðagreiðslu síðar á þinginu.

Hann lýsti að lokum ánægju yfir stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar við hina fyrirhuguðu ráðstefnu um loftmengun og yfir ákvörðun ráðherranefndarinnar um stofnun Vestnorræna þróunarsjóðsins.

Eiður Guðnason alþingismaður lýsti í ræðu sinni vonbrigðum yfir því að áhrif þess sparnaðar, sem sameining ráðherranefndarskrifstofanna tveggja hlyti að hafa haft í för með sér, hefði ekki leitt til aukinna fjárveitinga til menningarmálasamstarfsins.

Varðandi fyrirhugað samstarf um Tele-X minnti hann á að sjónvarpshnötturinn væri ekki annað en tæki til að styrkja menningartengsl þjóðanna. Aðalatriðið væri efnið sem sjónvarpað væri og því bæri að leggja megináherslu á að skapa fjárhagsgrundvöll fyrir framleiðslu gæðaefnis bæði sameiginlega og í löndunum hverju fyrir sig.

Hann vakti athygli á þeirri staðreynd að starfsemi Norræna sumarháskólans og Norrænu eldfjallastöðvarinnar hefði fengið mjög jákvæða umfjöllun í nýlegri úttekt á starfsemi stofnananna, án þess þó að það hafi á nokkur hátt leitt til þess að ráðherranefndin hefði aukið fjárveitingar til starfsemi þeirra eins og nauðsynlegt hefði verið. Hann kvað að lokum mikla þörf á stórlega auknum fjárveitingum til norræns menningarmálasamstarfs, enda væri árangur samstarfsins í réttu hlutfalli við fjáveitingar til þess.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra gerði að umræðuefni efnahagsmál, gengismál og verðlagsmál á Íslandi og árangur baráttu ríkisstjórnarinnar við verðbólguna. Varðandi markaðsmál lýsti hann m.a. ánægju yfir þeim áhuga sem væri í atvinnulífinu á norrænu samstarfi og nefndi starf Gyllenhammar-hópsins sem dæmi þess. Hann fór jákvæðum orðum um starfsemi Norræna fjárfestingarbankans og um fyrirhugað samstarf á sviði útflutnings. Í lok máls síns beindi hann athygli að tillögu þeirri sem fyrir þinginu lá um líftæknistofnun á Íslandi og taldi að samþykkt tillögunnar gæti komið öllum þjóðum Norðurlanda að gagni.

Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra gerði afhendingu Dana á handritunum til Íslands að viðfangsefni ræðu sinnar og kvað samning þann um afhendinguna, sem gerður hefði verið, vera lýsandi dæmi um milliríkjasamstarf eins og það best gæti orðið. Hann færði Bertel Haarder, menntamálaráðherra Dana, og Poul Schluter forsætisráðherra, auk Gylfa Þ. Gíslasonar, fyrrv. menntamálaráðherra, þakkir fyrir það sem þeir hefðu lagt af mörkum.

Í lok máls síns hreyfði hann þeirri hugmynd að stofnuð yrði norræn málstöð á Íslandi til að sinna rannsóknum á norrænni menningu og málfræði.

Ólafur G. Einarsson alþingismaður fjallaði í ræðu sinni um þær breytingar á skipulagi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar sem ákvörðun hefði verið tekin um og lét í ljós þá von að þær leiddu til árangursríkara starfs og gerðu stofnanir ráðsins hæfari en ella til að takast á við verkefni næstu áratuga. Hann nefndi þar sérstaklega meðferð norrænu fjárlaganna og fjölgun fulltrúa í forsætisnefnd úr fimm í tíu sem gerði það að verkum að kosning fulltrúa í forsætisnefnd endurspeglaði nú styrkleikahlutföll flokka þeirra sem fulltrúa eiga í Norðurlandaráði. Hann varaði þó samtímis við því að eyða of miklum tíma og orku í vangaveltur um fullkomlega réttláta skipun í trúnaðarstöður. Hættulaust ætti að vera þó eitthvert land eða einhver flokkahópur hefði einhvern tíma of fáa fulltrúa því að það mætti leiðrétta síðar og réttlátri málsmeðferð ætti að vera hægt að treysta.

Hann nefndi fækkun á þeim óbeinu viðskiptahömlum, sem í raun hefðu lamandi áhrif á viðskipti milli norrænu landanna, sem dæmi um mikilvægt norrænt samstarfsverkefni.

Hann fjallaði um þá erfiðleika sem ríkisstyrkir Norðmanna til fiskiðnaðarins valda íslenskum fiskútflutningsiðnaði. Hann benti og á að Íslendingar flyttu inn vörur frá Norðurlöndum sem væru þrefalt verðmætari en þær vörur sem Íslendingar flyttu þangað út. Hann kvað það skapa vantraust á norrænu samstarfi að vandamál af þessu tagi væru ekki leyst á norrænum vettvangi. Norðurlandaráð ætti að vera sá vettvangur þar sem öll vandamál sem upp kæmu milli norrænna þjóða væru reifuð og lausna leitað.

Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra og norrænn samstarfsráðherra, fjallaði um nauðsyn þess að styrkja tengslin milli norrænna þjóða innbyrðis og þá sérstaklega tengslin við þær þjóðir sem byggja þau norræn lönd sem aust- og vestlægust eru.

Hann kvað tillögur Gyllenhammar-hópsins athyglisverðar þó að margar þeirra hefðu að vísu séð dagsins ljós áður. Eftirtektaverðastar væru tillögur þær sem beindust að því hvernig styrkja mætti stöðu Norðurlanda út á við, ekki síst á sviði útflutnings.

Hann benti á að norrænt samstarf hefði hingað til ekki verið um rannsóknir á nýtingu auðlinda hafsins en nú hefði ákvörðun verið tekin um stofnun embættismannanefndar um fiskveiðimál. Hann kvað verkefnin á þessu sviði vera það aðkallandi að stofnun norrænnar hafrannsóknastofnunar gæti orðið nauðsynleg. Að lokum kvað hann norrænt samstarf á sviði rannsókna og útflutnings vera öðru mikilvægara og nefndi í því sambandi bæði Norræna fjárfestingarbankann og Vestnorræna þróunarsjóðinn.

1.3. ÞINGMANNATILLÖGUR, RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGUR OG FYRIRSPURNIR

Við upphaf 34. þings Norðurlandaráðs lágu fyrir fimmtíu og ein þingmannatillaga og ein breytingartillaga. Komu þrjátíu og sex þeirra auk breytingartillögunnar til umræðu og atkvæðagreiðslu á þinginu. Þær sjö ráðherranefndartillögur, sem lágu fyrir, komu allar til umræðu og atkvæðagreiðslu. Af ofangreindum þingmanna- og ráðherranefndartillögum samþykkti þingið þrjátíu og fjórar en felldi níu. Á þinginu voru lagðar fram fimmtán nýjar þingmannatillögur.

Bornar voru fram á þinginu fjörutíu og þrjár fyrirspurnir.

2. ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS

2.1. FUNDUR ÍSLANDSDEILDAR OG KJÖR Í NEFNDIR

Á fundi sameinaðs Alþingis 21. desember 1985 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og gilti sú kosning til 20. desember 1986 er kosið var á ný. Eftirtaldir þingmenn hlutu kosningu þann 21. desember 1985: Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Eiður Guðnason og Stefán Benediktsson. Varamenn voru kjörnir þingmennirnir: Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson, Árni Johnsen, Hjörleifur Guttormsson, Salome Þorkelsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Við kjör í Íslandsdeild 20. desember 1986 urðu þær breytingar að Haraldur Ólafsson kom í stað Stefáns Benediktssonar sem aðalmaður, Stefán Benediktsson kom í stað Jóhönnu Sigurðardóttur sem varamaður og Guðmundur Bjarnason var kosinn varamaður í stað Guðrúnar Agnarsdóttur.

Verkefnum skipti Íslandsdeild þannig með sér á fundi 21. desember 1985 að Páll Pétursson var kjörinn formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og tók sæti í efnahagsmálanefnd ráðsins. Varamaður Páls í forsætisnefnd var kjörinn Ólafur G. Einarsson sem einnig tók sæti í efnahagsmálanefnd og fjárlaganefnd. Eiður Guðnason var kjörinn í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd, Friðjón Þórðarson í laganefnd, Pétur Sigurðsson í félags- og umhverfismálanefnd, Guðrún Helgadóttir í samgöngumálanefnd og upplýsingamálanefnd og Stefán Benediktsson í menningarmálanefnd og upplýsingamálanefnd.

Á fundi deildarinnar 6. febrúar 1986 tók Ólafur G. Einarsson við formennsku Íslandsdeildar og Páll Pétursson við varaformennsku. Á sama fundi var Ólafur G. Einarsson kjörinn í forsætisnefnd ásamt Páli Péturssyni. Tók sú kosning gildi þann 12. febrúar 1986. Á sama fundi var ákveðið að Stefán Benediktsson hyrfi úr menningarmálanefnd og tæki sæti Ólafs G. Einarssonar í efnahagsmálanefnd frá og með lokum 34. þingsins. Í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt voru kosin Guðrún Helgadóttir og Stefán Benediktsson og tók sú kosning gildi 12. febrúar 1986, en frá þeim tíma var upplýsingamálanaefnd lögð niður. Eiður Guðnason tók sæti í eftirlitsnefnd Norræna menningarmálasjóðsins og Pétur Sigurðsson í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins og var Guðrún Helgadóttir kosin varamaður hans þar.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 35. þings Norðurlandaráðs tólf fundi og tvo fréttmannafundi. Meðan á þingum Norðurlandaráðs stendur heldur Íslandsdeild að jafnaði fund hvern morgun.

2.2. STÖRF ÍSLANDSDEILDAR

Deildin ræddi um aðild Íslands að norrænu samstarfi um útvarps- og sjónvarpssendingar um Tele-X sjónvarpshnöttinn. Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra og Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri kynntu málið fyrir deildinni bæði að því er varðar þá kosti sem völ er á og eins kostnaðarhliðina að því leyti sem upplýsingar um hana lágu fyrir.

Deildin ræddi um ráðstefnu þá sem haldin var í Stokkhólmi af forsætisnefnd um loftmengun í september 1986. Í ljósi þess, að Ísland er eina norræna landið sem hefur ekki undirritað bókun þá við ECE um langtímaloftmengun yfir landamæri sem skuldbindur viðkomandi ríki til að draga úr brennisteinsútstreymi um 30% fyrir 1993, var málið rætt við Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra og samstarfsráðherra. Að þeim umræðum loknum ákvað samstarfsráðherra að láta kanna hvaða leið skyldi farin. Álit deildarinnar var að rétt væri að ofannefnd bókun yrði undirrituð af Íslands hálfu.

Deildin ræddi um tillögu þá sem samþykkt var á 34. þingi Norðurlandaráðs um líftæknistofnun á Íslandi og ákvað að fela fulltrúum sínum í efnahagsmálanefnd að fylgja málinu eftir. Tillagan var og rædd á fundi með Halldóri Ásgrímssyni samstarfsráðherra.

Kom þar fram að gerð hefði verið af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar könnun á því hvernig Íslendingar væru undir það búnir að takast á við verkefni þau sem tillagan gerði ráð fyrir. Lá sú könnun fyrir síðla hausts 1986. Samkvæmt henni voru aðstæður á Íslandi góðar því að yfirgripsmikil sérfræðiþekking á þeirri grein líftækni, sem tillagan fjallaði um, væri fyrir hendi, margir vísindamenn í námi í þessari grein og greinilegur samstarfsvilji hjá Íslendingum. Norræna ráðherranefndin ákvað svo í lok febrúar 1987 að veita 150 000 dönskum krónum til undirbúnings verkefnis á þessu sviði.

Deildin hélt fund með Matthíasi Á. Mathiesen utanríkisráðherra um norrænt samstarf á sviði utanríkismála.

Deildin hélt tvo fundi með Sighvati Björgvinssyni, framkvæmdastjóra Norræna félagsins. Var þar meðal annars rætt um fjárhagsvanda Norræna félagsins á Íslandi, en norrænu félögin annars staðar á Norðurlöndum fá mun hærri ríkisstyrki en Norræna félagið á Íslandi. Einnig var rætt um Nordjobb, en Norræna félagið hefur skipulagt dvöl þeirra norrænu ungmenna sem hafa starfað í íslenskum fyrirtækjum. Á Íslandi hefur reynsla af þessu starfi verið góð en upp hafa komið vandmál vegna hárra skattgreiðslna þeirra ungmenna sem starfað hafa annars staðar á Norðurlöndum.

Fjárhagsvandi Norræna félagsins var og ræddur á ofannefndum fundi með Halldóri Ásgrímssyni samstarfsráðherra.

Deildin fjallaði um ýmsar þeirra þingmannatillagna sem lagðar voru fram á árinu. Eiður Guðnason kynnti tillögu þá, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um sjóð til styrktar norrænni sjónvarps-, myndbanda- og kvikmyndagerð; Guðrún Helgadóttir kynnti tillögur þær, sem hún var fyrsti flutningsmaður að, um norrænt samstarf um jarðskjálftamælingar og um norræna samstarfsáætlun gegn mengun hafsins; Páll Pétursson kynnti tillögu þá, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um samstarfsáætlun gegn krabbameini; Stefán Benediktsson kynnti tillögur þær, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um fjárstuðning við norræn samtök áhugaleikhúsa og um norrænt samstarf um meðferð drykkjusjúkra.

Deildin fjallaði á fundinum um þingmannatillögu þá um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi sem samþykkt hafði verið á 34. þingi Norðurlandaráðs. Tilefnið var tillaga, sem lögð hafði verið fram í forsætisnefnd, um að hún skipaði sjálf á árinu 1986 nefnd til að kanna hvernig norrænu samstarfi á alþjóðavettvangi væri farið og hvernig mætti bæta það. Í kaflanum um forsætisnefnd er nánar vikið að máli þessu.

Eftir umfjöllun í deildinni og í samræmi við tilmæli frá henni ákvað aðalritari forsætisnefndar Norðurlandaráðs að gerð þeirra myndbanda um Norðurlönd og norrænt samstarf, sem Norðurlandaráð stendur að, skuli boðin út í öllum löndunum, en hingað til hefur einungis verið samið við danska aðila um framleiðsluna.

Eftir umfjöllun í deildinni og í samræmi við tilmæli frá henni var ákveðið að veita fé af fjárlögum Norðurlandaráðs til að þýða á íslensku og staðfæra norrænt námsefni sem samið hafði verið á vegum skrifstofu Danmerkurdeildar Norðurlandaráðs o.fl. á kostnað Norðurlandaráðs.

Deildin hélt fund með Fridtjov Clemet, nýskipuðum aðalritara Norrænu ráðherranefndarinnar.

Deildin fjallaði um beiðni forsætisnefndar Norðurlandaráðs um umsóknir um stöðu aðalritara forsætisnefndar, en Ilkka-Christian Björklund sagði starfi sínu lausu frá 1. febrúar 1987. Ráðinn var frá sama tíma í starfið til fjögurra ára finnski lögfræðingurinn Gerhard af Schultén.

Þrír íslenskir fréttamenn, þeir Ögmundur Jónasson, Eiríkur St. Eiríksson og Fríða Proppé, hlutu norræna fréttamannastyrkinn árið 1986 að tillögu fulltrúa Íslands í forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3. FORSÆTISNEFND NORÐURLANDARÁÐS

Á 34. þingi Norðurlandaráðs var Anker Jörgensen, fyrrv. forsætisráðherra, kjörinn forseti ráðsins. Aðrir fulltrúar í forsætisnefnd voru danski þingmaðurinn Margrete Auken, finnsku þingmennirnir Peter Muurman og Elsi Hetemaki-Olander, íslensku alþingismennirnir Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson, norsku þingmennirnir Jo Benkow og Hallvard Bakke og sænsku þingmennirnir Grethe Lundblad og Karin Söder. Er Hallvard Bakke tók sæti í ríkisstjórn Noregs síðar á árinu tók Kjell Magne Fredheim sæti hans í forsætisnefnd.

Frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 35. þings þess hélt forsætisnefnd níu fundi. Að auki hélt hún einn fund með forsætisráðherrum landanna, þrjá fundi með samstarfsráðherrum, einn fund með formönnum fastanefnda Norðurlandaráðs og einn fund með stjórn sambands Norrænu félaganna.

Forsætisnefnd hélt, eins og komið hefur fram, alþjóðlega *ráðstefnu um loftmengun* í Stokkhólmi 8. til 10. september 1986. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar þjóðþinga sextán Evrópuríkja auk níu alþjóðastofnana. Í lok ráðstefnunnar var samhljóða samþykkt lokaskjal sem þegar hefur reynst mikilvægt gagn í baráttunni fyrir aðgerðum til að draga úr loftmengun í Evrópu.

Samtímis því sem upplýsingamálanefnd var lögð niður í febrúar 1986 féllu upplýsingamál undir forsætisnefnd.

Á flestum fundum forsætisnefndar árið 1986 var á dagskrá tillaga sú, sem samþykkt var á 34. þingi Norðurlandaráðs, um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi. Í ljósi þess, að Norræna ráðherranefndin sýndi lítinn áhuga á því að skipa nefnd þá sem mælst var til í tillögunni að skipuð yrði í samráði við forsætisnefnd, var sá möguleiki ræddur að forsætisnefnd skipaði nefndina sjálf. Vegna þess hversu afgreiðsla málsins dróst kom það fyrir 35. þing ráðsins og var afgreitt þannig frá þinginu að forsætisnefnd fékk heimild til að ljúka afgreiðslu málsins. Skipun nefndarinnar af hálfu forsætisnefndar kæmi þó því aðeins til greina að efnahagsmálanefnd hefði samþykkt samhljóða starfsreglur fyrir nefndina.

4. FASTANEFNDIR NORÐURLANDARÁÐS

4.1. LAGANEFND

Á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 35. þings Norðurlandaráðs hélt laganefnd fjóra fundi. Einn þessara funda var haldinn með dómsmálaráðherrum landanna.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen og varaformður hennar Friðjón Þórðarson alþingismaður.

Til nefndarinar var vísað á árinu fimm þingmannatillögum. Hún lauk meðferð fjögurra þeirra og mælti með því að ráðið samþykkti þrjár. Tillögurnar vörðuðu vernd barna á stríðstímum, stefnu landanna í fíkniefnamálum og viðurlög við fíkniefnabrotum.

Eitt það málefni, sem nefndin hefur lagt hvað mesta rækt við, er norrænt samstarf um málefni flóttamanna. Nefndin mun standa fyrir ráðstefnu um þetta mál í lok apríl 1987. Einnig hefur réttarstaða Sama verið ofarlega á baugi og tillaga nefndarinnar um að samþykkt verði norræn starfsáætlun um löggjafarmál.

Á fundi nefndarinnar með dómsmálaráðherrum Norðurlanda var rætt um málefni flóttamanna og innflytjenda, réttarstöðu samkynhneigðra, um gildistöku norræna málasamningsins o.fl.

4.2. MENNINGARMÁLANEFND

Á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. hélt menningarmálanefnd sjö fundi og var einn þeirra haldinn með menningar- og

menntamálaráðherrum landanna. Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþingismaður og varaformaður grænlenski þingmaðurinn Otto Steenholdt. Voru þeir endurkjörnir í upphafi 35. þings Norðurlandaráðs.

Helstu mál menningarmálanefndar voru, eins og undanfarin ár, fjölmiðlamálin, norrænt samstarf á sviði æðri menntunar, starfsáætlun Norræna rannsóknaráðsins og tillaga um norræna starfsáætlun á sviði menningarmála.

Á fundi í maí voru ræddar tillögur útvarpsstjóranna á Norðurlöndum um fyrirhugað samstarf um dagskrárgerð vegna sendinga um Tele-X gervihnöttinn. Nefndin lagði síðan til að Norræna ráðherranefndin veitti fjármunum til norrænnar dagskrárgerðar og beindi áhrifum sínum til þess að innlend dagskrárgerð á Norðurlöndum yrði stórlega aukin. Nefndin lagði og áherslu á að kannað yrði með hverjum hætti aðild Íslendinga að Tele-X samstarfinu gæti orðið og lagði áherslu á að Danir gerðust aðilar að samstarfinu.

Nefndin lagði til að tillaga um sjóð til styrktar norrænni kvikmynda-, sjónvarps- og myndbandagerð yrði samþykkt á 35. þingi ráðsins, að sjóðurinn verði að þremur árum liðnum orðinn 150 milljónir SEK og að hluta hagnaðar Norræna fjárfestingarbankans verið varið til uppbyggingar sjóðsins.

Nefndin lagði til að tillaga um norrænt samstarf um jarðskjálftamælingar yrði samþykkt. Samkvæmt tillögunni skyldi norrænt rannsóknarverkefni á sviði jarðskjálftamælinga framkvæmt á Íslandi í því skyni að draga úr tjóni af völdum jarðskjálfta.

Nefndin lagði og til að 34. þing Norðurlandaráðs samþykkti tillögur um samstarf um háskólamál, samstarf milli skóla á Norðurlöndum og skóla annars staðar í Evrópu, um samstarf um íþróttamál, um tónlistarkeppni fyrir ungt fólk, um heimskautarannsóknir o.fl.

Á fundi nefndarinnar með menningar- og menntamálaráðherrum landanna voru til umræðu fjármál, skipulagsmál, fjölmiðlamál og tillaga um norræna starfsáætlun um menningarmál.

Formaður nefndarinnar, Eiður Guðnason, og ritari hennar heimsóttu skrifstofu Evrópuráðsins í apríl 1986 og ræddu við menningar- og menntamálanefnd þess. Þeir ræddu og við embættismenn Evrópuráðsins og fulltrúa Vísindasjóðs Evrópu. Í framhaldi af þessu var svo haldinn fundur fulltrúa Evrópuráðsins og menningarmálanefndar í Stokkhólmi í október til að ræða möguleg samstarfsverkefni. Formaður menningarmálanefndar sat fund þennan. Ákveðið var að slíkir fundir yrðu haldnir árlega.

4.3. FÉLAGS- OG UMHVERFISMÁLANEFND

Frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. hélt félags- og umhverfismálanefnd sex fundi og voru tveir þeirra sameiginlegir með félags- og umhverfismálaráðherrum Norðurlanda. Formaður nefndarinnar var finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen og varaformaður norski þingmaðurinn Svein Alsaker.

Nefndin lauk á árinu meðferð fjórtán þingmannatillagna og einnar ráðherranefndartillögu og lagði til að 35. þing Norðurlandaráðs samþykkti þrettán þeirra auk ráðherranefndartillögunnar, en efni hennar varðaði starfsáætlun um aðgerðir gegn loftmengun. Þingmannatillögurnar, sem lagt var til að samþykktar yrðu, fjölluðu um samstarf á sviði sérhæfðrar sjúkraþjónustu, samstarf á sviði heilsuverndar, rannsóknir á og aðgerðir gegn alnæmi, samstarfsáætlun gegn krabbameini, um búferlaflutninga ellilífeyrisþega milli norrænna landa, um stuðning við norrænt samstarf fatlaðra, um vatnsmengun, um aðgerðir gegn mengun hafsins o.fl.

4.4. SAMGÖNGUMÁLANEFND

Samgöngumálanefnd hélt fimm fundi frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. og var einn þeirra haldinn með samgönguráðherrum landanna. Formaður

nefndarinnar sænski þingmaðurinn Elver Jonsson og varaformaður finnski þingmaðurinn Sakari Knuuttila.

Samgöngumálanefnd hefur ákveðið að halda ráðstefnu í bo í september 1987 um tölvumál og tölvutækni á Norðurlöndum og hefur undirbúningsvinna fyrir ráðstefnuna verið unnin á árinu 1986.

Nefndin hefur á árinu fjallað um átta þingmannatillögur og eina ráðherranefndartillögu. Nefndin lagði til að 35. þing Norðurlandaráðs samþykkti ráðherranefndartillöguna og sex þingmannatillagnanna. Þær vörðuðu lækkun flugfargjalda á Norðurlöndum, einföldun reglna um tollafgreiðslu í póstsamgöngum milli landanna, einföldun á umferðarmerkjum, norrænt ferðakort fyrir ungt fólk, skipulag samgöngukerfa á Norðurlöndum, samstarf milli þjóðgarða á Norðurkollusvæðinu og Kvarken-svæðinu. Ráðherranefndartillagan fjallaði um norræna starfsáætlun um umferðaröryggismál.

Á fundi nefndarinnar með ráðherrum var að venju fjallað um ársskýrslu ráðherranefndarinnar en þar að auki um samræmingu á stefnu Norðurlanda á sviði samgangna og flutninga, byggingu brúar yfir eða gangna undir Eyrarsund, flugsamgöngur, nýtingu tölvutækni til að auka afköst á sviði flutninga, stefnu landanna í siglingamálum o.fl.

4.5. EFNAHAGSMÁLANEFND

Á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. hélt efnahagsmálanefnd fimm fundi og hin svokallaða níumannanefnd einn. Nefndin hélt m.a. fundi með fjármálaráðherrum landanna, ráðherrum þeim sem EUREKA-verkefnið heyrir undir, samstarfsráðherrum Norðurlanda og fulltrúum Norræna fjárfestingarbankans og aðalritara í Fríverslunarbandalags Evrópu, EFTA.

Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Jan P. Syse og varaformaður hennar sænski þingmaðurinn Arne Gadd.

Nefndin lauk meðferð tíu þingmannatillagna og þriggja ráðherranefndartillagna. Efni tillagnanna varðaði m.a. skattamál, fiskstofna í Eystrasalti, samstarf á sviði útflutnings, stefnu í atvinnumálum og líftækni. Ráðherranefndartillögur þær, sem nefndin fjallaði um og mælti með, vörðuðu aukningu stofnfjár Norræna fjárfestingarbankans, norræna starfsáætlun gegn viðskiptahömlum og reglur fyrir norrænu samstarfsnefndina um kjarnorkumál.

Nefndin hélt í september 1986 ráðstefnu um skattamál á Norðurlöndum.

4.6. FJÁRLAGANEFND

Fjárlaganefnd hélt fimm fundi frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. Við breytingar þær á starfsreglum Norðurlandaráðs, sem tóku gildi 12. febrúar 1986, jókst fjöldi fulltrúa úr tíu í fjörutíu. Fimm nefndarmanna eru formenn hinna fastanefndanna, en hinir níu eiga ekki sæti í öðrum nefndum. Formaður var danski þingmaðurinn Ivar Hansen en varaformaður norski þingmaðurinn Hanna Kvanmo.

Hlutverk nefndarinnar er tvískipt, annars vegar á hún að samræma fjárlagatillögur hinna fastanefndanna og hins vegar á hún að rannsaka starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og stofnanir hennar í því skyni að auka hagræðingu. Starfsemin hefur ekki enn þá komist í fastan farveg, enda koma þær breytingar á meðferð norrænu fjárlaganna, sem ákveðnar hafa verið, ekki til framkvæmda fyrr en við meðferð fjárlaga ársins 1988. Hófst meðferð þeirra í raun í janúar 1987 þegar Norræna ráðherranefndin lagði í fyrsta sinn fram skýrslu um þá starfsemi sem áformuð er næstu ár (C2).

Starf nefndarinnar árið 1986 hefur aðallega falist í umræðum um framtíðarskipan starfsins. Ákveðin hafa verið drög að því hvernig rannsóknarhluti starfsins verði.

Nefndin fjallaði um eina þingmannatillögu sem varðaði fjármögnun norræna samstarfsins. Efni tillögunnar var það að varið yrði 1 prómill af þjóðartekjum á Norðurlöndum til norræns samstarfs.

Nefndin lagði til að Norðurlandaráð samþykkti tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um að leggja fram hugmyndir um það hvernig unnt væri að fjármagna samstarfið þannig að hinni auknu fjármagnsþörf yrði fullnægt.

5. TÍMARITIÐ NORDISK KONTAKT OG RITSTJÓRNARNEFND ÞESS

Samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar árið 1985 að fengnum tillögum starfshóps upplýsinganefndar komu til framkvæmda viðamiklar breytingar á efni og útliti tímaritsins Nordisk Kontakt við áramót 1985–1986. Tímaritið kemur nú út sautján sinnum á ári og er upplag þess rúmlega 9000 eintök. Markmiðið er að tímaritið skuli, auk þess að gefa yfirlit yfir þingstörfin á Norðurlöndum, innihalda auðlesið efni um það sem efst er á baugi í þjóðfélagsmálum og listum á Norðurlöndum.

Ákveðið hefur verið að þeir sem þegar eru orðnir áskrifendur tímaritsins skuli áfram fá það endurgjaldslaust en nýir áskrifendur skulu greiða hér eftir 105 sænskar krónur á ári fyrir það.

Einar Karl Haraldsson er aðalritstjóri tímaritsins en Björn Jóhannsson er einn þeirra fimm ritstjóra sem sjá um öflun efnis í tímaritið, hver frá sínu heimalandi.

Ákveðið hefur verið að ráðnir skuli starfsmenn á Grænlandi og í Færeyjum til að afla efnis þaðan og þegar hefur verið ráðinn starfsmaður á Álandseyjum.

Ritstjórnarnefnd tímaritsins hélt fyrsta fund sinn 4. mars 1986 og kaus þá Guðrúnu Helgadóttur alþingismann formann nefndarinnar og varaformann sænska þingmanninn Ingrid Sundberg. Guðrún Helgadóttir var endurkjörin formaður í lok febrúar 1987 en varaformaður var þá kjörinn norski þingmaðurinn Reiulf Steen.

6. 35. ÞING NORÐURLANDARÁÐS Í HELSINKI 23. TIL 27. FEBR. 1987

6.1. STÖRF ÞINGSINS

Fyrir þingið voru lagðar fjörutíu og sjö þingmannatillögur og sex ráðherranefndartillögur. Fjórtán tillagnanna voru á sviði félags- og umhverfismálanefndar, tólf á sviði menningarmálanefndar, tíu á sviði efnahagsmálanefndar, sjö á sviði samgöngumálanefndar og fjórar á sviði laganefndar. Þingið samþykkti allar ráðherranefndartillögurnar og fjörutíu þingmannatillögur.

Ráðherranefndartillögurnar fjölluðu um aðgerðir gegn viðskiptahömlun milli norrænna landa, aukningu stofnfjár Norræna fjárfestingarbankans úr 800 milljónum SDR í 1600 milljónir SDR, samstarfsáætlun um aðgerðir gegn loftmengun, reglur fyrir Norræna vísindaráðið, starfsáætlun um aukið umferðaröryggi og reglur fyrir norrænu samstarfsnefndina um kjarnorkumál.

6.2. ALMENNU UMRÆÐURNAR

Formaður norrænu ráðherranefndarinnar, finnski ráðherrann Gustav Björkstrand, hóf umræðurnar með því að fylgja úr hlaði skýrslum ráðherranefndarinnar um starfið á liðnu ári annars vegar og hins vegar það starf sem áætlað er næstu ár, en nú var í fyrsta sinn lögð fram sérstök skýrsla um starfsáætlun næsta árs.

Af íslensku ræðumönnunum tók fyrstur til máls *Eiður Guðnason* alþingismaður og lagði í ræðu sinni áherslu á að samstarfinu á sviði sjónvarpsmála yrði fram haldið í samræmi við gerðar áætlanir og að dagskrárgerð yrði þannig að hún drægi til sín áhorfendur. Stofnun

norræns kvikmyndabanka kæmi þar að gagni. Kvikmyndabanki sá, sem lagt hefur verið til að stofnaður verði, mundi starfa sjálfstætt, nánast eins og banki, og hafa það hlutverk að fjármagna framleiðslu kvikmynda. Stofnfé fengist með því að arði Norræna fjárfestingarbankans yrði um tíma varið til þessa.

1. Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 12 625 kr. með fyrsta barni en 18 910 kr. með hverju barni umfram eitt.

   Fyrir börn yngri en sjö ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 12 625 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en að framan greinir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

   Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

   Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld fyrri ára.

   Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

   Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

   Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

   Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta og skuldajöfnun þeirra á móti vangoldnum opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

2. Vegna barna, sem um ræðir í 1. tölul., skal ríkissjóður að lokinni álagningu greiða framfæranda barns sérstakan barnabótaauka enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. þessa töluliðs uppfyllt.

   Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 25 250 kr.

   Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7% af því sem samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður tekjuskattsstofn hjóna nær 865 714 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7% af því sem tekjuskattsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er tekjuskattsstofn foreldris nær 704 964 kr.

   Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 620 333 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 143 087 kr.

   Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

   1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
   2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
   3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
   4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreindir eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Að öðru leyti skulu ákvæði 4.–7. mgr. 1. tölul. þessarar greinar gilda um barnabótaauka.

B

Húsnæðisbætur.

Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum, enda séu öll eftirgreind skilyrði uppfyllt:

1. Um sé að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast.
2. Íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota.
3. Íbúðin sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Húsnæðisbætur skulu vera 55 000 kr. á ári vegna hverrar íbúðar.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging íbúðarhúsnæðis er hafin eða það keypt, sé um notað íbúðarhúsnæði að ræða, og varir í sex ár frá og með því ári.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald bótaþega á viðkomandi íbúð. Selji bótaþegi íbúð, sem húsnæðisbætur miðast við, innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði falla bótagreiðslur til hans niður. Ónýttur bótaréttur skal þá geymast þar til hann hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Húsnæðisbætur skulu skiptast til helminga á milli hjóna sem skattlögð eru skv. 63. gr. og sambýlisfólks sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. og að jöfnu á milli þeirra einstaklinga sem eru sameigendur íbúðarhúsnæðis sem húsnæðisbætur miðast við.

Húsnæðisbætur skulu greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin ógoldin þinggjöld fyrri ára.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun húsnæðisbóta, fyrirkomulag útborgana og fjölda þeirra á hverju ári.

12. gr.

69. gr. A, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1986, falli niður.

13. gr.

Í stað „5. tölul.“ í 1. mgr. 70. gr. komi: 2. tölul.

14. gr.

a. Í stað „35%“ í fyrri mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 20%.
b. Í stað „20%“ í síðari mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 13%.

15. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.–4. mgr. þessarar greinar og ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

16. gr.

1.–4. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar, og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda, sem um ræðir í 1. mgr., gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans hafa hliðsjón af tekjubreytingum sem orðið hafa svo og almennu efnahagsástandi. Hjá þeim sem

inna af hendi staðgreiðslu skal hundraðshlutinn þó reiknast af mismun álagningar opinberra gjalda og staðgreiðslu, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hafi aðrar tekjur gjaldanda en launatekjur á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Á sama hátt má kveða á um að fyrirframgreiðsla, sem ekki nær tilteknu lágmarki, skuli ekki innheimt. Jafnframt er heimilt að takmarka fyrirframgreiðsluskyldu við þá sem ekki ber að inna af hendi staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

17. gr.

2. mgr. 112. gr. laganna orðast svo:

Nú verður ljóst þegar álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, lýkur eða við endurákvörðun þessara sömu skatta að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að inneignarvextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári.

18. gr.

1. mgr. 113. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum og gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

19. gr.

121. gr. laganna orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr. og 69. gr., skulu breytast tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu, sbr. lög nr. 13/1979, sem hér segir:

1. Hinn 1. janúar á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næst á undan staðgreiðsluári.
2. Hinn 1. júlí á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næst á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní á staðgreiðsluári.

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. desember 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. febrúar 1987, þ.e. 1594 stig, og þeirri sem í gildi verður hinn 1. desember 1987.

Mismunur, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágri staðgreiðslu, skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á tekjuári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á álagningarári. Mismunur,

sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal á sama hátt taka sömu hlutfallslegri breytingu miðað við sömu tímamörk. Komi í ljós að ofgreiðsla hefur myndast eftir 1. júlí á staðgreiðsluári má miða upphafsdag verðbótaútreiknings við síðara tímamark eftir nánari reglum sem ráðherra setur með reglugerð.

Um innheimtu, dráttarvexti, innheimtuúrræði og lögvernd verðbóta, sem greiða ber skv. 2. mgr., skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga þessara eins og um tekjuskatt sé að ræða.

20. gr.

a. Á eftir 121. gr. laganna komi ný grein, 122. gr., er orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1988.

b. 123. gr. laganna falli brott.

c. 122. gr. laganna verði 123. gr.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Maður, sem við álagningu 1987 nýtur vaxtafrádráttar samkvæmt heimild í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr., skal eiga rétt á sérstökum skattafslætti, vaxtaafslætti, í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988, vegna vaxta, sbr. 51. gr., af þeim lánum sem tekin voru á árinu 1987 eða fyrr og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara. Sama gildir um þann sem hóf byggingu eða festi kaup á húsnæði á árunum 1985–1987 en uppfyllir hvorki skilyrði fyrir húsnæðisbótum, sbr. B-lið 69. gr. og ákvæði til bráðabirgða II, né skilyrði 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. fyrir vaxtafrádrætti í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr. vegna vaxtakostnaðar við álagningu opinberra gjalda á árinu 1987 og 1988 en mundi njóta ákvæða E-liðs 1. mgr. 30. gr. héldi það gildi sínu á árinu 1988 vegna álagningar 1989.

Vaxtaafsláttur skv. 1. mgr. skal nema 30% af frádráttarbærum vöxtum þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni hvers manns. Sé um hjón að ræða skal framangreint hlutfall dragast frá samanlögðum tekjuskattsstofnum þeirra beggja. Frádráttarbærir vextir samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði geta aldrei verið hærri en 292 600 kr. hjá hverjum manni en 585 200 kr. hjá hjónum. Framangreind hámörk vaxtafrádráttar skulu hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr.

Um ráðstöfun vaxtaafsláttar og millifærslu milli hjóna skulu ákvæði A-liðs 68. gr. um persónuafslátt gilda eftir því sem við getur átt að öðru leyti en því að ónýttur vaxtaafsláttur flyst á milli hjóna án skerðingar.

Á árinu 1988 skal ónýttur vaxtaafsláttur þó greiðast út að því marki sem hann fer ekki fram úr húsnæðisbótum skv. B-lið 69. gr. Um útborgun vaxtaafsláttar á árinu 1988 fer að öðru leyti eftir ákvæðum B-liðs 69. gr., eftir því sem við getur átt, þó þannig að honum skal ráðstafa til greiðslu á álögðum tekjuskatti 1988 sem ekki verður felld niður innheimta á, sbr. 2. gr. laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, síðan eignarskatti og öðrum þinggjöldum.

Ákvæði 7. tölul. 28. gr. eiga við um vaxtaafslátt samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

II

Sá sem eignast íbúð í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfyllir að öðru leyti skilyrði B-liðs 69. gr. skal þrátt fyrir gildistökuákvæði laga þessara njóta húsnæðisbóta samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. með sama hætti og sá sem eignast sína fyrstu íbúð á árinu 1988.

III

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda, sem á hafa verið lögð fyrir gildistöku laga þessara, skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Sama á við um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts sem verður lagður á á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eignar í lok þess árs, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ed. 807. Frumvarp til laga [340. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. mars.)

Samhljóða þskj. 594 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Launamaður samkvæmt lögum þessum telst:

1. Maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur sá sem nýtur eftirlauna eða lífeyris.
2. Maður sem skal reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Enn fremur maki hans eða barn, inni þau af hendi starf fyrir hann við atvinnureksturinn eða starfsemina.
3. Maður sem fær greiddar tryggingabætur, styrki og hvers konar skaðabætur og vátryggingabætur.
4. Maður sem nýtur greiðslna samkvæmt höfundarétti.
5. Maður sem nýtur verðlauna eða heiðurslauna eða hlýtur skattskyldan vinning í happdrætti, veðmáli eða keppni.
6. Aðili sem ber takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og nýtur tekna sem um getur í 6. tölul. 5. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið ber launagreiðanda hans að bæta við laun launamannsins skattskyldum hlunnindum eftir mati ríkisskattstjóra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu hans vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og greidd inn á reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal við ákvörðun staðgreiðslu ekki tekið tillit til persónuafsláttar, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

17. gr. hljóðar svo:

Ef launamaður nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluári ber launagreiðanda að halda eftir af launum, sbr. 5. gr., fjárhæð sem ákveðst tiltekinn hundraðshluti launa, sbr. 65. gr. og 2.

mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 2. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, án þess að frá dragist persónuafsláttur, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

29. gr. hljóðar svo:

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skulu innheimtumenn ríkissjóðs innheimta eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í því umdæmi þar sem skuldari þeirra er heimilisfastur.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og álag skv. 28. gr. skal vera forgangskrafa í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá því er honum barst tilkynning frá skattyfirvaldi um vanskil og álag, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda fé, er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla, til innleggs á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga hjá innlánsstofnunum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 20. gr., innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagrein um innheimtu skal senda innan sömu tímamarka til skattstjóra.

32. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslu opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum.

Sveitarfélög skulu greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd þeirra.

Ed. 808. Frumvarp til laga [341. mál]

um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. mars.)

Samhljóða þskj. 595 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 21. gr. laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem taka skulu gildi 1. janúar 1988, skulu þau ákvæði, sem breytingum taka með þeim lögum, önnur en 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða I, sbr. og 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. þessara laga, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu skatta á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

7. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 9. gr. laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu þau ákvæði, sem breytingu tóku með þeim lögum, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu útsvars á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987.

Ed. 809. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Síðari mgr. 32. gr. falli brott.

Ed. 810. Frumvarp til laga [346. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. mars.)

Samhljóða þskj. 603 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

25. gr. laganna orðast svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 75/1981, skal vera 2% af útsvarsstofni.

Sþ. 811. Skýrsla [415. mál]

félagsmálaráðherra um 72. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. INNGANGUR

Í 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) er kveðið á um þá skyldu aðildarríkis að leggja alþjóðasamþykkt sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt fyrir þá handhafa opinbers valds sem málið ber undir þannig að hægt sé að setja lög henni til framkvæmdar eða gerðar aðrar ráðstafanir. Í samræmi við þetta ákvæði hefur félagsmálaráðuneytið tekið saman og lagt fyrir Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingið sem að jafnaði er haldið árlega. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum 72. Alþjóðavinnumálaþingsins sem haldið var í júní 1986.

Segja má með nokkrum rétti að vinnumálaþingið 1986 marki tímamót í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þingið samþykkti nokkrar breytingar á stofnskrá stofnunarinnar og þingsköpum vinnumálaþingsins. Helstu breytingarnar eru þær að fulltrúum í stjórnarnefnd ILO verður fjölgað úr 56 í 112. Þar af verða 56 fulltrúar ríkisstjórna, 28 frá atvinnurekendum og 28 frá hópi launafólks. Skal val fulltrúa endurspegla mismunandi landfræðilega, efnahagslega og félagslega stöðu þessara þriggja hópa án þess að raska sjálfræði þeirra. Núverandi fastasæti 10 stærstu iðnríkja verða afnumin og 54 af 56 sætum ríkisstjórna verður skipt á fjóra landahópa. Í hlut Ameríku koma 12 sæti, Afríku 13 sæti og Evrópa og Asía skiptast á um 14 eða 15 sæti. Reglur um skiptingu sæta og kosningar í hverjum hópi verða settar í sérstökum svæðasamningum. Þau tvö sæti, sem eftir verða af

þessum 56 sætum, eiga að gera þeim ríkjum sem standa utan svæðasamninga kleift að taka á jafnréttisgrundvelli þátt í kosningum til stjórnarnefndarinnar.

Meðal athyglisverðra málefna, sem voru rædd á Alþjóðavinnumálaþinginu, var ný alþjóðasamþykkt um varnir gegn heilsuspillandi áhrifum af asbesti og meðferð þess efnis í iðnaði. Í samþykktinni er m.a. lagt til að bönnuð verði notkun krókídólits og vara sem innihalda slíkar trefjar. Tillaga Norðurlanda um bann við hvers konar sprautun með efnum, sem innihalda asbest, var tekin upp í samþykktina. Samþykktin er birt í heild sem fylgiskjal I. Tillaga um sama efni, en ítarlegri en samþykktin, er birt sem fylgiskjal II.

Þingið samþykkti tvær ályktunartillögur. Önnur þeirra fjallaði um aukna möguleika starfsfólks til fræðslu og þjálfunar. Þessi tillaga var samþykkt einróma. Hin tillagan var öllu umdeildari og fjallaði um þróun erlendrar skuldabyrði þróunarlanda og félagsleg markmið ILO. Margar breytingartillögur komu fram en aðeins hluti þeirra fékkst samþykktur.

Það skal tekið fram að viðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Alþjóðavinnumálaþingsins eru það fjölbreytileg að einungis er hægt að gera grein fyrir helstu atriðum í yfirlitsskýrslu sem þessari.

2. 72. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1986

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Sjötugasta og annað þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 4.–25. júní 1986. Forseti þingsins var kosinn vinnumálaráðherra Uruguay, Fernandez Faingold. Aðstoðarvinnumálaráðherra Tékkóslóvakíu, frú Molkova, var kosin varaforseti. Eurnekian frá Argentínu, fulltrúi atvinnurekenda á þinginu, og Ahmed, fulltrúi launafólks í Pakistan, voru einnig kosnir varaforsetar.

Að þessu sinni sóttu þingið samtals 545 fulltrúar og 1214 ráðgjafar. Þeir voru frá 151 aðildarríki. Konur voru 5% af fulltrúum og 13% ráðgjafa.

Gestir þingsins voru forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands, Richard von Weiszacker, og forseti Senegal, Abdou Diouf. Þess má geta að hann er jafnframt forseti Einingarsambands Afríku. Þriðji gestur þingsins var Oliver Tambo, forseti Suður-afríska þjóðarráðsins (ANC).

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin atriði:

1. Skýrsla forstjóra.
2. Reikningar liðins starfstímabils.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.
4. Varúðarráðstafanir við vinnu við asbest (síðari umræða).
5. Ungt fólk og atvinnulífið (almenn umræða).
6. Stuðningur við smá og meðalstór fyrirtæki.
7. Breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins.
8. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir: Hannes Hafstein sendiherra, formaður sendinefndarinnar, og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Þeir voru fulltrúar ríkisstjórnar Íslands. Varamaður var Þorsteinn Ingólfsson sendiráðunautur. Kristján Þorbergsson lögfræðingur var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda og Guðmundur J. Guðmundsson, alþingismaður og formaður Verkamannasambands Íslands, var fulltrúi íslensks launafólks.

Félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, og Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, heimsóttu þingið dagana 13. til 20. júní. Þeir áttu viðræður við nokkra forsvarsmenn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, m.a. aðstoðarforstjóra stofnunar-

innar, Svíann Bertil Bolin. Í viðræðunum var fjallað um fyrirhugaðar breytingar á stofnskrá ILO, samskipti Íslands við stofnunina og fleiri atriði sem snerta starfsemi hennar.

Að venju voru kosnar nokkrar þingnefndir, meðal annarra kjörbréfanefnd, nefnd sem fjallaði um framkvæmd alþjóðasamþykkta, fjárhagsnefnd og nefnd sem fjallaði um tillögur til þingsályktana, nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku. Einnig var fjallað um aðalmálefni þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og nefnd þar sem rætt var um ungt fólk og atvinnulífið.

2.2. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga sæti þrír fulltrúar, einn frá hverjum hópi sem á fulltrúa á þinginu, þ.e. hópi fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Að þessu sinni var hlutur Norðurlandanna stór í nefndinni. Formaður var Z. Makoni, deildarstjóri frá Zimbabwe, en fulltrúi atvinnurekenda var Norðmaðurinn Erik Hoff. Daninn John Svenningsen var fulltrúi launafólks í nefndinni.

Nefndin þurfti að kljást við nokkur erfið kærumál. Fulltrúar launafólks á þinginu mótmæltu kjörbréfum fulltrúa launafólks frá eftirtöldum 10 löndum: Panama, Bahamaeyjum, Chile, Brasilíu, Costa Rica, Dóminíkanska lýðveldinu, Indlandi, Portúgal, Filippseyjum og Túnis. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki stæðu efni til að leggja fyrir allsherjarþingið tillögu um ógildingu kjörbréfanna.

Kjörbréf fulltrúa launafólks í Chile voru til sérstakrar umfjöllunar. Með hliðsjón af umræðum, sem áttu sér stað á allsherjarþinginu 1985 og atkvæðagreiðslu sem þá fór fram, þótti nefndinni ekki fært að taka þetta mál enn upp, en lét í þess stað í ljós áhyggjur vegna stöðu samtaka launafólks í landinu. Kjörbréfanefndin beindi því til ríkisstjórnarinnar að hún ráðfærði sig við stærstu samtökin áður en hún skipaði sendinefnd landsins til setu á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Atvinnurekendur á þinginu mótmæltu setu fulltrúa atvinnurekenda Nicaragua og ráðgjafa hans. Í mótmælunum var því haldið fram að fulltrúinn hafi verið skipaður í sendinefnd landsins án þess að ríkisstjórn Nicaragua hefði ráðfært sig við stærstu samtök atvinnurekenda í landinu (COSEP). Meðal annars var á það bent í kærunni að fulltrúinn kæmi frá þröngum hópi atvinnurekenda, þ.e. þeim sem störfuðu í landbúnaði.

Ríkisstjórn Nicaragua vakti athygli á því að helstu atvinnurekendasamtök í landinu, þar á meðal COSEP, hefðu verið boðuð til samráðsfundar í maí vegna skipunarfulltrúa til setu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Engin mótmæli hefðu þá komið fram vegna skipunar sendinefndarinnar. Á það var bent að ríkisstjórnin hafi ekki gert fulltrúa frá COSEP fjárhagslega kleift að sitja þingið sem ráðgjafi.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að skipun fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd Nicaragua hefði átt að gerast í samvinnu við COSEP sem enn væru stærstu samtök atvinnurekenda í landinu. Hún lagði þó ekki til að kjörbréfið yrði ógilt heldur mæltist til þess að ríkisstjórn Nicaragua skipaði fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnumálaþinginu í samræmi við grein 3.5. í stofnskrá ILO sem hljóðar svo:

„Aðildarríki skuldbinda sig til að nefna fulltrúa og ráðunauta þeirra, aðra en fulltrúa ríkisstjórnar, í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna í viðkomandi löndum, ef slík samtök eru til þar.“

2.3. KOSNINGAR Í NEFNDIR OG SKÝRSLA ÁFRÝJUNARNEFNDAR

Nokkur seinkun varð á því að þingið í heild gæti tekið til starfa. Ástæðan var ágreiningur um val fulltrúa í nokkrar nefndir. Til dæmis þurfti þrívegis að greiða atkvæði á

allsherjarþinginu um fulltrúa í ályktunarnefnd og í nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Aðdragandi þessa ágreinings var tillaga frá stjórnarnefnd þingsins sem fól í sér að fulltrúar atvinnurekenda í Austur-Evrópu væru tilnefndir án atkvæðisréttar í þessar tvær nefndir. Atvinnurekendur frá þessum löndum höfðu óskað eftir sex sætum í fyrrnefndu nefndinni og þremur sætum í hinni síðarnefndu. Nefndirnar eru taldar hinar mikilvægustu á þinginu.

Fulltrúi atvinnurekendahópsins skýrði þessar aðgerðir með því að benda á að fulltrúar atvinnurekenda í Austur-Evrópu hefðu ekki virt málamiðlunarsamkomulag sem gert var árið 1968 um að fulltrúar þessara landa óskuðu ekki eftir fleiri en tveimur sætum í þessum nefndum hvorri um sig. Þetta samkomulag hafi verið brotið þegar sett var fram ósk um fleiri sæti, og meiri hluti atvinnurekendafulltrúanna því ekki séð ástæðu til að mæla með neinum fulltrúa Austur-Evrópu í þessar nefndir.

Eftir langt málþóf komst áfrýjunarnefndin að þeirri niðurstöðu að taka yrði tillit til kærenda. Það væri ekki í samræmi við stofnskrá ILO að neita fulltrúa um setu í nefnd einungis vegna þess að hlutaðeigandi fulltrúi kæmi frá ríki sem byggi við ákveðið hagkerfi. En þar sem nefndin hefði ekki vald til að fjölga fulltrúum í nefndum meir en um tvo komst hún að þeirri niðurstöðu að atvinnurekendafulltrúum frá Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu bæri að taka sæti í nefndinni sem fylgist með framkvæmd alþjóðasamþykkta og fulltrúum frá Mongólíu og Kúbu bæri að taka sæti í ályktunarnefnd.

2.4. SKÝRSLA FORSTJÓRA OG UMRÆÐUR UM HANA

Hin reglulega skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blanchard, var til umræðu á allsherjarþinginu samhliða öðrum þingstörfum sem fóru fram í þingnefndum. Þessar umræður stóðu í rúmlega tvær vikur. Skýrslan er að jafnaði send þingfulltrúum með góðum fyrirvara fyrir þingsetningu. Hún skiptist í tvo meginhluta. Í fyrri hlutanum fjallar forstjórinn um eitthvert ákveðið efni sem er ofarlega á baugi og snertir málefni vinnumarkaðarins. Í síðari hlutanum gerir hann grein fyrir helstu þáttum í starfsemi ILO á liðnu starfsári. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir helstu atriðunum í skýrslu forstjórans og þeirri umfjöllun sem hún fékk á þinginu.

a. Breytingar á atvinnulífinu fram til aldamóta.

Í fyrri hluta skýrslu sinnar fjallar forstjóri ILO um breytingar á atvinnulífinu og hvernig við þeim verði brugðist. Einkum er fjallað um fjögur atriði í þessu sambandi, en þau eru: Breytingar sem verða á vinnuaflinu fram að aldamótum; launafólk og vinnuverndarlöggjöf og félagslegt öryggi; efnahagsþróunin í heiminum og atvinnustig fram til ársins 2000; helstu viðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á þessu tímabili.

Þær ályktanir, sem forstjórinn dregur í skýrslu sinni, benda til þess að næsta áratuginn verði áfram mikið atvinnuleysi í iðnríkjunum og fá atvinnutækifæri og fátækt í þróunarlöndunum. Í iðnríkjunum breytist aldursskipting íbúanna á þann veg að hlutfall þeirra sem eldri eru eykst. Í þróunarlöndunum verður þessu þveröfugt farið. Í þriðja heiminum munu ¾ af vinnuaflinu hvorki hafa launavinnu né búa við félagslegt tryggingakerfi. ILO og aðilar vinnumarkaðarins verða því að leggja meiri áherslu á aðstæður þess hluta vinnumarkaðarins sem kallaður hefur verið hinn óskipulagði hluti. Einnig verða þessir aðilar að leggja aukna áherslu á betra samræmi á milli menntunar og þarfa atvinnulífsins. Auk þess er nauðsynlegt að finna jafnvægi á milli hreyfanleika og öryggis í atvinnulífinu. Öflun aukins fjármagns til lífeyris- og tryggingasjóða, þannig að fleiri þjóðfélagshópar búi við félagslegt öryggi, er vaxandi vandmál.

Alls tóku 256 ræðumenn til máls við umræður um skýrslu forstjórans. Þar af voru 104 ráðherrar sem fara með málefni sem tengjast vinnumarkaðinum.

b. Samantekt á umræðum um skýrslu forstjóra.

Við lok þingsins tók forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til máls og gerði að umtalsefni þær ræður sem höfðu verið fluttar um skýrslu hans. Hann lýsti ánægju sinni með þær undirtektir sem sjónarmið hans í skýrslunni höfðu fengið, einkum því að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að skapa atvinnu fyrir um einn milljarð manna í heiminum. Hann fagnaði skilningi ræðumanna á nauðsyn bættra samskipta á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og lýsti yfir stuðningi sínum við tillögu um hlutverk ILO í sambandi við greiðsluvanda ýmissa ríkja. Eitt af meginhlutverkum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar væri einmitt að vekja athygli annarra alþjóðastofnana á áhrifum efnahagsstefnu á atvinnu- og félagsmál.

Hvað atvinnumálin snertir taldi forstjórinn að þingnefndin, sem fjallaði um stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, hefði lagt mikið af mörkum til undirbúnings alþjóðaráðstefnu um starfsmenntun sem halda skal árið 1988.

Almennar umræður á allsherjarþinginu um skýrslu forstjóra fjölluðu öðrum þræði um næstu fjárhagsáætlun, sem tekur til áranna 1988–1989, og fimm ára áætlun fyrir árin 1990 til 1995. Forstjórinn dró fram í yfirlitsræðu sinni um almennu umræðurnar á þinginu nokkra þætti sem hann taldi ástæðu til að Alþjóðavinnumálastofnunin tæki til sérstakrar umfjöllunar á næstu árum. Meðal þessara atriða er atvinnustigið í iðnríkjum og þróunarlöndum, svo og að viðleitni í þá átt að stuðla að meiri atvinnu verði að tengjast róttækum aðgerðum gegn fátækt í heiminum. Einnig verði að leggja áherslu á öryggi og heilsugæslu í atvinnulífinu, bæði í iðnaði, landbúnaði og þjónustugreinum. Í mörgum löndum eru vinnuslys allt of algeng. Forstjórinn benti á félagslegt öryggi sem eitt þeirra atriða sem veita þurfi sérstaka athygli. Hann gat þess að í næstu fimm ára áætlun muni hann leggja til að ILO taki til umfjöllunar nokkur brýn viðfangsefni á þessu sviði. Í þessu sambandi varpaði hann fram nokkrum spurningum, t.d. um það hvers konar tryggingakerfi væri óskað eftir, hvað það mætti kosta mikið og hversu víðtækt það ætti að vera. Síðast en ekki síst varpaði hann fram þeirri spurningu hvernig koma mætti í veg fyrir að þjóðfélagið skiptist í tvennt, þ.e. að í öðrum hlutanum séu þeir sem njóti vinnulauna og í hinum þeir sem lifi á styrkjum. Í fjórða lagi taldi forstjórinn að ILO eigi áfram að leggja áherslu á samningu staðla, ekki aðeins til þess að bæta réttarstöðu launafólks, heldur einnig í því skyni að stuðla að hagvexti. Forsenda þess sé raunveruleg alþjóðleg samstaða um staðlana og framkvæmd þeirra.

2.5. FJÁRHAGSSTAÐA OG FJÁRHAGSÁÆTLUN

Í nefnd, sem fjallar um fjármál Alþjóðvinnumálastofnunarinnar, sitja einungis fulltrúar ríkisstjórna. Formaður nefndarinnar að þessu sinni var kosinn Califice, þingmaður frá Belgíu. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Hannes Hafstein sendiherra.

Aðalumræðuefni nefndarinnar var tillaga frá stjórnarnefnd ILO um að færa hagnað vegna hagstæðrar gengisþróunar á fjárhagstímabilinu 1984–1985 yfir á yfirstandandi fjárhagstímabil til að mæta væntanlegum halla á rekstri stofnunarinnar. Ástæður væntanlegs halla eru nokkrar. Til dæmis hefur gengi bandaríska dalsins gagnvart svissneska frankanum farið lækkandi, en árgjöld stofnunarinnar eru greidd í dölum. Einnig hafa nokkur ríki, þar á meðal Bandaríkin og Sovétríkin, haft uppi hótanir um að greiða ekki hluta af árgjaldi sínu fyrir árið 1986. Búist er við því að halli á rekstri stofnunarinnar verði um 27 milljónir dala. Tekjuafgangur ILO 1984–1985 vegna styrkrar stöðu dalsins var 26,7 milljónir dala. Af þessari ástæðu lagði stjórnarnefndin til að í stað þess að endurgreiða aðildarríkjunum tekjuafganginn verði hann færður yfir á næsta fjárhagstímabil.

Fjölmargir ræðumenn tóku til máls um þetta efni og töldu nauðsynlegt að finna varanlega leið fyrir ILO til að mæta breytingum á gengisskráningu.

Framlag Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er 0,03% af fjárhagsáætluninni eða 37 950 bandaríkjadalir á ári.

2.6. NEFND UM BREYTINGAR Á ÞINGSKÖPUM ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGSINS

Sérstök nefnd fjallaði um breytingar á þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins. Formaður nefndarinnar var sendiherra Nicaragua, Vargas að nafni. Varaformenn voru John Svenningsen, fulltrúi launafólks, og Conelie Haak, atvinnurekendafulltrúi.

Nefndin lagði til margvíslegar breytingar sem miða að því að einfalda og skýra gildandi reglur um störf Alþjóðavinnumálaþingsins.

Ein af breytingartillögunum tók til 17. gr. þingskapanna sem fjallar um meðferð tillagna. Í greininni er kveðið á um málefni sem hægt er að álykta um á þinginu og hvaða þingnefndir skulu fjalla um ályktunartillögurnar. Önnur breytingartillaga fjallaði um með hvaða hætti alþjóðasamþykkt eða tillögu á allsherjarþinginu yrði breytt við lokaafgreiðslu. Hér er um að ræða 8. tölul. 4. gr., 7. tölul. 40. gr. og 7. tölul. 45. gr. Áður var þess krafist að síðustu breytingar á samþykkt eða tillögu lægju frammi daginn eftir að texta hefði verið dreift til þingfulltrúa. Þessi regla hefur skapað ýmis vandamál og því var lögð til sveigjanlegri regla sem gefur þingforsetum aukið vald til að ákveða hvort hægt sé að koma að breytingartillögu.

Loks var lögð til breyting á reglum um atkvæðagreiðslur. Í henni felst að kosning nefndaformanna fari fram með sama hætti og val á þingforsetum, þ.e. að þeir verði kosnir með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Nefndin var sammála um fleiri minni háttar breytingar. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar af allsherjarþinginu án umræðu.

2.7. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Í samræmi við þingsköp Alþjóðavinnumálaþingsins var kosin sérstök nefnd til að fjalla um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og tillögum. Í nefndinni áttu sæti fleiri þingfulltrúar en nokkru sinni áður, eða samtals 212. Þar af voru 107 ríkisstjórnarfulltrúar, 26 atvinnurekendafulltrúar og 79 fulltrúar launafólks. Að auki sátu 113 varamenn fundi nefndarinnar. Einnig áttu 29 alþjóðasamtök áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Nefndin kaus K. Hagen, ríkisstjórnarfulltrúa Hollands, formann. Varaformenn nefndarinnar voru kosnir A. Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og J.M. Houthuys, fulltrúi launafólks í Belgíu. Ritari var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Filippseyja, N. Confesor. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Kristján Þorbergsson lögfræðingur átti einnig sæti í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að aðildarríkin sinni þeim skyldum sem þau hafa skuldbundið sig til með fullgildingu alþjóðasamþykkta. Efnið, sem nefndin hefur til umfjöllunar, eru skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykktanna og athugasemdir frá sérstakri sérfræðinganefnd ILO sem fer yfir skýrslurnar, auk þess eru nokkur lönd beðin um að veita nefndinni ákveðnar upplýsingar á þinginu.

Vegna ágreiningsins um þátttöku atvinnurekenda frá Austur-Evrópu, sem áður er getið, dróst að nefndin gæti hafið störf. Af þeirri ástæðu var gripið til þess ráðs að takmarka ræðutíma í almennum umræðum nefndarinnar. Einnig var nokkru færri löndum en venjulega stefnt fyrir nefndina til að gefa skýringar á ákveðnum atriðum í sambandi við framkvæmd samþykkta. Að venju hófst nefndarstarfið með almennum umræðum um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnumarkaðsmála. Þar næst tóku við umræður um framkvæmd samþykktar nr. 100 og tillögu nr. 90, um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Við almennar umræður í nefndinni lýstu margir ræðumenn yfir ánægju sinni með það að fjöldi fullgiltra samþykkta hafi aukist úr 30 á árinu 1984 í 78 á árinu 1985. Þess skal getið að

31. desember 1985 var tala skráðra fullgildinga á samþykktum ILO samtals 5254. Ísland hefur fullgilt 14 samþykktir.

Í umræðunum kom fram víðtæk samstaða um að samþykktir og tillögur Alþjóðvinnumálastofnunarinnar eigi að vera það rúmar að lönd, sem búa við mismunandi stjórnarfar og eru komin mislangt í efnahagslegri þróun, geti fullgilt þær. Í ræðu, sem haldin var í nafni Norðulandanna fimm (Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar), var lögð áhersla á þetta sjónarmið. Jafnframt var tekið fram að ekki mætti setja markið svo lágt að hvaða ríki sem er geti fullgilt samþykktirnar fyrirhafnarlaust. Alþjóðasamþykktirnar yrðu að fela í sér félagsleg markmið sem löndin stefndu að.

Við umræður í nefndinni um skýrslu sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd samþykktar nr. 100 og tillögu nr. 90, um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, komu fram ýmsar áhugaverðar upplýsingar. Til dæmis kom fram að samtals hafa 107 aðildarríki ILO fullgilt samþykktina. Það kom skýrt fram að hún hefur haft mikil áhrif á löggjöf margra landa. Þrátt fyrir það var á það bent að enn væri langur vegur að því takmarki sem sett er í samþykktinni, 35 árum eftir að hún var afgreidd af Alþjóðavinnumálaþinginu. Annar varaformaður nefndarinnar, fulltrúi launafólks, vakti athygli á því að þótt 35 ár væru liðin frá því samþykktin var gerð hafi engu aðildarríkjanna tekist að framkvæma til fulls grundvallarreglu hennar um sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er kvartað yfir því að upplýsingar um launamun kvenna og karla skortir með öllu eða eru mjög ófullkomnar. Í ræðu, sem flutt var í nafni Norðurlandanna, var m.a. bent á að samkvæmt samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins 1985, um hagtölur á sviði vinnumarkaðsmála, skal greina á milli kynjanna hvað varðar upplýsingar um kaup og kjör.

Að venju varði nefndin mestum hluta af tíma sínum í umræður um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum. Undir þessum lið nefndarstarfsins urðu 31 aðildarríki við tilmælum nefndarinnar um að veita henni nánari upplýsingar um einstök atriði. Meðal þessara aðildarríkja var Danmörk sem beðin var um skýringar á afskiptum ríkisstjórnarinnar af launasamningum og banni við kauphækkunum með tilvísun til samþykktar nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli létu ríkisstjórnir sjö aðildarríkja undir höfuð leggjast að veita nefndinni umbeðnar upplýsingar. Hér var um að ræða ríkisstjórnir Dóminíkanska lýðveldisins, Líberíu, Márítaníu, Nicaragua, Rúmeníu, Yemen og Zaire. Til viðbótar áttu fimm ríkisstjórnir ekki fulltrúa á þinginu og gátu þar af leiðandi ekki komið fyrir nefndina. Þetta átti við um Dominica, Pólland, Santa Lucia, Seychelleyjar og Sierra Leone.

Nefndin vakti bæði athygli á framförum í einstökum löndum og lýsti áhyggjum sínum yfir vanrækslu annarra aðildarríkja, sérstaklega hvað varðaði að kynna löggjafarstofnunum í hlutaðeigandi löndum nýjar alþjóðasamþykktir og tillögur. Nefndin var sammála um að framfarir hefðu átt sér stað í eftirtöldum aðildarríkjum: Fiji-eyjum, Guinea-Bissau, Írlandi, Kenya, Libyu og Sýrlandi. Eftirtalin lönd voru gagnrýnd fyrir vanrækslu: Bolivía, Botswana, Brasilía, Íran, Malawi, Máritanía, Seychell-eyjar, Sierra Leone og Túnis.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar eru tvær athugasemdir um framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Önnur snertir framkvæmd samþykktar nr. 29, um nauðungarvinnu. Í athugasemdinni lætur nefndin í ljós sérstaka ánægu með það að 180. gr. almennra hegningarlaga hafi verið afnumin með 10. gr. laga nr. 42/1985. Hin athugasemdin lýtur að framkvæmd 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985. Ákvæði greinarinnar er nær samhljóða 80. gr. eldri sjómannalaga, nr. 67/1963. Sérfræðinganefndin hefur óskað eftir því að íslensk stjórnvöld hlutist til um að ákvæðum greinarinnar verði breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum samþykktarinnar.

2.8. VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ NOTKUN ASBESTS

Notkun asbests var til annarrar umræðu á þinginu. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman skýrslu um athugasemdir og umræður sem komu fram á 71. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var 1985. Með skýrslunni var lagður grundvöllur að framhaldsumræðum um þetta málefni. Ísland átti ekki fulltrúa í þingnefnd þeirri sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt sem lágu fyrir þinginu. Fulltrúar Íslands gátu fylgst með gangi mála í nefndinni með þátttöku í samráðsfundum vestrænna ríkja annars vegar og Norðurlandanna hins vegar.

Við almennar umræður í nefndinni komu fram svipuð sjónarmið og á Alþjóðavinnumálaþinginu 1985. Nokkur ríki voru fylgjandi því að settar yrðu strangar reglur um notkun asbests með það að markmiði að hún verði með öllu bönnuð. Norðurlöndin voru þar í broddi fylkingar. Önnur lönd voru fylgjandi tæknilegum og skipulagslegum aðgerðum á þessu sviði í því skyni að stuðla að öruggri meðferð asbests og efna sem það innihalda. Talsmenn Kanada og Zimbabwe voru fulltrúar þessara sjónarmiða.

Í nefndinni var því ekki andmælt að notkun asbests og efna, sem innihalda asbest, er hættuleg heilsu manna. Raunin er þó sú að asbest, einkum asbestsement, er frá tæknilegu sjónarhorni gott og ódýrt efni. Notkun þess hefur því aukist í heiminum. Nefndinni var því nauðsynlegt að ná málamiðlunarsamkomulagi um nokkur atriði þannig að nægilega víðtæk samstaða myndaðist um afgreiðslu málsins. Þess má geta að fram fóru 60 atkvæðagreiðslur í nefndinni um breytingartillögur.

Samþykkt nr. 162, um öryggi við notkun asbests, er alls 22 greinar. Í 2. gr. er fjallað um skilgreiningu á hugtakinu asbest. Við umfjöllun nefndarinnar á þessari grein var ákveðið að einungis asbestþræðir, sem eru lengri en 5 míkrómetrar, verði taldir með í mælingum.

Í drögum, sem lágu fyrir þinginu, voru taldar upp í 10. gr. aðgerðir sem framkvæma skyldi til að vernda starfsmenn gegn asbestmengun. Nefndin samþykkti að skipta þessari grein í tvær. Í 9. gr. er kveðið á um nauðsynlegar aðgerðir til að hefta eða hafa eftirlit með asbestmengun. 10. gr. hefur að geyma ákvæði um nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja heilsu starfsmanna. Meðal þess sem talið er upp er notkun annarra efna í stað asbests og bann við notkun þess, þó með því skilyrði að það sé tæknilega framkvæmanlegt.

Lagt var til af hálfu Norðurlandanna að ákvæði í tillögu um bann við notkun krókídólíts og vara sem innihalda slíkar trefjar yrði tekið upp í 11. gr. samþykktarinnar. Tillaga Norðurlanda um bann við hvers konar sprautun með efnum sem innihalda asbest í 12. gr. var einnig samþykkt. Við 17. gr. var bætt ákvæði um að einungis þeim atvinnurekendum sem hafi fengið viðurkenningu stjórnvalda sé heimilt að rífa verksmiðjur eða mannvirki sem innihalda asbest. Þetta ákvæði olli miklum deilum í nefndinni.

Tillaga nr. 172, um öryggi við notkun asbests, er nánari útfærsla á samþykktinni og í henni er markið sett hærra. Dæmi um þetta er 14. gr. Í henni eru gerðar þær kröfur að einungis þeim atvinnurekendum eða verktökum, sem hafi fengið til þess sérstakt leyfi stjórnvalda, skuli heimil niðurrif verksmiðja eða mannvirkja sem innihalda asbest.

2.9. UNGT FÓLK OG ATVINNULÍFIÐ

Árið 1983, á ári æskunnar, samþykkti Alþjóðavinnumálaþingið að tekið yrði til umfjöllunar á vinnumálaþinginu 1986 efnið „ungt fólk og atvinnulífið". Að vanda tók alþjóðavinnumálaskrifstofan saman skýrslu sem varð grundvöllur umræðnanna á þinginu. Skýrslan skiptist í fimm kafla. Fyrst er almennur inngangskafli um þau vandamál sem ungt fólk í iðnaðar- og þróunarlöndunum þarf að kljást við. Annar kaflinn fjallar um ungt fólk og aðgerðir sem ILO getur beitt sér fyrir. Næstu tveir kaflar fjalla um aðstæður í þróuðum

iðnaðarlöndum annars vegar og í þróunarlöndunum hins vegar. Lokakaflinn fjallar um aðgerðir sem lagt er til að gripið sé til á landsvísu og af hálfu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Segja má að meginviðfangsefni skýrslunnar sé ósk um með hvaða hætti ungt fólk verði virkir þátttakendur í þjóðfélaginu. Komist var að þeirri niðurstöðu að atvinna sé forsenda þess.

Í skýrslunni er lögð rík áhersla á tengslin milli menntunar, þjálfunar og atvinnu. Fjallað er um þau tækifæri sem skólinn hefur til að veita þjálfun sem mæti þörfum atvinnulífsins, skólanám og atvinnulíf, og aðgerðir til að fjölga störfum, bæði í iðnaðar- og þróunarlöndum. Í henni er bent á nauðsyn þess að fjallað sé um atvinnuleysi ungs fólks í heild sinni og í tengslum við hina almennu stefnu í efnahagsmálum. Hvað varðar þróunarlöndin er dregin fram í skýrslunni þýðing hagþróunar í heiminum, skuldabyrði og þau vandmál sem fátæktin býr þessum löndum. Lögð er sérstök áhersla á erfiðleika ungs fólks í þróunarlöndunum við að fá þjálfun og atvinnu. Bent er á að fjölga þurfi tækifærum ungs fólks til menntunar og atvinnu í landbúnaðarhéruðum og í hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins.

Einnig er í skýrslunni fjallað um stöðu og tækifæri ungra kvenna. Bent er á að aðstaða þeirra í þróunarlöndunum sé sérstaklega slæm með tilliti til menntunar. Þess vegna sé ástæða til sérstakra aðgerða til að auðvelda þeim aðgang að starfsþjálfun og eftirmenntun.

Nefndin kaus Dansanayake, ríkisstjórnarfulltrúa frá Sri Lanka, formann. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Guðmundur J. Guðmundsson alþingismaður. Nefndarstarfið hófst á almennum umræðum sem stóðu í þrjá daga. Samtals tóku 50 fulltrúar til máls. Flestir sem tóku til máls fjölluðu um stöðu ungs fólks á vinnumarkaðinum, aðgerðir sem ríkisstjórnir gætu gripið til og þau atriði sem komu fram í skýrslu ILO. Alls komu fram 72 breytingartillögur við ný drög að ályktun sem lágu fyrir nefndinni. Flestar tillögurnar voru samþykktar einróma. Þó var ein sem olli miklum ágreiningi. Hún fjallaði um að verja fjármagni sem nú fer til vopnaframleiðslu í aðgerðir sem hafa aukið vinnuframboð að markmiði. Um síðir tókst samkomulag um orðalag sem allir gátu sætt sig við.

Í ályktuninni er að finna tilmæli til aðildarríkjanna um aðgerðir til að fjölga atvinnutækifærum ungs fólks. Einnig eru þau hvött til að fullgilda alþjóðasamþykktir sem taka til vinnuaðstæðna ungs fólks. Í ályktuninni eru tilmæli í 15 liðum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framlag hennar til að bæta vinnuaðstæður og fjölga störfum fyrir ungt fólk.

Allsherjarþingið samþykkti einróma ályktun nefndarinnar.

2.10. STUÐNINGUR VIÐ SMÁ OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Stuðningur við smá og meðalstór fyrirtæki hefur áður verið á dagskrá funda og þinga Alþjóðavinnumálstofnunarinnar sem hafa afgreitt ályktanir og tilmæli um þetta málefni. Til undirbúnings umræðum á þinginu hafði alþjóðavinnumálaskrifstofan undirbúið skýrslu „The Promotion of Small and Medium-Sized Enterprises“ sem er almennt mat á hlutverki smárra og meðalstórra fyrirtækja í atvinnu- og efnahagslífi. Í skýrslunni er einnig lýsing á þróuninni á þessu sviði og yfirlit yfir aðgerðir sem aðildarríki stofnunarinnar hafa beitt sér fyrir. Enn fremur er að finna skrá yfir aðgerðir ILO í þessum málum og tillögur um framtíðaraðgerðir stofnunarinnar. Skýrslan tekur einkum mið af vanda og þörfum þróunarlandanna hvað þetta varðar. Formaður nefndarinnar var kosinn vinnumálaráðherra Gabon, A.M. Sambat.

Við almennar umræður kom fram nokkur ágreiningur um skilgreiningar á hugtökum og þýðingu smáfyrirtækja fyrir efnahagsþróun. Einnig voru ræðumenn ekki á eitt sáttir um vinnuumhverfi og aðrar félagslegar aðstæður í þessum fyrirtækjum. Enn fremur kom fram ágreiningur um hlutverk opinberra aðila í sambandi við uppbyggingu fyrirtækja af þessari

stærð. Sumir lögðu til að stjórnvöld tækju virkan þátt í uppbyggingunni, en aðrir voru þeirrar skoðunar að þau ættu að skapa hagstæðar efnahagsaðstæður fyrir þessi fyrirtæki. Nefndarmenn virtust þó sammála um að stjórnvöld í þróunarlöndunum, þar sem stjórnkerfið væri ófullkomið, gegndu mikilvægu hlutverki, sérstaklega hvað varðar stuðning við stofnun fyrirtækja af þessu tagi.

Margir ræðumanna lögðu ríka áherslu á hlutverk ILO við að dreifa upplýsingum og veita þróunaraðstoð. Nefndin afgreiddi ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Í henni er vísað til fyrri ályktana Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þetta efni og settar fram tillögur um aðgerðir sem aðildarríkin geta beitt sér fyrir til að styrkja smá og meðalstór fyrirtæki.

2.11. BREYTINGAR Á STOFNSKRÁ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Eitt mikilvægasta málefni þingsins varðaði breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Fullyrða má að þingið hafi samþykkt einhverjar mestu breytingar á stofnskránni sem gerðar hafa verið frá stofnun ILO árið 1919. Telja má að þessar breytingar reynist jafnvel enn afdrifaríkari en þegar stofnunin gerðist ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna árið 1946.

Mikilvægasta breytingin felst í því að komið er til móts við kröfur þróunarlandanna um afnám fastasæta 10 helstu iðnríkja heimsins í stjórnarnefndinni. Afnám fastasætanna og kosning allra fulltrúa í stjórnarnefnd á þriggja ára fresti hefur að mati þróunarlandanna mikilvæga táknræna þýðingu. Í nýju reglunum um val fulltrúa í stjórnarnefndina felst að fulltrúar fjölmennra aðildarríkja eru oftar kosnir til setu í nefndinni en áður var. Umfang efnahagsstarfsemi og mannfjöldi hafa áhrif á val fulltrúa Evrópuríkja í stjórnarnefndina með sama hætti og áður. Í raun munu þau lönd sem nú hafa fast sæti í stjórnarnefndinni halda þeim. Hins vegar leiða nýju reglurnar til þess að nokkur aðildarríki til viðbótar eiga möguleika á að fá fulltrúa sína endurkosna.

Ákvæði um breytingar á vissum greinum stofnskrárinnar eru óbreytt, þ.e. krafist er að ⅔ séu samþykkir breytingunni. Að því er varðar breytingar á greinum, sem kveða á um grundvallarmarkmið stofnunarinnar, kosningu stjórnarnefndar og Alþjóðavinnumálaþingið, samskipti þessara aðila og val forstjóra, er krafist samþykkis ¾ hluta fulltrúa á vinnumálaþinginu. Sama gildir um reglur sem taka til afgreiðslu alþjóðasamþykkta og tillagna. Til þess að breytingar á þessum greinum gangi í gildi þurfa ¾ hlutar aðildarríkjanna að fullgilda þær í stað ⅔ hluta áður. Í breytingunum felst að áhrif fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á stofnunina aukast. Hins vegar komu þeir til móts við óskir vestrænna ríkja um að varðveita sterka stöðu stjórnarnefndarinnar gagnvart vinnumálaþinginu.

Breytingar á þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins voru í upphafi ekki meðal þeirra atriða sem rædd voru í tengslum við breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálstofnunarinnar. Fulltrúar Bandaríkjanna lögðu áherslu á þetta atriði. Að tillögu þeirra er komið inn ákvæði í þingsköpin sem hindrar að þingið geti samþykkt tillögu sem felur í sér fordæmingu aðildarríkis án þess að fyrst sé rannsakað, samkvæmt kærureglum ILO, hvort ásökunin hafi við rök að styðjast. Ástæðan fyrir tillöguflutningi fulltrúa Bandaríkjanna er án efa ályktunartillaga um Ísrael sem samþykkt var fyrir nokkrum árum á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Hvað varðar kosningu í stjórnarnefnd eru í nýju reglunum gerðar meiri kröfur til þeirra þriggja hópa (þ.e. hópa fulltrúa atvinnurekenda, launafólks og ríkisstjórna) sem eiga fulltrúa á Alþjóðavinnumálaþinginu en gert var samkvæmt eldri ákvæðum. Þess er nú krafist að stjórnarnefndin endurspegli eins vel og hægt er landfræðilega legu og ólíka efnahags- og félagslega hagsmuni þessara hópa án þess að skerða sjálfræði þeirra. Þessi regla er kennd við fulltrúa ríkisstjórnar Alsír, sem um árabil hefur tekið virkan þátt í að leysa ágreining um

skipulagsmál ILO og kölluð er Briki-reglan. Launþegahópurinn á þinginu hefur þegar samþykkt reglur um val fulltrúa sinna í stjórnarnefnd. Hins vegar eru atvinnurekendur frá Austur-Evrópu óánægðir með þær reglur sem atvinnurekendahópurinn hefur sett og telja að þær séu ekki í samræmi við stofnskrána. Fulltrúar frá Austur-Evrópu greiddu því atkvæði gegn tillögunum um breytingar á stofnskránni. Ljóst er að ákvæði stofnskrár um hópa fulltrúa atvinnurekenda og launafólks muni styrkja stöðu þeirra á þinginu.

a. Breytingar á stjórnarnefnd.

Verulegar breytingar voru gerðar á 7. gr. stofnskrárinnar um kosningu stjórnarnefndar. Að óbreyttri stofnskránni eiga 56 fulltrúar sæti í nefndinni. Eru 28 fulltrúar ríkisstjórna, 14 fulltrúar atvinnurekenda og jafnmargir fulltrúar launafólks. Auk þess hafa 46 varamenn í stjórn öll sömu réttindi önnur en atkvæðisrétt. Þess má geta að fulltrúar þeirra ríkja, sem eiga fastasæti í stjórnarnefnd, hafa ekki varamenn. Með stofnskrárbreytingunni er afnuminn sá munur sem er á aðal- og varamönnum í stjórn. Samtals verða því stjórnarmenn 112 (56–28–28). Kjörtíminn verður óbreyttur, þrjú ár.

Fram til þessa hafa hóparnir þrír, sem starfa á þinginu, komið sér saman um fulltrúa sína í stjórnarnefnd. Ákvæðin um heildartölu þeirra eru einu skráðu ákvæðin um val þeirra. Nýju reglurnar gera þær kröfur til hóps ríkisstjórnarfulltrúa að sætum í stjórnarnefndinni sé skipt eftir heimshlutum með hliðsjón af eftirtöldum þremur atriðum: a) fjölda ríkja, b) fólksfjölda og c) efnahagsstarfsemi sem annaðhvort er metin eftir þjóðarframleiðslu eða árgjaldi til ILO. Jafnframt er því slegið föstu að enginn heimshluti hafi færri en 12 sæti og enginn fleiri en 15 sæti í stjórninni. Skipting 54 af 56 sætum í stjórnarnefndinni eftir nýju reglunum verður sem hér segir: Afríka 13, Ameríka 12, en Asía og Evrópa 15 eða 14 sæti til skiptis.

Val ríkisstjórnarfulltrúanna fer fram í fimm kjörnefndum. Ríkisstjórnarfulltrúar frá Vestur-Evrópu og ríkisstjórnarfulltrúar sósíalistaríkja Austur-Evrópu mynda tvær kjörnefndir. Nefndirnar skulu gera með sér samkomulag um að skipta á milli sín þeim sætum sem ætluð eru Evrópu og velja hver í sínu lagi fulltrúa í stjórnarnefnd. Kjörnefndirnar tilkynna hópi ríkisstjórnarfulltrúa á þinginu um útnefningarnar, en hann kunngerir síðan um þær. Hver kjörnefnd skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að verulegur hluti aðildarríkja, sem falið er að skipa í stjórnarnefndarsæti fyrir það svæði, sé valinn með tilliti til íbúafjölda og að tryggð sé sanngjörn landfræðileg dreifing. Einnig skal höfð hliðsjón af öðrum atriðum, t.d. umfangi efnahagsstarfsemi hlutaðeigandi ríkis og sérstöðu viðkomandi svæðis. Greina skal frá meginreglum þessum í bókunum sem ríkisstjórnir hverrar kjörnefndar koma sér saman um og skulu þær afhentar forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til varðveislu. Kjörnefnd Evrópuhópsins hefur samþykkt þrjár slíkar bókanir. Í einni er 14½ sæti í stjórnarnefndinni, sem falla í hlut Evrópu, skipt á milli Austur- og Vestur-Evrópu á þann hátt að fyrrnefnda svæðið hlýtur 5½ sæti og hið síðarnefnda 9 sæti. Hinar tvær bókanirnar skipta sætunum innbyrðis í hópunum tveimur. Kjörnefnd Vestur-Evrópu skiptir sætunum á milli landanna eftir sömu þremur meginreglum og gilda um skiptingu þeirra á milli svæðanna í heild. Norðurlönd hafa fengið tryggingu fyrir að a.m.k. eitt þeirra eigi ávallt sæti í stjórnarnefnd og sjöunda hvert stjórnartímabil munu fulltrúar tveggja Norðurlanda sitja í nefndinni. Þetta er í samræmi við hlutdeild landanna í stjórnarnefndinni eins og hún hefur verið frá 1963.

Á þennan hátt er skipt 54 af 56 sætum ríkisstjórnarfulltrúa. Sætin tvö, sem eftir eru, skiptast jafnt á milli heimshlutanna fjögurra þannig að hver þeirra fær aukasæti annað hvert kjörtímabil stjórnarnefndarinnar. Þessi sæti skal nota til að gera aðildarríkjum, sem ekki eru í kjörnefnd, kleift að taka þátt í kosningu til stjórnarnefndar með sama hætti og önnur lönd. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að aðildarríki eru ekki í kjörnefnd, t.d. að þau gerast

aðilar að ILO eftir að bókun hefur verið samþykkt, eða þeim er meinuð þátttaka í þeirri kjördeild sem þau með réttu tilheyra. Hið síðarnefnda gildir um Ísrael. Með framangreindum breytingum er landinu tryggð eðlileg þátttaka í störfum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til jafns við önnur aðildarríki. Því má bæta við að breytingarnar á stofnskránni heimila flutning lands frá einni kjörnefnd til annarrar. Í þessu felst að Ísrael getur nú flutt sig úr kjörnefnd Asíu í kjörnefnd Evrópu.

b. Ráðning forstjóra.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum stofnskrár ber stjórnarnefnd ILO ein ábyrgð á vali og ráðningu forstjóra stofnunarinnar. Þetta hefur verið aðildarríkjum frá Austur-Evrópu og þróunarlöndunum nokkur þyrnir í augum og hafa þau viljað færa þetta val til Alþjóðavinnumálaþingsins. Þessi afstaða byggist á því að áhrif þessara aðildarríka hafa verið meiri á vinnumálaþingunum en í stjórnarnefndinni. Vestræn ríki og meiri hluti fulltrúa aðila vinnumarkaðarins hafa verið andsnúnir breytingum í þessa átt. Afstaða þróunarlandanna til þessa atriðis hefur breyst og þau lagt ríkari áherslu á að auka áhrif sín í stjórnarnefndinni. Breytingarnar, sem gerðar voru á ákvæðum um ráðingu forstjóra, eru minni háttar. Samkvæmt nýju ákvæðunum er það stjórnarnefndin sem ræður forstjóra, en látið er svo heita að Alþjóðavinnumálaþingið staðfesti ráðninguna.

c. Reglur um atkvæðagreiðslu á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Gerðar voru breytingar á ákvæðum um atkvæðagreiðslur á Alþjóðavinnumálaþinginu. Á þingi stofnunarinnar, eins og á þingum annarra alþjóðastofnana, er hægt að greiða atkvæði á þrennan hátt: Með samþykki, synjun eða hjásetu. Við atkvæðagreiðslur hjá ILO eru atkvæði sem greidd eru með því að sitja hjá ekki talin með greiddum atkvæðum. Það hefur því verið tryggara til að fella tillögu að sitja hjá við atkvæðagreiðslu en að greiða atkvæði gegn tillögunni. Þess eru dæmi í atkvæðagreiðslu að greitt mótatkvæði hefur stuðlað að samþykkt tillögu. Í umræðum um skipulag stofnunarinnar ríkti einhugur um að breyta þessu fyrirkomulagi. Samkvæmt breytingunum, sem gerðar voru á stofnskránni, skal nú telja hjásetuatkvæði til greiddra atkvæða. Einnig eru tekin inn í stofnskrána ákvæði um lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslu til að tryggja að samþykkt hafi nægilegan stuðning aðildarríkjanna. Áður er getið um lágmarksstuðning við tillögur um breytingar á stofnskrá.

2.12. NEFND UM KYNÞÁTTAAÐSKILNAÐARSTEFNUNA Í SUÐUR-AFRÍKU

Fjallað hefur verið um kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku á hverju vinnumálaþingi frá árinu 1981. Í nefnd þeirri, sem um málið fjallar, eiga sæti 20 fulltrúar ríkisstjórna, 20 fulltrúar launafólks og 10 atvinnurekendafulltrúar. Ríkisstjórnarfulltrúi Svíþjóðar var eini Norðurlandabúinn í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá árinu 1981 um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Í þessu skyni er árlega lögð fram skýrsla forstjóra um þetta efni. Vinnumálaráðherra Alsír, Belkaid, var kosinn formaður nefndarinnar.

Skýrsla forstjóra um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna hefur vakið deilur á nokkrum vinnumálaþingum. Að þessu sinni var skýrslunni vel tekið af öllum aðilum. Fulltrúar launafólks gagnrýndu skýrslur sem ríkisstjórnir nokkurra Vesturlanda höfðu sent forstjóra stofnunarinnar. Þessi gagnrýni beindist ekki síst að löndum Evrópubandalagsins sem að þessu sinni sendu sameiginlega skýrslu. Danmörk og Írland sendu sérstakar skýrslur. Gagnrýnt var að svör ríkisstjórnanna væru einungis endurtekning á því að þær væru andsnúnar kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og lítið af upplýsingum þar að hafa um aðgerðir sem

gripið hafi verið til gegn henni. Margir ræðumenn bentu á Norðurlönd sem jákvæða undantekningu frá flestum aðildarríkjanna. Umræðurnar voru að öðru leyti svipaðar og á fyrri Alþjóðavinnumálaþingum. Fulltrúar allra landa sem tjáðu sig fordæmdu kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Ágreiningurinn stendur fyrst og fremst um aðgerðir sem ríkisstjórnirnar beita sér fyrir gegn stefnunni. Fulltrúar Afríkulanda og Austur-Evrópu orðuðu það þannig að neyta ætti allra ráða til berjast gegn stefnunni, þar á meðal vopnavaldi. Bandaríkin eru fulltrúi gagnstæðra sjónarmiða, sem sé að pólitískur þrýstingur og viðræður sé vænlegasta leiðin gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Skýrsla þingnefndarinnar var samþykkt einróma af allsherjarþinginu. Mörg lönd höfðu fyrirvara um einstök atriði, þar á meðal Norðurlöndin. Í ræðu sem ríkisstjórnarfulltrúi Svíþjóðar, Bert Isacsson, flutti í nafni ríkisstjórna Norðurlanda (fyrir vinnumálaráðherra Svíþjóðar, Önnu-Gretu Leijon, sem skyndilega forfallaðist) var lögð áhersla á að löndin hefðu um árabil stutt tillögur í öryggisráðinu um bindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku. Það að slík tillaga hafi ekki náð fram að ganga hafi verið notað sem afsökun fyrir aðgerðarleysi. Í ræðunni var vakin athygli á samþykkt Norðurlandanna um aðgerðir gegn Suður-Afríku sem dreift var á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

2.13. ÁLYKTUNARTILLÖGUR

Formaður ályktunarnefndarinnar (Resolutions Committee) var kosinn vinnumálaráðherra Ghana. Talsmaður atvinnurekenda í nefndinni var Rowe frá Nýja-Sjálandi. Talsmaður launafólks var Stagg frá Bretlandi. Hannes Hafstein sendiherra var fulltrúi Íslands í nefndinni. Varmenn hans voru Gylfi Kristinsson deildarstjóri og Þorsteinn Ingólfsson sendifulltrúi.

Samtals bárust nefndinni 17 tillögur til umfjöllunar. Meðal þeirra var tillaga frá ríkisstjórnarfulltrúum Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðgerðir gegn notkun fíkniefna og áfengis á vinnustöðum. Þess skal getið að texti tillögunnar barst íslenskum stjórnvöldum það seint að þeim gafst ekki ráðrúm til að taka þátt í flutningi hennar. Tvær tillagnanna voru sendar öðrum þingnefndum til umfjöllunar. Annars vegar tillaga um trefjar úr steinefnum, sem send var asbestnefndinni, og hins vegar tillaga um aðgerðir til stuðnings smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Eins og áður er getið kom upp ágreiningur um val fulltrúa í nefndina sem olli því að nefndarstarfinu seinkaði um fimm daga. Eftir að kynningu tillagna lauk var hafist handa um að endurskoða og sameina tillögur um svipuð málefni. Til dæmis voru fjórar tillögur, sem fjölluðu um greiðsluvanda þróunarríkja, sameinaðar. Tvær tillögur, um rétt starfsmanna til menntunar, voru einnig sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar er tillögum raðað í forgangsröð. Þetta er gert með forvali. Á þann hátt eru valdar fimm tillögur sem fyrst skulu teknar til afgreiðslu. Í leynilegri kosningu hlutu eftirtaldar fimm tillögur flest atkvæði:

1. Ályktun um greiðsluvanda þróunarlanda.
2. Ályktun um rétt starfsmanna til menntunar.
3. Ályktun um aukið framboð vinnu.
4. Ályktun um aðgerðir gegn misnoktun áfengis og fíkniefna.
5. Ályktun um skráningu persónulegra upplýsinga um starfsmenn.

Fulltrúar þróunarlandanna voru að vonum ánægðir með niðurstöður valsins, sérstaklega hvað varðaði tillöguna um greiðsluvanda þeirra. Hins vegar voru fulltrúar margra iðnríkja neikvæðir gagnvart ályktuninni. Ástæðan var fyrst og fremst sú að þeir töldu að í henni fælist óréttmæt gagnrýni á vestræn ríki. Einnig töldu þeir að Alþjóðavinnumálastofnunin væri ekki réttur vettvangur til að ræða tillögur þessa efnis þar sem til væru aðrar alþjóðastofnanir sem fjölluðu um fjármál og þróunaraðstoð. Þótt fulltrúar Norðurlandanna

hefðu athugasemdir fram að færa við nokkur atriði í ályktuninni fylgdu þeir ekki að málum fulltrúum annarra vestrænna iðnríkja sem höfðu lagt fram fjölda breytingartillagna og lýst andstöðu gegn ályktuninni.

Við afgreiðslu ályktunarinnar á allsherjarþinginu krafðist fulltrúi Bandaríkjanna atkvæðagreiðslu með nafnakalli og lýsti því jafnframt yfir að hann greiddi atkvæði gegn henni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var að 318 fulltrúar voru samþykkir, 11 andvígir og 32 sátu hjá. Tillagan var því samþykkt. Auk Bandaríkjanna greiddu ríkisstjórnarfulltrúar Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Japans og Stóra-Bretlands atkvæði gegn tillögunni. Ríkisstjórnarfulltrúar Danmerkur sátu hjá en ríkisstjórnarfulltrúar Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar greiddu ályktuninni atkvæði sitt.

Fulltrúi þeirra Norðurlanda, sem greiddu ályktuninni atkvæði sitt, hélt ræðu þar sem hann gerði grein fyrir afstöðu þessara landa. Nefndin afgreiddi eina aðra ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Hún fjallaði um rétt starfsmanna til menntunar og var samþykkt einróma.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 162, um öryggi við notkun asbests.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 72. þingsetu sinnar í Genf 4. júní 1986 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist alþjóðavinnumálasamþykkta og -tillagna, sem þetta mál varða, og þá einkum samþykktar og tillögu um varnir gegn krabbameini á vinnustöðum frá 1974, samþykktar og tillögu um starfsumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, samþykktar og tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu frá 1981, samþykktar og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985,

minnist endurskoðaðrar skrár um atvinnusjúkdóma frá 1980 sem er viðauki við samþykkt um bætur vegna vinnslysa frá 1964, auk **öryggisreglna við notkun asbests** sem alþjóðavinnumálaskrifstofan gaf út 1984 og liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum á landsvísu,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um öryggi við notkun asbests sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, 24. júní 1986, eftirfarandi samþykkt sem nefnist samþykkt um öryggi við notkun asbests, 1986:

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt nær til allra starfa þar sem launafólk verður fyrir asbestmengun við vinnu sína.

2. Aðildarríki, sem hefur staðfest þessa samþykkt, er heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks og á grundvelli mats á þeim þáttum sem reynst gætu hættulegir heilsu manna og þeim öryggisráðstöfunum sem gerðar hafa verið, að undanskilja tiltekna þætti atvinnustarfsemi eða ákveðnar framkvæmdir einstökum ákvæðum samþykktarinnar þegar það telur fullvíst að enga nauðsyn beri til að beita þeim.

3. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu, þegar þau ákveða að undanskilja tiltekna þætti atvinnustarfsemi eða einstakar framkvæmdir, taka tillit til þess hve oft launafólk verður fyrir asbestmengun, hve lengi hún varir og hve mikil hún er, svo og hvers eðlis starfið er og aðstæður á vinnustað.

2. gr.

Í þessari samþykkt táknar

a. hugtakið „asbest“ þráðlaga silikat-steinefni í serpentín-flokki steinefna, þ.e. krýsótíl (hvítt asbest), og í amfíból-flokki, þ.e. aktínólít, amósít (brúnt asbest, kummingtónít-grúnerít), anþófyllít, krókídólít (blátt asbest), tremólít eða hverja þá blöndu efna sem inniheldur eitt eða fleiri þessara efna;
b. hugtakið „asbestryk“ svífandi asbestagnir eða kyrrstæðar asbestagnir sem hætta er á að geti orðið svífandi í starfsumhverfinu;
c. hugtakið „svífandi asbestryk“, hvað varðar mælingu, rykagnir sem mældar hafa verið með þyngdarsviðsmæli eða annarri sambærilegri aðferð;
d. hugtakið „asbestþræðir sem unnt er að anda að sér“ asbestþræði sem eru minni en 3 míkrómetrar í þvermál og eru a.m.k. þrisvar sinnum lengri en nemur þvermáli. Aðeins þeir þræðir sem eru lengri en 5 míkrómetrar eru taldir með í mælingum;
e. hugtakið „að verða fyrir asbestmengun“ að verða fyrir áhrifum svífandi asbestþráða sem unnt er að anda að sér eða asbestryks hvort sem rekja má uppruna þeirra til asbeststeinefna, eða annarra efna eða afurða sem innihalda asbest;
f. hugtakið „launafólk“ einnig félaga í framleiðslusamvinnufélögum;
g. hugtakið „trúnaðarmenn launafólks“ þá trúnaðarmenn launafólks sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venjum í samræmi við samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna frá 1971.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

3. gr.

1. Í lögum eða reglugerðum landsins skal mælt fyrir um þær ráðstafanir sem gerðar skulu til forvarna og stjórnunar á þeim þáttum sem gætu reynst hættulegir heilsu launafólks vegna asbestmengunar við vinnu, svo og til verndar heilsu þeirra.

2. Lög og reglugerðir landsins, sem settar hafa verið samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar, skal endurskoða reglulega með hliðsjón af tækniframförum og aukinni vísindalegri þekkingu.

3. Hlutaðeigandi stjórnvöld geta veitt tímabundna undanþágu frá þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. tölul. þessarar greinar við þær aðstæður og innan þeirra tímamarka sem ákveðin hafa verið að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

4. Við veitingu undanþága skv. 3. tölul. þessarar greinar skulu hlutaðeigandi stjórnvöld gera þær ráðstafanir sem þarf til að vernda heilsu launafólks.

4. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu hafa samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks vegna ráðstafana sem gera þarf til þess að fullnægja ákvæðum þessarar samþykktar.

5. gr.

1. Framkvæmd laga og reglugerða, sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum 3. gr. þessarar samþykktar, skal tryggð með fullnægjandi og viðeigandi eftirliti.

2. Í lögum eða reglugerðum landsins skulu vera ákvæði um nauðsynlegar ráðstafanir, þar með talin viðeigandi viðurlög, til þess að unnt sé að beita ákvæðum þessarar samþykktar og tryggja að þeim sé hlítt.

6. gr.

1. Atvinnurekendur skulu gerðir ábyrgir fyrir því að þeim ráðstöfunum, sem áskildar eru, sé framfylgt.

2. Ef tveir eða fleiri atvinnurekendur hafa tekið að sér framkvæmdir samtímis á sama vinnustað skulu þeir hafa samvinnu um að framfylgja áskildum ráðstöfunum en þó firrir það aldrei sérhvern atvinnurekanda ábyrgð á öryggi og heilsu starfsmanna í þjónustu hans. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu eftir þörfum setja almennar reglur um það hvernig þessari samvinnu skuli hagað.

3. Atvinnurekendur skulu í samvinnu við vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit, að höfðu samráði við viðkomandi trúnaðarmenn starfsmanna, undirbúa ráðstafanir sem grípa má til í neyðartilvikum.

7. gr.

Sú krafa er gerð til starfsmanna, innan marka þeirrar ábyrgðar sem þeim er lögð á herðar, að þeir hlíti þeim öryggis- og hreinlætisreglum sem settar hafa verið um forvarnir gegn, stjórnun á og vernd gegn þeim þáttum sem gætu reynst hættulegir heilsu þeirra vegna asbestmengunar við vinnu.

8. gr.

Atvinnurekendur og starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra skulu hafa svo mikla samvinnu sem unnt er að koma við á öllum sviðum starfseminnar hvað varðar þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari samþykkt.

III. KAFLI

Verndar- og varnaraðgerðir.

9. gr.

Í lögum eða reglugerðum landsins, sem settar eru skv. 3. gr. þessarar samþykktar, skulu vera ákvæði þar sem segir að komið skuli í veg fyrir eða höfð stjórn á asbestmengun með því að beita einni eða fleiri af neðangreindum ráðstöfunum:

a. fella störf, þar sem hætta er á asbestmengun, undir ákvæði reglugerða þar sem mælt er fyrir um viðeigandi stjórnun verkfræðilegra þátta og vinnuerjur, þar með talið hreinlæti á vinnustað;
b. setja sérstakar reglur eða mæla fyrir um sérstakar ráðstafanir, þar með taldar heimildir, vegna notkunar asbests eða tiltekinna tegunda asbests eða vara sem innihalda asbest eða vegna tiltekinna vinnuaðferða.

10. gr.

Í lögum eða reglugerðum landsins skulu, þar sem það er nauðsynlegt og tæknilega framkvæmanlegt, vera til að vernda heilsu launafólks ákvæði um eina eða fleiri af neðangreindum ráðstöfunum:

a. að nota önnur efni eða framleiðsluvörur eða annars konar tækni, sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa metið skaðlaus eða minna skaðleg, í stað asbests eða tiltekinna tegunda asbests eða framleiðsluvara sem innihalda asbest þar sem því verður við komið;
b. að banna algerlega eða að nokkru leyti notkun asbests eða tiltekinna tegunda asbests eða framleiðsluvara sem innihalda asbest í tiltekinni vinnslu.

11. gr.

1. Notkun krókídólíts og vara sem innihalda slíkar trefjar er bönnuð.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöldum skal heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem tilgreint er í 1. tölul. þessarar greinar þegar því verður ekki með góðu móti við komið að nota önnur efni að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu launafólks sé ekki stefnt í hættu.

12. gr.

1. Banna skal hvers konar sprautun með efnum sem innhalda asbest.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöldum skal heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem tilgreint er í 1. tölul. þessarar greinar þegar því verður ekki með góðu móti við komið að beita öðrum aðferðum að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu launafólks sé ekki stefnt í hættu.

13. gr.

Í lögum og reglugerðum landsins skulu vera ákvæði þess efnis að atvinnurekendum skuli vera skylt að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum á þann hátt og að því marki sem þau mæla fyrir um tiltekin störf sem hafa í för með sér asbestmengun.

14. gr.

Framleiðendur og seljendur asbests og vara, sem innihalda asbest, skulu bera ábyrgð á fullnægjandi merkingu umbúða og, þar sem það á við, vörunnar á því tungumáli og á þann hátt sem auðskilið er viðkomandi starfsmönnum og notendum, svo sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa mælt fyrir um.

15. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu ákveða tiltekin mörk asbestmengunar sem starfsmenn mega verða fyrir eða setja aðrar reglur til þess að meta starfsumhverfið hvað varðar asbestmengun.

2. Mörk asbestmengunar eða reglur um asbestmengun skulu vera ákveðnar en reglulega teknar til endurskoðunar og hugsanlegrar breytingar með tilliti til tækniframfara og aukinnar tæknilegrar og vísindalegrar þekkingar.

3. Á öllum vinnustöðum, þar sem starfsmenn verða fyrir asbestmengun, skal atvinnurekandi gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða hafa hemil á dreifingu asbestryks út í andrúmsloftið til þess að tryggt sé að það sé innan leyfðra marka asbestmengunar eða samrýmist reglum um asbestmengun en einnig skal honum skylt að draga eins mikið úr asbestmengun og kostur er.

4. Ef þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið skv. 3. tölul. þessarar greinar, verða þess ekki valdandi að asbestmengun verði minni en sem nemur tilgreindum mengunarmörkum eða fullnægja ekki öðrum reglum um asbestmengun skv. 1. tölul. þessarar greinar skal atvinnurekandi leggja starfsmönnum til, viðhalda og endurnýja eftir þörfum og þeim að kostnaðarlausu viðeigandi öndunarbúnað og sérstakan hlífðarfatnað, svo sem við á. Öndunarbúnaður skal uppfylla skilyrði hlutaðeigandi stjórnvalda og skal nota hann aðeins sem viðbótarbúnað, til bráðabirgða, í neyðartilvikum eða í viðlögum en ekki í staðinn fyrir tæknilega stjórnun.

16. gr.

Sérhver atvinnurekandi er ábyrgur fyrir varanlegum ráðstöfunum og aðgerðum til þess að koma í veg fyrir og hafa hemil á því að starfsmenn í þjónustu hans verði fyrir asbestmengun og vernda þá fyrir þeim hættum sem stafa af asbesti.

17. gr.

1. Niðurrif verksmiðja eða mannvirkja, sem innihalda auðmulin asbesteinangrunarefni, svo og brottnám asbests úr húsum eða öðrum mannvirkjum þar sem hætt er við að asbestagnir dreifist um andrúmsloftið, skal aðeins fela þeim atvinnurekendum eða verktökum sem hlotið hafa viðurkenningu hlutaðeigandi stjórnvalda til þess að framkvæma slíka vinnu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og hafa fengið heimild til þess að taka að sér slíkar framkvæmdir.

2. Atvinnurekanda eða verktaka er skylt, áður en niðurrif hefst, að gera verkáætlun þar sem tilgreindar eru þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru, þar með taldar ráðstafanir til þess að:

a. veita starfsmönnum alla nauðsynlega vernd;
b. takmarka dreifingu asbestryks út í andrúmsloftið; og
c. farga úrgangi sem inniheldur asbest samkvæmt ákvæðum 19. gr. þessarar samþykktar.

3. Haft skal samráð við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra um verkáætlun þá sem tilgreind er í 2. tölul. þessarar greinar.

18. gr.

1. Þar sem eigin fatnaður starfsmanna getur mengast af asbestryki skal atvinnurekandi, samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða landsins og að höfðu samráði við trúnaðarmenn starfsmanna, leggja þeim til viðeigandi vinnufatnað sem ekki má nota utan vinnustaðar.

2. Meðferð og hreinsun notaðs vinnufatnaðar og sérstaks hlífðarfatnaðar skal fara fram við aðstæður sem hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um til þess að koma í veg fyrir dreifingu asbestryks.

3. Í lögum eða reglugerðum landsins skulu vera ákvæði sem banna að starfsmenn taki heim með sér vinnuföt, sérstök hlífðarföt eða persónulegan varnarbúnað.

4. Atvinnurekanda er skylt að sjá um hreinsun, viðhald og geymslu vinnufatnaðar, sérstakra hlífðarfata og persónulegs varnarbúnaðar.

5. Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum, sem verða fyrir asbestmengun, aðstöðu til að þvo sér eða fara í bað (kerlaug eða steypibað) á vinnustað eftir því sem við á.

19. gr.

1. Atvinnurekendur skulu, samkvæmt lögum og venjum landsins, farga úrgangi sem inniheldur asbest á þann hátt að það stofni ekki heilsu hlutaðeigandi starfsmanna í hættu, þar með töldum þeim sem meðhöndla asbestúrgang og íbúum í næsta nágrenni fyrirtækisins.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld og atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun umhverfis af völdum asbestryks frá vinnustaðnum.

IV. KAFLI

Eftirlit með starfsumhverfi og heilsu launafólks.

20. gr.

1. Þar sem þess er þörf, launafólki til heilsuverndar, skal atvinnurekandi mæla magn svífandi asbestryks á vinnustöðum og fylgjast með því með reglulegu millibili fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða og skal hann nota aðferðir sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa mælt fyrir um.

2. Skýrslur um eftirlit með starfsumhverfinu og fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða skulu varðveittar eins lengi og hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um.

3. Hlutaðeigandi starfsmenn, trúnaðarmenn þeirra og eftirlitsstofnanir skulu eiga aðgang að þessum skýrslum.

4. Launafólk eða trúnaðarmenn þess hefur rétt til að óska eftir eftirliti með starfsumhverfinu og leita til hlutaðeigandi stjórnvalda varðandi niðurstöður slíks eftirlits.

21. gr.

1. Launafólk, sem verður fyrir eða hefur orðið fyrir asbestmengun, skal eiga kost á, samkvæmt lögum og venjum landsins, læknisskoðunum sem nauðsynlegar eru til þess að fylgjast með heilsu þess vegna þeirrar hættu sem starfinu er samfara og greina atvinnusjúkdóma af völdum asbestmengunar.

2. Eftirlit með heilsu launafólks í sambandi við asbestvinnu skal ekki valda því tekjutapi. Það skal vera því að kostnaðarlausu og fara fram í vinnutíma eftir því sem hægt er.

3. Launafólk skal fá fullnægjandi upplýsingar um niðurstöður læknisrannsókna, á viðeigandi hátt, svo og persónulegar ráðleggingar um heilsu sína í sambandi við starfið.

4. Ef í ljós kemur að óráðlegt sé af læknisfræðilegum ástæðum að launafólk haldi áfram starfi þar sem það verður fyrir asbestmengun, skal leita allra ráða miðað við ástand og venjur í þjóðfélaginu til þess að útvega því önnur úrræði til tekjuöflunar.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu koma sér upp sérstöku flokkunarkerfi um atvinnusjúkdóma sem stafa af asbesti.

V. KAFLI

Upplýsingar og fræðsla.

22. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í samráði og samvinnu við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, til þess að stuðla að dreifingu upplýsinga og fræðslu til allra viðkomandi aðila varðandi þá hættu fyrir heilsu launafólks sem asbestmengun veldur, varnir og eftirlit.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu ganga úr skugga um það að atvinnurekendur hafi skráðar reglur og starfshætti um fræðslu og reglubundna þjálfun fyrir launafólk um hættuna af völdum asbests og hvaða aðferðum má beita til varnar gegn henni og til eftirlits.

3. Atvinnurekandi skal tryggja að allir starfsmenn sem hafa þegar orðið fyrir eða munu að öllum líkindum verða fyrir asbestmengun fái upplýsingar um þá hættu sem heilsu þeirra er búin vegna starfsins, fái fræðslu í forvörnum og réttum vinnuháttum og stöðuga þjálfun á þessu sviði.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

23. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

24. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.

2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

25. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

26. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

27. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

28. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

29. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar hvað sem ákvæðum 25. gr. hér að framan líður ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;

b. aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

30. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 172, um öryggi við notkun asbests.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 72. þingsetu sinnar í Genf 4. júní 1986 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist alþjóðavinnumálasamþykkta og -tillagna, sem þetta mál varða, og þá einkum samþykktar og tillögu um varnir gegn krabbameini á vinnustöðum frá 1974, samþykktar og tillögu um starfsumhverfi (loftmengun, hávaða og titring) frá 1977, samþykktar og tillögu

um öryggi og heilbrigði við vinnu frá 1981, samþykktar og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985,

minnist endurskoðaðrar skrár um atvinnusjúkdóma frá 1980 sem er viðauki við samþykkt um bætur vegna vinnuslysa frá 1964 auk **öryggisreglna við notkun asbests** sem alþjóðavinnumálaskrifstofan gaf út 1984 og liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum á landsvísu, og

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um öryggi við notkun asbests sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem verði viðauki við samþykkt um öryggi við notkun asbests, 1986, gerir þingið í dag, 24. júní 1986, eftirfarandi tillögu sem nefna má tillögu um öryggi við notkun asbests, 1986.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. (1) Ákvæði samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, og þessarar tillögu ættu að ná til allra starfa þar sem hætta er á að launafólk verði fyrir asbestmengun.

(2) Ráðstafanir skyldi gera, í samræmi við lög og venjur landsins, til þess að veita þeim mönnum sem starfa sjálfstætt sams konar vernd og fyrir er mælt í samþykkt um öryggi við notkun asbests, 1986, og þessari tillögu.

(3) Sérstaklega skal gefa gaum að því þegar ungmenni undir 18 ára aldri eru fengin til starfa þar sem hætta er á asbestmengun samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalda.

2. Störf, sem fela í sér hættu á asbestmengun, eru einkum þessi:

a. námugröftur eftir steinefnum og mölun steinefna sem innihalda asbest;
b. framleiðsla efna eða vara sem innihalda asbest;
c. notkun vara sem innihalda asbest;
d. sundurtekt, viðgerðir eða viðhald vara sem innihalda asbest;
e. niðurrif, viðgerð eða viðhald verksmiðju eða annars mannvirkis sem inniheldur asbest;
f. flutningur, geymsla og meðhöndlun asbests eða efna sem innihalda asbest;
g. önnur störf sem fela í sér hættu á asbestmengun af völdum svífandi asbestryks.

3. Í þessari samþykkt táknar:

a. hugtakið „asbest“ þráðlaga silíkat-steinefni í serpentín-flokki steinefna, þ.e. krýsótíl (hvítt asbest) og í amfíból-flokki, þ.e. aktínólít, amósít (brúnt asbest, kummingtónít-grúnerít), anþófyllít, krókídólít (blátt asbest), tremólít eða hverja þá blöndu efna sem inniheldur eitt eða fleiri þessara efna;
b. hugtakið „asbestryk“ svífandi asbestagnir eða kyrrstæðar asbestagnir sem hætta er á að geti orðið svífandi í starfsumhverfinu;
c. hugtakið „svífandi asbestryk“, hvað varðar mælingu, rykagnir sem mældar hafa verið með þyngdarsviðsmæli eða annarri sambærilegri aðferð;
d. hugtakið „asbestþræðir sem unnt er að anda að sér“ asbestþræði sem eru minni en 3 míkrómetrar í þvermál og eru a.m.k. þrisvar sinnum lengri en nemur þvermáli. Aðeins þeir þræðir, sem eru lengri en 5 míkrómetrar, eru taldir með í mælingum;
e. hugtakið „að verða fyrir asbestmengun“ að verða fyrir áhrifum svífandi asbestþráða sem unnt er að anda að sér eða asbestryks hvort sem rekja má uppruna þeirra til asbeststeinefna eða annarra efna eða afurða sem innihalda asbest;
f. hugtakið „launafólk“ einnig félaga í framleiðslusamvinnufélögum;
g. hugtakið „trúnaðarmenn launafólks“ þá trúnaðarmenn launafólks sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venjum í samræmi við samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna frá 1971.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

4. Þær ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í 3. gr. samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, ættu að vera nægilega víðtækar til þess að ná til hvers konar hættu vegna asbestmengunar í öllum greinum atvinnulífsins og við ákvörðun þeirra ætti að taka fullt tillit til 1. og 2. gr. samþykktar um varnir gegn krabbameini á vinnustöðum frá 1974.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu reglulega að taka til endurskoðunar þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um með tilliti til **öryggisreglna við notkun asbests** sem alþjóðavinnumálaskrifstofan gaf út, svo og annarra öryggisreglna eða leiðbeininga sem alþjóðavinnumálaskrifstofan kann að gefa út, og niðurstaðna sérfræðingafunda sem hún kann að kveðja saman en einnig upplýsinga frá öðrum hæfum aðilum um asbest og þau efni önnur sem gætu komið í staðinn fyrir það.

6. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að beita ákvæðum þessarar tillögu að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launþega.

7. (1) Atvinnurekandi ætti að beita öllum viðeigandi ráðum til þess að koma í veg fyrir eða hafa hemil á asbestmengun, að höfðu samráði við og í samvinnu við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra, og skal þá tekið tillit til ráðlegginga frá hæfum aðilum, svo sem heilsugæslu starfsmanna.

(2) Í samræmi við lög og venjur landsins gætu samráð og samvinna milli atvinnurekanda og starfsmanna hans verið með þeim hætti að tilnefndir væru:

a. öryggisfulltrúar starfsmanna;
b. fulltrúar í öryggis- og heilbrigðisnefndir starfsmanna eða sameiginlegar öryggis- og heilbrigðisnefndir; eða
c. aðrir fulltrúar starfsmanna.

8. Starfsmönnum, sem vinna með asbest eða vörur sem innihalda asbest, ætti að vera skylt, innan marka þeirrar ábyrgðar sem þeim er lögð á herðar, að hlíta þeim öryggis- og hreinlætisreglum sem settar hafa verið, þar með talin notkun hlífðarbúnaðar.

9. (1) Starfsmaður, sem hefur gengið frá verki vegna þess að hann hefur ástæðu til að ætla að lífi hans eða heilsu stafi af því alvarleg hætta, ætti að:

a. gera næsta yfirmanni sínum viðvart;
b. vera verndaður fyrir aðgerðum til refsingar eða ögunar eftir aðstæðum og venjum í landinu.

(2) Engar ráðstafanir skyldi gera sem skaðað gætu starfsmann sem hefur í góðri trú kvartað undan því sem hann taldi vera frávik frá kröfum laga eða verulega ófullnægjandi ráðstafanir af hálfu atvinnurekanda hvað varðar öryggi og heilsu starfsmanna í starfsumhverfinu.

Verndar- og varnaraðgerðir.

10. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu tryggja að launafólk verði ekki fyrir asbestmengun eða hemill sé hafður á henni með því að mæla fyrir um eftirlit og vinnuvenjur, þar með talið hreinlæti á vinnustað, sem veitir launafólki eins mikla vernd og kostur er á.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu, eftir því hve mikil asbestmengunin er og eftir ástandi og aðstæðum á vinnustað, svo og í ljósi niðurstaðna vísindarannsókna og tækniframfara, ganga úr skugga um það reglulega:

a. hvaða tegundir asbests eða vörur, sem innihalda asbest, ættu að vera háðar leyfum varðandi notkun, svo og hvaða vinnuaðferðir ættu að vera háðar leyfum;
b. hvaða tegund asbests eða vörur, sem innihalda asbest, ætti að banna algerlega eða að nokkru leyti notkun á, svo og vinnuaðferðir þar sem notkun asbests eða tiltekinna tegunda asbests eða vara, sem innihalda asbest, ætti að vera bönnuð.

(3) Bann við eða heimild til notkunar tiltekinna tegunda asbests eða vara sem innihalda asbest, svo og notkun annarra efna í þeirra stað, ætti að byggjast á vísindalegu mati á því hve hættuleg þau eru heilsu manna.

11. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að stuðla að rannsóknum á tæknilegum og heilsufarslegum vandamálum varðandi asbestmengun, efnum sem nota má í stað asbests og annarri tækni.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að stuðla að rannsóknum á og þróun vara sem innihalda asbest eða önnur efni í stað asbests eða þróun annarrar tækni sem er skaðlaus eða minna skaðleg í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr hættu fyrir launafólk.

12. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að krefjast þess að önnur efni séu notuð í stað asbests hvar sem því verður við komið og það er talið nauðsynlegt til verndar launafólki.

(2) Áður en önnur efni eru samþykkt til hvers konar notkunar ætti að prófa vandlega hvort þau geta verið skaðleg heilsu manna. Stöðugt skal fylgst með heilsu launafólks sem verður fyrir mengun frá slíkum efnum ef það er talið nauðsynlegt.

13. (1) Til þess að tryggja það að lögum og reglugerðum landsins sé framfylgt ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að mæla fyrir um hvaða upplýsingar eiga að felast í tilkynningum um vinnu við asbest skv. 13. gr. samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986.

(2) Í þessum upplýsingum ætti einkum að koma fram:

a. tegund og magn asbests sem notað er;
b. framkvæmdir og vinnuaðferðir;
c. hvaða vörur eru framleiddar;
d. fjöldi starfsmanna sem verður fyrir asbestmengun og hve oft þeir verða fyrir slíkri mengun;
e. varnar- og verndaraðgerðir sem gerðar eru til þess að fullnægja ákvæðum laga og reglugerða;
f. allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að vernda heilsu starfsmanna.

14. (1) Niðurrif þeirra hluta verksmiðja eða mannvirkja sem innihalda auðmulin asbesteinangrunarefni og brottnám asbests úr húsum eða mannvirkjum, þar sem hætt er við að asbestagnir dreifist um andrúmsloftið, ætti aðeins að vera heimilt þeim sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi sem aðeins skyldi veitt þeim atvinnurekendum eða verktökum sem hlotið hafa viðurkenningu hlutaðeigandi stjórnvalda til þess að framkvæma slíka vinnu samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu.

(2) Atvinnurekandi eða verktaki ætti, áður en niðurrif eða brottnám hefst, að gera verkáætlun þar sem tilgreindar eru þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru áður en hafist er handa, þar með taldar ráðstafanir til þess að:

a. veita starfsmönnum þá vernd sem nauðsynleg er;
b. takmarka dreifingu asbestryks út í andrúmsloftið;
c. gera þeim starfsmönnum, sem kynnu að verða fyrir asbestmengun, grein fyrir því að asbestryk gæti dreifst út í andrúmsloftið, hvaða almennar ráðstafanir og búnað skyldi nota og hvaða varúðarráðstafanir skuli gera;
d. farga úrgangi sem inniheldur asbest, skv. 28. gr. þessarar tillögu.

(3) Hafa skyldi samráð við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra um verkáætlunina sem um var getið í tölulið (2) hér að ofan.

15. (1) Sérhver atvinnurekandi ætti að stofna til og framfylgja áætlun um að koma í veg fyrir og hafa hemil á asbestmengun sem starfsmenn hans verða fyrir og skyldi það gert með þátttöku þeirra. Þessi áætlun skyldi endurskoðuð reglulega í samræmi við breytingar á vinnuaðferðum og vélum sem notaðar eru eða tækni og aðferðum sem beitt er til forvarna og eftirlits.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu, í samræmi við venjur landsins, að hlaupa einkum undir bagga með litlum fyrirtækjum, þar sem skorta kann á tækniþekkingu eða aðstöðu, við að stofna til forvarnaáætlana í þeim tilvikum þar sem hætt er við asbestmengun.

16. Beita ætti varnarbúnaði og viðeigandi vinnuaðferðum til þess að koma í veg fyrir að asbestryk berist út í andrúmsloftið á vinnustöðum. Jafnvel þar sem asbestmengun er innan settra marka og farið er að öðrum reglum varðandi asbestmengun skyldu ofangreindar ráðstafanir gerðar til þess að draga eins mikið úr asbestmengun og kostur er.

17. Ráðstafanir, sem gera ætti til að koma í veg fyrir að launafólk verði fyrir asbestmengun, hafa hemil á henni og koma í veg fyrir hana, ættu einkum að vera fólgnar í því sem hér segir:

a. aðeins skyldi nota asbest þar sem unnt er að koma í veg fyrir eða hafa hemil á því að það valdi hættu; annars ætti að nota önnur efni í staðinn þar sem það er tæknilega mögulegt eða beita annarri tækni sem sannað hefur verið á vísindalegan hátt að er skaðlaus eða minna skaðleg;
b. þess skyldi gætt að fjöldi starfsmanna við störf þar sem gætir asbestmengunar, svo og sá tími sem þeir verða fyrir mengun, sé í því lágmarki að unnt sé að vinna verkið á öruggan hátt;
c. nota ætti vélar, tæki og vinnuaðferðir sem hindra eða draga úr myndun asbestryks og einkum dreifingu þess út í andrúmsloftið og umhverfið;
d. vinnusvæði, þar sem notkun asbests getur leitt til þess að asbestryk dreifist út í andrúmsloftið, skyldu aðskilin frá almennum vinnusvæðum til þess að koma í veg fyrir að aðrir starfsmenn verði fyrir asbestmengun;
e. vinnusvæði, þar sem hætta er á asbestmengun, skyldu greinilega afmörkuð og þar höfð uppi viðvörunarmerki þess efnis að sérstaka heimild þurfi til þess að fara inn á svæðið;
f. skráð skyldi í hvaða hlutum bygginga notað hefur verið asbest.

18. (1) Notkun krókídólíts og vara, sem innihalda slíkar trefjar, ætti að banna.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöldum skal heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem tilgreint er í tölulið (1) hér að ofan þegar því verður ekki við komið að nota önnur efni að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu launafólks sé ekki stefnt í hættu.

19. (1) Sprautun með hvers konar asbesti ætti að banna.

(2) Banna ætti notkun auðmulinna asbesteinangrunarefna.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvöldum skyldi heimilt, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að leyfa undanþágur frá banninu sem kveðið er á um í töluliðum (1) og (2) hér að ofan þegar því verður ekki við komið að beita öðrum aðferðum að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að heilsu verkamanna sé ekki stefnt í hættu.

20. (1) Framleiðendur og seljendur asbests og vara, sem innihalda asbest, ættu að bera ábyrgð á viðeigandi og fullnægjandi merkingu umbúða eða vöru.

(2) Í lögum eða reglugerðum landsins ættu að vera ákvæði þess efnis að merking vöru sé á því tungumáli eða tungumálum sem eru almennt töluð í landinu og komi þar fram að umbúðirnar eða varan innihaldi asbest, að það sé hættulegt heilsu manna að anda að sér asbestryki og viðeigandi varúðarráðstafanir skuli gerðar.

(3) Í lögum eða reglugerðum landsins ættu að vera ákvæði sem gera framleiðendum og seljendum asbests og vara, sem innihalda asbest, skylt að láta útbúa og hafa til reiðu upplýsingamiða um asbestinnihald, að hvaða leyti hún er hættuleg heilsu manna og hvaða varúðarráðstafanir skyldi gera við notkun efnisins eða varanna.

21. Eftirlit það, sem ákvæði eru um í 5. gr. samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, ætti að byggjast á ákvæðum samþykktar um vinnueftirlit frá 1947. Eftirlitið ætti að vera í höndum manna sem til þess hafa sérstök réttindi. Eftirlitið ætti að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem getið er um í 13. gr. hér að ofan hjá atvinnurekanda.

22. (1) Mörk mengunar skyldu miðuð við magn asbestryks í andrúmsloftinu innan ákveðinna tímamarka, oftast 8 stunda á dag og 40 stunda á viku, og viðurkennda aðferð til sýnatöku og mælinga.

(2) Mörk mengunar skyldu tekin til reglulegrar endurskoðunar og þeim breytt með tilliti til tækniframfara og aukinnar tæknilegrar og læknisfræðilegrar þekkingar.

23. Tækjabúnaður, loftræstikerfi, vélar og hlífðarbúnaður til þess að hafa hemil á mengun af völdum asbestryks skyldi vera undir reglulegu eftirliti og honum vel við haldið.

24. Vinnustaðir skyldu hreinsaðir með öruggum hætti, eins oft og þörf krefur, til þess að koma í veg fyrir að asbestryk safnist fyrir. Ákvæði samþykktar um öryggi við notkun asbests, 1986, og þessarar tillögu skyldu ná til ræstingafólks.

25. (1) Þegar ekki reynist unnt að koma í veg fyrir eða hafa hemil á hættu af völdum svífandi asbestryks ætti atvinnurekandi að leggja starfsmönnum til, viðhalda og endurnýja eftir þörfum, starfsmönnum að kostnaðarlausu, viðeigandi öndunarbúnað til varnar og sérstakan hlífðarfatnað, svo sem við á. Í slíkum tilvikum ætti að krefjast þess að starfsmenn noti slíkan búnað.

(2) Öndunarbúnaður skyldi uppfylla skilyrði hlutaðeigandi stjórnvalda og skyldi nota hann aðeins sem viðbótarbúnað, til bráðabirgða, í neyðartilvikum eða í viðlögum en ekki í staðinn fyrir tæknilegt eftirlit.

(3) Þegar þess er krafist að starfsmenn noti öndunarbúnað ætti að sjá þeim fyrir hæfilegum vinnuhléum í viðeigandi afdrepum og þannig tekið tillit til þess líkamlega álags sem notkun slíks búnaðar veldur.

26. (1) Þar sem eigin fatnaður starfsmanna getur mengast af asbestryki skal atvinnurekandi, samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða landsins og að höfðu samráði við trúnaðarmenn starfsmanna, leggja starfsmönnum til viðeigandi vinnufatnað, þeim að kostnaðarlausu, og skyldi ekki nota hann utan vinnustaðarins.

(2) Atvinnurekendur skyldu veita starfsmönnum fullnægjandi upplýsingar með viðeigandi hætti um það hvaða heilsufarsleg hætta fjölskyldum þeirra eða öðrum gæti verið búin ef þeir taka heim með sér föt sem eru menguð asbestryki.

(3) Meðferð og hreinsun notaðs vinnufatnaðar og sérstaks hlífðarfatnaðar skyldi fara fram undir sérstöku eftirliti, svo sem hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um, til þess að koma í veg fyrir dreifingu asbestryks.

27. (1) Starfsmenn, sem verða fyrir asbestmengun, ættu að hafa aðgang að tvískiptu rými til fataskipta, aðstöðu til þvotta, steypibaðs og afdreps, eftir því sem við á.

(2) Starfsmönnum skyldi gefinn hæfilegur tími, á vinnutíma, til þess að skipta um föt og fara í steypibað eða þvo sér að vinnutíma loknum, í samræmi við venjur landsins.

28. (1) Atvinnurekendur ættu, samkvæmt lögum og venjum landsins, að farga úrgangi, sem inniheldur asbest, á þann hátt að það stofni ekki heilsu viðkomandi starfsmanna í hættu, þar með taldir þeir sem meðhöndla asbestúrgang og íbúar í næsta nágrenni fyrirtækisins.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld og atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun umhverfis af völdum asbestryks frá vinnustaðnum.

IV. KAFLI

Eftirlit með starfsumhverfi og heilsu launafólks.

29. Í þeim tilvikum, sem stjórnvöld krefjast þess, skyldi atvinnurekandi sjá til þess að fylgst sé með magni svífandi asbestryks á vinnustað á kerfisbundinn hátt og fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða og hve lengi og einnig að eftirlit sé haft með heilsu starfsmanna.

30. (1) Í mælingum eða útreikningum á asbestmengun, sem starfsmenn verða fyrir, skyldi miða við meðalrykmagn á ákveðnum tímum á tilteknu tímabili.

(2) Aðeins þeir menn, sem til þess hafa fengið sérstök réttindi, skyldu framkvæma sýnatöku og mælingar á magni svífandi asbestryks og beita við þær aðferðum sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt.

(3) Tíðni og eðli sýnatöku og mælinga ætti að miða við það hve mikil hættan er, breytingar á vinnuaðferðum eða aðrar aðstæður sem máli skipta.

(4) Þegar hlutaðeigandi stjórnvöld meta hættuna ættu þau að taka tillit til hættunnar af öllum stærðum asbesttrefja.

31. (1) Til þess að vernda launafólk fyrir sjúkdómum og tjóni á starfshæfni þess vegna asbestmengunar skyldi öllum starfsmönnum sem falin eru störf þar sem þeir verða fyrir asbestmengun, eftir því sem við á, gefinn kostur á:

a. læknisskoðun áður en þeir hefja starf;
b. reglulegum læknisskoðunum með hæfilegu millibili;
c. öðrum prófunum og rannsóknum, einkum röntgenmyndum af brjóstkassa og prófunum á starfshæfni lungna, sem geta reynst nauðsynlegar til þess að fylgjast með heilsu þeirra varðandi þá hættu sem þeim er búin í starfi og til að greina fyrstu einkenni sjúkdóma sem asbest veldur.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu ákveða hve langur tími má líða milli læknisskoðana og hafa þá hliðsjón af því fyrir hve mikilli asbestmengun starfsmenn verða og heilsu þeirra miðað við þá hættu sem þeir verða fyrir á vinnustað.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvöld skyldu tryggja það að ráðstafandir séu gerðar, í samræmi við lög og venjur landsins, til þess að starfsmönnum sé gefinn kostur á viðeigandi læknisskoðunum eftir að verki er lokið þar sem þeir hafa orðið fyrir asbestmengun.

(4) Skoðanir, prófanir og rannsóknir sem tilgreindar eru í töluliðum (1) og (3) hér að ofan ættu að fara fram í vinnutíma, ef því verður við komið, og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

(5) Ef niðurstöður læknisfræðilegra prófana eða rannsókna leiða í ljós tiltekin sjúkdómseinkenni eða vott um þau hjá starfsmönnum skyldi gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum mengunarinnar og hindra að heilsu þeirra hraki frekar en orðið er.

(6) Niðurstöður læknisskoðana skyldi nota til þess að meta heilsu í tengslum við áhrif asbestmengunar en ekki til þess að mismuna starfsmanni.

(7) Niðurstöður læknisskoðana skyldi hafa til hliðsjónar þegar starfsmanni er fengið annað starf sem hæfir heilsu hans.

(8) Launafólk, sem er háð heilsufarslegu eftirliti, skyldi eiga:

a. rétt til þess að farið sé með persónulegar og læknisfræðilegar upplýsingar um það sem trúnaðarmál;
b. rétt til tæmandi og nákvæmra útskýringa á tilgangi eftirlitsins og niðurstöðum þess;
c. rétt til þess að hafna læknisskoðunum sem misbjóða sjálfsvirðingu þess.

32. Launafólk skal fá upplýsingar um niðurstöður læknisskoðana á fullnægjandi og viðeigandi hátt í samræmi við venjur landsins, svo og persónulegar ráðleggingar um heilsu í sambandi við starfið.

33. Ef atvinnusjúkdómur af völdum asbests hefur verið greindur af heilsugæslunni skyldi hlutaðeigandi stjórnvöldum gert viðvart í samræmi við lög og venjur landsins.

34. Ef í ljós kemur að óráðlegt sé af læknisfræðilegum ástæðum að launafólk haldi áfram starfi þar sem það verður fyrir áhrifum asbestmengunar skal leita allra ráða, miðað við ástand og venjur í þjóðfélaginu, til þess að útvega því önnur úrræði til tekjuöflunar.

35. Í lögum eða reglugerðum landsins ættu að vera ákvæði um bætur til handa launafólki, sem fær sjúkdóm eða skerta starfsorku vegna asbestmengunar, í samræmi við samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu frá 1964.

36. (1) Skýrslur um eftirlit með starfsumhverfinu skyldi geyma í a.m.k. 30 ár.

(2) Skýrslur um eftirlit með áhrifum asbestmengunar á launafólk, svo og þann hluta læknisfræðilegrar spjaldskrár þess þar sem fjallað er um hættu vegna asbestmengunar, og lungnamyndir skyldi geyma í a.m.k. 30 ár eftir að verki er lokið þar sem það varð fyrir áhrifum asbestmengunar.

37. Hlutaðeigandi starfsmenn, trúnaðarmenn þeirra og eftirlitsstofnanir skyldu eiga aðgang að skýrslum um eftirlit með starfsumhverfinu.

38. Ef fyrirtæki hættir rekstri eða eftir að starfsmaður lætur af störfum skyldu skýrslur og upplýsingar skv. 36. tölul. hér að ofan varðveittar samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalda.

39. Í samræmi við þríhliða viljayfirlýsingu um fjölþjóðafyrirtæki og félagslega stefnu, sem stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt, skyldi fyrirtæki, sem starfar í einu landi eða mörgum og hefur eitt útibú eða fleiri, vera skylt að gera varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, hafa hemil á og veita starfsmönnum í öllum deildum fyrirtækisins, á hvaða stað eða í hvaða landi sem þeir eru, vörn fyrir þeirri hættu sem fólgin er í asbestmengun án þess að þeim sé mismunað á nokkurn hátt.

V. KAFLI

Upplýsingar og fræðsla.

40. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að gera ráðstafanir til þess að stuðla að þjálfun og upplýsingu allra þeirra sem málið varðar hvað við kemur að koma í veg fyrir, hafa hemil á og vernda launafólk fyrir heilsutjóni af völdum asbestmengunar við vinnu.

41. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að gefa út viðeigandi fræðslubæklinga fyrir atvinnurekendur, launafólk og aðra.

42. Atvinnurekendur ættu að tryggja að starfsmenn, sem eiga á hættu að verða fyrir asbestmengun, fái reglulega þjálfun og fræðslu, þeim að kostnaðarlausu, á því máli og með þeim hætti sem þeim er auðskilinn um áhrif þess konar mengunar á heilsuna, til hvaða ráðstafana má grípa til þess að koma í veg fyrir og hafa hemil á asbestmengun en einkum um réttar vinnuvenjur sem koma í veg fyrir og hafa hemil á myndun og dreifingu asbestryks út í andrúmsloftið og notkun almenns og persónulegs hlífðarbúnaðar sem er starfsmönnum til reiðu.

43. Í fræðslunni ætti að vekja athygli á þeirri sérstöku hættu fyrir heilsu launafólks sem skapast af reykingum og asbestmengun í sameiningu.

44. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu að hafa samvinnu um og stuðla að áætlunum um þjálfun, upplýsingar, forvarnir, eftirlit og heilsuvernd varðandi hættuna sem launafólki, sem verður fyrir asbestmengun, er búin.

Fylgiskjal III.

Gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar stefndi saman til 72. fundar í Genf hinn 4. júní 1986, hefur ákveðið að gera tilteknar breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Var það atriði 7. mál á dagskrá þingsins, og samþykkti allsherjarþingið því hinn 24. júní 1986 að breyta stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samkvæmt eftirfarandi gerð, er nefnist „gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1986".

1. gr.

Núgildandi texta stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem ritaður er í fyrra dálki fylgiskjals með gerð þessari, skal frá gildistökudegi hennar breytt í þann texta sem ritaður er í síðari dálki fylgiskjalsins.

2. gr.

Forseti allsherjarþingsins og aðalforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skulu staðfesta tvö samrit af gerð þessari með undirskrift sinni, og skal öðru samritinu komið til varðveislu í skjalasafni alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hitt skal sent aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. gr. stofnskrár hinna Sameinuðu þjóða. Aðalforstjórinn skal senda öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar staðfest eftirrit gerðarinnar.

3. gr.

1. Gerð þessi um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal, er hún hefur verið formlega fullgilt eða samþykkt, send aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og skal hann tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar að hann hafi veitt henni viðtöku.

2. Þessi gerð skal öðlast gildi í samræmi við ákvæði 36. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

3. Þegar þessi gerð hefur öðlast gildi skal aðalforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna það öllum aðildarríkjum stofnunarinnar, og aðalritara hinna Sameinuðu þjóða.

Fylgiskjal.

Stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Ákvæði í gildi 24. júní 1986.[1])	Breytt ákvæði.
1. gr.	1. gr.
4. Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar má einnig taka ríki í félagatölu, þegar ⅔ hlutar þeirra fulltrúa, er á	4. Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar má einnig taka ríki í félagatölu, þegar ⅔ hlutar þeirra fulltrúa, er á

[1]) Orð þau, sem felld eru niður úr ákvæðum sem í gildi voru 24. júní 1986, eru í hornklofum. Nýmæli og viðbætur í hinum breytta texta eru skáletruð.

þingi sitja, [greiða því atkvæði, enda séu þá ⅔ af fulltrúum ríkisstjórna viðstaddir og greiði atkvæði]. Skal slík aðild ríkis öðlast gildi, þegar ríkisstjórn þess hefur tilkynnt aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á formlegan hátt að hún játist undir skuldbindingar þær, er greinir í stofnskránni.

3. gr.

9. Þingið skal rannsaka skilríki fulltrúa og ráðunauta þeirra, og getur það með ⅔ atkvæða [viðstaddra fulltrúa] varnað þeim fulltrúum og ráðunautum þingsetu, sem það telur, að ekki hafi verið nefndir í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

6. gr.

Allsherjarþingið eitt getur ákveðið breytingu á aðsetursstað alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, enda sé það samþykkt [af ⅔ þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða].

7. gr.

1. Stjórnarnefndina skipa [56] menn:
[28] fulltrúar ríkisstjórna,
[14] fulltrúar atvinnurekenda og
[14] fulltrúar verkamanna.

[2. 10 hinna 28 fyrirsvarsmanna ríkisstjórna, sem nefndina skipa, skulu nefndir af aðaliðnaðarríkjunum, sem aðild eiga, en hinir 18 skulu nefndir af þeim aðildarríkjum, sem til þess eru valin af ríkisstjórnarfulltrúum á þinginu, öðrum en fulltrúum hinna fyrrnefndu 10 ríkja.

3. Stjórnarnefndin skal, þegar þörf krefur, taka ákvörðun um, hver aðildarríkja stofnunarinnar eru aðaliðnaðarríki, og setja reglur, er tryggi það, að öll atriði varðandi val aðaliðnaðarríkja skuli rannsökuð af óvilhallri nefnd, áður en stjórnarnefnd kveður upp úrskurð sinn. Nú skýtur aðildarríki til allsherjarþings úrskurði stjórnarnefndar um, hver aðildarríki séu aðaliðnaðarríki, og kveður þá allsherjarþingið upp fullnaðarúrskurð um málið, en málsskot til þingsins frestar ekki framkvæmd á úrskurði stjórnar-

þingi sitja, greiða því atkvæði, *enda hafi ⅔ hlutar ríkisstjórnafulltrúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.* Skal slík aðild ríkis öðlast gildi, þegar ríkisstjórn þess hefur tilkynnt aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á formlegan hátt, að hún játist undir skuldbindingar þær, er greinir í stofnskránni.

3. gr.

9. Þingið skal rannsaka skilríki fulltrúa og ráðunauta þeirra, og getur það með ⅔ *hlutum greiddra atkvæða* varnað þeim fulltrúum og ráðunautum þingsetu, sem það telur, að ekki hafi verið nefndir í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

6. gr.

Allsherjarþingið eitt getur ákveðið breytingu á aðsetursstað alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, enda sé það samþykkt *með ⅔ hlutum greiddra atkvæða.*

7. gr.

1. Stjórnarnefndina skipa *112* menn:
56 fulltrúar ríkisstjórna,
28 fulltrúar atvinnurekenda og
28 fulltrúar verkamanna.

2. Nefndin skal svo sem unnt er skipuð á þann hátt að gætt sé fulltrúahlutverks hennar, og að tekið sé tillit til hinna ýmsu landfræðilegu, efnahagslegu og félagslegu hagsmuna hinna þriggja hópa sem hana mynda, án þess þó að skert sé viðurkennt sjálfræði þeirra.

3. Svo fullnægt sé kröfum 2. tl. þessarar greinar og komið í veg fyrir starfstafir, skulu 54 hinna 56 sæta ríkisstjórnafulltrúa þannig skipuð:

a) Þeim skal skipt milli fulltrúa fjögurra landsvæða (Afríku, Ameríku, Asíu og Evrópu), og má ef þörf krefur breyta þeirri skiptingu með samþykki allra ríkisstjórna sem málið varðar. Hverju landsvæði skal úthlutað sætum í samræmi við fjölda aðildarríkja á hverju svæði, heildaríbúafjölda og umfang efnahags-

nefndarinnar fram til þess tíma, er úrskurður þingsins fellur].

starfsemi þeirra, sem metið skal eftir viðeigandi viðmiðum (heildarþjóðarframleiðslu eða fjárframlögum til stofnunarinnar), og skulu öll þessi atriði vega jafnþungt, en þó skal ekkert svæði hafa færri sæti en 12 eða fleiri en 15. Við framkvæmd ákvæða þessa stafliðs skal skipting sæta í fyrstu vera þannig, að Afríkumenn hafi 13 sæti, Ameríkumenn 12 sæti, og Asíumenn og Evrópumenn skiptist á um 14 og 15 sæti.

b)i) Meðan allsherjarþingið situr skulu fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja frá svæðum þeim sem nefnd eru í a-lið þessa töluliðs, eða fulltrúar sem þeim tengjast samkvæmt samkomulagi þar um, eða fulltrúar sem boðnir eru til viðkomandi svæðisráðstefnu samkvæmt skilyrðum 4. tl. hér að neðan, mynda kjörnefnd, sem falið skal að tilnefna í þau sæti, sem í hlut hvers hinna áðurnefndu svæða koma. Ríkisstjórnafulltrúar frá Vestur-Evrópu og ríkisstjórnafulltrúar sósíalistaríkja Austur-Evrópu mynda tvær kjörnefndir. Skulu þær gera með sér samkomulag um að skipta milli sín þeim sætum sem svæðinu eru ætluð, og velja hvor í sínu lagi fulltrúa í stjórnarnefnd.

ii) Þar sem séreðli svæðis krefst þess, geta ríkisstjórnir á því svæði komið sér saman um skiptingu í undirsvæði, sem síðan fela aðildarríkjum að skipa sérstaklega í þau sæti sem úthlutuð eru viðkomandi undirsvæði.

iii) Tilkynna skal hópi ríkisstjórnafulltrúa á þinginu um útnefningarnar, en hann kunngerir síðan um þær. Ef deilt er um framkvæmd eða niðurstöður svæðiskjörs eða undirsvæðiskjörs, og deilan verður ekki leyst á því stigi, skal hópur ríkisstjórnafulltrúa á ráðstefnunni taka um það ákvörðun samkvæmt þeim ramma, sem viðkomandi bókun setur.

c) Hver kjörnefnd skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að verulegur hluti aðildarríkja sem falið er að skipa í stjórnarnefndarsæti fyrir það svæði séu valin með tilliti til íbúafjölda, og að tryggð sé sanngjörn landfræðileg dreifing, en

einnig skal höfð hliðsjón af öðrum atriðum, svo sem umfangi efnahagsstarfsemi þeirra með tilliti til séreðlis viðkomandi svæðis. Greint skal frá hvernig meginreglum þessum skuli komið í framkvæmd í bókunum sem ríkisstjórnir hverrar kjörnefndar koma sér saman um, og skulu þær afhentar aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til varðveislu.

4. Hvert hinna tveggja sæta sem eftir er skulu skipuð til skiptis Afríkumanni og Ameríkumanni annars vegar, og Asíumanni og Evrópumanni hins vegar, þannig að hvert þessara svæða fái hlutdrægnislaust tekið þátt í atkvæðagreiðslu um aðildarríki sem tilheyra því landfræðilega eða tengjast því með samningi, eða er boðið að taka þátt í viðkomandi svæðisráðstefnu, þótt þeirra sé ekki enn getið í bókun, hvorki fyrir það svæði né annað, þannig að slík ríki njóti ekki forréttinda í samanburði við sambærileg ríki á svæðinu. Sé viðbótarsæti ekki skipað samkvæmt framangreindum ákvæðum skal það skipað af ríkjum viðkomandi svæðis með hliðsjón af ákvæðum bókunar þeirrar, sem um það gildir.

[4]. Fyrirsvarsmenn atvinnurekenda í stjórnarnefndinni skulu nefndir af fulltrúum atvinnurekenda á allsherjarþinginu og fyrirsvarsmenn verkamanna af fulltrúum verkamanna á þinginu.

5. Fyrirsvarsmenn atvinnurekenda í stjórnarnefndinni skulu nefndir af fulltrúum atvinnurekenda á allsherjarþinginu og fyrirsvarsmenn verkamanna af fulltrúum verkamanna á þinginu.

[5]. Starfstímabil stjórnarnefndar er 3 ár. Ef kjör stjórnarnefndar fer ekki einhverra orsaka vegna fram við lok starfstímabils, gegnir stjórnarnefnd áfram störfum, þar til nýtt kjör hefur farið fram.

6. Starfstímabil stjórnarnefndar er 3 ár. Ef kjör stjórnarnefndar fer ekki einhverra orsaka vegna fram við lok starfstímabils, gegnir stjórnarnefnd áfram störfum, þar til nýtt kjör hefur farið fram.

[6]. Stjórnarnefnd getur að áskildu samþykki allsherjarþingsins skipað menn í stöður, sem lausar eru, svo og skipað varamenn og ráðið fram úr öðrum áþekkum málum.

7. Stjórnarnefnd getur að áskildu samþykki allsherjarþingsins skipað menn í stöður, sem lausar eru, svo og skipað varamenn og ráðið fram úr öðrum áþekkum málum.

[7]. Stjórnarnefnd velur úr sínum hópi formann og tvo varaformenn, og skal einn

8. Stjórnarnefnd velur úr sínum hópi formann og tvo varaformenn, og skal einn

þeirra valinn úr hópi fyrirsvarsmanna ríkisstjórna, annar úr hópi fyrirsvarsmanna atvinnurekenda og þriðji úr hópi fulltrúa verkamanna.

[8]. Stjórnarnefnd setur sér starfsreglur og ákveður, hvenær hún skuli koma saman til funda. Aukafundi skal halda, ef skrifleg beiðni kemur fram um það frá eigi færri en [sextán] stjórnarnefndarmönnum.

8. gr.

1. Aðalforstjóri skal veita alþjóðavinnumálaskrifstofunni forstöðu. Hann er skipaður af stjórnarnefndinni [og skal, í samræmi við starfsreglur, er stjórnarnefndin setur honum, bera ábyrgð á því, að rekstur skrifstofunnar sé í fullkomnu lagi, og gegna þeim skyldum öðrum, sem honum kunna að verða lagðar á herðar].

[2]. Aðalforstjóri eða fulltrúar hans skulu vera á öllum fundum stjórnarnefndar.

13. gr.

2. ...

c) Allsherjarþingið gerir með ⅔ hlutum atkvæða [þeirra fulltrúa, sem á þingi eru] skipan um tekjur og gjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, niðurjöfnun og innheimtu framlaga, og skal þingið sjá um, að tekju- og gjaldaáætlun og niðurjöfnun kostnaðar á aðildarríki sé samþykkt af nefnd, er skipuð sé fyrirsvarsmönnum ríkisstjórnanna.

4. Nú lendir aðildarríki stofnunarinnar í vanskilum við hana á fjárframlagi sínu, og skal það þá eigi hafa atkvæðisrétt á allsherjarþingi, í stjórnarnefnd, í nefndum eða við kjör í stjórnarnefnd, enda nemi vanskilaskuldin framlagi viðkomandi ríkis fyrir tvö

þeirra valinn úr hópi fyrirsvarsmanna ríkisstjórna, annar úr hópi fyrirsvarsmanna atvinnurekenda og þriðji úr hópi fulltrúa verkamanna.

9. Stjórnarnefnd setur sér starfsreglur og ákveður, hvenær hún skuli koma saman til funda. Aukafundi skal halda, ef skrifleg beiðni kemur fram um það frá eigi færri en *32* stjórnarnefndarmönnum.

8. gr.

1. Aðalforstjóri skal veita alþjóðavinnumálaskrifstofunni forstöðu. Hann er skipaður af stjórnarnefndinni, *og er skipun hans háð samþykki allsherjarþingsins.*

2. Aðalforstjóri skal, í samræmi við starfsreglur, er stjórnarnefndin setur honum, bera ábyrgð á því, að rekstur skrifstofunnar sé í fullkomnu lagi, og gegna þeim skyldum öðrum, sem honum kunna að verða lagðar á herðar.

3. Aðalforstjóri eða fulltrúar hans skulu vera á öllum fundum stjórnarnefndar.

13. gr.

2. ...

c) Allsherjarþingið gerir með ⅔ *greiddra atkvæða* skipan um tekjur og gjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, niðurjöfnun og innheimtu framlaga, og skal þingið sjá um, að tekju- og gjaldaáætlun og niðurjöfnun kostnaðar á aðildarríki sé samþykkt af nefnd, er skipuð sé fyrirsvarsmönnum ríkisstjórnanna.

4. Nú lendir aðildarríki stofnunarinnar í vanskilum við hana á fjárframlagi sínu, og skal það þá eigi hafa atkvæðisrétt á allsherjarþingi, í stjórnarnefnd, í nefndum eða við kjör í stjórnarnefnd, enda nemi vanskilaskuldin framlagi viðkomandi ríkis fyrir tvö

undanfarin ár eða meira. Þó má allsherjarþingið með ⅔ hlutum atkvæða [viðstaddra fulltrúa] heimila slíku aðildarríki atkvæðisrétt, ef þinginu þykir sýnt, að vanskilin eigi rót að rekja til orsaka, sem aðildarríkið fékk eigi við ráðið.

16. gr.

2. Dagskrármál, sem mótmælt hefur verið á þennan hátt, skal þó eigi taka af dagskrá, ef samþykkt er á þinginu með ⅔ hlutum atkvæða [viðstaddra fulltrúa], að taka þau til meðferðar.

3. Ef þingið samþykkir (á annan hátt en um getur í fyrra tölulið) með ⅔ hlutum [atkvæða viðstaddra fulltrúa], að taka skuli eitthvert mál til umræðu á þinginu, þá skal það málefni tekið á dagskrá á næsta þingi.

17. gr.

2. Öllum málum skal ráðið til lykta með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru, nema öðru vísi sé kveðið á í stofnskrá þessari, í einhverri milliríkjasamþykkt eða öðru skjali, er fær þinginu tiltekið vald í hendur, eða í skipan, sem gerð er um fjármál og fjárhagsáætlanir samkvæmt 13. gr.

[3]. Atkvæðagreiðsla er markleysa, nema [helmingur fulltrúa þeirra, sem þingið sækja, greiði atkvæði].

19. gr.

2. Alþjóðasamþykkt eða ályktun öðlast gildi við lokaatkvæðagreiðslu á allsherjarþingi, er [⅔ viðstaddra fulltrúa gjalda þeim jákvæði sitt].

undanfarin ár eða meira. Þó má allsherjarþingið með ⅔ hlutum *greiddra atkvæða* heimila slíku aðildarríki atkvæðisrétt, ef þinginu þykir sýnt, að vanskilin eigi rót að rekja til orsaka, sem aðildarríkið fékk eigi við ráðið.

16. gr.

2. Dagskrármál, sem mótmælt hefur verið á þennan hátt, skal þó eigi taka af dagskrá, ef samþykkt er á þinginu með ⅔ hlutum *greiddra atkvæða* að taka þau til meðferðar.

3. Ef þingið samþykkir (á annan hátt en um getur í fyrra tölulið) með ⅔ hlutum *greiddra atkvæða* að taka skuli eitthvert mál til umræðu á þinginu, þá skal það málefni tekið á dagskrá á næsta þingi.

17. gr.

2. Öllum málum skal ráðið til lykta með einföldum meiri hluta *greiddra atkvæða (með og á móti)*, nema öðru vísi sé kveðið á í stofnskrá þessari, í einhverri milliríkjasamþykkt eða öðru skjali, er fær þinginu tiltekið vald í hendur, eða í skipan, sem gerð er um fjármál og fjárhagsáætlanir samkvæmt 13. gr.

3. Þar sem mælt er svo fyrir í stofnskrá að einfaldur meiri hluti atkvæða skuli ráða ákvörðun, skal að minnsta kosti fjórðungur þingfulltrúa samþykkja hana. Ef stofnskrá mælir svo fyrir að ⅔ hlutar atkvæða ráði ákvörðun, skal að minnsta kosti þriðjungur þingfulltrúa samþykkja hana, en ef stofnskrá mælir svo fyrir að ¾ hlutar atkvæða ráði ákvörðun, skulu að minnsta kosti ⅜ hlutar þingfulltrúa samþykkja hana.

4. Atkvæðagreiðsla er markleysa, nema *að minnsta kosti helmingur atkvæðisbærra þingfulltrúa hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.*

19. gr.

2. Alþjóðasamþykkt eða ályktun öðlast gildi við lokaatkvæðagreiðslu á allsherjarþingi, *ef hún er samþykkt með ⅔ hlutum greiddra atkvæða.*

21. gr.

1. Ef alþjóðasamþykkt, sem er til lokaumræðu á allsherjarþingi, nær ekki samþykki [⅔ hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa], þá er öllum aðildarríkjum stofnunarinnar rétt að gera slíka samþykkt sín á milli.

36. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari, sem samþykktar eru á allsherjarþingi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða [viðstaddra fulltrúa], skulu ganga í gildi þegar þær hafa verið fullgiltar og samþykktar af ⅔ aðildarríkja stofnunarinnar, [þar á meðal af fimm hinna tíu aðildarríkja, er fyrirsvar eiga í stjórnarnefnd sem aðaliðnaðarríki samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 7. greinar þessarar stofnskrár].

21. gr.

1. Ef alþjóðasamþykkt, sem er til lokaumræðu á allsherjarþingi, nær ekki samþykki *með ⅔ hlutum greiddra atkvæða,* þá er öllum aðildarríkjum stofnunarinnar rétt að gera slíka samþykkt sín á milli.

36. gr.

1. Breytingar á stofnskrá þessari, *aðrar en þær sem um getur í 2. tl. þessarar greinar,* sem samþykktar eru á allsherjarþingi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, skulu ganga í gildi þegar þær hafa verið fullgiltar og samþykktar af ⅔ aðildarríkja stofnunarinnar.

2. Ef breyting varðar

i) grundvallartilgang stofnunarinnar, svo sem greinir í forspjalli að stofnskrá og yfirlýsingu um hlutverk stofnunarinnar og markmið í viðauka við stofnskrá (Forspjall, 1. gr., Viðauka),

ii) fastaskipulag stofnunarinnar, uppbyggingu og hlutverk fjölskipaðra valdastofnana innan hennar, eða skipun aðalforstjóra, svo sem greinir í stofnskránni (1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 17. gr.),

iii) ákvæði stofnskrár um alþjóðasamþykktir og ályktanir um atvinnumál (19.—35. gr., 37. gr.), eða

iv) ákvæði þessarar greinar,

skal hún ekki talin samþykkt nema hún sé studd ¾ hlutum greiddra atkvæða, og ekki taka gildi nema hún sé fullgilt og samþykkt af ¾ hlutum aðildarríkja stofnunarinnar.

Fylgiskjal IV.

Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í 5. gr. samþykktar nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, er kveðið á um að ríkisstjórn aðildarríkis skuli hafa samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins um ákveðin málefni sem snerta samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina. Þessi málefni eru talin upp í greininni. Einnig kemur fram í 2. tölul. greinarinnar

að til þess að tryggja nægilega athugun á þessum málefnum skuli halda fundi með hæfilegum fresti sem ákveðinn skal með samkomulagi hlutaðeigandi aðila. Í 6. gr. samþykktarinnar kemur fram að gefa skuli út, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, ársskýrslu um þá starfsemi sem fjallað er um í 5. gr.

Með hliðsjón af framangreindu var komið á fót samstarfsnefnd 16. apríl 1982 til að fjalla um málefni sem varða starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðild Íslands að henni. Á árinu 1986 var nefndin þannig skipuð: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Kristján Þorbergsson lögfræðingur, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Á árinu 1986 hélt ILO-nefndin samtals 10 fundi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum hennar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrár ILO er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála. Aðildarríkin skulu reglulega taka saman skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Stjórnarnefndin getur einnig falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd annarra samþykkta sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa ekki fullgilt.

Á árinu 1986 hefur ILO-nefndin undirbúið skýrslur íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta: Nr. 11, um nauðungarvinnu og skylduvinnu, nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, og nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

b. Skýrslur um Alþjóðavinnumálaþingið 1985.

Í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um að samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins skuli kynntar löggjafarsamkomu aðildarríkjanna. Á Íslandi hefur þetta ákvæði verið uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra hefur gefið Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir og tillögur sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1986 undirbjó ILO-nefndin skýrslu félagsmálaráðherra um 71. Alþjóðavinnumálaþingið 1985. Á því þingi voru afgreiddar, og birtar í skýrslunni, eftirfarandi samþykktir og tillögur: Alþjóðasamþykkt nr. 160, um hagskýrslugerð um atvinnumál, alþjóðasamþykkt nr. 161, um heilsugæslu á vinnustöðum, tillaga nr. 170, um hagskýrslugerð um atvinnumál, og tillaga nr. 171, um heilsugæslu á vinnustöðum.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu 1986.

Nefndin tók til umfjöllunar á nokkrum fundum þau málefni sem voru á dagskrá 71. Alþjóðavinnumálaþingsins. Meðal annars var farið yfir dagskrá þingsins og þau drög að alþjóðasamþykkt um öryggi við notkun asbests sem höfðu verið send aðildarríkjunum til athugunar. Leitað var álits Vinnueftirlits ríkisins á drögunum og mætti fulltrúi þess á fund með nefndinni. Þess má geta að Gylfi Kristinsson deildarstjóri tók þátt í fundi sem ríkisstjórnarfulltrúar Norðurlanda héldu í Stokkhólmi dagana 21.–22. maí 1986 til undirbúnings vinnumálaþinginu.

Ed. 812. Nefndarálit [339. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Stefán Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, með fyrirvara.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.
Salome Þorkelsdóttir.	Björn Dagbjartsson.	Valdimar Indriðason.

Ed. 813. Nefndarálit [330. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Eiður Guðnason og Stefán Benediktsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Valdimar Indriðason.	Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	

Ed. 814. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og farið yfir þær umsóknir sem fyrir liggja ásamt fylgigögnum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.
Stefán Benediktsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
Eiður Guðnason.	Helgi Seljan.	Valdimar Indriðason.

Ed. 815. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Al, Halim, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. 7. janúar 1955 í Tyrklandi. Fær réttinn 13. apríl 1987.
2. Anna Kristín Einarsson, flugfreyja í Reykjavík, f. 11. ágúst 1952 í Bandaríkjunum.
3. Arnar Freyr Samantha Hermannsson, barn á Akureyri, f. 28. apríl 1985 á Sri Lanka.
4. Arndís Jóna Steinarsdóttir, húsmóðir í Grindavík, f. 29. júlí 1962 á Íslandi.
5. Assier, Roland Richard Marie, markaðsstjóri í Reykjavík, f. 12. desember 1957 í Frakklandi.
6. Bandel, Zofia, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. febrúar 1946 í Póllandi.
7. Beekman, Christian, bóndi í Breiðdal, f. 4. apríl 1948 í Hollandi.
8. Behrend, Tómas, rafvirki í Skútustaðahreppi, f. 17. mars 1955 á Íslandi.
9. Benedicic, Helena Dejak, húsmóðir á Akureyri, f. 18. ágúst 1946 í Júgóslavíu.
10. Brune, Esther, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 22. nóvember 1957 í Suður-Afríku. Fær réttinn 4. ágúst 1987.
11. Choi, Kui Ja, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. október 1949 í Suður-Kóreu.
12. Christensen, Björn Ingi Hyldahl, kaupmaður í Reykjavík, f. 4. mars 1951 á Íslandi.
13. Christensen, Sveinn Henrik Hyldahl, kaupmaður í Garðabæ, f. 29. mars 1943 á Íslandi.
14. Collins, Skúli Patrick Leo, nemandi í Reykjavík, f. 24. nóvember 1976 á Nýja-Sjálandi.
15. Correa, Lisa Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. ágúst 1960 á Indlandi. Fær réttinn 13. október 1987.
16. Daníel Matthías Sigurðsson, nemandi í Garðabæ, f. 6. júlí 1962 í Þýskalandi.
17. Djermoun, Mohamed, verslunarmaður í Reykjavík, f. 24. júní 1948 í Alsír.
18. Eckard, Richard Henry, eldvarnaeftirlitsmaður í Sandgerði, f. 1. október 1945 á Íslandi.
19. Eckardt, Ludwig Martin, kennari á Akranesi, f. 14. maí 1951 í Þýskalandi.
20. Eliason, Sonja Ísafold, húsmóðir í Krýsuvík, f. 13. október 1936 í Danmörku.
21. Frady, Elly Renée, bankastarfsmaður í Kópavogi, f. 31. október 1958 á Íslandi.
22. Furrow, Jennie, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1956 í Bandaríkjunum.
23. Hadzic, Nebojsa, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 20. nóvember 1939 í Júgóslavíu.
24. Hajduk, Magdalena, barn í Reykjavík, f. 8. mars 1979 í Póllandi.
25. Hambrock, Heide Margarete, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1959 í Austurríki.
26. Hartmann, Ilse Heike, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 28. mars 1936 í Þýskalandi.
27. Hirlekar, Girish Bhaskar, læknir á Akureyri, f. 4. febrúar 1952 á Indlandi. Fær réttinn 25. ágúst 1987.
28. Holm, Gunnar, vélfræðingur í Reykjavík, f. 3. ágúst 1961 á Íslandi.
29. Holm, Linda Björk, starfsstúlka í Reykjavík, f. 18. júní 1961 á Íslandi.
30. Jacobsen, Edil Jovina, húsmóðir á Vopnafirði, f. 5. febrúar 1945 í Færeyjum.
31. Josephsson, Ulf Anders, sjúkraliði í Reykjavík, f. 2. maí 1958 í Svíþjóð.
32. Kárdal, Jónína Ólafsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 8. nóvember 1966 í Bandaríkjunum.
33. Khan, Mohammed Allanddin, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 5. ágúst 1961 í Pakistan. Fær réttinn 28. apríl 1987.
34. Kim, Tae Chol, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1945 í Suður-Kóreu.
35. Klonowski, Ewa Elvira, erfðafræðingur í Reykjavík, f. 14. nóvember 1946 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
36. Klonowski, Ireneusz, verkfræðingur í Reykjavík, f. 27. júní 1945 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.

37. Krawczyk, Stanislawa, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. apríl 1952 í Póllandi.
38. Laskowska, Regina Irena, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. janúar 1963 í Póllandi. Fær réttinn 4. maí 1987.
39. Ly, Lan Muoi, húsmóðir í Reykjavík, f. 15. október 1956 í Víet Nam. Fær réttinn 22. desember 1987.
40. Martinez, Antonio Fernándes, sjómaður á Fáskrúðsfirði, f. 16. maí 1959 á Spáni.
41. Miltenburg, Marinus Jacobus Wilhelmus, verkamaður í Grindavík, f. 22. febrúar 1960 í Hollandi.
42. Mooney, Bruce Scott, verkamaður í Reykjavík, f. 20. júlí 1958 í Bandaríkjunum.
43. O'Connell, Edward Gerard, vélvirki í Reykjavík, f. 11. júní 1950 í Skotlandi.
44. Polanska, Jolanta, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. apríl 1959 í Póllandi. Fær réttinn 6. apríl 1987.
45. Potenciano, Jesus Hernández, verslunarmaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Spáni.
46. Sandy, Anthony Roy, hárgreiðslumeistari í Mosfellssveit, f. 14. júlí 1945 í Englandi.
47. Shahin, Ibrahim Antar Sayed Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1947 í Egyptalandi.
48. Shahin, Samir Antar Said Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 23. júní 1954 í Egyptalandi.
49. Stanojev, Krsta, íþróttakennari í Kópavogi, f. 5. júní 1944 í Júgóslavíu.
50. Suchanek, Barbara María, húsmóðir í Hrunamannahreppi, f. 28. júlí 1945 í Póllandi.
51. Swan, Edward Marion, bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 14. janúar 1947 í Bandaríkjunum.
52. Tamayo, Proserpina Yrissari, húsmóðir á Hvammstanga, f. 1. febrúar 1949 á Filippseyjum.
53. Tomcsyk, Izabella, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. apríl 1940 í Póllandi.
54. Vasiljeva, Natalya Vladimirovna, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 í Sovetríkjunum. Fær réttinn 12. maí 1987.
55. Vilhjálmur Helgi Vilhjálmsson, nemandi í Reykjavík, f. 29. janúar 1960 í Bandaríkjunum.
56. Vogler, Philip Norman, kennari á Egilsstöðum, f. 4. október 1950 í Bandaríkjunum.
57. Waldimar Waldimarsson, fiskeldismaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1935 á Íslandi. Fær réttinn 1. október 1987.
58. Wendover, Arthur Gordon, rafeindavirki á Ísafirði, f. 14. apríl 1947 í Kanada.
59. Wendover, Brigid Elizabeth, húsmóðir á Ísafirði, f. 18. apríl 1944 í Bandaríkjunum.

Nd. 816. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til l. um lögskráningu sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Halldór Blöndal.	Karvel Pálmason.	Friðjón Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.

Nd. 817. Breytingartillaga [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við 10. gr. Við 1. mgr. A-liðar bætist: Persónuafsláttur samkvæmt þessari málsgrein skal þó vera breytilegur eftir sveitarfélögum eða landsvæðum með sambærilegan framfærslukostnað. Skal afslátturinn breytast hlutfallslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar í hverju umdæmi tvisvar á ári og skulu breytingar taka gildi 1. janúar og 1. júlí ár hvert, sbr. 121. gr. Hagstofa Íslands reiknar framfærsluvísitölu samkvæmt þessari málsgrein. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um útreikning framfærsluvísitölu og persónuafsláttar samkvæmt þessari málsgrein og um skiptingu landsins í umdæmi o.fl.

Nd. 818. Breytingartillögur [321. mál]

við frv. til vaxtalaga.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Við 6. gr. Við greinina bætist: Af verðtryggðum lánum skal þó semja um fasta vexti.
2. Við 17. gr. Orðin „á óréttmætan hátt“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.

Nd. 819. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað liðarins „*Áspungi*“ komi nýr liður: *Öxulþungi* er orðist svo:
      Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum öxli ökutækis.
   b. Liðurinn „*Bifhjól*“ orðist svo:
      Vélknúið ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.
   c. A-liður í liðnum „*Bifreið*“ orðist svo:
      Vélknúið ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
   d. Fyrirsögnin „*Stór fólksbifreið*“ verði: *Hópbifreið.*
   e. Liðurinn „*Torfærutæki*“ orðist svo:
      a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.
      b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.
   f. Liðurinn „*Vélsleði*“ falli niður.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði um umferð ökutækja gilda, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn.

Ákvæði um gangandi vegfarendur gilda einnig um þann sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum; enn fremur um þann sem rennir sér á sleða eða dregur með sér eða leiðir tæki eða hjól. Þau gilda og um fatlaðan mann sem sjálfur ekur hjólastól.

3. Við 4. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo:

Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu.

4. Við 14. gr. Orðin „1.–5. mgr.“ í 3. mgr. falli niður.

5. Við 18. gr.

a. Greinin orðist svo:

Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast biðstöð þar sem hópbifreið hefur numið staðar, skal, ef ökumaður hennar hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað, draga úr hraða og, ef nauðsyn ber til, nema staðar þannig að hópbifreiðin geti ekið frá biðstöðinni. Ökumaður hópbifreiðarinnar skal eftir sem áður hafa sérstaka aðgát til að draga úr hættu.

Ökumaður, sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal hafa sérstaka aðgát. Sama á við þegar skólabifreið er ekið frá slíkum stað.

b. Fyrirsögn á undan greininni verði: **Akstur við biðstöð hópbifreiða o.fl.**

6. Við 28. gr. I-liður fyrri málsgreinar orðist svo: í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópbifreiða.

7. Við 32. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl.

b. 2. mgr. orðist svo:

Við akstur bifreiðar á öðrum árstíma og við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

c. 3. mgr. orðist svo:

Nota skal háan ljósgeisla þegar sjónsvið ökumanns nægir annars ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

d. 10. mgr. falli niður.

8. Við 33. gr. Við 1. mgr. bætist: Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

9. Við 34. gr. Orðið „keppni“ í niðurlagi fyrri málsgreinar falli niður.

10. Við 35. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Í námunda við íbúðarhús skal haga hraða og akstursháttum þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

11. Við 36. gr. Í stað orðanna „stóra fólksbifreið“ í i-lið 2. mgr. komi: hópbifreið.

12. Við 38. gr. 6. mgr. falli niður.

13. Við 41. gr.
    a. 3. mgr. orðist svo:
    Við akstur bifhjóls skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.
    b. 5. mgr. falli niður.
    c. Fyrirsögn á undan greininni verði: **Bifhjól.**
14. Á eftir 42. gr. komi ný grein er verði 43. gr.
    a. Greinin orðist svo:
    Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir.
    Sá sem þarf að aka yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er. Sama er ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum.
    Ökumaður torfærutækis skal nema staðar áður en ekið er inn á veg. Vegfarandi á veginum skal hafa forgang.
    Eigi má flytja farþega á torfærutæki, sem er á hjólum, eða á ökutæki sem tengt er við torfærutæki þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.
    Á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi, þar sem umferð er almenn, má eigi aka torfærutæki hraðar en 40 km á klst.
    Ákvæði 1., 4. og 5. mgr. gilda eigi um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.
    b. Fyrirsögn á undan greininni verði: *Torfærutæki.*
15. Við 44. gr. er verður 45. gr. 7. mgr. orðist svo:
    Eigi má fela manni í því ástandi, sem að framan greinir, stjórn ökutækis.
16. Við 45. gr. Greinin falli niður.
17. Við 50. gr. B-liður 1. mgr. orðist svo: hópbifreið.
18. Við 55. gr.
    a. Í stað „14 ára“ í niðurlagi 1. mgr. komi: 13 ára.
    b. Í stað „16 ára“ í lok 3. mgr. komi: 15 ára, enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.
    c. 4. mgr. orðist svo:
    Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki. Ökuskírteini til að mega stjórna torfærutæki má eigi veita þeim sem er yngri en 15 ára enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.
    d. Fyrirsögn á undan greininni verði: **Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja.**
19. Við 59. gr. 1. mgr. falli niður.
20. Við 60. gr. 3. mgr. falli niður.
21. Við 62. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Við bifreið, torfærutæki og reiðhjól má tengja einn eftirvagn eða tengitæki.
22. Við 63. gr. Orðið „vélsleði“ í 1. málsl. 1. mgr. falli niður.
23. Við 64. gr. Við bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
    Ökutæki skal skráð í umdæmi þar sem skráningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing.
24. Við 65. gr. Við 3. mgr. bætist: Bifreiðaeftirlitsmenn skulu við eftirlit og framkvæmd lögregluvalds starfa í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra.
25. Við 73. gr. Í stað „merkja“ í 4. mgr. komi: auðkenna.
26. Við 76. gr. Í stað „ásþunga“ í 1. og 2. mgr. komi: öxulþunga; og í stað **„ásþungi“** í fyrirsögn greinarinnar komi: **öxulþungi.**

27. Við 77. gr. Í stað „merktur“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: auðkenndur; og í stað „merkja“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: auðkenna.
28. Við 88. gr. Greinin orðist svo:

    Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskylt vélknúið ökutæki dregur annað ökutæki.

    Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

    Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.
29. Við 89. gr. Greinin falli niður.
30. Við 90. gr. er verður 89. gr. Greinin orðist svo:

    Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.
31. Við 91. gr. er verður 90. gr. Greinin orðist svo:

    Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr.

    Fébótaskyldan færist þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

    Auk ábyrgðar skv. 1. og 2. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.
32. Við 92. gr. er verður 91. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra.
33. Á eftir 92. gr., sem verður 91. gr., komi ný grein, 92. gr., er orðist svo:

    Auk slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar skal eigandi skráningarskylds vélknúins ökutækis tryggja ökumann þess og gildir sú vátrygging fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn allt að 10 000 000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

    Vátryggingarfjárhæð þessi skal breytast skv. reglu 3. mgr. 91. gr.
34. Við 93. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Vátryggingarskylda skv. 91. og 92. gr. hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess.
35. Við 95. gr. Greinin orðist svo:

    Vátryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 91. gr.

    Nú hefur vátryggingafélag greitt bætur skv. 91. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

    Bannað er að kaupa vátryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.
36. Við 99. gr. Greinin falli niður.
37. Við 102. gr. sem verður 101. gr. 2. mgr. orðist svo:

    Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

38. Við 103. gr. sem verður 102. gr.
    a. Orðin „eða 45. gr.“ í 2. mgr. falli niður.
    b. 2. málsl. 2. mgr. falli niður.
    c. Orðin „eða 45.“ í 3. mgr. falli niður.
39. Við 119. gr. sem verður 118. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1988.
40. Við 120. gr.
    a. Í stað greinartölu komi: **Ákvæði til bráðabirgða.**
    b. 2. mgr. falli niður.
    c. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
    Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt fyrir gildistöku laga þessara má veita ökuréttindi að nýju þegar svipting hefur staðið í þrjú ár enda hafi hann eigi áður fengið slíkt leyfi.

Ed. 820. Frumvarp til laga [416. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum falli niður: 90.07.13, 90.07.19, 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00, 91.11.00.
b. Tollur á vörum í eftirtöldu tollskrárnúmeri lækki í 5%: 32.10.00.
c. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 20%: 37.01.09, 37.02.09.
d. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 50%: 92.12.19, 92.12.29.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir lækkun eða niðurfellingu tolla á ýmsum smávörum. Hér er um að ræða varning eins og úr, myndavélar, filmur, hljómplötur og nokkrar fleiri vörur sem handhægt er að flytja með sér milli landa og hefur verið hagkvæmt fyrir fólk að kaupa í smásölu erlendis og flytja með sér hingað til lands. Með auknum ferðalögum Íslendinga hafa slík kaup farið vaxandi.

Verslun með slíkar vörur hefur því í verulegum mæli flust úr landinu eins og innflutningstölur í verslunarskýrslum bera með sér, en innflutningur á þessum vörum samkvæmt þeim er mun minni en vænta má og þar með innlend verslun í þessum vöruflokkum. Af þeim varningi, sem einstaklingar hafa með sér frá útlöndum, koma í flestum tilfellum engin opinber gjöld.

Með frumvarpi þessu er stuðlað að því að verslun með þessar vörur flytjist aftur inn í landið, án þess þó að tekin sé óeðlileg áhætta varðandi tekjur ríkissjóðs sem fengi söluskattstekjur af þeirri verslun sem til landsins flyttist í stað þeirra takmörkuðu tolltekna sem nú er um að ræða. Um leið er minnkaður sá munur sem er á aðstöðu þeirra sem möguleika hafa á að kaupa vörur sem þessar erlendis og aðstöðu annarra.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun tollskrárlaga og annarra atriða er snerta tollframkvæmd. Í framhaldi af þessari endurskoðun liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til tollalaga og samin hafa verið ný heildardrög að tollskrá sem þó munu ekki koma fram á þessu þingi.

Í þessari endurskoðun hefur m.a. verið gert ráð fyrir breytingum í þá átt sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Ekki þótti þó ástæða til að bíða með að gera þessar breytingar þótt tollskráin í heild komi til umfjöllunar síðar.

Erfitt er að leggja nákvæmt mat á hvaða tekjubreytingar hér gæti verið um að ræða fyrir ríkissjóð. Ljóst er þó, miðað við óbreyttan innflutning í þessum vöruflokkum frá því sem verið hefur, að tekjur af tollum og vörugjaldi mundu lækka eitthvað, en þó mjög mismikið eftir vörutegundum. Það er hins vegar meginmarkmið breytinganna að auka innlenda verslun með þessar vörur og þar með beinar skatttekjur af fyrirtækjum sem hana stunda sem og söluskattstekjur. Þannig má búast við að tekjutapið vinnist upp að verulegu leyti. Úr því verður þó að sjálfsögðu ekki endanlega skorið fyrr en að fenginni reynslu.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram tollskrárnúmer þeirra vöruflokka sem fyrirhugaðar breytingar ná til. Þeir eru þessir:

a. Ljósmyndavélar (tollnr. 90.07.13 og 90.07.19). Tollur verði 0 í stað 35%. Úr, aðrar klukkur og hlutar til þeirra (tollnr. 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00 og 91.11.00). Tollur verði 0 í stað 35–50%.
b. Litir til listmálunar (tollnr. 32.10.00). Tollur verði 5% í stað 35%.
c. Filmur í ljósmyndavélar (tollnr. 37.01.09 og 37.02.09). Tollur verði 20% í stað 35%.
d. Áteknir og óáteknir miðlar, svo sem hljómplötur, hljóðsnældur og myndbönd (tollnr. 92.12.19 og 92.12.29). Tollur verði 50% í stað 75%.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 821. Tillaga til þingsályktunar [417. mál]

um þróunarverkefni í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa sérstök þróunarverkefni í atvinnumálum í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu í því skyni að hraða nýsköpun í atvinnulífi, örva framtak einstaklinga og félaga, stuðla að vexti þéttbýlisstaða og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi.

Í þróunarverkefnunum komi fram ábendingar um æskileg verkefni, hugmyndir um hvernig að framkvæmdum skuli staðið, þar á meðal um hvaða aðgerðum skuli beita af hálfu sveitarstjórna og ríkis til þess að greiða fyrir framgangi atvinnuþróunarverkefna sem líkleg væru til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og búsetu fólks á svæðinu.

Greinargerð.

Í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu hefur atvinnulíf nær eingöngu byggst á landbúnaði um ár og aldir. Nú þegar stöðugt fækkar því fólki, sem við landbúnað starfar, þó að framleiðsla landbúnaðarvara dragist ekki mikið saman, stefnir í hreint óefni með

byggðina í þessum sýslum, og er nú svo komið að fólk hefur auglýst hús sín og eignir til sölu í nokkrum mæli, en lítill möguleiki mun vera á að selja þær þar sem atvinnuöryggi er ekki fyrir hendi eins og nú horfir.

Atvinnulíf hefur um langan tíma verið fremur ótraust og með aukinni tæknivæðingu og framleiðni í landbúnaði mun flestum vera það ljóst að fólkinu, sem við hann starfar, muni halda áfram að fækka ef ekki verður að gert.

Í fyrsta lagi verður því að gera allt sem mögulegt er til þess að koma upp nýjum búgreinum og önnur atvinnustarfsemi að koma til, þar sem við á, eigi að forða því að byggðin grisjist ekki meira en orðið er og eignir og önnur verðmæti verði að engu. Annar líklegasti þátturinn til þess að flestra dómi er sá að styrkja verulega uppbyggingu á þéttbýlisstöðum svo að líkur á byggðaröskun verði ekki allt of miklar og fólk þurfi ekki að flytjast úr sínu heimahéraði til fjarlægari staða þó að tilflutningur verði innan þess.

Vegna þeirrar sérstöðu, sem Skaftfellingar og Rangæingar búa við, eru vissir erfiðleikar meiri þar en víða annars staðar á landinu. Má þar fyrst nefna að eina samgönguleiðin eru vegirnir. Nær allar vörur eru fluttar til og frá Reykjavík sem er í 100 til 300 km fjarlægð eftir því hvar búið er í héraðinu. Engin höfn eða áætlunarflugvöllur er í þessum landshluta svo að vegirnir eru eina samgönguleiðin, bæði fyrir fólks- og vöruflutninga. Víðáttumiklir sandar eru líka til að torvelda samgöngur í austurhluta þess þegar sandbyljir koma, sem oft kemur fyrir, ásamt því að snjóalög og vatnagangur loka öðru hverju samgönguleiðinni. Hér er því um ýmsa erfiðleika að ræða en með stöðugt meiri tækni og samgöngubótum eru þessir erfiðleikar yfirstíganlegir.

Þessar sýslur hafa líka upp á ýmsa kosti að bjóða sem ekki eru annars staðar á landinu. Má þar sérstaklega nefna að þetta svæði er hlýjasta svæði landsins og á stórum hlutum þess eru kalskemmdir nær óþekktar á ræktunarlöndum eða útjörðum.

Héraðið er fagurt og margbreytilegt og hefur upp á flest það að bjóða sem prýðir íslenska náttúru. Andstæðurnar eru miklar, jöklar, eldfjöll, hraun, eyðisandar, stór og straumhörð vötn, ásamt vinalegum fjallalækjum og fossum sem setja fagran svip á byggðina sem breiðir úr sér meðfram fjöllum og heiðum og um víðáttumikið flatlendi á stórum svæðum.


Nú þegar landbúnaðurinn á í vök að verjast vegna stjórnar á framleiðslu og vaxtarmöguleikar á öðrum sviðum eru takmarkaðir, ekki síst vegna langra flutningaleiða, vofir sú hætta yfir byggðinni að fólkinu fækki enn þá ef ekki koma til ný atvinnustörf.


Það fer vart milli mála að hagstætt er fyrir þjóðarheildina að nýttir séu allir þeir möguleikar sem þessar sýslur hafa upp á að bjóða. Þar á meðal má nefna hlýrra veðurfar en víðast hvar annars staðar á landinu. Hlýrri sjór er við suðurströndina en annars staðar við landið þar sem möguleikar eru meiri til fiskræktar í landkvíum en víðast annars staðar. Gosefni, sem mikið er til af á þessum svæðum, og nýting þeirra, er lítt rannsakað með hliðsjón af vinnslu og útflutningi.


Auk þess þyrfti að leggja aukna áherslu á sérstök þróunarverkefni, jafnt fyrir atvinnulífið, með eflingu nýrra atvinnugreina í huga, sem og önnur þróunarverkefni sem heimamenn hefðu frumkvæði að eða aðrir, sem lagt gætu fram góð ráð og hugmyndir, ásamt því sem sveitarfélög og ríkið legðu af mörkum. Væri mikill fengur að safna slíkum hugmyndum til sérstakra þróunarverkefna sem gætu orðið grundvöllur að aðgerðum eins og hér er gerð tillaga um hvað varðar Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Aðalatriðið er að finna leiðir til þess að auka atvinnumöguleika og tryggja afkomu íbúanna.


Atvinnuþróun hefur verið mjög einhæf á þessum svæðum og með þessari þingsályktunartillögu er stefnt að því að lögð verði meiri áhersla á að finna og þróa verkefni sem gætu orðið forsenda þess að snúa vörn í sókn í atvinnuuppbyggingu og að stöðva fólksflutninga úr þessum byggðarlögum.


Fylgiskjal.



Fólksfjöldi í Vestur Skaftafellssýslu 1941-1986
1600
1400
1200
1000
800
600
400
200
0
1941 1946 1951 1956 1961 1966 1971 1976 1981 1986



Fólksfjöldi í Rangárvallasýslu
4000
3500
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
1941 1946 1951 1956 1961 1966 1971 1976 1981 1986



Hlutfall íbúa Vestur Skaftafellssýslu af fólksfjölda Íslands 1941-1986
%
1.40
1.20
1.00
0.80
0.60
0.40
0.20
0.00
1941 1946 1951 1956 1961 1966 1971 1976 1981 1986



Hlutfall íbúa Rangárvallasýslu af fólksfjölda Íslands 1941-1986
%
3.00
2.50
2.00
1.50
1.00
0.50
0.00
1941 1946 1951 1956 1961 1966 1971 1976 1981 1986



Heildar búferlaflutningar til Vestur Skaftafellssýslu ár hvert 1971-1985
10
5
0
-5
-10
-15
-20
-25
-30
-35
1971 1972 1973 1974 1975 1976 1977 1978 1979 1980 1981 1982 1983 1984 1985



Heildar búferlaflutningar til Rangárvallasýslu ár hvert 1971-1985
100
80
60
40
20
0
-20
-40
-60
-80
-100
-120
1971 1972 1973 1974 1975 1976 1977 1978 1979 1980 1981 1982 1983 1984 1985



Ársverk í Vestur Skaftafellssýslu 1980-1985
700
600
500
400
300
200
100
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
Þjónusta o.þh.
Iðnaður og byggingar
Sjávarútvegur
Landbúnaður



Ársverk í Rangárvallasýslu 1980-1985
1800
1600
1400
1200
1000
800
600
400
200
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
Þjónusta o.þh.
Iðnaður og byggingar
Sjávarútvegur
Landbúnaður



Breyting á fjölda ársverka 1980-1985
30
30
20
10
0
-10
-20
-30
1980-81
1981-82
1982-83
1983-84
1984-85
1980-85
-11
-8
-27
-13
-29


Breyting á fjölda ársverka 1980-1985
40
20
0
-20
-40
-60
-80
-100
26
-4
-21
-22
-66
-87
1980-81
1981-82
1982-83
1983-84
1984-85
1980-85


Hlutfallsleg breyting ársverka í Vestur Skaftafellssýslu 1980-1985
5.00
4.00
3.00
2.00
1.00
0.00
-1.00
-2.00
-3.00
-4.00
-5.00
4.86
1980-81
1981-82
1982-83
1983-84
1984-85
1980-85
-1.75
-1.24
-2.12
-4.23
-4.62


Hlutfallsleg breyting ársverka í Rangárvallasýslu 1980-1985
%
2.00
1.00
0.00
-1.00
-2.00
-3.00
-4.00
-5.00
-6.00
1.55
-0.25
-1.21
-1.34
-3.80
-5.43
1980-81
1981-82
1982-83
1983-84
1984-85
1980-85


Meðaltekjur í Vestur-Skaftafellssýslu: Frávik frá landsmeðaltali
0
-2
-4
-6
-8
-10
-12
-14
-16
-18
-20
1980
1981
1982
1983
1984
1985
-10
-10
-10
-8
-14
-10
-15
-9
-10
-13
-19
-18
Frávik frá landsmeðaltali með landbúnaði
Frávik frá landsmeðaltali án landbúnaðar


Meðaltekjur í Rangárvallasýslu: Frávik frá landsmeðaltali
1980
1981
1982
1983
1984
1985
0
-2
-4
-6
-8
-10
-12
-1
-6
-5
-9
-9
-10
-9
-10
-5
-8
-10
-11

Ed. 822. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. mars 1987.

Valdimar Indriðason, form., frsm. Björn Dagbjartsson, fundaskr. Jón Kristjánsson.

Skúli Alexandersson. Karl Steinar Guðnason.

Nd. 823. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1986, um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   12. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1986, orðist svo.
2. Við 2. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      13. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 54/1986, orðist svo.
   b. C-liður 1. mgr. orðist svo:
      Lán skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar skulu skerðast um 2% fyrir hvern m^2 sem íbúðin er stærri en 180 m^2 brúttó að frádregnum bílskúr. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar skilgreindur í reglugerð þar sem tekið verði skýrt fram hvert sé nýtingargildi húsnæðis.
3. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   14. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 54/1986, orðist svo.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986.

Nd. 824. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til vaxtalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi um málið og fjallað allítarlega um það. Til fundar við nefndina komu: Eiríkur Guðnason deildarstjóri, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., Jónatan Þórmundsson prófessor og Sveinbjörn Hafliðason, lögfræðingur Seðlabanka Íslands.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og minni hl. mun skila séráliti. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja einstökum breytingartillögum, en meiri hl. flytur sameiginlegar breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Umræðurnar í nefndinni snerust ekki síst um III. kafla frumvarpsins, en Jón Steinar Gunnlaugsson afhenti nefndinni nýjar tillögur um III. kafla laganna. Nefndinni gafst ekki nægilegt ráðrúm til að fara í saumana á tillögum Jóns, en sumir nefndarmanna telja eðlilegt að ráðuneytið skoði þær gaumgæfilega á næstu mánuðum með það í huga flytja frumvarpið á næsta þingi ef það þykir henta. Tillögur Jóns Steinars eru birtar sem fylgiskjal með nefndaráliti minni hl. á þskj. 778.

Meiri hl. nefndarinnar mun flytja sérstakt fylgifrumvarp til breytinga á ýmsum lögum, en það er nauðsynlegt verði þetta frumvarp að lögum, sbr. fylgiskjöl I–V með frumvarpinu.

Alþingi, 10. mars 1987.

Páll Pétursson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara.	Friðrik Sophusson, frsm.
Guðmundur Bjarnason.	Ólafur G. Einarsson.	Halldór Blöndal.

Nd. 825. Breytingartillögur [321. mál]

við frv. til vaxtalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, KJóh, ÓE, GB, HBl).

1. Í stað orðanna „fjárkröfum“ og „fjárkröfu“ hvarvetna í frumvarpinu komi: peningakröfum og peningakröfu.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum“ komi: ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skal miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum sem eru í almennri notkun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, eins og þeir eru á hverjum tíma.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum“ komi: ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum.
5. Við 9. gr. Orðin „og áskildi sér rétt til dráttarvaxta“ í 2. mgr. falli brott.
6. Við 21. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Ákvæði II. kafla laga þessara taka til allra skulda sem stofnast eftir gildistöku laganna.
7. Við ákvæði til bráðabirgða III. Á eftir orðunum „hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma“ komi: eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma.

Nd. 826. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, KJóh, GB, ÓE, HBl).

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

1. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um vexti.

II. KAFLI

Um breytingu á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 54 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

2. gr.

2. tölul. 1. mgr. 48. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

3. gr.

2. tölul. 49. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri, er 1. tölul. greinir, frá þeim degi er hann greiddi hana.

III. KAFLI

Um breytingu á tékkalögum, nr. 94 19. júní 1933, sbr. lög nr. 55 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

4. gr.

2. tölul. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af þeirri fjárhæð frá sýningardegi.

5. gr.

2. tölul. 46. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri frá þeim degi er hann greiddi hana.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 55 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Verði dráttur á greiðslu iðgjalda samkvæmt lögum þessum skal skuldari greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til vaxtalaga og gerir ráð fyrir breytingum á ákvæðum nokkurra laga um dráttarvexti til samræmis við ákvæði í fyrrnefndu frumvarpi til vaxtalaga. Allar þær breytingar, er hér eru lagðar til, hafa áður verið kynntar í frumvarpi til vaxtalaga eins og fram kemur í fylgiskjölum I–V í hinum prentuðu athugasemdum með frumvarpi til vaxtalaga.

Frumvarp þetta skiptist í fimm kafla og vísast að öðru leyti til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 38. gr. laga um lausafjárkaup eru ákvæði um vexti í þeim viðskiptum. Eru dráttarvextir ákveðnir 6% ársvextir í verslunarkaupum og 5% ársvextir í öðrum kaupaviðskiptum. Þá eru sérreglur um upphaf vaxtatíma. Ákvæði þessi eru algjörlega úrelt enda ekki eftir þeim farið, sbr. Hrd. 1979, bls. 1142.

Er því lagt til að um þessi viðskipti fari eftir almennum reglum sem fram koma í frumvarpi að lögum um vexti.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 2.–3. gr.

Samkvæmt 48. og 49. gr. víxillaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 54/1965, getur víxilhafi eða sá sem víxil hefur leyst til sín krafið þá sem víxilábyrgð bera gagnvart honum um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í fyrrgreindu frumvarpi til laga um vexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta fyrrgreindum ákvæðum víxillaganna í samræmi við það.

Að öðru leyti þarfnast greinar þessar ekki skýringa.

Um 4.–5. gr.

Samkvæmt 45. og 46. gr. tékkalaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 55/1965, getur tékkahafi eða sá sem leyst hefur tékka til sín krafið þá sem tékkaábyrgð bera gagnvart honum um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í frumvarpi að lögum um vexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta ákvæðum tékkalaga í samræmi við það.

Um 6. gr.

Samkvæmt 7. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skal greiða dráttarvexti af vangoldnum iðgjöldum, þá hæstu sem Seðlabankinn heimilar innlánsstofnunum að taka.

Í frumvarpi að lögum um vexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum heldur með lagareglum. Er því rétt að breyta lagaákvæði þessu í samræmi við það.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 7. gr.

Í 3. mgr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga er ákveðið að vátryggingarfélag skuli greiða vexti af vátryggingarfjárhæð frá gjalddaga hennar, en ákvæði um gjalddaga eru í 1. mgr. greinarinnar. Vextirnir eru ákveðnir 1% p.a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

Rétt þykir að fella þessi vaxtaákvæði að reglum þeim sem settar eru fram í frumvarpi til laga um vexti enda ekki ástæða hér til sérreglna.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 827. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ítarlega á fundum sínum frá því frumvarpinu var vísað til hennar 25. febr. s.l.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. fulltrúar dómsmálaráðuneytis, Umferðarráðs, lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, umferðarnefndar Reykjavíkur og Ökukennarafélags Íslands. Þá bárust nefndinni erindi frá allmörgum aðilum um efni frumvarpsins sem hún hefur fjallað um.

Nefndin telur nauðsyn á að setja nýjar reglur um ökukennslu og ökunám, annaðhvort í sérstökum lögum eða reglugerð þar sem ítarlegar verði fjallað um þessa tvo mikilvægu málaflokka en nú er um að ræða. Verði þar m.a. fjallað um menntun ökukennara og námsefni og lágmarksfjölda kennslustunda til ökuprófs, en mun strangari ákvæði gilda annars staðar á Norðurlöndum í þessum efnum en hér á landi.

Þá taldi nefndin brýna nauðsyn á að sett verði skýr ákvæði í reglugerð um kennslu sem veitir réttindi til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar um þetta mál. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma við meðferð málsins.

Alþingi, 10. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Stefán Guðmundsson.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Sþ. 828. Fyrirspurn [419. mál]

til sjávarútvegsráðherra um bann við togveiðum.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hver er rökstudd afstaða sjávarútvegsráðuneytisins til áskorunar hreppsnefndar Hafnarhrepps frá 29. janúar s.l. um bann við togveiðum á afmörkuðum svæðum milli Hrollaugseyja og Stokksness?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 829. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1986, um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með nokkrum breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Á fundi nefndarinnar komu: Ásmundur Hilmarsson, Ásmundur Stefánsson og Björn Þórhallsson frá ASÍ, Vilhjálmur Egilsson frá VSÍ, Katrín Atladóttir, Hilmar Þórisson, Helgi Guðmundsson og Björgvin Hjálmarsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Gunnar S. Björnsson framkvæmdastjóri, og Þorgerður Benediktsdóttir og Gylfi Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti.

Alþingi, 10. mars 1987.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr., með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson.
Stefán Valgeirsson.	Eggert Haukdal.	Kristín S. Kvaran.
	Guðmundur J. Guðmundsson. með fyrirvara.	

Nd. 830. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundum sínum og leitaði álits ýmissa hagsmunaaðila.

Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir frá efri deild.

Alþingi, 10. mars 1987.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Gunnar G. Schram.
Halldór Blöndal.	Guðmundur Einarsson.	Ingvar Gíslason.

Nd. 831. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um sjómannadag.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundum sínum og kallaði til viðtals ýmsa hagsmunaaðila. Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „á undan“ í fyrri málsgrein komi: á eftir.

Alþingi, 11. mars 1987.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson.
Gunnar G. Schram.	Ingvar Gíslason.	Halldór Blöndal.
	Guðmundur Einarsson, með fyrirvara.	

Ed. 832. Nefndarálit [390. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr., með fyrirvara.	Valdimar Indriðason.
Jón Kristjánsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Ragnar Arnalds.

Nd. 833. Nefndarálit [360. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1987.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
	Guðmundur Bjarnason.	

Nd. 834. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Við 28. gr. H-liður fyrri mgr. orðist svo: á merktu stæði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga eða bifreiðir fatlaðra, og.

Nd. 835. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Pálmi Jónsson.	Friðjón Þórðarson.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 836. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Jón Baldvin Hannibalsson og Kristín S. Kvaran voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Hjörleifur Guttormsson.		Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 837. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á tveimur fundum og fengið til viðtals séra Bernharð Guðmundsson, fréttafulltrúa þjóðkirkjunnar, og Þorleif Pálsson deildarstjóra.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Kristín S. Kvaran var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Jón Baldvin Hannibalsson, fundaskr.	Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 838. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um sjómannadag.

Frá Garðari Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum“ í 1. málsl. falli brott.
2. 2.–6. gr. falli brott.

Ed. 839. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. mars 1987.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Valdimar Indriðason.	Eiður Guðnason.	Helgi Seljan.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Nd. 840. Nefndarálit [360. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt. Minni hl. bendir hins vegar á að með ákvæðum frumvarpsins á að breyta í grundvallaratriðum skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Nú er óheimilt að tollafgreiða vörur nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um það að greiðsla hafi verið innt af hendi eða hún

tryggð með öðrum hætti, t.d. með lántöku eða greiðslufresti. Engin rök eru flutt fyrir nauðsyn þessarar breytingar. Engar upplýsingar liggja fyrir um það hvernig ríkisstjórnin ætlar að tryggja eðlileg tengsl gjaldeyris- og innflutningsyfirvalda í þessum efnum.

Undirritaður telur frumvarpið því óþarft og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 11. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Sþ. 841. Skýrsla [283. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977, skv. beiðni.

Í skýrslubeiðninni er óskað eftir svörum við 16 tölusettum fyrirspurnum sem sumar hafa einnig stafliði. Nokkrum spurningum var vísað til fræðslustjóra þar sem þær eru þess eðlis að þeir einir hafa möguleika á upplýsingum sem þær varða. Þessar spurningar voru 3. spurning, a-liður, og einnig um stuðningskennslu, 12., 13. og 15. spurning.

1. Hvernig hefur tekist að ná fram meginstefnu reglugerðarinnar um að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla?

Hér á landi stunda 0,7% grunnskólanemenda nám í sérskólum. Allir aðrir nemendur á grunnskólaaldri fá kennslu í almennum grunnskólum. Þessi tala segir því aðeins eitthvað um ástand þessara mála að gerður sé samanburður við nemendafjölda í sérskólum í öðrum löndum. Jörgen Hansen, yfirmaður sérkennslu í Danmörku, skrifar í Nordisk tidskrift for spesialpedagogik 2. hefti 1986: „Í Danmörku er fjöldi þeirra nemenda sem ganga í sérskóla nú aðeins 1–2%." Robert Lillestölen skrifar í sama hefti um ástand þessara mála í Noregi: „Í Noregi ganga 0,8% í sérskóla." Af þessum samanburði sést að það ganga hlutfallslega fleiri í hinn almenna grunnskóla á Íslandi en í þeim löndum sem vitnað er til. Að þessu leyti verður að telja að í stórum dráttum hafi tekist að ná fram þeirri meginstefnu að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla.

2. Hver tekur ákvörðun um sérkennsluþörf eftir fræðsluumdæmum og hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar endanlegri ákvörðun um sérkennslumagn í hverju fræðsluumdæmi hvert skólaár. — Hefur Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagt til niðurskurð á umbeðinni þörf menntamálaráðuneytis. Ef svo er, hvenær og hvað mikið?

Fræðslustjórar senda menntamálaráðuneytinu áætlun um sérkennsluþörf við gerð fjárlaga. Þá er átt við sérkennslu í almennum grunnskólum og sérdeildum fræðsluumdæma, en ekki sérskólum ríkisins og stofnunum þroskaheftra. Þörfin á að vera byggð á greiningum sálfræðiþjónustu hvers umdæmis. Menntamálaráðuneytið gerir síðan tillögur til fjármálaráðuneytis um fjárframlög til þessa þáttar, en endanleg ákvörðun er í höndum Alþingis.

Frá setningu grunnskólalaga til áranna 1979–80 var stuðnings- og sérkennsla áætluð sem viðbótarframlag til hvers einstaks grunnskóla. Skólaárið 1979–80 varð hins vegar sú breyting á að kennslan var áætluð sem ein óskipt niðurstöðutala fyrir hvert fræðsluumdæmi. Samkomulag var um að áætla skyldi 6% umfram heildarviðmiðunarstundir hvers umdæmis til stuðnings- og sérkennslu. Notkun stunda varð hins vegar oft mun minni. Upp úr 1983 fóru einstakir fræðslustjórar að taka erfið sérkennslutilfelli út úr þessari viðmiðun og áætla sérstaklega. Nú er svo komið að sérkennslan er af fræðslustjórum öll áætluð utan við þessi 6% og fela þau því aðeins í sér stuðningskennslu samkvæmt þeirra tillögum.

Allt þar til við fjárlagagerð 1985 voru tillögur fræðslustjóra lagðar óbreyttar til grundvallar við áætlun sérkennslunnar. Á árinu 1985 var talið að ekki væri unnt að verða við kröfum fræðslustjóra að fullu, enda gerðu þeir ráð fyrir gífurlegri aukningu á sama tíma og ákveðinn var 2,5% almennur niðurskurður ríkisútgjalda. Ráðuneytið lagði þó til að reynt yrði að bæta úr brýnustu þörfinni og gerði tillögu um 7% aukningu sérkennslunnar. Við gerð fjárlaga 1986 treysti ráðuneytið sér ekki til að verða að fullu við óskum fræðslustjóra, en gerði þó tillögu um 100% aukningu sérkennslunnar. Fjármálaráðuneytið skar burt alla þá aukningu og átti menntamálaráðuneytið í baráttu við að halda óbreyttu magni frá fyrri fjárlögum. Alþingi gerði engar efnislegar breytingar við tillögur fjármálaráðuneytis.

Ekki þótti vel til takast að þessu sinni og var því ákveðið að reyna að ná fram aukingu með hóflegum kröfum. Var lagt til að engin aukning yrði á sérkennslu í Reykjavík, en um 20% utan Reykjavíkur. Jafnframt var reynt að taka tillit til aðstæðna og jafna aðstöðumun sem skapast hafði á milli fræðsluumdæma. Þessar tillögur náðu fram að ganga og gott betur því að í meðförum Alþingis hækkuðu framlög til sérkennslu um 5 millj. króna eða 6%. Það jafngildir um 3% hækkun á stuðnings- og sérkennslu.

3. Hve mörg börn hafa fengið annars vegar sérkennslu a) innan almenna grunnskólans, b) í sérskólum, c) í sérdeildum og hins vegar stuðningskennslu í hverju umdæmi fyrir sig frá gildistöku reglugerðar um sérkennslu?

Ekki er að jafnaði gerð könnun á því hvað margir nemendur njóta sérkennslu í almennum skólum af þeirri ástæðu að þörf einstakra nemenda er mjög misjöfn, tímar, sem einstakir nemendur fá, mismargir eftir ástæðum. Þó hefur menntamálaráðuneytið leitast við að afla sér upplýsinga um þetta nokkrum sinnum síðan 1977.

Samkvæmt þeim könnunum, sem þar koma fram, er dreifing stuðningskennslu á nemendur eftir fræðsluumdæmum mjög mismunandi og kemur þar margt til, t.d. litlar bekkjardeildir víða á landsbyggðinni, svo og skortur á sérmenntuðu fólki til að annast stuðningskennslu.

Eins og áður segir er munur á því hvað margir nemendur fá stuðningskennslu, en það stafar ekki af því að kennslumagn, sem til þessarar kennslu er ætlað, sé hlutfallslega mismunandi.

Kennslumagn til stuðningskennslu (6% af H) nýttist þannig eftir því sem best er vitað skólaárið 1978–79 (hlutfall barna í skólum sem svöruðu):

Reykjavík	19.84%
Reykjanes	12.31%
Vesturland	11.10%
Vestfirðir	12.40%
Norðurland vestra	11.50%
Norðurland eystra	10.80%
Austurland	12.33%
Suðurland	7.00%

Sá munur, sem hér kemur fram, er ekki einstakt fyrirbæri fyrir íslenskt skólakerfi. Í Danmörku eru sambærilegar tölur 5–30% eftir landsvæðum. (Jörgen Hansen: Nordisk tidskrift for spesialpedagogik, 2. hefti 1986.)

Varðandi staflið b verða að nægja upplýsingar um dreifingu nemenda í sérskólum eftir búsetu frá 1980 að viðbættum upplýsingum um nemendur í sérskólunum frá árunum 1975 til 1980.

Öskjuhlíðarskóli.

		1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík		68	64	67	64	62	63
Reykjanes		43	55	41	45	43	43
Vesturland		2	5	7	6	5	5
Vestfirðir		3	4	4	5	1	
Norðurland vestra		3	3	4	3	2	1
Norðurland eystra		5	4	4	2	1	1
Austurland		5	4	1		1	1
Suðurland		6	8	5	3	4	5
	135	147	133	128	119	119	

Heyrnleysingjaskóli.

		1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík		19	19	19	12	15	19
Reykjanes		25	26	24	15	11	12
Vesturland		3	3	3	1	2	1
Vestfirðir							1
Norðurland vestra		3	2	2			
Norðurland eystra		3	6	5	4	4	3
Austurland		4	4	3	1	2	1
Suðurland		1	1	3			
	58	61	59	33	34	37	

Safamýrarskóli.

		1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík		25	22	27	29	30	32
Reykjanes		13	12	19	21	20	18
Vesturland				1	1		
Vestfirðir		2	3	3	4	3	3
Norðurland vestra					1	1	1
Norðurland eystra			1	1	2	2	2
Austurland							
Suðurland				2	2	2	1
	40	38	53	60	58	57	

Skólinn við Hvammshlíð, Akureyri.

		1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík		2	2	2	2	2	2
Reykjanes							
Vesturland							
Vestfirðir		1	1	1	1	1	1
Norðurland vestra		7	6	5	5	6	4
Norðurland eystra		22	24	26	21	17	14
Austurland		2	2	1	1	1	
Suðurland							
	34	35	35	30	27	21	

Kópavogshæli.

		1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík		21	23	21	19	15	13
Reykjanes		12	8	6	5	5	3
Vesturland		2	2	3	2	1	
Vestfirðir		2	2	2	3	3	1
Norðurland vestra							
Norðurland eystra							
Austurland		2	2	2	1	1	
Suðurland		4	4	5	5	5	5
	43	41	39	35	30	22	

Skóli Unglingaheimilis ríkisins.

		1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík		16	17	12	13	12	7
Reykjanes		2	3	4	3	5	3
Vesturland							
Vestfirðir							
Norðurland vestra					2	1	
Norðurland eystra			1	2	1	1	1
Austurland					2	1	
Suðurland					2	2	2
	18	21	18	23	22	13	

Skóli geðdeildar Barnaspítala Hringsins.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	10	12	15	11	11	11
Reykjanes	6	2	3	3	5	5
Vesturland						
Vestfirðir		1				
Norðurland vestra						
Norðurland eystra				1		
Austurland	1	1	1	1	2	2
Suðurland	1	1	1	5	2	2
	18	17	20	21	20	20

Nemendur í sérskólum sem hlutfall af nemendafjölda umdæmanna 1985–86.

Fræðsluumdæmi	Grunnsk.	Sérsk.	Hlutfall
Reykjavík	12577	147	1.2%
Reykjanes	10570	84	0.9%
Vesturland	2925	6	0.2%
Vestfirðir	1872	6	0.3%
Norðurland vestra	2044	6	0.3%
Norðurland eystra	4730	21	0.4%
Austurland	2325	4	0.2%
Suðurland	3857	15	0.4%

Nemendur í sérskólum árin 1975–80.

Heyrnleysingjaskólinn:

	Nemenda-fjöldi	Kennara-stöður	Nem. á kennara
1975–1976	57	16	3.56
1976–1977	61	17	3.59
1977–1978	65	21	3.10
1978–1979	66	20	3.30
1979–1980	73	21	3.48

Öskjuhlíðarskóli:

	Nemenda-fjöldi	Kennara-stöður	Nem. á kennara
1975–1976	117	24.0	4.88
1976–1977	142	27.5	5.09
1977–1978	137	26.0	5.27
1978–1979	133	27.0	4.93
1979–1980	142	32.0	4.44

Geðdeild við Dalbraut:

	Nemenda-fjöldi	Kennara-stöður	Nem. á kennara
1975–1976	10	1.5	6.67
1976–1977	12	2.0	6.00
1977–1978	14	3.0	4.67
1978–1979	12	3.0	4.00
1979–1980	15	5.0	3.00

Þjálfunarskólar ríkisins:

	Nemenda-fjöldi	Kennara-stöður	Nem. á kennara
1975–1976	156	18.00	8.67
1976–1977	147	18.67	7.87
1977–1978	153	24.50	6.25
1978–1979	145	30.50	4.83
1979–1980	143	34.66	4.13

Sérdeildir grunnskóla eru byggðar upp eftir því sem fræðslustjórar telja þörf fyrir hverju sinni.

Sérdeildir grunnskóla skv. 19. gr. reglug. nr. 277/1977 árið 1986.

Reykjavík:
Austurbæjarskóli 1 deild, Breiðagerðisskóli 1 deild, Breiðholtsskóli 1 deild, Bústaðaskóli 1 deild, Fellaskóli 4 deildir, Hagaskóli 1 deild, Hólabrekkuskóli 1 deild, Laugalækjarskóli 1 deild, Laugarnesskóli 1 deild, Réttarholtsskóli 1 deild, Ölduselsskóli 1 deild.

Reykjanes:
Digranesskóli 1 deild, Víðistaðaskóli 1 deild, Keflavík, Myllubakkaskóli 2 deildir.

Vesturland:
Akranes, Brekkubæjarskóli 2 deildir.

Vestfirðir:
Grunnskóli Ísafjarðar 2 deildir.

Norðurland vestra:
Grunnskólinn í Akrahreppi 1 deild.

Norðurland eystra:
Glerárskóli 1 deild, Lundarskóli 2 deildir.

Austurland:
Grunnskólinn á Egilsstöðum 1 deild.

Suðurland:
Barnaskólinn á Selfossi 1 deild, Barnaskólinn á Selfossi (þjálfunarskóli) 1 deild, Barnaskólinn í Vestmannaeyjum 1 deild.

SVÖR FRÆÐSLUSTJÓRA:

Reykjavík:

Sérkennsla innan almenna grunnskólans felur í sér c-lið þar sem sérdeildir af mörgu tagi eru á vegum umdæmisins. Sjúkrakennsla, talkennsla, lesver, athvörf, athvarfsiðja svo og stuðningskennsla skólanna telst allt til sérkennslu innan almenna skólans. Vissulega er hægt að tilgreina hversu margir nemendur hafa notið hinna ýmsu úrræða í sérkennslu, en það er breytilegt hve lengi nemendur eru í henni og hversu mikið kennslumagn er notað. Í sérdeildum og dagdeildum er það þó ákveðið á nemenda. Á síðast liðnu ári má ætla að um 350 nemendur hafi notið sérúrræða annarra en stuðningskennslu. Í stuðningskennslu hafa verið um 1600 börn en bent skal á að tíminn þar er mjög breytilegur bæði hvað varðar lengd og magn.

Einnig er stuðningskennslumagn notað í fyrirbyggjandi aðgerðir — þá koma stuðningskennarar inn í heilar bekkjardeildir. Í þessu sambandi má segja að lítið sé á því að græða að vera með höfðatölureglu, en skólunum hefur verið úthlutað ákveðnu hlutfalli miðað við nemendafjölda í hverjum skóla til að nota í stuðningskennslu sem oftast er tímabundið úrræði.

Reykjanes:

Fyrstu tveir dálkar sýna fjölda nemenda í almennum grunnskólum.

	Stuðningskennsla sérkennsla	**Talkennsla**	**Sérdeild**
1980–1981	1293	324	11
1981–1982	1712	451	17
1982–1983	1667	477	25
1983–1984	1764	495	27
1984–1985	1581	550	35
1985–1986	1470	540	48
1986–1987	1406	?	43

Vesturland:

Fyrst skal hér gerð grein fyrir þeim stundafjölda, sem veittur hefur verið samkvæmt áætlunum til sérkennslu og stuðningskennslu frá skólaárinu 1976–1977, en það var fyrsta árið sem fræðslustjóri gerði áætlun og fylgdist með framkvæmd.

	Stuðningskennsla		**Sérkennsla**	
	Stundir	Nemendur	Stundir	Nemendur
1976–1977	273			
1977–1978	327			
1978–1979	300		22	3
1979–1980	279		33	4
1980–1981	283		56	5
1981–1982	277		65	6
1982–1983	273		204	25
1983–1984	285	um 290	361	27
1984–1985	274	382	353	35
1985–1986	290	378	353	56
1986–1987	302	? 360	353	52

Um fjölda nemenda í stuðningskennslu er erfitt að segja nákvæmlega, því að haldbærar upplýsingar um einstaka nemendur eru ekki til fyrr en á skólaárinu 1981–82 þegar ráðgjafar og sálfræðiþjónusta tók til starfa. Fyrstu árin eru þær upplýsingar ekki tæmandi. Þær tölur, sem tilgreindar eru síðan 1983, eru byggðar á beiðnum og skýrslum um stuðnings- og sérkennslu sem aflað hefur verið í sambandi við áætlanagerð. Ekki virðist fjarri lagi að álykta að fram til þessa tíma (1983) hafi um 10% nemenda í umdæminu fengið einhverja stuðningskennslu.

Öll sú sérkennsla, sem um er að ræða í umdæminu, hefur verið veitt í hinum almenna grunnskóla. Frá því eru þó þær undantekningar að þrír vistmenn í sambýli fjölfatlaðra á Akranesi nutu kennslu í sérdeild á skólaárinu 1985–86 og á þessu skólaári hefur verið sett á stofn sérdeild fyrir þrjá yngri fjölfatlaða nemendur. Má reikna með framhaldi á því. Enginn sérskóli er í umdæminu.

Vestfirðir:

Þrjátíu og sex nemendur fá sérkennslu innan almenna grunnskólans skólaárið 1986–87.

Það er enginn sérskóli starfandi á Vestfjörðum. Sex nemendur á þjálfunarstigi og er sérdeildin í grunnskóla Ísafjarðar. Nemendur sækja þar nám á hefðbundnum skólatíma. Þessi sérdeild hóf göngu sína haustið 1985 og er þetta því annað ár hennar. 271 barn hefur fengið stuðningskennslu það sem af er skólaárinu þar af eru 124 börn í grunnskólanum á Ísafirði.

Norðurland vestra:

Á þessu skólaári hafa u.þ.b. 230 börn fengið stuðnings- eða sérkennslu hér í umdæminu. Fjöldinn getur verið örlítið breytilegur frá einum mánuði til annars því að stundum eru einstök börn tekinn inn í hóp stuðningskennslubarna á miðju skólaári og önnur fara úr hópnum annaðhvort inn í bekkinn aftur eða í einstaklingskennslu um tíma. Kennslustundafjöldi skólans helst þó yfirleitt óbreyttur, nema þegar kennaraskortur hefur í för með sér að skólinn getur ekki nýtt sér allan kvótann. Því miður er það yfirleitt stuðnings- og sérkennslan sem fyrst er minnkuð þegar kennara vantar við skólana.

Rúmlega 50 börn hafa verið greind sem sérkennslubörn, þ.e. börn sem að okkar áliti hafa mikla þörf fyrir stuðning alla sína skólagöngu. Af þessum rúmlega 50 börnum er aðeins eitt barn í sérskóla (Safamýrarskóla). Ekki eru meðtalin börn sem eru í varanlegri vistun á Vistheimilinu Sólborg á Akureyri (tvö börn á skólaskyldualdri). Sex barnanna eru í sérdeild fræðsluumdæmisins að Egilsá. Á Egilsá hafa samtals verið 10 börn frá stofnun deildarinnar árið 1983.

Norðurland eystra:

Fjöldi barna sem fengu sérkennslu.

	Grunnskóli	Sérskóli	Sérdeild	Stuðningskennsla
1977–1978			12	60–100*
1978–1979			12	100–120*
1979–1980			15	120–150*
1980–1981			15	150–170*
1981–1982			15	170–200*
1982–1983			20	200
1983–1984	25	5	5	220
1984–1985	56	5	5	250
1985–1986	75	5	7	285
1986–1987	92	5	7	285

*Áætlaðar tölur.

Austurland:
Sérkennsla:

a. Frá 1980: 305. Að meðaltali hvert ár: 43,5. Vikustundafjöldi á barn til jafnaðar: 4,3.
b. Í Öskjuhlíðarskóla: 1979–1982: 8 nemendur (4 hvert ár). 1982–1987: 1 nemandi hvert ár.
c. Til jafnaðar 5–6 nemendur í sérdeild Egilsstaðaskóla.

Stuðningskennsla:

Þessu er ekki hægt að svara. Stuðningskennsla getur varað í eina viku, nokkra mánuði eða jafnvel allt skólaárið. Hún er framkvæmd með mismunandi hætti, einstaklingskennslu, kennslu í fámennum hópum, í lesveri, tveimur kennurum í kennslustund, bekkjum skipt o.s.frv.

Umdæmin hafa heimild til að ráðstafa 6% af heildarstundafjölda til stuðningskennslu. Nemur þetta nú 239 vikustundum eða 8 kennarastöðum. Þarfir skóla geta verið misjafnar og eru þá stundir fluttar á milli þeirra, ef þurfa þykir.

Suðurland:

Fjöldi nemenda í stuðnings- og sérkennslu.

	Grunnskóli	Sérdeild	Stuðnings-kennsla	Samtals
1980–1981	12	23	204	239
1981–1982	14	23	220	257
1982–1983	16	32	280	328
1983–1984	17	38	326	381
1984–1985	18	39	330	387
1985–1986	20	44	332	396
1986–1987	23	57	352	432

Það skal tekið fram varðandi stuðningskennslu í umdæminu að nemendur nutu kennslunnar í mjög mislangan tíma allt, frá örfáum tímum til reglulegrar stuðningskennslu samkvæmt stundaskrá allan veturinn.

Fyrir 1980 var einungis hjálparkennslukvótinn til úthlutunar í umdæminu og litlar upplýsingar um fjölda þeirra nemenda sem hjálpar- og sérkennslu nutu fyrir þann tíma.

4. Hve mörg börn þurfa á sérkennslu og stuðningskennslu að halda í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig? Er hægt að leysa í meira mæli þörf barna fyrir sérkennslu innan almenna grunnskólans fremur en í sérskólum væri grunnskólunum til þess búin betri aðstaða?

Þessari spurningu er ekki auðvelt að svara. Mjög margt veldur hér mismun, t.d. skólaskipan og námskröfur. Eins og áður er að vikið voru það 7–20% nemenda sem fengu stuðningskennslu í fræðsluumdæmunum 1978–79 hér á landi. Í Danmörku var talan á síðasta ári frá 5–30%. Í fræðibókum um þetta efni hefur verið talað um 20% nemenda sem gætu þurft á meiri eða minni aðstoð að halda við nám.

Varðandi síðari lið þessarar spurningar er því til að svara sem áður er að vikið, að hér á landi stunda fleiri fatlaðir nemendur skólagöngu í almennum grunnskóla en í öðrum löndum svo vitað sé. Sérfræðingar eru ekki á eitt sáttir um það hvort æskilegt sé að ýta fleirum út í hinn almenna grunnskóla en orðið er. Eitt er víst að góð lausn er það ekki nema fagfólk fáist til starfa samtímis. Hér skal bent á ummæli um sérskóla í OECD skýrslunni um skólamál á Íslandi á bls. 15, 41. og 42. tölul. svo og ummæli á bls. 18, 56. tölul.

5. Hvernig hefur verið staðið við ákvæði 15. gr. um kennslumagn, skipt eftir fræðsluumdæmum, sem að fullu átti að vera komið til framkvæmda að fjórum árum liðnum frá gildistöku reglugerðarinnar a) á forskólastigi, sbr. 16. gr. A. 1 og 2, b) í grunnskólum, sbr. 16. gr. B. 1, c) í sérskólum, sbr. 16. gr. B. 2?

Ekki er annað vitað en að farið sé að fullu eftir 15. gr. sérkennslureglugerðar.

6. Hve mikið fjármagn hefur runnið árlega til a) sérkennslu innan almenna grunnskólans, b) stuðningskennslu, c) sérskóla, frá gildistöku reglugerðarinnar, skipt eftir fræðsluumdæmum?

Því miður er sérkennslu iðulega blandað saman við almenna kennslu í bókhaldi ríkisins og því nánast ómögulegt að greina þar á milli. Framlög til sérskóla má hins vegar lesa úr ríkisreikningi.

Þar sem framlag til þessa þáttar er fall af kennslustundum, kennsluskyldu og launum kennara, má áætla hversu mikið hefur runnið til stuðnings- og sérkennslu undanfarin ár. Hér verður miðað við heimilaðar stundir samkvæmt fjárlögum, en gera má ráð fyrir að framkvæmdin hafi verið mun minni hin fyrstu ár, en aukist hin síðari. Rétt er að taka fram að fyrstu árin var heimildin um 6% af heildarviðmiðunarstundafjölda hvers umdæmis, en það svarar til stuðningskennslunnar í dag. Hér verður gerð grein fyrir þróuninni frá árinu 1982 og miðað við launaflokk 137-5 auk launatengdra gjalda. Verðlag miðast við desember 1986, eins og fjárlög 1987 (upphæðir í þús. kr.).

Reykjavík	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**	**1986**	**1987**
Stuðningskennsla	22 610	22 610	22 610	22 610	17 765	18 164
Sérkennsla	24 686	25 730	25 685	25 108	33 811	34 032
Reykjanes						
Stuðningskennsla	16 036	16 150	16 397	16 397	16 872	16 967
Sérkennsla				2 886	7 992	9 679
Vesturland						
Stuðningskennsla	5 016	5 149	5 206	5 206	5 415	6 042
Sérkennsla	1 443	4 506	8 014	7 814	7 814	7 814
Vestfirðir						
Stuðningskennsla	3 002	3 458	3 420	3 420	3 591	3 819
Sérkennsla					1 332	3 108
Norðurland vestra						
Stuðningskennsla	3 477	3 553	3 686	3 686	3 762	4 199
Sérkennsla			1 509	1 110	1 110	2 220
Norðurland eystra						
Stuðningskennsla	8 531	8 550	8 455	8 455	8 189	8 607
Sérkennsla		3 663	4 795	4 795	5 461	11 100
Austurland						
Stuðningskennsla	4 940	4 617	4 579	4 579	4 522	4 883
Sérkennsla		1 177	3 685	3 685	4 195	5 172
Suðurland						
Stuðningskennsla	6 745	6 726	6 764	6 764	6 916	7 372
Sérkennsla		1 487	7 858	7 393	8 458	8 835

Það skal áréttað að hér er um áætlaðar tölur að ræða og gildir það einnig fyrir árið 1987. Munurinn þar er þó ekki nema 0,6% í heild frá rauntölum í fjárlögum. Framlag til sérskóla (Öskjuhlíðarskóla, þjálfunarskóla, Heyrnleysingjaskólans, vistana o.fl.) samkvæmt ríkis-

reikningi var á þessum árum eftirfarandi (verðlag miðast hér við hvert ár, í þús. kr.): 1982 47 535, 1983 70 951, 1984 84 868, 1985 127 961, 1986 157 939 áætlun (ath. Kjarvalshús tilheyrir félmrn.), 1987 187 239 (fjárlög).

7. Hvernig skiptast nemendur eftir umdæmum á sérskóla? Hvar eru þeir staðsettir?
Fjöldi sérskólanemenda á vegum ríkisins.

Lögheimili nemenda	**1980**	**1981**	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**
Reykjavík	161	159	163	150	147	147
Reykjanes	101	106	97	92	89	84
Vesturland	7	10	14	10	8	6
Vestfirðir	8	11	10	13	8	6
Norðurland vestra	13	11	11	11	10	6
Norðurland eystra	30	36	38	31	25	21
Austurland	14	13	8	6	8	4
Suðurland	12	14	16	17	15	15
	346	360	357	330	310	289

8. Hvernig er yfirstjórn sérskólanna háttað? Hver eru tengsl þeirra við fræðsluskrifstofur viðkomandi umdæma?

Yfirstjórn sérskólanna heyrir beint undir menntamálaráðuneytið. Þessir skólar sinna svo sérstæðum verkefnum í formi stuðnings og þjónustu fyrir allt landið að slík skipan þykir heppilegust.

Þegar vandamál koma upp í fræðsluumdæmunum, sem ekki verða leyst þar, eru sérskólarnir sú ráðstöfun sem sérfræðingar telja ómissandi. Tengslin eru þau að fræðslustjórar eða sérfræðingar þeirra snúa sér beint til þess sérskóla sem þeir telja rétt að vísa nemanda til. Í örfáum tilfellum hafa foreldrar sjálfir óskað milliliðalaust eftir vistun fyrir börn sín. Ekkert barn er tekið í sérskóla nema eftir ósk eða með samþykki foreldra.

9. Hefur verið sett námsskrá um kennslu í sérstofnunum vegna sérkennslu, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar?

Námsskrá hefur ekki verið sett um sérkennslu og kemur tvennt til. Í fyrsta lagi fékkst ekki fé til að vinna slíka námsskrá af því fé sem til námsskrárgerðar hefur verið ætlað. Í öðru lagi hefur síðar komið fram það sjónarmið, sem nú þykir eitt koma til greina um sérskóla, að námsskrá sé samin af hverjum skóla í samræmi við þarfir nemendanna hverju sinni og síðan fyrir hvern nemanda. Þetta gerir að sjálfsögðu meiri kröfur til kennaranna sem ekki verður undan vikist og þannig er nú unnið í sérskólunum.

10. Hve margir sérmenntaðir kennarar annast sérkennslu, skipt eftir fræðsluumdæmum, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar? Hvað er þörf fyrir marga sérkennara, skipt eftir fræðsluumdæmum?

Meðfylgjandi tölur sýna fjölda starfandi sérkennara eftir fræðsluumdæmum: Reykjavík 63, Reykjanes 36, Vesturland 10, Vestfirðir 3, Norðurland vestra 2, Norðurland eystra 16, Austurland 4, Suðurland 9. Samtals 143.

Varðandi síðari hluta spurningarinnar eru nýjustu upplýsingar úr skýrslu sem menntamálaráðuneytið gerði til að mynda sér skoðanir á þörf á menntun sérkennara. Þessari skýrslu var lokið 1984.

Leitað var upplýsinga um þörfina hjá fræðslustjórum. Sýnir meðfylgjandi tafla mat á þörfinni miðað við úthlutað kennslumagn 1982–83.

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Reykja-vík
a. Með 1 árs framhaldsnám í kennslu lestregra og vangefinna	10	7	4	14	19	11	30	37
b. Með 2ja ára framhaldsnám								
1. Kennarar heilaskaddaðra og vangefinna	3	2	4	6	6	4	8	16
2. Kennarar nemenda með hegðunarvandkvæði	1	1		2	6		2	12
3. Talkennarar	1	1	2	4	4		10	4
4. Heyrnleysingjakennarar								
5. Blindrakennarar								
6. Daufblindrakennarar								
Samtals (a=99)	5	4	6	12	16	4	20	32
Samtals (a+b=231)	15	11	10	26	35	15	50	69

11. Hvernig hafa verið leyst vistunarmál nemenda utan af landi sem sækja þurfa sérkennslu utan síns fræðsluumdæmis?

Við Heyrnleysingjaskólann eru 2 hús sem hvort hefur sína föstu húsmóður. Í öðru eru vistaðir 4 nemendur en 8 í hinu. Við Öskjuhlíðarskólann er 1 hús í Garðabæ, sem rekið er með sama sniði, fyrir þá nemendur sem ekki er unnt að fá fyrir fósturforeldra vegna fötlunar. Flestir nemendur eru hins vegar vistaðir hjá fósturforeldrum sem fengnir eru til þess starfs fyrir gjald sem ráðuneytið greiðir. Vistunin er að ráði og undir eftirliti félagsráðgjafa skólans. Þessi háttur er hafður á til að nemendurnir geti lifað sem eðlilegustu fjölskyldulífi þrátt fyrir fjarlægð frá eigin heimili. Aðrir nemendur sem þurft hafa að vistun vegna skólagöngu hafa verið vistaðir á sama hátt.

12. Hve margir njóta kennslu í heimahúsum, sbr. 18. gr.? Hver er þörfin?

SVÖR FRÆÐSLUSTJÓRA:

Reykjavík:

Sjúkrakennsla, sem ýmist fer fram í heimahúsi eða á spítala, segir fremur lítið um magnið þótt gefinn sé upp fjöldi nemenda. Þar er tímamagnið jafn misjafnt og nemendur eru margir og einnig tímalengd kennslunnar. En á s.l. ári hlutu 74 nemendur slíka kennslu í meira eða minna mæli.

Reykjanes:

Kennsla í heimahúsum hefur aðallega verið sjúkrakennsla. Hér er um fá börn að ræða og er fjöldinn breytilegur frá ári til árs. Þessi börn eru talin með í fjöldatölum um stuðnings- og sérkennslu.

Vesturland:
Kennsla í heimahúsum heyrir til algerra undantekninga og á sér eingöngu stað ef um er að ræða veikindi sem hamla því að nemandi geti sótt skóla. Í stöku tilfellum hefur fræðslustjóri beitt sér fyrir því að nemendur, sem stofnanir utan svæðis hafa vistað á sveitaheimilum með því fororði að þeir fengju kennslu í heimahúsum, færu í skóla. Hefur það heppnast.

Vestfirðir:
Enginn. Ekki vitað um þörf.

Norðurland vestra:
Eins og er fá engin börn héðan úr umdæminu kennslu í heimahúsum á kostnað hins opinbera.

Norðurland eystra:
Tveir nemendur fá sjúkrakennslu sem stendur. Þörf fyrir slíka kennslu virðist að jafnaði vera fyrir 2–4 nemendur hverju sinni.

Austurland:
Aðeins örfáir nemendur hafa þurft á þessari þjónustu að halda tímabundið. Engin beiðni hefur borist á yfirstandandi skólaári.

Suðurland:
Einn nemandi fær kennslu í heimahúsi að hluta vegna sjúkdóms.

13. Hvar hafa verið stofnuð skólaathvörf og lesver, sbr. 20. gr.? Hver er þörfin?

SVÖR FRÆÐSLUSTJÓRA:

Reykjavík:
Skólaathvörf eru 6 í Reykjavík. Æskilegt væri að hafa athvarf við hvern skóla.

Reykjanes:
Lesver eru í öllum skólum í umdæminu. Engin „skólaathvörf" eru í umdæminu en skóladagheimili eru starfrækt á vegum sveitarfélaga á tveimur stöðum.

Vesturland:
Skólaathvarf hefur verið í Grunnskóla Eyrarsveitar undanfarin fjögur skólaár. Heimild hefur verið fyrir athvarfi við Grunnskóla Hellissands sem ekki hefur verið nýtt til stofnunar eiginlegs athvarfs en varið til hliðstæðs stuðnings við þá nemendur sem þess hafa þurft. Þörf er fyrir athvarf á Akranesi og í Ólafsvík og víðar fyrir starfsemi sem verið gæti athvarfsígildi fyrir nemendur sem búa við erfiðar aðstæður til undirbúnings fyrir skóla heimafyrir.
Lesver eða eitthvað í þá veru er komið í allmarga skóla, misvel búin að vísu, og fleiri eru í undirbúningi eftir því sem húsnæðisaðstaða og fjárhagsgeta sveitarfélaga leyfir. Lesver er nauðsynlegt í hverjum skóla.

Vestfirðir:

Skólaathvörf hafa hvergi verið stofnuð. Lesver eru á Patreksfirði og Ísafirði. Eðlilegast er að lesver séu við alla skóla í kauptúnum, átta lesver auk þeirra sem fyrr eru talin.

Norðurland vestra:

Engin svokölluð skólaathvörf eru í þessu fræðsluumdæmi. Það er skilgreiningaratriði hve mörg lesver eru hér í umdæminu. Spurningin er hvenær hægt er að kalla herbergi sem er notað til stuðnings- og sérkennslu „lesver". Svarið er einhvers staðar milli fjögur og sjö lesver.

Norðurland eystra:

Skólaathvörf hafa ekki verið stofnuð í umdæminu. Þess má geta að Barnaskóli Akureyrar sótti haustið 1986 um leyfi fyrir skólaathvarf til skólanefndar Akureyrar. Það fékkst ekki. Lesver hafa verið stofnuð í nánast öllum skólum í umdæminu. Þar fer fram stuðningskennsla í lestri.

Austurland:

Engin skólaathvörf eru á Austurlandi. Fyrirspurnir hafa borist frá Neskaupstað. Lesver eða einhver aðstaða af því tagi er í flestum skólum.

Suðurland:

Athvarf er í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Þörfin virðist vera fyrir hendi í þéttbýli. Lesver eru í Vestmannaeyjum, á Selfossi, Kirkjubæjarklaustri, Hellu, Laugalandi í Holtum, Stokkseyri, í Reykholti í Biskupstungum, á Ljósafossi og í Hveragerði og Þorlákshöfn. Í öllum stærri skólum er þörf fyrir lesver, en húsnæði býður ekki alls staðar upp á að það sé framkvæmanlegt.

14. Hve margir nemendur hafa fengið fræðslu og verklega þjálfun eftir skólaskyldualdur, sbr. 3. gr. C í reglugerðinni? Hver er þörfin, skipt eftir fræðsluumdæmum?

Nemendur í öllum sérskólum.

15. Hvernig hefur verið staðið að samræmdum aðgerðum vegna sérkennslu fyrir landið allt, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar?

4. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Fræðslustjórar skulu, að höfðu samráði við skólastjórnir grunnskóla umdæmisins, svo og sérfræðiþjónustu (sérfræðideild) við Öskjuhlíðarskóla, gera tillögur um meginskipulag sérkennslu í umdæmum sínum og leggja þær fyrir fræðsluráð.

Menntamálaráðuneytið samræmir tillögur og gerir síðan heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu innan og utan grunnskóla. Þau mál, sem við verður ráðið heima í fræðsluumdæmunum að dómi ráðuneytisins, verði leyst þar, ýmist í almennum grunnskóla eða á annan hátt, en torleystari mál verði leyst með samræmdum aðgerðum fyrir landið allt.

Fræðslustjóri sér um að áætluð og samþykkt sérkennsla í umdæminu sé framkvæmd.

Um inntöku nemenda í stofnanir samkvæmt a-, b- og f-lið 2. gr. gildir eftirfarandi:

Sé um að ræða sérstofnanir, er þjóna landinu öllu, skal fræðslustjóri (sálfræðideild) senda beiðni til sérfræðideildar Öskjuhlíðarskóla um inntöku og tekur hún og viðkomandi skólastjóri (forstöðumaður) ákvörðun um vistun nemenda og flutning þeirra. Þjóni sérstofnun, sérskóli eða sérdeild hins vegar ákveðnu fræðsluumdæmi tekur fræðslustjóri (sálfræðideild) þess í samráði við viðkomandi skólastjóra (forstöðumann) á sama hátt

ákvörðun um vistun nemanda. Verði ágreiningur skal málið lagt fyrir menntamálaráðuneytið.

Sé um að ræða börn á forskólaaldri geta foreldrar (forráðamenn) og sérfræðingur (læknir, sálfræðingur o.s.frv.) óskað eftir greiningu á þeim sbr. 10. gr.

Ákvarðanir um tilhögun og framkvæmd þessarar sérkennslu, sem hver almennur grunnskóli á rétt á samkvæmt reglugerð nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla, sbr. 20. gr. grunnskólalaga, tekur skólastjóri.“

SVÖR FRÆÐSLUSTJÓRA:

Reykjavík:
Ekkert svar.

Reykjanes:
Ekkert svar.

Vesturland:
Þar hefur komið til starf sérkennslufulltrúa menntamálaráðuneytis. Fræðslustjórar hafa miðlað upplýsingum sín á milli um einstaklinga sem þurft hafa aðstoðar við. Einnig hafa sérfræðingar ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu haft samvinnu og samráð.

Vestfirðir:
Ekkert svar.

Norðurland vestra:
4. gr. reglugerðarinnar er bæði úrelt og ruglingsleg sem ljóslega sést ef þetta ákvæði er borið saman við lagaákvæði um Greiningarstöð ríkisins og reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

En almennt má segja að á þessu sviði hafi ekki verið gerð nein heildaráætlun fyrir landið allt. Mjög mismunandi hefur verið frá umdæmi til umdæmis á hvaða grundvelli upplýsingum hefur verið safnað, á hvaða grundvelli þjónustan hefur verið skipulögð, hvernig þörfin hefur verið metin, hvernig staðið hefur verið að eftirliti og þess háttar. Þessi mismunur er til kominn m.a. af því að ekki hefur verið mótuð nein skýr stefna eða viðmiðunarreglur og vegna þess að ekki hefur verið skýrt hvernig skilja bæri andstæð ákvæði í mismunandi lögum og reglugerðum um þessi mál (mikilvægast: reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, reglugerð um sérkennslu og lög um málefni fatlaðra). Fjórða grein sérkennslureglugerðarinnar, sem m.a. vísar til 10. gr. sömu reglugerðar, hefur t.d. ekki verið breytt til samræmis við lög um Greiningarstöð ríkisins.

Þannig má segja að 4. gr. sérkennslureglugerðarinnar, eins og fleiri greinar hennar, hafi strax orðið úrelt með tilkomu reglugerðar um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, enn úreltari eftir tilkomu laga um Greiningarstöð ríkisins og hún hefur í raun aldrei komist til framkvæmda.

Norðurland eystra:
Fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra er ekki kunnugt um að staðið hafi verið að nokkrum samræmdum aðgerðum fyrir landið allt vegna sérkennslu.

Austurland:

Eining hefur verið um þá stefnu að leggja aðaláhersluna á að leysa þessi mál í grunnskólunum sjálfum og stuðla þannig að þeirri heillaþróun að fatlaðir gætu verið sem lengst og mest á heimilum sínum. Þá hefur blöndun nemenda í skólum góð uppeldisleg áhrif í för með sér.

Dagleg samskipti *allra* barna ættu að tryggja betur en allt annað fordómalausa afstöðu þeirra til þessara mála í framtíðinni.

Að öðru leyti vísa ég þessari spurningu til ráðuneytisins.

Suðurland:

Nemendur frá Suðurlandi sem þörfnuðust sérkennslu voru áður sendir til Reykjavíkur og stunduðu þá nám í Öskjuhlíðarskóla og eru þar enn örfáir nemendur. Árið 1982 fékkst leyfi fyrir sérdeild í Vestmannaeyjum, en sú deild hafði starfað áður um nokkurra ára skeið, og var þá hjálparkennslukvóti skólans notaður í deildinni, þannig að lítil sem engin hjálparkennsla fór fram í skólanum sjálfum.

Haustið 1981 var sérdeildin á Þingborg lögð niður, en stofnuð sérdeild og þjálfunardeild við Barnaskólann á Selfossi. Nemendur úr nágrannabyggðum Selfoss stunda sitt nám í þessum deildum og eru þá ýmist vistaðir þar eða keyrðir heim ef mögulegt er.

Umsóknir um sérkennsluþörf, sem árlega eru sendar ráðuneytinu, eru byggðar á skýrslum frá starfsmönnum sálfræðideildar fræðsluumdæmisins.

16. Telur menntamálaráðherra þörf á endurskoðun reglugerðar um sérkennslu? — Ef svo er, hverjar eru meginhugmyndir ráðherrans varðandi þá endurskoðun?

Skólamálaskrifstofa ráðuneytisins hefur endurskoðaða reglugerð tilbúna og hefur hún verið í athugun í fjármálaskrifstofu frá því í byrjun febrúar 1986.

Ed. 842. Frumvarp til laga [420. mál]

um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, sbr. lög nr. 41/1986, er að finna strangar sérreglur sem gilda um innheimtu meðlagsskulda svo sem forgang stofnunarinnar varðandi kröfur í laun skuldara. Einnig má nefna að krafa um innheimtu meðlags fyrnist ekki né lögtaksrétturinn.

Í lögunum frá 1971 er heimild til handa Innheimtustofnuninni til að taka 7% ársvexti af meðlagskröfu frá gjalddaga til greiðsludags ef um vanskil af hendi barnsföður er að ræða. Með lögum nr. 41/1986 var ákveðið að ef meðlagsskyldur barnsfaðir greiddi ekki meðlag innan eins mánaðar frá gjalddaga skyldi hann greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið væri og skyldu þeir vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Þessir dráttarvextir eru nú 2,25% á mánuði og byrjaði Innheimtustofnunin að reikna þá frá 1. júlí 1986. Frá þeim tíma hefur beiðnum um lækkun eða niðurfellingu meðlagsskulda farið ört fjölgandi enda hefur vanskilavaxtatakan gert meðlagsskuldurum miklu erfiðara fyrir en áður var með að standa í skilum. Erindum einstakra meðlagsskuldara um lækkun eða niðurfellingu meðlagsskulda hefur stjórn Innheimtustofnunarinnar synjað með vísan til heimildarskorts samkvæmt lögum um stofnunina.

Til að bæta úr þeim heimildarskorti er lagt til í frumvarpi þessu að sett verði í lögin heimildarákvæði þar sem gert er ráð fyrir sveigjanleika gagnvart meðlagsskuldara ef hann á við félagslega erfiðleika að stríða, svo sem ónógar tekjur, skerta starfsorku, mikla greiðslubyrði o.s.frv. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að nánari ákvæði um þetta atriði verði sett í reglugerð.

Sþ. 843. Svar [247. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um áætluð gjöld samkvæmt framlagðri skattskrá.

Fyrirspurnin er í þremur liðum:

1. *Á hve mörg fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri þurfti að áætla gjöld á árunum 1983–86 vegna þess að framtöl þeirra bárust ekki skattstjórum fyrir lok framtalsfrests, sundurliðað á ár og skattumdæmi?*
2. *Hvert var hlutfall þeirra af framteljendum í atvinnurekstri á hverju ári og eftir umdæmum?*
3. *Hve margir af 10 hæstu gjaldendum hvers árs samkvæmt framlagðri skattskrá voru með áætluð gjöld?*

Embætti ríkisskattstjóra hefur tekið saman svör við fyrirspurninni og eru þau sett fram í töflum. Sem svör við fyrstu og annari spurningu eru töflur 1 og 2. Sem svar við þriðju spurningu eru töflur 3 og 4.

Tafla 1.

Fjöldi áætlaðra einstaklinga með atvinnurekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda með atvinnurekstur.

	1983		1984		1985		1986	
	Fjöldi áætl.	% af fjölda	Fjöldi áætl.	% af fjölda	Fjöldi áætl.	% af fjölda	Fjöldi áætl.	% af fjölda
Reykjavík	352	7,15	394	7,63	524	9,29	858	14,12
Reykjanes	198	6,17	216	6,35	236	6,41	307	7,81
Vesturland	113	7,04	64	3,71	58	3.31	76	4,12
Vestfirðir	82	6,97	126	10,71	96	7,76	93	7,23
Norðurland vestra	95	4,75	63	3,15	77	3,80	84	4,08
Norðurland eystra	72	3,01	67	2,81	66	3,47	102	3,99
Austurland	114	6,15	106	5,81	82	4,35	117	6,19
Suðurland	143	6,73	90	4,22	68	3,13	56	2,59
Vestmannaeyjar	15	6,83	27	9,85	29	10,62	45	15,73
Allt landið	1184	6,08	1153	5,74	1256	5,94	1738	7,87

Tafla 2.

Fjöldi áætlaðra skattskyldra lögaðila og hlutfall af heildarfjölda á árunum 1983 til 1986.

	1983		1984		1985		1986	
	Fjöldi áætl.	% af fjölda	Fjöldi áætl.	% af fjölda	Fjöldi áætl.	% af fjölda	Fjöldi áætl.	% af fjölda
Reykjavík	908	27,50	722	20,79	792	24,40	1015	28,84
Reykjanes	288	25,78	349	31,96	338	28,67	367	29,08
Vesturland	218	49,43	218	49,66	207	45,39	241	48,59
Vestfirðir	129	34,22	182	47,27	127	34,23	115	30,34
Norðurland vestra	55	22,00	53	21,99	62	24,41	65	23,99
Norðurland eystra	117	21,35	127	23,43	148	26,15	215	32,63
Austurland	148	41,11	187	48,70	145	41,67	158	40,83
Suðurland	112	36,36	102	33,12	100	28,74	124	33,16
Vestmannaeyjar	39	38,61	36	37,11	35	36,46	34	32,08
Allt landið	2014	29,60	1976	28,39	1954	28,47	2334	31,32

Tafla 3.

Fjöldi áætlaðra einstaklinga meðal 10 hæstu gjaldenda í hverju skattumdæmi.

	1983	1984	1985	1986
Reykjavík	1	0	3	4
Reykjanes	1	1	0	1
Vesturland	1	1	2	2
Vestfirðir	0	1	4	1
Norðurland vestra	0	1	0	0
Norðurland eystra	1	0	1	1
Austurland	3	2	4	3
Suðurland	2	1	1	0
Vestmannaeyjar	3	4	2	4

Tafla 4.

Fjöldi áætlaðra lögaðila meðal 10 hæstu gjaldenda þeirra í hverju skattumdæmi.

	1983	1984	1985	1986
Reykjavík	0	0	0	0
Reykjanes	2	0	0	0
Vesturland	2	2	3	2
Vestfirðir	1	3	1	1
Norðurland vestra	1	1	0	1
Norðurland eystra	2	1	2	1
Austurland	2	0	1	0
Suðurland	3	0	1	0
Vestmannaeyjar	2	3	1	1

Sþ. 844. Svar [381. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóns Sveinssonar um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. apríl 1986 um könnun á hvort Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík henti Hæstarétti Íslands sem dómhús er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu?

Ályktun Alþingis um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands var send embætti húsameistara ríkisins með bréfi, dags. 11. júlí 1986, þar sem þess var farið á leit að það kannaði hvort Safnahúsið gæti hentað Hæstarétti Íslands sem dómhús.

Frumathugun hefur þegar farið fram svo sem fram kemur í bréfi húsameistara ríkisins, dags. 6. mars 1986, sem hér birtist í heild ásamt könnun embættisins á húsnæðisþörf og rýmisáætlun.

„Samkvæmt ósk ráðuneytisins í bréfi frá 11. júlí 1986 hefur verið gerð frumathugun á þeim möguleika að koma starfsemi Hæstaréttar fyrir í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Eftir að hafa kannað þarfir Hæstaréttar, svo og aðstæður í Safnahúsinu við Hverfisgötu, var gengið frá tillögu í janúar 1987, svo og rýmisáætlun er sýnir samanburð á núverandi húsakosti Hæstaréttar (568 m^2 nettó) og því rými er Hæstiréttur fengi til ráðstöfunar í Safnahúsinu (1888 m^2 nettó).

Tillagan var kynnt dómurum Hæstaréttar og hafa þeir fyrir sitt leyti samþykkt öll meginatriði tillögunnar.

Tillagan byggist á því að nánast engu verði breytt í innra skipulagi hússins.

Það er álit húsameistara að Safnahúsið henti að mörgu leyti vel fyrir starfsemi Hæstaréttar og það sé í virðuleika sínum ákjósanlegur rammi um starfsemi Hæstaréttar.

Mikilvægt er einnig frá sjónarmiði húsfriðunar að gengið er út frá því sem forsendu við tillögugerðina að herbergjaskipan hússins verði nánast ekkert breytt. Nýting hússins, þ.e. gólffletarmetrar á starfsmann, er þar af leiðandi slæm, þ.e. herbergi eru stór og mikið rými fer undir annað en beina starfsemi. Fyrir starfsemi eins og Hæstarétt getur það þó jafnvel talist ákjósanlegt.

Ekki hefur enn verið gerð áætlun um þann kostnað sem því fylgir að flytja Hæstarétt í Safnahúsið. Málið er enn varla á því stigi að gera megi sundurliðaða áætlun. Ljóst er þó að

yfirfara og endurnýja þarf húsið í heild, bæði að innan og utan, þegar núverandi starfsemi flyst þaðan. Þó hefur viðhald hússins alls ekki verið vanrækt hin síðari árin. Lausleg áætlun byggð á reynslutölum bendir til að 30–40 millj. kr. (vísitala 293 stig) þurfi til endurnýjunarframkvæmda áður en Hæstiréttur gæti flutt starfsemi sína inn í húsið.“

Nd. 845. Nefndarálit [330. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 846. Þingsályktun [225. mál]

um kennslu í ferðamálum.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða undirbúningi að skipulegri kennslu í ferðamálum. Veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðamannaþjónustu svo að ekki þurfi lengur að sækja grundvallarnám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa.

Sþ. 847. Þingsályktun [317. mál]

um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 559.

Sþ. 848. Þingsályktun [170. mál]

um fjármögnunarfyrirtæki.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um fjármögnunarfyrirtæki.

Sþ. 849. Þingsályktun [93. mál]

um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga þá reynslu sem fengist hefur undanfarin ár af hagkvæmni útboða á opinberum framkvæmdum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að setja nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra, m.a. um val á verktökum.

Sþ. 850. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, „EUTELSAT".

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, „EUTELSAT", sem lagður var fram til undirritunar í París 15. júlí 1982.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í júní 1977 stofnuðu 17 aðildarríki CEPT, Evrópuráðs Pósts og síma, samtök í þeim tilgangi að reka fjarskiptatungl er fyrst og fremst þjónuðu Vestur-Evrópu.

Samtökin voru stofnuð með bráðabirgðasamkomulagi og hétu upphaflega Interim Eutelsat til að leggja áherslu á bráðabirgðaeðli þeirra. Tuttugu símstjórnir undirrituðu bráðabirgðasamkomulagið. Fyrsta gervitunglið var OTS (Orbital Test Satellite) sem sent var á braut í tilraunaskyni. Reynslan af OTS leiddi til þess að ákveðin var smíði á fjarskiptatunglum. Eru nú komin tvö á braut, Eutelsat I-F1 og I-F2.

Framtíðarskipulag Eutelsat var síðan ákveðið með stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, „EUTELSAT", sem undirritaður var í París 15. júlí 1982. Jafnframt var gerður rekstrarsamningur milli símstjórna aðildarríkjanna. Stofnsamningurinn öðlaðist gildi 1. september 1985 þegar tveir þriðju hlutar undirritunaraðila Interim Eutelsat höfðu staðfest hann. Var Interim Eutelsat þá lagt niður.

Stofnsamningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í París 27. ágúst 1985, með fyrirvara um fullgildingu.

Allsherjarþing, þar sem öll þátttökuríki (hluthafar) eiga sæti með jöfnum atkvæðisrétti, fer með æðsta vald innan Eutelsatstofnunarinnar, tekur afstöðu til allra meginmála og hefur endanlegt ákvörðunarvald. Framkvæmdastjórn Eutelsat mynda undirritunaraðilar og hafa þeir atkvæðisrétt í hlutfalli við hlutafjáreign.

Gervitungl Eutelsat veita svæðisbundna fjarskiptaþjónustu. Svæðið, sem um ræðir, er Vestur-Evrópa en geislar gervitunglanna ná einnig yfir hluta Austur-Evrópu og Norður-Afríku. Símstjórnir, sem aðild eiga að Eutelsat, leigja rásir í aðaltunglinu (F2) til sinna þarfa hvort sem þær eru fyrir tal, telex, gagnasendingar, sjónvarpssendingar eða annað. Símstjórnirnar hafa einnig tekið á leigu heila magnara í varatunglinu (F1) og nota þá eða leigja út fyrir flutning sjónvarpsefnis. Eutelsat hefur einnig í hyggju að veita þjónustu stórfyrirtækjum sem hafa mikla þörf fyrir fjarskipti.

Þátttaka Íslands er fjárhagslega hagkvæm og áhættulítil. Gert er ráð fyrir að hlutafjáreign verði tengd notkun hvers ríkis á fjarskiptatunglunum þar með talinn sjónvarpsflutningur milli landa. Lágmarkshlutafjáreign er 0,05%. Stofnfé Íslands, sem lagt var fram sem hlutafé árið 1985, var 614 411,80 kr., en arðsemi þess er áætluð 14% á ári.

Fyrir Póst- og símamálastofnun er fjárhagslegur ávinningur af því að koma á sambandi við önnur Evrópulönd um fjarskiptatungl Eutelsat, en afnotagjöld Eutelsat eru lægri en gjöld Alþjóðastofnunar fjarskipta um gervihnetti (INTELSAT) fyrir sambærilega þjónustu. Með þátttöku í Eutelsat og hugsanlegri byggingu nýrrar jarðstöðvar á Íslandi mun enn fremur skapast meira öryggi fyrir alþjóðlega símaþjónustu. Í gervitunglum Eutelsat og þeim jarðstöðvum, sem skipta við þau, eru notaðar nýjustu tækniaðferðir og er aðgangur að þessari tækni mjög gagnlegur.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samningsins.

Fylgiskjal.

STOFNSAMNINGUR EVRÓPUSTOFNUNAR FJARSKIPTA UM GERVITUNGL „EUTELSAT“

INNGANGUR

Aðildarríki samnings þessa

leggja áherslu á mikilvægi fjarskipta um gervitungl í sambandi við þróun samskipta og viðskipta þjóða sinna, svo og óska þeirra um að styrkja samvinnu sína á því sviði.

líta til þess að bráðabirgðastofnun Evrópu varðandi fjarskipti um gervitungl, INTERIM EUTELSAT, var komið á fót í þeim tilgangi að reka geimskor evrópskra fjarskiptakerfa um gervitungl.

hafa í huga viðeigandi ákvæði samningsins um rannsóknir og not ríkja af geimnum, þ.á m. tunglinu og öðrum hnöttum, sem gerður var í Lundúnum, Moskvu og Washington hinn 27. janúar 1967.

vilja halda áfram að koma þessum fjarskiptakerfum um gervitungl á fót þannig að þau verði hluti af bættu evrópsku fjarskiptakerfi sem láti öllum þátttökuríkjum í té aukna fjarskiptaþjónustu að skaðlausu fyrir hvers kyns réttindi og skuldbindingar ríkjanna, sem eru aðilar að samningnum um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, INTELSAT, sem gerður var í Washington hinn 20. ágúst 1971, eða að samningnum um alþjóðastofnun fjarskipta á sjó um gervitungl, INMARSAT, sem gerður var í Lundúnum hinn 3. september 1976.

eru í þessu skyni staðráðin í að láta í té með atbeina mest viðeigandi fjarskiptatækni í geimnum, sem fyrir hendi er, hagkvæmustu og ódýrustu aðstöðu, sem unnt er að veita í samræmi við hagkvæmustu og réttlátustu notkun radíótíðnisviðsins og gervitunglabrauta.

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

CONVENTION ESTABLISHING THE EUROPEAN TELECOMMUNICATIONS SATELLITE ORGANIZATION "EUTELSAT"

PREAMBLE

The States Parties to this Convention,

Underlining the importance of telecommunications by satellite for the development of relations between their peoples and their economies, and their desire to strengthen their co-operation in this field,

Noting that the Provisional European Telecommunications Satellite Organization "INTERIM EUTELSAT" was established for the purpose of operating space segments of European telecommunications satellite systems,

Considering the relevant provisions of the Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, Including the Moon and Other Celestial Bodies, done at London, Moscow and Washington on 27 January 1967,

Wishing to continue the establishment of these telecommunications satellite systems as part of an improved European telecommunications network for providing expanded telecommunications services to all participating States and this without prejudice to any rights and obligations of the States which are parties to the Agreement relating to the International Telecommunications Satellite Organization "INTELSAT", done at Washington on 20 August 1971, or by the Convention on the International Maritime Telecommunications Satellite Organization "INMARSAT", done at London on 3 September 1976,

Determined, to this end, to provide, through the most appropriate space telecommunications technology available, the most efficient and economic facilities possible consistent with the most efficient and equitable use of the radio frequency spectrum and of orbital space,

Agree as follows:

I. gr.

(Skilgreiningar)

Í samningi þessum

a) merkir „samningurinn“ stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem lagður var fram til undirritunar ríkisstjórna í París hinn 15. júlí 1982, þ.á m. inngang hans og viðauka;

b) merkir „rekstrarsamkomulag“ samkomulagið um rekstur Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem lagt var fram til undirritunar í París hinn 15. júlí 1982, þ.á m. inngang þess og viðauka;

c) merkir „bráðabirgðasamningurinn“ samkomulag um stofnun bráðabirgðastofnunar Evrópu varðandi fjarskipti um gervitungl, INTERIM EUTELSAT, sem gert var í París hinn 13. maí 1977 milli stofnana eða viðurkenndra einkafyrirtækja og komið í vörslu franskra stjórnvalda;

d) merkir „ECS samningurinn“ viðbótarsamning bráðabirgðasamkomulagsins varðandi geimskor fjarskiptakerfisins um gervitungl fyrir fastaþjónustu (ECS) sem gert var í París hinn 10. mars 1978;

e) merkir „aðili“ ríki sem samningurinn hefur gengið í gildi hjá eða sem hefur framfylgt honum til bráðabirgða;

f) merkir „undirritunaraðili“ fjarskiptaaðila eða aðila sem hefur undirritað rekstrarsamkomulagið og það hefur gengið í gildi hjá eða verið framfylgt til bráðabirgða;

g) merkir „geimskor“ safn fjarskiptatungla ásamt sporun, fjarmælingu, skipunum, stýringu, eftirliti og skyldri aðstöðu og búnaði til stuðnings rekstrar gervitunglanna;

h) merkir „EUTELSAT geimskor“ geimskor í eigu eða leigu EUTELSAT í þeim tilgangi sem um getur í stafliðum a), b), c) og e) III. greinar samningsins;

i) merkir „fjarskiptakerfi um gervitungl“ eiingu sem geimskor myndar með jarðstöðvunum er aðgang hafa að geimskorinni;

j) merkir „fjarskipti“ hvers kyns flutning, sendingu eða móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða upplýsinga hverju nafni sem nefnast eftir þráðum, radíó, ljósgeislum eða öðrum rafsegulkerfum;

ARTICLE 1

(Definitions)

For the purposes of this Convention:

a) "Convention" means the Convention establishing the European Telecommunications Satellite Organization "EUTELSAT", including its Preamble and its Annexes, opened for signature by Governments at Paris, on 15 July 1982;

b) "Operating Agreement" means the operating Agreement relating to the European Telecommunications Satellite Organization "EUTELSAT", including its Preamble and its Annexes, opened for signature, at Paris, on 15 July 1982;

c) "Provisional Agreement" means the Agreement on the Constitution of a Provisional European Telecommunications Satellite Organization "INTERIM EUTELSAT", done at Paris, on 13 May 1977 between Administrations or Recognized Private Operating Agencies and deposited with the French Administration;

d) "ECS Agreement" means the Supplementary Agreement to the Provisional Agreement relating to the space segment of the Satellite Telecommunications System for the Fixed Service (ECS), done at Paris, on 10 March 1978;

e) "Party" means a State for which the Convention has entered into force or has been provisionally applied;

f) "Signatory" means the telecommunications entity or the Party which has signed the Operating Agreement and for which it has entered into force or has been provisionally applied;

g) "Space segment" means a set of telecommunications satellites, and the tracking, telemetering, command, control, monitoring and related facilities and equipment for the operational support of those satellites;

h) "EUTELSAT Space Segment" means the space segment owned or leased by EUTELSAT for the purpose of the objectives listed under paragraphs a), b), c) and e) of Article III of the Convention;

i) "Satellite telecommunications system" means the unit formed by a space segment and the earth stations having access to that space segment;

j) "Telecommunications" means any transmission, emission or reception of signs, signals, writing, images and sounds or intelligence of any nature, by wire, radio, optical or other eletromagnetic systems;

k) merkir „almenn fjarskiptaþjónusta“ fasta eða færanlega fjarskiptaþjónustu sem hægt er að láta í té um gervitungl og er til afnota fyrir almenning, svo sem talsíma, ritsíma, telex, myndsendingu, gagnasendingu, upplýsingaveitu (videotex), sendingu hljóðvarps- og sjónvarpsdagskráa milli viðurkenndra jarðstöðva, sem aðgang hafa að EUTELSAT geimskor, til sendingar áfram til almennings; fjölþjónustusendingar; og leigðar rásir til afnota við hvers kyns framangreinda þjónustu;

l) merkir „sérhæfð fjarskiptaþjónusta“ fjarskiptaþjónustu sem hægt er að láta í té um gervitungl aðra en þá, sem stafliður k) þessarar greinar tekur til, þ.á m., en ekki takmarkað við, radíóleiðsögu, útvarp um gervitungl, geimrannsóknir, veðurþjónustu og þjónustu varðandi fjarkönnun auðlinda jarðar.

II. gr.
(Stofnun EUTELSAT)

a) Aðilarnir stofna hér með Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl EUTELSAT sem í samningi þessum nefnist EUTELSAT.

b) Sérhverjum aðila ber að tilnefna opinbera stofnun eða einkafyrirtæki á fjarskiptasviði innan lögsögu hans til að undirrita rekstrarsamkomulagið, nema aðilinn sjálfur undirriti það.

c) Fjarskiptastofnanir og fyrirtæki geta samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis samið um og gerst beinir aðilar að fjarskiptasamningum um notkun fjarskiptaaðstöðu sem látin er í té samkvæmt samningnum og rekstrarsamkomulaginu, svo og um almenningsþjónustu, virki, skiptingu tekna og skyld viðskiptaatriði.

d) Viðeigandi ákvæði viðauka A við samninginn koma til framkvæmda í þeim tilgangi að tryggja órofið samhengi milli starfsemi INTERIM EUTELSAT og EUTELSAT.

III. gr.
(Athafnasvið EUTELSAT)

a) Helsti tilgangur EUTELSAT er að hanna, þróa, byggja, stofna, reka og halda við geimskor evrópsks fjarskiptakerfis eða kerfa um gervitungl. Í þessu sambandi er það aðalmarkmið EUTELSAT að leggja til geimskor sem á þarf að halda fyrir alþjóðlega almenna fjarskiptaþjónustu í Evrópu.

k) "Public telecommunications services" means fixed or mobile telecommunications services which can be provided by satellite and which are available to the public, such as telephony, telegraphy, telex, facsimile, data transmission, videotex, transmission of radio and television programmes between approved earth stations having access to the EUTELSAT space segment for further transmission to the public; multiservices transmissions; and leased circuits to be used in any of these services;

l) "Specialized telecommunications services" means telecommunications services which can be provided by satellite, other than those defined in paragraph k) of this Article, including, but not limited to, radio navigation services, broadcasting satellite services, space research services, meteorological services, and remote sensing of earth resources.

ARTICLE II
(Establishment of EUTELSAT)

a) The Parties hereby establish the European Telecommunications Satellite Organization "EUTELSAT", hereinafter referred to as "EUTELSAT".

b) Each Party shall designate a public or private telecommunications entity subject to its jurisdiction to sign the Operating Agreement, unless such Party itself signs the Operating Agreement.

c) Telecommunications administrations and entities may, subject to applicable domestic law, negotiate and enter directly into traffic agreements for their use of telecommunications facilities provided under the Convention and the Operating Agreement, as well as for services to the public, installations, division of revenues and related business arrangements.

d) The relevant provisions of Annex A to the Convention shall apply for the purpose of ensuring continuity between the activities of INTERIM EUTELSAT and those of EUTELSAT.

ARTICLE III
(Scope of EUTELSAT activities)

a) The main purpose of EUTELSAT shall be the design, development, construction, establishment, operation and maintenance of the space segment of the European telecommunications satellite system or systems. In this context, EUTELSAT shall have as its prime objective the provision of the space segment required for

b) Á sama grundvelli og fyrir alþjóðlega almenna fjarskiptaþjónustu ber einnig að láta í té EUTELSAT geimskor fyrir innlenda almenna fjarskiptaþjónustu í Evrópu, annaðhvort milli svæða, sem aðskilin eru af svæðum er ekki eru innan lögsögu sama aðilans, eða milli svæða innan lögsögu sama aðilans sem aðskilin eru af úthafi.

c) Svo fremi getu EUTELSAT til að ná aðalmarkmiði sínu sé ekki spillt má einnig veita öðrum innlendum og alþjóðlegum fjarskiptaþjónustum aðgang að geimskor EUTELSAT.

d) Í starfsemi sinni ber EUTELSAT að beita meginreglunni um að gera ekki upp á milli undirritunaraðila.

e) Samkvæmt beiðni og með viðeigandi skilmálum og skilyrðum má einnig nota EUTELSAT geimskor, sem er fyrir hendi eða í uppsetningu þegar beiðni kemur fram, í Evrópu fyrir sérhæfða fjarskiptaþjónustu annaðhvort á alþjóðasviði eða innanlands eins og segir í 1. tl. I. greinar samningsins, en ekki í hernaðartilgangi, að því tilskildu að:

i) það hafi ekki óhagstæð áhrif á almenna fjarskiptaþjónustu,

ii) fyrirkomulagið sé á annan hátt viðunandi frá tækni- og fjárhagssjónarmiði.

f) Samkvæmt beiðni og með viðeigandi skilmálum og skilyrðum getur EUTELSAT látið í té gervitungl og tengd tæki, utan þau er tilheyra geimskor EUTELSAT, til handa:

i) almennri fjarskiptaþjónustu innanlands;

ii) almennri fjarskiptaþjónustu á alþjóðasviði;

iii) sérhæfðri fjarskiptaþjónustu annarri en í hernaðartilgangi;

svo fremi að það hafi hvergi óhagstæð áhrif á hagkvæman og ódýran rekstur EUTELSAT.

g) EUTELSAT getur annast hvers kyns rannsóknir og tilraunir í beinu sambandi við tilgang stofnunarinnar.

IV. gr.
(Lögpersóna)

a) EUTELSAT skal vera persóna að lögum.

b) EUTELSAT skal vera fyllilega bær stofnun til að stunda starfsemi sína og ná tilgangi sínum og getur sér í lagi:

international public telecommunications services in Europe.

b) The EUTELSAT Space Segment shall also be made available on the same basis as international public telecommunications services for domestic public telecommunications services in Europe, either between areas separated by areas which do not fall under the jurisdiction of the same Party or between areas falling under the jurisdiction of the same Party but separated by the high seas.

c) As long as the ability of EUTELSAT to achieve its prime objective is not impaired, the EUTELSAT Space Segment may also be made available for other domestic or international public telecommunications services.

d) In the implementation of its activities EUTELSAT shall apply the principle of non-discrimination as between Signatories.

e) On request and under appropriate terms and conditions, the EUTELSAT Space Segment, existing or being implemented at the time of such a request, may also be utilized in Europe for specialized telecommunications services either international or domestic as defined in paragraph 1) of Article I of the Convention, but not for military purposes, provided that:

i) the provision of public telecommunications services is not unfavourably affected;

ii) the arrangements are otherwise acceptable from a technical and economic point of view.

f) EUTELSAT may, on request and under appropriate terms and conditions, provide satellites and associated equipment separate from those for the EUTELSAT Space Segment for:

i) domestic public telecommunications services;

ii) international public telecommunications services;

iii) specialized telecommunications services, other than for military purposes;

provided that the efficient and economic operation of the EUTELSAT Space Segment is not unfavourably affected in any way.

g) EUTELSAT may undertake any research and experimentation in fields directly connected with its purposes.

ARTICLE IV
(Legal Personality)

a) EUTELSAT shall have legal personality.

b) EUTELSAT shall enjoy the full capacity necessary for the exercise of its functions and the achievement of its purposes, and may in particular:

i) gert samninga;
ii) eignast, leigt, haft og látið af hendi lausafé og fastafé;
iii) verið aðili að málssókn;
iv) gert samninga við ríki eða alþjóðastofnanir.

V. gr.
(Fjármálareglur)

a) EUTELSAT eigi eða leigi EUTELSAT geimskor og eigi allar aðrar eignir sem EUTELSAT áskotnast. Undirritunaraðilar bera ábyrgð á fjármögnun EUTELSAT.

b) EUTELSAT skal rekið á heilbrigðum efnahagslegum og fjárhagslegum grundvelli í samræmi við viðurkenndar viðskiptareglur.

c) Sérhver undirritunaraðili skal hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta í EUTELSAT í hlutfalli við fjárframlag sitt í samræmi við hundraðshluta sinn í nýtingu allra undirritunaraðila á geimskor EUTELSAT eins og hún ákvarðast í rekstrarsamkomulaginu. Enginn undirritunaraðili skal þó eiga minna en lágmarksfjárframlag er greinir í rekstrarsamkomulaginu, jafnvel þótt nýting hans á geimskor EUTELSAT sé engin.

d) Sérhverjum undirritunaraðila ber að leggja af mörkum til höfuðstólsþarfa EUTELSAT og fá endurgreiðslu höfuðstóls og bætur vegna notkunar höfuðstóls samkvæmt rekstrarsamkomulaginu.

e) Öllum notendum EUTELSAT geimskorar ber að greiða nýtingargjöld sem ákvarðast samkvæmt ákvæðum samningsins og rekstrarsamkomulagsins.

i) Upphæð nýtingargjalds fyrir sérhverja tegund nýtingar sé hin sama fyrir allar opinberar stofnanir eða einkafyrirtæki fjarskipta á landsvæði innan lögsögu aðilanna, sem sækja um geimskoraraðild fyrir þá tegund nýtingar.

ii) Að því er varðar opinberar stofnanir og einkafyrirtæki fjarskipta, sem heimilt er að nýta geimskor EUTELSAT samkvæmt 16. grein rekstrarsamkomulagsins fyrir landsvæði sem eru ekki innan lögsögu aðila, getur stjórn undirritunaraðila ákvarðað upphæðir nýtingargjalds sem séu aðrar en þær er um getur í málslið i) hér að framan, en sama gjald skal gilda fyrir sömu tegund nýtingar.

f) EUTELSAT getur, að fenginni samhljóða ákvörðun stjórnar undirritunaraðila, fjármagnað

i) enter into contracts;
ii) acquire, lease, hold and dispose of movable and immovable property;
iii) be a party to legal proceedings;
iv) conclude agreements with States or international organizations.

ARTICLE V
(Financial Principles)

a) EUTELSAT shall own or lease the EUTELSAT Space Segment and shall own all other property acquired by EUTELSAT. The Signatories shall be responsible for financing EUTELSAT.

b) EUTELSAT shall operate on a sound economic and financial basis having regard to accepted commercial principles.

c) Each Signatory shall have a financial interest in EUTELSAT in proportion to its investment share and this shall correspond to its percentage of all utilization of the EUTELSAT Space Segment by all Signatories as determined under the Operating Agreement. However, no Signatory, even if its utilization of the EUTELSAT Space Segment is nil, shall have an investment share less than the minimum investment share specified in the Operating Agreement.

d) Each Signatory shall contribute to the capital requirements of EUTELSAT and shall receive capital repayment and compensation for use of capital in accordance with the Operating Agreement.

e) All users of the EUTELSAT Space Segment shall pay utilization charges determined in accordance with the provisions of the Convention and the Operating Agreement.

i) The rates of utilization charge for each type of utilization shall be the same for all public or private telecommunications entities in territories under the jurisdiction of Parties, which apply for space segment capacity for that type of utilization.

ii) For public or private telecommunications entities authorized to utilize the EUTELSAT Space Segment under Article 16 of the Operating Agreement for territories which are not under the jurisdiction of a Party, the Board of Signatories may determine rates of utilization charge different from those referred to in subparagraph i) above, but the same rate shall be applied to these entities for the same type of utilization.

f) The satellites and associated equipment referred to in paragraph f) of Article III of the

gervitungl og tengd tæki sem um getur í staflið f) III. greinar samningsins. Ella verði þau fjármögnuð af þeim, sem óska eftir þeim, samkvæmt skilmálum og skilyrðum er stjórn undirritunaraðila setur með tilliti til þess að mæta a.m.k. öllum viðeigandi kostnaði sem EUTELSAT verður fyrir, en sá kostnaður telst ekki hluti fjármagnsþarfa EUTELSAT samkvæmt skilgreiningu stafliðs b) í 4. grein rekstrarsamkomulagsins. Slík gervitungl og tengd tæki teljast ekki hluti geimskorar EUTELSAT samkvæmt merkingu stafliðs h) I. greinar samningsins.

Convention may, by the unanimous decision of the Board of Signatories, be financed by EUTELSAT. Otherwise they shall be financed by those requesting them on terms and conditions set by the Board of Signatories with a view to covering at least all relevant costs borne by EUTELSAT which costs shall not be considered as part of the capital requirements of EUTELSAT as defined in paragraph b) of Article 4 of the Operating Agreement. Such satellites and associated equipment do not form part of the EUTELSAT Space Segment within the meaning of paragraph h) of Article I of the Convention.

VI. gr.
(Skipulag EUTELSAT)

a) Innan EUTELSAT skulu vera eftirtaldar stofnanir:
i) þing aðilanna;
ii) stjórn undirritunaraðila;
iii) framkvæmdastofnun með framkvæmdastjóra.

b) Sérhver stofnun starfar innan takmarka þess valds sem henni veitist í samningnum eða rekstrarsamkomulaginu. Engin stofnun má aðhafast neitt það er skaði framkvæmd valds annarrar stofnunar sem henni veitist samkvæmt samningnum eða rekstrarsamkomulaginu.

ARTICLE VI
(Structure of EUTELSAT)

a) EUTELSAT shall have the following organs:
i) the Assembly of Parties;
ii) the Board of Signatories;
iii) an executive organ, headed by a Director General.

b) Each organ shall act within the limits of the powers that are conferred upon it by the Convention or by the Operating Agreement. No organ shall act in such a way as to harm the exercise by another organ of the powers vested in it by the Convention or by the Operating Agreement.

VII. gr.
(Þing aðilanna — Skipan og fundir)

a) Þing aðilanna skipa allir aðilarnir.

b) Á fundi þings aðilanna getur aðili mætt fyrir annan aðila, en enginn aðili getur verið fulltrúi fleiri en tveggja annarra aðila.

c) Framkvæmdastjóranum ber að boða fyrsta reglulegan fund þings aðilanna innan eins árs frá gildistökudegi samningsins. Síðan ber að halda reglulega fundi annað hvert ár, nema þing aðilanna ákveði á reglulegum fundi að halda beri næsta fund á öðrum tíma.

d) Þing aðilanna getur einnig haldið aukafundi að beiðni eins eða fleiri aðila sem studd er af a.m.k. þriðjungi aðila eða að beiðni stjórnar undirritunaraðila. Í slíkri beiðni ber að geta tilgangs fundarins.

ARTICLE VII
(Assembly of Parties — Composition and Meeting)

a) The Assembly of Parties shall be composed of all the Parties.

b) A Party may be represented by another Party in a meeting of the Assembly of Parties, but no Party may represent more than two other Parties.

c) The first ordinary meeting of the Assembly of Parties shall be convened by the Director General within one year after the date on which the Convention enters into force. Ordinary meetings shall thereafter be held every two years unless the Assembly of Parties decides at an ordinary meeting that the following meeting shall be held at a different interval.

d) The Assembly of Parties may also hold extraordinary meetings at the request of one or more Parties supported by at least one-third of the Parties or at the request of the Board of Signatories. Such a request shall state the purpose of the meeting.

e) Sérhver aðili greiðir eigin kostnað fulltrúa sinna á fundum þings aðilanna. Útgjöld vegna funda þings aðilanna ber að telja stjórnunarkostnað EUTELSAT samkvæmt 9. grein rekstrarsamkomulagsins.

VIII. gr.
(Þing aðilanna — Fundarsköp)

a) Sérhver aðili fer með eitt atkvæði á þingi aðilanna. Aðilar, sem sitja hjá við atkvæðagreiðslu, teljast ekki greiða atkvæði.

b) Ákvarðanir um efnisatriði ber að taka með samþykki a.m.k. ⅔ atkvæða aðilanna, sem mættir eru eða eiga fulltrúa og greiða atkvæði. Aðili, sem er fulltrúi eins eða tveggja annarra aðila samkvæmt staflið b) VII. greinar samningsins, getur greitt atkvæði sérstaklega fyrir sérhvern aðila sem hann er fulltrúi fyrir.

c) Ákvarðanir um fundarsköp ber að taka með samþykki einfalds meiri hluta atkvæða viðstaddra aðila sem atkvæði greiða, og hafa þeir eitt atkvæði hver.

d) Fundur þings aðilanna telst löglegur ef á honum mæta fulltrúar einfalds meirihluta allra aðilanna að því tilskildu að eigi færri en þriðjungur aðilanna séu mættir.

e) Þing aðilanna samþykkir fundarsköp sín sem séu í samræmi við ákvæði samningsins og feli sérstaklega í sér ákvæði um eftirfarandi:

i) kosningu formanns og annarra stjórnarmanna;
ii) fundarboðun;
iii) fulltrúa og umboð;
iv) atkvæðagreiðslur.

IX. gr.
(Þing aðilanna — Störf)

a) Þing aðilanna, sem getur haft afskipti af hvaða þætti málefna EUTELSAT sem er og áhrif hefur á hagsmuni aðilanna, gegni eftirfarandi störfum:

i) að hyggja að almennri stefnumörkun og langtíma tilgangi EUTELSAT í samræmi við meginreglur, tilgang og athafnasvið EUTELSAT sem ráð er fyrir gert í samningnum og að láta í ljós skoðanir eða gera tillögur í því efni til stjórnar undirritunaraðila;
ii) að gera tillögur til stjórnar undirritunaraðila um viðeigandi ráðstafanir til að koma

e) Each Party shall meet its own costs of representation at meetings of the Assembly of Parties. Expenses of meetings of the Assembly of Parties shall be regarded as an administrative cost of EUTELSAT for purpose of Article 9 of the Operating Agreement.

ARTICLE VIII
(Assembly of Parties — Procedure)

a) Each Party shall have one vote in the Assembly of Parties. Parties abstaining from voting shall be considered as not voting.

b) Decisions on matters of substance shall be taken by an affirmative vote cast by at least two-thirds of the Parties present or represented and voting. A Party which represents one or two other Parties under paragraph b) of Article VII of the Convention may vote separately for each Party it represents.

c) Decisions on procedural matters shall be taken by an affirmative vote cast by a simple majority of the Parties present and voting, each having one vote.

d) A quorum for any meeting of the Assembly of Parties shall consist of representatives of a simple majority of all the Parties, provided that not less than one-third of all the Parties are present.

e) The Assembly of Parties shall adopt its rules of procedure, which shall be consistent with the provisions of the Convention and which, in particular, shall include provisions for:

i) election of its Chairman and other officers;
ii) convening of meetings;
iii) representation and accreditation;
iv) voting procedures.

ARTICLE IX
(Assembly of Parties — Functions)

a) The Assembly of Parties, which may concern itself with any aspect of EUTELSAT which affects the interests of the Parties, shall have the following functions:

i) to give consideration to the general policy and long-term objectives of EUTELSAT consistent with the principles, objectives and scope of activities of EUTELSAT, as provided for in the Convention and to express views or make recommendations thereon to the Board of Signatories;
ii) to recommend to the Board of Signatories appropriate measures to prevent the ac-

í veg fyrir að aðgerðir EUTELSAT brjóti í bága við einhvern almennan marghliða samning sem er í samræmi við samninginn og a.m.k. meiri hluti aðilanna hefur gerst aðili að;

iii) að heimila eftirfarandi með almennum reglum eða sérstökum ákvörðunum samkvæmt tillögu stjórnar undirritunaraðila:

A) notkun geimskorar EUTELSAT fyrir sérhæfða fjarskiptaþjónustu samkvæmt staflið e) III. greinar samningsins;

B) útvegun gervitungla og tengdra tækja fyrir utan geimskor EUTELSAT fyrir sérhæfða fjarskiptaþjónustu samkvæmt málslið iii) stafliðs f) III. greinar samningsins;

C) útvegun gervitungla og tengdra tækja fyrir utan geimskor EUTELSAT fyrir almenna fjarskiptaþjónustu samkvæmt málsliðum i) og ii) stafliðs f) III. greinar samningsins til handa ríkjum, sem ekki eru aðilar, og til handa hvers kyns fyrirtækjum innan lögsögu þeirra ríkja;

iv) að ákvarða um aðrar tillögur stjórnar undirritunaraðila og láta í ljós álit varðandi skýrslur sem hún leggur fyrir þing aðilanna;

v) að láta í ljós samkvæmt málslið a) XVI. greinar samningsins álit á ætlaðri stofnun, öflun eða nýtingu geimskorarbúnaðar annars en fyrir geimskor EUTELSAT;

vi) að ákvarða um formlegt samband milli EUTELSAT og ríkja, hvort sem þau eru aðilar eða ekki, eða alþjóðastofnana og þá sérstaklega að samþykkja samning um aðalstöðvar sem um getur í staflið c) XVII. greinar samningsins;

vii) að íhuga kvartanir sem aðilar bera fram við það;

viii) að taka ákvarðanir samkvæmt staflið b) XVIII. greinar samningsins um úrsögn aðila úr EUTELSAT;

tivites of EUTELSAT from conflicting with any general multilateral convention which is consistent with the Convention and which is acceded to by at least a simple majority of the Parties;

iii) to authorize, through general rules or by specific decisions on the recommendation of the Board of Signatories:

A) the utilization of the EUTELSAT Space Segment for specialized telecommunications services in accordance with paragraph e) of Article III of the Convention;

B) the provision of satellites and associated equipment separate from the EUTELSAT Space Segment for specialized telecommunications services in accordance with subparagraph iii) of paragraph f) of Article III of the Convention;

C) the provision of satellites and associated equipment separate from the EUTELSAT Space Segment for public telecommunications services in accordance with subparagraphs i) and ii) of paragraph f) of Article III of the Convention to States which are not Parties and to any entity under the jurisdiction of such States.

iv) to decide on other recommendations of the Board of Signatories and express views on reports submitted to it by the Board of Signatories;

v) to express, under paragraph a) of Article XVI of the Convention, its views on the intended establishment, acquisition or utilization of space segment equipment separate from that of the EUTELSAT Space Segment;

vi) to take decisions on formal relations between EUTELSAT and States, whether Parties or not, or international organizations, and in particular to approve the Headquarters Agreement mentioned in paragraph c) of Article XVII of the Convention;

vii) to consider complaints submitted to it by Parties;

viii) to take decisions, under paragraph b) of Article XVIII of the Convention about the withdrawal of a Party from EUTELSAT;

ix) að taka ákvörðun um hvers kyns tillögu um breytingu á samningnum samkvæmt XIX. grein hans, enda sé tekið tillit til hvers kyns skoðana eða tillagna frá stjórn undirritunaraðila, og samkvæmt 22. grein rekstrarsamkomulagsins að gera tillögur um breytingar á því og láta í ljós álit á og gera tillögur um breytingar á því sem lagðar eru til á annan hátt;

x) að taka ákvörðun um hvers kyns beiðni um aðild sem fram kemur samkvæmt staflið e) XXIII. greinar samningsins.

b) Þing aðilanna leysir af hendi hvers kyns störf sem nauðsynleg eru vegna tilgangs EUTELSAT og ekki eru beinlínis falin annarri stofnun samkvæmt samningnum.

c) Við störf sín ber þingi aðilanna að taka tillit til hvers kyns viðeigandi tillagna stjórnar undirritunaraðila.

X. gr.

(Stjórn undirritunaraðila — Skipan)

a) Í stjórn undirritunaraðila sitja stjórnarmenn sem hver og einn er fulltrúi fyrir einn undirritunaraðila.

b) Undirritunaraðili getur látið annan undirritunaraðila mæta fyrir sig á fundi stjórnar undirritunaraðila, en enginn stjórnarmaður má vera fulltrúi fleiri en tveggja annarra undirritunaraðila.

XI. gr.

(Stjórn undirritunaraðila — Fundarsköp)

a) Sérhver undirritunaraðili hefur atkvæðamagn í hlutfalli við framlagshluta sinn að uppfylltum ákvæðum stafliða b), c) og d) þessarar greinar. Undirritunaraðilar, sem sitja hjá við atkvæðagreiðslu, teljast ekki greiða atkvæði.

b) Þar til fyrsta ákvörðun er tekin um framlagshluta á grundvelli nýtingar samkvæmt staflið d) 6. greinar rekstrarsamkomulagsins ber að ákvarða framlagshluta, sem atkvæðisréttur undirritunaraðila grundvallast á, samkvæmt fylgiskjali B með rekstrarsamkomulaginu. Að aflokinni fyrstu ákvörðun um framlagshluta á grundvelli nýtingar ber að leiða framlagshluta, sem atkvæðisréttur undirritunaraðila grundvallast á, af nýtingu hans á geimskor EUTELSAT fyrir almenna fjarskiptaþjónustu á alþjóðasviði og innanlands, sbr. þó undantekningar er greinir í stafliðum c) og d) þessarar greinar.

ix) to decide upon any proposal for amendment to the Convention under Article XIX of the Convention, taking into account any views or recommendations received from the Board of Signatories and in accordance with Article 22 of the Operating Agreement to propose amendments to the Operating Agreement and express its views and make recommendations on amendments to the Operating Agreement proposed otherwise;

x) to decide upon any request for accession made in accordance with paragraph e) of Article XXIII of the Convention.

b) The Assembly of Parties shall exercise any function necessary for the performance of EUTELSAT's purpose that is not expressly attributed to another organ under the Convention.

c) In performing its functions the Assembly of Parties shall take into account any relevant recommendations of the Board of Signatories.

ARTICLE X

(Board of Signatories — Composition)

a) The Board of Signatories shall be composed of Board Members, each Board Member representing one Signatory.

b) A Signatory may be represented by another Signatory in a meeting of the Board of Signatories but no Board Member may represent more than two other Signatories.

ARTICLE XI

(Board of Signatories — Procedure)

a) Each Signatory shall have a voting participation equal to its investment share subject to the application of paragraphs b), c) and d) of this Article. Signatories abstaining from voting shall be considered as not voting.

b) Until the first determination of investment shares based on utilization under paragraph d) of Article 6 of the Operating Agreement, the investment share on which a Signatory's voting participation is based shall be determined in accordance with Annex B to the Operating Agreement. After the first determination of investment shares based on utilization the investment share on which a Signatory's voting participation is based, shall be derived from the utilization of the EUTELSAT Space Segment by that Signatory for international and domestic public telecommunications services, subject to the exceptions stated in paragraphs c) and d) of this Article.

c) Enginn undirritunaraðili má fara með meira en 20% atkvæða í EUTELSAT. Hins vegar skulu auknir framlagshlutar, sem undirritunaraðili öðlast af sjálfsdáðum þar til hafin er starfræksla útvíkkunarinnar samkvæmt staflið d) 4. greinar rekstrarsamkomulagsins, auka atkvæðisrétt þess undirritunaraðila það tímabil um 5% að hámarki án tillits til 20% markanna sem um getur í þessum staflið. Að því marki er atkvæðisréttur einhvers undirritunaraðila mundi ella hafa farið fram úr leyfilegum mörkum ber að dreifa því, sem umfram er, jafnt milli annarra undirritunaraðila.

d) Að því er varðar staflið b) þessarar greinar er það svo að þegar undirritunaraðili fær minni eða meiri framlagshluta samkvæmt staflið h) 6. greinar rekstrarsamkomulagsins ber að láta lækkunina eða aukninguna koma hlutfallslega fram í öllum tegundum nýtingar.

e) Atkvæðisrétt sérhvers undirritunaraðila, sem skilgreindur er í staflið a) þessarar greinar, ber að reikna samkvæmt ákvörðun framlagshluta hans í 6. grein rekstrarsamkomulagsins.

Hvers kyns endurreikningur atkvæðisréttar taki gildi frá og með gildistökudegi endurákvörðunar framlagshluta samkvæmt staflið e) 6. greinar rekstrarsamkomulagsins.

f) Fundur í stjórn undirritunaraðila telst löglegur ef á honum mæta annað hvort stjórnarmenn, sem eru fulltrúar einfalds meirihluta atkvæðisbærra undirritunaraðila, að því tilskildu að sá meiri hluti hafi a.m.k. ⅔ hluta atkvæðamagns allra atkvæðisbærra undirritunaraðila, eða stjórnarmenn sem eru fulltrúar allra atkvæðisbærra undirritunaraðila að þremur frádregnum, án tillits til atkvæðamagns hinna síðarnefndu.

g) Stjórn undirritunaraðila ber að leitast við að taka ákvarðanir samhljóða. Ella ber að taka ákvarðanir eins og hér segir:

i) Að tilskildum sérstökum ákvæðum í málsliðum ii) og iii) þessa stafliðs ber að taka ákvarðanir um efnisatriði á eftirfarandi hátt:

— annaðhvort með samþykki stjórnarmanna sem eru fulltrúar a.m.k. fjögurra undirritunaraðila, er hafa a.m.k. ⅔ samanlagðs atkvæðisréttar allra atkvæðisbærra undirritunaraðila,

— eða með samþykki a.m.k. allra viðstaddra undirritunaraðila eða fulltrúa

c) No Signatory shall have more than 20 per cent of the total voting participation in EUTELSAT. However, the increase of investment shares voluntarily acquired by a Signatory until the operational use of the extension under paragraph d) of Article 4 of the Operating Agreement shall, for this period, augment the voting participation of that Signatory by a maximum of 5 per cent regardless of the 20 per cent limit mentioned in this paragraph. To the extent that the voting participation of any Signatory would otherwise have exceeded the permissible voting participation, the excess shall be distributed equally among other Signatories.

d) For the purpose of paragraph b) of this Article, whenever a Signatory is granted a smaller or greater investment share under paragraph h) of Article 6 of the Operating Agreement, the reduction or increase shall be applied proportionately to all types of utilization.

e) The voting participation of each Signatory, defined in paragraph a) of this Article, shall be calculated in accordance with the determination of its investment share under Article 6 of the Operating Agreement.

Any recalculation of its voting participation shall take effect from the effective date of redetermination of its investment share under paragraph e) of Article 6 of the Operating Agreement.

f) A quorum for any meeting of the Board of Signatories shall consist either of Board Members representing a simple majority of Signatories having the right to vote, provided that that majority have at least two-thirds of the total voting participation of all the Signatories having the right to vote, or by Board Members representing the total number of Signatories having the right to vote minus three, regardless of the voting participation the latter represent.

g) The Board of Signatories shall try to take decisions unanimously. Otherwise decisions shall be taken as follows:

i) Subject to the special provisions in subparagraphs ii) and iii) of this paragraph, decisions on matters of substance shall be taken:

— either by an affirmative vote of Board Members representing at least four Signatories having at least two-thirds of the total voting participation of all the Signatories having the right to vote;

— or by an affirmative vote cast by at least the total number of Signatories present or

þeirra að þremur frádregnum, án tillits til atkvæðamagns hinna síðarnefndu;

ii) ákvarðanir um hvers kyns breytingu á þaki höfuðstóls, sem kann að vera krafist til að uppfylla markmið þau er um getur í staflið-um a) og b) III. greinar samningsins, ber að taka með samþykki a.m.k. einfalds meiri hluta undirritunaraðila sem eru við-staddir eða eiga fulltrúa og hafa yfir að ráða a.m.k. ⅔ atkvæðamagns;

iii) ákvarðanir um hvers kyns breytingu á þaki höfuðstóls, sem kann að vera krafist til að takast á við nýjar áætlanir varðandi fjár-framlög, sem á þarf að halda til að ná öðrum markmiðum en þeim er um getur í stafliðum a) og b) III. greinar samningsins, ber að taka með samþykki a.m.k. 2/3 undirritunaraðila sem eru viðstaddir eða eiga fulltrúa og hafa yfir að ráða a.m.k. ⅔ atkvæðamagns;

iv) ákvarðanir um fundarsköp ber að taka með samþykki einfalds meiri hluta við-staddra stjórnarmanna, sem greiða at-kvæði, og hafa þeir eitt atkvæði hver;

v) utan það er varðar ákvarðanir, sem taka ber samkvæmt málslið iv) þessa stafliðs, getur stjórnarmaður, sem veitt hefur verið umboð samkvæmt staflið b) X. greinar samningsins, greitt atkvæði sérstaklega fyrir sérhvern undirritunaraðila, sem hann er fulltrúi fyrir.

h) Stjórn undirritunaraðila ber að samþykkja fundarsköp sín, sem eiga að vera í samræmi við ákvæði samningsins og eiga sérstaklega að inni-halda ákvæði varðandi eftirfarandi:

i) kosningu formanns og annarra stjórnar-manna;

ii) fundarboðun;

iii) fulltrúa og umboð;

iv) atkvæðagreiðslur.

i) Stjórn undirritunaraðila getur stofnað ráð-gjafanefndir til að aðstoða við framkvæmd starfa sinna.

j) Fyrsta fund stjórnar undirritunaraðila ber að boða samkvæmt 1. tölulið fylgiskjals A með rekstrarsamkomulaginu. Síðan ber stjórn undir-ritunaraðila að halda fundi eftir því sem nauðsyn krefur, en a.m.k. þrisvar á ári.

represented minus three, regardless of the voting participation the latter represent;

ii) decisions on any adjustment of the capital ceiling which might be required to meet the objectives specified in paragraphs a) and b) of Article III of the Convention shall be taken by an affirmative vote cast by at least a simple majority of the Signa-tories present or represented and having at least two-thirds of the total voting par-ticipation;

iii) decisions on any adjustment of the capital ceiling which might be required to under-take new programmes involving capital investments which are required to meet objectives other than those specified in paragraphs a) and b) of Article III of the Convention shall be taken by an affirma-tive vote cast by at least two-thirds of the Signatories present or represented and having at least two-thirds of the total voting participation;

iv) decisions on procedural matters shall be taken by an affirmative vote cast by a simple majority of the Board Members present and voting, each having one vote;

v) except in the case of decisions to be taken under subparagraph iv) of this paragraph, a Board Member to whom representation has been delegated under paragraph b) of Article X of the Convention may vote separately for each Signatory he repre-sents.

h) The Board of Signatories shall adopt its rules of procedure, which shall be consistent with the provisions of the Convention and which, in particular, shall include provisions for:

i) election of its Chairman and other officers;

ii) convening of meetings;

iii) representation and accreditation;

iv) voting procedures.

i) The Board of Signatories may create Advi-sory Committees to assist it in performing its functions.

j) The first meeting of the Board of Signatories shall be convened in accordance with paragraph 1 of Annex A to the Operating Agreement. The Board of Signatories shall thereafter meet as necessary but at least three times a year.

XII. gr.

(Stjórn undirritunaraðila — Störf)

a) Stjórn undirritunaraðila ber ábyrgð á hönnun, þróun, byggingu, stofnun, öflun með

ARTICLE XII

(Board of Signatories — Functions)

a) The Board of Signatories shall have the responsibility for the design, development, con-

kaupum eða leigu, rekstri og viðhaldi á geimskor EUTELSAT og hvers kyns annarri starfsemi sem EUTELSAT heimilast að annast.

b) Stjórn undirritunaraðila ber að framkvæma þau störf sem nauðsynleg eru til að sinna ábyrgðarstörfum hennar samkvæmt staflið a) þessarar greinar, þ.á m., en ekki takmarkað við, eftirfarandi:

i) samþykkt stefnumörkunar, áætlana, aðgerða og aðferða við hönnun, þróun, byggingu, stofnun, öflun, rekstur og viðhald á geimskor EUTELSAT og hvers kyns önnur störf sem EUTELSAT er heimilað að annast;

ii) samþykkt aðferða við öflun aðfanga, reglugerðir og skilmála og skilyrði samnings, svo og samþykkt aðfangasamninga;

iii) samþykkt og framkvæmd stjórnunaraðgerða þegar framkvæmdastjórinn þarf að gera samninga um tækni- og rekstrarstörf eða önnur störf sem gagnleg eru fyrir EUTELSAT;

iv) samþykkt stefnumörkunar og aðferða við öflun, vernd og leyfisveitingu hugverkaréttinda í samræmi við 18. grein rekstrarsamkomulagsins;

v) samþykkt stefnumörkunar á fjármálasviði og reglugerða, samþykkt fjárhagsáætlana og ársuppgjörs, svo og almennra reglna og samþykkt sérstakra ákvarðana um reglulega ákvörðun gjalda fyrir nýtingu á geimskor EUTELSAT samkvæmt V. grein samningsins og 8. grein rekstrarsamkomulagsins og ákvarðana varðandi öll önnur fjármál í samræmi við samninginn og rekstrarsamkomulagið;

vi) samþykkt forsendna og aðferða varðandi viðurkenningu staðlaðra jarðstöðva fyrir aðgang að geimskor EUTELSAT, varðandi sannreynslu og mælingu á hæfni jarðstöðvanna og varðandi samhæfingu á aðgangi þeirra að og nýtni á geimskor EUTELSAT;

vii) samþykkt óstaðlaðra jarðstöðva fyrir aðgang að geimskor EUTELSAT;

viii) samþykkt skilmála og skilyrða varðandi úthlutun á geimskor EUTELSAT;

struction, establishment, acquisition by purchase or lease, operation and maintenance of the EUTELSAT Space Segment and for any other activities which EUTELSAT is authorized to undertake.

b) The Board of Signatories shall carry out those functions necessary to discharge its responsibilities under paragraph a) of this Article, including but not limited to:

i) adoption of policies, plans, programmes and procedures for the design, development, construction, establishment, acquisition, operation and maintenance of the EUTELSAT Space Segment and any other activities which EUTELSAT is authorized to undertake;

ii) adoption of procurement procedures, regulations and contract terms and conditions, as well as approval of procurement contracts;

iii) adoption and implementation of management arrangements requiring the Director General to contract for technical and operational or other functions whenever this is advantageous to EUTELSAT;

iv) adoption of policies and procedures for the acquisition, protection and licensing of intellectual property rights consistent with Article 18 of the Operating Agreement;

v) adoption of financial policies and regulations, approval of budgets and annual financial statements, as well as general rules and adoption of specific decisions on the periodic determination of charges for utilization of the EUTELSAT Space Segment in accordance with Article V of the Convention and Article 8 of the Operating Agreement and decision with respect to all other financial matters consistent with the Convention and the Operating Agreement;

vi) adoption of criteria and procedures for approval of standard earth stations for access to the EUTELSAT Space Segment, for verification and monitoring of performance characteristics of these earth stations and for coordination of earth station access to and utilization of the EUTELSAT Space Segment;

vii) approval of non-standard earth stations for access to the EUTELSAT Space Segment;

viii) adoption of terms and conditions governing the allotment of EUTELSAT Space Segment capacity;

ix) setningu skilmála og skilyrða varðandi aðgang að geimskor EUTELSAT af hendi fjarskiptastofnana, sem ekki eru innan lögsögu aðila, samkvæmt III. grein samningsins;

x) ákvarðanir um ráðstafanir vegna yfirdrátta og lána samkvæmt 11. grein rekstrarsamkomulagsins;

xi) setningu almennra innri reglna og samþykkt ákvarðana, sem kunna að vera viðeigandi samkvæmt radíóreglugerð alþjóðafjarskiptasambandsins varðandi meðferð radíótíðnisviðsins, og hagkvæma notkun gervitunglabrauta og sparnað til að tryggja að rekstur geimskorar EUTELSAT eða annarra gervitungla og tengdra tækja, sem EUTELSAT útvegar samkvæmt staflið f) III. greinar samningsins, sé í samræmi við þá radíóreglugerð;

xii) framlagningu tillagna til þings aðilanna varðandi heimildir samkvæmt málslið iii) stafliðs a) IX. greinar samningsins;

xiii) ráðgjöf fyrir þing aðilanna samkvæmt staflið a) XVI. greinar samningsins um ætlaða stofnun, öflun eða nýtingu geimskorarbúnaðar annars en fyrir geimskor EUTELSAT;

xiv) setningu almennra innri reglna og samþykkt ákvarðana um samhæfingu geimskorar EUTELSAT við geimskor INTELSAT og INMARSAT samkvæmt ákvæðum í viðeigandi samningum þessara stofnana;

xv) nauðsynlegar aðgerðir vegna úrsagna og brottrekstra samkvæmt XVIII. grein samningsins og 21. grein rekstrarsamkomulagsins;

xvi) ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra og, samkvæmt tillögu framkvæmdastjóra, ákvörðun um fjölda, stöðu og skilmála og skilyrði ráðninga allra starfsmanna framkvæmdastofnunarinnar samkvæmt staflið e) XIII. greinar samningsins og samþykkt skipunar framkvæmdastjóra á yfirmönnum sem heyra beint undir hann;

ix) establishment of terms and conditions for access to the EUTELSAT Space Segment by telecommunications entities which are not under the jurisdiction of a Party, consistent with Article III of the Convention;

x) decisions on arrangements for overdrafts and loans under Article II of the Operating Agreement;

xi) establishment of general internal rules and adoption of decisions which, in accordance with the Radio Regulations of the International Telecommunication Union concerning radio frequency spectrum management and orbital space efficiency and economy, may be appropriate in order to ensure that the operation of the EUTELSAT Space Segment or of other satellite and associated equipment provided by EUTELSAT under paragraph f) of Article III of the Convention, is in compliance with those Radio Regulations;

xii) submission of recommendations to the Assembly of Parties concerning authorizations in accordance with subparagraph iii) of paragraph a) of Article IX of the Convention;

xiii) tendering of advice to the Assembly of Parties under paragraph a) of Article XVI of the Convention, about the intended establishment, acquisition or utilization of space segment equipment separate from the EUTELSAT Space Segment;

xiv) establishment of general internal rules and adoption of decisions about coordination of the EUTELSAT Space Segment with the space segments of INTELSAT and INMARSAT, in accordance with the provisions in the respective agreements of those organizations;

xv) action required on withdrawals and suspensions under Article XVIII of the Convention and Article 21 of the Operating Agreement;

xvi) appointment and removal from office of the Director General, and, upon the recommendation of the Director General, determination of the number, status, and terms and conditions of employment of all staff of the executive organ under paragraph e) of Article XIII of the Convention, and approval of the appointment by the Director General of senior officers reporting directly to him;

xvii) tilnefningu æðri yfirmanns í framkvæmdastofnuninni til að starfa sem staðgengill framkvæmdastjóra þegar framkvæmdastjórinn er fjarstaddur eða getur ekki sinnt skyldustörfum sínum eða ef staða framkvæmdastjóra verður laus;

xviii) stjórn samningaumleitana við aðilann þar sem aðalstöðvar EUTELSAT eru staðsettar vegna samningsins um aðalstöðvar varðandi fríðindi, undanþágur og friðhelgi er um getur í staflið c) XVII. greinar samningsins og framlagningu hans til þings aðilanna til samþykktar;

xix) framlagningu reglulegra skýrslna um störf EUTELSAT til þings aðilanna;

xx) útvegun þeirra upplýsinga sem einhver aðili eða undirritunaraðili kann að krefjast til að gera þeim kleift að annast skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum eða rekstrarsamkomulaginu;

xxi) tilnefningu gerðardómsmanns þegar EUTELSAT er aðili að gerð;

xxii) gerð álits og tillagna til þings aðilanna um væntanlegar breytingar á samningnum samkvæmt staflið a) XIX. greinar hans;

xxiii) ákvarðanir samkvæmt 22. grein rekstrarsamkomulagsins um breytingar á því sem eru í samræmi við samninginn;

xxiv) athugun umsókna um aðild og tillögur í því efni fyrir þing aðilanna samkvæmt staflið d) XXIII. greinar samningsins.

c) Við framkvæmd starfa sinna ber stjórn undirritunaraðila að taka viðeigandi tillit til tillagna og skoðana sem þing aðilanna beinir til hennar samkvæmt IX. grein samningsins.

xvii) designation of a senior officer of the executive organ to serve as Acting Director General whenever the Director General is absent or is unable to discharge his duties, or if the office of Director General becomes vacant;

xviii) direction of the negotiations with the Party in whose territory the Headquarters of EUTELSAT is situated, of the Headquarters Agreement on privileges, exemptions and immunities mentioned in paragraph c) of Article XVII of the Convention, and its submission to the Assembly of Parties for approval;

xix) submission of periodic reports on the activities of EUTELSAT to the Assembly of Parties;

xx) provision of such information as may be required by any Party or Signatory to enable it to discharge its obligations under the Convention or the Operating Agreement;

xxi) designation of an arbitrator where EUTELSAT is party to an arbitration;

xxii) expression of its views and recommendations to the Assembly of Parties on proposed amendments to the Convention under paragraph a) of Article XIX of the Convention;

xxiii) decisions under Article 22 of the Operating Agreement on amendments to the Operating Agreement which are consistent with the Convention;

xxiv) examination of applications for accession and recommendations thereon to the Assembly of Parties under paragraph d) of Article XXIII of the Convention.

c) In performing its functions the Board of Signatories shall take due account of recommendations and views addressed to it by the Assembly of Parties under Article IX of the Convention.

XIII. gr.
(Framkvæmdastofnun)

a) Yfirmaður framkvæmdastofnunarinnar er framkvæmdastjórinn sem stjórn undirritunaraðila skipar að staðfestingu aðilanna tilskilinni. Vörsluríkinu ber þegar að tilkynna aðilunum um skipunina. Skipunin staðfestist nema meira en þriðjungur aðilanna hafi innan sextíu daga tilkynnt vörsluríkinu skriflega um andstöðu sína. Framkvæmdastjórinn getur hafið störf sín að skipun aflokinni þann dag er stjórn undirritunar-

ARTICLE XIII
(Executive Organ)

a) The executive organ shall be headed by a Director General appointed by the Board of Signatories, subject to confirmation by the Parties. The Depositary shall immediately notify the Parties of the appointment. The appointment is confirmed unless within sixty days of the notification more than one-third of the Parties have informed the Depositary in writing of their objection. The Director General may assume his

aðila ákvarðar og meðan beðið er staðfestingar á skipun hans.

b) Starfstímabil framkvæmdastjóra er sex ár, nema stjórn undirritunaraðila ákveði annað fyrirkomulag.

c) Stjórn undirritunaraðila getur vikið framkvæmdastjóra úr starfi af gildri ástæðu áður en starfstímabili hans er lokið og ber henni að gefa þingi aðilanna skýrslu um ástæðurnar fyrir brottvikningu hans.

d) Framkvæmdastjórinn er æðsti starfsmaður og lögmætur fulltrúi EUTELSAT. Hann starfar undir stjórn stjórnar undirritunaraðila og er ábyrgur gagnvart henni varðandi framkvæmd allra starfa framkvæmdastofnunarinnar.

e) Uppbyggingu og starfsmannaskipun framkvæmdastofnunarinnar, skilmála og skilyrði ráðningar alls starfsfólks og skilyrði ráðningar hvers kyns ráðgjafa, sem framkvæmdastjóri ræður, ber að leggja fyrir stjórn undirritunaraðila til samþykktar.

f) Framkvæmdastjóri hefur vald til að skipa allt starfslið framkvæmdastofnunarinnar. Hins vegar ber stjórn undirritunaraðila að samþykkja skipun æðri yfirmanna sem heyra beint undir framkvæmdastjóra, eins og ráð er fyrir gert í málslið xvi) stafliðs b) XII. greinar samningsins.

g) Þegar staða framkvæmdastjóra er ekki skipuð eða þegar hann er fjarstaddur eða getur ekki sinnt skyldustörfum sínum heimilast staðgengli hans, sem skipaður hefur verið samkvæmt málslið xvii) stafliðs b) í XII. grein samningsins, að fara með vald framkvæmdastjóra samkvæmt samningnum og rekstrarsamkomulaginu.

h) Við skipun framkvæmdastjóra og annars starfsliðs framkvæmdastofnunarinnar ber fyrst og fremst að hafa í huga að nauðsynlegt er að tryggja mestu mögulega ráðvendni, hæfni og getu.

i) Framkvæmdastjóra og starfsliði framkvæmdastofnunarinnar ber að gæta þess að aðhafast ekkert sem ekki er í samræmi við ábyrgð þeirra gagnvart EUTELSAT.

XIV. gr.
(Útvegun aðfanga)

a) Vegna hagsmuna stofnunarinnar, aðilanna og undirritunaraðilanna skal stefna EUTELSAT varðandi aðföng vera þannig að hún hvetji til sem víðtækastrar samkeppni um útvegun vöru og þjónustu og ber að framkvæma hana með tilliti til

functions after appointment on a date determined by the Board of Signatories and pending confirmation of his appointment.

b) The term of office of the Director General shall be six years, unless otherwise decided by the Board of Signatories.

c) The Board of Signatories may remove the Director General for cause before the end of his term of office, and shall report to the Assembly of Parties the reasons for removal.

d) The Director General shall be the chief executive and legal representative of EUTELSAT. He shall act under the direction of the Board of Signatories and shall be directly responsible to it for the performance of all functions of the executive organ.

e) The structure and staff levels of the executive organ, the terms and conditions of employment of all staff, and the conditions of employment of any consultants or other advisers engaged by the Director General shall be submitted to the Board of Signatories for approval.

f) The Director General shall have the power to appoint all staff of the executive organ. The appointment of senior officers reporting directly to the Director General shall, however, be approved by the Board of Signatories as provided in subparagraph xvi) of paragraph b) of Article XII of the Convention.

g) During any vacancy in the office of the Director General or when he is absent or unable to discharge his duties the Acting Director General, duly designated under subparagraph xvii) of paragraph b) of Article XII of the Convention shall have the capacity to exercise the powers of the Director General under the Convention and the Operating Agreement.

h) The paramount consideration in the appointment of the Director General and other staff of the executive organ shall be the need to ensure the highest standards of integrity, competence and efficiency.

i) The Director General and the staff of the executive organ shall refrain from any action incompatible with their responsibilities to EUTELSAT.

ARTICLE XIV
(Procurement)

a) The procurement policy of EUTELSAT shall be such as to encourage, in its interests and those of the Parties and Signatories, the widest possible competition in the supply of goods and services, and shall be applied taking into account

ákvæða 17. og 18. greinar rekstrarsamkomulagsins.

b) Að því viðbættu er segir í 17. grein rekstrarsamkomulagsins, ber að framkvæma útvegun vöru og þjónustu fyrir EUTELSAT með samningum samkvæmt boðum í opnu alþjóðlegu útboði.

c) Samninga ber að gera með hagsmuni EUTELSAT í huga við bjóðendur, sem bjóða bestu gæði, verð, afgreiðslutíma og önnur mikilsverð atriði sem EUTELSAT skipta, en ef um er að ræða tilboð, sem eru sambærileg á framangreindum sviðum, ber að semja með fullu tilliti til almennra og iðnaðarlegra hagsmuna aðilanna.

the provisions of Article 17 and 18 of the Operating Agreement.

b) Except as provided in Article 17 of the Operating Agreement, procurement of goods and services for EUTELSAT shall be effected by the award of contracts, based on responses to open international invitations to tender.

c) Contracts shall be awarded in the best interest of EUTELSAT, to bidders offering the best combination of quality, price, delivery time and other important criteria of relevance to EUTELSAT, it being understood that, if there are bids offering a comparable combination of the above-mentioned criteria, contracts shall be awarded with due consideration to the general and industrial interests of the Parties.

XV. gr.
(Réttindi og skuldbindingar)

a) Aðilarnir og undirritunaraðilarnir nýti réttindi sín og standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum á þann hátt sem er í fullkomnu samræmi við meginreglur og ákvæði samningsins og þeim til framdráttar.

b) Allir aðilar og allir undirritunaraðilar geta mætt á og tekið þátt í öllum ráðstefnum og fundum sem þeir eiga rétt á að hafa fulltrúa á samkvæmt ákvæðum samningsins og rekstrarsamkomulagsins, svo og í öllum öðrum fundum sem boðaðir eru eða haldnir á vegum EUTELSAT samkvæmt ráðstöfunum sem stofnunin hefur gert varðandi fundina, án tillits til þess hvar þeir kunna að vera haldnir.

c) Áður en nokkur slík ráðstefna eða fundur er haldinn utan landsins þar sem aðalstöðvar EUTELSAT eru staðsettar ber framkvæmdastofnuninni að tryggja að ráðstafanir gagnvart gistiaðilanum eða undirritunaraðila um fyrirkomulag ráðstefnunnar eða fundarins feli í sér ákvæði um inngöngu og dvöl í gistilandinu fyrir fulltrúa aðilanna og undirritunaraðilanna, sem rétt eiga á að mæta, meðan ráðstefna eða fundur stendur.

d) Ef nauðsyn ber til ber öllum aðilum að gera allar ráðstafanir innan lögsögu sinnar til að koma í veg fyrir notkun jarðstöðva í sambandi við geimskor EUTELSAT sem ekki hlíta ákvæðum 15. greinar rekstrarsamkomulagsins.

ARTICLE XV
(Rights and Obligations)

a) The Parties and Signatories shall exercise their rights and meet their obligations under the Convention in a manner fully consistent with and in furtherance of the principles and the provisions of the Convention.

b) All Parties and all Signatories may attend and participate in all conferences and meetings in which they are entitled to be represented under any of the provisions of the Convention or the Operating Agreement, and in any other meetings called by or held under the auspices of EUTELSAT in accordance with the arrangements made by it for such meetings, regardless of where they may take place.

c) Before any such conference or meeting is held outside the country in which the Headquarters of EUTELSAT is established, the executive organ shall ensure that arrangements with the host Party or Signatory for each such conference or meeting include a provision for the admission to and residence in the host country during such conference or meeting of representatives of all Parties and Signatories entitled to attend.

d) All Parties shall, if necessary, take measures within their jurisdiction to prevent the use of earth stations in connection with the EUTELSAT Space Segment which do not comply with Article 15 of the Operating Agreement.

XVI. gr.
(Aðrar geimskorir)

a) Sérhverjum aðila eða undirritunaraðila, sem hyggst stofna til, afla eða nýta geimskorarbúnað utan geimskorar EUTELSAT til að fullnægja

ARTICLE XVI
(Other Space Segments)

a) Any Party or Signatory which intends, or becomes aware that any person within the jurisdiction of that Party intends, individually or

þörfum alþjóðlegrar almennrar fjarskiptaþjónustu innan þjónustusvæðis geimskorar EUTELSAT og veita þjónustu samkvæmt stafliðum a) og b) III. greinar samningsins eða verður áskynja um að einhver persóna innan lögsögu aðilans hyggst gera það ein eða með öðrum, ber áður en af þessu verður að láta þingi aðilanna í té allar viðeigandi upplýsingar fyrir milligöngu stjórnar undirritunaraðilanna sem gangi úr skugga um hvort líklegt sé að EUTELSAT kunni að verða fyrir verulegum fjárhagslegum skaða. Stjórn undirritunaraðila ber að leggja skýrslu sína og niðurstöður fyrir þing aðilanna.

Þingi aðilanna ber að láta álit sitt í ljós innan sex mánaða frá upphafi framangreindrar málsmeðferðar. Í þeim tilgangi má boða aukafund þings aðilanna.

b) Stjórn undirritunaraðila ber að gera drög að og leggja fyrir þing aðilanna sem forgangsmál leiðbeiningar fyrir hvern þann aðila eða undirritunaraðila, sem hyggst stofna til geimskorarbúnaðar utan geimskorar EUTELSAT til að fullnægja þörfum sínum varðandi almenna eða sérhæfða fjarskiptaþjónustu innanlands eða á alþjóðasviði, eða þegar hún verður þess áskynja að einhver persóna innan lögsögu aðilans hyggst gera það ein eða með öðrum. Er það gert til að tryggja að slíkur tæknibúnaður og rekstur hans sé tæknilega í samræmi við notkun núverandi eða væntanlegrar EUTELSAT geimskorar á radíótíðnisviðinu og gervitunglabrautum.

c) Þessi grein nær ekki til stofnunar, öflunar eða nýtingar geimskorarbúnaðar utan geimskorar EUTELSAT,

i) ef hann myndar eða er ætlað að mynda hluta af geimskor INTELSAT eða INMARSAT, sem skilgreind er í samningnum um INTELSAT eða samningnum um INMARSAT, eða

ii) ef til hans er stofnað eingöngu í sambandi við öryggismál þjóðarinnar.

XVII. gr.

(Aðalstöðvar EUTELSAT, friðindi, undanþágur, friðhelgi)

a) Aðalstöðvar EUTELSAT skulu vera í París.

b) Innan athafnasviðs þess, sem samningurinn heimilar, eiga EUTELSAT og eignir stofnunar-

jointly, to establish, acquire or utilize space segment equipment separate from the EUTELSAT Space Segment in order to meet the requirements of international public telecommunications services within the EUTELSAT Space Segment service area to provide services in accordance with paragraphs a) and b) of Article III of the Convention shall, before such establishment, acquisition or utilization, furnish all relevant information to the Assembly of Parties through the Board of Signatories which shall establish whether there is likely to be any significant economic harm to EUTELSAT. The Board of Signatories shall submit its report and conclusions to the Assembly of Parties.

The Assembly of Parties shall give its views within six months from the start of the foregoing procedure. An extraordinary meeting of the Assembly of Parties may be convened for this purpose.

b) The Board of Signatories shall draft and submit to the Assembly of Parties, as a matter of priority, the guidelines to be considered by any Party or Signatory which intends, or becomes aware that any person within the jurisdiction of the Party intends, individually or jointly, to establish space segment equipment separate from the EUTELSAT Space Segment in order to meet its requirements for domestic or international public or specialized telecommunications services, to ensure technical compatibility of such separate equipment and its operation with the use of the radio frequency spectrum and orbital space by an existing or planned EUTELSAT Space Segment.

c) This Article shall not apply to the establishment, acquisition or utilization of space segment equipment separate from that of the EUTELSAT Space Segment,

i) which forms part or is intended to form part of the INTELSAT Space Segment or the INMARSAT Space Segment as defined in the INTELSAT Agreement and in the INMARSAT Convention respectively;

ii) which is established solely for national security purposes.

ARTICLE XVII

(EUTELSAT Headquarters, Privileges, Exemptions, Immunities)

a) The Headquarters of EUTELSAT shall be in Paris.

b) Within the scope of activities authorized by the Convention, EUTELSAT and its property

innar á landsvæði aðilanna að vera undanþegin tekjuskatti og beinum eignarsköttum, svo og tollgjöldum á fjarskiptatunglum og hlutum þeirra og öllum tækjum til afnota í geimskor EUTELSAT.

c) Í samræmi við bókun, sem um getur í þessum staflið, ber sérhverjum aðila að veita EUTELSAT viðeigandi fríðindi, undanþágur og friðhelgi, svo og embættismönnum stofnunarinnar og þeim flokkum starfsmanna hennar, sem í bókuninni greinir, aðilum og fulltrúum þeirra, undirritunaraðilum og fulltrúum þeirra, svo og þátttakendum í gerðardómsmálum. Sér í lagi ber sérhverjum aðila að veita þessum einstaklingum friðhelgi fyrir lögsögu vegna gerða eða skriflegra eða munnlegra ummæla við framkvæmd starfs þeirra og innan marka skyldustarfa þeirra að þeim mörkum og í þeim tilfellum sem ráð er fyrir gert í bókuninni er hér um ræðir. Aðilinn, sem ræður landsvæði því þar sem aðalstöðvar EUTELSAT eru staðsettar, geri eins fljótt og auðið er samning við EUTELSAT um aðalstöðvarnar, sem nái til fríðinda, undanþága og friðhelgi.

Samningurinn um aðalstöðvar feli í sér ákvæði þess efnis að allir undirritunaraðilar sem slíkir, utan þess, sem tilnefndur er af þeim aðila er ræður landsvæðinu, þar sem aðalstöðvar EUTELSAT eru staðsettar, verði undanþegnir skattlagningu á tekjur af EUTELSAT á landsvæði aðilans. Hinum aðilunum ber einnig eins fljótt og auðið er að ganga frá bókun varðandi fríðindi, undanþágur og friðhelgi. Í samningnum um aðalstöðvarnar og í bókuninni ber að segja til um skilyrði uppsagnar og eru þau gögn óháð samningnum.

XVIII. gr.
(Úrsögn og brottrekstur)

a)i) Sérhver aðili eða undirritunaraðili getur hvenær sem er sagt sig úr EUTELSAT af sjálfsdáðum.

ii) Aðila ber að skýra vörsluríkinu skriflega frá ákvörðun sinni um úrsögn. Þegar aðili segir sig úr EUTELSAT telst sérhver undirritunaraðili, sem hann hefur tilnefnt samkvæmt staflið b) II. greinar samningsins, hafa horfið frá rekstrarsamkomulaginu frá og með gildistökudegi úrsagnar aðilans.

iii) Ákvörðun undirritunaraðilans um úrsögn ber aðilanum, sem hefur tilnefnt undirritunaraðilann, að tilkynna framkvæmda-

shall be exempt in the territory of all Parties from income and direct property taxation and from customs duties on communications satellites and their component parts and on all equipment for use in the EUTELSAT Space Segment.

c) Each Party shall grant in accordance with the Protocol referred to in this paragraph the appropriate privileges, exemptions and immunities to EUTELSAT, to its officers, and to those categories of its employees specified in such Protocol, to Parties and representatives of Parties, to Signatories and representatives of Signatories, and to persons participating in arbitration proceedings. In particular, each Party shall grant to these individuals immunity from legal process in respect of acts done or words written or spoken in the exercise of their functions and within the limits of their duties to the extent and in the cases to be provided for in the Protocol referred to in this paragraph. The Party in whose territory the Headquarters of EUTELSAT is located shall, as soon as possible, conclude with EUTELSAT a Headquarters Agreement covering privileges, exemptions and immunities.

The Headquarters Agreement shall include a provision that all Signatories acting in their capacity as such, except the Signatory designated by the Party in whose territory the Headquarters of EUTELSAT is located, shall be exempt from taxation on income earned from EUTELSAT in the territory of such Party. The other Parties shall also, as soon as possible, conclude a Protocol covering privileges, exemptions and immunities. The Headquarters Agreement and the Protocol shall each prescribe the conditions of its termination and shall be independent of the Convention.

ARTICLE XVIII
(Withdrawal and Suspension)

a) i) Any Party or Signatory may withdraw voluntarily from EUTELSAT at any time.

ii) A Party shall give written notice to the Depositary of its decision to withdraw. When a Party withdraws from EUTELSAT, any Signatory which was designated by it under paragraph b) of Article II of the Convention shall be deemed to have withdrawn from the Operating Agreement with effect from the date on which the withdrawal of the Party takes effect.

iii) The decision of a Signatory to withdraw shall be notified in writing to the Director General by the Party which has designated

stjóranum skriflega og telst tilkynningin tákna samþykki aðilans á ákvörðun undirritunaraðilans um úrsögn. Þegar undirritunaraðili segir sig úr EUTELSAT ber aðilanum, sem tilnefndi hann, að koma í hans stað frá úrsagnardegi nema og þar til hann tilnefnir nýjan undirritunaraðila eða segir sig úr EUTELSAT.

iv) Úrsögn af sjálfsdáðum úr EUTELSAT samkvæmt málsliðum i), ii) og iii) í þessum staflið taki gildi þremur mánuðum eftir móttökudag vörsluríkisins eða framkvæmdastjórans á tilkynningunni, eftir því sem við á.

b) i) Virðist aðili hafa látið undir höfuð leggjast að hlíta einhverjum skuldbindingum samkvæmt samningnum getur þing aðilanna eftir móttöku tilkynningar þess efnis eða að eigin frumkvæði og eftir að hafa athugað hvers kyns yfirlýsingar aðilans ákveðið, ef það kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið farið að ákvæðum, að aðilinn teljist hafa sagt sig úr EUTELSAT og að samningurinn falli frá þeim degi úr gildi að því er þann aðila varðar. Boða má aukafund þings aðilanna í þessum tilgangi. Þegar aðili telst hafa sagt sig úr EUTELSAT samkvæmt þessum málslið telst sérhver undirritunaraðili, sem aðilinn tilnefndi samkvæmt staflið b) II. greinar samningsins, hafa sagt upp rekstrarsamkomulaginu frá og með gildistökudegi úrsagnar aðilans.

ii) A) Virðist undirritunaraðili sem slíkur hafa látið undir höfuð leggjast að hlíta einhverjum skuldbindingum samkvæmt samningnum eða rekstrarsamkomulaginu, utan skuldbindingu samkvæmt staflið a) 4. greinar rekstrarsamkomulagsins, og það sé ekki lagfært innan þriggja mánaða frá því undirritunaraðilanum hefur verið tilkynnt skriflega af hendi framkvæmdastofnunar um ályktun stjórnar undirritunaraðila varðandi brotið falla réttindi undirritunaraðilans samkvæmt samningnum og rekstrarsamkomulaginu sjálfkrafa niður í lok þess þriggja mánaða tímabils.

that Signatory and the notification shall signify the acceptance by the Party of the decision of the Signatory to withdraw. When a Signatory withdraws from EUTELSAT, the Party which designated that signatory shall, at the date of withdrawal, itself assume the capacity of a Signatory unless and until it designates a new Signatory or withdraws from EUTELSAT.

iv) A voluntary withdrawal from EUTELSAT under subparagraphs i), ii) and iii) of this paragraph shall take effect three months after the date of receipt of the notification by the Depositary or the Director General, as the case may be.

b) i) If a Party appears to have failed to comply with any obligation under the Convention, the Assembly of Parties, having received notice to that effect or acting on its own initiative, and having considered any representations made by the Party, may decide, if it finds that the failure to comply has occurred, that the Party be deemed to have withdrawn from EUTELSAT and, from the date of the decision, the Convention shall cease to be in force for that Party. An extraordinary meeting of the Assembly of Parties may be convened for this purpose. When a Party is deemed to have withdrawn from EUTELSAT under this subparagraph, any Signatory which was designated by it under paragraph b) of Article II of the Convention shall be deemed to have withdrawn from the Operating Agreement with effect from the date on which the withdrawal of the Party takes effect.

ii) A) If a Signatory, in its capacity as such, appears to have failed to comply with any obligation under the Convention or the Operating Agreement, other than an obligation under paragraph a) of Article 4 of the Operating Agreement, and the failure to comply is not remedied within three months after the Signatory has been notified in writing by the executive organ of a resolution of the Board of Signatories taking note of the failure to comply, the rights of the Signatory under the Convention and the Operating Agreement shall be automatically suspended at the end of such period of three months.

Þann tíma, sem réttindum undirritunaraðila er frestað samkvæmt þessum staflið, heldur hann áfram að vera háður öllum skyldum og skuldbindingum undirritunaraðila samkvæmt samningnum og rekstrarsamkomulaginu.

B) Eftir að hafa athugað hvers kyns yfirlýsingar af hálfu undirritunaraðila eða aðilans, sem tilnefndi hann, getur stjórn undirritunaraðilanna ákveðið að undirritunaraðilinn teljist hafa sagt sig úr EUTELSAT og að frá þeim degi falli rekstrarsamkomulagið úr gildi að því er þann undirritunaraðila varðar.

Þegar undirritunaraðili telst hafa sagt sig úr EUTELSAT ber aðilanum, er tilnefndi hann, að koma í hans stað frá úrsagnardegi, nema og þar til hann tilnefnir nýjan undirritunaraðila eða segir sig úr EUTELSAT.

iii) A) Láti undirritunaraðili undir höfuð leggjast að greiða upphæð, sem hann skuldar samkvæmt staflið a) 4. greinar rekstrarsamkomulagsins, innan þriggja mánaða frá gjalddaga frestast réttindi undirritunaraðila samkvæmt samningnum og rekstrarsamkomulaginu sjálfkrafa. Þann tíma, sem réttindum undirritunaraðila er frestað samkvæmt þessum staflið, heldur hann áfram að vera háður öllum skyldum og skuldbindingum undirritunaraðila samkvæmt samningnum og rekstrarsamkomulaginu.

B) Fari svo innan þriggja mánaða eftir frestunina að einhverjar gjaldfallnar upphæðir séu enn ógreiddar getur stjórn undirritunaraðila, eftir að hafa athugað hvers kyns yfirlýsingar af hálfu undirritunaraðilans eða aðilans, sem tilnefndi hann, ákveðið að undirritunaraðilinn teljist hafa sagt sig úr EUTELSAT og að frá og með þeim degi falli rekstrarsamkomulagið úr gildi að því er þann undirritunaraðila varðar.

Þegar undirritunaraðili telst hafa sagt sig úr EUTELSAT ber aðilanum, sem tilnefndi hann, að koma í hans stað frá úrsagnardegi, nema og þar til

During the period of suspension of the rights of a Signatory under this paragraph, the Signatory shall continue to have all the obligations and liabilities of a Signatory under the Convention and the Operating Agreement.

B) The Board of Signatories may decide, after considering any representations made by the Signatory or by the Party which designated it, that the Signatory be deemed to have withdrawn from EUTELSAT and that, from the date of the decision, the Operating Agreement shall cease to be in force for that Signatory.

When a Signatory is deemed to have withdrawn from EUTELSAT, the Party which designated that Signatory shall, at the date of withdrawal, itself assume the capacity of a Signatory unless and until it designates a new Signatory or withdraws from EUTELSAT.

iii) A) If a Signatory fails to pay any sum for which it is liable in accordance with paragraph a) of Article 4 of the Operating Agreement within three months after the payment has become due, the rights of the Signatory under the Convention and the Operating Agreement shall be automatically suspended. During the period of suspension of the rights of a Signatory under this paragraph, the Signatory shall continue to have all the obligations and liabilities of a Signatory under the Convention and the Operating Agreement.

B) If within three months after the suspension any sums due remain unpaid, the Board of Signatories, after considering any representations made by the Signatory or the Party which has designated it, may decide that that Signatory be deemed to have withdrawn from EUTELSAT and that, from the date of the decision, the Operating Agreement shall cease to be in force for that Signatory.

When a Signatory is deemed to have withdrawn from EUTELSAT, the Party which designated that Signatory shall, at the date of withdrawal, itself

hann tilnefnir nýjan undirritunaraðila eða segir sig úr EUTELSAT.

c) Fari svo af einhverri ástæðu að aðili óski eftir að koma í stað tilnefnds undirritunaraðila síns eða að tilnefna nýjan undirritunaraðila ber honum að tilkynna vörsluríkinu það skriflega. Samningurinn og rekstrarsamkomulagið ganga í gildi að því er nýja undirritunaraðilann varðar og hætta að gilda gagnvart fyrrverandi undirritunaraðila frá þeim tíma er nýi undirritunaraðilinn tekur við öllum útistandandi skuldbindingum af hinum fyrri og undirritar rekstrarsamkomulagið.

d) Aðili, sem hefur sagt sig úr EUTELSAT eða talinn er hafa gert það, hættir að eiga rétt á setu á þingi aðilanna og bakar sér enga skuldbindingu eða ábyrgð eftir gildistökudag úrsagnar, utan skuldbindinga er leiðir af aðgerðum eða vanrækslu fyrir þann dag.

e) i) Undirritunaraðili, sem hefur sagt upp rekstrarsamkomulaginu eða er talinn hafa gert það, hættir frá og með uppsagnardegi að eiga rétt á setu í stjórn undirritunaraðila og bakar sér enga skuldbindingu eða ábyrgð frá og með þeim degi, utan skuldbindingu sína, nema stjórn undirritunaraðila ákvarði annað, að greiða tilskilið hlutfall höfuðstólsframlags sem nauðsynlegt er til að fullnægja samningsbundnum skuldbindingum er beinlínis hafa verið heimilaðar fyrir þann dag, svo og hvers kyns skuldbindingar er leiðir af aðgerðum eða vanrækslu fyrir þann dag.

ii) Uppgjör við úrsögn undirritunaraðila úr EUTELSAT skal vera í samræmi við 21. grein rekstrarsamkomulagsins.

f) Sérhverja tilkynningu um úrsögn og allar ákvarðanir varðandi ætlaða úrsögn ber vörsluríkinu eða framkvæmdastjóranum, eftir því sem við á, þegar að senda öllum aðilum og undirritunaraðilum.

g) Ekkert það er í þessari grein segir sviptir aðila eða undirritunaraðila neinum réttindum, er hann hefur öðlast sem slíkur og sem viðhaldast eftir úrsagnardag og sem ekki hefur verið bætt fyrir samkvæmt þessari grein.

assume the capacity of a Signatory unless and until it designates a new Signatory or withdraws from EUTELSAT.

c) If for any reason a Party wishes to substitute itself for its designated Signatory or to designate a new Signatory, it shall give written notice to the Depositary. The Convention and the Operating Agreement shall enter into force for the new Signatory and cease to be in force for the former Signatory from the time that the new Signatory assumes all outstanding obligations of the former Signatory and signs the Operating Agreement.

d) A Party which has withdrawn or is deemed to have withdrawn from EUTELSAT shall cease to have any right of representation in the Assembly of Parties and shall incur no obligation or responsibility after the effective date of withdrawal, except for liabilities arising from acts or omissions before that date.

e) i) A Signatory which has withdrawn or is deemed to have withdrawn from the Operating Agreement shall cease, as from the effective date of withdrawal, to have any right of representation in the Board of Signatories and shall incur no obligation or responsibility from that date, except its obligation, unless the Board of Signatories decides otherwise, to discharge its due proportion of the capital contributions needed to meet contractual commitments expressly authorized before that date and any liabilities arising from acts or omissions before that date.

ii) The financial settlement on the withdrawal of a Signatory from EUTELSAT shall be in accordance with Article 21 of the Operating Agreement.

f) Every notification of a withdrawal and every decision effecting a deemed withdrawal shall be communicated at once to all Parties and Signatories by the Depositary or the Director General, as the case may be.

g) Nothing in this Article shall deprive a Party or Signatory of any right acquired by it in its capacity as such which is preserved after the effective date of withdrawal and for which compensation has not been received under this Article.

XIX. gr.

(Breytingar)

a) Sérhver aðili getur flutt tillögur um breytingar á samningnum og ber að senda framkvæmdastjóra þær, en honum ber þegar að dreifa tillögunum til allra aðilanna og undirritunaraðilanna. Þriggja mánaða fyrirvara þarf áður en stjórn undirritunaraðila tekur breytingatillögu til athugunar, en stjórninni ber að leggja álit sitt og tillögur fyrir þing aðilanna innan sex mánaða frá dreifingardegi breytingatillögunnar. Þingi aðilanna ber að athuga breytingatillöguna eigi fyrr en sex *mánuðum frá móttöku* og að taka tillit til hvers kyns skoðana og tillagna stjórnar undirritunaraðilanna. Í einstökum tilfellum getur þing aðilanna stytt þetta tímabil með ályktun sem gera ber samkvæmt fundarsköpum um meðferð efnisatriða.

b) Ef þing aðilanna samþykkir breytinguna tekur hún gildi eitt hundrað og tuttugu dögum eftir að vörsluríkið hefur móttekið tilkynningu um samþykkt frá ⅔ þeirra ríkja sem voru aðilar þegar þing aðilanna gerði samþykktina, enda hafi undirritunaraðilar þeirra þá átt a.m.k. ⅔ samanlagðra framlagshluta. Þegar *breytingin gengur í* gildi verður hún bindandi fyrir alla aðilana og undirritunaraðilana.

c) Breyting skal ekki taka gildi fyrr en átta mánuðum eftir að hún var samþykkt á þingi aðilanna. Breyting, sem ekki hefur tekið gildi *samkvæmt staflið* b) *þessarar greinar átján mánuðum* eftir að þing aðilanna samþykkti hana, telst ógild.

ARTICLE XIX

(Amendments)

a) Amendments to the Convention may be proposed by any Party and shall be communicated to the Director General, who shall promptly circulate the proposals to all the Parties and Signatories. Three months notice is required before consideration of a proposed amendment by the Board of Signatories, which shall submit its views and recommendations to the Assembly of Parties within a period of six months from the date of circulation of the proposed amendment. The Assembly of Parties shall consider the proposed amendment not earlier than six months from receipt by it, taking into account any views and recommendations expressed by the Board of Signatories. This period may, in any particular case, be reduced by the Assembly of Parties by a decision taken in accordance with the procedure for a matter of substance.

b) If adopted by the Assembly of Parties, the amendment shall enter into force one hundred and twenty days after the Depositary has received notices of acceptance from two-thirds of those States which at the time of adoption by the Assembly of Parties were Parties and whose Signatories then held at least two-thirds of the total investment shares. Upon its entry into force, the amendment shall become binding upon all Parties and all Signatories.

c) An amendment shall not enter into force less than eight months after the date on which it was adopted by the Assembly of Parties. An amendment which has not entered into force under paragraph b) of this Article eighteen months after the date on which it was adopted by the Assembly of Parties shall be deemed null and void.

XX. gr.

(Lausn ágreiningsmála)

a) Öll deilumál, sem rísa milli aðilanna eða milli EUTELSAT og eins aðila eða fleiri í sambandi við túlkun eða framkvæmd samningsins eða stafliða c) 15. greinar eða c) 16. greinar rekstrarsamkomulagsins, ber að setja í gerð samkvæmt viðauka B við samninginn ef þau hafa ekki verið jöfnuð á annan hátt innan eins árs frá því aðili að deilunni hefur tilkynnt hinum aðilanum ætlun sína að jafna deiluna á vinsamlegan hátt. Hvers kyns ámóta deilumál varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins eða rekstrarsamkomulagsins milli eins eða fleiri aðila annars vegar og

ARTICLE XX

(Settlement of Disputes)

a) All disputes arising between Parties or between EUTELSAT and a Party or Parties in connection with the interpretation or application of the Convention or of paragraph c) of Article 15 or paragraph c) of Article 16 of the Operating Agreement shall be submitted to arbitration in accordance with Annex B to the Convention if not otherwise settled within one year of the time a party to the dispute has notified the other party of its intention to settle such a dispute amicably. Any similar dispute relating to the interpretation or application of this Convention, or the Operat-

eins eða fleiri undirritunaraðila hins vegar má setja í gerð samkvæmt viðauka B við samninginn, svo fremi aðilinn eða aðilarnir og undirritunaraðilinn eða undirritunaraðilarnir að deilunni fallist á það.

b) Öllum deilumálum, sem rísa í sambandi við túlkun og framkvæmd samningsins eða stafliða c) 15. greinar eða c) 16. greinar rekstrarsamkomulagsins milli aðila og ríkis, sem hefur hætt aðild, eða milli EUTELSAT og ríkis, sem hefur hætt aðild, og hafa risið eftir að ríkið hætti aðild, ber að leggja í gerð samkvæmt ákvæðum viðauka B við samninginn ef þau hafa ekki verið jöfnuð á annan hátt innan eins árs frá því aðili að deilunni hefur tilkynnt hinum aðilanum ætlun sína að jafna deiluna á vinsamlegan hátt, svo fremi ríkið, sem hætt hefur aðild, fallist á það. Hætti ríki að vera aðili eða ef ríki eða fjarskiptastofnun hættir að vera undirritunaraðili eftir að deila, sem það er aðili að, hefur verið lögð í gerð samkvæmt staflið a) þessarar greinar ber að halda gerðinni áfram og ljúka henni.

c) Lausn allra deilumála, sem rísa í sambandi við túlkun eða framkvæmd samninga milli EUTELSAT og sérhvers aðila, annarra en samningsins eða rekstrarsamkomulagsins, skal fara fram eins og segir í viðeigandi samningi. Séu engin ákvæði um þetta og sé deilumálið ekki jafnað á annan hátt má leggja það í gerð samkvæmt viðauka B við samninginn ef deiluaðilar fallast á það.

XXI. gr.

(Undirritun — Fyrirvarar)

a) Hvaða ríki sem er, þar sem fjarskiptastofnun eða viðurkennt einkafyrirtæki er, eða ber réttur til að verða undirritunaraðili bráðabirgðasamningsins, getur orðið aðili að samningnum á eftirfarandi hátt:

i) með undirritun, með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, eða
ii) með undirritun, án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, ásamt síðari fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, eða
iii) með aðild.

b) Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar í París frá og með 15. júlí 1982 þar til hann gengur í gildi og skal síðar liggja frammi fyrir aðild.

ing Agreement between one or more Parties on the one hand and one or more Signatories on the other hand may be submitted to arbitration under Annex B to the Convention, provided that the Party or Parties and the Signatory or Signatories in dispute agree.

b) All disputes arising in connection with the interpretation and application of the Convention or of paragraph c) of Article 15 or of paragraph c) of Article 16 of the Operating Agreement, between a Party and a State which has ceased to be a Party, or between EUTELSAT and a State which has ceased to be a Party, and which arise after the State has ceased to be a Party, shall be submitted to arbitration in accordance with the provisions of Annex B to the Convention if not otherwise settled within one year of the time a party to the dispute has notified the other party of its intention to settle such a dispute amicably, provided that the State which has ceased to be a Party so agrees. If a State ceases to be a Party or if a State or a telecommunications entity ceases to be a Signatory after a dispute to which it is a disputant has been submitted to arbitration under paragraph a) of this Article, the arbitration shall be continued and concluded.

c) The settlement of all disputes arising in connection with the interpretation or application of agreements between EUTELSAT and any Party, other than the Convention or the Operating Agreement, shall be as provided for in the relevant agreement. In the absence of any provisions, such disputes, if not otherwise settled, may be submitted to arbitration under Annex B to the Convention if the disputants agree.

ARTICLE XXI

(Signature — Reservations)

a) Any State whose telecommunications Administration or Recognized Private Operating Agency is, or has the right to become, a Signatory Party to the Provisional Agreement may become Party to the Convention by:

i) signature not subject to ratification, acceptance or approval, or
ii) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval, or
iii) accession.

b) The Convention shall be open for signature at Paris from 15 July 1982 until it enters into force and shall thereafter remain open for accession.

c) Ekkert ríki verður aðili að samningnum fyrr en rekstrarsamkomulagið hefur verið undirritað af fjarskiptastofnuninni, sem það hefur tilnefnt, eða þar til það hefur sjálft undirritað rekstrarsamkomulagið.

d) Engan fyrirvara má gera varðandi samninginn eða rekstrarsamkomulagið.

XXII. gr.

(Gildistaka)

a) Samningurinn gengur í gildi sextíu dögum eftir að hann hefur verið undirritaður samkvæmt málslið i) stafliðs a) XXI. greinar hans eða fullgiltur, viðurkenndur eða samþykktur af ⅔ þeirra ríkja sem lögsögu hafa yfir undirritunaraðilum bráðabirgðasamningsins daginn sem samningurinn er lagður fram til undirritunar, svo fremi að

i) þessir undirritunaraðilar eða tilnefndir aðilar er undirritað hafa ECS samninginn eigi a.m.k. ⅔ fjárframlaga samkvæmt ECS samningnum, og
ii) rekstrarsamkomulagið hafi verið undirritað samkvæmt staflið b) II. greinar samningsins.

b) Samningurinn gengur ekki í gildi innan átta mánaða eftir að hann er lagður fram til undirritunar. Samningurinn gengur ekki í gildi ef hann hefur ekki verið undirritaður, fullgiltur, viðurkenndur eða samþykktur samkvæmt staflið a) þessarar greinar innan átján mánaða frá þeim degi er hann var lagður fram til undirritunar.

c) Gagnvart ríki, sem leggur fram fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjal eftir gildistökudag samningsins, gengur hann í gildi fyrir það ríki daginn sem slíkt skjal er lagt fram.

d) Við gildistöku samningsins kemur hann til bráðabirgðaframkvæmda að því er varðar sérhvert ríki, sem hefur undirritað hann með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki og hefur beiðst þess við undirritun eða síðar, fyrir gildistökudag. Bráðabirgðaframkvæmd lýkur:

i) þegar ríkið leggur fram fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal, eða
ii) að tveimur árum liðnum frá gildistökudegi samningsins án þess hann hafi verið fullgiltur, viðurkenndur eða samþykktur af því ríki, eða

iii) þegar það ríki tilkynnir fyrir lok tímabilsins, sem um getur í málslið ii) þessa stafliðs, ákvörðun sína um að fullgilda, viðurkenna eða samþykkja samninginn ekki.

c) No State shall become a Party to the Convention until the Operating Agreement has been signed by the telecommunications entity which it has designated or until it has itself signed the Operating Agreement.

d) No reservation may be made to the Convention or the Operating Agreement.

ARTICLE XXII

(Entry into Force)

a) The Convention shall enter into force sixty days after the date on which it has been signed, in accordance with subparagraph i) of paragraph a) of Article XXI of the Convention, or has been ratified, accepted or approved, by two-thirds of the States which, at the date on which it is opened for signature have jurisdiction over Signatory Parties to the Provisional Agreement provided that:

i) those Signatory Parties, or their designated Signatories to the ECS Agreement, hold at least two-thirds of the financial shares under the ECS Agreement and
ii) the Operating Agreement has been signed in accordance with paragraph b) of Article II of the Convention.

b) The Convention shall not enter into force less than eight months after the date on which it is opened for signature. The Convention shall not enter into force if it has not been signed, ratified, accepted or approved under paragraph a) of this Article, within eighteen months of the date on which it is opened for signature.

c) For a State whose instrument of ratification, acceptance, approval or accession is deposited after the date on which the Convention enters into force, the Convention shall enter into force on the date of such deposit.

d) Upon entry into force, the Convention will be applied provisionally for any State which has signed it subject to ratification, acceptance or approval and which has so requested at the time of signature or at any later time before entry into force. Provisional application shall end:

i) upon deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval by that State;
ii) at the end of two years from the date on which the Convention enters into force without having been ratified, accepted or approved by that State;
iii) upon notification by that State, before the end of the period mentioned in subparagraph ii) of this paragraph, of its decision not to ratify, accept or approve the Convention.

Þegar bráðabirgðaframkvæmd lýkur samkvæmt málslið ii) eða iii) þessa stafliðs fer um réttindi og skyldur aðilans og tilnefnds undirritunaraðila hans samkvæmt stafliðum d), e) og g) XVIII. greinar samningsins.

e) Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar tekur samningurinn hvorki gildi né kemur til bráðabirgðaframkvæmda fyrir neitt ríki nema skilyrðum stafliðs c) XXI. greinar samningsins hafi verið fullnægt.

f) Þegar samningurinn tekur gildi kemur hann í stað bráðabirgðasamningsins, sem þá er lokið. Ekkert í samningnum eða rekstrarsamkomulaginu hefur þó áhrif á nein réttindi eða skuldbindingu aðila eða undirritunaraðila, sem þeir hafa öðlast áður sem undirritunaraðilar bráðabirgðasamningsins eða ECS samningsins.

XXIII. gr.

(Aðild)

a) Hvaða ríki sem er, þar sem fjarskiptastofnun eða viðurkennt einkafyrirtæki var, eða bar réttur til að verða undirritunaraðili bráðabirgðasamningsins þegar samningurinn er lagður fram til undirritunar, getur gerst aðili að honum frá og með þeim degi er hann hættir að liggja frammi til undirritunar þar til tveimur árum eftir gildistöku hans.

b) Ákvæði stafliða c) til e) þessarar greinar eiga við aðildarbeiðni eftirfarandi ríkja:

i) ríki þar sem fjarskiptastofnun eða viðurkennt einkafyrirtæki var eða bar réttur til að verða undirritunaraðili bráðabirgðasamningsins þegar samningurinn var lagður fram til undirritunar og sem hefur ekki orðið aðili að samningnum samkvæmt málsliðum i) eða ii) stafliðs a) XXI. greinar hans eða staflið a) þessarar greinar;

ii) hvaða annað evrópskt ríki sem er, sem er aðili að alþjóðafjarskiptasambandinu og óskar að gerast aðili að samningnum eftir gildistöku hans.

c) Sérhverju ríki, sem óskar að gerast aðili að samningnum við þær aðstæður, sem greinir í staflið b) þessarar greinar („umsóknarríki"), ber að tilkynna framkvæmdastjóranum það skriflega og láta honum í té allar upplýsingar sem stjórn undirritunaraðila kann að krefjast varðandi vænt-

When provisional application ends under subparagraph ii) or iii) of this paragraph, paragraphs d), e) and g) of Article XVIII of the Convention shall govern the rights and obligations of the Party and of its designated Signatory.

e) Despite the provisions of this Article, the Convention shall neither enter into force, nor be applied provisionally for any State, unless the conditions in paragraph c) of Article XXI of the Convention have been satisfied.

f) Upon entry into force, the Convention shall replace and terminate the Provisional Agreement. However, nothing in the Convention or the Operating Agreement shall affect any right or obligation of a Party or a Signatory acquired in its former capacity as a Signatory Party to the Provisional Agreement or as a Signatory to the ECS Agreement.

ARTICLE XXIII

(Accession)

a) Any State whose telecommunications Administration or Recognized Private Operating Agency was, or had the right to become, a Signatory Party to the Provisional Agreement at the date on which the Convention is opened for signature, may accede to the Convention from the date on which it ceases to be open for signature, until two years after its entry into force.

b) The provisions of paragraphs c) to e) of this Article shall apply to requests for accession by the following States:

i) a State whose telecommunications Administration or Recognized Private Operating Agency was, or had the right to become, a Signatory Party to the Provisional Agreement at the date on which the Convention was opened for signature, which has not become a Party to the Convention in accordance with subparagraphs i) or ii) of paragraph a) of Article XXI of the Convention, or paragraph a) of this Article,

ii) any other European State which is a Member of the International Telecommunication Union wishing to accede to the Convention after its entry into force.

c) Any State which wishes to accede to the Convention in the circumstances mentioned in paragraph b) of this Article („the Applicant State") shall so notify the Director General in writing and shall supply the latter with all information which the Board of Signatories may

anlega nýtingu umsóknarríkisins á geimskor EUTELSAT.

d) Stjórn undirritunaraðila ber að athuga frá tækni-, rekstrar- og fjárhagslegum sjónarmiðum hvort umsókn umsóknarríkisins samræmist hagsmunum EUTELSAT og undirritunaraðilanna innan athafnasviðs EUTELSAT og leggja tillögu um það efni fyrir þing aðilanna.

e) Þegar þing aðilanna tekur tillit til slíkra tillagna ber því að taka ákvörðun um beiðni umsóknarríkisins innan sex mánaða frá þeim degi er stjórn undirritunaraðila ályktar að hún hafi undir höndum allar þær upplýsingar er á þarf að halda samkvæmt staflið c) þessarar greinar. Ályktun stjórnar undirritunaraðila ber þegar að tilkynna þingi aðilanna.

Ákvörðun þings aðilanna ber að taka með leynilegri atkvæðagreiðslu og samkvæmt þingsköpum um ákvarðanir um efnisatriði. Boða má aukafund þings aðilanna í þessum tilgangi.

f) Framkvæmdastjóra ber að tilkynna umsóknarríkinu skilyrði fyrir aðild sem þing aðilanna hefur sett og sem komi fram í bókun er fylgi aðildarskjali sem ríkinu ber að leggja fram hjá vörsluríkinu.

require, concerning the Applicant State's proposed utilization of the EUTELSAT Space Segment.

d) The Board of Signatories shall examine from the technical, operational and financial view points the compatibility of the application of the Applicant State with the interests of EUTELSAT and the Signatories within the scope of activities of EUTELSAT and shall submit a recommendation thereon to the Assembly of Parties.

e) Taking into account such recommendation, the Assembly of Parties shall take a decision on the Applicant State's request within six months following the date on which the Board of Signatories decides that it is in the possession of all the information required under paragraph c) of this Article. The decision of the Board of Signatories shall be promptly notified to the Assembly of Parties.

The decision of the Assembly of Parties shall be taken by secret vote and in accordance with the procedure for decisions on matters of substance. An extraordinary meeting of the Assembly of Parties may be convened for this purpose.

f) The Director General shall notify the Applicant State of the conditions for accession established by the Assembly of Parties which will be the subject of a protocol annexed to the instrument of accession to be deposited by the said State with the Depositary.

XXIV. gr.

(Ábyrgð)

Enginn aðili ber einn ábyrgð á gerðum og skuldbindingum EUTELSAT, utan það er þá ábyrgð leiðir af milliríkjasamningi sem aðilinn og ríki er krefst bóta eru aðilar að. Í því tilfelli ber EUTELSAT að bæta viðkomandi aðila varðandi hvers kyns slíka ábyrgð, nema síðarnefndur aðili hafi beinlínis skuldbundið sig til að taka slíka ábyrgð á sig einn.

ARTICLE XXIV

(Liability)

No Party shall be individually liable for the acts and obligations of EUTELSAT except where such liability results from a treaty to which that Party and a State claiming compensation are parties. In that case, EUTELSAT shall indemnify the Party concerned in respect of any such liability, unless the latter has expressly undertaken to assume exclusively such liability.

XXV. gr.

(Ýmis ákvæði)

a) Opinber tungumál og starfsmál EUTELSAT skulu vera enska og franska.

b) EUTELSAT ber með tilliti til almennra skoðana þings aðilanna að hafa samvinnu um sameiginleg hagsmunamál við Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra og þá sérstaklega alþjóðafjarskiptasambandið, svo og aðrar alþjóðastofnanir.

ARTICLE XXV

(Miscellaneous Provisions)

a) The official and working languages of EUTELSAT shall be English and French.

b) EUTELSAT shall, having regard to the general views of the Assembly of Parties, cooperate on matters of common interest with the United Nations and its Specialized Agencies, in particular the International Telecommunication Union, and other international organizations.

c) Í þeim tilgangi að hlíta ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 1721 (XVI) ber EUTELSAT að senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og viðkomandi sérstofnun ársskýrslu um starfsemi sína þeim til upplýsinga.

XXVI. gr.

(Vörsluríki)

a) Ríkisstjórn franska lýðveldisins skal vera vörsluríki samningsins og skulu henni afhent fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjöl, beiðnir um bráðabirgðaframkvæmd og tilkynningar um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykkt breytinga, ályktana um úrsögn úr EUTELSAT eða niðurfellingu bráðabirgðaframkvæmdar samningsins.

b) Samninginn ber að geyma í skjalasafni vörsluríkisins. Vörsluríkinu ber að senda staðfest afrit af texta samningsins til allra ríkja sem hafa undirritað hann eða lagt fram aðildarskjöl að honum, svo og til alþjóðafjarskiptasambandsins.

c) Vörsluríkinu ber þegar að tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað samninginn eða gerst aðilar að honum, öllum undirritunaraðilum og, ef nauðsyn krefur, alþjóðafjarskiptasambandinu eftirfarandi:

i) allar undirritanir samningsins;
ii) afhendingu allra fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- og aðildarskjala;
iii) upphaf sextíu daga tímabilsins sem um getur í staflið a) XXII. greinar samningsins;
iv) gildistöku samningsins;
v) allar beiðnir um bráðabirgðaframkvæmd samkvæmt staflið d) XXII. greinar samningsins;
vi) skipun framkvæmdastjóra, hvers kyns andstöðu gegn henni og staðfestingu hennar samkvæmt staflið a) XIII. greinar samningsins;
vii) samþykkt og gildistöku allra breytinga á samningnum;
viii) allar tilkynningar um úrsagnir;
ix) allar ályktanir þings aðilanna samkvæmt staflið b) XVIII. greinar samningsins þess efnis að aðili sé talinn hafa sagt sig úr EUTELSAT;
x) allar ályktanir stjórnar undirritunaraðila samkvæmt staflið b) XVIII. greinar samningsins þess efnis að undirritunaraðili sé talinn hafa sagt sig úr EUTELSAT;

c) To comply with Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations, EUTELSAT shall send to the Secretary General of the United Nations, and to the Specialized Agencies concerned, for their information, an annual report on its activities.

ARTICLE XXVI

(Depositary)

a) The Government of the French Republic shall be the Depositary for the Convention, with which shall be deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession, requests for provisional application and notifications of ratification, acceptance or approval of amendments, of decisions to withdraw from EUTELSAT or of termination of the provisional application of the Convention.

b) The Convention shall be deposited in the archives of the Depositary. The Depositary shall send certified copies of the text of the Convention to all States that have signed it or deposited instruments of accession to it, and to the International Telecommunication Union.

c) The Depositary shall promptly inform all States which have signed or acceded to the Convention, all Signatories and, if necessary, the International Telecommunication Union of:

i) all signatures of the Convention;
ii) the deposit of all instruments of ratification, acceptance, approval or accession;
iii) the start of the sixty day period referred to in paragraph a) of Article XXII of the Convention:
iv) the entry into force of the Convention;
v) all requests for provisional application under paragraph d) of Article XXII of the Convention;
vi) the appointment of the Director General, any objections to and the confirmation of that appointment under paragraph a) of Article XIII of the Convention;
vii) the adoption and entry into force of all amendments to the Convention;
viii) all notifications of withdrawal;
ix) all decisions by the Assembly of Parties under paragraph b) of Article XVIII of the Convention that a Party is deemed to have withdrawn from EUTELSAT;
x) all decisions by the Board of Signatories under paragraph b) of Article XVIII of the Convention that a Signatory is deemed to have withdrawn from EUTELSAT;

xi) öll skipti á undirritunaraðilum sem framkvæmd eru samkvæmt stafliðum b) og c) XVIII. greinar samningsins;
xii) allar niðurfellingar og endurheimtur réttinda;
xiii) allar aðrar tilkynningar og orðsendingar um samninginn.

d) Þegar samningurinn tekur gildi ber vörsluríkinu að senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest löggilt endurrit af samningnum og rekstrarsamkomulaginu til skrásetningar og útgáfu samkvæmt 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa verið fullgiltir af ríkisstjórnum sínum, undirritað samning þennan.

Lagt fram til undirritunar í París 15. dag júlímánaðar 1982 í einu frumriti á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir jafngildir.

xi) all substitutions of Signatories made under paragraphs b) and c) of Article XVIII of the Convention;
xii) all suspensions and restorations of rights;
xiii) all other notifications and communications about the Convention.

d) Upon entry into force of the Convention, the Depositary shall send to the Secretariat of the United Nations, for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations, confirmed certified copies of the Convention and the Operating Agreement.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Convention.

Opened for signature at Paris this fifteenth day of July one thousand nine hundred and eighty two in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single original.

VIÐAUKI A

(Bráðabirgðaákvæði)

1. **Framhald starfsemi**

a) Hvers kyns samningur, sem INTERIM EUTELSAT hefur gert samkvæmt bráðabirgðasamningnum eða ECS samningnum og sem er í gildi þegar framangreindir tveir samningar falla niður, heldur gildi nema og þar til honum er breytt eða hann felldur niður samkvæmt ákvæðum þess samnings. Hvers kyns ákvörðun, sem INTERIM EUTELSAT hefur tekið samkvæmt bráðabirgðasamningnum eða ECS samningnum og er í gildi þegar síðastnefndir tveir samningar falla niður, heldur gildi nema og þar til þeirri ákvörðun er breytt eða hún er felld niður með eða í sambandi við framkvæmd samningsins eða rekstrarsamkomulagsins.

b) Fari svo þegar bráðabirgðasamningurinn og ECS samningurinn falla niður að einhver stofnun INTERIM EUTELSAT hafi hafið eitthvert starf, sem henni er heimilað eða skylt að inna af hendi samkvæmt bráðabirgðasamningnum eða ECS samningnum, en ekki lokið við það, ber stjórn undirritunaraðila að koma í stað stofnunarinnar í þeim tilgangi að ljúka verkinu.

ANNEX A

(Transitional Provisions)

1. **Continuity of Activities**

a) Any agreement entered into by INTERIM EUTELSAT under the Provisional Agreement or the ECS Agreement and which is in effect at the time the two mentioned Agreements terminate shall remain in effect, unless and until modified or repealed in accordance with the provisions of that agreement. Any decision taken by INTERIM EUTELSAT under the Provisional Agreement or the ECS Agreement and which is in effect at the time the two last mentioned Agreements terminate shall remain in effect unless and until that decision is modified or repealed by, or in implementation of, the Convention or the Operating Agreement.

b) If, at the time the Provisional Agreement and the ECS Agreement terminate, any organ of INTERIM EUTELSAT has embarked on, but not completed, any action which it is authorized or required to take under the Provisional Agreement or the ECS Agreement, the Board of Signatories shall stand in the place of that organ for the purpose of completing such action.

2. **Stjórnun**

a) Frá og með gildistökudegi samningsins veitist öllu starfsliði aðalskrifstofunnar, sem sett var á stofn samkvæmt 9. grein bráðabirgðasamningsins, réttur til flutnings í framkvæmdastofnun EUTELSAT, sbr. þó ákvæði stafliðs f) XIII. greinar samningsins.

b) Samkvæmt 1. málsgrein þessa viðauka halda ráðningarskilyrði starfsliðs, sem í gildi voru samkvæmt bráðabirgðasamningnum, gildi þar til stjórn undirritunaraðila hefur samið ný ráðningarskilyrði.

c) Þar til fyrsti framkvæmdastjórinn tekur við starfi ber aðalritara INTERIM EUTELSAT að annast störf hans.

3. **Flutningur starfa umboðsstjórnarinnar til EUTELSAT**

a) Á upphafsdegi sextíu daga tímabilsins, sem um getur í staflið a) XXII. greinar samningsins, ber aðalritara INTERIM EUTELSAT að tilkynna umboðsstjórninni gildistökudag samningsins og lok bráðabirgðasamningsins.

b) Aðalritara INTERIM EUTELSAT ber að gera allar ráðstafanir varðandi flutning á réttum tíma til EUTELSAT á öllum réttindum og skuldbindingum sem umboðsstjórnin hefur öðlast sem lögmætur fulltrúi INTERIM EUTELSAT.

VIÐAUKI B
(Gerðardómsmeðferð)

1. Í þeim tilgangi að dæma í hvers kyns deilumálum, sem um getur í XX. grein samningsins eða 20. grein rekstrarsamkomulagsins, ber að stofna gerðardóm samkvæmt eftirfarandi málsgreinum.

2. Hvaða aðili að samningnum sem er getur gengið í lið með öðrum hvorum deiluaðila fyrir gerðardómi.

3. Gerðardómsmenn skulu vera þrír. Sérhverjum deiluaðila ber að tilnefna einn gerðardómsmann innan tveggja mánaða reiknað frá móttökudegi beiðni annars aðilans um að vísa deilunni til gerðardóms. Þegar þess er krafist í XX. grein samningsins og 20. grein rekstrarsamkomulagsins að deiluaðilar fallist á að vísa

2. **Management**

a) From the date of the entry into force of the Convention all personnel of the permanent General Secretariat established under Article 9 of the Provisional Agreement, shall have the right to be transferred to the executive organ of EUTELSAT, without prejudice to the provisions of paragraph f) of Article XIII of the Convention.

b) In accordance with paragraph 1. of this Annex the conditions for employment of personnel which were in force under the Provisional Agreement shall continue to apply until new conditions of employment are drawn up by the Board of Signatories.

c) Until the first Director General assumes office his functions shall be performed by the Secretary General of INTERIM EUTELSAT.

3. **Transfer to EUTELSAT of the functions of the Mandated Administration**

a) On the date of the start of the sixty-day period referred to in paragraph a) of Article XXII of the Convention, the Secretary General of INTERIM EUTELSAT shall inform the Mandated Administration of the date of entry into force of the Convention and the termination of the Provisional Agreement.

b) The Secretary General of INTERIM EUTELSAT shall take all measures for a timely transfer to EUTELSAT of all rights and obligations acquired by the Mandated Administration in its capacity as legal representative of INTERIM EUTELSAT.

ANNEX B
(Arbitration Procedure)

1. For the purposes of adjudicating upon any dispute referred to in Article XX of the Convention or Article 20 of the Operating Agreement, an Arbitration Tribunal shall be established in accordance with the following paragraphs.

2. Any Party to the Convention may join either party to the dispute in the arbitration.

3. The Arbitration Tribunal shall consist of three members. Each party to the dispute shall nominate one arbitrator within a period of two months reckoned from the date of receipt of the request by one party to refer the dispute to arbitration. Where Article XX of the Convention and Article 20 of the Operating Agreement

deilunni til gerðardóms ber að reikna tveggja mánaða tímabilið frá og með dagsetningu þess samþykkis. Innan tveggja mánaða tímabils, sem reiknast frá tilnefningu síðari gerðardómsmannsins, ber fyrstu tveimur gerðardómsmönnunum að tilnefna þriðja gerðardómsmanninn sem verður formaður gerðardómsins. Hafi annar hvor gerðardómsmanna ekki verið tilnefndur innan tilskilins tímabils skal hann, að beiðni annars hvors aðila, tilnefndur af forseta Alþjóðadómstólsins eða, ef samkomulag næst ekki milli aðilanna, af aðalritara Fastagerðardómsins. Sömu aðferð ber að beita ef formaður gerðardómsins hefur ekki verið tilnefndur innan tilskilins tímabils.

4. Gerðardómurinn ákvarðar aðsetur sitt og setur sér sjálfur reglur um málsmeðferð.

5. Sérhver aðili skal bera kostnað af þeim gerðardómsmanni sem hann tilnefnir, svo og kostnað af fulltrúa sínum við gerðardóminn. Útgjöld varðandi formann gerðardómsins skiptist jafnt á deiluaðila.

6. Úrskurður gerðardómsins skal felldur af meiri hluta gerðardómsmanna sem mega ekki sitja hjá við atkvæðagreiðslu. Úrskurður þessi skal vera endanlegur og bindandi fyrir alla deiluaðila og fæst honum ekki áfrýjað. Aðilunum ber að hlíta úrskurðinum tafarlaust. Fari svo að deilt verði um þýðingu eða umfang hans ber gerðardómnum að túlka hann að beiðni deiluaðila.

require the agreement of the disputants to refer the dispute to arbitration, the period of two months shall be reckoned from the date of that agreement. The first two arbitrators shall, within a period of two months reckoned from the nomination of the second arbitrator, nominate the third arbitrator, who shall be the Chairman of the Arbitration Tribunal. If one of the two arbitrators has not been nominated within the required period he shall, at the request of either party, be nominated by the President of the International Court of Justice or, if there is no agreement between the parties, the Secretary General of the Permanent Arbitration Court. The same procedure shall apply if the Chairman of the Arbitration Tribunal has not been nominated within the required period.

4. The Arbitration Tribunal shall determine its seat and establish its own rules of procedure.

5. Each party shall bear the cost relating to the arbitrator for whose nomination it is responsible, as well as the costs of being represented before the Tribunal. The expenditure relating to the Chairman of the Arbitration Tribunal shall be shared equally by the parties to the dispute.

6. The award of the Arbitration Tribunal shall be made by a majority of its members, who may not abstain from voting. This award shall be final and binding on all parties to the dispute and no appeal shall lie against it. The parties shall comply with the award without delay. In the event of a dispute as to its meaning or scope, the Arbitration Tribunal shall interpret it at the request of any party to the dispute.

Ed. 851. Frumvarp til laga [19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. mars.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Al, Halim, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. 7. janúar 1955 í Tyrklandi. Fær réttinn 13. apríl 1987.
2. Anna Kristín Einarsson, flugfreyja í Reykjavík, f. 11. ágúst 1952 í Bandaríkjunum.
3. Arnar Freyr Samantha Hermannsson, barn á Akureyri, f. 28. apríl 1985 á Sri Lanka.
4. Arndís Jóna Steinarsdóttir, húsmóðir í Grindavík, f. 29. júlí 1962 á Íslandi.
5. Assier, Roland Richard Marie, markaðsstjóri í Reykjavík, f. 12. desember 1957 í Frakklandi.
6. Bandel, Zofia, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. febrúar 1946 í Póllandi.
7. Beekman, Christian, bóndi í Breiðdal, f. 4. apríl 1948 í Hollandi.

8. Behrend, Tómas, rafvirki í Skútustaðahreppi, f. 17. mars 1955 á Íslandi.
9. Benedicic, Helena Dejak, húsmóðir á Akureyri, f. 18. ágúst 1946 í Júgóslavíu.
10. Brune, Esther, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 22. nóvember 1957 í Suður-Afríku. Fær réttinn 4. ágúst 1987.
11. Choi, Kui Ja, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. október 1949 í Suður-Kóreu.
12. Christensen, Björn Ingi Hyldahl, kaupmaður í Reykjavík, f. 4. mars 1951 á Íslandi.
13. Christensen, Sveinn Henrik Hyldahl, kaupmaður í Garðabæ, f. 29. mars 1943 á Íslandi.
14. Collins, Skúli Patrick Leo, nemandi í Reykjavík, f. 24. nóvember 1976 á Nýja-Sjálandi.
15. Correa, Lisa Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. ágúst 1960 á Indlandi. Fær réttinn 13. október 1987.
16. Daníel Matthías Sigurðsson, nemandi í Garðabæ, f. 6. júlí 1962 í Þýskalandi.
17. Djermoun, Mohamed, verslunarmaður í Reykjavík, f. 24. júní 1948 í Alsír.
18. Eckard, Richard Henry, eldvarnaeftirlitsmaður í Sandgerði, f. 1. október 1945 á Íslandi.
19. Eckardt, Ludwig Martin, kennari á Akranesi, f. 14. maí 1951 í Þýskalandi.
20. Eliason, Sonja Ísafold, húsmóðir í Krýsuvík, f. 13. október 1936 í Danmörku.
21. Frady, Elly Renée, bankastarfsmaður í Kópavogi, f. 31. október 1958 á Íslandi.
22. Furrow, Jennie, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1956 í Bandaríkjunum.
23. Hadzic, Nebojsa, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 20. nóvember 1939 í Júgóslavíu.
24. Hajduk, Magdalena, barn í Reykjavík, f. 8. mars 1979 í Póllandi.
25. Hambrock, Heide Margarete, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1959 í Austurríki.
26. Hartmann, Ilse Heike, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 28. mars 1936 í Þýskalandi.
27. Hirlekar, Girish Bhaskar, læknir á Akureyri, f. 4. febrúar 1952 á Indlandi. Fær réttinn 25. ágúst 1987.
28. Holm, Gunnar, vélfræðingur í Reykjavík, f. 3. ágúst 1961 á Íslandi.
29. Holm, Linda Björk, starfsstúlka í Reykjavík, f. 18. júní 1961 á Íslandi.
30. Jacobsen, Edil Jovina, húsmóðir á Vopnafirði, f. 5. febrúar 1945 í Færeyjum.
31. Josephsson, Ulf Anders, sjúkraliði í Reykjavík, f. 2. maí 1958 í Svíþjóð.
32. Kárdal, Jónína Ólafsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 8. nóvember 1966 í Bandaríkjunum.
33. Khan, Mohammed Allauddin, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 5. ágúst 1961 í Pakistan. Fær réttinn 28. apríl 1987.
34. Kim, Tae Chol, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1945 í Suður-Kóreu.
35. Klonowski, Ewa Elvira, erfðafræðingur í Reykjavík, f. 14. nóvember 1946 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
36. Klonowski, Ireneusz, verkfræðingur í Reykjavík, f. 27. júní 1945 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
37. Krawczyk, Stanislawa, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. apríl 1952 í Póllandi.
38. Laskowska, Regina Irena, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. janúar 1963 í Póllandi. Fær réttinn 4. maí 1987.
39. Ly, Lan Muoi, húsmóðir í Reykjavík, f. 15. október 1956 í Víet Nam. Fær réttinn 22. desember 1987.
40. Martinez, Antonio Fernándes, sjómaður á Fáskrúðsfirði, f. 16. maí 1959 á Spáni.
41. Miltenburg, Marinus Jacobus Wilhelmus, verkamaður í Grindavík, f. 22. febrúar 1960 í Hollandi.
42. Mooney, Bruce Scott, verkamaður í Reykjavík, f. 20. júlí 1958 í Bandaríkjunum.
43. O'Connell, Edward Gerard, vélvirki í Reykjavík, f. 11. júní 1950 í Skotlandi.
44. Polanska, Jolanta, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. apríl 1959 í Póllandi. Fær réttinn 6. apríl 1987.
45. Potenciano, Jesus Hernández, verslunarmaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Spáni.
46. Sandy, Anthony Roy, hárgreiðslumeistari í Mosfellssveit, f. 14. júlí 1945 í Englandi.

47. Shahin, Ibrahim Antar Sayed Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1947 í Egyptalandi.
48. Shahin, Samir Antar Said Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 23. júní 1954 í Egyptalandi.
49. Stanojev, Krsta, íþróttakennari í Kópavogi, f. 5. júní 1944 í Júgóslavíu.
50. Suchanek, Barbara María, húsmóðir í Hrunamannahreppi, f. 28. júlí 1945 í Póllandi.
51. Swan, Edward Marion, bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 14. janúar 1947 í Bandaríkjunum.
52. Tamayo, Proserpina Yrissari, húsmóðir á Hvammstanga, f. 1. febrúar 1949 á Filippseyjum.
53. Tomcsyk, Izabella, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. apríl 1940 í Póllandi.
54. Vasiljeva, Natalya Vladimirovna, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 í Sovetríkjunum. Fær réttinn 12. maí 1987.
55. Vilhjálmur Helgi Vilhjálmsson, nemandi í Reykjavík, f. 29. janúar 1960 í Bandaríkjunum.
56. Vogler, Philip Norman, kennari á Egilsstöðum, f. 4. október 1950 í Bandaríkjunum.
57. Waldimar Waldimarsson, fiskeldismaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1935 á Íslandi. Fær réttinn 1. október 1987.
58. Wendover, Arthur Gordon, rafeindavirki á Ísafirði, f. 14. apríl 1947 í Kanada.
59. Wendover, Brigid Elizabeth, húsmóðir á Ísafirði, f. 18. apríl 1944 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir skal heimilt, til septemberloka 1987, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 852. Nefndarálit [368. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. mars 1987.

Pétur Sigurðsson, form.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Guðmundur Bjarnason, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Friðrik Sophusson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Ed. 853. Lög [311. mál]

um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 548.

Ed. 854. Lög [410. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 767.

Ed. 855. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Það er samdóma álit nefndarinnar að hér sé um gagnmerka löggjöf að ræða sem orðið geti til eflingar vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu.

Frumvarpið var sent allmörgum aðilum til umsagnar og Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, og Valdimar Kr. Jónsson, forseti verkfræðideildar Háskólans, komu á fund nefndarinnar. Skýrðu þeir margt í frumvarpinu.

Í umsögnum um frumvarpið koma fram ýmsar athugasemdir þótt flestum þyki sem frumvarpið miði í rétta átt og verði til að efla vísindi og rannsóknir.

Enda þótt nefndarmenn séu ekki sammála um öll atriði frumvarpsins telja þeir nauðsynlegt að málið nái fram að ganga á þessu þingi og mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. mars 1987.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Árni Johnsen.	Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 856. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til l. um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 5. gr. C-liður 1. mgr. orðist svo:
   Stjórn hug- og félagsvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af fundi stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Vísindaráðs ræður framkvæmdastjóra ráðsins til fimm ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.
3. Við 18. gr. Síðasti málsl. 2. mgr. falli brott.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Lög þess skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra

Sþ. 857. Nefndarálit [362. mál]

um till. til þál. um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum og öðrum mannvirkjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar með breytingu en tillaga um hana er flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1987.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Haraldur Ólafsson.	Pétur Sigurðsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
	Guðrún Agnarsdóttir.	

Sþ. 858. Breytingartillaga [362. mál]

við till. til þál. um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum og öðrum mannvirkjum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að endurskoða gildandi lög sem fjalla um ábyrgð þeirra sem tengjast húsbyggingum og annarri mannvirkjagerð.

Sþ. 859. Nefndarálit [353. mál]

um till. til þál. um þjóðarátak í umferðaröryggi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu og er tillaga um hana flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1987.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Eggert Haukdal.	Haraldur Ólafsson.
	Guðrún Agnarsdóttir.	

Sþ. 860. Breytingartillaga [353. mál]

við till. til þál. um þjóðarátak í umferðaröryggi.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að vinna að undirbúningi þjóðarátaks í umferðaröryggi. Nefndin skal skipuð fulltrúum þeirra stofnana og samtaka sem sérstaklega láta sig varða umferð og umferðaröryggi. Stefnt skal að því að átakið hefjist í byrjun árs 1988.

Sþ. 861. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og fengið á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Jónatan Þórmundsson prófessor, forseta lagadeildar Háskólans, Þóri Einarsson prófessor, forseta viðskiptadeildar, og Þórólf Þórlindsson prófessor, forseta félagsvísindadeildar. Voru þeir sammála um að þetta væri áhugavert verkefni sem rétt væri að fela Háskóla Íslands.

Nefndin er sammála um að mæla með því að tillagan verði samþykkt með breytingu sem er að finna á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1987.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Agnarsdóttir, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Pétur Sigurðsson.	Haraldur Ólafsson.
	Eggert Haukdal.	

Sþ. 862. Breytingartillaga [66. mál]

við till. til þál. um könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi.

Frá allsherjarnefnd.

Síðari málsgrein orðist svo:
Könnun þessari verði hraðað og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi.

Sþ. 863. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um auglýsingalöggjöf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu sem lögð er til á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1987.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Haraldur Ólafsson, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Pétur Sigurðsson.	Eggert Haukdal.

Guðrún Agnarsdóttir.

Sþ. 864. Breytingartillaga [84. mál]

við till. til þál. um auglýsingalöggjöf.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar.

Nd. 865. Frumvarp til laga [422. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. gr.

4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:
Þá er og heimilt að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk, barnaörorkustyrk og framfærslukostnað skv. 10. gr. laga nr. 41/1983 vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar. Sama gildir um rekstur bifreiða eigi í hlut elli- og örorkulífeyrisþegar og örorkustyrkþegar.

2. gr.

B-liður 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Að veita styrk til öflunar hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi taka einnig til þeirra sem fengu úthlutun leyfa til tollaívilnunar árið 1986 vegna kaupa á bifreið.

Greinargerð.

Með lögum nr. 4/1986 var tollur af bifreiðum lækkaður út 70% í 10%. Þetta hafði í för með sér að tollaívilnun vegna bifreiðakaupa öryrkja, sbr. 27. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, nr. 120/1976, lækkaði sem þessu nemur.

Þessi lækkun leiddi til um það bil 30% lækkunar á verði nýrra og notaðra bifreiða þannig að öryrkjar sitja nú svo að segja við sama borð og almenningur hvað bifreiðakaup varðar.

Á ríkisstjórnarfundi 12. febrúar s.l. var samþykkt eftirfarandi tillaga fjármálaráðherra um aðstoð við fatlaða vegna bifreiðakaupa:

„Ríkisstjórnin ákveður að fyrirgreiðsla til fatlaðra við bifreiðakaup færist til Tryggingastofnunar ríkisins. Komi tryggingastyrkir í stað tollalækkunar. Miðað skal við að fyrirgreiðsla verði sama hlutfall af almennu söluverði bifreiða og var fyrir tollalækkun í febrúar 1986."

Það er mat þeirra lögfræðinga fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins sem falið var að gera tillögu í samræmi við fyrrgreinda ríkisstjórnarsamþykkt að nauðsynlegt sé að setja skýr og skorinorð ákvæði inn í lög um almannatryggingar eigi styrkir til bifreiðakaupa af þessu tagi að greiðast af almannatryggingum, þ.e. úr lífeyristryggingum og sjúkratryggingum. Hefur því orðið að samkomulagi að leggja til breytingar á tveimur greinum laga um almannatryggingar, 19. og 39. gr., til þess að almannatryggingar geti náð yfir þessi tilvik.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting að 19. gr. nái ekki aðeins yfir uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna reksturs bifreiða, heldur og vegna kaupa á bifreiðum. Samkvæmt breytingunni væri hægt að styrkja elli- og örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega, barnaörorkustyrkþega og framfærendur fatlaðra, sem njóta framfærslugreiðslna skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, til kaupa á bifreiðum sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt þykir að bótaþegi komist ekki af án bifreiðar. Samkvæmt 19. gr. setti ráðherra reglugerð um framkvæmdina að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ekki eru lagðar til breytingar á greiðslu uppbótar vegna rekstrar bifreiða, sbr. nánari reglugerð nr. 394/1980, þannig að sá þáttur nær ekki til barnaörorkustyrkþega og framfærenda er njóta framfærslu styrkja skv. 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Um 2. gr.

Ekki njóta allir hreyfihamlaðir einstaklingar bóta lífeyristrygginga, ýmist vegna eigin tekna eða tekna maka, auk þess sem sumir kjósa að nýta sér ekki rétt til bóta. Þegar tollaívilnanir voru veittar samkvæmt tollskrárlögum var tekið fullt tillit til þessara einstaklinga og er engin ástæða til breytinga. Þar sem greiðslur vegna þeirra geta samkvæmt almannatryggingalögum ekki komið frá lífeyristryggingum, þar sem þeir njóta ekki slíkra bóta, er nauðsynlegt að setja inn ótvíræð ákvæði um slík bifreiðakaup í 39. gr. laganna sem fjalla um hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Greiðslur vegna bifreiðakaupa hreyfihamlaðra yrðu því með tvennum hætti, þ.e. úr lífeyristryggingum sé um að ræða bótaþega og úr sjúkratryggingum fyrir aðra.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að tryggja rétt þeirra sem fengu úthlutun á árinu 1986, þ.e. eftir að tollaívilnanir voru lækkaðar, þannig að hinn fatlaði njóti hlutfallslega sömu kjara og þeir sem fá úthlutað á yfirstandandi ári.

Ed. 866. Frumvarp til laga [423. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna og birta vísitölu byggingarkostnaðar. Vísitalan skal reist á þeim grunni sem Hagstofan ákveður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Grunnur vísitölunnar skal miðaður við tiltekna gerð íbúðarhúsnæðis. Auk þess er Hagstofunni heimilt að reikna vísitölur sem miðast við aðrar gerðir húsa, byggingarmannvirkja eða hluta þeirra.

2. gr.

Vísitala byggingarkostnaðar skal miðuð við byggingarkostnað á höfuðborgarsvæði. Vísitalan skal reiknuð samkvæmt verðlagi um miðjan hvern mánuð og gilda í mánaðartíma frá fyrsta degi mánaðarins næsta eftir útreikningsmánuð. Vísitalan skal reiknuð og birt með einum aukastaf.

3. gr.

Hagstofan skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á grundvelli vísitölunnar með hliðsjón af breytingum á byggingarháttum, byggingarefnum svo og á tilhögun launagreiðslna, verðskráningar og útreikninga.

Sé ákveðið að breyta um grunn vísitölunnar skal Hagstofan ákveða og birta opinberlega hvernig vísitalan, miðuð við hinn nýja grunn, skuli tengd eldri vísitölum byggingarkostnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 18/1983, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. þessara laga um mánaðarlegan útreikning og gildistíma vísitölu byggingarkostnaðar breyta ekki gildi ákvæða um verðbætur í skuldabréfum, verksamningum og þess háttar sem sett eru í samræmi við fyrri lög um vísitölu byggingarkostnaðar. Sé ekki um annað samið skulu þær verðbætur, sem hér um ræðir, því miðast við vísitölur sem gilda í mánuðunum janúar, apríl, júlí og október og skal hver vísitala þá gilda í þrjá mánuði hvert sinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af hagstofustjóra og flutt í tengslum við endurskoðun á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar sem nú er unnið að á vegum Hagstofunnar.

Allt frá árinu 1939 hefur reikningur opinberra verðvísitalna hér á landi verið háður sérstökum lögum sem kveðið hafa á um grundvöll þeirra, útreikningstíma og um tengingu við eldri vísitölur eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Um vísitölu byggingarkostnaðar eru nú í gildi lög nr. 18 23. mars 1983. Lög þessi fjalla að verulegu leyti um upptöku nýs grundvallar fyrir vísitöluna sem þá var í bígerð, um útreikningstíma hennar, gildistíma og tengingu við eldri vísitölur. Jafnframt eru ákvæði um reglubundna endurskoðun vísitölugrundvallarins á fimm ára fresti.

Þessi síðast nefndu ákvæði heimila Hagstofunni að vísu að taka upp nýjan grunn fyrir vísitöluna án sérstakrar lagasetningar. Engu síður þykir Hagstofunni nú ástæða til nýrrar lagasetningar og er markmiðið tvíþætt. Annars vegar þykir ástæða til að gera vissar efnislegar breytingar á útreikningi vísitölu byggingarkostnaðar. Hins vegar þykir eðlilegt að í stað tiltölulega tímabundinna laga, eins og þeirra sem nú gilda, verði sett um vísitöluna ótímabundin löggjöf sem kveði á um meginreglur við gerð vísitölunnar og útreikning hennar.

Hér á eftir verður nánar vikið að þessu og gerð grein fyrir þeim breytingum sem felast í frumvarpi þessu frá gildandi lögum.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að almenn ákvæði verði um að Hagstofan reikni vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnur vísitölunnar verði miðaður við tiltekna gerð íbúðarhúsnæðis og ákveðinn í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Í þessu felst engin breyting frá því sem verið hefur önnur en sú að ákvæðin eru hér almenn í stað þess að miðast við tiltekinn grunn eða tiltekna endurskoðun vísitölunnar. Þannig má nefna að við þá endurskoðun, sem að hefur verið unnið að undanförnu, hefur verið haft samráð við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins auk þess sem leitað hefur verið til ýmissa sérfróðra aðila á sviði byggingarmála um upplýsingar og ráðgjöf.

Í 1. gr. er einnig gert ráð fyrir að heimilt sé að reikna vísitölur sem miðast við aðrar gerðir húsa eða mannvirkja. Í þessu felst fyrst og fremst þjónustustarfsemi við byggingaraðila og verkkaupa sem er að mörgu leyti sjálfsögð, einkum að því marki sem Hagstofan getur nýtt upplýsingar sem hún aflar vegna lögbundins vísitöluútreiknings, til þess að gera vísitölur fyrir mismunandi gerðir húsa og mannvirkja. Í þessu sambandi má nefna að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins reiknar nú með reglubundnum hætti sérstakar vísitölur fyrir einbýlishús og iðnaðarhúsnæði og nýtir meðal annars verðupplýsingar frá Hagstofunni í því skyni. Þá hafa komið fram óskir um að Hagstofan reiknaði sérstaka vísitölu fyrir opinberar byggingar og fyrir loftræstikerfi þar sem hér þykir skorta upplýsingar sem nota megi við verksamninga og verðtrygginu þeirra. Í framhaldi af upptöku nýs vísitölugrundvallar fyrir íbúðarhús hyggst Hagstofan taka þessi mál fyrir í samráði við

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Er þá gert ráð fyrir að slíkar vísitölur verði unnar af sömu nákvæmni og jafn oft og hin lögbundna vísitala fyrir íbúðarhúsnæði. Einnig verði þær birtar opinberlega þannig að þær megi nýta við verksamninga og verðtryggingu þeirra eftir því sem henta þykir og um semst.

Um 2. gr.

Lagt er til að vísitalan miðist við verðlag á höfuðborgarsvæði en það hefur hún gert í reynd til þessa. Ástæða þessa er sú að það er afar hæpið að unnt sé að fá fram fullnægjandi upplýsingar um verðlag í öllum þáttum bygginga utan höfuðborgarsvæðisins vegna smæðar byggingarmarkaðarins á hverjum stað. Jafnframt mundi slík upplýsingaöflun kosta Hagstofuna meira fé og fyrirhöfn en réttlætanlegt væri. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að vísitöluni er ætlað að sýna breytingar byggingarkostnaðar frá einum tíma til annars fremur en að hún sé mælikvarði á meðalbyggingarkostnaði í landinu á hverjum tíma.

Í síðari hluta 2. gr. felst meginefnisbreytingin frá gildandi lögum sem gerð er tillaga um í þessu frumvarpi. Hún er sú að vísitalan skuli reiknuð mánaðarlega og gilda í einn mánuð í senn. Í gildandi lögum segir að vísitalan skuli reiknuð á þriggja mánaða fresti og gilda í þrjá mánuði í senn. Í reynd er vísitalan þó reiknuð mánaðarlega og er enginn munur á þeim útreikningum sem fara fram í hinum lögboðnu fjórum mánuðum og í öðrum mánuðum ársins. Mánaðarlegi útreikningurinn byggist á tvennu, annars vegar á lagafyrirmælum um mánaðarlegan útreikning lánskjaravísitölu, en hún byggist að þriðjungi á vísitölu byggingarkostnaðar, hins vegar er það orðin almenn skoðun að helstu verðvísitölurnar, vísitala framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar, eigi að reikna mánaðarlega til þess að sem mest vitneskja fáist um breytingar verðlags í landinu. Í þessu sambandi má enn fremur hafa í huga, að lagaákvæði um útreikning á þriggja mánaða fresti hafa alls ekki komið í veg fyrir að beitt væri öðrum og tíðari verðbótaákvæðum í verksamningum. Þó er hinum mánaðarlegu vísitölum Hagstofunnar lítið beitt í þessu skyni enda hafa þær ekki lagastoð og algengast er að beitt sé svonefndum línulegum útreikningum við ákvörðun mánaðarlegra verðbóta. Þessi aðferð er þó miklu síðri og ótryggari en að fylgja mánaðarlegum vísitölum. Því má ætla að hljóti tillagan í 2. gr. samþykki og vísitalan verði reiknuð út mánaðarlega samkvæmt fyrirmælum laga verði hinir „línulegu“ útreikningar óþarfir og þeim hætt. Tillagan um mánaðarlegan útreikning gerir það að verkum að nauðsynlegt er að kveðið sé á um hvernig fara skuli með skuldabréf og samninga sem kveða á um verðbætur samkvæmt eldri lögum um vísitölu byggingarkostnaðar. Því er í ákvæðum til bráðabirgða lagt til að ákvæði frumvarpsins um mánaðarlegan útreikning og gildistíma breyti ekki gildi ákvæða um verðbætur sem miðast við eldri lög um vísitöluna. Sé ekki um annað samið skulu þess háttar verðbætur því miðast við þær vísitölur sem gilda í sömu mánuðum og hinar lögformlegu vísitölur samkvæmt eldri lögum og gilda í þrjá mánuði í senn.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta endurskoða grundvöll vísitölunnar með hliðsjón af breytingum á byggingarháttum, byggingarefnum svo og breytingum á tilhögun launagreiðslna, verðskráningar og útreikninga. Svipað ákvæði er í gildandi lögum. Loks er í 3. gr. lagt til að sett verði almenn ákvæði um að Hagstofan skuli ákveða og birta hvernig ný vísitala skuli tengd eldri vísitölum. Slíkar ákvarðanir eru óhjákvæmilegar en jafnframt eru þær fyrst og fremst tæknilegar og því er ástæðulaust að um þær séu sett sérstök lagafyrirmæli í hvert skipti sem grunur vísitölunnar er endurnýjaður.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1987. Er þá gert ráð fyrir að Hagstofan taki upp nýjan grunn og reikni vísitöluna samkvæmt honum í fyrsta skipti miðað við verðlag um miðjan júní og sú vísitala taki gildi 1. júlí. Núgildandi vísitala yrði þá reiknuð í síðasta sinn á þessum sama tíma þannig að tenging fáist milli hennar og hinnar nýju vísitölu. Ástæðulaust er að setja sérstök lagafyrirmæli um þetta eins og áður er getið.

Nd. 867. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin athugaði málið á mörgum fundum. Nefndin kallaði fyrir fulltrúa frá ASÍ, VSÍ, fjármálaráðuneyti, ríkisskattstjóra, Sambandi ísl. sveitarfélaga, BSRB, BHMR, Framkvæmdasjóði fatlaðra, Þjóðhagsstofnun og Stéttarsambandi bænda.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. mars 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur Bjarnason. Halldór Blöndal.

Ólafur G. Einarsson. Friðrik Sophusson.

Nd. 868. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum samhliða frumvarpi til laga um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Á fund nefndarinnar komu Ásmundur Stefánsson, Björn Björnsson, Vilhjálmur Egilsson, Indriði Þorláksson, Garðar Valdimarsson, Jón Guðmundsson, Snorri Ólsen, Bjarni Friðfinnsson, Kristján Thorlacius, Guðrún Árnadóttir, Lárus Ögmundsson, Þórður Friðjónsson, Júlíus Björnsson, Birgir Björn Sigurjónsson, Páll Sigurðsson, Sigurður Snævarr og Hákon Sigurgrímsson.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 12. mars 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur Bjarnason. Halldór Blöndal.

Ólafur G. Einarsson. Friðrik Sophusson.

Nd. 869. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum samhliða frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 12. mars 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur Bjarnason. Halldór Blöndal.

Ólafur G. Einarsson. Friðrik Sophusson.

Nd. 870. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður er því eindregið fylgjandi að staðgreiðslu skatta verði komið á og mælir því með samþykkt frumvarpsins en vísar að öðru leyti til breytingartillagna við tekjuskattsfrumvarpið og nefndarálits um það.

Alþingi, 12. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Nd. 871. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBl, ÓE, GB).

Við 20. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ríkissjóður skal greiða sveitarfélögum þann hluta persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu útsvars vegna hvers launamanns á staðgreiðsluári, sbr. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 15. gr. laga þessara, eigi síðar en fyrir lok næsta mánaðar eftir eindaga staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 3. mgr.

Nd. 872. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 6. maí 1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 12. mars 1987.

Páll Pétursson, form.	Halldór Blöndal, frsm.	Guðmundur Bjarnason.
Friðrik Sophusson.	Ólafur G. Einarsson.	Svavar Gestsson.

Nd. 873. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu Tryggva Axelsson úr viðskiptaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1987.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason.	Svavar Gestsson.
	Halldór Blöndal.	

Nd. 874. Breytingartillaga [347. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina RTÁ.

Nd. 875. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til laga um listmunauppboð o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frumvarpið var rætt á nokkrum fundum í nefndinni og mælir hún með samþykkt þess með breytingartillögum þeim sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1987.

Páll Pétursson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Halldór Blöndal, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Guðmundur Bjarnason.	Friðrik Sophusson.
	Svavar Gestsson.	

Nd. 876. Breytingartillögur [249. mál]

við frv. til l. um listmunauppboð o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „bækur og frímerki“ í lok 1. mgr. komi: bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „halda opið eða lokað uppboð“ í 1. málsl. komi: halda lokað uppboð.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrri málsgrein falli brott.
   b. Í stað orðanna „Söluskatt skal þó ekki leggja á“ í 1. málsl. síðari málsgreinar komi: Sölugjald skal ekki leggja á.
   c. Í stað orðanna „rennur það í starfslaunasjóð myndlistarmanna“ í 2. málsl. síðari málsgreinar komi: rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Leyfishafar skulu kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppboðs.
   Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.
   Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.
   Þegar uppboð er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.
   Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

Ed. 877. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið og kallaði til viðræðna Ingimar Sigurðsson lögfræðing og Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kolbrún Jónsdóttir og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Helgi Seljan, fundaskr., með fyrirvara.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Björn Dagbjartsson.		Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.

Sþ. 878. Tillaga til þingsályktunar [424. mál]

um endurskoðun afmarkaðra þátta tryggingalöggjafarinnar.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða þau ákvæði almannatryggingalaga sérstaklega sem lúta að greiðslum vegna umönnunar aldraðra, svo og heimilisuppbótar til þeirra öldruðu er vilja sem lengst búa að sínu. Hið sama verði athugað varðandi samsvarandi greiðslur tryggingabóta til fatlaðra.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt nú á lokadögum þessa þings til að ítreka þær skoðanir flutningsmanns sem hann hefur æði oft reifað með ýmsum hætti bæði á þingi og í blöðum. Hér er nauðsyn brýn á endurskoðun og athugun þess sér í lagi hvernig beinlínis megi spara til framtíðar litið með því að stórhækka heimilisuppbót til aldraðra og fatlaðra sem vilja búa að sínu, svo og umönnunargreiðslur til þeirra sem vilja annast aldraða og fatlaða heima.

Hér er líka um mjög verulegan þátt í mannlegri hamingju og heill samfélagsins að ræða. Við eigum að hverfa í eins ríkum mæli og unnt er frá vistunarstefnunni, sem er dýr lausn og um margt óheppileg, og beina því fjármagni, sem annars færi í dýrar byggingar og dýran rekstur, í heillavænlegri farveg fyrir þá öldruðu, sér í lagi, og fatlaða einnig, til hamingjuauka fyrir fleiri. Þó að þessar greiðslur verði stórauknar mundi um ótvíræðan beinan sparnað verða að ræða í heildina tekið. Málið þarf að kanna með heildaryfirsýn að leiðarljósi og samanburði á stofnanastefnu og stórauknum greiðslum til heimilanna, heimila aldraðra og heimila þeirra sem vilja hlynna að þeim öldruðu heima fyrir svo lengi sem unnt er. Þetta á einnig við um fatlaða þó að lög um þá komi þar að nokkru til móts við aðstandendur. Þennan þátt á einnig að taka út úr heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar sem hlýtur að koma inn á svo marga ólíka þætti þótt ekki sé dregið úr nauðsyn umbóta á mörgum fleiri sviðum tryggingamála.

Flutningsmaður telur rétt í lok þingsetu sinnar að vekja hér athygli á þessu máli enn einu sinni og það með svo beinum hætti sem tillaga þessi gerir ráð fyrir.

Ed. 879. Nefndarálit [308. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum. Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, fór yfir frumvarpið með nefndinni.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins en flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1987.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.	Davíð Aðalsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Skúli Alexandersson.	Eiður Guðnason, með fyrirvara.

Ed. 880. Breytingartillögur [308. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 10. gr., VIII.-lið.

a. Í stað „150“ í a-lið komi: 200.
b. Í stað „eldri húsum“ í b-lið komi: gróðurhúsum.
c. Í stað „150“ í b-lið komi: 300.
d. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Til kolsýrugjafar í gróðurhúsum: 40% af verði tækja og búnaðar.

Ed. 881. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til læknalaga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á mörgum fundum. Skriflegar umsagnir bárust frá Læknafélagi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, landlækni, Baldri Johnsen o.fl., Lyfjaeftirliti ríkisins og Samtökum heilbrigðisstétta.

Erindi barst frá Tryggva Jónassyni kírópraktor. Auk þess mættu á fundi nefndarinnar fulltrúar frá Læknafélagi Íslands og heilbrigðisráðuneytinu.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Helgi Seljan, fundaskr.	Björn Dagbjartsson, frsm.
Salome Þorkelsdóttir.	Árni Johnsen.	Karl Steinar Guðnason.

Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 882. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til læknalaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands, svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.
   Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má einnig ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum heilbrigðismálaráðherra, læknadeildar Háskólans og landlæknis.
   Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita álits landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
   Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef nefnd skv. 3. mgr. telur hann óhæfan vegna heilsubrests, t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu eða vegna þess að hann hefur kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.
2. Við 5. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeild að hann hafi lokið slíku námi og landlæknir mæli með því.
   b. 3. mgr. falli brott.
3. Heiti I. kafla verði: Lækningaleyfi og sérfræðileyfi.
4. Við 6. gr. Greinin falli brott.
5. Við 7. gr. er verði 6. gr. Greinin orðist svo:
   Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem fengið hefur leyfi skv. I. kafla laga þessara. Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti eða önnur kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar, sbr. ákvæði laga þessara um skottulækningar.
6. Við 10. gr. er verði 9. gr.
   a. Síðari málsgrein orðist svo:
      Læknir ber ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur til umsjónar.
   b. Í stað orðsins „upplýsingar“ í fyrirsögn greinarinnar komi: ábyrgð.
7. Við bætist ný grein er verði 10. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Lækni ber að jafnaði að upplýsa sjúklinga um ástand, meðferð og horfur. Eigi í hlut barn, unglingur yngri en 16 ára eða sjúklingur, sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar, skulu þær veittar foreldri, forráðamanni eða nánasta aðstandanda.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: B. Upplýsingar.
8. Við 11. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða.
9. Við 15. gr. Greinin verði 16. gr. og orðist svo:
   Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni, ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

10. Við 16. gr. Greinin falli brott.
11. Við 17. gr.
    a. Greinin verði 15. gr.
    b. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo:

    Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara.
12. Við 18. gr. er verði 17. gr.
    a. Greinin orðist svo:

    Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknisstarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

    Læknum og stéttarfélögum þeirra ber að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.
    b. Fyrirsögn greinarinnar verði: H. Auglýsingar.
13. Við 19. gr. er verði 18. gr.
    a. Í stað orðsins „heimtar“ í 3. málsl. komi: heimtir.
    b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

    Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna og ætla má að skaði hljótist af skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

    Lækni ber að tilkynna landlækni eins fljótt og við verður komið verði hann var við skottulækningar, sbr. 22. gr. laga þessara.
14. Við 20. gr. er verði 19. gr. Í stað orðanna „ávísunum lækna á tiltekin lyf“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf.
15. Við 21. gr. er verði 20. gr. Í stað orðanna „óhæfilegu magni lyfja“ komi: óhæfilegu magni ávana- og fíknilyfja.
16. Við 25. gr. er verði 24. gr. Á eftir orðinu „sérfræðing“ í fyrri málsl. komi: ef hann gefur í skyn að hann sé sérfræðingur.
17. Við 27. gr. er verði 26. gr. Greinin orðist svo:

    Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsókn viðkomandi læknis og meðmælum sömu aðila og getið er í 2. gr., að veita undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.
18. Við 28. gr. er verði 27. gr. Í stað „II. kafla“ í lok fyrri málsgreinar komi: III. kafla.
19. Við 33. gr. er verði 32. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.
20. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein sem orðist svo:

    Ákvæði 26. gr. taka gildi frá og með 1. júlí 1988.

Nd. 883. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt en heimild til tekjuaukningar í eigin atvinnurekstri lækki í 15%.

Alþingi, 12. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Nd. 884. Breytingartillögur [341. mál]

við frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

a. Við 4. gr. Í stað orðanna „25%“ í 3. mgr. komi: 15%.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Nú hefur skattgreiðandi verið tekjulítill eða tekjulaus á árinu 1987 vegna veikinda, námsvistar eða atvinnuleysis og skal þá lækka álagðan tekjuskatt og útsvar í samræmi við viðmiðunarreglur sem ríkisskattstjóri setur.

Nd. 885. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Pálma Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Halldóri Blöndal, Páli Péturssyni, Karvel Pálmasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Eggert Haukdal og Stefáni Valgeirssyni.

Við 50. gr.
a. A-liður 1. mgr. orðist svo: vörubifreið sem skráð er fyrir meira en 5000 kg farm.
b. C-liður orðist svo: bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem er meira en 1400 kg að leyfðri heildarþyngd.

Nd. 886. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ríkissjóður skal árlega greiða Framkvæmdasjóði aldraðra, sbr. lög nr. 91/1982, með síðari breytingum, framlag er nema skal 2,75% af þeirri fjárhæð sem um ræðir í 2. mgr. Um skil á framlagi ríkissjóðs samkvæmt þessari málsgrein skulu gilda ákvæði 2. mgr. 10. gr. l. nr. 91/1982 eftir því sem við getur átt.

2. Við 11. gr. Á eftir 6. mgr. B-liðar komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
3. Við ákvæði til bráðabirgða I. Orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli brott.

Nd. 887. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það hefur lengi verið stefnumál Alþýðuflokksins að koma á staðgreiðslu opinberra gjalda samhliða einföldun álagningar allra skatta. Ágalli þessa frumvarps er fyrst og fremst sá að hér er aðeins fjallað um lítinn hluta skattheimtu. Enn er frestað afnámi tekjuskatts og auk þess er álitamál hvernig að innheimtu er staðið. En þar sem hér er fyrst og fremst um það skref að ræða til breytinga á innheimtu sem oft hefur verið lofað en aldrei staðið við mælir 3. minni hl. með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 12. mars 1987.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Nd. 888. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

Síðari málsgrein 32. gr. falli brott.

Nd. 889. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt en niður falli það 25% svigrúm til óskilgreindrar tekjuaukningar í eigin atvinnurekstri sem augljóslega ívilnar þeim aðilum sem þess njóta umfram aðra launþega.

Alþingi, 12. mars 1987.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Nd. 890. Breytingartillaga [341. mál]

við frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

Við 4. gr. Orðin „að viðbættum 25%“ í 3. og 5. mgr. falli niður.

Nd. 891. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni og Pálma Jónssyni.

Við 101. gr. 2. mgr. orðist svo:

Eigi skal þó refsa fyrir brot á 71. gr. eða fyrir brot sem tilgreind eru í 1. mgr. 109. gr. nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Ed. 892. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Síðari málsliður 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Þá skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn fulltrúa hvor í tryggingaráð með málfrelsi og tillögurétti.

Alþingi, 13. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Salome Þorkelsdóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.	Björn Dagbjartsson.

Ed. 893. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum en varð ekki einhuga í afstöðu sinni til málsins og skilar álitum meiri og minni hl.

Erindi bárust frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Bandalagi kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambandi Íslands, Jafnréttisráði og sendiráðum Íslands í

Danmörku og Noregi. Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur ASÍ, mætti til fundar með nefndinni.

Meiri hl. nefndarinnar telur að frumvarpið feli í sér réttindamál sem krefst vandaðs undirbúnings og samráðs við samtök á vinnumarkaði. Meiri hl. leggur því áherslu á að ríkisstjórnin hafi frumkvæði að því að koma á fót viðræðunefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til þess að gera tillögur um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna. Í trausti þess að framanritað gangi eftir leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Björn Dagbjartsson.	Salome Þorkelsdóttir.
Valdimar Indriðason.		Stefán Benediktsson.

Ed. 894. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Salome Þorkelsdóttir.	Helgi Seljan.	Björn Dagbjartsson.

Nd. 895. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Alþýðubandalagið hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um staðgreiðslukerfi skatta; það náði ekki fram að ganga þar sem skiptar skoðanir voru þá um málið í röðum sveitarstjórnarmanna. Nú lagði Alþýðusambandið fram tillögur um staðgreiðslu skatta og einföldun skattkerfisins í tengslum við gerð kjarasamninga. Ríkisstjórnin er með þessu frumvarpi og öðrum skattafrumvörpum að verða að sínu leyti við kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Hér er því verið að hrinda í framkvæmd stefnu sem Alþýðubandalagið hefur lengi barist fyrir, þ.e. *einföldun skattkerfisins og staðgreiðslu skatta.* Þrátt fyrir þessa skattkerfisbreytingu er ljóst nú skömmu fyrir kosningar að *skattkerfið er í uppnámi eftir fjögurra ára stjórn tveggja fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins:*

1. Hallinn á ríkissjóði er 3000 millj. kr. í ár og alls 6000 millj. kr. í 10 þúsund milljóna króna góðæri.

2. Um leið og frádráttarliðir einstaklinga eru afnumdir að mestu og persónuskattar einfaldaðir standa atvinnufyrirtækin eftir og greiða litla sem enga skatta. Frádráttarfrumskógur fyrirtækjanna stendur óhreyfður. Hafa stjórnarliðar nú fellt tillögur Alþýðubandalagsins í báðum deildum þingsins um einföldun skattkerfis fyrirtækja sem hefði getað skilað ríkissjóði 1000–1500 millj. kr.
3. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnarflokkanna um að afnema eigi tekjuskatt af almennum launatekjum hafnaði meiri hl. í efri deild tillögum Alþýðubandalagsins um lækkun á sköttum einstaklinga um 1200 millj. kr. frá frumvarpinu. Allar líkur benda reyndar til þess að frumvörpin í núverandi mynd muni hafa í för með sér beina tekjuaukningu fyrir ríkissjóð.
4. Fjármagnstekjur eru enn ekki skattlagðar og engir tilburðir eru uppi til þess að leggja skatta á stóreignir.
5. Ekkert er gert til þess að koma í veg fyrir að forráðamenn fyrirtækja færi einkaneyslu sína á reikning fyrirtækjanna og hafa tillögur um það efni verið felldar í báðum deildum þingsins.
6. Ekkert hefur verið gert til þess að laga og bæta söluskattskerfið.
7. Í fjármálaráðuneytinu hefur legið tilbúið á annað ár frumvarp til nýrrar tollskrár en ríkisstjórnin hefur ekki komið henni frá sér í hendur Alþingis til meðferðar.
8. Stjórnarflokkarnir og Alþýðuflokkurinn hafa bundist samtökum um að leggja virðisaukaskatt á matvörur og menningarstarfsemi — eftir kosningar.

Alþýðubandalagið mun ekki endurflytja í neðri deild þær tillögur allar sem Alþýðubandalagið flutti í efri deild og voru felldar þar af stjórnarliðinu, enda hefur neðri deild reyndar þegar hafnað tillögum Alþýðubandalagsins.

Í neðri deild flytur Alþýðubandalagið því aðeins eftirfarandi tillögur um breytingu á skattafrumvörpunum:

1. Að tryggt verði að Framkvæmdasjóður aldraðra haldi sínum tekjum áfram, enda lýsti ráðuneytisstjórinn í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu því yfir í þingnefnd að lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra þyrftu að minnsta kosti að standa í 10 ár í viðbót. Þessi breytingartillaga flækir á engan hátt framkvæmd laganna: Eftir sem áður greiðast skattarnir í einni prósentu frá einstaklingnum, en ríkið skilar Framkvæmdasjóði aldraðra 2,75% af því sem innheimtist skv. 2. mgr. 9. gr. í Framkvæmdasjóð aldraðra.
2. Það er fráleitt að mati undirritaðs að fella niður réttindi leigjenda í skattfrádrætti á sama tíma og húsnæðisbætur handa eigendum húsnæðis eru lögfestar. Að því lýtur breytingartillaga við 11. gr. frumvarpsins.
3. Deilt er um það hvaða áhrif ákvæði til bráðabirgða hefur á hag húsbyggjenda. Tillögur um lagfæringar í þeim efnum voru felldar í efri deild. Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér mat á breytingunni samkvæmt frumvarpinu og fylgir álit hennar með þessu nefndaráliti sem fylgiskjal. Í breytingartillögum undirritaðs er gert ráð fyrir að tímatakmörkin í ákvæði til bráðabirgða I verði felld niður.
4. Þá eru tvær tillögur um breytingar á staðgreiðslufrumvarpinu:
   a. Í efri deild var felld tillaga Ragnars Arnalds um að lækka prósentuna í 4. gr. úr 25 í 10. Hér er flutt breytingartillaga um að lækka töluna í 15%, en undirritaður styður tillögu Kjartans Jóhannssonar um að fella prósentuna alveg niður.
   b. Þá er sérstök tillaga um þá sem eru tekjulausir eða tekjulitlir á árinu 1987.

Fjölmargir aðilar komu á fund nefndarinnar, þar á meðal fulltrúar samtaka launafólks. Talsmenn BSRB lögðu til að afgreiðslu málsins yrði frestað þar sem það væri illa undirbúið og upplýsingar skorti. Talsmenn BHMR lögðu til að málið yrði afgreitt en betur undirbúið í sumar og haust. Fulltrúar ASÍ lögðu fram bréf sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Hörð gagnrýni kom fram frá formanni Sambands ísl. sveitarfélaga. Hann óskaði þó ekki eftir því að málinu yrði frestað.

Lögð var fram greinargerð um málefni sjómanna og er hún birt í heild sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Með þessu nefndaráliti birtast enn fremur sem fylgiskjal athugasemdir frá Þjóðhagsstofnun. Á fundum nefndarinnar komu fram alvarlegar athugasemdir við skjalið frá forustumönnum ASÍ. Þeir bentu á að tekjuforsendur stofnunarinnar væru vanáætlaðar. Þannig mætti gera ráð fyrir að tekjuskatturinn samkvæmt töflu 1 í skjali Þjóðhagsstofnunar gæfi af sér 900 millj. kr. meira en stofnunin gerir ráð fyrir og að tap ríkissjóðs á kerfisbreytingunni yrði því ekki 300–500 millj. kr. heldur hefði kerfisbreytingin í för með sér skattahækkun upp á 500 millj. kr.

Af þessu er ljóst að afgreiðsla frumvarpanna nú er í raun aðeins um rammann. Eftir er að ganga frá öllum álagningarhlutföllum og það kom fram hjá fulltrúum ASÍ að þeir teldu óhjákvæmilegt að endurskoða álagningarhlutföllin síðar á þessu ári. Kröfðust þeir aðildar að samráðsnefnd um málið ásamt fulltrúum þingflokkanna.

Ljóst er af meðferð málsins að tíminn til afgreiðslu er of skammur. Jafnljóst er hitt að verði ekki tekin ákvörðun um kerfisbreytinguna nú verður hún ekki tekin á þessu ári. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ákvörðun um breytingu skattkerfisins verði tekin nú. Ríkisstjórnin hefur síðan fallist á þá tillögu undirritaðs að þingflokkarnir fylgist með málinu áfram, enda útilokað að standa að afgreiðslu málsins án þess að það sé tryggt.

Alþingi, 13. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Þjóðhagsstofnun:

Um athugasemdir samtaka áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum um skattafrumvarp.

(12. mars 1987.)

Í greinargerð samtaka áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum, sem fylgir nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar, gætir nokkurs misskilnings um gildandi tekjuskattslög.

Í 30. gr. gildandi skattalaga er kveðið á um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar. Í D- og E-liðum laganna koma fram meginreglurnar.

Í E-lið:

„1. Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristrygging keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingafélagi ...“

„2. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða ...“

„3. Iðgjöld af lífsábyrgð ...“

Í D-lið:

„1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp ... enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota ...“

„2. Einstakar gjafir til menningarmála ...“ o.s.frv.

Þá segir undir sama tölulið: „Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum ...“

Reynist framteljanda fasti frádrátturinn, þ.e. 10%, hagstæðari en frádráttur samkvæmt D- og E-lið velur framteljandi eða skattstjóri fyrir hans hönd þann frádrátt. Það er því ótvírætt að sá er velur 10% frádrátt hefur ekki kost á að nýta sér frádrátt samkvæmt E-lið, en þá liði ber hins vegar að telja fram eins og tekið er fram á framtalseyðublaði. Tillögur samtakanna eru byggðar á þessum misskilningi.

Í bráðabirgðaákvæði II í skattafrumvarpinu segir: „Sá sem eignast íbúð í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfyllir að öðru leyti skilyrði B-liðs 69. gr. skal ... njóta húsnæðisbóta samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. með sama hætti og sá sem eignast sína fyrstu íbúð á árinu 1988.“ Í greinargerð er þetta ákvæði stutt með þeim rökum að vextir þessara aðila gjaldfalli ekki fyrr en á árinu 1988. Gagnrýni samtakanna, sem kemur fram í 4. mgr. athugasemdanna, á því ekki að öllu við rök að styðjast, nema fyrir þann hóp sem er að skipta um íbúð og nýtur ekki vaxtafrádráttar vegna fyrri íbúðar.

Samanburður á skattafslætti í núverandi kerfi og samkvæmt frumvarpi er byggður á röngum forsendum. Í fyrsta lagi er lækkun brúttótekna um 3% röng eins og tíundað hefur verið hér að ofan. Í öðru lagi fæst réttur samanburður á vaxtaafslætti í núverandi kerfi einungis með því að bera saman tekjur mannanna ef þeir hefðu notað fastan frádrátt í stað vaxtaafsláttar. Og hér nægir engan veginn að leggja eingöngu til grundvallar það jaðarskattþrep sem *brúttótekjur* viðkomandi falla í. Í þriðja lagi virðist gleymast að í frumvarpinu er gert ráð fyrir staðgreiðslu, en ívilnun vegna vaxtagreiðslna til skatts fæst ekki í núverandi kerfi fyrr en ári eftir greiðslur vaxta. Meðfylgjandi er samanburður á lækkun skatta vegna vaxtagreiðslna samkvæmt núgildandi skattalögum og samkvæmt frumvarpi fyrir þau dæmi sem notuð eru í athugasemdunum.

Erfitt er að leggja tölulegt mat á tillögu samtakanna. Hitt er augljóst að tillagan felur í sér feikilega mikinn viðbótarkostnað. Ástæður þessa eru einkum að með því að fella niður frádrátt sem nemur 7% af tekjum er heimild verulega rýmkuð frá því sem er í núgildandi skattalögum, viðbótarkostnaðurinn kæmi einkum hinum efnameiri til góða. En eins og bent var á hér að ofan getur framteljandi með ákveðnum skilyrðum valið sér annaðhvort vaxtafrádrátt eða fastan 10% frádrátt. Til viðbótar þessu mundi ótakmörkuð heimild til frádráttar veðlána fjölga til muna þeim framteljendum sem drægju vexti frá tekjum og sköttum.

Tafla 1 í athugasemdum áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum.

Skattafsláttur vegna vaxta í núverandi kerfi.

Skuld	Vextir+	Brúttótekjur				
þús. kr.	verðb.	800	1000	1200	1400	1600
1000	180	28.50	30.36	23.10	15.40	7.70
1500	270	54.15	56.01	57.75	50.05	42.35
2000	360	79.80	81.66	92.40	84.70	55.44
2500	450	98.92	107.31	119.61	119.35	111.65
3000	540	115.12	1332.96	145.26	154.00	146.30

Skattafsláttur vegna vaxta samkvæmt frumvarpi.

Skuld	Vextir+	Brúttótekjur				
þús. kr.	verðb.	800	1000	1200	1400	1600
1000	180	44.64	39.60	34.56	29.52	24.48
1500	270	77.04	72.00	66.96	61.92	56.88
2000	360	109.44	104.40	99.36	94.32	89.28
2500	450	141.84	136.80	131.76	126.72	121.68
3000	540	174.24	169.20	164.16	159.12	154.08

Mismunur á skattafslætti.

Skuld	Vextir+	Brúttótekjur				
þús. kr.	verðb.	800	1000	1200	1400	1600
1000	180	16.14	9.24	11.46	14.12	16.78
1500	270	22.89	15.99	9.21	11.87	14.53
2000	360	29.64	22.74	6.96	9.62	33.84
2500	450	42.92	29.49	12.15	7.37	10.03
3000	540	59.12	36.24	18.90	5.12	7.78

Athugasemd. Tekjur og vextir í staðgreiðslu eru 20% hærri en í núverandi (eftirágreiddu) kerfi. Hér er miðað við tekjur einstaklings. Í núverandi skattkerfi má reikna skattalækkun vegna vaxta sem lækkun tekjuskattsstofns sinnum jaðarskatt ef vaxtafrádráttur færir framteljanda ekki í lægra skattþrep.

Fylgiskjal II.

Alþýðusamband Íslands:
Til fjárhags- og viðskiptanefndar Nd.

Miklu skiptir að staðið verði við þau fyrirheit sem verkalýðshreyfingunni hafa verið gefin um að staðgreiðslu skatta verði komið á um næstu áramót. Til þess að tryggja að svo verði er óhjákvæmilegt að Alþingi afgreiði þau frumvörp, sem þar liggja fyrir, á yfirstandandi þingi.

Enn hafa ekki fengist nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að meta einstaka þætti skattabreytinganna og ýmsir annmarkar hafa komið fram. Því er nauðsynlegt að sumarið og haustið verði notað til endurskoðunar á lögunum svo á haustþingi megi sníða af þá ágalla sem fram kunna að koma um leið og skatthlutföll og fjárhæðir verði endurskoðaðar í ljósi nýjustu upplýsinga.

Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að sambandinu verði veitt bein aðild að því endurskoðunarstarfi sem fram undan er í þessu efni.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands,
Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal III.

Um sjómannaafslátt í staðgreiðslukerfi skatta.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt njóta sjómenn sérstaks sjómanna- og fiskimannafrádráttar frá tekjum umfram þann 10% eða fasta frádrátt sem almennt er áður en tekjuskattur er reiknaður. Sjómanna- og fiskimannaafsláttur á bæði við um sjómenn á farskipunum og fiskiskipunum.

Sjómannaafslátturinn í núgildandi skattkerfi er föst krónutala á hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf. Vegna álagningar árið 1987 af tekjum 1986 er sjómannafrádrátturinn 330 kr. á dag sem dregst frá tekjum áður en skattlagt er. Þessi tala var 245 kr. á dag við álagningu 1986 vegna tekna ársins 1985.

Farmanna- og fiskimannafrádrátturinn er hins vegar hlutfall af tekjum og er samkvæmt núgildandi lögum 12% sem dregst einnig frá tekjum áður en tekjuskattur er reiknaður.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, var sjómanna- og fiskimannafrádráttur sem hér segir, vegna tekna ársins 1985, við álagningu 1986 (fjárhæðir í millj. kr.).

	Fjöldi framtala	**Fjárhæð v/1985**	**Áætluð fjárhæð fyrri hluta 1987**
Sjómannafrádráttur	10 386	515	800
Farmanna- og fiskimannafrádráttur	10 239	638	990
		1153	1790

Við álagningu 1986 vegna tekna 1985 var sjómannafrádráttur 245 kr. á hvern dag sem maður taldist stunda sjómannsstörf. Fjöldi daga er því 515 millj./245 kr./dag eða 2,1 millj. daga.

Áætlaðar fjárhæðir sjómanna- og fiskimannafrádráttar eru framreiknaðar til verðlags á fyrri hluta árs 1987 og ættu því að jafngilda því verðlagi sem miðað er við í frumvarpinu um staðgreiðslukerfi skatta. Áætluð tekjubreyting milli áranna 1985 og 1986 er 35%. Sjómannafrádrátturinn er hækkaður um þá tölu sem samsvarar því að hann sé 330 kr. á dag við álagningu 1987 vegna tekna ársins 1986. Á sama hátt er farið með farmanna- og fiskimannafrádráttinn, þó svo að tekjubreyting sjómanna á fiskiskipum sé áætluð 37% milli áranna 1985 og 1986.

Áætlað er að tekjubreytingin frá 1986 til fyrri hluta árs 1987 sé um 15%.

Samkvæmt þessum forsendum ætti því sjómanna- og fiskimannafrádrátturinn að samsvara 1790 millj. króna á verðlagi fyrri hluta árs 1987.

Sjómanna- og fiskimannafrádráttur kemur eingöngu til frádráttar við útreikning á tekjuskatti, en ekki við útreikning á útsvari eða öðrum sköttum svo sem sjúkratryggingagjaldi, sóknargjaldi og þess háttar.

Samkvæmt frumvarpinu um staðgreiðslukerfi skatta verður skattur til ríkisins 28,5% en inn í þeirri álagningartölu eru sjúkratryggingagjald, framlag í Framkvæmdasjóð aldraða, sóknargjald og kirkjugarðsgjald sem er um 1,5–2,5% af tekjum í staðgreiðslukerfinu. Tekjuskatturinn sjálfur er því um 26–27% af tekjum.

Miðað við staðgreiðsluna verður því beinn frádráttur frá tekjusköttum 1790 millj. kr. sinnum 0,26 = 465,4 millj. kr. vegna sjómannaafsláttar sé miðað við að hann kosti ríkið

svipaða fjárhæð og hann gerir í núgildandi skattkerfi. Sjómannaafsláttur á dag er því 465,4 millj. kr. deilt með 2,1 millj. daga eða um 222 kr. á dag.

Ef miðað er við að tekjuskatturinn sé 27% af tekjum, en ekki 26%, þarf sjómannaafslátturinn að vera 230 kr. á dag.

Fylgiskjal IV.

Þjóðhagsstofnun:

Samanburður á álagningu skatta samkvæmt núgildandi kerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi.

(10. mars 1987.)

Vísað er til greinargerðar Þjóðhagsstofnunar, dags. 3. mars 1987, um sama efni, sem send var fjármálaráðherra. Hér með fylgir hins vegar frekari samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi miðað við áætlaðar tekjur ársins 1987 eftir fjölskyldustærð.

Vert að ítreka að áhrif þessara breytinga eru ákaflega vandmetin og verður að líta á þessa útreikninga sem bráðabirgðaniðurstöður á þessu stigi. Meðal annars er verið að athuga áhrif breytinganna á einstaka tekjuhópa. Stefnt er að ljúka þeim þætti fyrir lok vikunnar. Að því loknu ætti að vera unnt að fá sæmilega heildarmynd af áhrifum fyrirhugaðra skattbreytinga að því marki sem unnt er að meta þau miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir. Um sumt verða þó áhrifin ekki metin af nákvæmni fyrr en að lokinni álagningu skatta á þessu ári.

Í meðfylgjandi töflum er sýndur samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi miðað við áætlaðar tekjur ársins 1987 fyrir eftirfarandi hópa:

Tafla 1.

Allir framteljendur. Vakin er athygli á því að þetta talnaefni hefur breyst lítillega frá vinnuskjali, dags. 3. mars 1987. Breytingarnar eru fólgnar í því að barnabætur til einstæðra foreldra munu hækka samkvæmt staðgreiðslukerfi, en láðst hafði að taka tillit til þessa í fyrri útreikningum. Jafnframt var villa í neðstu línu töflunnar um mismun útsvars í núgildandi kerfi og staðgreiðslukerfi.

Tafla 2.

Einstaklingar.

Tafla 3.

Einstæðir foreldrar.

Tafla 4.

Hjón og sambýlisfólk, skattlagt sameiginlega.

Tafla 5.

Aðrir framteljendur, þ.m.t. dánarbú og þeir sem hafa afbrigðilega álagningu.

Segja má að í megindráttum skýri töflurnar sig sjálfar. Enn og aftur skal þó ítrekað að hér er eingöngu um afar lauslegar áætlanir að ræða, einkum hvað varðar vaxta- og húsnæðisafsláttinn eftir þessum tekjuhópum.

Þjóðhagsstofnun:
Vinnuskjal,
10. mars 1987.

Samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi m.v. áætlaðar tekjur ársins 1987 (fjárhæðir í millj. kr.).*)

Tafla 1.

Allir framteljendur.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	14.750	29.205
Sjúkratryggingagjald	400	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	720	720
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	450	—
Framkvæmdasjóðsgjald	150	—
Álagning alls, brúttó	16.470	29.925
Nýttur persónuafsláttur	8.900	21.270
Sjómannaafsláttur	—	420[1])
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	300–400[2])
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	600–700[3])
Barnabætur	1.800	1.850[4])
Frádráttur alls	10.700	24.440–24.640
Álagning ríkisins, nettó	5.770	5.285–5.485
Mismunur	÷285–485	
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	7.330	6.405
Mismunur	÷925	

*) Áætluð tekjubreyting milli áranna 1985 og 1986 er 35%, en á þeirri forsendu byggir áætluð álagning 1987 skv. núgildandi kerfi. Tekjuuppfærsla ársins 1987 er hins vegar 20% á áætlaðar tekjur 1986, en áætluð álagning staðgreiðslukerfis tekur mið af þeirri forsendu.

1) Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis. Miðað er við að afsláttur á hvern lögskráðan dag verði 200 kr.
2) Neðri mörkin miða við að nálægt þriðjungur þessara greiðslna samsvari útlögðum kostnaði en þau efri að helmingur sé nær lagi.
3) Afar lausleg áætlun.
4) Hækkun barnabóta til einstæðra foreldra skv. fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi gæti kostað ríkissjóð kringum 50 m.kr., lauslega áætlað.

Tafla 2.

Einstaklingar.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	4.000	8.860
Sjúkratryggingagjald	70	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	195	195
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	120	—
Framkvæmdasjóðsgjald	40	—
Álagning alls, brúttó	4.425	9.055
Nýttur persónuafsláttur	2.790	7.195
Sjómannaafsláttur	—	150
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	40–60[1])
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	170–200[2])
Barnabætur	—	—
Frádráttur alls	2.790	7.555–7.605
Álagning ríkisins, nettó	1.635	1.450–1.500
Mismunur	÷135–185	
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	1.990	1.945
Mismunur	÷45	

1) Neðri mörkin miða við að nálægt þriðjungur þessara greiðslna samsvari útlögðum kostnaði en þau efri að helmingur sé nær lagi.
2) Afar lausleg áætlun.

Tafla 3.

Einstæðir foreldrar.

	Áætluð álagning ársins 1987:		
	Núgildandi kerfi:		Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:			
Tekjuskattur	465		1.025
Sjúkratryggingagjald	10		—
Eignarskattur og eignarskattsauki	15		15
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	15		—
Framkvæmdasjóðsgjald	5		—
Álagning alls, brúttó	510		1.040
Nýttur persónuafsláttur	320		775
Sjómannafsláttur	—		5
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—		5
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—		30[1])
Barnabætur	375		425
Frádráttur alls	695		1.240
Álagning ríkisins, nettó	÷185		÷200
Mismunur		÷15	
B. Útsvar sveitarfélaga:			
Útsvar	275		225
Mismunur		÷50	

1) Afar lausleg áætlun.

Tafla 4.

Hjón og sambýlisfólk.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	9.970	18.685
Sjúkratryggingagjald	320	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	500	500
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	300	—
Framkvæmdasjóðsgjald	100	—
Álagning alls, brúttó	11.190	19.185
Nýttur persónuafsláttur	5.580	12.790
Sjómannaafsláttur	—	260
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	250–330[1])
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	380–450[2])
Barnabætur	1.345	1.345
Frádráttur alls	6.925	15.025–15.175
Álagning ríkisins, nettó	4.265	4.010–4.160
Mismunur	÷105–255	
B. *Útsvar sveitarfélaga:*		
Útsvar	4.925	4.095
Mismunur	÷830	

1) Neðri mörkin miða við að nálægt þriðjungur þessara greiðslna samsvari útlögðum kostnaði en þau efri að helmingur sé nær lagi.
2) Afar lausleg áætlun.

Tafla 5.

Aðrir – afbrigðileg álagning.

	Áætluð álagning ársins 1987:		
	Núgildandi kerfi:		Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:			
Tekjuskattur	315		635
Sjúkratryggingagjald	—		—
Eignarskattur og eignarskattsauki	10		10
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	15		—
Framkvæmdasjóðsgjald	5		—
Álagning alls, brúttó	345		645
Nýttur persónuafsláttur	210		510
Sjómannafsláttur	—		5
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—		5
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—		20[1])
Barnabætur	80		80
Frádráttur alls	290		620
Álagning ríkisins, nettó	55		25
Mismunur		÷30	
B. Útsvar sveitarfélaga:			
Útsvar	140		140
Mismunur		—	

1) Afar lausleg áætlun.

Nd. 896. Nefndarálit [339. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. mars 1987.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr., með fyrirvara.	Eggert Haukdal.
Kristín S. Kvaran.	Stefán Valgeirsson.	Guðmundur J. Guðmundsson.

Nd. 897. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á nokkrum fundum. Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, kom til viðræðna við nefndina.

Nefndin var ekki einhuga í afstöðu sinni til frumvarpsins og skiptist í meiri og minni hl. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 13. mars 1987.

Friðrik Sophusson, form., frsm. | Stefán Valgeirsson, með fyrirvara. | Eggert Haukdal.

Kristín S. Kvaran.

Sþ. 898. Tillaga til þingsályktunar [425. mál]

um viðbótarsamninga við Mannréttindasáttmála Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda eftirtalda viðbótarsamninga við sáttmálann frá 4. nóvember 1950, um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu):

a. Viðbótarsamning nr. 6 varðandi afnám dauðarefsingar sem gerður var í Strassborg 28. apríl 1983.
b. Viðbótarsamning nr. 7 sem gerður var í Strassborg 22. nóvember 1984.
c. Viðbótarsamning nr. 8 sem gerður var í Vínarborg 19. mars 1985.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Sáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu) var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950. Hann öðlaðist gildi á Íslandi 29. júní 1953. Ísland hefur einnig gerst aðili að eftirtöldum viðbótarsamningum við sáttmálann:

a. Viðbótarsamningi frá 20. mars 1952.
b. Viðbótarsamningi nr. 2 frá 6. maí 1963, um rétt Mannréttindadómstóls Evrópu til álitsgerða.
c. Viðbótarsamningi nr. 3. frá 6. maí 1963, um breytingu á 29., 30. og 34. gr. sáttmálans.
d. Viðbótarsamningi nr. 4 frá 19. september 1963, um tiltekin mannréttindi og mannfrelsi, önnur en þau sem greinir í sáttmálanum og fyrsta viðbótarsamningi við hann.
e. Viðbótarsamningi nr. 5 frá 20. janúar 1966, um breytingar á 22. og 40. gr. sáttmálans.

Ísland hefur viðurkennt lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu skv. 46. gr. og rétt Mannréttindanefndarinnar til þess að taka við kærum frá einstaklingum um meint mannréttindabrot samningsríkjanna.

Nefndir á vegum Evrópuráðsins hafa unnið að gerð viðauka við sáttmálann sem bæti vernd mannréttinda og að endurskipulagningu málsmeðferðar Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins. Árangur af starfi þessu eru viðaukasamningar þeir sem hér um ræðir.

Viðbótarsamningar nr. 6, 7 og 8 eru birtir sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari. Hér verður gerð grein fyrir efni þeirra.

Viðbótarsamningur nr. 6.

Viðbótarsamningur nr. 6 var gerður í Strassborg 28. apríl 1983 og undirritaður af Íslands hálfu 24. apríl 1985.

Samkvæmt 1. gr. samningsins skal dauðarefsing afnumin. Þó er skv. 2. gr. heimilt að setja í lög ákvæði um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir.

Ekkert er því til fyrirstöðu að samningur þessi verði fullgiltur fyrir Íslands hönd. Dauðarefsing var numin úr lögum á Íslandi árið 1928, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1928. Á öndverðu því ári var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana. Frumvarpið kom fyrst til kasta neðri deildar og við þriðju umræðu þar gerði þingmaður breytingartillögu um að líflátshegning yrði afnumin með lögum.

Nær engin umræða varð um tillöguna. Í málflutningi framsögumanns meiri hluta allsherjarnefndar kom m.a. fram að ekki væri nema sjálfsagt að nema dauðahegningu úr lögum, enda langt um liðið síðan henni hefði verið beitt. Flutningsmaður tillögunnar þakkaði góðar undirtektir og réttan skilning nefndarinnar og fannst tilhlýðilegt að afmá þennan blett á löggjöfinni þá þegar þar sem endurskoðun hegningarlaganna tæki nokkurn tíma. Engar athugasemdir voru gerðar við breytingartillöguna í efri deild. Heildarendurskoðun hegningarlaganna lauk ekki fyrr en 12 árum síðar, sbr. lög nr. 19/1940.

Viðbótarsamningur nr. 7.

Viðbótarsamningur nr. 7 var gerður í Strassborg 22. nóvember 1984 og undirritaður af Íslands hálfu 19. mars 1985.

Samningurinn tekur til atriða í 13., 14. og 17. gr. alþjóðasamnings frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem gerður var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og Ísland er aðili að, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979. Meginefni viðbótarsamningsins er eftirfarandi:

a. 1. gr.

Útlendingur, sem er löglega búsettur í samningsríki, á rétt á að koma á framfæri við lögbært stjórnvald ástæðum gegn brottvísun, að fá mál sitt tekið til endurskoðunar og hafa málsvarnarmann í því skyni. Að mati íslenskra stjórnvalda uppfyllir íslenska réttarkerfið þetta ákvæði. Fyrirvari var gerður vegna ákvæðis um þetta atriði í 13. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi en það ákvæði er ekki takmarkað við útlendinga búsetta hér á landi.

b. 2. gr.

Maður, sem sakfelldur hefur verið fyrir glæp, á rétt á að sakfelling hans og dómur séu endurskoðuð af æðra dómi samkvæmt lögum. Sams konar ákvæði er í 5. tölul. 14. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

c. 3. gr.

Maður, sem hefur verið sakfelldur en síðan sýknaður eða náðaður vegna þess að ný staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafi verið framin, skal fá bætur nema sannað sé að það var að öllu eða nokkru leyti honum sjálfum að kenna að hin óupplýsta staðreynd kom ekki í ljós á réttum tíma. Sams konar ákvæði er í 6. tölul. 14. gr. samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

d. 4. gr.

Enginn skal þurfa að þola að mál hans sé rannsakað fyrir dómi eða honum refsað í annað sinn í samningsríki fyrir misgerð sem hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af með lokadómi í því ríki (1. tölul.). Þetta á þó ekki við um endurupptöku ef ný eða nýuppgötvuð staðreynd kemur í ljós eða grundvallarmisbrestur hefur orðið í fyrri afgreiðslu sem áhrif gæti haft á niðurstöðu í málinu (2. tölul.). Fyrrgreind meginregla er í 7. tölul. 14. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Um það atriði var fyrirvari gerður af Íslands hálfu á þá leið að íslensk réttarfarslög hefðu ítarleg ákvæði um endurupptöku á máli sem áður hefur verið dæmt sem ekki þætti við hæfi að breyta. Takmarkanir í 2. tölul. 4. gr. eru taldar nægja til þess að hægt sé að fullnægja þessu ákvæði án fyrirvara.

e. 5. gr.

Hjón skulu njóta jafnra réttinda einkamálalegs eðlis varðandi stofnun hjúskapar á meðan á hjúskap stendur og við slit hjúskapar. Um þetta fjallar 4. tölul. 23. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

f. 7. gr.

Verði viðbótarsamningurinn fullgiltur hyggjast íslensk stjórnvöld viðurkenna, að því er varðar mannréttindi þau sem samningurinn tekur til, lögsögu Mannréttindadómstólsins og rétt Mannréttindanefndarinnar til þess að taka við kærum einstaklinga.

Viðbótarsamningur nr. 8.

Viðbótarsamningur nr. 8 var gerður í Vínarborg 19. mars 1985 og undirritaður af Íslands hálfu þann dag.

Samningurinn breytir ákvæðum mannréttindasáttmálans um málsmeðferð Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins.

Meginbreytingarnar miðast við að flýta afgreiðslu mála í nefndinni, m.a. með því að heimila afgreiðslu í sjö manna undirdeildum (1. gr.) og að heimila nefndinni að fella niður mál ef umsækjandinn hefur hætt við, málið hefur verið leyst eða af öðrum ástæðum sem nefndin telur réttlæta niðurfellingu (6. gr.).

Fylgiskjal 1.

VIÐBÓTARSAMNINGUR NR. 6
við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi afnám dauðarefsingar.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa þennan viðbótarsamning við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur sáttmálinn),

telja að þróun sú, sem orðið hefur í ýmsum aðildarríkjum Evrópuráðsins, lýsi almennri tilhneigingu í átt til afnáms dauðarefsingar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.
Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í lögunum, og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um slík lagaákvæði.

3. gr.
Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum þessa viðbótarsamnings samkvæmt 15. gr. sáttmálans.

4. gr.
Ekki er heimilt að gera fyrirvara samkvæmt 64. gr. sáttmálans varðandi ákvæði þessa viðbótarsamnings.

5. gr.
1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingarviðurkenningar eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landssvæði sem viðbótarsamningurinn nær til.
2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki látið viðbótarsamning þennan ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Viðbótarsamningurinn tekur gildi gagnvart slíku landssvæði

PROTOCOL NO. 6
to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms concerning the Abolition of the Death Penalty

The member States of the Council of Europe, signatory to this Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention"),
Considering that the evolution that has occurred in several member States of the Council of Europe expresses a general tendency in favour of abolition of the death penalty,
Have agreed as follows:

Article 1
The death penalty shall be abolished. No one shall be condemned to such penalty or executed.

Article 2
A State may make provision in its law for the death penalty in respect of acts committed in time of war or of imminent threat of war; such penalty shall be applied only in the instances laid down in the law and in accordance with its provisions. The State shall communicate to the Secretary General of the Council of Europe the relevant provisions of that law.

Article 3
No derogation from the provisions of this Protocol shall be made under Article 15 of the Convention.

Article 4
No reservation may be made under Article 64 of the Convention in respect of the provisions of this Protocol.

Article 5
1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.
2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Protocol to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the

fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að aðalframkvæmdastjóranum berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landssvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóranum.

6. gr.

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1. til 5. gr. þessa viðbótarsamnings skoðuð sem viðbótargreinar við sáttmálann og öll ákvæði sáttmálans skulu gilda í samræmi við það.

7. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa sáttmálann. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðsins getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan viðbótarsamning nema það hafi samtímis eða áður fullgilt sáttmálann. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

8. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að fimm aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 7. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundið af honum, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalsins.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag viðbótarsamnings þessa samkvæmt 5. og 8. gr.

Protocol shall enter into force on the first day of the month following the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 6

As between the States Parties the provisions of Articles 1 to 5 of this Protocol shall be regarded as additional articles to the Convention and all the provisions of the Convention shall apply accordingly.

Article 7

This Protocol shall be open for signature by the member States of the Council of Europe, signatories of the Convention. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. A member State of the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol unless it has, simultaneously or previously, ratified the Convention. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 8

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the date on which five member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 7.

2. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 9

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 5 and 8;

d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi viðbótarsamning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Strassborg 28. apríl 1983 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 28th day of April 1983, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

Fylgiskjal 2.

VIÐBÓTARSAMNINGUR NR. 7 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa viðbótarsamning þennan,

hafa ákveðið að gera frekari ráðstafanir til að tryggja sameiginlega framkvæmd tiltekinna réttinda og frelsis með tilstuðlan sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur sáttmálinn),

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landssvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun, sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og honum skal heimilt:

a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,
b. að fá mál sitt tekið til endurskoðunar, og
c. að láta mæta fyrir sig í þessu skyni fyrir lögbæru stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem tilnefndir eru af því stjórnvaldi.

2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna samkvæmt 1. tl. a., b. og c. þessarar greinar þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna almannahagsmuna eða er byggð á ástæðum þjóðaröryggis.

2. gr.

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðra dóm endurskoða sakfellinguna eða refsinguna. Um

PROTOCOL NO. 7 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms

The member States of the Council of Europe signatory hereto,

Being resolved to take further steps to ensure the collective enforcement of certain rights and freedoms by means of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention"),

Have agreed as follows:

Article 1

1. An alien lawfully resident in the territory of a State shall not be expelled therefrom except in pursuance of a decision reached in accordance with law and shall be allowed:

a. to submit reasons against his expulsion,
b. to have his case reviewed, and
c. to be represented for these purposes before the competent authority or a person or persons designated by that authority.

2. An alien may be expelled before the exercise of his rights under paragraph 1. a, b and c of this Article, when such expulsion is necessary in the interests of public order or is grounded on reasons of national security.

Article 2

1. Everyone convicted of a criminal offence by a tribunal shall have the right to have his conviction or sentence reviewed by a higher tribunal.

beitingu þessa réttar skulu gilda lagaákvæði, þar á meðal um ástæður þess að honum sé beitt.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur og honum gerð refsing eftir áfrýjun á sýknudómi.

3. gr.

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa verið framin og skal sá, sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar, fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að það var að öllu eða nokkru leyti um að kenna honum sjálfum að hin ópekkta staðreynd kom ekki í ljós á réttum tíma.

4. gr.

1. Engan skal vera hægt að lögsækja eða refsa að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari ríkisins.

2. Ákvæði undanfarandi töluliðar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfar viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

3. Ekki er heimilt að víkja frá þessari grein samkvæmt 15. gr. sáttmálans.

5. gr.

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur einkamálalegs eðlis þeirra í milli og í tengslum þeirra við börn þeirra, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

6. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau

The exercise of this right, including the grounds on which it may be exercised, shall be governed by law.

2. This right may be subject to exceptions in regard to offences of a minor character, as prescribed by law, or in cases in which the person concerned was tried in the first instance by the highest tribunal or was convicted following an appeal against acquittal.

Article 3

When a person has by a final decision been convicted of a criminal offence and when subsequently his conviction has been reversed, or he has been pardoned, on the ground that a new or newly discovered fact shows conclusively that there has been a miscarriage of justice, the person who has suffered punishment as a result of such conviction shall be compensated according to the law or the practice of the State concerned, unless it is proved that the nondisclosure of the unknown fact in time is wholly or partly attributable to him.

Article 4

1. No one shall be liable to be tried or punished again in criminal proceedings under the jurisdiction of the same State for an offence for which he has already been finally acquitted or convicted in accordance with the law and penal procedure of that State.

2. The provisions of the preceding paragraph shall not prevent the reopening of the case in accordance with the law and penal procedure of the State concerned, if there is evidence of new or newly discovered facts, or if there has been a fundamental defect in the previous proceedings, which could affect the outcome of the case.

3. No derogation from this Article shall be made under Article 15 of the Convention.

Article 5

Spouses shall enjoy equality of rights and responsibilities of a private law character between them, and in their relations with their children, as to marriage, during marriage and in the event of its dissolution. This Article shall not prevent States from taking such measures as are necessary in the interests of the children.

Article 6

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or

landssvæði, sem viðbótarsamningurinn nær til, og taka fram að hve miklu leyti það tekur að sér að láta ákvæði hans gilda á slíku landssvæði eða landssvæðum.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki látið viðbótarsamning þennan ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Viðbótarsamningurinn tekur gildi gagnvart slíku landssvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóranum barst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum, má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landssvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því er aðalframkvæmdastjóranum barst slík yfirlýsing.

4. Yfirlýsing, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal talin gerð í samræmi við 1. tl. 63. gr. sáttmálans.

5. Heimilt er að meta landssvæði sérhvers ríkis, sem þessi viðbótarsamningur tekur til samkvæmt fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ríkisins, og hvert það landssvæði, sem þessi viðbótarsamningur tekur til samkvæmt yfirlýsingu ríkisins í samræmi við þessa grein, sem sjálfstæð landssvæði að því er varðar vísun til landssvæðis ríkis í 1. gr.

territories to which this Protocol shall apply and state the extent to which it undertakes that the provisions of this Protocol shall apply to such territory or territories.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Protocol to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of two months after the date of receipt by the Secretary General of such declaration.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn or modified by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal or modification shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of two months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

4. A declaration made in accordance with this Article shall be deemed to have been made in accordance with paragraph 1 of Article 63 of the Convention.

5. The territory of any State to which this Protocol applies by virtue of ratification, acceptance or approval by that State, and each territory to which this Protocol is applied by virtue of a declaration by that State under this Article, may be treated as separate territories for the purpose of the reference in Article 1 to the territory of a State.

7. gr.

1. Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1. til 6. gr. þessa viðbótarsamnings skoðuð sem viðbótargreinar við sáttmálann og öll ákvæði sáttmálans skulu gilda í samræmi við það.

2. Þrátt fyrir það skal sá réttur einstaklinga til málskots, sem viðurkenndur er samkvæmt 25. gr. sáttmálans, eða viðurkenning á bindingu á lögsögu dómsins samkvæmt yfirlýsingu í samræmi við 46. gr. sáttmálans ekki gilda varðandi þennan viðbótarsamning nema viðkomandi ríki hafi gefið yfirlýsingu um að það viðurkenni slíkan rétt eða lögsögu að því er tekur til 1. til 5. gr. þessa viðbótarsamnings.

Article 7

1. As between the States Parties, the provisions of Articles 1 to 6 of this Protocol shall be regarded as additional Articles to the Convention, and all the provivions of the Convention shall apply accordingly.

2. Nevertheless, the right of individual recourse recognised by a declaration made under Article 25 of the Convention, or the acceptance of the compulsory jurisdiction of the Court by a declaration made under Article 46 of the Convention, shall not be effective in relation to this Protocol unless the State concerned has made a statement recognising such right, or accepting such jurisdiction in respect of Articles 1 to 5 of this Protocol.

8. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa sáttmálann. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðsins getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan viðbótarsamning nema það hafi áður eða samtímis fullgilt sáttmálann. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

9. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að sjö aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 8. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundið af honum, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst þegar liðnir eru tveir mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalsins.

10. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag viðbótarsamnings þessa samkvæmt 6. og 9. gr.
d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi viðbótarsamning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Strassborg 22. nóvember 1984 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Article 8

This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe which have signed the Convention. It is subject to ratification, acceptance or approval. A member State of the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol without previously or simultaneously ratifying the Convention. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 9

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of two months after the date on which seven member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 8.

2. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of two months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 10

The Secretary General of the Council of Europe shall notify all the member States of the Council of Europe of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 6 and 9;
d. any other act, notification or declaration relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 22nd day of November 1984, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

Fylgiskjal 3.

VIÐBÓTARSAMNINGUR NR. 8 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa þennan viðbótarsamning við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur sáttmálinn),

telja það æskilegt að breyta tilteknum ákvæðum sáttmálans í því skyni að bæta og sérstaklega til að hraða meðferð mála fyrir mannréttindanefnd Evrópu,

telja það einnig ráðlegt að breyta tilteknum ákvæðum sáttmálans varðandi meðferð mála fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Núgildandi 20. gr. sáttmálans skal verða 1. tl. þeirrar greinar og eftirfarandi fjórir töluliðir skulu bætast við greinina:

„2. Nefndin skal halda fundi sína með þátttöku allra nefndarmanna. Hún getur þó skipt sér í deildir sem séu skipaðar minnst sjö nefndarmönnum. Deildunum er heimilt að kanna erindi sem borin eru fram samkvæmt 25. gr. sáttmálans og fara má með á grundvelli dómvenju eða vekja ekki nein meiri háttar vafamál í túlkun eða beitingu sáttmálans. Með þeim takmörkunum, sem að framan greinir og sem taldar eru í 5. tl. þessarar greinar, skulu deildirnar fara með öll þau völd sem nefndinni eru fengin í sáttmálanum.

Sá nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið af því aðildarríki sem erindi hefur verið beint gegn, skal hafa rétt til að sitja í þeirri deild sem erindinu er vísað til.

3. Nefndinni er heimilt að stofna starfshópa, sem séu hver um sig skipaðir að minnsta kosti þremur nefndarmönnum, er hafa vald, ef allir eru sammála, til að lýsa erindi, sem borið er fram samkvæmt 25. gr., ótækt eða fella það af málaskrá, þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari athugunar.

PROTOCOL NO. 8 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms

The member States of the Council of Europe, signatories to this Protocol of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention"),

Considering that it is desirable to amend certain provisions of the Convention with a view to improving and in particular to expediting the procedure of the European Commission of Human Rights,

Considering that it is also advisable to amend certain provisions of the Convention concerning the procedure of the European Court of Human Rights,

Have agreed as follows:

Article 1

The existing text of Article 20 of the Convention shall become paragraph 1 of that Article and shall be supplemented by the following four paragraphs:

"2. The Commission shall sit in plenary session. It may, however, set up Chambers, each composed of at least seven members. The Chambers may examine petitions submitted under Article 25 of this Convention which can be dealt with on the basis of established case law or which raise no serious question affecting the interpretation or application of the Convention. Subject to this restriction and to the provisions of paragraph 5 of this Article, the Chambers shall exercise all the powers conferred on the Commission by the Convention.

The member of the Commission elected in respect of a High Contracting Party against which a petition has been lodged shall have the right to sit on a Chamber to which that petition has been referred.

3. The Commission may set up committees, each composed of at least three members, with the power, exercisable by a unanimous vote, to declare inadmissible or strike from its list of cases a petition submitted under Article 25, when such a decision can be taken without further examination.

4. Deild eða starfshópur getur ávallt látið lögsögu í máli í hendur fullskipaðrar nefndar, sem einnig getur mælt fyrir um flutning til sín á erindi sem vísað hefur verið til deildar eða starfshóps.

5. Aðeins nefndin fullskipuð getur farið með eftirfarandi völd:

a. Athugun á málshöfðun samkvæmt 24. gr.

b. Vísun máls til dómstólsins í samræmi við 48. gr. a.

c. Samningu starfsreglna í samræmi við 36. gr.“

2. gr.

Við 21. gr. sáttmálans bætist 3. tl. svohljóðandi:

„3. Þeir sem tilnefndir eru skulu vera vammlausir og verða annaðhvort að fullnægja skilyrðum til þess að mega gegna æðri dómarastörfum eða vera viðukenndir fyrir hæfni í landslögum eða þjóðarétti.“

3. gr.

Við 23. gr. sáttmálans bætist eftirfarandi málsliður:

„Á kjörtímabilinu skulu þeir ekki gegna stöðu sem ekki samrýmist sjálfstæði þeirra og hlutleysi sem nefndarmenn eða kröfum þeim sem starfið gerir.“

4. gr.

Núgildandi 28. gr. sáttmálans með breytingum skal verða 1. tl. greinarinnar og núgildandi 30. gr. með breytingum skal verða 2. tl. Ný 28. gr. skal hljóða svo:

„28. gr.

1. Ef nefndin samþykkir að taka til meðferðar erindi sem henni hefur borist:

a. skal hún, í því skyni að sannreyna málsatvik, taka málið til athugunar ásamt fulltrúum deiluaðila og, ef það er nauðsynlegt, framkvæma rannsókn og er þeim ríkjum, sem hlut eiga að máli, skylt að veita alla þá fyrirgreiðslu sem nauðsynleg kann að vera eftir að rætt hefur verið við nefndina um málið;

b. skal hún samtímis vera reiðubúin til viðræðna við aðila í því skyni að koma á sáttum en þó þannig að virt séu mannréttindi þau sem skýrgreind eru í sáttmála þessum.

4. A Chamber or committee may at any time relinquish jurisdiction in favour of the plenary Commission, which may also order the transfer to it of any petition referred to a Chamber or committee.

5. Only the plenary Commission can exercise the following powers:

a. the examination of applications submitted under Article 24;

b. the bringing of a case before the Court in accordance with Article 48a;

c. the drawing up of rules of procedure in accordance with Article 36.”

Article 2

Article 21 of the Convention shall be supplemented by the following third paragraph:

“3. The candidates shall be of high moral character and must either possess the qualifications required for appointment to high judicial office or be persons of recognised competence in national or international law.”

Article 3

Article 23 of the Convention shall be supplemented by the following sentence:

“During their term of office they shall not hold any position which is incompatible with their independence and impartiality as members of the Commission or the demands of this office.”

Article 4

The text, with modifications, of Article 28 of the Convention shall become paragraph 1 of that Article and the text, with modifications, of Article 30 shall become paragraph 2. The new text of Article 28 shall read as follows:

“Article 28

1. In the event of the Commission accepting a petition referred to it:

a. it shall, with a view to ascertaining the facts, undertake together with the representatives of the parties an examination of the petition and, if need be, an investigation, for the effective conduct of which the States concerned shall furnish all necessary facilities, after an exchange of views with the Commission;

b. it shall at the same time place itself at the disposal of the parties concerned with a view to securing a friendly settlement of the matter on the basis of respect for Human Rights as defined in this Convention.

2. Ef nefndinni tekst að koma á sáttum skal hún semja um það skýrslu sem senda skal hlutaðeigandi ríkjum, ráðherranefndinni og aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til birtingar. Skýrslan skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem fengin var.“

2. If the Commission succeeds in effecting a friendly settlement, it shall draw up a Report which shall be sent to the States concerned, to the Committee of Ministers and to the Secretary General of the Council of Europe for publication. This Report shall be confined to a brief statement of the facts and of the solution reached.”

5. gr.

Í 1. mgr. 29. gr. sáttmálans komi í stað orðanna „með samhljóða atkvæðum“ orðin „með tveim þriðju hlutum atkvæða nefndarmanna“.

Article 5

In the first paragraph of Article 29 of the Convention, the word “unanimously” shall be replaced by the words “by a majority of two-thirds of its members”.

6. gr.

Eftirfarandi ákvæði skal bætt í sáttmálann:

Article 6

The following provision shall be inserted in the Convention:

„30. gr.

1. Nefndin getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er ákveðið að fella erindi af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. beiðandi hyggist ekki fylgja erindi sínu eftir, eða
b. deilan hafi verið leyst, eða
c. af einhverri annarri ástæðu, sem nefndin sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram rannsókn erindisins.

Nefndin skal þó halda áfram rannsókn erindis ef virðing fyrir mannréttindum þeim, sem skýrgreind eru í sáttmála þessum, krefst þess.

2. Ef nefndin ákveður að fella erindi af málaskrá sinni eftir að hafa tekið við því skal hún gefa skýrslu þar sem gerð er grein fyrir málsatvikum og ákvörðuninni um að fella erindið niður og ástæðum fyrir því. Málsaðilum skal send skýrslan svo og ráðherranefndinni til upplýsinga. Nefndinni er heimilt að birta skýrsluna.

3. Nefndinni er heimilt að taka erindi að nýju á málaskrá sína ef hún telur að aðstæður réttlæti það.“

“Article 30

1. The Commission may at any stage of the proceedings decide to strike a petition out of its list of cases where the circumstances lead to the conclusion that:

a. the applicant does not intend to pursue his petition, or
b. the matter has been resolved, or
c. for any other reason established by the Commission, it is no longer justified to continue the examination of the petition.

However, the Commission shall continue the examination of a petition if respect for Human Rights as definded in this Convention so requires.

2. If the Commission decides to strike a petition out of its list after having accepted it, it shall draw up a Report which shall contain a statement of the facts and the decision striking out the petition together with the reasons therefor. The Report shall be transmitted to the parties, as well as to the Committee of Ministers for information. The Commission may publish it.

3. The Commission may decide to restore a petition to its list of cases if it considers that the circumstances justify such a course.“

7. gr.

1. tl. 31. gr. sáttmálans skal hljóða svo:

„1. Ef rannsókn erindis hefur ekki lokið í samræmi við 28. gr. (2. tl.), 29. gr. eða 30. gr. skal nefndin gefa skýrslu um málsatvik og tjá skoðun sína um hvort málsatvik þau sem upplýst eru leiði í ljós brot hlutaðeigandi ríkis á skyldum þess samkvæmt sáttmálanum. Heimilt er að birta

Article 7

In Article 31 of the Convention, paragraph 1 shall read as follows:

“1. If the examination of a petition has not been completed in accordance with Article 28 (paragraph 2), 29 or 30, the Commission shall draw up a Report on the facts and state its opinion as to whether the facts found disclose a breach by the State concerned of its obligations

sérálit nefndarmanna um þetta atriði í skýrslunni.“

8. gr.

34. gr. sáttmálans skal hljóða svo:

„Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar af meiri hluta þeirra sem fund sækja og greiða atkvæði, sbr. þó ákvæði 20. gr. (3. tl.) og 29. gr.“

9. gr.

Við 40. gr. sáttmálans bætist 7. tl. svohljóðandi:

„7. Dómarar skulu sitja í dómi sem einstaklingar. Dómarar skulu ekki á kjörtímabilinu gegna stöðu sem ekki samrýmist sjálfstæði þeirra og hlutleysi sem dómarar eða kröfum þeim sem starfið gerir.“

10. gr.

41. gr. sáttmálans skal hljóða svo:

„Dómstóllinn skal kjósa sér forseta og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára. Þá má endurkjósa.“

11. gr.

Í 1. málslið 43. gr. sáttmálans komi orðið „níu“ í stað orðsins „sjö“.

12. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir þau aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa sáttmálann, og geta þau lýst samþykki sínu á að vera bundin af honum með því að:

a. undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, eða
b. undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ásamt síðari fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki.

2. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

13. gr.

Nefndin leggur til breytingu á d-lið 2. gr. frumvarpsins þannig að miðað verði við sama dagvinnustundafjölda og gildandi lög gera ráð fyrir, þ.e. í stað 1700 stunda komi 1032 stundir til þess að njóta fullra fæðingardagpeninga og 516–1031 til þess að njóta hálfra dagpeninga.

Rétt er að vekja athygli á því að nefnd sú, er vann að breytingunni á lögunum, benti á þrjá möguleika og er áðurnefnd tillaga byggð á einum þeirra. Útreikningar um kostnað, er fylgja frumvarpinu, taka reyndar mið af því fyrirkomulagi sem breytingartillagan felur í sér, þannig að ekki kemur til kostnaðarauka umfram þann sem þar greinir frá nái frumvarpið fram að ganga svo beytt.

Nefndin leggur mikla áherslu á það að þær reglur, sem settar voru í reglugerð nr. 261/1983, um fæðingarorlof, varðandi greiðslur til bændakvenna, námsmanna og dagmæðra, haldist óbreyttar við mat á vinnuframlagi þótt það snerti ekki sjálft lagafrumvarpið. Þar sem lagaákvæði yrðu óbreytt hvað þennan þátt snertir þykir rétt að hnykkja á þessu því að ekki er ætlunin að þessir aðilar missi nein réttindi hlutfallslega þegar fæðingarorlof lengist úr þremur í sex mánuði á næstu þremur árum.

Eins telur nefndin rétt að vekja athygli á því, þótt ekki snerti það sjálft lagafrumvarpið, að tryggja þarf að lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi skerðist ekki, t.d. með því að heimila foreldrum að greiða lífeyrissjóðsframlög þann tíma. Þetta kallar á breytingar á

lögum um lífeyrissjóði. Á sama hátt væri eðlilegt að gera breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi lánarétt svo að foreldrar missi ekki réttindi í fæðingarorlofi. Þótt vissulega séu þetta mikilvæg mál hvort tveggja telur nefndin ekki rétt að þau tefji fyrir framgangi aukins fæðingarorlofsréttar, en treystir því að hlutaðeigandi aðilar kanni málin og geri tillögur til breytinga á næsta þingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr., með fyrirvara.	Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.
Kolbrún Jónsdóttir, með fyrirvara.	Björn Dagbjartsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 920. Nefndarálit [391. mál]

um frv. til l. um fæðingarorlof.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðna Ingibjörgu Rafnar, formann nefndar þeirrar sem samdi frumvarpið, Ingimar Sigurðsson, yfirlögfræðing heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, og Birnu Björnsdóttur, lögfræðing Tryggingastofnunar ríkisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Björn Dagbjartsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 921. Breytingartillögur [392. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Fæðist barn andvana, eða ef um er að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu, greiðist fæðingarstyrkur í þrjá mánuði.
2. Við 2. gr. Síðasti málsl. l-liðar orðist svo: Ef móðir fæðir andvana barn eða missir fóstur eftir 20 vikna meðgöngu skulu fæðingardagpeningar greiddir í þrjá mánuði.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal þegar í stað skipa nefnd með aðild samtaka vinnumarkaðarins sem hafi það verkefni að gera tillögu um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Ed. 922. Frumvarp til laga [416. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum falli niður: 70.15.00, 90.07.13, 90.07.19, 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00, 91.11.00.
b. Tollur á vörum í eftirtöldu tollskrárnúmeri lækki í 5%: 32.10.00.
c. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 20%: 37.01.09, 37.02.09.
d. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 50%: 92.12.19, 92.12.29.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 923. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum samhliða frumvarpi um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi um gildistöku laga um staðgreiðslu og fékk marga til viðtals.

Viðmælendur nefndarinnar voru yfirleitt hlynntir staðgreiðslubreytingunni en höfðu ýmsa fyrirvara á samþykki sínu við álagningu tekju- og eignarskatts og framkvæmd staðgreiðslunnar. Flestir þeirra bentu á nauðsyn þess að vinna þyrfti að ítarlegri könnun á áhrifum frumvarpsins á tímanum fram að gildistöku þess.

Ekki verður með nokkru móti séð hvort verulegur flutningur verður á greiðslubyrði milli fólks með mismunandi tekjur þar sem beinn samanburður á núgildandi lögum með öllum sínum tilbrigðum er erfiður við það einfalda kerfi sem nú er lagt til að taka upp.

Sú ríkisstjórn, sem enn situr, hefur margítrekað lofað afnámi tekjuskatta af almennum launum. Þetta loforð tengist loforðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Ástand ríkissjóðs leyfir ekki mikinn samdrátt þessa stundina. Þannig hlaut loforðið um tekjuskattsafnám að tengjast auknum tekjum á öðrum vettvangi. Ríkisstjórnin hefur heykst á að fylgja eftir frumvarpi um virðisaukaskatt eða breytingum á gildandi söluskattslögum þannig að ekki verður tekna að vænta úr þeirri átt. Ríkisstjórnin hefur einnig heykst á flutningi frumvarps um skattlagningu á fjármagns-, eigna- og hlunnindatekjur ásamt skattlagningu á fyrirtæki og því verður ekki hægt að flytja greiðslubyrði af launafólki yfir á herðar þeirra sem meira mega sín fjárhagslega í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Fyrirhuguð innheimta skatta af ökutækjastyrkjum og dagpeningum verður vandasöm. Þessi aðferð mun leggja mikla vinnu á starfsmenn skattstofa, auk þess sem þeir, sem fá slíkar greiðslur með eðlilegum hætti sem endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, verða fyrir verulegum óþægindum og útgjöldum.

Það er ljóst að greiðslur í formi ökutækjastyrkja og dagpeninga, einkum þó ökutækjastyrkja, eru stórlega misnotaðar hér á landi. Það er þó verulegur fjöldi sem fær þessar greiðslur eðlilega ákvarðaðar miðað við þau útgjöld sem þeir hafa orðið fyrir. Á þessu vandamáli þarf að finna góða lausn.

Í athugasemdum með frumvarpinu um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem ætlað er að gera á skatt- og útsvarsstofninum og er ekki tilefni til að gera athugasemdir við þá útreikninga hér. Þó verður að telja áætlun skattstofns vegna ökutækjastyrkja, dagpeninga og annarra hlunninda vafasama.

Í 4. gr. frumvarpsins um gildistöku eru nokkur athyglisverð ákvæði. Þar er m.a. kveðið á um það að þeim mönnum, sem ber lögum samkvæmt að telja sér til tekna endurgjald, megi ekki gera það á árinu 1987 ef það myndar tap í rekstrinum. Á það hefur verið lögð áhersla á undanförnum árum að þessir aðilar reikni sér tekjur eftir ákveðnum reglum þótt um tap sé að ræða á rekstri þeirra og greiði af þeim skatt innan ákveðinna marka. Samkvæmt frumvarpinu mega þeir það ekki á árinu 1987.

Í staðgreiðslufrumvarpinu eru ítarleg ákvæði um álag og dráttarvexti vegna vangreiðslna. Hins vegar virðist aðeins gert ráð fyrir almennum sparisjóðsvöxtum af ofgreiðslum, en ljóst er að talsvert verður um ofgreiðslur í kerfinu. Almennir sparisjóðsvextir hafa lengst af ekki nægt til að halda í við verðlagsbreytingar og eru þessi ákvæði óréttlát gagnvart gjaldendum.

Stjórn staðgreiðslunnar verður í höndum ríkisskattstjóra og er skattstjórum ætlað að hafa eftirlit með höndum. Látið er að því liggja að talsverður sparnaður verði við hina almennu framkvæmd álagningar vegna einföldunar og muni starfsfólk skattstofa nýtast til eftirlits með staðgreiðslunni. Draga verður í efa að um sparnað verði að ræða á skattstofum við almenna framkvæmd og ekki liggur nægilega fyrir enn þá hvernig verkefnum skattstofa og innheimtumanna verður breytt. Hér er um nokkra áhættu að ræða vegna hins skamma undirbúningstíma.

Með þessum frumvörpum er gert ráð fyrir að gerðar verði veigamiklar og óæskilegar breytingar á ákvæðum laga um vald skattyfirvalda til að ákveða gjaldendum stofna til greiðslu skatta og verður það að teljast nokkuð athyglisvert. Á þetta t.d. við um 6. gr. frumvarps um staðgreiðslu og 4. gr. frumvarps um gildistöku. Samkvæmt þeim breytingum, sem nú er verið að gera á 59. gr. skattalaga, getur skattstjóri að eigin mati hækkað reiknað endurgjald án þess að gjaldandi sé beðinn um skýringar á því sem kann að þykja óeðlilegt.

Telja verður varhugavert og reyndar óþarft að auka verulega vald skattstjóra, ekki síst af þeim ástæðum að skattstofurnar eru um þessar mundir illa í stakk búnar til að fara með slíkt vald, m.a. vegna skorts á sérhæfðum starfsmönnum til faglegrar umfjöllunar mála.

Eins og áður segir er yfirstjórn staðgreiðslu í höndum ríkisskattstjóra og á hann að setja skattstjórum starfsreglur. Hann á að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, en hann á einnig að úrskurða sektir fyrir brot á lögunum skv. 31. gr. frumvarpsins nema máli sé vísað til dómstóla. Úrskurður ríkisskattstjóra er fullnaðarúrskurður. Það sektarvald, sem gert er ráð fyrir að fá ríkisskattstjóra í hendur samkvæmt frumvarpinu, er mjög víðtækt, sbr. 30. gr. frumvarpsins. Það getur ekki talist eðlilegt að hið víðtæka sektarvald sé fengið í hendur þeim aðila sem ábyrgð ber á framkvæmdinni og hefur með höndum eftirlit með greiðslum og framtölum. Með þessu er þó alls ekki verið að lýsa yfir vantrausti á embættismanninn heldur bent á að þetta fer illa saman. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er sektarvaldinu komið fyrir með öðrum hætti, sbr. 108. gr.

Með tilkomu staðgreiðslu opinberra gjalda er stigið verulegt framfaraskref í innheimtu opinberra gjalda þegar til lengri tíma er litið, að því gefnu að framkvæmdin takist vel og að náð verði þeim markmiðum sem að er stefnt. Því miður virðist sem frumvarpið hafi ekki fengið nægilegan undirbúning þótt hér hafi mikið starf verið unnið á skömmum tíma. Nokkrum efasemdum verður að lýsa varðandi undirbúning framkvæmdarinnar, en fjölmarga þætti þessa máls á eftir að vinna og skýra. Fróðlegt hefði verið að fá upplýsingar um þær áætlanir sem gerðar hafa verið um einstaka þætti undirbúningsins, svo sem nánar um breytingu verkefna skattstofa og innheimtumanna, skipulag eftirlits skattstjóra, þjálfun

mannafla, hönnun tölvukerfa sem halda eiga utan um staðgreiðsluna, og skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og margt fleira. Það væri skaði ef farið yrði af stað með gott mál án nægilegs undirbúnings.

Greinargerð með breytingartillögunum:

a. Augljóst er að frumvarpið mismunar þeim sjómönnum sem eru í fríu fæði hjá útgerð og þeim sem fá fæðispeninga. Því er flutt breytingartillaga við 2. gr. frumvarpsins svo að jafnræði megi ríkja með sjómannastéttinni allri.
b. Andi núgildandi laga er m.a. sá að tekið er tillit til þeirra er stunda nám, eru að hefja störf á vinnumarkaði og þeirra sem eru að ljúka starfi. Það verður ekki séð að nein ástæða sé til þess að leggja þessi mannúðlegu sérkenni á íslenskum skattalögum fyrir róða og því flytur 3. minni hl. breytingartillögur við 10. gr. þar að lútandi.
c. Fram kom í viðræðum við fulltrúa sjómanna að sá frádráttur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sjómenn skuli njóta, er allt of lítill og því er flutt tillaga um hækkun hans.
d. Margt mælir með því að B-liður 11. gr. frumvarpsins, húsnæðisbæturnar, eigi ekki heima í þessu frumvarpi. Hér er í raun um niðurgreiðslu vaxta að ræða sem heima á í lögum um Húsnæðisstofnun. Ef gengið er út frá því að þetta sé hluti af frumvarpinu þá má draga í efa að það skili öðrum árangri en þeim að breyta sem minnst stöðu ríkissjóðs. Húsbyggjendum eða kaupendum, sem keypt hafa fyrir 1985, skilar hún styttingu þess tíma sem þeir áttu von á að njóta vaxta og verðbótafrádráttar og ef horft er til þeirra sem keyptu 1981–1984 er það harður kostur. Í annað sinn á sex árum verða þeir fyrir barðinu á aðgerðum ríkisvaldsins með líkum hætti, fyrst kjaraskerðingu og misgengi lána og launa, og nú í annað sinn misgengi á afborgunartíma lánanna. Þeir, sem eru að kaupa í annað eða þriðja sinn þegar fjölskyldan er hvað stærst og heimilistekjurnar e.t.v. hlutfallslega minnstar, eru settir hjá og þannig nær frumvarpið e.t.v. ekki til þeirra sem helst þyrftu þessa með. Þess vegna flytur 3. minni hl. breytingartillögu við þessa grein með það að markmiði að ná til þeirra að nokkru sem hvað mest munu þurfa á aðstoð að halda.
e. Efnahagslíf Íslendinga er sveiflukennt. Því er hætt við að áhrif 18. gr. frumvarpsins geti orðið önnur en höfundar ætlast til. T.d. er áberandi að kaupmáttur tekna fólks, sem er með tekjur rétt yfir skattleysismörkum, sveiflast hlutfallslega mest ef verðlagsbreytingar eru miklar milli ára. Því er augljóst að löggjafinn mun oft þurfa að grípa inn í til að draga úr áhrifum verðlagssveiflna á kaupmátt. Af þeirri ástæðu er lagt til að Alþingi ákveði skattvísitölu á miðju viðmiðunartímabilinu með tilliti til undangenginnar þróunar og áætlana um þjóðarhag á komandi ári.
f. Með tilliti til þess að með sex ára ákvæði í 11. gr. er verið að skapa ríkissjóði tekjur að því tímabili loknu sem hann annars ekki átti von á, þess að með sex ára reglunni verða þeir verst úti sem urðu fyrir misgengi lána og launa 1982–1984 og þess að það er yfirlýst áform stjórnvalda að menn tapi ekki neinu við umskiptin flytur 3. minni hl. breytingartillögu við ákvæði til bráðabirgða I. Enn fremur er flutt breytingartillaga við ákvæði til bráðabirgða II.
g. Ekki er að finna í þessu frumvarpi neinar hugmyndir um tilfærslu á skattbyrði milli skattgreiðenda í heild þar sem frumvarpið tekur aðeins til hluta skattgreiðenda. Ekki eru því efni til að flytja breytingartillögur um lækkun skattprósentu eða hækkun persónuafsláttar fyrr en heildarlöggjöf um skatta á eignir, eignatekjur og fyrirtæki er komin fram á hausti komanda. Alþýðuflokkurinn ætlast til að þar megi auka tekjur ríkissjóðs um 400–500 milljónir króna og nota þá tekjuaukningu til að aflétta sköttum af almennum launatekjum. Það er heilbrigt sjónarmið í blönduðu hagkerfi að gera þá kröfu til eigenda fyrirtækja og fjármagns að umsvif þeirra skili arði sem nægi til að létta skattbyrði launþega þeirra.

Efni þessa frumvarps má rekja til síðustu kjarasamninga og þeirrar skýrslu um könnun á umfangi skattsvika sem lögð var fyrir Alþingi 18. apríl s.l. Í skattsvikaskýrslunni var niðurstaðan sú að ríkissjóður hefði orðið af 2500–3000 milljónum króna, eða 7–8% af heildarskatttekjum, á árinu 1985 og lækka hefði mátt heildarskattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu um 9,4% ef þessum tekjum hefði verði náð. Enn fremur komu í ljós að mestar líkur voru á skattsvikum í tengslum við dulda atvinnustarfsemi í ákveðnum starfsgreinum.

Nefndin, sem skýrsluna samdi, taldi helstar ástæður skattsvika vera flókið skattkerfi. Óljóst réttlæti skattalaga vegna fjölgunar ívilnunarákvæða einstakra hópa, há skatthlutföll og opinber höft á ákveðnum sviðum. Fjármálaráðherra lofaði s.l. vor verulegum úrbótum í frumvarpsformi, jafnvel mörgum strax á liðnu haustþingi. Ekkert slíkt frumvarp leit dagsins ljós. Þótt líta megi á staðgreiðslu launaskatts sem hluta af einföldun skattkerfis verður það ekki til að bæta skattvitund manna ef önnur skattheimta verður ekki lagfærð með sömu markmið í huga. Þess vegna leggur 2. minni hl. til að samþykkt verði nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, er skuldbindi stjórnvöld til að undirbúa samræmda heildarlöggjöf um skattheimtu fyrir næstu áramót og bæta tekjumöguleika ríkissjóðs á næsta ári með hertu skatteftirliti.

Þriðji minni hl. mælir með samþykkt frumvarpsins svo breytts.

Alþingi, 13. mars 1987.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Nd. 924. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

1. Við 2. gr. A-liður orðist svo:
   2. málsl. 5. tölul. orðist svo: Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá útgerðarfyrirtækjum til að standa undir fæðiskostnaði um borð í fiskiskipum.
2. Við 3. gr. bætist nýr töluliður er orðist svo:
   Tekjur skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–3. tölul. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 700 000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.
   Réttur til frádráttar skv. 1. mgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.
   Frádrátt skv. 1. mgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

3. Við 10. gr.
   a. Við 1. mgr. A-liðar bætist nýr málsl. er orðist svo: Ráðherra er þó heimilt að tvöfalda í tólf mánuði persónuafslátt þeirra námsmanna sem náð hafa 21 árs aldri, frá og með þeim tíma er þeir ljúka námi.
   b. Við 3. mgr. A-liðar bætist nýr málsl. er hljóði svo: Ráðherra er þó heimilt að setja ákvæði í fyrrgreinda reglugerð um millifærslu persónuafsláttar milli mánaða hjá námsmönnum með hliðsjón af takmörkuðum vinnutíma þeirra ár hvert.
   c. Síðari málsl. 1. mgr. B-liðar orðist svo: Sjómannaafsláttur skal vera 220 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.
4. Við 11. gr. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
   Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum. Við fyrstu íbúð, sem maður eignast, skal reikna fullar húsnæðisbætur en hálfar sé um kaup annarrar eða þriðju íbúðar að ræða.
5. Við 19. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo:
      Fjárhæðum, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum hvert ár.
   b. 1. tölul. 1. efnismgr. falli brott.
6. Við ákvæði til bráðabirgða I. Orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli brott.
7. Við ákvæði til bráðabirgða II. Orðin „í fyrsta sinn“ falli brott.
8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
   Þegar að lokinni samþykkt þessara laga skal ríkisstjórn hefja undirbúning heildarlöggjafar um tekjuskatt og eignarskatt. Miða skal við að löggjöf þessi taki gildi fyrir næstu áramót er lög þessi öðlast gildi. Markmið löggjafarinnar skal vera að flytja a.m.k. 500 millj. kr. skattbyrði af tekjuskatti launafólks til fyrirtækja og fjármagnseigenda.
   Helstu atriði löggjafarinnar verði þessi:
   1. Einföld skattlagning á fyrirtæki, færri undanþágur og afnám margs konar frádráttarliða þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Skatttegundum verði fækkað og þess gætt að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.
   2. Hert ákvæði um refsingu við skattalagabrotum og álög.
   3. Hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Skattrannsóknarstjóri fari með bókhaldseftirlitið og fái auknar sektarheimildir vegna bókhaldsbrota.
   4. Ríkisskattanefnd úrskurði sektir fyrir hrein bókhaldsbrot eins og skattabrot.
   5. Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög. Brot verði þar skilgreind sjálfstætt eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Í lögunum verði ákvæði um heimild til sviptingar starfsréttinda að því leyti sem almenn ákvæði hegningarlaga eru talin ófullnægjandi.
   6. Nýtt ákvæði komi í almennum hegningarlögum um „stórfellda óreglusemi“ í færslu bókhalds.
   7. Hlutræn refsiábyrgð lögaðila verði svipuð þeirri sem nú er að finna um skattabrot.

8. Embætti ríkisskattstjóra breytist í stofnun er fari með heildarstjórn skattamála, bæði faglega og verkstjórnarlega. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum fari fram á einum stað þar sem sérhæft, menntað starfsfólk starfar. Skattstofur í núverandi mynd leggist niður en eftir verði aðilar sem veita upplýsingar til almennings og afla gagna vegna framtala.
9. Skýr ákvæði verði um menntunarmál starfsfólks á skattstofum, m.a. um skattskólann.
10. Komið verði á fót sérstöku eftirliti sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl.
11. Ný ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna.

Ed. 925. Frumvarp til laga [392. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 15 000 kr. á mánuði í fjóra mánuði við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarstyrkur greiddur í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd.

Fæðist barn andvana eða ef um er að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur aðeins í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í þrjá mánuði (fjóra frá 1. jan. 1989 og fimm frá 1. jan. 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Ný grein kemur er verður 26. gr. laganna og orðast svo:

a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í fjóra mánuði. Frá 1. jan. 1989 skulu þeir greiddir í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði.
d. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1032–2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Launuð vinna í grein þessari merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.
e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm eða sex, sbr. c-lið).
g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof, sem þeir eiga rétt á, falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.
h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni þann mánuð.
j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Ef móðir fæðir andvana barn eða missir fóstur eftir 20 vikna meðgöngu skulu fæðingardagpeningar greiddir í tvo mánuði.

m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.
n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.
p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir foreldrar, sem kunna að vera í fæðingarorlofi við gildistöku laganna og fá greiðslur samkvæmt núgildandi ákvæði 16. gr. almannatryggingalaga, skulu fá greiddan fæðingarstyrk og eftir atvikum fæðingardagpeninga í samræmi við lög þessi frá gildistöku þeirra þannig að samfelldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðingar verði fjórir mánuðir. Þegar lenging fæðingarorlofs kemur til framkvæmdar skulu þeir foreldrar, er þá fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, einnig njóta lengingarinnar.

Sþ. 926. Nefndarálit [218. mál]

um till. til þál. um eflingu atvinnu og byggðar í sveitum vegna breyttra búhátta.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, landbúnaðarráðuneyti og Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins mæla með samþykkt tillögunnar. Í umsögn landbúnaðarráðuneytis er tekið undir efni tillögunnar en jafnframt vakin athygli á því að á síðustu mánuðum hafi verið unnið að því að hrinda ýmsu í framkvæmd sem fjallað er um í tillögunni. Sú umsögn er birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Nefndin mælir með því að skipulagt átak verði gert til atvinnuuppbyggingar í sveitum vegna breyttra búhátta svo að byggðin í landinu treystist. Í trausti þess að ríkisstjórnin haldi áfram að vinna að framkvæmd þess sem í tillögunni felst leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 13. mars 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Björn Dagbjartsson, frsm.
Kristín S. Kvaran.	Þórarinn Sigurjónsson.	Davíð Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

Umsögn landbúnaðarráðuneytisins.

(3. mars 1987.)

Ráðuneytinu hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um eflingu atvinnu og byggðar í sveitum vegna breyttra búhátta.

Ráðuneytið tekur efnislega undir tillögu þessa, en vill jafnframt vekja athygli á að á síðustu mánuðum hefur verið unnið að því að hrinda ýmsu því í framkvæmd sem tillagan gerir ráð fyrir. Bent skal á eftirfarandi:

1. Framleiðnisjóður leggur nú fram verulega fjármuni til nýbúgreina, auk þess sem jarðræktarlög heimila sérstakan stuðning við þá er hefja loðdýrarækt. Framlög Framleiðnisjóðs eru ekki eingöngu bundin við búháttabreytingar þótt þær njóti forgangs.
2. Um þessar mundir er að ljúka tillögugerð um nokkra rýmkun fullvirðisréttar í sauðfjárrækt vegna verðlagsársins 1987–1988. Samþykkt hefur verið að greiða sauðfjárbændum meginhluta skerðingar innan búmarks verðlagsárið 1986–1987.
3. Með tilkomu fjárhagskönnunarnefndar, er ráðuneytið hafði forgöngu um að mynda vorið 1985, hafa hagfræðileiðbeiningar í landbúnaði orðið meiri og markvissari en áður. Ráðherra hefur nú óskað eftir að nefndin starfi áfram. Fyrir tilstuðlan nefndarinnar eiga bændur því kost á sérstöku mati á fjárhagsstöðu sinni og rekstrarráðgjöf.
4. Starf á þessu sviði er í höndum markaðsnefndar og starfsmanns hennar. Hefur nefndin leitað samstarfs við Útflutningsráð um markaðsöflun, en ráðuneytið á aðild að ráðinu.
5. Viðræður um búvörusamning fyrir verðlagsárin 1988–1990 eru hafnar.

F.h. ráðuneytisins,

Bjarni Guðmundsson.

Sþ. 927. Nefndarálit [235. mál]

um till. til þál. um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Sambandi veitinga- og gistihúsa, Ferðamálaráði Íslands og Félagi íslenskra kjötiðnaðarmanna.

Í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa kemur fram sú skoðun að Hótel- og veitingaskóli Íslands hafi nægu hlutverki að gegna og því sé ekki rétt að bæta við öðrum starfsstéttum. Í umsögn Ferðamálaráðs Íslands kemur fram að undanfarna mánuði hafi starfað nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins að því að gera tillögur um framtíðarskipun þessara mála innan skólakerfisins. Sú nefnd muni nú vera að vinna að tillögum til ráðherra um þessi mál.

Nefndin telur nauðsynlegt að auka menntun þeirra starfsstétta sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um. Eins og fram kemur hér að framan er hins vegar ljóst að það þarfnast vandlegrar athugunar hvernig heppilegast er að koma þessari menntun fyrir og fleiri en ein leið koma til greina í þeim efnum. Í trausti þess að ríkisstjórnin hraði þeirri athugun er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 13. mars 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson.
Kristín S. Kvaran.	Björn Dagbjartsson.	Davíð Aðalsteinsson.

Sþ. 928. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um viðskipti með greiðslufresti.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá viðskiptaráðuneyti, Verslunarráði Íslands og Neytendasamtökunum.

Umsögn viðskiptaráðuneytisins er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Með tilvísun til þeirra upplýsinga, sem þar koma fram, leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 13. mars 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson, frsm.
Kristín S. Kvaran.	Þórarinn Sigurjónsson.	Björn Dagbjartsson.

Fylgiskjal.

Umsögn viðskiptaráðuneytisins.
(26. jan. 1987.)

Í viðskiptaráðuneytinu hafa verið samin drög að lagafrumvarpi um þetta efni og hafa þau efnislega tekið til þeirra atriða er nefnd eru í tillögunni, en fallið hefur verið frá því að leggja frumvarpið fram á Alþingi. Hér skulu stuttlega raktar helstu ástæður fyrir þeirri niðurstöðu.

Fyrrnefnd frumvarpsdrög, auk frumvarpsins frá löggjafarþinginu 1978–79, voru samin án þess að áður væri gerð sérstök könnun á því ástandi sem viðkomandi lögum var ætlað að breyta, enda komu í ljós, eftir að þau höfðu verið samin og send til umsagnar ýmissa aðila, ýmsir annmarkar á því að leggja þau til grundvallar. Niðurstaðan varð því sú að frumvarpsdrögin voru lögð til hliðar og réttast þótti að bíða endurskoðunar á lögum um lausafjárkaup og fyrningarlögum áður en tímabært þætti að kanna nánar þörf á sérstakri lagasetningu um viðskipti með greiðslufresti. Endurskoðun laga um fyrningu og lausafjárkaup er ekki lokið og á því þessi niðurstaða við sömu rök að styðjast nú sem þá.

Enn fremur vill ráðuneytið benda á að í lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og ólögmæta viðskiptahætti, eru færar leiðir til að setja reglur um upplýsingaskyldu seljanda, svo sem um viðskiptakjör og leiðbeiningar um meðferð og eiginleika söluvöru, og hefur ráðuneytið óskað eftir því við Verðlagsstofnun að unnið verði að tillögugerð um þessi atriði og þær sendar ráðuneytinu. Slíkar reglur tækju jafnframt til þess að seljendum væri gert að upplýsa neytendur um viðskiptakjör sín samkvæmt greiðslukortafyrirkomulagi. Annað, en þó ekki með öllu óskylt mál, er hins vegar það hvernig verði staðið að hugsanlegum endurbótum á réttarfarslöggjöfinni vegna vörslusviptinga er rót eiga að rekja til eignarréttarfyrirvara seljanda og vanefnda kaupenda söluvörunnar og hvernig beri að haga uppgjöri þeirra í millum ef til vörslusviptingar kemur. Til álita kemur að gera breytingar á löggjöf um fógetarétt verði talin þörf á ákvæðum um þetta efni þegar nauðsynlegri endurskoðun er lokið.

Ráðuneytið telur að þingsályktunartillaga sú, er hér liggur fyrir, sé óþörf með hliðsjón af þeim upplýsingum er hér hafa komið fram og leggur því til að tillagan verði ekki samþykkt.

Sþ. 929. Nefndarálit [237. mál]

um till. til þál. um eflingu fiskeldis sem búgreinar á bújörðum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirgreindum aðilum: Orkustofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Búnaðarfélagi Íslands og landbúnaðarráðuneyti.

Með tilvísun til þeirra umsagna, sem að ofan greinir, leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 13. mars 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.
Garðar Sigurðsson, fundaskr.
Björn Dagbjartsson.
Davíð Aðalsteinsson.
Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 930. Nefndarálit [236. mál]

um till. til þál. um tryggingasjóð loðdýraræktar gegn verðsveiflum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna og gera tillögur um með hvaða hætti megi best tryggja hag loðdýrabænda gegn verðsveiflum á loðskinnamörkuðum.
2. Fyrirsögn orðist þannig: Till. til þál. um aðgerðir til tryggingar loðdýraræktar gegn verðsveiflum.

Alþingi, 13. mars 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Björn Dagbjartsson, frsm.

Davíð Aðalsteinsson. | Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 931. Svar [384. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um tekjutap sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Vegna fyrirspurnarinnar skal upplýst að *árið 1984* var fyrst sett svonefnt þak á tekjur sjóðsins. Það mun hafa átt að vera til bráðabirgða en er enn á fjárlögum þessa árs.

Sama ár var Jöfnunarsjóður látinn taka lán til þess að flýta fyrir uppgjöri Innheimtustofnunar sveitarfélaga á barnsmeðlögum. Í upphafi var lánið jafnvirði 136 millj. kr. Til þess að tryggja endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs á láninu var honum veitt ríkisábyrgð og greiddi sjóðurinn um 2 millj. kr. fyrir hana. Síðar var láninu breytt í fimm ára gengistryggt lán sem var afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Þá var fjárhæðin komin yfir 190 millj. kr. vegna gengishækkunar bandaríkjadals.

Árið 1987 verða afborganir af láninu rúmlega 60 millj. kr. og vextir að fjárhæð um 15 millj. kr.

Tekjur hvers einstaks sveitarfélags eru reiknaðar út eftir íbúafjölda þess en íbúafjöldinn breytist frá ári til árs. Hlutdeild þeirra í skuldinni, sem að framan greinir, deilist á þau öll og dregst frá þeim tekjum sem sjóðnum eru ætlaðar.

Í ár er tap hvers sveitarfélags um 320 kr. á íbúa einungis vegna greiðslu afborgana af láninu eða hjá Reykjavíkurborg um 29,2 millj. kr., Ísafjarðarkaupstað um 1 millj. kr., Fjallahreppi um 7 þús. kr. svo að dæmi séu tekin.

Tekjur af landsútsvörum voru einnig skertar vegna undanþágu olíufélaganna á greiðslu landsútsvars af gasolíu til skipa. Sú skerðing var lögfest á árinu 1985. Vegna olíuverðsbreytinga er ekki hægt að áætla tekjur af landsútsvörum á árinu 1987.

Í 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, segir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli m.a. vera:

a. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 8% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt.
b. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs skv. lögum nr. 6/1974, um tollskrá o.fl.

Útreikningur á lögbundnu framlagi:

a. Útreikningur á lögbundnu framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er miðaður við söluskatt eins og hann er á hverjum tíma (söluskattur, söluskattsauki, orkujöfnunargjald og húsnæðisgjald mynda það sem nefnt er sölugjald). Lögbundna framlagið á árinu 1985 er t.d. fundið þannig: Skv. ríkisreikningi 1985 nam innheimtur söluskattur og söluskattsauki (þ.e. 22,5%) 10 448 921 þús. kr. á árinu 1985. Lögbundna framlagið í ríkissjóð hefði því átt að vera 8% af 10 448 921/22,5x20 eða 743 034 þús. kr.

b. Í þessu tilviki er aðeins flett upp á innheimtum verðtollstekjum í ríkisreikningi og fundin 5% af þeirri fjárhæð.

Lögbundið og raunverulegt framlag af söluskattstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
557 226	743 034	973 590	1 168 000
495 000	635 000	770 000	820 000

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
1 009 506	1 016 906	1 098 708	1 168 000
896 773	869 052	868 954	820 000

Lögbundið og raunverulegt framlag af verðtollstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
128 033	147 500	142 272	151 500
100 000	147 500	142 272	151 500

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
231 953	201 866	160 556	151 500
181 166	201 866	160 556	151 500

Norðurlandskjördæmi vestra árið 1984.
(Í þús. kr.)

Sveitarfélög	Lokatala 1984	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Sauðárkrókur	5 461	9 894	5 856	10 610
Siglufjörður	4 500	8 153	4 826	8 744
Staðarhreppur	296	537	318	577
Fremri-Torfustaðahreppur	226	410	242	439
Ytri-Torfustaðahreppur	595	1 078	638	1 156
Hvammstangahreppur	1 450	2 627	1 555	2 818
Kirkjuhvammshreppur	324	587	348	631

Sveitarfélög	Lokatala 1984	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Þverárhreppur	277	502	297	538
Þorkelshólshreppur	449	814	481	872
Áshreppur	289	524	310	562
Sveinsstaðahreppur	261	473	280	508
Torfalækjarhreppur	310	562	333	604
Blönduóshreppur	2 510	4 548	2 691	4 876
Svínavatnshreppur	407	738	436	790
Bólstaðarhlíðarhreppur	355	644	381	691
Engihlíðarhreppur	235	426	252	457
Vindhælishreppur	150	272	161	292
Höfðahreppur	1 535	2 781	1 646	2 982
Skagahreppur	181	328	194	352
Skefilsstaðahreppur	136	247	146	265
Skarðshreppur	273	495	292	529
Staðarhreppur	315	571	338	613
Seyluhreppur	714	1 294	766	1 388
Lýtingsstaðahreppur	684	1 240	733	1 328
Akrahreppur	747	1 354	801	1 452
Rípurhreppur	247	448	265	481
Viðvíkurhreppur	233	423	249	452
Hólahreppur	392	711	421	763
Hofshreppur	409	741	438	794
Hofsóshreppur	677	1 227	726	1 316
Fellshreppur	96	174	103	187
Haganeshreppur	193	350	207	375
Holtshreppur	242	439	260	471

Norðurlandskjördæmi vestra árið 1985.
(Í þús. kr.)

Sveitarfélög	Lokatala 1985	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Sauðárkrókur	6 119	8 374	7 000	9 580
Siglufjörður	4 922	6 736	5 630	7 705
Staðarhreppur	339	464	388	531
Fremri-Torfustaðahreppur	254	348	291	398
Ytri-Torfustaðahreppur	671	918	767	1 050
Hvammstangahreppur	1 681	2 300	1 923	2 632
Kirkjuhvammshreppur	352	482	403	552
Þverárhreppur	298	408	341	467
Þorkelshólshreppur	481	658	550	753
Áshreppur	314	430	359	491
Sveinsstaðahreppur	283	387	523	442
Torfalækjarhreppur	314	430	359	491
Blönduóshreppur	2 806	3 840	3 210	4 393
Svínavatnshreppur	432	591	494	676

Sveitarfélög	Lokatala 1985	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Bólstaðarhlíðarhreppur	383	524	438	599
Engihlíðarhreppur	260	356	297	406
Vindhælishreppur	162	222	185	253
Höfðahreppur	1 717	2 350	1 964	2 688
Skagahreppur	188	257	215	294
Skefilsstaðahreppur	146	200	168	230
Skarðshreppur	296	405	338	463
Staðarhreppur	347	474	397	543
Seyluhreppur	748	1 024	856	1 171
Lýtingsstaðahreppur	738	1 010	844	1 155
Akrahreppur	828	1 133	947	1 296
Rípurhreppur	267	365	306	419
Viðvíkurhreppur	252	345	288	394
Hólahreppur	437	598	500	684
Hofshreppur	439	601	503	688
Hofsóshreppur	730	999	835	1 143
Fellshreppur	113	155	129	177
Haganeshreppur	211	289	241	330
Holtshreppur	249	341	285	390

Norðurlandskjördæmi vestra árið 1986.
(Í þús. kr.)

Sveitarfélög	Lokatala 1986	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Sauðárkrókur	7 397	8 348	9 186	10 366
Siglufjörður	5 943	6 707	7 380	8 328
Staðarhreppur	400	451	497	561
Fremri-Torfustaðahreppur	298	336	370	418
Ytri-Torfustaðahreppur	818	923	1 016	1 147
Hvammstangahreppur	2 089	2 357	2 595	2 928
Kirkjuhvammshreppur	431	486	535	604
Þverárhreppur	341	385	424	478
Þorkelshólshreppur	583	658	724	817
Áshreppur	378	427	470	530
Sveinsstaðahreppur	338	381	420	474
Torfalækjarhreppur	347	392	431	486
Blönduóshreppur	3 457	3 901	4 293	4 845
Svínavatnshreppur	524	591	651	735
Bólstaðarhlíðarhreppur	440	497	547	617
Engihlíðarhreppur	310	350	385	434
Vindhælishreppur	180	203	223	252
Höfðahreppur	2 161	2 439	2 683	3 028
Skagahreppur	220	248	273	308
Skefilsstaðahreppur	180	203	223	252
Skarðshreppur	350	395	435	491

Sveitarfélög	Lokatala 1986	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Staðarhreppur	431	486	535	603
Seyluhreppur	911	1 028	1 132	1 277
Lýtingsstaðahreppur	859	969	1 066	1 203
Akrahreppur	936	1 056	1 163	1 312
Rípurhreppur	329	371	408	460
Viðvíkurhreppur	291	328	362	409
Hólahreppur	502	567	624	704
Hofshreppur	493	556	612	691
Hofsóshreppur	905	1 021	1 124	1 268
Fellshreppur	130	147	162	183
Haganeshreppur	236	266	293	331
Holtshreppur	298	336	370	418

Sþ. 932. Svar [385. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um tekjutap sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi eystra vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Vegna fyrirspurnarinnar skal upplýst að *árið 1984* var fyrst sett svonefnt þak á tekjur sjóðsins. Það mun hafa átt að vera til bráðabirgða en er enn á fjárlögum þessa árs.

Sama ár var Jöfnunarsjóður látinn taka lán til þess að flýta fyrir uppgjöri Innheimtustofnunar sveitarfélaga á barnsmeðlögum. Í upphafi var lánið jafnvirði 136 millj. kr. Til þess að tryggja endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs á láninu var honum veitt ríkisábyrgð og greiddi sjóðurinn um 2 millj. kr. fyrir hana. Síðar var láninu breytt í fimm ára gengistryggt lán sem var afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Þá var fjárhæðin komin yfir 190 millj. kr. vegna gengishækkunar bandaríkjadals.

Árið 1987 verða afborganir af láninu rúmlega 60 millj. kr. og vextir að fjárhæð um 15 millj. kr.

Tekjur hvers einstaks sveitarfélags eru reiknaðar út eftir íbúafjölda þess en íbúafjöldinn breytist frá ári til árs. Hlutdeild þeirra í skuldinni, sem að framan greinir, deilist á þau öll og dregst frá þeim tekjum sem sjóðnum eru ætlaðar.

Í ár er tap hvers sveitarfélags um 320 kr. á íbúa einungis vegna greiðslu afborgana af láninu eða hjá Reykjavíkurborg um 29,2 millj. kr., Ísafjarðarkaupstað um 1 millj. kr., Fjallahreppi um 7 þús. kr. svo að dæmi séu tekin.

Tekjur af landsútsvörum voru einnig skertar vegna undanþágu olíufélaganna á greiðslu landsútsvars af gasolíu til skipa. Sú skerðing var lögfest á árinu 1985. Vegna olíuverðsbreytinga er ekki hægt að áætla tekjur af landsútsvörum á árinu 1987.

Í 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, segir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli m.a. vera:

a. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 8% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt.
b. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs skv. lögum nr. 6/1974, um tollskrá o.fl.

Útreikningur á lögbundnu framlagi:

a. Útreikningur á lögbundnu framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er miðaður við söluskatt eins og hann er á hverjum tíma (söluskattur, söluskattsauki, orkujöfnunargjald og húsnæðisgjald mynda það sem nefnt er sölugjald). Lögbundna framlagið á árinu 1985 er t.d. fundið þannig: Skv. ríkisreikningi 1985 nam innheimtur söluskattur og söluskattsauki (þ.e. 22,5%) 10 448 921 þús. kr. á árinu 1985. Lögbundna framlagið í ríkissjóð hefði því átt að vera 8% af 10 448 921/22,5x20 eða 743 034 þús. kr.

b. Í þessu tilviki er aðeins flett upp á innheimtum verðtollstekjum í ríkisreikningi og fundin 5% af þeirri fjárhæð.

Lögbundið og raunverulegt framlag af söluskattstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
557 226	743 034	973 590	1 168 000
495 000	635 000	770 000	820 000

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
1 009 506	1 016 906	1 098 708	1 168 000
896 773	869 052	868 954	820 000

Lögbundið og raunverulegt framlag af verðtollstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
128 033	147 500	142 272	151 500
100 000	147 500	142 272	151 500

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
231 953	201 866	160 556	151 500
181 166	201 866	160 556	151 500

Norðurlandskjördæmi eystra árið 1984.
(Í þús. kr.)

Sveitarfélög	Lokatala 1984	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Ólafsfjörður	2 836	5 138	3 042	5 512
Dalvík	3 229	5 850	3 462	6 273
Akureyri	32 301	58 520	34 637	62 752
Húsavík	5 908	10 704	6 335	11 478
Grímseyjarhreppur	251	455	270	490
Svarfaðardalshreppur	672	1 218	721	1 307

Sveitarfélög	Lokatala 1984	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Hríseyjarhreppur	639	1 158	685	1 241
Árskógshreppur	747	1 354	801	1 452
Arnarneshreppur	555	1 006	595	1 078
Skriðuhreppur	306	555	328	595
Öxnadalshreppur	174	316	186	337
Glæsibæjarhreppur	576	1 044	617	1 118
Hrafnagilshreppur	743	1 346	796	1 443
Saurbæjarhreppur	630	1 142	675	1 223
Öngulsstaðahreppur	909	1 647	975	1 767
Svalbarðsstrandarhreppur	752	1 363	806	1 461
Grýtubakkahreppur	1 121	2 031	1 202	2 178
Hálshreppur	515	933	552	1 000
Ljósavatnshreppur	602	1 091	645	1 169
Bárðdælahreppur	395	716	423	767
Skútustaðahreppur	1 337	2 423	1 434	2 598
Reykdælahreppur	820	1 486	879	1 593
Aðaldælahreppur	931	1 687	998	1 808
Reykjahreppur	251	455	270	490
Tjörneshreppur	247	448	265	481
Keldunesshreppur	367	665	393	712
Öxarfjarðarhreppur	315	571	368	613
Fjallahreppur	59	107	63	115
Presthólahreppur	721	1 307	774	1 403
Raufarhafnarhreppur	1 072	1 943	1 149	2 082
Svalbarðshreppur	320	580	343	622
Þórshafnarhreppur	1 086	1 968	1 164	2 109
Sauðaneshreppur	162	294	174	316

Norðurlandskjördæmi eystra árið 1985.
(Í þús. kr.)

Sveitarfélög	Lokatala 1985	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Ólafsfjörður	2 963	4 055	3 390	4 640
Dalvík	3 513	4 808	4 019	5 500
Akureyri	35 237	48 225	40 310	55 168
Húsavík	6 410	8 773	7 332	10 035
Grímseyjarhreppur	270	370	309	423
Svarfaðardalshreppur	748	1 024	856	1 172
Hríseyjarhreppur	673	921	770	1 053
Árskógshreppur	878	1 202	1 000	1 368
Arnarneshreppur	576	788	659	902
Skriðuhreppur	334	457	382	523
Öxnadalshreppur	172	235	197	270
Glæsibæjarhreppur	604	827	691	946
Hrafnagilshreppur	807	1 104	923	1 263

Sveitarfélög	Lokatala 1985	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Saurbæjarhreppur	694	950	794	1 086
Öngulsstaðahreppur	971	1 329	1 111	1 521
Svalbarðsstrandarhreppur	835	1 143	956	1 308
Grýtubakkahreppur	1 164	1 593	1 332	1 823
Hálshreppur	560	766	641	877
Ljósavatnshreppur	681	932	779	1 066
Bárðdælahreppur	411	562	470	643
Skútustaðahreppur	1 516	2 075	1 735	2 375
Reykdælahreppur	866	1 185	991	1 356
Aðaldælahreppur	1 000	1 368	1 144	1 566
Reykjahreppur	265	363	303	415
Tjörneshreppur	267	365	306	419
Kelduneshreppur	396	542	453	620
Öxarfjarðarhreppur	342	468	391	535
Fjallahreppur	64	88	74	101
Presthólahreppur	792	1 084	906	1 240
Raufarhafnarhreppur	1 113	1 523	1 273	1 742
Svalbarðshreppur	378	517	432	591
Þórshafnarhreppur	1 079	1 477	1 235	1 690
Sauðaneshreppur	149	203	171	234

Norðurlandskjördæmi eystra árið 1986.
(Í þús. kr.)

Sveitarfélög	Lokatala 1986	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Ólafsfjörður	3 559	4 016	4 420	4 988
Dalvík	4 154	4 688	5 159	5 822
Akureyri	42 675	48 158	52 999	59 809
Húsavík	7 694	8 683	9 556	10 784
Grímseyjarhreppur	326	368	404	456
Svarfaðardalshreppur	859	969	1 066	1 203
Hríseyjarhreppur	868	980	1 078	1 217
Árskógshreppur	1 073	1 211	1 332	1 503
Arnarneshreppur	722	815	897	1 012
Skriðuhreppur	400	451	497	561
Öxnadalshreppur	208	235	258	291
Glæsibæjarhreppur	744	839	924	1 043
Hrafnagilshreppur	986	1 113	1 224	1 381
Saurbæjarhreppur	828	934	1 028	1 160
Öngulsstaðahreppur	1 231	1 389	1 528	1 724
Svalbarðsstrandarhreppur	1 014	1 144	1 259	1 421
Grýtubakkahreppur	1 370	1 546	1 702	1 921
Hálshreppur	626	706	778	878
Ljósavatnshreppur	837	945	1 040	1 174
Bárðdælahreppur	487	550	604	682

Norðurland eystra	17.3	14.7	16.0	16.0
Austurland	20.3	22.0	17.1	19.8

Reiknað er með að mesta frávik til lækkunar frá þessum tölum sé 2%.

Við skiptingu fjár á milli kjördæma eru reiknitölur hafðar til hliðsjónar og svo var einnig við gerð langtímaáætlunar árið 1983.

Í vegáætlun nú er 2. tímabil langtímaáætlunar tekið til skiptingar. Í töflu er sýnd skipting nú og skipting frá 1983 til samanburðar.

	1983	1987
Suðurland	13.2	13.3
Reykjanes	8.6	7.6
Vesturland	13.6	14.0
Vestfirðir	19.6	18.6
Norðurland vestra	9.7	10.0
Norðurland eystra	17.2	18.2
Austurland	18.1	18.3

Við þær tiltölulega litlu breytingar, sem gerðar eru 1987, voru eftirfarandi atriði einkum höfð í huga:

1. Vestfirðir lækka en Norðurland eystra hækkar vegna millifærslu fjár til Ó-verkefna. Á fyrsta tímabili fór sams konar millifærsla fram milli Vesturlands (lækkun) og Vestfjarða (hækkun).
2. Reykjanes lækkar vegna aðskilnaðar „Stór-Reykjavíkur" frá Reykjanesi. Önnur kjördæmi hækka sem þessu nemur, Vesturland einna mest vegna lágmarksákvæða í skiptireglu.
3. Ný stofnbrautaverkefni, sem koma með fullum þunga inn í reiknitölu, eru ekki látin hafa mikil áhrif á skiptitölu, m.a. vegna þess að þær breytingar hafa ekki áhrif til lækkunar á skiptitölu í þjóðbrautum.
4. Þar sem hér er einungis um eitt tímabil að ræða voru ekki talin efni til mikilla breytinga umfram þær sem leiddi af atriðum hér á undan.

Rétt er að taka fram að nefndin hefur ekki að þessu sinni fremur en áður haft afskipti af því hvernig stofnbrautafé hvers kjördæmis fyrir sig raðast á einstök ár innan áætlunartímabilsins.

Við skiptingu fjármagns til þjóðbrauta er notuð óbreytt aðferð frá gerð síðustu vegáætlunar. Aðferð þessi er hliðstæð þeirri sem notuð er við skiptingu stofnbrautafjár, eini munurinn er að í stað arðsemi er notuð umferð. Áætlað er að þessi aðferð verði endurmetin við endurskoðun vegáætlunar að tveimur árum liðnum.

	K%	Á%	Ar%	Meðaltal
Suðurland	23.8	23.3	29.0	25.4
Reykjanes	4.4	3.8	10.3	6.2
Vesturland	21.2	19.4	20.8	20.4
Vestfirðir	12.8	13.6	4.5	10.3
Norðurland vestra	11.6	14.4	9.7	11.9
Norðurland eystra	13.2	13.0	16.9	14.4
Austurland	13.0	12.5	8.8	11.4
				100.0

Í breytingartillögum nefndarinnar um Ó-vegi er lagt til að á áætlunartímabilinu verði varið 66 millj. kr. til framkvæmda um Óshlíð og er áætlað að það dugi til að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar eru hafnar. Enn fremur er lagt til að varið verði 155 millj. kr. til

jarðgangagerðar um Ólafsfjarðarmúla og er gert ráð fyrir að það verk geti hafist á árinu 1988. Ljóst er að aukið fjármagn mun þurfa á öðru og þriðja framkvæmdaári þessa verkefnis ef verkið á að geta gengið eðlilega.

Í ljósi þeirra yfirlýsinga sem gefnar hafa verið, m.a. í fylgiskjali með nefndaráliti meiri hl. fjárveitinganefndar 18. maí 1981 og við gerð sérstakrar Ó-vegaáætlunar 1982, samþykkti fjárveitinganefnd að birta svofellda yfirlýsingu:

Í því samkomulagi, sem gert var um svokallaða Ó-vegi, var út frá því gengið að fyrst yrði lokið við veginn fyrir Ólafsvíkurenni, síðan við veginn um Óshlíð en í beinu framhaldi yrðu gerð jarðgöng gegnum Ólafsfjarðarmúla. Gert var ráð fyrir sérstakri fjárútvegun í þessu skyni. Samkvæmt vegáætlun verður byrjað á jarðgöngum gegnum Ólafsfjarðarmúla árið 1988. Fjárveitinganefnd lýsir yfir þeim vilja sínum að aflað verði sérstaks framkvæmdafjár til þessa verkefnis til þess að jarðgangagerðin geti haldið áfram viðstöðulaust og með eðlilegum hraða að mati Vegagerðar ríkisins.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á þskj. 937.

Alþingi, 16. mars 1987.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Guðmundur Bjarnason.
Árni Johnsen.	Egill Jónsson.	Friðjón Þórðarson.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Þórarinn Sigurjónsson.

Ed. 947. Frumvarp til laga [427. mál]

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti:

Það sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningum, nú Convention Internationale des Télécommunications, Nairobi 1982, þýðir hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boða eftir leiðslum með rafsegulöldum, radíó- eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum.

Fjarskiptavirki:

Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem mynda kerfi sem sérstaklega eru ætluð til að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Fjarskiptavirki eru m.a.:

1. Talsíma- og fjölsímakerfi.
2. Ritsíma-, loftskeyta- og telex-kerfi.

3. Radíó- og gervitunglakerfi.
4. Gagnaflutningskerfi.
5. Farsímakerfi.
6. Boðkerfi (paging).
7. Breiðbands- og sjónvarpsflutningskerfi.
8. Notendakerfi sem er hvers konar tæki og tækjabúnaður innan húsrýmis eða starfsstöðvar notanda ásamt leiðslum sem m.a. eru lagðar frá þeim hluta fjarskiptavirkis ríkisins sem staðsett er innan húsrýmis notanda.
9. Hljóðvarpsdreifikerfi.
10. Sjónvarpsdreifikerfi.

II. KAFLI

Réttur til reksturs fjarskipta.

2. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að eiga og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskiptavirki til almenningsnota, svo og að halda og gefa út nafnaskrá um þau og notendur þeirra.

Einkaréttur ríkisins nær ekki til notendakerfa.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál, getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilað einstökum innlendum mönnum, félögum eða stofnunum að eiga og reka fjarskiptavirki eða hluta þeirra. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki.

Fjarskipti, sem fara ekki um fjarskiptavirki ríkisins, þegar eingöngu er um að ræða boð eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laga þessara.

3. gr.

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar búnað er tengja á við fjarskiptavirki ríkisins, skal fyrir fram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunar eða annarrar þeirrar ríkisstofnunar, sem ráðherra gefur umboð til að veita slíka viðurkenningu, um að hver og ein tegund eða gerð tegundar búnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur sem gilda þar um.

Þeir sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu fjarskiptavirkja skulu hafa til þess tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að hafa til sölu allan almennan notendabúnað.

Nú er synjað um viðurkenningu á fjarskiptavirki og skal þá fylgja rökstuðningur þar að lútandi og m.a. tilvitnun í þá reglugerð eða þær alþjóðareglur sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu viðurkenningaraðila, sbr. 1. mgr., en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og viðurkenningaraðila.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

4. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki sem ekki eru í notkun eða hluta þeirra eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki rjúfa án heimildar ráðherra.

5. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, loftförum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

III. KAFLI

Skylda til þess að hafa fjarskiptavirki í farartækjum.

6. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum og setur hann nánari reglugerð þar um.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða eru skyldugir til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

IV. KAFLI

Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

7. gr.

Póst- og símamálastofnun annast framkvæmd á einkarétti ríkisins til fjarskipta nema lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Stofnunin hefur eftirlit með því að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum sé fylgt.

8. gr.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að láta framkvæma breytingar og endurbætur á fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast.

9. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin veitir, sbr. lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Ráðherra setur almennar reglur um verðlagningu söluvöru sem stofnunin lætur notendum í té. Stofnunin gefur út verðskrá sem liggur frammi á öllum afgreiðslustöðum stofnunarinnar.

Ráðherra setur að öðru leyti í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur.

V. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

10. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa Póst- og símamálastofnuninni að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn mannvirkja um hvar leiðslur, sem snerta eign þeirra, séu lagðar

eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Menn, sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar þurfa að fara um lendur eða híbýli vegna starfa sinna, skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

11. gr.

Þar sem fjarskiptavirki ríkisins eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samkomulag fengist við Póst- og símamálastofnunina um tilhögun framkvæmda. Þeir sem ákveða slíkar framkvæmdir og þeir sem annast þær bera allan beinan kostnað sem af þeim leiðir, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa óvænt eða af gáleysi valdið skemmdum á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá er þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það Póst- og símamálastofnuninni og jafnframt greiða allan beinan kostnað sem af því leiðir, nema annað verði að samkomulagi.

Hafi einhver umráð yfir einhvers konar mannvirkjum, tækjum, pípum, raflögnum, leiðslum og því um líku sem valdið geta truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir baga þann sem af þessu hlýst eða getur hlotist á fjarskiptavirkjum.

12. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufli verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

13. gr.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðarskýrslu um tjónið í fyrstu höfn sem því verður við komið.

Formaður dóms, er við sjóferðarskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

14. gr.

Ef afla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins og samningum um kaup verður ekki við komið má, að fengnu samþykki ráðherra, taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi sem metið sé eftir eignarnámslögum. Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum sem hlotist hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við skulu bæturnar metnar samkvæmt lögum.

VI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

15. gr.

Allir starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni fjarskipta sem fara um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að þau hafi farið fram og hverjir hafi fengið þau og sent.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl sem almenningi er ekki ætlað að sjá eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

16. gr.

Enginn starfsmaður fjarskiptavirkja ríkisins má ónýta eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin eða liðsinna öðrum í þess konar athæfi.

17. gr.

Í leyfisbréfum, er Póst- og símamálastofnunin gefur út skv. 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 15. og 16. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

18. gr.

Sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI

Stöðvun fjarskipta.

19. gr.

Ríkisstjórnin getur stöðvað skeyti, símtöl eða önnur fjarskipti sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða brjóta í bága við lög landsins og almennt velsæmi.

VIII. KAFLI

Fjarskiptavirki á hættutímum.

20. gr.

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins getur ríkisstjórnin fyrirskipað að engir aðrir en þeir sem heimild hafa til þess frá Póst- og símamálastofnuninni megi eiga eða hafa í vörslum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti sem eru sérstaklega ætlaðir í þau og ekki heldur aðrar tilteknar tegundir tækja sem nota má til þess að koma á fjarskiptum.

21. gr.

Nú á maður eða hefur í vörslum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki sem nefnd eru í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar skv. 20. gr. og skal hann þá þegar í stað tilkynna Póst- og símamálastofnuninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því sem hún mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati dómkvaddra manna.

IX. KAFLI

Milliríkjasamningar.

22. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir og Alþingi staðfestir, skulu ásamt þar að lútandi reglugerðum gilda sem lög.

X. KAFLI

Viðurlög við brotum á lögum þessum.

23. gr.

1. Brot gegn 2.–6. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. varðar sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum varðar það sektum, nema verki sé svo farið að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá sem skemmdum eða truflun hefur valdið skal bæta allt tjón sem af því hefur hlotist.
3. Brot gegn 15. gr., sbr. og 17. gr., varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerst, úr starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar sem í 3. gr. getur, sbr. 17. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar ef ráðherra krefst þess.

   Hafi brot gegn 15. gr., sbr. 17. gr., verið framið af gáleysi varðar það sektum.
4. Brot gegn 16. gr., sbr. 17. gr., varðar refsingu skv. 137. gr. almennra hegningarlaga sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. tölul. hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerst, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi varðar það sektum.
5. Brot gegn 18. gr. varðar sektum skv. 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.
6. Brot gegn 20. og 21. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varðar varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Brot gegn 22. gr. varðar sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru.
8. Þann sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.
9. Ákveða má í reglugerðum sem settar verða samkvæmt lögum þessum að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögunum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 73 28. maí 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 27. maí 1986, skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra nefnd til að endurskoða lög um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, „í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd þeirra og þeirra öru breytinga sem átt hafa sér stað á sviði fjarskipta".

Í nefndinni áttu sæti Jón A. Skúlason, fyrrverandi póst- og símamálastjóri, sem jafnframt var formaður hennar, Helgi Pétursson blaðafulltrúi, Jón Birgir Jónsson yfirverkfræðingur, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Leifur Magnússon framkvæmdastjóri. Starfsmaður nefndarinnar var Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er lögð áhersla á nokkur atriði, m.a. að mörkuð verði stefna varðandi útvarpssendistöðvar og lagningu strengja fyrir útvarpsdreifingu, að endurskoðuð verði skilgreining 1. gr. á notendabúnaði einkum með tilliti til þráðlauss búnaðar og hugsanlegrar staðsetningar hluta hins opinbera fjarskiptakerfis í húskynnum notenda, að skilgreint yrði orðasambandið „í atvinnuskyni", að tekin yrði afstaða til heimildar á innflutningi annars fjarskiptabúnaðar en notendabúnaðar, sbr. 2. mgr. 2. gr., að kannað yrði hvort rétt sé að skylda Póst- og símamálastofnun til að hafa til sölu notendabúnað og hvort rétt sé að veita fleiri aðilum heimild til viðurkenningar á notendabúnaði. Enn fremur óskaði ráðuneytið álits á því hvort breyta skuli ákvæðum 3. mgr. 9. gr. um undanþágu ellii- og örorkulífeyrisþega frá greiðslu afnotagjalda fyrir síma.

Nefndin hóf störf í lok ágúst á síðasta ári og hélt alls 25 fundi. Hún lauk formlega störfum í fyrstu viku marsmánaðar á þessu ári og sendi samgönguráðherra í frumvarpsformi tillögur sínar um breytingar á gildandi fjarskiptalögum með bréfi dags. 3. mars 1987.

Í upphafi kynnti nefndin sér frumvarp til fjarskiptalaga sem lagt var fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi veturinn 1983–1984 og umsagnir um það. Jafnframt var farið yfir þær reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í lögunum.

Nefndin boðaði á sinn fund Ólaf Tómasson, póst- og símamálastjóra, Þorvarð Jónsson, framkvæmdastjóra tæknideildar Póst- og símamálastofnunar, og Harald Sigurðsson, yfirverkfræðing radíódeildar sömu stofnunar, og veittu þeir nefndinni fróðlegar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar og þróun fjarskiptamála hér á landi síðustu áratugina. Komu þessar upplýsingar nefndinni að verulegu gagni.

Til þess að vekja athygli almennings á starfi nefndarinnar óskaði hún eftir því við samgönguráðuneytið að birt yrði auglýsing í öllum dagblöðum þar sem þeim aðiljum, sem kynnu að vilja koma á framfæri skriflegum athugasemdum eða breytingartillögum varðandi endurskoðun laganna, var gefinn kostur á að senda þær til ráðuneytisins fyrir tilsettan tíma. Tvö erindi bárust, annað frá Rafeind hf. dags. 26. nóv. s.l., en hitt frá Verslunarráði Íslands, og er það dagsett 5. jan. á þessu ári.

Í bréfi Rafeindar hf. er sú tillaga gerð að „æskilegt væri að fella niður einkarétt ríkisins á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti svo og einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra".

Í erindi Verslunarráðs Íslands eru settar fram eftirfarandi megintillögur:

„1. Prófun á neytendabúnaði verði falin merkjafræðistofnun Háskóla Íslands. Iðntæknistofnun Íslands kæmi einnig til greina. Prófanir viðurkenndra erlendra stofnana verði teknar gildar.

2. Verslun Pósts og síma með notendabúnað verði lögð niður. Staða Póst- og símamálastofnunar gagnvart neytendum verði hliðstæð stöðu rafveitu, vatnsveitu og hitaveitu gagnvart notendum, þ.e. síminn annist lögn inn fyrir húsvegg og tengingu við fjarskiptakerfi. Hvernig framhaldið verður sé notandans að ákveða.

3. Einkaréttur til reksturs fjarskipta og til fjarskiptaþjónustu verði takmarkaður, þannig að einkaaðilum gefist kostur á samkeppni í fjarskiptarekstri í atvinnuskyni."

Að ósk Verslunarráðsins var síðan haldinn fundur í nefndinni 16. jan. 1987 þar sem tillögur þess voru sérstaklega ræddar. Af hálfu ráðsins voru mættir Bjarni Ágústsson, Grímur Laxdal, Paul Hansen og Sigvaldi Þorsteinsson. Til fundarins voru einnig boðaðir fulltrúar Póst- og símamálastofnunar þeir Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri, Guðmundur Björnsson, aðstoðarpóst- og símamálastjóri, og Þorvarður Jónsson, framkvæmdastjóri tæknideildar stofnunarinnar.

Með fyrstu tillögu sinni vildi Verslunarráðið að komið yrði í veg fyrir hugsanlegan ágreining milli seljenda notendabúnaðar og stofnunarinnar þar sem milli þeirra gæti oft verið samkeppni um sölu á sams konar fjarskiptabúnaði. Af hálfu stofnunarinnar var því svarað að vel kæmi til álita að komið yrði á öðru fyrirkomulagi á gæðaprófunum. Það sem skipti mestu máli frá sjónarhóli stofnunarinnar væri að tækin uppfylltu á hverjum tíma þær kröfur sem stofnunin setti um gæði og að eftirlitið væri áfram hjá stofnuninni til að komið yrði í veg fyrir truflanir og skemmdir á hinu opinbera fjarskiptakerfi.

Um aðra tillögu ráðsins sagði póst- og símamálastjóri að ákveðið hefði verið að skilja enn frekar en nú er á milli söludeildar og prófunardeildar stofnunarinnar. Varðandi samlíkinguna við vatnsveitu og rafmagnsveitu sagði hann að það væri alls ekki hægt að líkja símabúnaði á enda fjarskiptakerfis við rofa á rafmagnskerfi eða krana á vatnsveitu, sjá fskj. 1.

Enn fremur hefur stofnunin upplýst að meintur ágreiningur hafi fljótlega dvínað eftir því sem innflytjendur kynntu sér betur þær reglur og fyrirmæli sem samgönguráðuneytið setti stofnuninni og síðar er nánar áréttað í reglugerð nr. 322/1985. Allar prófanir ganga auðveldlega og að því er virðist án árekstra. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ekki hefur enn komið til málskots eins og lögin veita heimild til.

Þar að auki má fullyrða að samkeppnisaðstaða stofnunarinnar er ekkert öðruvísi en milli innflytjenda almennt. Auglýsingaflóð framleiðslufyrirtækja á þessu sviði er svo gífurlegt að þar eru allir innflytjendur jafn vel settir að fylgjast með því hvað er nýjast og best á boðstólum hverju sinni. Í þessum efnum er það menntun og hæfni starfsmanna fyrirtækjanna sem ræður úrslitum.

Athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.

Frumvarpinu er skipt í 10 kafla og 24 greinar. Fyrsti kafli er um orðskýringar og gerir nefndin á honum grundvallarbreytingar sem nánar verður getið um síðar. Annar kafli fjallar um rétt til reksturs fjarskipta. Nefndin leggur til að veigamikil breyting verði gerð á þessum kafla. Enda þótt talið sé rétt að ríkið hafi eftirleiðis sem hingað til einkarétt á að eiga og reka á Íslandi og í íslenskri land- og lofthelgi hvers konar fjarskiptavirki til almenningsnota leggur nefndin til að ráðherra fjarskiptamála fái mjög rúma heimild til að veita einstökum innlendum mönnum, félögum eða stofnunum undanþágu frá þessum einkarétti. Enn fremur er það skoðun nefndarinnar að gefa eigi ráðherra kost á því að veita öðrum aðila en Póst- og símamálastofnun umboð til að viðurkenna fjarskiptabúnað til tengingar við fjarskiptavirki ríkisins. Er með þessu komið til móts við óskir samtaka eins og Verslunarráðs Íslands.

Þriðji kafli fjallar um skyldu til þess að hafa fjarskiptabúnað í farartækjum og er hann óbreyttur frá gildandi lögum. Yfirskrift fjórða kafla er stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála. Nefndin leggur til að tvær breytingar verði gerðar á þessum kafla. Í fyrsta lagi að tekið verði upp ákvæði um að ráðherra setji almennar reglur um verðlagningu söluvöru sem

stofnunin lætur notendum í té og ákvæði um að stofnunin gefi út verðskrá sem liggi frammi á öllum afgreiðslustöðum hennar. Í öðru lagi gerir nefndin það að tillögu sinni að ákvæðið um heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að fella niður afnotagjöld af símum elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, falli niður. Það er álit nefndarinnar að það samrýmist ekki hlutverki og rekstri fjarskiptastofnunar að veita einstökum þjóðfélagsþegnum styrki eða greiða niður framfærslukostnað þeirra. Enn fremur er það að mati nefndarinnar mjög óeðlilegt að hinn almenni símnotandi beri kostnað af slíkum niðurgreiðslum. Nær væri að allir skattþegar landsins beri þennan kostnað og að hann yrði greiddur í gegnum almannatryggingakerfið.

Fimmti kafli fjallar um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja og eru ekki gerðar á honum neinar efnisbreytingar. Sama er að segja um sjötta til og með tíunda kafla frumvarpsins að nefndin taldi ekki ástæðu til verulegra efnisbreytinga. Ef um minni háttar breytingar er að ræða, svo og orðalagsbreytingar, er þeirra getið hér á eftir þegar fjallað er um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru orðskýringar samkvæmt því sem er í gildandi lögum. Hér er gefin frekari skýring á orðinu „fjarskiptavirki“ og bent á að undir það heyri m.a. tíu tilgreind kerfi. Enn fremur má benda á að kerfin, sem tilgreind eru undir lið 1 til og með lið 5, gætu á komandi árum runnið saman í svokallað fjölnotakerfi.

Undir lið 8 um notendakerfi er skýrt tekið fram að lagnir notanda tengjast við þann hluta fjarskiptavirkis ríkisins sem staðsett er innan húsrýmis viðkomandi notanda. Hér er átt við „húskassa“, „fjölsímaendabúnað“ eða „notendastig í sjálfvirkri símstöð“ og fer eftir því hvað hentugast telst og árangursríkast frá hagræðingarsjónarmiði.

Fjarskiptavirki, sem eingöngu er ætlað til viðtöku á útvarpsefni (hljóðvarps og sjónvarps) og eingöngu til eigin nota eiganda fjarskiptavirkisins, fellur að mati nefndarinnar sem slíkt undir skilgreiningu frumvarpsins á notendakerfi. Að sjálfsögðu skal sams konar leyndarskylda vera um þetta, eins og segir í VI. kafla laganna, um það efni sem er ætlað almenningi.

Síðasta málsgrein núgildandi laga er ekki talin eiga samleið með orðskýringum og er því flutt undir 2. gr. í þessu frumvarpi og verður 3. mgr. þar.

Um 2. gr.

Grein þessi er tilsvarandi 1. og 2. mgr. 2. gr. núgildandi fjarskiptalaga og 2. mgr. í 3. gr. sömu laga. Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði, eru sem hér segir:

Í 1. mgr. er í stað „stofna til“ tekið inn orðið „eiga“, í stað „fjarskipti“ eru sett inn orðin „fjarskiptavirki til almenningsnota“ og þar að auki eru gerðar aðrar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Í 3. mgr. felst meginbreytingin á núgildandi lögum og sú afdrifaríkasta. Nefndin leggur til að fellt verði niður skilyrðið „þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík“.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að á 106. löggjafarþingi 1983–1984, þegar frumvarp til núgildandi laga var til umfjöllunar, var við afgreiðslu þess tekið inn þetta skilyrta ákvæði. Nefndin taldi að það bæri að gefa ráðherra miklu meira frjálsræði og svigrúm til að koma til móts við aukna samkeppni á sviði fjarskipta, jafnt sem á öðrum sviðum samskipta. Hér er í

fyrsta sinn farið inn á nýja braut sem er mjög vandrötuð og viðkvæm gagnvart gjaldtöku og þeim grundvelli sem gjaldskrá og reglur fyrir símaþjónustu eru byggðar á.

Þegar í lögum þessum er talað um innlenda aðila er höfð í huga skilgreining í 7. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, með síðari breytingum.

Um 3. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 3. gr. núgildandi fjarskiptalaga um einkarétt ríkisins til „að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra“ verði felld niður.

Eins og áður sagði er lagt til að 2. mgr 3. gr. núgildandi laga verði 2. mgr. 2. gr. í þessu frumvarpi.

Samkvæmt þessu hefst 3. gr. frumvarpsins á 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Í hana er tekið inn það nýmæli að ráðherra er veitt heimild til að fela annarri ríkisstofnun en Póst- og símamálastofnun umboð til að viðurkenna fjarskiptabúnað. Þrátt fyrir þetta ákvæði verður stofnunin að viðhalda og halda áfram prófunum að því er varðar skilyrði fyrir eðlilegum og tæknilega réttum rekstri símakerfanna.

Annað nýmæli er það að lagt er til að innflytjandi eða framleiðandi fjarskiptabúnaðar sé ekki lengur skyldaður til þess að hafa varahluti eða viðhaldsþjónustu fyrir þann búnað sem hann flytur inn eða smíðar.

Í 3. mgr. er aflétt þeirri skyldu, sem Póst- og símamálastofnun er lögð á herðar með gildandi lögum, að hafa ætíð til sölu allan almennan notendabúnað en samkvæmt frumvarpinu er henni það eftir sem áður heimilt.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. gildandi laga; þó er sú orðalagsbreyting gerð að í stað orðsins „flugvélum“ er sett „loftförum“ sem er viðurkennt samheiti fyrir flugvélar, þyrlur, svifflugur o.fl.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum. Hér er eins og áður ákvæði um að Póst- og símamálastofnun hafi eftirlit með fjarskiptum þeirra aðila sem með sérstökum lögum annast fjarskipti á tilteknum sviðum. Hin svonefndu „kapalkerfi“ falla undir þessa grein fjarskiptalaganna að því er varðar tæknilega eiginleika þegar öllum ákvæðum útvarpslaga hefur að öðru leyti verið framfylgt, m.a. heimildum útvarpsréttarnefndar.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða samsvarandi mgr. 9. gr. gildandi laga með þeirri breytingu þó að lagt er til að skotið verði inn tilvísun í lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Nýmæli er í 2. mgr. Þar segir að ráðherra skuli setja almennar reglur um verðlagningu þeirrar söluvöru sem Póst- og símamálastofnunin lætur notendum í té og að hún skuli gefa út

verðskrá sem liggja skal frammi á öllum afgreiðslustöðum hennar. Með þessu ákvæði er komið til móts við þá aðila sem gagnrýnt hafa stofnunina fyrir að hafa ekki birt almenningi verð á söluvöru sinni á aðgengilegan hátt.

Þriðja málsgrein er samhljóða 2. mgr. 9. gr. gildandi laga með smávægilegri orðalagsbreytingu. Lagt er til að 3. mgr. 9. gr. gildandi laga verði felld brott. Varðandi rökstuðning fyrir því vísast til greinargerðar hér að framan þar sem rætt er um efnisatriði einstakra kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða samsvarandi grein í gildandi fjarskiptalögum, en gerðar eru á henni nokkrar orðalagsbreytingar til þess að gera ákvæði hennar skýrari að fenginni reynslu af framkvæmd hennar.

Um 12.–14. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga. Eina breytingin, sem lagt er til að gerð verði, er að fyrri hluti greinarinnar er umskrifaður og styttur nokkuð og með því gerður skýrari.

Um 16.–22. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 23. gr.

Grein þessi hefur að geyma viðurlagaákvæði laganna við brotum á þeim. Ekki er lagt til að efnislegar breytingar verði gerðar á þeim, að undanskildu því að lagt er til að ákvæðið í niðurlagi 2. málsl. varðandi bætur fyrir viðskiptatap verði fellt brott.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.


Í umræðu manna um símamál eða fjarskiptamál virðist vera útbreiddur sá misskilningur að „staða Póst- og símamálastofnunar gagnvart neytendum verði hliðstæð stöðu rafveitu, vatnsveitu og hitaveitu . . .“ eins og framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands m.a. setur fram í bréfi dags. 5. jan. til samgönguráðuneytisins. Sé málið skoðað örlítið nánar er augljóst að hér getur ekki verið um að ræða hliðstæður nema að hluta til. Gagnvart rafveitu og


vatnsveitu er notandinn neytandi en símnotandinn er bæði neytandi og veitandi ef svo má segja þar eð um gagnkvæm tjáskipti er að ræða í þeim efnum. Símnotandi verður að hafa handa á milli símtæki eða fjarskiptatækni eftir því sem við á sem gerir honum kleift að velja númer viðmælanda hverju sinni og taka við og senda tal, tóna og hvers konar boð svo að fullnægjandi sé og að gagni komi. Hið almenna símanet (talsíma-, telex- og farsímanet) og hið almenna gagnanet mynda í sameiningu fjarskiptanet ríkisins sem í höfuðdráttum er tvískipt með vissum hætti. Í höfuðdráttum er fjarskiptakerfið tvískipt. Annars vegar eru langlínusambönd ríkisins og skiptistöðvar og hins vegar notendalínur með notendabúnaði.

Notendabúnaðurinn eða símtækið með öllu tilheyrandi er því allólíkur vatnskrana eða rafrofa, sbr. tilvitnun hér að framan. Í þessu sambandi skal bent á til enn frekari fróðleiks nokkur höfuðskilyrði sem notendabúnaður verður að uppfylla til þess að fjarskipti geti farið fram viðstöðulaust og eins og til er ætlast.

1. Sendistyrkur símtækis skal vera innan settra marka.
2. Tónvalssending símatækis skal þannig háttað að hverjum tölu- eða merkjahnappi tækisins tilheyra tveir tónar með tveimur ákveðnum tíðnum þar sem hvor tíðnin um sig hefur ákveðinn styrk og styrkmunur þeirra skal auk þess vera ákveðinn. Þannig hefur hver valhnappur sitt ákveðna tónkerfi eins og ljóst er hér að framan til þess að tryggja rétt númeraval samkvæmt alþjóðastaðli.
3. Símtækið skal hafa ákveðið næmi gagnvart 25 riða hringispennu.
4. Tíðnisvið símtækis skal uppfylla tiltekin lágmarksskilyrði að því er varðar jafngildi allra tóna innan sviðs talaðs máls (300–3400 rið) fyrir sendingu og móttöku.
5. Rafstraumsviðnám símtækis skal ekki fara yfir 600 ohm þegar lyft er af og skal að auki vera yfir 500 kohm þegar lagt er á.
6. Endurkastsdeyfing skal vera innan tiltekinna marka.
7. Símtækið skal vera hæft til þess að taka við orku frá 48 volta rafhlöðu símstöðvar gegnum 2x400 ohma spólur og notendalínu.
8. Símtækið skal ekki valda truflun inn á tal- og hlustrásir.
9. Gagnaflutningstækin skulu uppfylla tilsettar lágmarkskröfur samkvæmt eðli málsins í hverju tilviki og m.a. fylgja settum alþjóðastöðlum.
10. Notendalína skal vera hæf til gagnaflutnings og hvers konar boða að hámarkshraða 19200 bitar/sek., ef því er að skipta, á styttri leiðum innan bæjar, en á lengri leiðum er hraði viðskipta 9600 bitar/sek. gagnvart gagnaflutningi.

X-25 net


GAGNA-
BANKAR
Til annarra
landa
DANMÖRK
Datapak
2382
BRETLAND
PSS 2342
IPSS 2341
TÖLVU-
POSTHÓLFA
FYRIRTÆKI*
GAGNA-
BANKAR
1
2
16
FP
ALMENNA
GAGNANETIÐ
2740
TÖLVA


Einka
símakerfi
ALMENNA
TALSÍMANETIÐ
Einka
símstöð
ÚTLANDA
SÍMSTÖÐ
Modem
New York
Montreal
London
Oslo
Frankfurt
Rotterdam
Madrid
Kaupmannahöfn
Stokkhólmur

Nd. 948. Frumvarp til laga [249. mál]

um listmunauppboð o.fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. mars.)

1. gr.

Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.

Uppboðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppboðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafnaðarlega og teljast hæfur til uppboðshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

3. gr.

Sölugjald skal ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins.

4. gr.

Leyfishafar eða uppboðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppboði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

5. gr.

Leyfishafar skulu kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppboðs.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Þegar uppboð er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.

6. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Í reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. 7. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
b. lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
c. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Nd. 949. Frumvarp til laga [209. mál]

um sjómannadag.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. mars.)

Samhljóða þskj. 662 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur sjómanna með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir.

Sjómannadagurinn skal vera almennur fánadagur.

Nd. 950. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. mars.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina RTÁ.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.

Ed. 951. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið á sinn fund Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu, og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóra.

Breytingartillögur þær, sem nefndin flytur, varða einungis að litlu leyti efnisatriði frumvarpsins og eru fyrst og fremst gerðar til að auðvelda framkvæmd þess eftirlits sem frumvarpið fjallar um.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. mars 1987.

Egill Jónsson, form.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Valdimar Indriðason, frsm.
Skúli Alexandersson.	Jón Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.

Árni Johnsen.

Ed. 952. Breytingartillögur [405. mál]

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 7. gr. Síðari mgr. orðist svo:
   Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart. Skal hann þegar hafa samband við viðkomandi umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar.
2. Við 15. gr. Í stað „skipstjóra eða útgerðarmanni“ í 2. mgr. komi: skipstjóra og útgerðarmanni.
3. Við 17. gr. Orðin „samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð“ í F-lið falli brott.
4. Við 29. gr. Orðin „og annar þeirra á dísilskipi“ í 2. tölul. 3. mgr. falli brott.

Nd. 953. Breytingartillaga [249. mál]

við frv. til l. um listmunauppboð o.fl.

Frá Svavari Gestssyni og Halldóri Blöndal.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna.

Nd. 954. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Páli Péturssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 2. mgr. 114. gr. bætist:
a. Náttúruverndarráð,
b. landlæknir.

Nd. 955. Breytingartillaga [197. mál]

við frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá Karvel Pálmasyni.

Við 22. gr. bætist: Þó skulu ákvæði 2.–7. gr. um val á sóknarpresti og köllun ekki koma til framkvæmda fyrr en þau hafa hlotið samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Nd. 956. Breytingartillaga [197. mál]

við frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá Svavari Gestssyni og Pétri Sigurðssyni.

Við 5. gr. Í stað „25“ í l. málsl. komi: 10.

Nd. 957. Frumvarp til laga [340. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. mars.)

Samhljóða þskj. 594 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Launamaður samkvæmt lögum þessum telst:
1. Maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur sá sem nýtur eftirlauna eða lífeyris.
2. Maður sem skal reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Enn fremur maki hans eða barn inni þau af hendi starf fyrir hann við atvinnureksturinn eða starfsemina.
3. Maður sem fær greiddar tryggingabætur, styrki og hvers konar skaðabætur og vátryggingabætur.
4. Maður sem nýtur greiðslna samkvæmt höfundarétti.
5. Maður sem nýtur verðlauna eða heiðurslauna eða hlýtur skattskyldan vinning í happdrætti, veðmáli eða keppni.
6. Aðili sem ber takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og nýtur tekna sem um getur í 6. tölul. 5. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið ber launagreiðanda hans að bæta við laun launamannsins skattskyldum hlunnindum eftir mati ríkisskattstjóra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu hans vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og greidd inn á reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal við ákvörðun staðgreiðslu ekki tekið tillit til persónuafsláttar, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

17. gr. hljóðar svo:

Ef launamaður nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluári ber launagreiðanda að halda eftir af launum, sbr. 5. gr., fjárhæð sem ákveðst tiltekinn hundraðshluti launa, sbr. 65. gr. og 2. mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 2. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, án þess að frá dragist persónuafsláttur, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

20. gr. hljóðar svo:

Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabilum næst liðins mánaðar samkvæmt ákvæðum 15.–17. gr.

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga. Með greiðslu skal fylgja skilagrein í tvíriti frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði. Heimilt er þó launagreiðanda að senda skilagrein beint til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hverrar greiðslu.

Gjalddagi greiðslu skv. 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi skv. 28. gr.

Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram á skilagreinum og greiðsluskjölum og ákveður gerð þeirra.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 2. mgr. að höfðu samráði við félagsmálaráðherra.

Ríkissjóður skal greiða sveitarfélögum þann hluta persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu útsvars vegna hvers launamanns á staðgreiðsluári, sbr. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 15. gr. laga þessara, eigi síðar en fyrir lok næsta mánaðar eftir eindaga staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 3. mgr.

29. gr. hljóðar svo:

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skulu innheimtumenn ríkissjóðs innheimta eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í því umdæmi þar sem skuldari þeirra er heimilisfastur.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og álag skv. 28. gr. skal vera forgangskrafa í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda, sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá því er honum barst tilkynning frá skattyfirvaldi um vanskil og álag, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda fé, er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla, til innleggs á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga hjá innlánsstofnunum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 20. gr., innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagrein um innheimtu skal senda innan sömu tímamarka til skattstjóra.

32. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslu opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum.

Sveitarfélög skulu greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd þeirra.

Ed. 958. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, StB, JK, RA, EgJ, VI).

1. Við 6. gr. 13. tölul. orðist svo:
   Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.
   Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.
2. Við 27. gr. 2. og 3. tölul. orðist svo:
   2. Akranestollumdæmi sem tekur yfir Akranes.
   3. Mýra- og Borgarfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
3. Við 96. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ákvæði V. kafla, um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir, og VII. kafla, um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru, gilda um frísvæði eftir því sem við getur átt, m.a. um meðferð og flutning vara milli frísvæðis og annarra staða tollsvæðisins.
4. Við 103. gr.
   a. Á eftir orðinu „tollvörugeymslu“ í 1. og 2. mgr. komi: eða fluttar á frísvæði.
   b. Við 2. mgr. bætast orðin: og 96. gr.

Sþ. 959. Tillaga til þingsályktunar [428. mál]

um undirbúning lífeyrissjóðsréttinda þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson,
Salome Þorkelsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna með hvaða hætti sé unnt að koma á lífeyrisréttindum þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi fyrir 1. febrúar 1988.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa farið fram miklar umræður um lífeyrissjóðsmál landsmanna, bæði innan þings og utan. Ljóst er að lífeyrisréttindi einstakra stétta og starfshópa eru um margt mismunandi og fer það bæði eftir aldri og reglum lífeyrissjóðanna og því hvenær verðtryggingarákvæði voru upp tekin.

D. Björgunar- og öryggisbúnaður.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum sem komið skal fyrir á hentugum stöðum.
2. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips eða búnaðar, skulu vera í því horfi að menn, sem dvelja á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.
3. Farþegaskip skal auk þess vera þannig búið að því er snertir öryggi mannslífa að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra sem það er notað til.

E. Vistarverur og vinnurými.

1. Vistarverur farþega og skipverja, vinnurými skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð, um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hávaðamörk, hreinlætistæki og viðhald, svo og önnur atriði sem stuðlað geta að vinnuvernd.
2. Í reglugerð, sem sett er af ráðherra að fengnu áliti landlæknis, skal kveða á um búnað skips af lyfjum og hjúkrunargögnum.

F. Fjarskiptatæki.

Öll skip skulu búin fullnægjandi fjarskiptabúnaði.

Búnaður þessi er háður eftirliti Póst- og símamálastofnunar. Að lokinni skoðun búnaðarins tilkynnir Póst- og símamálastofnun Siglingamálastofnun ríkisins árangur skoðunar á honum og annað varðandi hann sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.

Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók sem í eru skráð vottorð þeirra, sem skoðun hafa annast, um

framkvæmd skoðunar ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið sem krafist kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt sem siglingamálastjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á farþegaskipi skal vera auglýst á áberandi stað til hvers konar flutninga skip sé ætlað og hámark farþegafjölda.

29. gr. hljóðar svo:

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Dómsmálaráðherra skipar tólf meðdómendur og sex varameðdómendur alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn eða loftskeytamenn síðast liðin fimm ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra sem tilnefndir hafa verið og annar sjómannanna (sbr. 3. tölul.).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda og gildir sú kvaðning þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

Ed. 969. Frumvarp til umferðarlaga. [119. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. mars.)

Samhljóða þskj. 942 með þessum breytingum:

32. gr. hljóðar svo:

Við akstur bifreiðar og bifhjóls skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.

Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái

ökutækið. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Nota skal háan ljósgeisla þegar sjónsvið ökumanns nægir annars ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Þokuljós má einungis nota í þoku eða þéttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

41. gr. hljóðar svo:

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klofvega.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Fullnaðarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara án sérstakrar tímatakmörkunar, skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Ákvæði þetta gildir ekki um ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt fyrir gildistöku laga þessara má veita ökuréttindi að nýju þegar svipting hefur staðið í þrjú ár enda hafi hann eigi áður fengið slíkt leyfi.

Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1991.

Ed. 970. Frumvarp til laga [249. mál]

um listmunauppboð o.fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. mars.)

Samhljóða þskj. 948 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Sölugjald skal ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna.

Nd. 971. Frumvarp til laga [431. mál]

um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum þessara laga.

2. gr.

Lög þessi rýra ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

3. gr.

Orlof skal vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu fimm laugardagar í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4. gr.

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaga að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um ¼ ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekanda.

Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

5. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja launþegans skal atvinnurekandi tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

6. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma sem vinnuveitandi ákveður skv. 5. gr. skal hann sanna forföll sín með læknisvottorði. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma á hann rétt á að fá orlofslaun sín greidd ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

7. gr.

Launþegi á rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári.

Orlofslaun reiknast við hverja launagreiðslu þannig að af heildarlaunum reiknast orlofslaunahlutfall viðkomandi starfsmanns að lágmarki 10,17% miðað við lágmarksorlof skv. 3. gr. Reiknuð orlofslaun fyrir hvert launatímabil skulu kauptryggð þannig að deilt skal í fjárhæð áunninna orlofslauna með dagvinnukaupi starfsmannsins. Orlofslaun fyrir hvert launatímabil reiknast samkvæmt þessu í dagvinnutímum og skulu þau skráð sérstaklega á launaseðil við hverja launagreiðslu, bæði samtala áunninna orlofslauna frá upphafi orlofsárs og orlofslaun vegna þess greiðslutímabils.

Launþega skulu greidd áunnin orlofslaun samkvæmt framanskráðu næsta virkan dag fyrir töku orlofs og greiðast þau miðað við dagvinnutímakaup starfsmannsins eins og það er fyrsta dag orlofsins.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er heimilt að greiða mánaðarkaupsmönnum orlofslaun á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram, enda sé meiri hluti þeirra því samþykkur. Þá er stéttarfélögum einnig heimilt að semja um þá framkvæmd að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega hjá banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, geri upp áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, til launþega við upphaf orlofstöku. Skylt er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak af slíkum samningi og tilkynna um slit hans.

Orlofslaun reiknast ekki af orlofslaunum.

8. gr.

Ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans samkvæmt reglunni í 2. mgr. 7. gr.

9. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri á meðan á orlofi stendur vegna þess að starfsfólki er veitt orlof samtímis og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki karfist launa eða orlofslauna fyrir þá daga sem á vantar.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofslauna launþega sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

11. gr.

Standi launagreiðandi ekki í skilum með útborgun orlofslauna skv. 7. gr. eða 8. gr. vegna greiðsluerfiðleika, án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur launþegi eða hlutaðeigandi verkalýðsfélag í umboði hans snúið sér til félagsmálaráðuneytisins með orlofslaunakröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Ráðuneytið skal þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna, en beri það ekki árangur skal ráðuneytið innleysa kröfuna frá launþeganum. Skal það gert innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans á hendur ráðuneytinu var sett fram.

Á innleysta orlofskröfu ríkissjóðs falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan mánaðarlegir dráttarvextir, jafnháir þeim sem Seðlabanki Íslands ákveður, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Kröfur ríkissjóðs vegna innleystrar orlofslaunakröfu má taka lögtaki, sbr. l. nr. 29 16. desember 1885. Krafan nýtur sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabú vinnuveitandans.

12. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum meðan hann er í orlofi og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Framsal orlofslauna og flutningur þeirra á milli orlofsára er óheimilt.

14. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. október 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1988. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 87/1971, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um hvernig uppgjör áunnins orlofsfjár fram til 30. apríl 1988 skv. lögum nr. 87/1971, með áorðnum breytingum, og reglugerð nr. 150/1972, með áorðnum breytingum, skuli háttað. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 11. mars 1983 til þess að endurskoða gildandi reglugerð um orlof nr. 150/1972 og lög um orlof nr. 87/1971, hvort tveggja með síðari breytingum, enda leiddi athugun nefndarinnar í ljós nauðsyn á breytingu laganna. Endurskoðun þessi skyldi sérstaklega taka til þeirra ákvæða er lúta að innheimtu og vörslu orlofsfjár í ljósi þeirrar þróunar er orðið hafði frá setningu umræddra laga- og reglugerðarákvæða.

Í nefndina voru skipuð: Björn Björnsson og Lára V. Júlíusdóttir, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson, eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og Kristinn F. Árnason, eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaganna, og án tilnefningar Jón Páll Halldórsson, Karvel Pálmason og Arnmundur Backman sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Hann lét af störfum í júní 1983 og var Gestur Jónsson hrl. skipaður formaður í hans stað. Þá lét Kristinn F. Árnason enn fremur af störfum í nefndinni, en í hans stað var Jón Steindór Valdimarsson skipaður í nefndina.

Markmið nefndarstarfsins.

Í upphafi miðaði starf nefndarinnar einkum að því að einfalda og bæta þau ákvæði orlofslaga og reglugerðar sem miða að innheimtu og skilum á orlofsfé. Á síðari stigum nefndarstarfsins varð hins vegar um það full samstaða innan nefndarinnar að nauðsynlegt væri að gera tillögur um róttækari breytingar á lagareglum um laun í orlofi en upphaflega var að stefnt. Verður nánar vikið að því síðar.

Efnisákvæði gildandi laga.

Í gildandi lögum er annars vegar fjallað um rétt starfsmanna til orlofs, sbr. einkum 2. gr. laganna, en hins vegar um rétt til greiðslna í orlofi. Er við það miðað að greiðslumáti sé með tvennum hætti, þ.e. annars vegar orlofslaun, sbr. 8. gr. laganna, en hins vegar orlofsfé,

sbr. einkum ákvæði 7. gr. Fastir starfsmenn eiga samkvæmt lögunum rétt á föstum launum í orlofi í samræmi við áunninn orlofsrétt á liðnu orlofsári. Þeir sem ekki teljast fastir starfsmenn skulu hins vegar fá greitt orlofsfé af öllum launum, 10,17%, enda kveði kjarasamningar ekki á um meiri rétt. Orlofsfé ber samkvæmt ákvæðum 7. gr., sbr. 11. gr. laganna og reglugerð nr. 150/1972, að greiða inn á orlofsreikning viðkomandi launþega hjá orlofsdeild póstgíróstofunnar. Póstgíróstofan er ábyrg fyrir skilum orlofsfjárins og ákvæði reglugerðarinnar standa til þess að það greiðist út þegar launþegi fer í orlof, enda sé það sannað með vottorðum vinnuveitenda og trúnaðarmanns viðkomandi verkalýðsfélags. Þessari reglu hefur þó ekki verið fylgt í framkvæmd, heldur hefur allt orlofsfé viðkomandi launþega vegna launagreiðslna á næst liðnu orlofsári verið kræft strax eftir 1. maí.

Ákvæði laga og reglugerða hafa þannig staðið til þess að orlofsfé allra starfsmanna, sem ekki njóta þriggja mánaða uppsagnarfrests og teljast þar með fastir starfsmenn í skilningi 8. gr. laganna, skuli greitt inn til póstgíróstofunnar á orlofsreikning hlutaðeigandi starfsmanns. Sama gildir um orlofsfé af yfirvinnu fastra starfsmanna og áunnin orlofslaun ef starfsmaður lætur af störfum á orlofsári.

Á þessari framkvæmd hafa alla tíð verið miklir annmarkar. Þannig má ætla að mjög hafi tíðkast að fastir starfsmenn fengju uppgert áunnið orlof við starfslok. Þá mun algengt að fastir starfsmenn fái orlof af yfirvinnu greitt jafnharðan. Í hvorugu þessara tilvika hafa greiðslur því borist til póstgíróstofu. Loks hafa námsmenn átt rétt til útborgunar orlofsfjár án tillits til orlofstöku.

Árið 1982 samdi Alþýðusamband Vestfjarða við vinnuveitendur og bankastofnanir á Vestfjörðum um aðra skipan þessara mála. Samkvæmt rammasamningi þessara aðila skyldi gera þríhliða samning milli einstakra fyrirtækja, verkalýðsfélaga og banka um innheimtu banka á öllu orlofsfé, svo og orlofslaunum starfsmanna, sem greiddist á sérstakan orlofsreikning viðkomandi starfsmanns. Orlofsreikningur þessi skyldi bundinn til 1. maí ár hvert, en bankinn ábyrgðist greiðslur til launþega og innheimtu hjá viðkomandi fyrirtæki. Jafnframt samdist um vaxtakjör á innborguðu orlofsfé sem voru til muna hagkvæmari en sú ávöxtun sem komið hafði á orlofsfé í vörslu póstgíróstofunnar. Fleiri samningar af þessu tagi hafa fylgt á eftir.

Samningar Alþýðusambands Vestfjarða og Vinnuveitendafélags Vestfjarða fólu þannig í sér verulega breytingu frá því sem almennt gilti um meðferð orlofsfjár. Bar þar hæst hærri ávöxtun á orlofsfé launþega en fékkst hjá orlofsdeild póstgíróstofunnar. Þó var það mat þeirra verkalýðsfélaga er að samningunum stóðu að með þessum hætti væri greiðsluréttur launþega betur tryggður en vera mundi samkvæmt hinu almenna innheimtukerfi póstgíróstofunnar. Loks töldu fulltrúar ASV að innstæður á sérgreindum bankareikningum sköpuðu félagsmönnum þeirra tryggari stöðu fjárhagslega, auk þess sem fjármunirnir væru með þessum hætti ávaxtaðir í heimabyggð og styrktu þannig atvinnulífið á Vestfjörðum.

Af hálfu póstgíróstofunnar var á það bent að staða hennar til innheimtu á orlofsfé væri um margt erfið því að engin tæmandi skrá væri til yfir launagreiðendur og enn síður lægju fyrir upplýsingar um það hverjum bæri að greiða orlofsfé og þá af hvaða stofni og hverjum bæri að greiða laun í orlofi. Um þetta efni yrði ekki úrskurðað nema á grundvelli upplýsinga um sérhvern launþega og það raunar fyrir hvert greiðslutímabil.

Af þessum sökum kannaði nefndin í upphafi hvort mögulegt væri að færa alla innheimtu orlofsfjár til banka og sparisjóða með svipuðum hætti og samningar Vestfirðinga miðuðu við. Ítarlegar viðræður við forsvarsmenn Sambands íslenskra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða leiddu hins vegar í ljós að á því væri í reynd enginn kostur. Bar þar margt til og m.a. það að bankarnir reyndust ekki reiðubúnir til að taka á sig almenna ábyrgð á greiðslu orlofsfjár þótt þeir hefðu reynst reiðubúnir til þess í einstaka tilvikum.

Í starfi nefndarinnar hefur enn fremur komið fram að sú ríkisábyrgð, sem í reynd hefur verið á orlofsfjárgreiðslum, hefur ekki gengið með öllu áfallalaust og hefur póstgíróstofan árlega þurft að greiða út háar fjárhæðir orlofsfjár án þess að greiðslur hafi borist frá viðkomandi fyrirtækjum. Kröfur póstgíróstofunnar vegna vangreidds orlofsfjár hafa því numið háum fjárhæðum. Það er mat nefndarinnar að í þessu efni hafi ekki tekist til sem skyldi því að ábyrgð póstgíróstofunnar virðist í nokkrum tilvikum hafa leitt til þess að sá hluti launagreiðslna, sem tengist orlofi, hafi í reynd mætt afgangi í skjóli margnefndar greiðsluábyrgðar póstgíróstofunnar. Í þessu efni hafi því orðið of langt á milli launagreiðenda og móttakenda fjárins.

Hér að framan hefur verið vikið nokkuð að þeim mun sem er á greiðslum orlofsfjár og orlofslauna. Í eðli sínu er hér um sömu greiðslur að ræða. Munurinn felst fyrst og fremst í verðtryggingu eða ávöxtun kröfunnar. Orlofslaunin njóta kauptryggingar, en orlofsfé ber að leggja inn á reikning orlofsdeildar eða banka og ber það vexti allt til gjalddaga. Fram til þess tíma að heimilt var að verðtryggja innlán í peningastofnunum má fullyrða að orlofslaun héldu til muna betur verðgildi sínu en orlofsfé sem ávaxtað var hjá póstgíróstofu eða í banka. Á árunum 1982–1984 breyttust þessi viðhorf hins vegar nokkuð og er t.d. ljóst að þeir launþegar, sem fengu greitt út orlofsfé sumarið 1984, stóðu betur að vígi en þeir sem fengu laun greidd í orlofi. Þetta orsakaðist af sérstökum aðstæðum þar sem reikningsinnstæður nutu verðtryggingar og vaxta en kaupgjald lækkaði að raungildi. Almennt má hins vegar ætla að orlofslaun, þ.e. kauptrygging orlofsréttarins, færi launþegum síst lakari stöðu en verðtrygging og vextir. Um þetta verður þó ekki fullyrt til langframa en ljóst er að orlofslaun tryggja undantekningarlítið launþegum a.m.k. sömu kjör í orlofi og á öðrum tímabilum ársins. Það eitt og sér verður að teljast uppfylla þau markmið sem samningar og lög um orlof stefna að.

Tillögur nefndarinnar.

Með hliðsjón af skipunarbréfi nefndarinnar setti hún sér það markmið að leita leiða til að einfalda orlofsgreiðslukerfið og tryggja öllum launþegum hliðstæðan rétt til orlofsgreiðslna og ávöxtunar þessara greiðslna. Margvíslegar hugmyndir komu fram í þessu efni, en að lokinni viðamikilli athugun varð nefndin sammála um að afnema bæri þann mun á greiðsluformi orlofs sem felst í aðgreiningu orlofsfjár og orlofslauna. Taldi nefndin eðlilegt að miða við að launþegum yrði tryggt að verðgildi áunnins réttar til greiðslna í orlofi fylgi verðgildi launa þannig að orlofsrétturinn verði í reynd kauptryggður.

Tillögur nefndarinnar felast því fyrst og fremst í ákvæðum 7. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir því að við hverja launagreiðslu sé orlofsréttur starfsmanns vegna viðkomandi greiðslutímabils reiknaður út sérstaklega. Þessi réttur verði kauptryggður með því að reikna hann til jafngildis dagvinnustunda á kauptaxta viðkomandi launþega og greiðist út við töku orlofs á því kaupi sem þá gildir. Á hinn bóginn taldi nefndin eðlilegt að tryggja rétt stéttarfélaga til að gera samninga um bankainnheimtu orlofsfjár svo sem nú tíðkast og eru ákvæði þar um í 7. gr. frumvarpsins.

Þessi greiðslumáti orlofs hefur rutt sér til rúms í nokkrum fyrirtækjum á síðustu árum og hefur mælst vel fyrir. Mörg fyrirtæki beita nú tölvutækni við útreikning launa og gerir það þennan greiðslumáta auðveldan í framkvæmd. Í þessu sambandi er og til þess að líta að nái fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar fram að ganga er nauðsynlegt að breyta launaforritum fyrirtækja og væri þá samtímis unnt að gera þær breytingar sem frumvarp þetta veldur. Nefndin varð sammála um allt meginefni frumvarpsins en ágreiningur varð um það hvernig með skuli fara þá launþegi lætur af störfum á orlofsárinu. Tillögur meiri hluta nefndarinnar eru í 8. gr., en jafnframt er vísað til sérálits minni hluta nefndarinnar sem fylgir frumvarpi þessu.

Að öðru leyti vísast um nánari skýringar til athugasemda við einstakar greinar frumvarpins. Sérálit Björns Björnssonar og Láru V. Júlíusdóttur um uppgjör orlofslauna við ráðningarslit er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Óbreytt, nema hvað orðin „ásamt orlofsfé“ falla niður, enda er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir þeim mun orlofslauna og orlofsfjár sem gerður er í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Óbreytt.

Um 3. gr.

Óbreytt.

Um 4. gr.

Óbreytt, nema hvað 3. mgr. fellur niður, enda óþörf þar sem orlofslaun skal greiða út við ráðningarslit, sbr. 8. gr.

Um 5. gr.

Óbreytt.

Um 6. gr.

Á 1. mgr. er sú breyting gerð að nægjanlegt er að sanna veikindi með læknisvottorði.

Í 2. mgr. er orðinu „orlofsfé“ breytt í orlofslaun, sbr. athugasemd við 1. gr.

Um 7. gr.

Í greininni felst grundvallarbreyting á útreikningi og greiðslufyrirkomulagi launa í orlofi. Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð skal orlofsfé, þ.e. orlof af launum annarra en fastráðinna starfsmanna og orlof af yfirvinnu allra launþega, greiðast inn á póstgíróstofuna sem varðveitir það og ávaxtar og annast um útborgun þess til launþega þegar að orlofstöku kemur. Janframt skal póstgíróstofan annast innheimtu alls orlofsfjár sem lendir í vanskilum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst dýrt og auk þess er það öðrum annmörkum háð. Skal t.d. bent á að þrátt fyrir ákvæði laganna og reglugerðarinnar hefur sú framkvæmd breiðst út, m.a. á Vestfjörðum, að atvinnurekendur greiða orlofsfé og reyndar einnig orlofslaun inn á sérstaka bankareikninga launþega sem lausir eru til útborgunar eftir 1. maí ár hvert. Hefur þetta fyrirkomulag orðið í fullu samráði og stundum að frumkvæði viðkomandi stéttarfélaga. Þá er vitað mál að margir launagreiðendur gera orlofsfé beint upp við launþega sína án milligöngu póstgíróstofunnar.

Allt þetta skapar póstgíróstofunni mikla örðugleika við að fylgjast með því hverjir launagreiðendur standa í skilum og hverjir ekki og hefur það skapað mikla erfiðleika við innheimtu og eftirlit.

Í 7. gr. frumvarpsins felst að allur réttur til launa í orlofi verður í formi orlofslauna sem greiðast af launagreiðanda til launþega við upphaf orlofstöku, nema til ráðningarslita komi, sbr. 8. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. kemur fram hvernig reikna skal út orlofslaun. Kemur þar fram að orlofslaun eru „kauptryggð“, þ.e. fjárhæð þeirra fylgir þeim breytingum sem kunna að verða á kaupi launþegans fram til orlofstöku, sbr. 3. mgr.

Í 3. mgr. er ákveðinn gjalddagi orlofslauna og viðmiðunardagur kauptryggingar.

Í 4. mgr. er heimilað að orlofslaun mánaðarkaupsmanna séu greidd á sama tíma og launagreiðslur fara fram, enda sé meiri hluti þeirra því samþykkur. Með meiri hluta er átt við meiri hluta mánaðarkaupsmanna hjá sama launagreiðanda. Þá er einnig heimilað að greiða orlofslaun jafnharðan inn á sérstaka orlofsreikninga launþega hjá banka eða sparisjóði. Þessi háttur er einungis heimill með milligöngu stéttarfélags. Skal þá tryggt að viðkomandi bankastofnun greiði út inn unnin orlofslaun við orlofstöku launþega hvort sem launagreiðandi hefur staðið skil á greiðslunum eða ekki. Ríkisábyrgð á greiðslu orlofslauna, sbr. 11. gr. frumvarpsins, verður ekki sé þessi háttur á hafður og er því nauðsynlegt að félagsmálaráðuneytinu verði tilkynnt um gerð og slit slíkra samninga. Þetta fyrirkomulag um orlofsreikninga í bönkum og sparisjóðum hefur verið viðhaft á Vestfjörðum í nokkur ár með þríliða samkomulagi bankastofnunar, stéttarfélags og vinnuveitanda.

5. mgr. er í samræmi við gildandi lög og skýrir sig sjálf.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Gert er ráð fyrir því að við öll ráðningarslit skuli launagreiðandi gera upp við launþegann áunnin orlofslaun. Með þessu er vikið frá þeirri forsjá sem felst í gildandi lögum, þ.e. að orlofslaunin skuli varðveitt með þeim hætti að launþeginn geti ekki fengið þau útborguð fyrr en hann tekur orlof á orlofstímabilinu.

Ekki varð samstaða í nefndinni um þessa grein og hafa tveir nefndarmanna skilað séráliti sem fylgir frumvarpinu.

Um 9. gr.

Óbreytt, nema hvað í stað orlofsfjár komi orlofslaun.

Um 10. gr.

Sama athugasemd og um 9. gr.

Um 11. gr.

Nýmæli. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að núverandi hlutverk orlofsdeildar póstgíróstofunnar við innheimtu og útborgun orlofslauna falli niður. Í stað þess kemur sú ábyrgð ríkissjóðs á orlofslaunagreiðslunni sem kemur fram í greininni. Verði launagreiðandi gjaldþrota fer um rétt launþegans eftir lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Í 2. mgr. kemur fram að ríkissjóður skal innleysa kröfuna innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans er sett fram, studd nægjanlegum gögnum. Ekki þykir rétt að hafa frest þennan styttri vegna hættu á að launagreiðendur muni reyna að koma orlofslaunagreiðslum sínum yfir á ríkissjóð. Er því æskilegt að það skipti launþegann nokkru máli að það sé launagreiðandinn en ekki ríkissjóður sem sér um greiðsluna.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um viðurlög sem falla á innleysta orlofslaunakröfu ríkissjóðs. Ekki þykir rétt að halda refsiákvæðum 15. gr. gildandi orlofslaga þar sem gert er ráð fyrir beitingu sekta og varðhalds, enda er höfundum frumvarpsins ekki kunnugt um að þeim hafi nokkru sinni verið beitt. Þykir eðlilegra að ákvarða viðurlögin með þeim hætti sem gert er í greininni. Þá þykir eðlilegt að þeir launagreiðendur, sem vanefna skyldu til útborgunar orlofslauna, beri þann kostnað sem óhjákvæmilega hlýtur að verða hjá ríkissjóði við að innleysa orlofslaunakröfur.

4. mgr. er sett til þess að gera ríkissjóði hægara að ná aftur orlofslaunakröfum sem hafa verið innleystar.

Um 12. gr.

Óbreytt.

Um. 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga. Síðari málsgrein núverandi 13. gr. er felld niður. Tekið skal fram að þrátt fyrir orðalag greinarinnar er að sjálfsögðu heimilt að framselja orlofslaunakröfu til ríkissjóðs ef um innlausn skv. 11. gr. er að ræða. Sama gildir um framsal til banka eða sparisjóðs ef slík stofnun greiðir orlofslaunakröfu samkvæmt samningi heimiluðum í 4. mgr. 7. gr. og bankinn eða sparisjóðurinn hefur ekki fengið skil frá launagreiðanda.

Um 14. gr.

Óbreytt.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ef sú breyting verður gerð á orlofslögum sem ráðgerð er í þessu frumvarpi þarf að taka ýmsar ákvarðanir varðandi m.a. lok á starfsemi orlofsdeildar póstgíróstofunnar. Þykir eðlilegt að félagsmálaráðherra setji reglur um þau atriði í samráði við þá aðila sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

Fylgiskjal.

Sérálit Björns Björnssonar og Láru V. Júlíusdóttur.

Undirritaðir nefndarmenn geta ekki fallist á það sjónarmið meiri hluta nefndarinnar að orlofslaun skuli í öllum tilvikum greidd út við starfslok. Ljóst er að stórir hópar fólks á almennum vinnumarkaði taka einungis hluta þess orlofs sem áskilið er með lögum og kjarasamningum. Rík ástæða er til þess að löggjafinn stuðli að því svo sem mest má verða að launafólki verði kleift að taka orlof og í gildandi ákvæðum laga eru reyndar refsiákvæði sé slíkt ekki gert. Því þykir okkur með öllu ótímabært að falla frá því forsjársjónarmiði sem jafnan hefur legið til grundvallar lagaákvæðum um uppgjör orlofs og leggjum því til að meginreglan verði að orlofslaun leggist á banka eða sparisjóð við starfslok. Til nokkurrar einföldunar þykir þó rétt að heimila að orlofsréttur, sem myndast vegna skammtímaráðningar, verði greiddur starfsmanni við starfslok.

Gert er ráð fyrir því að ef misbrestur verður á uppgjöri orlofs geti launþegi eða viðkomandi verkalýðsfélag á grundvelli ákvæða í 11. gr. snúið sér til félagsmálaráðuneytisins vegna innheimtu kröfu.

Með vísan til þessa gerum við tillögu um svofellt orðalag á 8. gr. frumvarpsins:

8. gr.

Ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða öll áunnin orlofslaun launþega samkvæmt reglunni í 2. mgr. 7. gr. á bundinn reikning á nafni launþega í banka eða sparisjóði. Reikningar þessir skulu lausir 1. maí næstan á eftir og njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði. Skylt skal vinnuveitanda að verða við óskum launþega um vörslustað fjárins.

Standi ráðning skemur en tvo mánuði skal heimilt að greiða launþega áunnin orlofslaun við starfslok. Sama gildir ef um er að ræða skólafólk við sumarstörf þótt ráðning standi lengur.

Nd. 972. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. mars 1987.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Guðmundur J. Guðmundsson.
Kristín S. Kvaran.	Eggert Haukdal.	Stefán Valgeirsson.

Nd. 973. Breytingartillaga [420. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. l nr. 41/1986, falli brott.

Nd. 974. Lög [273. mál]

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 673 (sbr. 479).

Nd. 975. Lög [181. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 191.

Nd. 976. Lög [351. mál]

um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 624.

Nd. 977. Lög [360. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 645.

Nd. 978. Lög [388. mál]

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 699.

Nd. 979. Lög [330. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 573.

Nd. 980. Lög [368. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 661.

Nd. 981. Lög [346. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 810 (sbr. 603).

Nd. 982. Lög [339. mál]

um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 591.

Ed. **983. Lög** [209. mál]

um sjómannadag.

(Afgreidd frá Ed. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 949 (sbr. 662).

Ed. **984. Lög** [340. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Afgreidd frá Ed. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 957 (sbr. 594).

Nd. **985. Lög** [364. mál]

um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 657.

Nd. **986. Breytingartillaga** [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við a-lið 1. gr. bætist: 64.01.02, 64.02.03 og 97.06.01.

Nd. **987. Breytingartillaga** [416. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Stefáni Valgeirssyni.

Við a-lið 1. gr. bætist: 37.03.09.

Nd. 988. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. mars 1987.

Páll Pétursson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, frsm.
Guðmundur Bjarnason.	Friðrik Sophusson.	Halldór Blöndal.
	Ólafur G. Einarsson.	

Ed. 989. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Til viðræðna komu Sigurður E. Guðmundsson og Hilmar Þórisson.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 17. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, með fyrirvara.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.
Helgi Seljan, með fyrirvara.	Salome Þorkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.
	Björn Dagbjartsson.	

Ed. 990. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrsti minni hl. landbúnaðarnefndar er hlynntur breytingum á „búvörulögunum“ til þeirrar áttar sem lagt er til í nál. meiri hl. en telur þær ganga of skammt.

Sex þingmenn Alþýðubandalagsins hafa flutt tillögu til þingsályktunar þar sem lagðar eru til ýmsar aðgerðir í landbúnaðarmálum, þar með talið að lengja aðlögunartímann, þ.e. gildistíma ákvæða VIII. kafla um aðlögun búvöruframleiðslunnar um fimm ár.

Í samræmi við þetta munu þingmenn flokksins í efri deild flytja breytingartillögur á sérstöku þskj. þar sem lagt er til að ákvæði 36. og 37. gr. um greiðslur útflutningsbóta og framlög til Framleiðnisjóðs gildi til ársins 1995. Það er auk þess stefna Alþýðubandalagsins

að því fé, sem skv. 37. gr. laganna á að renna til Framleiðnisjóðs, eigi eingöngu að verja til hvetjandi aðgerða og til eflingar byggðar í sveitum. Fjárskuldbindingar af því tagi sem lagðar voru á sjóðinn s.l. ár ganga þvert gegn því að það fé Framleiðnisjóðs eigi á aðlögunartímanum að renna til uppbyggingar. Þar var Framleiðnisjóður notaður handahófskennt til að kaupa upp framleiðslurétt jarða og auk þess að taka að hluta til verðábyrgð á samningum ríkisvaldsins við bændur. Til að fyrirbyggja að slíkt gerist áfram flytja þingmenn Alþýðubandalagsins breytingartillögur við ákvæði 37. gr. sem kveða skýrar á en áður var um það hvernig fara skuli með fé Framleiðnisjóðs.

Alþýðubandalagið mótmælti á sínum tíma þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð þegar „búvörulögin" voru sett sumarið 1985. Það hefur síðan margoft komið í ljós og er sérstaklega viðurkennt með þeim breytingum sem nú á að gera að æskilegt hefði verið að vanda betur til þeirrar lagasetningar og stefnumörkunar í landbúnaðarmálum.

Tillaga Alþýðubandalagsins er sú að komið verði á fót starfsnefnd til að endurskoða lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og leggja tillögur um nýja og heilsteypta stefnumörkun um skipan landbúnaðarmálanna til langs tíma fyrir næsta Alþingi. Því flytja þingmenn Alþýðubandalagsins tillögu um ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna.

Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefnda neðri og efri deilda frá því við afgreiðslu laganna vorið 1985 er hér birt með sem fylgiskjal, svo og tillaga þingmanna Alþýðubandalagsins um aðgerðir í landbúnaðarmálum sem liggur fyrir yfirstandandi þingi.

Alþingi, 17. mars 1987.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefndar (Steingríms J. Sigfússonar) um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 11. júní 1985.

Nefndin hefur á allmörgum fundum fengið talsmenn ýmissa hagsmunaaðila til viðræðna um frv. Of langt mál yrði að vitna til alls sem þar hefur komið fram en í fáum orðum sagt hafa flestir, sem fyrir nefndina hafa komið, lagst gegn því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Þá hefur málsmeðferðin ekki síður verið gagnrýnd en frv. sjálft og það talinn slæmur kostur að samþykkja svo mikilsvert mál sem þetta án þess að hagsmunaaðilum gefist betra tóm til að kynna sér málið og koma athugasemdum sínum á framfæri. Sérstök ástæða er að vekja athygli á því að bændum, sem þó eiga að lifa og starfa — og nánast eiga allt sitt undir þessari löggjöf, — er nú fyrst að berast frv. í hendur um það leyti sem stjórnarliðar vilja taka málið til afgreiðslu. Hið sama á auðvitað við um ýmsa hagsmunaaðila, ekki síst neytendur, því að hér er einnig mikið í húfi fyrir þá.

Meiri hl. nefndarinnar hafnaði óskum um að senda málið til umsagnar og var borið við tímaskorti. Það er því ljóst að þrátt fyrir góða viðleitni nefndarinnar er ýmislegt enn óljóst um innihald frv. og áhrif af samþykkt þess.

Af fjölmörgum atriðum, sem þar koma til, skulu hér aðeins nefnd eftirfarandi:

1. Að því er best verður séð hefur fjármagn engan veginn verið tryggt með fullnægjandi hætti til þess að ákvæði VI. kafla um greiðslu afurðaverðs fái staðist. Frá upphafi virðist því hætta á að þau ákvæði verði dauður bókstafur auk þess — sem er öllu alvarlegra — að þær vonir, sem þau gætu vakið hjá bændum, yrðu falsvonir.

Á síðasta fund nefndarinnar, þar sem málið var til umfjöllunar, komu bankastjórar þeirra þriggja viðskiptabanka sem mest afurðalánaviðskipti hafa við landbúnaðinn og bar þeim öllum saman um að bankarnir hefðu enga möguleika til að taka á sig útgjöld til að flýta greiðslum afurðaverðs til bænda eins og frv. gerir ráð fyrir.

2. Með samþykkt þessa frv. tekst ekki, nema síður sé, að koma á þeirri sátt milli framleiðenda og neytenda sem nauðsynlegt og skylt er að leita eftir við lagasetningu sem þessa.
3. Engir þjóðhagslegir útreikningar hafa farið fram á áhrifum af samþykkt frv. og þeim miklu breytingum sem það gæti að líkindum haft í för með sér. Hér er sérstaklega átt við þann mikla samdrátt sem frv. virðist gera ráð fyrir að verði í sauðfjárbúskapnum og þau margvíslegu áhrif á allt mannlíf og athafnalíf út um landið sem slíkt mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.
4. Frv. þessu fylgir engin stefnumörkun um niðurgreiðslur, eða niðurgreiðslustig, búvara sem þó verður að telja óaðskiljanlegan hluta af stefnumörkun í framleiðslu og sölumálum landbúnaðarins.
5. Fjölmörg ákvæði frv. eru óljós og lítt eða ekki skýrð. Nefna má ákvæði um verðlagningarkerfi búvara, verðábyrgð, framleiðslustjórn, samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu o. fl.
6. Ekkert samkomulag lá fyrir í nefndinni um frv. eða brtt. við það og enginn meiri hl. hafði myndast þegar frv., að ósk stjórnarþingsmanns, var afgreitt úr nefndinni.

Með vísan til ofanritaðs er undirritaður andvígur því að frv. þetta verði nú samþykkt en leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölumál landbúnaðarins verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Fylgiskjal II.

Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefndar (Helga Seljan) um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 19. júní 1985.

Landbúnaðarnefnd efri deildar hefur ekki gefist mikill tími til þess að gaumgæfa þetta mál eða eiga viðræður að gagni við þá mörgu hagsmunaaðila er þetta mál snertir. Veldur þar **mestu um sú vinnutilhögun landbúnaðarnefndar neðri deildar að hafa í engu samráð um** meðferð frv. við nefnd efri deildar.

Frv. hefði, svo viðamikið sem það er, þurft mjög nákvæma athugun, ítarlega kynningu og umræðu í þjóðfélaginu, ekki síst meðal bænda, þar sem það fjallar um flest veigamestu atriðin í lífskilyrðum þeirra og framtíðarstöðu.

Mörg atriði frv. eru óljós og erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þeirra í framkvæmd. Til þess hefði þurft nánari athugun, frekari upplýsingar og betri kynningu málsins.

Með þessu frv. tekst alls ekki að nálgast þá nauðsynlegu sátt sem þarf að takast sem allra best milli framleiðenda og neytenda sem eiga hér sameiginlegra hagsmuna að gæta. Sú sátt er þjóðarnauðsyn, en hún kostar mikla vinnu sem því miður hefur ekki verið lögð í þetta frv.

Enn skortir allar tryggingar fyrir því að öruggt sé um greiðslu afurðaverðs til bænda eins og frv. gefur svo fögur fyrirheit um, sbr. VI. kafla frv.

Ekkert liggur fyrir um líkleg áhrif þessa frv. á byggð og búsetu í landinu. Engir þjóðhagslegir útreikningar á áhrifum frv. liggja fyrir.

Óskýrð eru að mestu ákvæði frv. um verðlagningarkerfi búvara (þrefalt kerfi), verðábyrgð, framleiðslustjórn eða samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu. Alls staðar virðist vera látið skeika að sköpuðu.

Undirritaður er algerlega andvígur hraðafgreiðslu þessa frv. nú og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd allra stjórnmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. þess eðlis verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Fylgiskjal III.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í landbúnaðarmálum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að marka skýra stefnu í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðar og felur ríkisstjórn og landbúnaðarráðuneyti að beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum:

Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, verði tekin til endurskoðunar. Aðlögunartími laganna verði lengdur um fimm ár og útflutningsbótarétti breytt í samræmi við það.

Langtímastefna í landbúnaðarmálum verði miðuð við landkosti, framleiðsluáætlanir og búvörusamninga er gerðir verði til fimm ára svo að dregið sé úr þeirri óvissu sem bændur búa nú við um afkomu sína og framtíð.

Sérstök áhersla verði lögð á nýja atvinnumöguleika í sveitum og nýjar búgreinar á grundvelli svæðaskipulags fyrir byggðirnar. Ráðgjafarþjónusta og önnur fræðslustarfsemi fyrir bændur verði stóraukin og stuðlað sem mest að heimaöflun aðfanga í búrekstri.

Starfsemi Framleiðnisjóðs verði endurskoðuð og sjóðnum mörkuð stefna sem miðar að eflingu byggðar í sveitum frekar en að fækkun bænda. Stuðla ber að búháttabreytingum og nauðsynlegum kynslóðaskiptum með eflingu Jarðasjóðs og Lífeyrissjóðs bænda og verði bændum gert kleift að taka lífeyri við 65 ára aldur eftir 30 ára búskap. Frekar en að grisja byggð á tilviljunarkenndan hátt ber að auðvelda bændum á jörðum sem verr eru fallnar til búskapar að breyta búskaparháttum til samræmis við aðstæður eða að flytja sig yfir á jarðir með betri búskaparaðstöðu. Í þessu skyni verði úttekt gerð á aðstöðu til búrekstrar um land allt. Jafnframt þarf að meta áhrif framleiðslusamdráttar í landbúnaði á atvinnulíf í þéttbýli víðs vegar um land.

Stuðla ber að hóflegu verði á íslenskum landbúnaðarafurðum innan lands með því að tryggja sem jafnast niðurgreiðslustig er verði ekki lægra en verið hefur að meðaltali seinustu tíu árin. Markvisst verði unnið að því að lækka vinnslu- og dreifingarkostnað en úrvinnslu verði sem mest haldið á framleiðslusvæðunum. Söluskattur, virðisaukaskattur eða önnur tegund veltuskatts verði ekki lögð á matvæli og smásöluálagning á kjötvörur verði lækkuð.

Reglugerð landbúnaðarráðherra frá 29. október 1986, um fullvirðisrétt sauðfjárbænda, verði tafarlaust endurskoðuð. Taka ber fullt tillit til aðstæðna og sérstaklega ber að rétta hlut bænda með litla framleiðslu, svo og að hlífa frumbýlingum sem fengið hafa stofnlán og fjárfest hafa á undanförnum árum í samræmi við búmark.

Unnið verði að því að gjörbreyta sölufyrirkomulagi á lamba- og kindakjöti, innan lands og utan, með fjölbreyttari úrvinnslu og umbúðum bæði fyrir neytendur og mötuneyti.

Auðvelda ber nýjum útflutningsaðilum að fást við útflutning á kjöti. Innflutningur á mjólkur- og kjötvörum verði ekki leyfður og eftirlit með ólöglegum innflutningi á landbúnaðarvörum stórhert.

Meðan afkoma bænda er jafnerfið og raun ber vitni verði sjóðagjöld landbúnaðarins lækkuð, m.a. framlög í Stofnlánasjóð.

Greinargerð.

Ískyggilegt útlit blasir við í landbúnaðarmálum. Neysla lambakjöts hefur dregist saman og kjör bænda hafa verið stórskert. Ljóst er að ríkjandi stefna stjórnvalda í landbúnaðarmálum hefur vaxandi vandamál í för með sér. Fyrirskipuð skerðing á framleiðslurétti bænda kemur afar ójafnt niður og harðast verða þeir úti sem nýlega eru byrjaðir búskap eða hafa verið að breyta um framleiðslu innan búmarksins. Fjöldamargir bændur sjá fram á gjaldþrot.

Undanfarnar vikur hafa bændur efnt til funda um land allt þar sem krafist hefur verið stefnubreytingar af hálfu stjórnvalda. Samt er ekki að sjá að ríkisstjórnin hafi nokkur áform uppi um breytta stefnu og samdráttaraðgerðum er áfram haldið með tilviljunarkenndum árangri og oft hrikalegum afleiðingum.

Nýjasta framlag ríkisstjórnarinnar til hagsmunamála bænda er gróf íhlutun forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar, í ákvörðun vegna launaliðar bænda í verðlagsgrundvelli 1. mars s.l. Þrátt fyrir einróma niðurstöðu sexmannanefndar, bæði af hálfu fulltrúa neytenda og bænda, um áhrif nýgerðra kjarasamninga til hækkunar á launalið bænda krafðist ríkisstjórnin þess að löglegri ákvörðun nefndarinnar yrði frestað. Þó er ljóst að mikill meiri hluti bænda er í hópi lágtekjumanna og í lögum er beinlínis fyrirskipað að launaliður í verðlagsgrundvelli skuli miðaður við almennt kaupgjald. Hér er því gerð enn ein tilraun til að rýra hlut bænda.

Engan þarf að undra þótt bændur hafi þungar áhyggjur af framtíð stéttar sinnar. Svo að dæmi sé tekið úr einróma samþykkt geysifjölmenns bændafundar í Skagafirði 11. janúar s.l. var vandanum lýst þar með þessum orðum:

„Ljóst er að ef gengið verður áfram jafnhratt í samdrætti sauðfjárframleiðslunnar blasir við byggðabrestur í fjölmörgum sveitum, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir landsbyggðina og samfélagið í heild, bæði efnahagslega og félagslega séð.

Nú er ljóst að svo ör samdráttarstefna, sem mörkuð var með nýju búvörulögunum, stenst ekki nema menn ætli vitandi vits að setja heila landshluta í auðn sem á engan hátt var ætlast til við setningu laganna. Því er algjör nauðsyn að staldra nú við, gefa lengri tíma til aðlögunar og nýrrar uppbyggingar. Fimm ár í viðbót er lágmarkstími til frekari aðlögunar."

Í tillögu þessari, sem flutt er af sex þingmönnum Alþýðubandalagsins, er sérstök áhersla lögð á að mörkuð verði langtímastefna í landbúnaðarmálum er miðuð sé við búvörusamninga til fimm ára og framleiðsluáætlanir er taki mið af landkostum og svæðaskipulagi fyrir byggðirnar í stað hinnar handahófskenndu grisjunar á byggð sem nú virðist ríkjandi stefna.

Hins vegar er það ekki skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að vandamálin í landbúnaði verði leyst með nokkrum pennastrikum. Ýmsar aðgerðir stjórnvalda hafa að vísu magnað vandamálin um allan helming, t.d. lækkun niðurgreiðslna um tvo þriðju á sama tíma og útflutningsbætur eru lækkaðar verulega. Hækkandi búvöruverð vegna minni niðurgreiðslna og vegna þess að kaupmáttur launa neytenda hefur verið skertur hefur leitt til minnkandi neyslu. En neysluvenjur hafa líka verið að breytast af öðrum ástæðum. Því er nauðsynlegt að leggja áherslu á nýja atvinnumöguleika í sveitum og nýjar búgreinar ásamt stóraukinni ráðgjafarþjónustu, svo og á sem mesta heimaöflun aðfanga í búrekstri. Brýnt er

að staðið sé skipulega að uppbyggingu nýrra búgreina, m.a. loðdýraræktar með tilliti til hagkvæmrar fóðuröflunar.

Ríkjandi stjórnarstefna er afar óhagstæð ungu fólki í sveitum sem er nýbyrjað búskap og hefur þurft að fjárfesta mikið. Ekki er nóg með að vaxtastigið hafi verið spennt upp langt úr hófi fram. Búmark er miskunnarlaust skorið niður, jafnt á litlum búum sem stórum og ekkert tillit tekið til aðstæðna.

Undirritaður er andvígur því frumvarpi sem hér liggur fyrir af þeirri grundvallarástæðu að frumvarpið mun ef að lögum verður opna fyrir eignaraðild útlendinga að íslenska bankakerfinu. Fram kom í viðtali við bankastjóra Útvegsbankans í morgun að danskur banki hefur lýst áhuga sínum á því að kaupa sig inn í Útvegsbankann og þar með að kaupa sig til áhrifa í íslenska bankakerfinu á ný. Má segja að það varpi skýru ljósi á grundvallaratriði þessa máls að danskir bankar skuli sýna áhuga á því að kaupa sig inn í bankakerfið á nýjan leik. Hér er komið að meginatriðinu í efnahagslegu sjálfstæði þjóðar, þ.e. því hvort útlendingar hafa hér úrslitatök í efnahags- og atvinnulífi.

Meginástæðurnar fyrir andstöðu undirritaðs við frumvarpið um að gera Útvegsbankann að hlutafélagsbanka eru þessar:

1. Frumvarpið opnar útlendingum aðild að bankakerfinu á Íslandi.
2. Frumvarpið markar fyrsta skrefið á þeirri leið að afnema þjóðbankakerfið og að afhenda einkaaðilum þjóðbankana.
3. Í frumvarpinu er ekki tekið á skipulagsvandamálum bankanna.

4. Frumvarpið dugir ekki til þess að leysa vandamál Útvegsbankans. Lausafjárstaða hans er neikvæð um 1000 millj. kr. þó að nýtt fé upp á 1000 millj. kr. komi inn í bankann samkvæmt frumvarpinu.

Afstaða Alþýðubandalagsins hefur verið sú að það eigi að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Sú leið, sem valin er, er versta leiðin að allra mati, m.a. að dómi bankastjóra Seðlabankans.

Þá ber að gagnrýna ríkisstjórnina harðlega fyrir seinagang í þessu máli. Allt árið 1986 var bankinn látinn búa við óvissu þannig að hann fékk þá í sinn hlut 500 millj. kr. minna í innlánum en ella hefði verið að mati bankastjóra bankans sem komu til fundar við fjárhags- og viðskiptanefnd í morgun.

Alþingi, 17. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Nd. 1004. Breytingartillaga [197. mál]

við frv. til l. um veitingu prestakalla.

Frá Sverri Hermannssyni, Páli Péturssyni, Ólafi G. Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Pétri Sigurðssyni og Svavari Gestssyni.

Við 5. gr. 1. málsl. orðist svo: Nú berst skrifleg ósk um það frá minnst 10 af hundraði eða 500 atkvæðisbærum sóknarbörnum í prestakallinu, innan 10 daga frá því að niðurstöður voru kynntar, sbr. 4. gr., að almennar prestskosningar fari fram í prestakallinu og er þá skylt að verða við því.

Nd. 1005. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Friðjón Þórðarson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Pálmi Jónsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1006. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

a. Antoniussen, Klæmint Svenning, tannlæknir í Stykkishólmi, f. 19. september 1943 í Færeyjum.

b. Gunnlaugur Marteinn Símonarson, stýrimaður í Reykjavík, f. 29. júní 1952 á Íslandi.
c. Joensen, Alda Hafdís, húsmóðir í Grindavík, f. 7. febrúar 1948 á Íslandi.
d. Joensen, Guðbjög Berglind, húsmóðir í Grindavík, f. 22. desember 1953 á Íslandi.
e. Joensen, Súsanna, húsmóðir í Grindavík, f. 9. maí 1946 á Íslandi.
f. Johansen, Aðalgeir Georg Daði, netagerðarmaður í Grindavík, f. 28. júlí 1950 á Íslandi.
g. Johansen, Flóvent Elías, netamaður í Grindavík, f. 18. júlí 1954 í Færeyjum.
h. Jóhann Páll Lilaa Símonarson, farmaður í Reykjavík, f. 11. apríl 1951 á Íslandi.

Sþ. 1007. Nefndarálit [315. mál]

um till. til þál. um varnir gegn mengun hafsins við Ísland.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og leggur til að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að hvetja til þess að efnt verði til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskistofnum á þessu svæði er búin vegna mengunar frá geislavirkum efnum. Felur Alþingi ríkisstjórninni að vinna að framgangi málsins.

Alþingi, 17. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Gunnar G. Schram, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Haraldur Ólafsson.	Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 1008. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um opinber innkaup.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið til viðræðu fulltrúa Innkaupastofnunar ríkisins, Ásgeir Jóhannesson forstjóra, og fulltrúa Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Magnús Pétursson hagsýslustjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 17. mars 1987.

Páll Pétursson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara.	Guðmundur Bjarnason, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Friðrik Sophusson.	Halldór Blöndal.
	Svavar Gestsson, með fyrirvara.	

Nd. 1009. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um opinber innkaup.

Frá Svavari Gestssyni.

Við 6. gr. Á eftir 4. málsl. komi nýr málsl. sem orðist svo: Skylt er að taka tillit til tilboða íslenskra aðila umfram erlenda og heimilt að taka tilboðum þeirra þó að þau séu allt að 15% hærri en tilboð erlendra aðila.

Ed. 1010. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986.

Frá Stefáni Benediktssyni og Helga Seljan.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1987, eftir reglum sem félagsmálaráðherra setur, til þess að létta skuldabyrði þeirra sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–1985. Reglurnar skulu miðast við að tiltekinn hluti skuldaaukningar umfram hækkun almenns kaupgjalds fram til 31. des. 1985, sem beint má rekja til íbúðaröflunar, myndi endurgreiðsluhluta sem gangi sem óafturkræft framlag til þess að greiða vanskilaskuldir, lækka skammtímaskuldir eða skuldir til langs tíma hjá viðkomandi og þá í fyrrgreindri forgangsröð.

Ed. 1011. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:
   Í 11. gr. laganna bætist nýr tölul., er verði 10. tölul., svohljóðandi:
   Lán til sveitarfélaga og/eða félagasamtaka til byggingar kaupleiguíbúða.
2. Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 28. gr. laganna komi ný grein er orðist þannig:
   Lán skv. 10. tölul. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum og/eða félagasamtökum til byggingar íbúða með kaupleigufyrirkomulagi.
   Heimilt er að kaupa notaðar íbúðir í þessu skyni þar sem það hentar betur.
   Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúðum geta verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða.
   Lán þessi mega nema allt að 85% byggingarkostnaðar og vera til 40 ára. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr. laganna.

3. Á eftir 3. gr. frv. komi önnur ný grein er orðist þannig:
   30. gr. laganna, sbr. l. nr. 54/1986, breytist svo:
   Í stað „1.–8. tölul.“ í 1. mgr. komi: 1.–8. og 10. tölul.
   Í stað „1.–7. tölul.“ í 4. og 5. mgr. komi: 1.–7. og 10. tölul.
4. Á eftir 3. gr. frv. komi enn ný grein er orðist þannig:
   Í 33. gr. laganna bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi:
   Kaupleiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og/eða félagasamtökum og ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun af félagslegum ástæðum. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúð geta verið launþegafélög, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða. Lánin mega nema allt að 85% byggingarkostnaðar. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 49. gr. laganna.
   Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

Nd. 1012. Nefndarálit [391. mál]

um frv. til l. um fæðingarorlof.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fulltrúi Kvennalista, Guðrún Agnarsdóttir, sat fund nefndarinnar er málið var til afgreiðslu.

Alþingi, 17. mars 1987.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ólafur G. Einarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 1013. Nefndarálit [392. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin fékk frumvarp þetta eftir að það hafði hlotið afgreiðslu í efri deild. Þar fór fram ítarleg umræða um málið, m.a. með þeim sem að samningu frumvarpsins stóðu, þeim Ingibjörgu Rafnar hdl., sem var formaður nefndar sem samdi frumvarpið, og Ingimar Sigurðssyni, yfirlögfræðingi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, og Birnu Björnsdóttur, lögfræðingi Tryggingastofnunar ríkisins.

Í efri deild voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu, m.a. að miða við sama dagvinnustundafjölda og gildandi lög gera ráð fyrir, þ.e. að í stað 1700 vinnustunda kæmu 1032 stundir til að njóta fullra fæðingardagpeninga og 516–1031 stund til þess að njóta hálfra dagpeninga.

Nefndin tekur undir það með heilbr.- og trn. efri deildar að mikla áherslu beri að leggja á að þær reglur, sem settar voru í reglugerð nr. 261/1983, um fæðingarorlof, varðandi greiðslur til bændakvenna, námsmanna og dagmæðra, haldist óbreyttar við mat á vinnu-

framlagi — þótt það snerti ekki sjálft lagafrumvarpið. Þar sem lagaákvæði yrðu óbreytt hvað þennan þátt snertir þykir rétt að taka þetta fram því að ekki er ætlunin að þessir aðilar missi nein réttindi hlutfallslega þegar fæðingarorlof lengist úr þremur í sex mánuði á næstu þremur árum. Nefndin telur einnig rétt að vekja athygli á, þótt það snerti ekki þetta lagafrumvarp beint, að nauðsynlegt er að tryggja að lífeyrisréttindi foreldra skerðist ekki meðan á fæðingarorlofi stendur, t.d. með því að heimila foreldrum að greiða lífeyrissjóðsframlag þann tíma. Kallar þetta að sjálfsögðu á breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Á sama hátt er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi lánarétt svo að foreldrar missi ekki réttindi í fæðingarorlofi. Þetta eru vissulega mikilsverð mál en þau eiga ekki að tefja framgang aukins fæðingarorlofsréttar. Þess vegna treystir nefndin því að hlutaðeigendur kanni þessi mál og geri tillögur til breytinga á næsta þingi.

Skylt er að geta þess að nefnd sú, sem vann að breytingunni á lögunum, benti á þrjá möguleika og byggist sú tillaga, sem hér er farið eftir, á einum þeirra. Útreikningar um kostnað, sem fylgir í kjölfar samþykktar þessa frumvarps, taka mið af því fyrirkomulagi sem nú er í frumvarpinu eftir breytingu efri deildar á því, svo að ekki kemur til kostnaðarauka umfram þann sem þar greinir frá nái frumvarpið fram að ganga.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði við frumvarpið eins og það kom frá efri deild, eru ekki kostnaðarsamar, enda þegar bundið í reglugerð um greiðslu fæðingarstyrks. Breytingartillögurnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Góð samstaða hefur náðst með nefndarmönnum í neðri deild og efri deild um framgang málsins með þessum breytingum.

Guðrún Agnarsdóttir tók þátt í störfum nefndarinnar um þetta mál.

Alþingi, 17. mars 1987.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Guðmundur Bjarnason.	

Nd. 1014. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um opinber innkaup.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 10. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1987“ komi: 1. janúar 1988.

Ed. 1015. Breytingartillaga [321. mál]

við frv. til vaxtalaga.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Við 6. gr. bætist: Af verðtryggðum lánum skal þó semja um fasta vexti.

Nd. 1016. Breytingartillaga [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

Við 11. gr., staflið A, Barnabætur. Í stað orðanna „Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en að framan greinir“ í 2. mgr. 1. tölul. komi: Barnabætur með hverju barni einstæðra foreldra skulu vera 38 825 kr. en 12 625 kr. að auki með hverju barni innan við sjö ára aldur.

Nd. 1017. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með því frv., sem hér er til umfjöllunar og stjórnarflokkarnir ætla nú að gera að lögum, innsigla þeir uppgjöf sína í skipulagi bankamála á Íslandi.

Á annað ár hefur Útvegsbankinn ekki uppfyllt ákvæði laga um eiginfjárstöðu. Allan þennan tíma, og þrátt fyrir lagaákvæði um skyldur ráðherra til að grípa í taumana, lét viðskiptaráðherra málið danka og hafðist ekki að. Afleiðingarnar voru vaxandi óvissa. Beið Útvegsbankinn af þessu skaða og íslenskt bankakerfi varð fyrir verulegum álitshnekki bæði innanlands og utan.

Digurbarkalegar yfirlýsingar formanns Sjálfstæðisflokksins um að ekki skyldi fara króna úr ríkissjóði til þess að rétta hlut Útvegsbankans eru nú að engu orðnar. Þetta frumvarp felur nefnilega í sér að 1000 milljónum verði varið í endurreisn bankans, þar af 800 milljónum úr ríkissjóði og 200 milljónum úr sjóðakerfinu. Lengra er varla hægt að ganga í því að lýsa eigin orð ómerk.

Verst er þó að með samþykkt þessa frv. hefur glatast tækifæri til þess að endurskipuleggja bankakerfið. Umræða undanfarinna ára og áratuga hefur þó leitt í ljós annars vegar nauðsyn endurskipulagningarinnar og víðtækan pólitískan vilja til þess. Ríkisstjórnin bar hins vegar ekki gæfu til þess að nýta tækifærið nú. Þegar á hólminn var komið brast hana bæði þor og vilja. Því sitjum við uppi með óbreytt bankakerfi að samþykktu þessu frv. og það meira að segja svo að þrátt fyrir hlutafjárstofnun um bankann er ríkinu ætlað að veita honum alla vernd, réttindi og ábyrgð sem ríkisbanka áfram næstu tvö árin.

Ábyrgð Sjálfstæðisflokksins er mikil í þessu máli. Engum dylst ábyrgð ráðamanna í Sjálfstæðisflokknum í Hafskipsmálinu sem er frumorsökin að ógöngum Útvegsbankans. Sjálfstæðisflokkurinn kvað líka afdráttarlaust upp úr um það að hann setti endurskipulagningu bankakerfisins á oddinn, en hefur nú runnið frá öllu saman.

Alþýðuflokkurinn ályktaði um skipulag bankamála og málefni Útvegsbankans í des. s.l. Þar var gerð tillaga um víðtæka endurskipulagningu sem hefði bætt og styrkt rekstur bankakerfisins til frambúðar. Alþýðuflokkurinn ítrekar tillögur sínar við þetta tækifæri og mælir því gegn samþykkt á því frumvarpi ríkisstjórnarinnar um málefni Útvegsbankans sem hér er til afgreiðslu.

Alþingi, 17. mars 1987.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Ed. 1018. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til vaxtalaga.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Það er ekki á nokkurn hátt viðhlítandi umfjöllun um málið og tekur því undirrituð ekki þátt í afgreiðslu þess. Sama gildir um frv. til l. um dráttarvexti.

Alþingi, 17. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1019. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til vaxtalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðna Jónatan Þórmundsson prófessor og Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðing. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 17. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, frsm.
Valdimar Indriðason.		Egill Jónsson.

Sþ. 1020. Nefndarálit [421. mál]

um till. til þál. um stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, „EUTELSAT".

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 17. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Haraldur Ólafsson, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Gunnar G. Schram.	Hjörleifur Guttormsson.
	Ingvar Gíslason.	

Sþ. 1021. Nefndarálit [425. mál]

um till. til þál. um viðbótarsamninga við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 17. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Haraldur Ólafsson, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Gunnar G. Schram.	Hjörleifur Guttormsson.
	Ingvar Gíslason.	

Ed. 1022. Lög [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 17. mars.)

Samhljóða þskj. 950.

Ed. 1023. Frumvarp til laga [213. mál]

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. mars.)

Samhljóða þskj. 667 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, tveimur fulltrúum tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin kýs sér sjálf varaformann og ritara. Þóknun fyrir störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr. hljóðar svo:

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

a. Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.

b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.
c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a-lið séu til þess rökstuddar ástæður að mati skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, veitt sérleyfi til skemmri tíma en fimm ára en þó aldrei skemur en til eins árs í senn.

Enn fremur er heimil endurskoðun b- og c-liða svo oft sem þurfa þykir.

Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

Samgönguráðherra getur sagt upp sérleyfi innan fimm ára tímabilsins ef fyrirhugaðar eru verulegar skipulagsbreytingar innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal þó ekki vera skemmri en tvö ár.

8. gr. hljóðar svo:

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins sem áður hefur verið veitt sérleyfi til og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda einkaleyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

12. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 29 23. mars 1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Ed. 1024. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Helgi Seljan, fundaskr., frsm.	Björn Dagbjartsson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Árni Johnsen.	Salome Þorkelsdóttir.

Karl Steinar Guðnason.

Ed. 1025. Lög [249. mál]

um listmunauppboð o.fl.

(Afgreidd frá Ed. 17. mars.)

Samhljóða þskj. 970 (sbr. 948).

Ed. 1026. Breytingartillaga [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Heimilt er félagsmálaráðherra að höfðu samráði við ASÍ, VSÍ og VMSS að setja reglur um að skerða eða hafna lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

Ed. 1027. Lög [318. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986.

(Afgreidd frá Ed. 17. mars.)

Samhljóða þskj. 904.

Ed. 1028. Nefndarálit [418. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðna Jónatan Þórmundsson prófessor og Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðing.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 17. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, frsm.
Egill Jónsson.		Valdimar Indriðason.

Nd. 1029. Breytingartillögur [392. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.
2. Við 2. gr. Í stað síðasta málsl. l-liðar komi: Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.

Nd. 1030. Breytingartillaga [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 11. gr., A-lið. Við 2. málsl. 2. mgr. 1. tölul. bætist: þó að lágmarki 37 820 kr. með hverju barni.

Sþ. 1031. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um þróunarstofur landshlutanna.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Frumvarp þetta feli m.a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.
2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.
3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði um áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegun.
4. Þróunarstofur skulu m.a.:
   a. sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir;
   b. vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;
   c. varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;
   d. starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja.

Greinargerð.

Þessar tillögur hafa verið fluttar á fyrri þingum en ekki hlotið afgreiðslu. Þær eru nú endurfluttar til upprifjunar vegna vaxandi umræðna um þróun byggðar í landinu.

Almenn markmið tillagnanna eru þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Um einstaka liði í þingsályktunartillögunni má segja eftirfarandi:

Í 1. lið er lögð áhersla á hið tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækrar ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t.d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamálum o.fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofnunum.

Í 2. lið er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa, enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúa þeirra standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir jafnaðarmanna um almennar kosningar héraðsstjórnvalda sem mundu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Í 3. lið tillögunnar er lögð áhersla á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, hefðum og lífsháttum er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Það er eðlilegt að aðilar heima í héraði hafi yfirsýn yfir og samræmi þær leiðir sem færar eru til að fjármagna aðgerðir til eflingar byggðar. Þar geta komið við sögu fjárveitingar frá Alþingi og sveitarfélögum, skattar samkvæmt ákvörðunum heimamanna, svo og fjármagn frá bönkum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

Í 4. lið er lagt til að þróunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Það er einnig lagt til að þróunarstofur starfi með landshlutastofum ríkisfyrirtækja, svo sem Vegagerðar, Pósts og síma og RARIK, svo dæmi séu nefnd.

Nd. 1032. Tollalög. [196. mál]

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 967 (sbr. 207).

Nd. 1033. Lög [197. mál]

um veitingu prestakalla.

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 718 (sbr. 208).

Ed. 1034. Frumvarp til laga [342. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. mars.)

Samhljóða þskj. 806 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:
69. gr. laganna orðast svo:

A

Barnabætur.

1. Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 12 625 kr. með fyrsta barni en 18 910 kr. með hverju barni umfram eitt.

   Fyrir börn yngri en sjö ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 12 625 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en að framan greinir, þó að lágmarki 37 820 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

   Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

   Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld fyrri ára.

   Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

   Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

   Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

   Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta og skuldajöfnun þeirra á móti vangoldnum opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.
2. Vegna barna, sem um ræðir í 1. tölul., skal ríkissjóður að lokinni álagningu greiða framfæranda barns sérstakan barnabótaauka, enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. þessa töluliðs uppfyllt.

   Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 25 250 kr.

   Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7% af því sem samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður tekjuskattsstofn hjóna nær 865 714 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7% af því sem tekjuskattsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er tekjuskattsstofn foreldris nær 704 964 kr.

   Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 620 333 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 143 087 kr.

Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Að öðru leyti skulu ákvæði 4.–7. mgr. 1. tölul. þessarar greinar gilda um barnabótaauka.

B

Húsnæðisbætur.

Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum, enda séu öll eftirgreind skilyrði uppfyllt:

1. Um sé að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast.
2. Íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota.
3. Íbúðin sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Húsnæðisbætur skulu vera 55 000 kr. á ári vegna hverrar íbúðar.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging íbúðarhúsnæðis er hafin eða það keypt, sé um notað íbúðarhúsnæði að ræða, og varir í sex ár frá og með því ári.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald bótaþega á viðkomandi íbúð. Selji bótaþegi íbúð, sem húsnæðisbætur miðast við, innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði falla bótagreiðslur til hans niður. Ónýttur bótaréttur skal þá geymast þar til hann hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Húsnæðisbætur skulu skiptast til helminga á milli hjóna sem skattlögð eru skv. 63. gr. og sambýlisfólks sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. og að jöfnu á milli þeirra einstaklinga sem eru sameigendur íbúðarhúsnæðis sem húsnæðisbætur miðast við.

Húsnæðisbætur skulu greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin ógoldin þinggjöld fyrri ára.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun húsnæðisbóta, fyrirkomulag útborgana og fjölda þeirra á hverju ári.

Nd. 1035. Lög [341. mál]

um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 808 (sbr. 595.)

Nd. 1036. Lög [420. mál]

um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 842.

Nd. 1037. Frumvarp til laga [125. mál]

um opinber innkaup.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

Samhljóða þskj. 129 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og falla þá úr gildi lög nr. 72/1947, um Innkaupastofnun ríkisins.

Nd. 1038. Frumvarp til laga [19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Al, Halim, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. 7. janúar 1955 í Tyrklandi. Fær réttinn 13. apríl 1987.
2. Anna Kristín Einarsson, flugfreyja í Reykjavík, f. 11. ágúst 1952 í Bandaríkjunum.
3. Antoniussen, Klæmint Svenning, tannlæknir í Stykkishólmi, f. 19. september 1943 í Færeyjum.
4. Arnar Freyr Samantha Hermannsson, barn á Akureyri, f. 28. apríl 1985 á Sri Lanka.
5. Arndís Jóna Steinarsdóttir, húsmóðir í Grindavík, f. 29. júlí 1962 á Íslandi.
6. Assier, Roland Richard Marie, markaðsstjóri í Reykjavík, f. 12. desember 1957 í Frakklandi.
7. Bandel, Zofia, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. febrúar 1946 í Póllandi.
8. Beekman, Christian, bóndi í Breiðdal, f. 4. apríl 1948 í Hollandi.
9. Behrend, Tómas, rafvirki í Skútustaðahreppi, f. 17. mars 1955 á Íslandi.
10. Benedicic, Helena Dejak, húsmóðir á Akureyri, f. 18. ágúst 1946 í Júgóslavíu.
11. Brune, Esther, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 22. nóvember 1957 í Suður-Afríku. Fær réttinn 4. ágúst 1987.
12. Choi, Kui Ja, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. október 1949 í Suður-Kóreu.
13. Christensen, Björn Ingi Hyldahl, kaupmaður í Garðabæ, f. 4. mars 1951 á Íslandi.
14. Christensen, Sveinn Henrik Hyldahl, kaupmaður í Reykjavík, f. 29. mars 1943 á Íslandi.
15. Collins, Skúli Patrick Leo, nemandi í Reykjavík, f. 24. nóvember 1976 á Nýja-Sjálandi.
16. Correa, Lisa Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. ágúst 1960 á Indlandi. Fær réttinn 13. október 1987.
17. Daníel Matthías Sigurðsson, nemandi í Garðabæ, f. 6. júlí 1962 í Þýskalandi.
18. Djermoun, Mohamed, verslunarmaður í Reykjavík, f. 24. júní 1948 í Alsír.
19. Eckard, Richard Henry, eldvarnaeftirlitsmaður í Sandgerði, f. 1. október 1945 á Íslandi.
20. Eckardt, Ludwig Martin, kennari á Akranesi, f. 14. maí 1951 í Þýskalandi.
21. Eliason, Sonja Ísafold, húsmóðir í Krýsuvík, f. 13. október 1936 í Danmörku.
22. Frady, Elly Renée, bankastarfsmaður í Kópavogi, f. 31. október 1958 á Íslandi.
23. Furrow, Jennie, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1956 í Bandaríkjunum.
24. Gunnlaugur Marteinn Símonarson, stýrimaður í Reykjavík, f. 29. júní 1952 á Íslandi.

25. Hadzic, Nebojsa, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 20. nóvember 1939 í Júgóslavíu.
26. Hajduk, Magdalena, barn í Reykjavík, f. 8. mars 1979 í Póllandi.
27. Hambrock, Heide Margarete, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1959 í Austurríki.
28. Hartmann, Ilse Heike, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 28. mars 1936 í Þýskalandi.
29. Hirlekar, Girish Bhaskar, læknir á Akureyri, f. 4. febrúar 1952 á Indlandi. Fær réttinn 25. ágúst 1987.
30. Holm, Gunnar, vélfræðingur í Reykjavík, f. 3. ágúst 1961 á Íslandi.
31. Holm, Linda Björk, starfsstúlka í Reykjavík, f. 18. júní 1961 á Íslandi.
32. Jacobsen, Edil Jovina, húsmóðir á Vopnafirði, f. 5. febrúar 1945 í Færeyjum.
33. Joensen, Alda Hafdís, húsmóðir í Grindavík, f. 7. febrúar 1948 á Íslandi.
34. Joensen, Guðbjög Berglind, húsmóðir í Grindavík, f. 22. desember 1953 á Íslandi.
35. Joensen, Súsanna, húsmóðir í Grindavík, f. 9. maí 1946 á Íslandi.
36. Johansen, Aðalgeir Georg Daði, netagerðarmaður í Grindavík, f. 28. júlí 1950 á Íslandi.
37. Johansen, Flóvent Elías, netamaður í Grindavík, f. 18. júlí 1954 í Færeyjum.
38. Jóhann Páll Lilaa Símonarson, farmaður í Reykjavík, f. 11. apríl 1951 á Íslandi.
39. Josephsson, Ulf Anders Torsten, sjúkraliði í Reykjavík, f. 2. maí 1958 í Svíþjóð.
40. Kárdal, Jónína Ólafsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 8. nóvember 1966 í Bandaríkjunum.
41. Khan, Mohammed Allauddin, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 5. ágúst 1961 í Pakistan. Fær réttinn 28. apríl 1987.
42. Kim, Tae Chol, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1945 í Suður-Kóreu.
43. Klonowski, Ewa Elvira, erfðafræðingur í Reykjavík, f. 14. nóvember 1946 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
44. Klonowski, Ireneusz, verkfræðingur í Reykjavík, f. 27. júní 1945 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
45. Krawczyk, Stanislawa, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. apríl 1952 í Póllandi.
46. Laskowska, Regina Irena, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. janúar 1963 í Póllandi. Fær réttinn 4. maí 1987.
47. Ly, Lan Muoi, húsmóðir í Reykjavík, f. 15. október 1956 í Víet Nam. Fær réttinn 22. desember 1987.
48. Martinez, Antonio Fernández, sjómaður á Fáskrúðsfirði, f. 16. maí 1959 á Spáni.
49. Miltenburg, Marinus Jacobus Wilhelmus, verkamaður í Grindavík, f. 22. febrúar 1960 í Hollandi.
50. Mooney, Bruce Scott, verkamaður í Reykjavík, f. 20. júlí 1958 í Bandaríkjunum.
51. O'Connell, Edward Gerard, vélvirki í Reykjavík, f. 11. júní 1950 í Skotlandi.
52. Polanska, Jolanta, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. apríl 1959 í Póllandi. Fær réttinn 6. apríl 1987.
53. Potenciano, Jesús Hernández, kennari í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Spáni.
54. Sandy, Anthony Roy, hárgreiðslumeistari í Mosfellssveit, f. 14. júlí 1945 í Englandi.
55. Shahin, Ibrahim Antar Sayed Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1947 í Egyptalandi.
56. Shahin, Samir Antar Said Ahmid, verkamaður í Reykjavík, f. 23. júní 1954 í Egyptalandi.
57. Stanojev, Krsta, íþróttakennari í Kópavogi, f. 5. júní 1944 í Júgóslavíu.
58. Suchanek, Barbara María, húsmóðir í Hrunamannahreppi, f. 28. júlí 1945 í Póllandi.
59. Swan, Edward Marion, bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 14. janúar 1947 í Bandaríkjunum.
60. Tamayo, Proserpina Yrissari, húsmóðir á Hvammstanga, f. 1. febrúar 1949 á Filippseyjum.
61. Tomcsyk, Izabella, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. apríl 1940 í Póllandi.

62. Vasiljeva, Natalya Vladimirovna, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 12. maí 1987.
63. Vilhjálmur Helgi Vilhjálmsson, nemandi í Reykjavík, f. 29. janúar 1960 í Bandaríkjunum.
64. Vogler, Philip Norman, kennari á Egilsstöðum, f. 4. október 1950 í Bandaríkjunum.
65. Waldimar Waldimarsson, fiskeldismaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1935 á Íslandi. Fær réttinn 1. október 1987.
66. Wendover, Arthur Gordon, rafeindavirki á Ísafirði, f. 14. apríl 1947 í Kanada.
67. Wendover, Brigid Elizabeth, húsmóðir á Ísafirði, f. 18. apríl 1944 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir skal heimilt, til septemberloka 1987, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1039. Frumvarp til laga [392. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 15 000 kr. á mánuði í fjóra mánuði við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarstyrkur greiddur í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd.

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að

ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í þrjá mánuði (fjóra frá 1. jan. 1989 og fimm frá 1. jan. 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Ný grein kemur er verður 26. gr. laganna og orðast svo:

a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í fjóra mánuði. Frá 1. jan. 1989 skulu þeir greiddir í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði.
d. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1032–2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Launuð vinna í grein þessari merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.
e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm eða sex, sbr. c-lið).
g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.
h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni þann mánuð.
j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu

fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.

l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.

m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.

n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.

p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir foreldrar, sem kunna að vera í fæðingarorlofi við gildistöku laganna og fá greiðslur samkvæmt núgildandi ákvæði 16. gr. almannatryggingalaga, skulu fá greiddan fæðingarstyrk og eftir atvikum fæðingardagpeninga í samræmi við lög þessi frá gildistöku þeirra þannig að samfelldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðingar verði fjórir mánuðir. Þegar lenging fæðingarorlofs kemur til framkvæmdar skulu þeir foreldrar, er þá fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, einnig njóta lengingarinnar.

Nd. 1040. Frumvarp til laga [416. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum falli niður: 37.03.09, 64.01.02, 64.02.03, 70.15.00, 90.07.13, 90.07.19, 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00, 91.11.00, 97.06.01.

b. Tollur á vörum í eftirtöldu tollskrárnúmeri lækki í 5%: 32.10.00.

c. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 20%: 37.01.09, 37.02.09.

d. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 50%: 92.12.19, 92.12.29.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1041. Lög [423. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 866.

Nd. 1042. Lög [359. mál]

um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 738 (sbr. 644).

Nd. 1043. Lög [391. mál]

um fæðingarorlof.

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 707.

Nd. 1044. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Jón Baldvin Hannibalsson og Kristín S. Kvaran.

Alþingi, 18. mars 1987.

Halldór Blöndal, form. Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. Hjörleifur Guttormsson.

Þórarinn Sigurjónsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 1045. Breytingartillaga [315. mál]

við brtt. á þskj. 1007 [Varnir gegn mengun hafsins við Ísland].

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Haraldi Ólafssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Kjartani Jóhannssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Í stað orðanna „þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskistofnum á þessu svæði er búin“ komi: þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskistofnum og mannvist á þessu svæði er búin.

Sþ. 1046. Svar [412. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um tekjutap sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi vegna skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Vegna fyrirspurnarinnar skal upplýst að *árið 1984* var fyrst sett svonefnt þak á tekjur sjóðsins. Það mun hafa átt að vera til bráðabirgða en er enn á fjárlögum þessa árs.

Sama ár var Jöfnunarsjóður látinn taka lán til þess að flýta fyrir uppgjöri Innheimtustofnunar sveitarfélaga á barnsmeðlögum. Í upphafi var lánið jafnvirði 136 millj. kr. Til þess að tryggja endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs á láninu var honum veitt ríkisábyrgð og greiddi sjóðurinn um 2 millj. kr. fyrir hana. Síðar var láninu breytt í fimm ára gengistryggt lán sem var afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Þá var fjárhæðin komin yfir 190 millj. kr. vegna gengishækkunar bandaríkjadals.

Árið 1987 verða afborganir af láninu rúmlega 60 millj. kr. og vextir að fjárhæð um 15 millj. kr.

Tekjur hvers einstaks sveitarfélags eru reiknaðar út eftir íbúafjölda þess en íbúafjöldinn breytist frá ári til árs. Hlutdeild þeirra í skuldinni sem að framan greinir deilist á þau öll og dregst frá þeim tekjum sem sjóðnum eru ætlaðar.

Í ár er tap hvers sveitarfélags um 320 kr. á íbúa einungis vegna greiðslu afborgana af láninu eða hjá Reykjavíkurborg um 29,2 millj. kr., Ísafjarðarkaupstað um 1 millj. kr., Fjallahreppi um 7 þús. kr. svo að dæmi séu tekin.

Tekjur af landsútsvörum voru einnig skertar vegna undanþágu olíufélaganna á greiðslu landsútsvars af gasolíu til skipa. Sú skerðing var lögfest á árinu 1985. Vegna olíuverðsbreytinga er ekki hægt að áætla tekjur af landsútsvörum á árinu 1987.

Í 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, segir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli m.a. vera:

a. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 8% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt.
b. Framlag úr ríkissjóði sem nemur 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs skv. lögum nr. 6/1974, um tollskrá o.fl.

Útreikningur á lögbundnu framlagi:

a. Útreikningur á lögbundnu framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er miðaður við söluskatt eins og hann er á hverjum tíma (söluskattur, söluskattsauki, orkujöfnunargjald og húsnæðisgjald mynda það sem nefnt er sölugjald). Lögbundna framlagið á árinu 1985 er t.d. fundið þannig: Skv. ríkisreikningi 1985 nam innheimtur söluskattur og söluskattsauki (þ.e. 22,5%) 10 448 921 þús. kr. á árinu 1985. Lögbundna framlagið í ríkissjóð hefði því átt að vera 8% af 10 448 921/22,5x20 eða 743 034 þús. kr.
b. Í þessu tilviki er aðeins flett upp á innheimtum verðtollstekjum í ríkisreikningi og fundin 5% af þeirri fjárhæð.

Lögbundið og raunverulegt framlag af söluskattstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
557 226	743 034	973 590	1 168 000
495 000	635 000	770 000	820 000

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
1 009 506	1 016 906	1 098 708	1 168 000
896 773	869 052	868 954	820 000

Lögbundið og raunverulegt framlag af verðtollstekjum.

a. Á verðlagi hvers árs:

1984	1985	1986	1987
128 033	147 500	142 272	151 500
100 000	147 500	142 272	151 500

b. Á verðlagi fjárlaga 1987 (staðvirt með framfærsluvísitölu):

1984	1985	1986	1987
231 953	201 866	160 556	151 500
181 166	201 866	160 556	151 500

Vesturlandskjördæmi árið 1984.

(Í þús. kr.)

	Lokatala 1984	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Akranes	12 570	22 773	13 479	24 420
Ólafsvík	2 900	5 254	3 110	5 634
Strandarhreppur	416	754	446	808
Skilmannahreppur	317	574	340	616
Innri-Akraneshreppur	310	562	333	603
Leirár- og Melahreppur	350	634	365	661
Andakílshreppur	658	1 192	706	1 279
Skorradalshreppur	150	272	161	292
Lundarreykjadalshreppur	242	438	260	471
Reykholtsdalshreppur	693	1 255	734	1 330
Hálsahreppur	240	435	257	466
Hvítársíðuhreppur	167	303	179	324
Þverárhlíðarhreppur	226	409	242	438
Norðurárdalshreppur	296	536	318	576
Stafholtstungnahreppur	470	851	504	913
Borgarhreppur	376	681	403	730
Borgarneshreppur	4 110	7 446	4 407	7 984
Álftaneshreppur	268	486	287	520
Hraunhreppur	277	502	297	538
Kolbeinsstaðahreppur	320	580	343	621
Eyjahreppur	146	265	156	282
Miklaholtshreppur	315	570	338	612
Staðarsveit	284	514	305	553
Breiðuvíkurhreppur	183	332	197	357
Neshreppur utan Ennis	1 405	2 545	1 507	2 730
Fróðárhreppur	66	119	71	129

	Lokatala 1984	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Eyrarsveit	1 866	3 381	2 001	3 625
Helgafellssveit	204	370	219	397
Stykkishólmshreppur	3 017	5 466	3 236	5 863
Skógarstrandarhreppur	188	341	202	366
Hörðudalshreppur	120	217	129	233
Miðdalahreppur	322	583	345	625
Haukadalshreppur	143	259	154	279
Laxárdalshreppur	1 006	1 823	1 079	1 954
Hvammshreppur	237	429	255	462
Fellsstrandarhreppur	190	344	204	370
Skarðshreppur	108	196	116	210
Saurbæjarhreppur	313	567	335	607
Klofningshreppur	59	107	63	114

Vesturlandskjördæmi árið 1985.
(Í þús. kr.)

	Lokatala 1985	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Akranes	13 582	18 588	15 538	21 265
Ólafsvík	3 135	4 290	3 587	4 909
Strandarhreppur	447	612	512	700
Skilmannahreppur	383	524	438	599
Innri-Akraneshreppur	334	457	382	523
Leirár- og Melahreppur	373	510	426	583
Andakílshreppur	678	928	776	1 062
Skorradalshreppur	159	218	182	249
Lundarreykjadalshreppur	260	356	297	406
Reykholtsdalshreppur	712	974	814	1 114
Hálsahreppur	252	345	288	394
Hvítársíðuhreppur	198	271	226	309
Þverárhlíðarhreppur	252	345	288	394
Norðurárdalshreppur	290	397	332	454
Stafholtstungnahreppur	540	739	617	844
Borgarhreppur	414	567	473	647
Borgarneshreppur	4 474	6 123	5 119	7 006
Álftaneshreppur	283	387	323	442
Hraunhreppur	290	397	332	454
Kolbeinsstaðahreppur	339	464	388	531
Eyjahreppur	170	233	194	266
Miklaholtshreppur	334	457	382	523
Staðarsveit	311	426	356	487
Breiðuvíkurhreppur	198	271	226	309
Neshreppur utan Ennis	1 557	2 131	1 782	2 439
Fróðárhreppur	72	99	82	112
Eyrarsveit	1 987	2 719	2 273	3 111
Helgafellssveit	218	298	250	342

	Lokatala 1985	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Stykkishólmshreppur	3 377	4 622	3 863	5 287
Skógarstrandarhreppur	198	271	226	309
Hörðudalshreppur	134	183	153	209
Miðdalahreppur	352	481	403	552
Haukadalshreppur	139	190	159	218
Laxárdalshreppur	1 103	1 510	1 261	1 725
Hvammshreppur	280	383	320	438
Fellsstrandarhreppur	206	282	235	322
Klofningshreppur	57	78	65	89
Skarðshreppur	136	186	156	214
Saurbæjarhreppur	352	481	403	552

Vesturlandskjördæmi árið 1986.
(Í þús. kr.)

	Lokatala 1986	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Akranes	16 799	18 958	20 863	23 544
Ólafsvík	3 745	4 226	4 651	5 249
Strandarhreppur	543	613	674	761
Skilmannahreppur	453	511	562	634
Innri-Akraneshreppur	419	473	520	587
Leirár- og Melahreppur	465	525	578	652
Andakílshreppur	787	888	978	1 104
Skorradalshreppur	161	182	200	226
Lundarreykjadalshreppur	329	371	408	460
Reykholtsdalshreppur	834	941	1 036	1 169
Hálsahreppur	313	353	389	439
Hvítársíðuhreppur	220	248	273	308
Þverárhlíðarhreppur	313	353	389	439
Norðurárdalshreppur	369	416	458	517
Stafholtstungnahreppur	601	678	747	843
Borgarhreppur	505	570	628	709
Borgarneshreppur	5 286	5 965	6 564	7 407
Álftaneshreppur	338	381	420	473
Hraunhreppur	357	403	443	500
Kolbeinsstaðahreppur	403	455	501	565
Eyjahreppur	211	238	262	296
Miklaholtshreppur	391	441	485	547
Staðarsveit	357	403	443	500
Breiðuvíkurhreppur	267	301	331	373
Neshreppur utan Ennis	1 773	2 000	2 202	2 485
Fróðárhreppur	81	91	100	113
Eyrarsveit	2 390	2 697	2 968	3 349
Helgafellssveit	251	283	312	352

	Lokatala 1986	Á verðlagi 1987	Lokatala án skerðingar	Á verðlagi 1987
Stykkishólmshreppur	4 042	4 561	5 020	5 665
Skógarstrandarhreppur	248	280	308	347
Hörðudalshreppur	164	185	204	230
Miðdalahreppur	415	468	516	582
Haukadalshreppur	164	185	204	230
Laxárdalshreppur	1 314	1 483	1 632	1 841
Hvammshreppur	347	392	431	486
Fellsstrandarhreppur	263	297	293	331
Klofningshreppur	40	45	89	100
Skarðshreppur	156	176	189	213
Saurbæjarhreppur	375	423	466	525

Sþ. 1047. Skýrsla [434. mál]

fjármálaráðherra um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit.

Tilgangur þessarar skýrslu er tvíþættur. Annars vegar að draga fram meginþætti ríkisfjármálanna á árinu 1986 samkvæmt niðurstöðutölum ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni. Hins vegar að sýna framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins í ljósi bráðabirgðatalna um lántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja.

Árið 1986 einkenndist af miklum umskiptum í ríkisfjármálum. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var stefnt að 163 m.kr. tekjuafgangi og 4.606 m.kr. lánsfjárþörf hjá ríkissjóði. Snemma árs voru ríkisfjármál og lánsfjármál tekin til gagngerrar endurskoðunar í kjölfar almennra kjarasamninga í landinu. Í framhaldi af því voru samþykkt lög nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986. Með þeim aðgerðum ákvað ríkisstjórn og Alþingi að leggja sitt af mörkum til að ná fram hóflegum kjarasamningum og verðlagsmarkmiðum á kostnað lakari afkomu ríkissjóðs. Í hnotskurn komu áhrif þessa fram í því að í stað tekjuafgangs voru nú horfur á 1.486 m.kr. tekjuhalla og 6.105 m.kr. lánsfjárþörf hjá ríkissjóði. Er líða tók á árið 1986 þótti sýnt að stefndi í enn meiri halla á ríkissjóði en gert hafði verið ráð fyrir og á það sér margþættar skýringar.

Í þessari skýrslu verður lögð áhersla á að sýna og skýra frávik niðurstöðutalna ársins 1986 frá fyrri áætlunum um afkomuna. Niðurstöðutölur ríkisbókhalds lágu fyrir um miðjan janúar og byggir það uppgjör í megindráttum á greiðslugrunni. Niðurstöður um afkomu ríkissjóðs hér eru í samræmi við uppgjör ríkisbókhalds að undanskilinni framsetningu á lánabreytingum og viðskiptareikningum innbyrðis. Þetta raskar þó ekki meginniðurstöðum skýrslunnar. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggir á rekstrargrunni, verður frábrugðinn meðal annars að því leyti að þar er tekið tillit til óinntra uppgjöra í árslok. Hins vegar eru fjárlög ávallt á greiðslugrunni og gefur samanburður þeirra við niðurstöður ríkisbókhalds á sama grunni því raunhæfa viðmiðun.

Niðurstöður um afkomu ríkissjóðs á árinu 1986 sýna verulegan rekstrar- og greiðsluhalla. Yfirlitið hér að neðan sýnir áætlun um afkomu ríkissjóðs á mismunandi stigum samanborið við niðurstöður ársins (m.kr.):

Yfirlit I **Heildaryfirlit um afkomu ríkissjóðs 1986**

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í september 1986	Útkoma 1986
1. Tekjur	37.854	35.344	37.000	38.235
2. Gjöld	37.691	36.830	39.177	40.111
3. Tekjuafgangur/halli (1—2)	**+163**	**−1.486**	**−2.177**	**−1.876**
4. Lánahreyfingar, nettó (Seðlabanki meðtalinn)	+1.031	+2.656	+3.327	+3.565
5. Viðskiptareikningar, nettó	−1.150	−1.150	−1.150	−964
6. Greiðsluafgangur/halli (3+4+5)	**+44**	**+20**	**—**	**+725**

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir nokkur frávik milli áætlana og niðurstöðutalna um afkomu ríkissjóðs. Þannig reyndist tekjuhallinn nokkru meiri en fyrirséð var við afgreiðslu ríkisfjármála í mars, en ívið hagstæðari en útlit var fyrir í september. Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1986 sýna 1.876 m.kr. halla eða sem jafngildir 1,3% af vergri landsframleiðslu þess árs. Á hinn bóginn var greiðsluafgangur ríkissjóðs 725 m.kr. eða um 0,5% af vergri landsframleiðslu.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfi og Seðlabanka gefur ákveðna vísbendingu um efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna á hagkerfið. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluafkomuna á árinu 1986 (m.kr.):

Yfirlit II **Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1986**

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í september 1986	Útkoma 1986
6. Greiðsluafgangur/halli	+44	+20	—	+725
7. Afborganir af lánum í Seðlabanka	833	833	833	2.586
8. Viðskiptareikningar í Seðlabanka	860	860	860	—
9. – Lántaka í Seðlabanka	—	—	—	−276
10. Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu (6+...+9)	**+1.737**	**+1.713**	**+1.693**	**+3.035**
11. – Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	—	—	—	−208
12. Greiðsluhreyfing við Seðlabanka (10+11)	**+1.737**	**+1.713**	**+1.693**	**+2.827**

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

2. Ríkisfjármál.

Ríkisfjármál tóku verulegum breytingum á árinu 1986 frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum. Ástæður þessa felast einkum í fjármálaaðgerðum í mars sem miðuðu að því að greiða fyrir kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Af þessari ástæðu voru allar verðlags- og launaforsendur fjárlaga ársins endurskoðaðar. Í desember 1986 voru að nýju gerðir kjarasamningar margra aðila, sem einnig fólu í sér umtalsverðar ríkisfjármálaaðgerðir, en áhrifa þeirra gætir fyrst og fremst á árinu 1987.

Samhliða gerð kjarasamninga í febrúar 1986 voru ákveðnar ýmsar aðgerðir sem m. a. höfðu áhrif á fjárhag ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Þessar ráðstafanir voru staðfestar með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Samkvæmt lögunum var fjármálaráðherra m. a. heimilað að lækka ríkisútgjöld um 860 m.kr. og tekjur ríkissjóðs um 2.510 m.kr. Þá voru heimilaðar auknar innlendar lántökur til þess að fjármagna halla ríkissjóðs.

Helstu breytingar á tekjuhlið voru þær að verðjöfnunargjald af raforku var lagt af. Lækkaði það tekjuáætlun ríkissjóðs um 330 m.kr. og kom jafnframt í veg fyrir hækkun raforkuverðs frá rafveitum. Tollar af bifreiðum og ýmsum heimilistækjum voru lækkaðir um sem nemur 580 m.kr. og launaskattur í fiskiðnaði var lækkaður um 250 m.kr. Þá lækkaði áætlaður tekjuskattur um 150 m.kr. og innflutningsgjald af bensíni um 150 m.kr. Almenn lækkun tekna vegna breyttra verðlagsforsendna nam síðan 1.050 m.kr. Á gjaldahlið fjárlaga var sú efnisbreyting helst gerð að niðurgreiðslur á vöruverði voru hækkaðar um 220 m.kr. til þess að draga úr hækkun á söluverði búvara. Þá lækkuðu útgjöld um 860 m.kr. vegna breytingar á launa- og verðlagsforsendum.

Forsendur fjárlaga, að kjarasamningunum gerðum, voru m. a. þær að laun hækkuðu um 14—15% frá upphafi árs til loka 1986. Í reynd hækkuðu laun nokkru meira eða um 28—30% hjá opinberum starfsmönnum í heild. Einstakir hópar þeirra hækkuðu þó ívið meira, svo sem lögreglumenn og kennarar. Þessi hækkun launa jók launaútgjöld ríkissjóðs um verulegar fjárhæðir auk ýmissa útgjalda sem launaþróun tengjast. Við gerð kjarasamninganna var gengið út frá því að almennt verðlag innan lands hækkaði um 8—9% frá upphafi til loka árs. Í raun varð hækkun á verðlagi um 13% á mælikvarða framfærsluvísitölu.

Kjarasamningar og almenn verðlags- og gengisþróun er hvort tveggja ávallt mjög mótandi um fjárhag ríkissjóðs. Frávik fjárlaga og ríkisreiknings ber þessa því mjög merki. Þessu til viðbótar er ávallt um nokkur útgjöld að ræða vegna skuldbindinga sem ekki verður komist hjá.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar helstu vísitalna 1985—86 eins og þær urðu í raun samanborið við forsendur fjárlaga:

Yfirlit III **Hækkun launa, verðlags og gengis 1985—1986**

	Meðalhækkun milli ára			Hækkun frá ársbyrjun til ársloka		
	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
1. Framfærsluvísitala	28,0	21,0	21,4	22,0	8,0	13,0
2. Byggingarvísitala	28,0	24,0	25,4	20,0	12,0	17,0
3. Lánskjaravísitala	29,5	24,0	24,6	21,5	11,0	15,0
4. Kauptaxtar opinberra starfsmanna	27,0	25,2	32,7	21,5	13,8	29,7
5. Meðalverð erlends gjaldeyris	21,5	16,0	17,9	18,0	4,0	7,5

Heimild: Þjóðhagsstofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

2.1 Tekjuhlið ríkissjóðs.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 námu alls 38.235 m.kr. samanborið við 27.110 m.kr. á árinu 1985. Hækkun milli ára nemur rúmlega 41%. Vegna breytingar á skilgreiningu ríkissjóðs eru fjárhæðirnar ekki fyllilega sambærilegar. Séu vaxtatekjur ríkissjóðs bæði árin dregnar frá sést að innheimtar tekjur ríkissjóðs vaxa um tæplega 34% milli ára. Þessi hækkun er eilítið lægri en hækkun atvinnutekna og ráðstöfunartekna á mann á sama tímabili. Hækkun framfærsluvísitölu var hins vegar mun minni milli áranna 1985 og 1986 eða 21,4%. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu á helstu tekjuliðum ríkissjóðs á árunum 1985 og 1986 (í m.kr.):

Yfirlit IV **Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1985 og 1986**

	Í milljónum króna		Hlutfallsleg samsetning	
	Innheimt 1985	Innheimt 1986	Innheimt 1985	Innheimt 1986
1. Tekjuskattar	2.311	4.308	8,5	11,3
2. Eignaskattar	678	810	2,5	2,1
3. Tolltekjur	4.268	5.031	15,7	13,2
4. Veltuskattar	14.073	18.903	51,9	49,4
5. Skattar af launagreiðslum	2.019	2.683	7,5	7,0
6. Aðrar tekjur	3.761	6.500	13,9	17,0
7. Heildartekjur (1+...+6)	**27.110**	**38.235**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Í september 1986 var gert ráð fyrir að tekjur ársins yrðu 37.000 m.kr. en í reynd urðu þær rúmlega 3% hærri. Þennan mismun má einkum rekja til heldur meiri veltu- og verðbreytinga seinni hluta árs 1986 en ráð var fyrir gert. Þá benda bráðabirgðatölur einnig til þess að innheimtuhlutfall beinna skatta hafi hækkað örlítið á síðustu mánuðum ársins.

Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, voru gerðar umtalsverðar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlögum. Skatthlutföll tekjuskatts voru lækkuð, tollar á bifreiðum, ýmsum heimilistækjum og matvörum, hjólbörðum og slöngum lækkaðir verulega og gúmmígjald fellt niður. Þá var launaskattur lækkaður og verðjöfnunargjald af raforku fellt niður. Þessar aðgerðir ásamt breytingum á verðlags- og gengisforsendum við gerð kjarasamninganna í febrúar 1986 þýddu að áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 lækkuðu úr 37.854 m.kr. í fjárlögum í 35.344 m.kr. Endanlegar tekjur ríkissjóðs reyndust 38.235 m.kr. á árinu 1986.

Hækkun innheimtra tekna ríkissjóðs umfram áætlun eftir aðgerðir í ríkisfjármálum í mars 1986 má einkum rekja til eftirfarandi þátta:

1. Launabreytingar milli áranna 1984 og 1985 urðu mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir þegar frádráttarliðir og mörk skattþrepa vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 voru ákveðin. Þetta misgengi hafði í för með sér að innheimtur tekjuskattur á árinu 1986 varð hærri en áætlað hafði verið. Í febrúar var áætlað að tekjuskattar yrðu 8,7% af tekjum ríkissjóðs en í reynd varð hlutfallið 11,3%.

Launabreytingar á árinu 1986 urðu einnig meiri en áætlað hafði verið og það hafði m.a. þau áhrif að innheimtur launaskattur varð 150 m.kr. eða 10,9% hærri en áætlað var við aðgerðirnar í mars.

2. Tollalækkun í febrúar ásamt auknum kaupmætti almennings og aukinni veltu síðari hluta ársins 1986 leiddi til hærri tekna ríkissjóðs af innflutningi en ráð var fyrir gert. Sem dæmi um aukinn innflutning má nefna að árið 1985 voru 7.167 bifreiðar fluttar til landsins en 15.851 árið 1986. Tolltekjur urðu um 326 m.kr. hærri en áætlað var í mars og tekjur af veltusköttum urðu 764 m.kr. hærri en áætlað var.

Í töflu 1 í töfluviðauka er sýnd skipting á innheimtum tekjum ríkissjóðs 1985 og 1986. Einstakir tekjuliðir hækka mismikið milli ára. Þannig hækkar t.d. liðurinn arðgreiðslur, vextir o.fl. um 211% og verður 8,4% af tekjum ríkissjóðs 1986 en var 3,8% árið 1985. Hér skiptir mestu máli breyting á skilgreiningu ríkissjóðs sem þýðir að vaxtatekjur vegna endurlána ríkissjóðs teljast nú með tekjum hans. Beinir skattar hækka um 68% milli ára sem er mun meira en launa- og verðlagsbreytingar á sama tíma, eins og þegar hefur verið minnst á. Á árinu 1986 voru beinir skattar 14,5% af tekjum ríkissjóðs samanborið við 12,1% 1985.

Hlutur óbeinna skatta lækkar úr 84,1% af tekjum ríkissjóðs á árinu 1985 í 77,1%. Þar skiptir mestu máli tollalækkun í mars og niðurfelling verðjöfnunargjalds af raforku.

Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um tekjur ríkissjóðs en vísað er í yfirlit IV hér í þessum kafla, sem sýnir skiptingu tekna ríkissjóðs á árunum 1985 og 1986 á helstu tekjustofna, töflu 1 í töfluviðauka, þar sem tekjur ríkissjóðs 1985 og 1986 eru sundurliðaðar enn frekar, og töflu 2, þar sem tekjur ríkissjóðs 1982-1986 eru sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

2.2 Gjaldahlið ríkissjóðs.

Útgjöld ríkissjóðs námu alls 40.111 m.kr. á árinu 1986 samanborið við 29.497 m.kr. 1985. Hækkun milli ára er 36%. Sé hins vegar tekið tillit til breyttrar skilgreiningar ríkissjóðs og vaxtagjöld bæði árin dregin frá hækka útgjöld um 29,8% á sama tímabili. Samanborið við 21,4% hækkun framfærsluvísitölu milli ára þýðir þetta að útgjöld ríkissjóðs hafi aukist um tæp 7% að raungildi.

Þegar fjárlög fyrir árið 1986 voru afgreidd í desember 1985 var áætlað að útgjöld ríkissjóðs yrðu 37.691 m.kr. Við endurskoðun ríkisfjármála í mars var þessi fjárhæð lækkuð í 36.830 m.kr. eða um 861 m.kr. Breytingar á launa-, verðlags- og gengisforsendum fjárlaganna leiddu til 1.081 m.kr. lækkunar útgjalda en á móti kom 220 m.kr. hækkun á niðurgreiðslum á vöruverði. Í septemberáætlun um ríkisfjármál voru útgjöld ríkissjóðs á árinu 1986 áætluð 39.177 m.kr. eða 6,4% hærri en í áætlun í mars 1986. Af þessari hækkun voru um 640 m.kr. raktar til áhrifa Kjaradóms og sérkjarasamninga vorið 1986. Almennar kauphækkanir umfram forsendur fjárlaga leiddu svo til um 500 m.kr. hækkunar bóta almannatrygginga og útgjalda sjúkratrygginga. Þá var ákveðið að greiða niður verð á áburði og draga þannig úr verðhækkun á búvöru. Þetta kostaði ríkissjóð 171 m.kr. Útsala á kindakjöti í ágúst og september leiddi til 81 m.kr. hækkunar útgjalda. Af öðrum stórum liðum má nefna 258 m.kr. hækkun á framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Hækkun útgjalda 1986 um 934 m.kr. frá septemberáætlun til niðurstöðu ársins má annars vegar rekja til ófyrirséðrar kauphækkunar um 2,09% 1. desember, hækkunar bóta almannatrygginga og meiri verðlagshækkana síðustu mánuði ársins en ráð var fyrir gert. Þannig hækkuðu launagjöld ríkissjóðs um 472 m.kr. frá septemberáætlun og útgjöld vegna lífeyristrygginga um 154 m.kr. Einnig má nefna að vaxtagjöld ríkissjóðs urðu 226 m.kr. hærri en áætlað var í september. Hins vegar koma til aukin útgjöld tengd sérstökum ákvörðunum stjórnvalda. Sem dæmi má nefna hækkun útflutningsuppbóta um 24 m.kr. og niðurgreiðslna á vöruverði um 123 m.kr. Á móti þessum hækkunum kemur hins vegar ógreitt framlag til Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 463 m.kr. og rúmlega 130 m.kr. minni útgjöld vegna sjúkratrygginga en áætlað var í september. Eftirfarandi yfirlit sýnir í hnotskurn samanburð á mismunandi áætlunum ársins 1986 og lokaniðurstöður (í m.kr.):

Yfirlit V **Útgjöld ríkissjóðs 1986**

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í september 1986	Útkoma 1986
1. Rekstrarliðir:	**11.738**	**11.411**	**12.553**	**13.373**
Laun	9.049	8.846	9.486	9.958
Önnur gjöld	3.820	3.647	4.152	4.665
– Sértekjur	−1.131	−1.082	−1.085	−1.250
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur:	**16.272**	**16.155**	**17.220**	**17.405**
Lífeyristryggingar	4.813	4.717	4.881	5.035
Sjúkratryggingar	4.944	4.798	5.005	4.874
Niðurgreiðslur á vöruverði	870	1.090	1.220	1.343
Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna	865	865	1.123	1.072
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	600	600	654	654
Útflutningsuppbætur	720	720	720	744
Framlag til Áburðarverksmiðju ríkisins	—	—	171	171
Verðjöfnunargjald af raforku	440	405	405	408
Niðurgreiðsla á rafhitun	220	220	220	204
Annað	2.800	2.740	2.821	2.900
3. Vaxtagjöld:	**3.807**	**3.550**	**3.690**	**3.916**
4. Viðhald:	**1.003**	**962**	**962**	**946**
Vegagerð ríkisins	850	816	816	816
Annað	153	146	146	130
5. Fjárfesting:	**4.871**	**4.752**	**4.752**	**4.471**
Stofnkostnaður	1.857	1.776	1.776	1.958
Fjármagnstilfærslur	3.014	2.976	2.976	2.513
6. Heildargjöld (1+...+5)	**37.691**	**36.830**	**39.177**	**40.111**

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um breytingar á áætlunum um útgjöld ríkissjóðs og raunverulega útkomu ársins heldur vísast til yfirlits V. Hækkun gjaldahliðar ríkissjóðs frá heimildum skv. lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl., hefur verið afgreidd með aukafjárveitingum samkvæmt venju.

Í töflu 3 í töfluviðauka kemur fram skipting útgjalda ríkissjóðs 1985 og 1986 eftir málaflokkum. Að hækkun vaxta frátaldri hækka útgjöld til heilbrigðismála mest milli ára eða um 41%. Útgjöld til atvinnumála hækka minna eða um 23% milli ára, þar af hækka útgjöld til iðnaðar- og orkumála um 18%. Þessa litlu hækkun má rekja til þess að niðurgreiðsla á rafhitun og verðjöfnunargjald af raforku standa nánast í stað milli ára.

Sé litið á útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (tafla 4 í töfluviðauka) kemur í ljós að hlutfallið hefur vaxið úr 26,6% 1985 í 27,3% 1986. Hér skiptir mestu máli að hlutur vaxta og ýmissa smárra útgjaldaliða eykst úr 2,0% 1985 í 3,2% 1986 vegna breytingar á skilgreiningu ríkissjóðs. Annars breytast útgjöld til einstakra málaflokka lítið milli ára nema atvinnumála. Hlutfall útgjalda til atvinnumála lækkar úr 6,2% 1985 í 5,8% 1986. Reyndar hefur hlutur þessa málaflokks farið sífellt minnkandi frá 1982 en þá voru útgjöld til hans 6,9% af vergri landsframleiðslu. Munar hér langmest um að hlutur niðurgreiðslna á vöruverði hefur minnkað úr 2,2% af vergri landsframleiðslu 1982 í 0,9% 1986.

2.3. Lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Fram hefur komið að tekjuhalli ríkissjóðs reyndist nokkru meiri en búist var við eftir ráðstafanirnar sem gerðar voru í kjölfar almennu kjarasamninganna í febrúar 1986. Hins vegar reyndist hallinn um 301 m.kr. lægri en endurskoðuð áætlun ríkisfjármála frá í september gaf til kynna. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð mismunandi áætlana fyrir árið 1986 við útkomu þess (m.kr.):

Yfirlit VI **Afkoma ríkissjóðs 1986**

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í september 1986	Útkoma 1986
1. Tekjur	37.854	35.344	37.000	38.235
2. Gjöld	37.691	36.830	39.177	40.111
3. Tekjuafgangur/halli (1-2)	**+163**	**−1.486**	**−2.177**	**−1.876**
4. Veitt lán, nettó	886	886	842	322
5. Hlutafé og stofnframlög	−100	−100	−100	−89
6. Viðskiptareikningar, nettó	−1.150	−1.150	−1.150	−964
7. Lánsfjárþörf ríkissjóðs, nettó (3+ ...+6)	**−201**	**−1.850**	**−2.585**	**−2.607**
8. Afborganir af teknum lánum	−4.405	−4.255	−4.255	−5.565
9. Lánsfjárþörf ríkissjóðs, brúttó (7+8)	**−4.606**	**−6.105**	**−6.840**	**−8.172**
10. Tekin lán, brúttó	4.650	6.125	6.840	8.897
11. Greiðsluafgangur/halli (9+10)	**+44**	**+20**	**0**	**+725**

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs hafa verið gerð skil hér að framan og vísast til þeirrar umfjöllunar. Þar var þess lauslega getið að vaxtatekjur og vaxtagjöld milli áranna 1985 og 1986 væru ekki sambærilegar. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var breytt skilgreiningu ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 84/1985, um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Fjárlögum er nú ætlað að lýsa umsvifum ríkissjóðs með gleggri hætti en verið hefur og tengja saman umfjöllun um tekjur, útgöld og lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila. Áhrifin koma einkum fram í lánahlið og sýna raunverulegt umfang hennar, þar sem ríkissjóður er umsvifamikill lántaki annars vegar og lánveitandi hins vegar. Hér á eftir mun athyglinni beint að lánahreyfingum og öðrum eignahreyfingum ríkissjóðs á árinu 1986.

Veitt lán, nettó. Við endurskoðun ríkisfjármála í september 1986 var innstreymi umfram útstreymi á veittum lánum ríkissjóðs áætlað 842 m.kr. Útkoman sýnir hins vegar nokkru minna nettóinnstreymi á þessum reikningum eða 322 m.kr. eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (m.kr.):

Yfirlit VII **Veitt lán ríkissjóðs, nettó 1986**

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í september 1986	Útkoma 1986
1. Innheimtar afborganir	1.846	1.846	1.846	1.815
2. – Veitt ný lán	−960	−960	−1.004	−1.493
3. Veitt lán, nettó (1+2)	**+886**	**+886**	**+842**	**+322**

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frávikin skýrast einkum af meiri lánveitingum en ráðgert var í áætlunum. Af stórum lánum sem ríkissjóður hafði milligöngu um á árinu 1986 má nefna eftirfarandi: Lánasjóður íslenskra námsmanna 400 m.kr., flugstöð á Keflavíkurflugvelli 300 m.kr., Byggingarsjóður ríkisins 150 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 90 m.kr., Orkusjóður 20 m.kr., Orkubú Vestfjarða 20 m.kr., Sjóefnavinnslan hf. 101 m.kr. og hitaveitur 22 m.kr. Þá veitti ríkissjóður Landsvirkjun 120 m.kr. lán í tengslum við kaup fyrirtækisins á Jarðvarmaveitum ríkisins og Jarðborunum hf. var veitt 41 m.kr. lán í tengslum við yfirtöku á eignum Jarðborana ríkisins.

Hlutafjár- og stofnframlög. Í áætlunum var ráðgert að verja 100 m.kr. í þessu skyni á árinu 1986. Framvindan reyndist sú að hreint útstreymi á þessum reikningum var 89 m.kr. Ný hlutafjár- og stofnframlög reyndust alls 116,6 m.kr. og skiptust þannig: 1) Þróunarfélag Íslands hf. 25 m.kr., 2) Steinullarverksmiðjan hf. 10 m.kr., 3) Kísilmálmvinnslan 3,8 m.kr., 4) Útvegsbanki Íslands 7,5 m.kr., 5) Áburðarverksmiðja ríkisins 20,3 m.kr., 6) Alþjóðabankinn og IDA 39,3 m.kr., 7) Norræni fjárfestingarbankinn 5,1 m.kr., 8) Orkustofnun erlendis hf. 5,6 m.kr. Hins vegar nam sala ríkissjóðs á hlutabréfum alls 28,1 m.kr., þ.e. Iðnaðarbankinn hf. 10,2 m.kr., Norðurstjarnan hf. 16,7 m.kr. og Hraðbraut hf. 1,2 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Í áætlunum fyrir árið 1986 var gert ráð fyrir 1.150 m.kr. útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs. Niðurstöðutölur ársins sýna hins vegar 964 m.kr. nettóútstreymi á þessum reikningum eða 186 m.kr. lægri fjárhæð en áætlað var.

Tekin lán, nettó. Niðurstöður ársins sýna að nýjar lántökur umfram afborganir af teknum lánum námu 3.332 m.kr. Heildarlántökur urðu 8.897 m.kr., þar af voru teknar 276 m.kr. að láni hjá Seðlabanka, 3.617 m.kr. hjá ýmsum innlendum aðilum og 5.004 m.kr. erlendis. Afborganir námu alls 5.565 m.kr., þar af runnu 2.586 m.kr. til Seðlabanka, 1.731 m.kr. til annarra innlendra aðila og 1.248 m.kr. til útlanda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lántökur og afborganir ríkissjóðs á árinu 1986 (m.kr.):

Yfirlit VIII **Tekin lán A-hluta ríkissjóðs, nettó 1986**

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í september 1986	Útkoma 1986
1. Lántökur utan Seðlabanka, nettó:	**1.120**	**2.703**	**3.418**	**5.642**
1.1 Sala spariskírteina	2.100	2.100	2.100	2.127
1.2 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	—	625	625	782
1.3 Verðbréfakaup bankakerfisins	—	850	850	574
1.4 Aðrar innlendar lántökur	—	—	—	134
1.5 Erlendar lántökur	2.550	2.550	3.265	5.004
1.6 – Innlausn spariskírteina	−1.720	−1.720	−1.720	−1.274
1.7 – Afborganir af öðrum innlendum lánum	−460	−352	−352	−457
1.8 – Afborganir af erlendum lánum	−1.350	−1.350	−1.350	−1.248
2. Lántökur í Seðlabanka, nettó:	**−875**	**−833**	**−833**	**−2.310**
2.1 Tekin ný lán	—	—	—	276
2.2 – Afborganir	−875	−833	−833	−2.586
3. Tekin lán, nettó (1+2)	**245**	**1.870**	**2.585**	**3.332**

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Áætlanir ársins um fjáröflun með sölu spariskírteina gengu nokkurn veginn eftir. Þá var innlausn spariskírteina áætluð 1.720 m.kr., en hún reyndist 1.721 m.kr., þar af voru um 447 m.kr. vegna vaxta og verðbóta. Verðbréfakaup bankakerfisins af ríkissjóði reyndust 276 m.kr. lægri en þau voru áætluð og var sá mismunur brúaður með samsvarandi skuldabréfakaupum Seðlabanka. Skuldabréfakaup lífeyrissjóða reyndust 157 m.kr. hærri en ráðgert var. Þá nam önnur innlend lánsfjáröflun 134 m.kr. og skýrist einkum af lántökum í tengslum við eignakaup ríkissjóðs.

Fram hefur komið að erlendar lántökur reyndust 5.004 m.kr. á árinu 1986 eða 1.759 m.kr. hærri en áætlunin í september sýndi. Mismunurinn skýrist af 1.677 m.kr. greiðslu skammtímaláns í Seðlabanka frá fyrra ári sem var tekið til að fjármagna tímabundið greiðsluhalla ríkissjóðs. Í 31. gr. lánsfjárlaga 1986 var veitt heimild til að taka erlent lán í þessu skyni. Þá hafði ríkissjóður milligöngu um erlendar lántökur að fjárhæð alls 42 m.kr. fyrir Orkubú Vestfjarða og nokkrar hitaveitaveitur, eins og fram hefur komið.

Í töflu 9 í töfluviðauka kemur fram að lántökuheimildir ríkissjóðs á árinu 1986 námu alls 8.629 m.kr., þar af námu heimildir í lánsfjárlögum 1986, sbr. lög nr. 3/1986, alls 6.125 m.kr. og aðrar heimildir 2.504 m.kr. Þar kemur einnig fram að innlendar lántökur reyndust 184 m.kr. hærri en skráðar heimildir og erlendar lántökur 42 m.kr. hærri, en sá mismunur skýrist af gengismun.

Greiðsluafgangur/halli. Lokaniðurstöður ársins sýna 725 m.kr. greiðsluafgang hjá ríkissjóði á árinu 1986. Afgangurinn kemur fram í 517 m.kr. bættri stöðu á viðskiptareikningum í Seðlabanka og 208 m.kr. aukningu á innstæðum hjá öðrum.

3. Framkvæmd lánsfjáráætlunar.

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendri og erlendri lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1986. Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þessara aðila (í m.kr.):

Yfirlit IX Yfirlit um innlenda og erlenda lánsfjárráðstöfun 1986 eftir upprunalegum lántakendum

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankakerfis	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar lántökur
1. Opinberir aðilar	**2.127**	**574**	**782**	**511**	**3.994**	**5.656**	**9.650**
Ríkissjóður, A-hluti	2.127	574	782	410[1])	3.893	5.004[2])	8.897
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj.	—	—	—	101	101	530	631
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	122[4])	122
2. Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**2.310**	**22**	**2.332**	**—**	**2.332**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	1.730	22	1.752	—	1.752
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	580	—	580	—	580
3. Lánastofnanir	**—**	**315**	**202**	**—**	**517**	**1.791**	**2.308**
Framkvæmdasjóður	—	315	9	—	324	1.360[3])	1.684
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	193	—	193	—	193
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	—	93	93
Byggðastofnun	—	—	—	—	—	338	338
4. Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**4.109**	**4.109**
Heildarlántökur (1+...+4)	**2.127**	**889**	**3.294**	**533**	**6.843**	**11.556**	**18.399**

1) Þar af nam lántaka hjá Seðlabanka 276 m.kr. og ýmsum innlendum aðilum 134 m.kr.
2) Þar af voru 20 m.kr. endurlánaðar fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs og 22 m.kr. til sveitarfélaga.
3) Þar af voru 190 m.kr. endurlánaðar Þróunarfélagi Íslands hf. sem flokkast með fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs.
4) Að auki tók Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar 540 m.kr. erlent lán til langs tíma sem var ráðstafað til að greiða upp erlend skammtímalán veitunnar frá fyrri árum.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands.

Samkvæmt yfirlitinu nam lánsfjárráðstöfun þessara aðila alls 18.399 m.kr. á árinu 1986, þar af var aflað 6.843 m.kr. innanlands og 11.556 m.kr. erlendis. Í töflum 9 og 10 í töfluviðaukanum eru sýndar lántökuheimildir samanborið við raunverulegar lántökur sömu aðila. Þar kemur meðal annars fram að lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 17.574 m.kr. á árinu 1986, þar af námu heimildir til innlendrar lántöku 6.270 m.kr. og til erlendrar lántöku 11.304 m.kr.

Hér á eftir verður fjallað um lántökur ársins og þær skoðaðar með hliðsjón af gildandi lántökuheimildum. Heimildir til lántöku á árinu 1986 eru í höfuðdráttum tvíþættar. Í fyrsta lagi eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum ársins, en þau hlutu afgreiðslu á Alþingi í desember 1985 og voru endurskoðuð með lögum nr. 3/1986. Í öðru lagi eru nokkur tilvik þar sem lántökuheimildir eiga stoð í sérlögum. Töflur 9 og 10 í töfluviðauka gefa yfirlit um lántökuheimildir samanborið við lántökur ársins 1986. Að auki sýna töflur 11—13 í viðaukanum greiðsluyfirlit húsbyggingarsjóðanna og Framkvæmdasjóðs Íslands á árinu 1986.

3.1 Lánsfjáröflun.

Innlend lánsfjáröflun. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1986 var ráðgert að afla 4.260 m.kr. innanlands fyrir ríkissjóð, húsbyggingarsjóði og lánastofnanir. Þar af var sala spariskírteina ríkissjóðs áformuð 2.100 m.kr., skuldabréfakaup lífeyrissjóða af íbúðalánasjóðunum 1.530 m.kr. og af Framkvæmdasjóði 200 m.kr. Þá var ráðgert að afla Framkvæmdasjóði 380 m.kr. með verðbréfasölu til bankakerfisins og 50 m.kr. með öðrum hætti.

Í kjölfar almennra kjarasamninga í ársbyrjun og efnahagsráðstafana, sem þeim fylgdu, urðu allveruleg umskipti varðandi innlenda lánsfjáröflun opinberra aðila. Fólust þær breytingar einkum í auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af byggingarsjóðunum. Þá var og leitað til lífeyrissjóða og bankakerfis til að fjármagna aukinn halla ríkissjóðs vegna aðgerðanna og til að fyrirbyggja auknar erlendar lántökur.

Innlend lánsfjáröflun jókst í 6.035 m.kr. eða um 1.775 m.kr., þar af runnu 300 m.kr. til húsbyggingarsjóðanna og 1.475 m.kr. til ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð áætlana ársins við útkomu einstakra þátta innlendu lánsfjáröflunarinnar á árinu 1986 (í m.kr.):

Yfirlit X **Innlend lánsfjáröflun 1986**

	Lánsfjár-áætlun 1986	Lánsfjáráætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
1. Ríkissjóður	**2.100**	**3.575**	**3.893**
Sala spariskírteina	2.100	2.100	2.127
Seðlabanki Íslands	—	—	276
Verðbréfakaup bankakerfis	—	850	574
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	—	625	782
Önnur innlend lánsfjáröflun	—	—	134
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**—**	**—**	**101**
Sjóefnavinnslan hf.	—	—	101
3. Húsbyggingarsjóðir	**1.530**	**1.830**	**2.332**
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.530	1.830	2.207
Endurlánað lífeyrissjóðafé úr ríkissjóði	—	—	103
Skyldusparnaður, nettó	—	—	22
4. Lánastofnanir	**630**	**630**	**517**
Verðbréfakaup bankakerfis	380	380	315
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	200	200	202
Önnur innlend fjáröflun	50	50	—
5. Innlend lánsfjáröflun (1+...+4)	**4.260**	**6.035**	**6.843**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að innlend lánsfjáröflun reyndist 6.843 m.kr. og er það nokkru hærra en að var stefnt. Munar þar mest um meiri skuldabréfakaup lífeyrissjóða.

Ríkissjóður: Ekki er ástæða til að ræða innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs hér enda eru henni gerð skil í kafla 2.3, þar sem fjallað er um lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1986.

Húsbyggingarsjóðir: Innlend lánsfjáröflun reyndist 502 m.kr. hærri en ráðgert var og skýrist sú hækkun að mestu af auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Með lögum nr. 54/1986, sem tóku gildi 1. september 1986, var breytt eldri lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Veigamesta breytingin felst í því að nú eru lánveitingar til einstaklinga tengdar

skuldabréfakaupum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs af stofnuninni. Þannig fær einstaklingur hámarkslán að því tilskildu að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðrum kosti fær lánþeginn skerta lánsfjárhæð í samræmi við ákvæði laganna. Hið nýja fyrirkomulag skýrir hin miklu verðbréfakaup lífeyrissjóðanna af íbúðalánasjóðunum á árinu 1986. Að lokum reyndist skyldusparnaður ungmenna jákvæður um 22 m.kr. og er það í fyrsta skipti um árabil.

Lánastofnanir: Innlend lánsfjáröflun fjárfestingalánasjóða reyndist 113 m.kr. lægri en að var stefnt í áætlun ársins. Þar af voru 65 m.kr. vegna minni verðbréfakaupa bankakerfis af Framkvæmdasjóði og ekki tókst að afla sjóðnum 50 m.kr. innanlands með sérstakri fjáröflun. Heildarkaup lífeyrissjóða á skuldabréfum af lánastofnunum reyndust nokkurn veginn eftir áætlun. Hins vegar var í áætluninni miðað við að afla Framkvæmdasjóði 160 m.kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 40 m.kr. með þessum hætti. Útkoman varð hins vegar sú að skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Framkvæmdasjóði námu aðeins 9 m.kr. og af Stofnlánadeild landbúnaðarins 193 m.kr. Framkvæmdasjóði gekk erfiðlega að selja bréf til lífeyrissjóða vegna nýju laganna um húsbyggingarsjóðina, sem í raun þvinguðu þá til að beina kaupum sínum þangað.

Erlendar lántökur. Erlend lán sem ráðstafað var innanlands á árinu 1986 námu alls 11.556 m.kr. Að auki nam erlend lántaka Framkvæmdasjóðs, sem stóð ónotuð á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka í árslok, um 366 m.kr. Innkomin löng erlend lán námu því alls 11.922 m.kr.

Afborganir af löngum erlendum lánum námu alls 5.940 m.kr. á árinu 1986 og skiptust þær þannig að opinberir aðilar greiddu 2.680 m.kr., lánastofnanir 600 m.kr. og einkaaðilar 2.660 m.kr. Innkomin löng erlend lán alls umfram erlendar afborganir námu því 5.482 m.kr. Jafnframt var skuldbreytt 540 m.kr. erlendum skammtímalánum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar í erlend langtímalán. Sú lántaka hefur engin áhrif á hreina skuldastöðu þjóðarbúsins út á við.

Skipta má íslenskum lántakendum á erlendum lánsfjármörkuðum í þrjá flokka, þ.e. Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs, Framkvæmdasjóð Íslands og beinar lántökur hinna ýmsu aðila.

Seðlabanki Íslands annast lántökur fyrir hönd ríkissjóðs erlendis. Því fé, sem aflast, er ýmist ráðstafað til eigin þarfa ríkissjóðs eða endurlánað, einkum til ríkisaðila, í samræmi við heimildir í lánsfjárlögum eða sérlögum.

Framkvæmdasjóður Íslands annast að stórum hluta erlenda lánsfjáröflun fjárfestingalánasjóðanna og endurlánar þeim í samræmi við lánsfjáráætlun.

Beinar lántökur eiga við þá aðila sem sækja beint á erlendan lánsfjármarkað, e.t.v. fyrir milligöngu þriðja aðila eins og viðskiptabanka. Eftirfarandi yfirlit sýnir þann farveg sem erlendar lántökur runnu um til ráðstöfunar innanlands á árinu 1986 (í m.kr.):

Yfirlit XI **Erlend lánsfjárráðstöfun 1986 eftir lántakendum og lánnotendum 1986**

Lánnotendur	Upprunalegur lántaki: Ríkissjóður A-hluti	Framkvæmdasjóður Íslands	Aðrir	Samtals
1. Opinberir aðilar	**5.000**	**190**	**652**	**5.842**
Ríkissjóður, A-hluti	3.998	—	—	3.998
Ríkissjóður, B-hluti	960	—	—	960
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	20	190	530	740
Sveitarfélög	22	—	122	144
2. Lánastofnanir	**—**	**782**	**431**	**1.213**
Iðnþróunarsjóður	—	—	93	93
Byggðastofnun	—	—[1])	338	338
Aðrir fjárfestingalánasjóðir	—	782	—	782
3. Atvinnufyrirtæki	**4**	**388**	**4.109**	**4.501**
4. Erlendar lántökur (1+2+3)	**5.004**	**1.360[2])**	**5.192**	**11.556**

1) Byggðastofnun fékk að auki 100 m.kr. lán hjá Framkvæmdasjóði út á lánsloforð frá árinu 1985. Þetta fé var tekið af eigin ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs.
2) Óráðstöfuð lántaka Framkvæmdasjóðs á gengisbundnum reikningi í Seðlabanka nam um 366 m.kr. í árslok 1986.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Erlend lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs nam alls 5.004 m.kr. 1986 eða um 43,3% af erlendu lánsfé sem var ráðstafað innanlands á árinu 1986. Lánsféð rann að stærstum hluta til eigin þarfa ríkissjóðs eða 3.998 m.kr. og 1.006 m.kr. voru endurlánaðar B-hluta fyrirtækjum og sjóðum, sveitarfélögum og fyrirtækjum eins og yfirlitið sýnir.

Innkomin erlend lántaka Framkvæmdasjóðs nam alls 1.666 m.kr. á árinu 1986, þar af voru 1.360 m.kr. endurlánaðar fjárfestingalánasjóðum og fyrirtækjum eða um 11,8% af erlendu lánsfjárráðstöfuninni.

Að lokum námu beinar lántökur annarra alls 5.192 m.kr. eða um 44,9% af erlendu lánsfjárráðstöfuninni á árinu 1986. Hér er um að ræða eftirtalda aðila:

1. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs alls 530 m.kr. og er það lántaka Landsvirkjunar til framkvæmda.
2. Hitaveitur alls 122 m.kr. og er þar um að ræða 60 m.kr. erlendar lántökur Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og 62 m.kr. hjá Hitaveitu Akureyrar.
3. Lánastofnanir alls 431 m.kr., þar af nam lántaka Byggðastofnunar 338 m.kr. fyrir milligöngu Búnaðarbankans og 93 m.kr. lántaka Iðnþróunarsjóðs hjá Norræna fjárfestingarbankanum.
4. Atvinnufyrirtæki samtals 4.109 m.kr. og er hér einkum um að ræða aðila sem hafa fengið heimild langlánanefndar til erlendrar lántöku.

Framangreindar tölur lýsa ráðstöfun innkominna erlendra lána á árinu 1986. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir ýmsum erlendum lánssamningum sem opinberir aðilar og fjárfestingalánasjóðir áttu aðild að á árinu 1986.

Síðla árs 1985 hóf ríkissjóður útgáfu skammtímaskuldabréfa (Euro Commercial Paper) á erlendum lánamarkaði og námu útistandandi skuldabréf 55 milljónum dollara í lok ársins. Snemma árs 1986 var hámarksfjárhæð samningsins hækkuð úr 60 í 100 milljónir dollara. Frá vormánuðum og fram undir áramót voru að jafnaði útistandandi tæpar 100 milljónir dollara.

Á síðustu vikum ársins versnuðu markaðsaðstæður til muna og í lok árs 1986 nam skuldin 78 milljónum dollara. Ávöxtun þessara skuldabréfa hefur að jafnaði verið 0,03-0,04% undir millibankavöxtum í London (LIBOR).

Seint í apríl 1986 fór fram skuldabréfaútboð fyrir hönd ríkissjóðs í gjaldmiðilseiningunni ECU að fjárhæð 50 milljónir ECU. Skuldabréfin eru til 10 ára með 6⅞% ársvöxtum og endurgreiðast í einu lagi. Lántakan fór fram um það leyti sem vextir á ECU-lánum voru í lágmarki.

Á fyrri hluta ársins 1986 var samið um breytingar á 75 milljón dollara veltiláni ríkissjóðs frá 1982. Lán þetta er nokkurs konar viðbúnaðarlán, m.a. sem baktrygging við skammtímaskuldabréfaútgáfu ríkissjóðs. Lánssamningurinn er til 7 ára og fer endurgreiðsla fram síðustu tvö árin. Í lok ársins voru 63 milljónir dollara útistandandi af þessum samningi og var það allt tekið á árinu 1986.

Þá var á seinni hluta ársins samið um breytingar á 90 milljón dollara veltilánssamningi ríkissjóðs frá 1984. Þetta lán gegnir sama hlutverki og veltilánið frá 1982. Lánssamningurinn er til 10 ára og endurgreiðsla fer fram í einu lagi í lok lánstímans. Í árslok 1986 var útistandandi skuld á þessum samningi um 20 milljónir dollara, en hún var 15 milljónir dollara í árslok 1985.

Ríkissjóður sagði upp tveimur erlendum lánssamningum á árinu 1986 og voru það lán í Evrópureikningseiningum (EUA) frá árunum 1973 og 1974. Eftirstöðvar þeirra námu jafnvirði tæplega 20 milljóna dollara og voru þær greiddar upp.

Í maímánuði samdi Landsvirkjun um nýtt 100 milljón dollara veltilán til 10 ára. Verulegum hluta af andvirði lánsins var ráðstafað til að greiða upp eldri og óhagstæðari lán. Útistandandi eftirstöðvar í lok fimmta árs lánstímans greiðast með jöfnum hálfsárslegum greiðslum seinni fimm árin.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar tók 14 milljón dollara lán til 10 ára í júní 1986. Vextir af láninu eru millibankavextir í London að viðbættu ¼% álagi. Andvirðinu var ráðstafað til endurgreiðslu á erlendum skammtímaskuldum veitunnar eins og fyrr segir.

Á haustmánuðum samdi Framkvæmdasjóður um 90 milljón dollara veltilán til 10 ára. Lánið endurgreiðist með sama hætti og lán Landsvirkjunar. Sjóðurinn dró 75 milljónir dollara á lánið á árinu 1986, þar af gengu 33 milljónir dollara til að greiða upp eldri og óhagstæðari lán. Afgangnum eða 42 milljónum dollara var ráðstafað þannig að rúmar 33 milljónir voru endurlánaðar til ýmissa aðila innanlands og tæpum 9 milljónum var óráðstafað á gengisbundnum reikningi í Seðlabanka í árslok.

Á seinni hluta ársins tók Búnaðarbankinn 11 milljón dollara lán til 6 ára. Vextir af láninu eru millibankavextir í London að viðbættu ¼% álagi. Lánið er afborgunarlaust fyrstu tvö árin en endurgreiðist síðan með jöfnum hálfsárslegum afborgunum. Andvirði lánsins var endurlánað innanlands, þar af runnu um 8 milljónir dollara til Byggðastofnunar.

3.2 Lánsfjárráðstöfun.

Innlendar og erlendar lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 17.574 m.kr. á árinu 1986. Eins og fram hefur komið eru bráðabirgðatölur um lánsfjárráðstöfunina nokkru hærri en heimildirnar eða um 825 m.kr.

Ríkissjóður, A-hluti. Ekki er ástæða til að hafa mörg orð um lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs, enda hefur hún fengið ítarlega umfjöllun hér að framan. Rétt er þó að taka fram að lántökur ríkissjóðs reyndust 226 m.kr. umfram lántökuheimildir á árinu 1986, þar af voru 184 m.kr. innlent fé en 42 m.kr. erlent lánsfé.

Ríkissjóður, B-hluti. Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja og sjóða nam alls 960 m.kr. á árinu 1986 og var það í fullu samræmi við lántökuheimildir. Lántökurnar, sem fóru fram fyrir milligöngu A-hluta ríkissjóðs, skiptust þannig að 400 m.kr. runnu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 300 m.kr. til flugstöðvarbyggingar í Keflavík, 150 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins, 90 m.kr. til almennra framkvæmda RARIK og 20 m.kr. til Orkusjóðs.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökur þessara fyrirtækja reyndust alls 841 m.kr., þar af voru 740 m.kr. erlent lánsfé að uppruna og 101 m.kr. innlent. Lántökuheimildir þessara fyrirtækja á árinu 1986 námu alls 851 m.kr. Frávikin, 10 m.kr., skýrast af því að Landsvirkjun nýtti ekki lántökuheimild sína að fullu.

Lántökur Landsvirkjunar til raforkuframkvæmda, um 530 m.kr., vega langþyngst í lántökum þessara fyrirtækja. Þá nam lántaka Þróunarfélags Íslands hf. 190 m.kr., í samræmi við lántökuheimild félagsins, og var þess fjár aflað erlendis fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs Íslands. Þá nam lántökuheimild Orkubús Vestfjarða 20 m.kr. og var það endurlánað erlent fé fyrir milligöngu ríkissjóðs. Loks lánaði ríkissjóður 101 m.kr. til Sjóefnavinnslunnar hf. með heimild fjármálaráðherra.

Sveitarfélög. Erlendar lántökur sveitarfélaga námu alls 684 m.kr. Þar af voru um 540 m.kr. vegna skuldbreytinga erlendra skammtímalána Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Innkomin erlend lán til sveitarfélaga námu því alls 144 m.kr. og er það 29 m.kr. lægri fjárhæð en gildandi lántökuheimildir.

Húsbyggingarsjóðir. Heildarlántökur íbúðalánasjóðanna námu 2.482 m.kr. á árinu 1986. Þar af runnu 1.902 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 580 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Töflur 11 og 12 í töfluviðauka sýna greiðsluyfirlit sjóðanna á árinu 1986.

Lántökur Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1986 námu alls 1.902 m.kr. og skiptust þær þannig: Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1.730 m.kr., erlent lán úr ríkissjóði 150 m.kr. og innstreymi umfram útstreymi á skyldusparnaði ungmenna 22 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 837 m.kr. á árinu 1986 og er það 463 m.kr. lægri fjárhæð en sjóðnum var ætlað í fjárlögum. Í ljósi góðrar greiðslustöðu Byggingarsjóðs ríkisins var ákveðið að fresta greiðslu framlagsins fram á árið 1987. Innheimta umfram greiðslur afborgana og vaxta með verðbótum nam 141 m.kr. Þá námu rekstrarútgjöld sjóðsins 118 m.kr. á móti 51 m.kr. tekjum. Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins námu 2.844 m.kr. á árinu 1986, en í töflu 11 í töfluviðauka kemur fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins eftir verkefnum. Að lokum versnaði sjóðsstaðan á árinu um 31 m.kr. eða úr 126 m.kr. sjóðseign í ársbyrjun í 95 m.kr. í árslok.

Byggingarsjóður verkamanna aflaði 580 m.kr. lánsfjár innanlands á árinu 1986 með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Framlag ríkissjóðs nam 300 m.kr. í samræmi við fjárlög ársins. Að auki námu framlög sveitarfélaga 68 m.kr. og frá kaupendum eldri íbúða komu 38 m.kr. Þá námu verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör alls 85 m.kr. Greiðsla vaxta og afborgana sjóðsins af áhvílandi skuldum nam 64 m.kr. umfram innheimtu hans af veittum lánum. Rekstrarkostnaður o.fl., nettó nam 32 m.kr. og lánveitingar 941 m.kr., þar af runnu 219 m.kr. til endursöluíbúða og 722 m.kr. til verkamannabústaða og leiguíbúða. Að lokum batnaði sjóðsstaðan um 35 m.kr. eða úr 121 m.kr. sjóðseign í ársbyrjun í 156 m.kr. í árslok.

Lánastofnanir. Lánsfjárráðstöfun lánastofnana nam alls 2.308 m.kr., þar af var aflað 517 m.kr. innanlands og 1.791 m.kr. erlendis. Lánsfjárráðstöfunin skiptist þannig að 1.684 m.kr. fóru um Framkvæmdasjóð, 338 m.kr. um Byggðastofnun, 193 m.kr. um Stofnlánadeild og 93 m.kr. um Iðnþróunarsjóð.

Framangreindar niðurstöður gefa til kynna að um 73% af lánsfjárráðstöfun lánastofnana fór um Framkvæmdasjóð á árinu 1986. Í töflu 13 í töfluviðauka er sýnt greiðsluyfirlit sjóðsins. Þar kemur m.a. fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins á árinu 1986 sem námu alls 2.827 m.kr. og er það 525 m.kr. hærri fjárhæð en Framkvæmdasjóði var ætlað í lánsfjárlögum, sbr. lög nr. 3/1986. Til samanburðar hafði sjóðurinn milligöngu um 190 m.kr. erlenda lántöku fyrir Þróunarfélag Íslands hf. sem áætlað var fyrir. Mismunurinn skýrist meðal annars af endurlánum sjóðsins á erlendu lánsfé til nokkurra atvinnufyrirtækja.

Þá var Byggðastofnun veitt 100 m.kr. lán og Fiskimálasjóði 13 m.kr. út á lánsloforð frá árinu 1985. Bankainnstæður Framkvæmdasjóðs námu alls 1.026 m.kr. í ársbyrjun 1986, þar af voru 72 m.kr. í ýmsum lánastofnunum, 78 m.kr. á innlendum reikningum í Seðlabanka og 876 m.kr. á gengisbundnum reikningum eða um 17,1 milljón dollara og 738 milljónir yena. Af viðbótinni átti Framkvæmdasjóður alls 798 m.kr. á bankareikningum í árslok, þar af voru 105 m.kr. í ýmsum lánastofnunum, 31 m.kr. á innlendum reikningum í Seðlabanka og um 662 m.kr. á gengisbundnum reikningum.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um lántökur annarra fjárfestingalánasjóða á árinu 1986 að öðru leyti en því að Iðnþróunarsjóður og Byggðastofnun öfluðu síns lánsfjár erlendis alls 431 m.kr. og var það í samræmi við lántökuheimildir. Þá hafði Útflutningslánasjóður heimild til 40 m.kr. lántöku erlendis á árinu 1986 sem ekki var þörf á að nýta og við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1987 fékk sjóðurinn heimildina flutta yfir á það ár. Að lokum aflaði Stofnlánadeild landbúnaðarins 193 m.kr. innanlands með sölu skuldabréfa til Lífeyrissjóðs bænda og er það verulega hærri fjárhæð en ráðgert var í lánsfjáráætlun 1986.

Atvinnufyrirtæki. Lánsfjáráætlun miðaði við að erlend lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja yrði um 2.850 m.kr. á árinu 1986. Bráðabirgðatölur um erlenda lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja gefa til kynna að hún hafi orðið 4.109 m.kr. Þessar lántökur skiptust þannig eftir verkefnum: Endurbætur á skipum 836 m.kr., innlend skipasmíði 109 m.kr., flugvélar 189 m.kr., fiskeldi 315 m.kr., vélar og tæki 1.227 m.kr., fiskiskip 64 m.kr. og annað 1.369 m.kr.

Töfluviðauki

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
Tafla 2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 3. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
Tafla 4. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
Tafla 5. Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986. Greiðslugrunnur.
Tafla 6. Skuldir ríkissjóðs, A-hluta, 1977–1986 samkvæmt ríkisreikningi.
Tafla 7. Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
Tafla 8. Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
Tafla 9. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986.
Tafla 10. Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja 1986. Bráðabirgðatölur.
Tafla 11. Byggingarsjóður ríkisins 1986.
Tafla 12. Byggingarsjóður verkamanna 1986.
Tafla 13. Framkvæmdasjóður Íslands 1986.

Tafla 1

Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
(Í milljónum króna.)

		Innheimt 1985	Innheimt 1986	Hækkun %	Fjárlög 1986
1	**Beinir skattar**	**3.280**	**5.525**	**68**	**4.560**
11	Tekju- og eignaskattar	2.989	5.118	71	4.180
12	Sjúkratryggingagjald	168	238	42	240
13	Erfðafjárskattur	67	80	19	45
14	Framkvæmdasjóður aldraðra	56	89	59	95
2	**Óbeinir skattar**	**22.794**	**29.485**	**29**	**30.110**
211	Aðflutningsgjöld	3.281	3.383	3	3.931
212	Innflutningsgjald af bifreiðum	132	337	155	175
213	Innflutningsgjald af bensíni	856	1.311	53	1.365
214	Bifreiðaskattur	424	663	56	675
215	Sölu- og orkujöfnunargjald	10.511	14.443	37	14.335
216	Launaskattur	1.233	1.520	23	1.640
217	Tryggingagjöld	786	1.163	48	1.104
218	Hagnaður ÁTVR	1.922	2.430	26	2.430
219	Stimpilgjöld o. fl.	759	1.010	33	929
220	Vörugjald	1.638	2.030	24	2.177
221	Verðjöfnunargjald á raforku	384	173	−55	440
222	Aðrir óbeinir skattar	868	1.022	18	909
3	**Arðgreiðslur, vextir[1]) o. fl.**	**1.036**	**3.225**	**211**	**3.184**
4	**Tekjur samtals (1+2+3)**	**27.110**	**38.235**	**41**	**37.854**

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 2

Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

		1982	1983	1984	1985	1986
	Verg landsframleiðsla (m. kr.)	**36.924**	**62.656**	**81.716**	**111.023**	**147 165**
1	**Beinir skattar**	**4,0**	**3,9**	**3,6**	**3,0**	**3,8**
11	Tekju- og eignarskattar	3,7	3,6	3,3	2,7	3,5
12	Sjúkratryggingagjald	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
13	Erfðafjárskattur	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
14	Framkvæmdasjóður aldraðra					
2	**Óbeinir skattar**	**21,4**	**19,4**	**20,7**	**20,5**	**20,0**
211	Aðflutningsgjöld	3,7	3,1	3,5	3,0	2,3
212	Innflutningsgjald af bifreiðum	0,3	0,2	0,2	0,1	0,2
213	Innflutningsgjald af bensíni	0,8	0,8	0,8	0,8	0,9
214	Bifreiðaskattur	0,3	0,3	0,3	0,4	0,5
215	Sölu- og orkujöfnunargjald	9,1	8,9	9,4	9,4	9,8
216	Launaskattur	1,3	1,1	1,0	1,1	1,0
217	Tryggingagjöld	0,6	0,5	0,8	0,7	0,8
218	Hagnaður ÁTVR	1,6	1,1	1,4	1,7	1,6
219	Stimpilgjöld o. fl.	0,6	0,5	0,7	0,7	0,7
220	Vörugjald	2,1	1,9	1,6	1,5	1,4
221	Verðjöfnunargjald á raforku	0,3	0,4	0,5	0,3	0,1
222	Aðrir óbeinir skattar	0,7	0,6	0,5	0,8	0,7
3	**Arðgreiðslur, vextir[1]) o. fl.**	**0,5**	**0,8**	**1,1**	**0,9**	**2,2**
4	**Tekjur sem hlutfall af VLF (1+2+3)**	**25,9**	**24,1**	**25,4**	**24,4**	**26,0**

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 3

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
(Í milljónum króna.)

		Útgjöld 1985	Útgjöld 1986	Hækkun %	Fjárlög 1986
1	**Almenn mál**	**2.950**	**3.791**	**29**	**3.154**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	2.664	3.410	28	2.819
12	Utanríkisþjónusta	286	381	33	335
2	**Félagsmál**	**17.413**	**23.091**	**33**	**22.190**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	5.006	6.432	28	5.740
22	Heilbrigðismál	3.039	4.283	41	3.818
23	Velferðarmál	9.368	12.376	32	12.632
3	**Atvinnumál**	**6.913**	**8.532**	**23**	**7.737**
31	Niðurgreiðslur	1.013	1.343	33	870
32	Landbúnaður	1.327	1.649	24	1.344
33	Sjávarútvegur	939	1.197	27	1.122
34	Iðnaður og orkumál	1.154	1.359	18	1.370
35	Samgöngur	2.480	2.984	20	3.031
4	**Ýmis mál**	**2.221**	**4.697**	**111**	**4.610**
41	Vextir[1])	1.608	3.916	144	3.807
42	Annað	613	781	27	803
5	**Gjöld samtals (1+...+4)**	**29.497**	**40.111**	**36**	**37.691**

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 4

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

		1982	1983	1984	1985	1986
	Verg landsframleiðsla (m.kr.)	**36.924**	**62.656**	**81.716**	**111.023**	**147.165**
1	**Almenn mál**	**2,6**	**2,7**	**2,4**	**2,7**	**2,6**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	2,3	2,4	2,1	2,4	2,3
12	Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2	**Félagsmál**	**14,5**	**15,1**	**14,3**	**15,7**	**15,7**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,1	4,2	3,9	4,5	4,4
22	Heilbrigðismál	2,2	2,8	2,6	2,7	2,9
23	Velferðarmál	8,2	8,1	7,8	8,5	8,4
3	**Atvinnumál**	**6,9**	**6,7**	**6,4**	**6,2**	**5,8**
31	Niðurgreiðslur	2,2	1,6	1,0	0,9	0,9
32	Landbúnaður	1,1	1,1	1,1	1,2	1,1
33	Sjávarútvegur	0,3	0,4	0,5	0,9	0,8
34	Iðnaður og orkumál	0,8	1,1	1,3	1,0	0,9
35	Samgöngur	2,5	2,5	2,5	2,2	2,1
4	**Ýmis mál**	**1,2**	**1,4**	**1,5**	**2,0**	**3,2**
41	Vextir[1])	0,6	0,8	0,9	1,4	2,7
42	Annað	0,6	0,6	0,6	0,6	0,5
5	**Gjöld sem hlutfall af VLF (1+...+4)**	**25,2**	**25,9**	**24,6**	**26,6**	**27,3**

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 5

Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986. Greiðslugrunnur.
(Í milljónum króna.)

	1982	1983	1984	1985	1986
I Greiðsluafkoma:					
Jöfnuður gjalda, tekna og lána utan Seðlabanka					
Tekjur	9.562	15.100	20.747	27.110	38.235
Gjöld	−9.324	−16.263	−19.964	−29.497	−40.111
Tekjuafgangur/halli	+238	−1.163	+783	−2.387	−1.876
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	−91	−97	−142	−34	+4.355
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	+147	−1.260	+641	−2 421	+2.479
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka					
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	+126	−1.260	+446	−2 478	+2.271
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	—	−3	+19	+57	—
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	+126	−1.263	+465	−2.421	+2.271
Ýmsir viðskiptamenn	+21	+3	+176	—	+208
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	+147	−1.260	+641	−2.421	+2.479
II Rekstrargrunnur:					
Tekjuafgangur/halli	+850	−1.434	+1.614	−1.871	...[1]

1) Endanlegur ríkisreikningur fyrir árið 1986 liggur ekki fyrir.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 6

Skuldir ríkissjóðs, A-hluta, 1977–1986 samkvæmt ríkisreikningi.
(Í milljónum króna.)

Ár	Við Seðlabanka Íslands				Við aðra innlenda og erlenda aðila				Heildar-skuldir
	A Stutt lán	B Löng lán	C Banka-reikn.[1])	**D Samtals A+B−C**	E Yfir-dráttur	F Stutt lán	G Löng lán	**H Samtals E+F+G**	**D+H**
Stöðutölur í árslok:									
1977	—	129	−23	**152**	—	12	193	**205**	**357**
1978	—	170	−103	**273**	3	37	322	**362**	**635**
1979	85	262	51	**296**	3	44	501	**548**	**844**
1980	40	306	15	**331**	6	72	845	**923**	**1.254**
1981	40	289	79	**250**	9	109	1.397	**1.515**	**1.765**
1982	49	199	43	**205**	20	168	3.265	**3.453**	**3.658**
1983	67	772	−701	**1.540**	29	287	7.666	**7.982**	**9.522**
1984	76	1.745	541	**1.280**	94	127	10.849	**11.070**	**12.350**
1985	1.572	2.008	−540	**4.120**	9	90	14.815	**14.914**	**19.034**
1986	—	1.649	−23	**1.672**	...	...	...	...[3])	...
Breyting innan ársins:									
1978	—	+41	−80	**+121**	+3	+25	+129	**+157**	**+278**
1979	+85	+92	+154	**+23**	—	+7	+179	**+186**	**+209**
1980	−45	+44	−36	**+35**	+3	+28	+344	**+375**	**+410**
1981	—	−17	+64	**−81**	+3	+37	+552	**+592**	**+511**
1982	+9	−90	−36	**−45**	+11	+59	+1.868	**+1.938**	**+1.893**
1983	+18	+573	−744	**+1.335**	+9	+119	+4.401	**+4.529**	**+5.864**
1984	+9	+973	+1.242	**−260**	+65	−160	+3.183	**+3.088**	**+2.828**
1985	+1.496	+263	−1.081	**+2.840**	−85	−37	+3.966	**+3.844**	**+6.684**
1986	−1.572	+359	+517	**−2.448**[2])	...	...	...	...[3])	...

1) Hér er um nettóstöðu bankareikninga í Seðlabanka að ræða, þ.e. bankainnstæður að frádregnum yfirdrætti.

2) Innifalið er 379 m.kr. endurmat af skuld ríkissjóðs í Seðlabanka, þar af voru 105 m.kr. af stuttum lánum og 274 m.kr. af löngum lánum. Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart bankanum reyndust jákvæðar um 2.827 m.kr. á árinu 1986. Hrein skuldalækkun ríkissjóðs í Seðlabanka reyndist því 2.448 á árinu 1986, þar af voru 517 m.kr. vegna bættrar stöðu á hlaupareikningum og 1.931 m.kr. vegna lækkunar á lánareikningum.
Að auki nemur spariskírteinaeign Seðlabanka um 500 m.kr. sem hann yfirtók frá viðskiptabönkum á árinu 1986, en er ekki meðtalin hér í skuldastöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka.

3) Stöðutölur í árslok 1986 liggja ekki fyrir þar sem endurmat á skuld ríkissjóðs gagnvart öðrum en Seðlabanka liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 7

Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
(Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs.)

	1981	1982	1983	1984	1985
1. Tekin lán	**4.999**	**10.190**	**18.941**	**26.913**	**37.570**
Innlend lán	2.094	3.247	5.484	6.078	10.755
Innlend lán, gengisbundin	158	211	975	1.338	1.185
Erlend lán	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630
2. Veitt lán	**3.655**	**8.703**	**13.048**	**18.182**	**23.894**
Lán tengd innlendu verðlagi	913	2.168	3.114	4.168	5.955
Gengisbundin lán	2.742	6.535	9.934	14.014	17.939
3. Tekin lán umfram veitt lán	**1.344**	**1.487**	**5.893**	**8.731**	**13.676**
Veitt lán í % af tekjum	73,1	85,4	68,9	67,6	63,6
4. Hlutfall af VLF:					
Tekin lán	20,9	27,6	30,2	33,0	33,8
Veitt lán	15,3	23,6	20,8	22,3	21,5
Tekin lán umfram veitt lán	5,6	4,0	9,4	10,7	12,3

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 8

Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
(Stöðutölur í árslok.)

	1981	1982	1983	1984	1985
Verðlag hvers árs:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	201	307	376	1.165	945
2. Tekin lán	4.999	10.190	18.941	26.913	37.570
Seðlabanki Íslands	401	278	915	1.897	3.650
Spariskírteini	1.131	1.912	3.310	3.244	5.165
Lífeyrissjóðir	85	198	454	669	1.004
Aðrir innlendir aðilar	635	1.070	1.780	1.606	2.121
Erlend lán	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630
3. Veitt lán	3.655	8.703	13.048	18.182	23.894
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	370	1.206	2.101	3.232	5.102
5. Eignir umfram skuldir (1−2+3+4)	**−773**	**+26**	**−3.416**	**−4.334**	**−7.629**
Fast verðlag í árslok 1986:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	1.061	1.005	694	1.873	1.090
2. Tekin lán	26.399	33.361	34.936	43.274	43.331
Seðlabanki Íslands	2.118	910	1.688	3.050	4.210
Spariskírteini	5.973	6.260	6.105	5.216	5.957
Lífeyrissjóður	449	648	837	1.076	1.158
Aðrir innlendir aðilar	3.353	3.503	3.283	2.582	2.446
Erlend lán	14.506	22.040	23.023	31.350	29.560
3. Veitt lán	19.301	28.493	24.067	29.235	27.558
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	1.954	3.948	3.875	5.196	5.885
5. Eignir umfram skuldir (1−2+3+4)	**−4.083**	**+85**	**−6.300**	**−6.970**	**−8.798**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 9

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986.
(Milljónir króna.)

	Lánsfjár-lög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1986	Tekin lán 1986	Mismunur
1. **Ríkissjóður, A-hluti**	**6.125**	**2.504**[1]	**8.629**	**8.855**	**−226**
Þar af endurlánað til B-hluta	960	—	960	960	—
Byggingarsjóður ríkisins	150	—	150	150	—
Lánasjóður íslenskra námsmanna	400	—	400	400	—
RARIK, almennar framkvæmdir	90	—	90	90	—
Orkusjóður	20	—	20	20	—
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	300	—	300	300	—
2. **Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs**	**560**	**291**	**750**	**841**	**+10**
Landsvirkjun	540	—	540	530	+10[2]
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	20	—	20	20	—
Þróunarfélagið hf.	—	190[3]	190	190	—
Sjóefnavinnslan hf.	—	101[4]	101	101	—
3. **Sveitarfélög**	**130**	**43**	**173**	**165**	**+29**
Hitaveita Akraness og Borgarfj.	60	—	60	60	—
Hitaveita Akureyrar	40	43[3]	83	62	+21[2]
Fjarhitun Vestmannaeyja	10	—	10	10	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	6	—	6	6	—
Hitaveita Reykjahlíðar	6	—	6	—	+6[2]
Aðrar hitaveitur	8	—	8	6	+2[2]
4. **Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)**	**6.815**	**2.838**	**9.653**	**9.840**	**−187**
5. **Innlend lánsfjáröflun**	**3.575**	**235**	**3.810**	**3.994**	**−184**
Útgáfa spariskírteina	2.100	—	2.100	2.127	−27
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	625	—	625	782	−157
Verðbréfakaup bankakerfis	850	—	850	574	+276
Seðlabanki Íslands	—	—	—	276	−276
Önnur lánsfjáröflun	—	235	235	235	—
6. **Erlendar lántökur**	**3.240**	**2.603**	**5.843**	**5.846**	**−3**
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2.550	2.370	4.920	4.962[5]	−42
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	190	750	740	+10
Sveitarfélög	130	43	173	144	+29

1) Viðbótarheimildir A-hluta ríkissjóðs skiptast þannig: Heimild sbr. 31. gr. lánsfjárlaga 1986 til erlendrar lántöku til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs 1985, heimild sbr. 38. gr. lánsfjárlaga 1987 vegna greiðsluhalla 1986.
2) Lántökuheimild ársins ekki nýtt að fullu og fellur niður.
3) Ónotuð heimild frá fyrra ári sem heimilað var að flytja yfir á árið 1986.
4) Fjármálaráðherra heimilaði að veita Sjóefnavinnslunni hf. 101 m.kr. af eigin fé Endurlána ríkissjóðs vegna skuldbreytinga fyrirtækisins.
5) Að auki annaðist ríkissjóður erlendar lántökur að fjárhæð alls 42 m.kr. og endurlánaði eftirtöldum aðilum: Orkubú Vestfjarða 20 m.kr., Fjarhitun Vestmannaeyja 10 m.kr., Hitaveita Egilsstaða og Fella 6 m.kr. og aðrar hitaveitur 6 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 10

Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja 1986. Bráðabirgðatölur.

(Í milljónum króna.)

	Lánsfjárlög 1986 sbr. lög nr. 3/1986	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1986	Tekin lán 1986	Mismunur
INNLEND FJÁRÖFLUN (1+...+4)	**6.035**	**235**	**6.270**	**6.843**	**−573**
1. **Sala spariskírteina ríkissjóðs**	**2.100**	**—**	**2.100**	**2.127**	**+27**
2. **Verðbréfakaup lífeyrissjóða**	**2.655**	**—**	**2.655**	**3.294**	**−639**
af ríkissjóði	625	—	625	782	−157
af Byggingarsjóði ríkisins	1.450	—	1.450	1.730	−280
af Byggingarsjóði verkamanna	380	—	380	580	−200
af Framkvæmdasjóði Íslands	160	—	160	9	+151
af Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	—	40	193	−153
3. **Verðbréfakaup**	**1.230**	**—**	**1.230**	**1.165**	**+65**
af ríkissjóði	850	—	850	574	+276
af Framkvæmdasjóði Íslands	380	—	380	315	+65
Seðlabanka af ríkissjóði	—	—	—	276	−276
4. **Önnur innlend lánsfjáröflun**	**50**	**235**	**285**	**257**	**+28**
Ríkissjóður	—	134	134	134	—
Byggingarsjóður ríkisins, skyldusparnaður, nettó	—	—	—	22	−22
Sjóefnavinnslan hf.	—	101	101	101	—
Framkvæmdasjóður Íslands	50	—	50	—	+50
ERLENDAR LÁNTÖKUR (5+6+7)	**7.442**	**3.862**	**11.304**	**11.556**	**−252**
5. **Opinberir aðilar**	**3.240**	**2.603**	**5.843**	**5.846**	**−3**
Ríkissjóður	2.550	2.370	4.920	4.962	−42
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	190[1])	750	740	+10
Sveitarfélög	130	43	173	144	+29
6. **Lánastofnanir**	**1.352**	**—**	**1.352**	**1.601**	**−249**
Framkvæmdasjóður Íslands	882	—	882	1.170[2])	−288
Byggðastofnun	335	—	335	338	−3[4])
Iðnþróunarsjóður	95	—	95	93	+2[4])
Útflutningslánasjóður	40	—	40	—	+40[5])
7. **Atvinnufyrirtæki**	**2.850**	**1.259**	**4.109**	**4.109**	**—**
HEILDARLÁNSFJÁRRÁÐSTÖFUN (1+...+7)	**13.477**	**4.097**	**17.574**	**18.399**	**−825**

1) Lántökuheimild Þróunarfélags Íslands frá fyrra ári að fjárhæð 190 m.kr. og annaðist Framkvæmdasjóður lántökuna fyrir félagið erlendis.

2) Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs fyrir Þróunarfélag Íslands er ekki meðtalin hér heldur er hún færð beint á félagið undir fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs, sbr. athugasemd [1]).

3) Til viðbótar erlendum lántökuheimildum annaðist Framkvæmdasjóður erlendar lántökur að fjárhæð alls 288 m.kr. fyrir eftirtalda aðila: Álafoss hf. 120 m.kr., Hótel Örk 50 m.kr., S.Í.S. iðnaðardeild 50 m.kr., Fjallalax hf. 40 m.kr. og Dráttarbraut Stálvíkur hf. 28 m.kr.

4) Mismunur orsakast af gengismun.

5) Lántökuheimild var ekki nýtt á árinu 1986 og fékkst flutt á árið 1987, sbr. 10 gr. lánsfjárlaga 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 11

Byggingarsjóður ríkisins 1986.
(Í milljónum króna.)

	Lánsfjár-áætlun 1986	Lánsfjáráætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
Innstreymi	**3.666**	**3.966**	**3.906**
Ríkissjóður	1.300	1.300	837
Endurlánað lífeyrissjóðafé úr ríkissjóði	—	—	103
Lífeyrissjóðir	1.150	1.450	1.627
Erlend lán	150	150	150
Skyldusparnaður, nettó	−50	−50	22
Afborganir, vextir, verðbætur	926	926	1.085
Tekjur tæknideildar	58	58	36
Sjóðsminnkun	120	120	31
Annað	12	12	15
Útstreymi	**3.666**	**3.966**	**3.906**
Rekstrarkostnaður o. fl.	75	75	118
Afborganir, vextir, verðbætur	1.981	1.091	944
Veitt lán	2.500	2.800	2.844
Nýbyggingar	...	...	1.167
Eldri íbúðir	...	...	776
Framkvæmdalán til byggingarsamvinnufél. o.fl.	...	...	148
Orkusparandi breytingar	...	...	34
Viðbyggingar og endurbætur	...	...	91
Lán vegna greiðsluerfiðleika	...	...	540
Önnur lán	...	...	88

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 12

Byggingarsjóður verkamanna 1986.
(Í milljónum króna.)

	Lánsfjár-áætlun 1986	Lánsfjáráætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
Innstreymi	**938**	**938**	**1.190**
Ríkissjóður	300	300	300
Framlag sveitarfélaga	90	90	68
Lífeyrissjóðir	380	380	580
Afborganir, vextir, verðbætur	93	93	118
Kaupendur eldri íbúða	30	30	38
Sjóðsminnkun	45	45	—
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	—	—	85
Annað	—	—	1
Útstreymi	**938**	**938**	**1.190**
Rekstrarkostnaður o. fl.	20	20	32
Afborganir, vextir, verðbætur	158	158	182
Sjóðshækkun	—	—	35
Veitt lán	760	760	941
Verkmannabústaðir og leiguíbúðir	—	—	722
Endursöluíbúðir	—	—	219

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 13

Framkvæmdasjóður Íslands 1986.
(Í milljónum króna.)

	Lánsfjár-áætlun 1986	Lánsfjáráætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
Fjáröflun	**2.402**	**2.302**	**3.193**
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	330	830	1.143
Lán frá innlendum bönkum	380	380	315
Lán frá lífeyrissjóðum	160	160	9
Önnur innlend lán	50	50	—
Erlend lán	1.482	882	1.666[1])
Ráðstöfun	**2.402**	**2.302**	**3.193**
Aukning á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka	—	—	366
Veitt lán	2.402	2.302	2.827
Stofnlánadeild landbúnaðarins	325	311	312
Fiskveiðasjóður vegna greiðsluhalla	540	517	770[2])
Fiskveiðasjóður vegna almennra útlána	370	355	
Iðnlánasjóður	575	551	550
Lánasjóður sveitarfélaga	20	19	19
Ferðamálasjóður	60	58	60
Verslunarlánasjóður	20	19	19
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	19	19
Landflutningasjóður	8	7	11
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	13	13
Fiskeldi	250	241	245
Skipaviðgerðir innanlands	200	192	192
Byggðastofnun	—	—	100
Fiskimálasjóður	—	—	13
Hótel Örk	—	—	50
S.Í.S., iðnaðardeild	—	—	80
Álafoss hf.	—	—	120
Dráttarbraut Stálvíkur hf.	—	—	26
Þróunarfélag Íslands hf.	—	—	190
Ýmsar lánveitingar	—	—	38

1) Til viðbótar heimilaðri erlendri lántöku Framkvæmdasjóðs skv. lánsfjárlögum, sbr. lög nr. 3/1986, annaðist sjóðurinn erlendar lántökur að fjárhæð alls 478 m.kr. fyrir eftirtalda aðila:
Þróunarfélag Íslands hf., 190 m.kr., Hótel Örk 50 m.kr., Dráttarbraut Stálvíkur hf. 28 m.kr., Fjallalax hf. 40 m.kr., S.Í.S., iðnaðardeild 50 m.kr. og Álafoss hf. 120 m.kr.

2) Ófrágengin lán til Fiskveiðasjóðs vegna áætlaðra lánveitinga námu 100 m.kr. og 50 m.kr. (Sjávarútvegssjóður) frá 1985.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ed. 1048. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til vaxtalaga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Kjarni þessa frumvarps felst í 17. gr. þar sem skilgreint er hvað teljist refsivert okur. Samkvæmt skilgreiningu greinarinnar er því aðeins refsivert að taka vexti „umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum“ ef maður „hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns“. Með greininni er það lagt í vald dómara að meta hversu hátt vextirnir mega fara „umfram gildandi vaxtamörk“ áður en vaxtatakan telst refsiverð hagnýting á fjárþröng viðsemjandans, þ.e. refsivert okur.

Ljóst er að með samþykkt þessa frumvarps er verið að gefa mikinn slaka í átt til þess að lögleyfa óhæfilega vaxtatöku og er þetta fjórða stóra skrefið sem ríkisstjórnin hefur stigið á þeirri braut á jafnmörgum árum.

Fyrsta skrefið var samkomulag Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar um vaxtamál haustið 1984 en það hafði í för með sér að vextir fóru almennt mjög hækkandi. Ríkissjóður ýtti síðan enn frekar undir hækkun vaxta með stórhækkuðum vöxtum á verðtryggðum spariskírteinum.

Næsta skref fólst í því að stjórnvöld vanræktu að ákveða hámarksvexti en það hefur síðan valdið mikilli réttaróvissu eftir frægan dóm Hæstaréttar.

Þriðja skrefið var stigið með samþykkt nýrra seðlabankalaga sem enn frekar hafa grafið undan ákvæðum okurlaga.

Og nú á að stíga skrefið til fulls með því að takmarka lagaákvæði um okur við þokukennt ákvæði um misneytingu sem löngum verður erfitt að sanna að sé fyrir hendi.

Undirritaður telur sjálfsagt að tryggja að vextir séu aldrei neikvæðir, þ.e. lægri en hraði verðbólgunnar. Lán verða að halda verðgildi sínu þegar þau eru endurgreidd og lánveitandi á að fá hæfilega leigu fyrir afnotin. Neikvæðir vextir draga einnig úr sparnaði og éta upp eigið fé sameiginlegra sjóða sem verða að fá árleg framlög af fé skattgreiðenda til þess að halda í horfinu. Neikvæðir raunvextir eru því með öllu óviðunandi.

Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að koma í veg fyrir að tekið sé óhæfilegt endurgjald fyrir veitt lán.

Fyrir utan laun eru vextir og vaxtastig sá þáttur efnahagsmála sem vegur hvað þyngst. Vextir ákveða verðgildi fjármagnsins. Því hærra metið sem fjármagnið er því minna svigrúm verður til launagreiðslna. Því meiri kröfur sem gerðar eru til arðsemi lánsfjármagns þeim mun meiri verða erfiðleikarnir hjá almennum framleiðslugreinum sem gengur þá verr í samkeppni við ýmiss konar gróðabrall.

Í hagkerfi, sem vex um 2–3% að meðaltali á ári, hljóta miklu hærri raunvextir að leiða til gjaldþrots þúsunda fyrirtækja og einstaklinga fyrr eða síðar. Lántakendur, sem flestir hafa enga möguleika til að ávaxta lánsfé með meiri hraða en sem svarar 2–3%, sökkva stöðugt dýpra í botnlausu skuldafeni og bilið breikkar ört milli þeirra sem eiga lánsfé og hinna sem aðallega skulda.

Eitt brýnasta viðfangsefni íslenskra efnahagsmála er að marka vaxtastefnu sem hæfir íslensku þjóðfélagi og gengur hvorki út í öfgar neikvæðra vaxta né núverandi okurvaxta.

Vissulega er óhjákvæmilegt að setja nýja löggjöf um vaxtamál, en þetta frumvarp er meingallað og stefnir að mínu áliti í alranga átt.

Undirritaður leggur til að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar og því **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 18. mars 1987.

Ragnar Arnalds.

Nd. 1049. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. landbúnaðarnefndar er hlynntur breytingum á „búvörulögunum“ til þeirrar áttar sem lagt er til í nál. meiri hl. en telur þær ganga of skammt.

Sex þingmenn Alþýðubandalagsins hafa flutt tillögu til þingsályktunar þar sem lagðar eru til ýmsar aðgerðir í landbúnaðarmálum, þar með talið að lengja aðlögunartímann, þ.e. gildistíma ákvæða VIII. kafla um aðlögun búvöruframleiðslunnar um fimm ár.

Í samræmi við þetta mun undirritaður flytja breytingartillögur á sérstöku þskj. þar sem lagt er til að ákvæði 36. og 37. gr. um greiðslur útflutningsbóta og framlög til Framleiðnisjóðs gildi til ársins 1995. Það er auk þess stefna Alþýðubandalagsins að því fé, sem skv. 37. gr. laganna á að renna til Framleiðnisjóðs, eigi eingöngu að verja til hvetjandi aðgerða og til eflingar byggðar í sveitum. Fjárskuldbindingar af því tagi sem lagðar voru á sjóðinn s.l. ár ganga þvert gegn því að það fé Framleiðnisjóðs eigi á aðlögunartímanum að renna til uppbyggingar. Þar var Framleiðnisjóður notaður handahófskennt til að kaupa upp framleiðslurétt jarða og auk þess að taka að hluta til verðábyrgð á samningum ríkisvaldsins við bændur. Til að fyrirbyggja að slíkt gerist áfram er flutt breytingartillaga við ákvæði 37. gr. sem kveður skýrar á en áður var um það hvernig fara skuli með fé Framleiðnisjóðs.

Alþýðubandalagið mótmælti á sínum tíma þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð þegar „búvörulögin“ voru sett sumarið 1985. Það hefur síðan margoft komið í ljós og er sérstaklega viðurkennt með þeim breytingum sem nú á að gera að æskilegt hefði verið að vanda betur til þeirrar lagasetningar og stefnumörkunar í landbúnaðarmálum.

Tillaga Alþýðubandalagsins er sú að komið verði á fót starfsnefnd til að endurskoða lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og leggja tillögur um nýja og heilsteypta stefnumörkun um skipan landbúnaðarmálanna til langs tíma fyrir næsta Alþingi. Því er flutt tillaga um ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna.

Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefndanna frá því við afgreiðslu laganna vorið 1985 voru birt með sem fylgiskjöl með nál. 1. minni hl. landbúnaðarnefndar Ed., svo og tillaga þingmanna Alþýðubandalagsins um aðgerðir í landbúnaðarmálum sem liggur fyrir yfirstandandi þingi, og er vísað til þeirra.

Alþingi, 18. mars 1987.

Steingrímur J. Sigfússon,
fundaskr.

Nd. 1050. Breytingartillögur [430. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:
   Greiðsla útflutningsbóta skal að hámarki nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar:
   1987, 6%.
   1988 til og með árinu 1995, 5% á hverju ári.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   37. gr. laganna breytist þannig:
   a. Á eftir orðunum „og til fjárhagslegrar endurskipulagningar á lögbýlum“ í 1. mgr. komi: og til annarra verkefna sem stuðlað geta að eflingu byggðar í sveitum. Ekki er heimilt að nota fé, sem í Framleiðnisjóð rennur, á grundvelli þessarar greinar til að stuðla að frekari samdrætti búvöruframleiðslu en leiðir af öðrum ákvæðum laganna. Ekki skulu heldur lagðar á Framleiðnisjóð byrðar vegna samninga ríkisvaldsins við samtök bænda um verðábyrgð á tilteknu magni mjólkur- og sauðfjárafurða, sbr. 30. gr.
   b. Fjármagn til verkefna skv. 1. mgr. skal nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar sem ákveðið er á sama hátt og í 36. gr.:
      1987, 3%.
      1988 til og með árinu 1995, 4% á hverju ári.
3. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Alþingi felur ríkisstjórninni að láta þegar hefja undirbúning að heildarendurskoðun laganna og skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem í samráði við hagsmunaaðila vinni það verk og leggi fyrir næsta þing.

Nd. 1051. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og boðaði Magnús Jóhannesson siglingamálastjóra og Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra til viðræðna.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að taka málið til frekari athugunar á milli 2. og 3. umr.

Alþingi, 18. mars 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr., með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.
Eggert Haukdal.	Halldór Blöndal.	Karvel Pálmason.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1052. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og boðað til sín Ólaf Tómasson póst- og símamálastjóra og Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra.

Nefndin varð sammála um að mæla með frumvarpinu eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 18. mars 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr., með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.
Eggert Haukdal.	Halldór Blöndal.	Karvel Pálmason.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1053. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 1987.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Eggert Haukdal.
Þórarinn Sigurjónsson.		Halldór Blöndal.

Sþ. 1054. Skýrsla [435. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um íslenska heilbrigðisáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Á fundi ríkisstjórnarinnar 20. mars 1986 var eftirfarandi tillaga Ragnhildar Helgadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um íslenska heilbrigðisáætlun samþykkt:

„Ríkisstjórnin samþykkir að vinna að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af stefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sem nefnd er „Heilbrigði allra árið 2000“, í þeim tilgangi að stórauka forvarnir gegn sjúkdómum og slysum ásamt örorku og ótímabærum dauðsföllum af þeirra völdum. Áætlunin skal m.a. taka mið af vörnum gegn langvinnum sjúkdómum og því að búa hinn vaxandi fjölda aldraða undir gott heilsufar í ellinni. Forgangsverkefni í áætluninni skulu miðast við íslenskar aðstæður.

Áhersla verður lögð á að kynna og efla heilbrigða lífshætti eftir því sem unnt er með stjórnvaldsaðgerðum og er óskað samstarfs við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefnisins.

Heilbrigðisráðherra mun leggja drög að áætluninni fram í ríkisstjórninni innan tíðar.“

Í framhaldi af þessari samþykkt skipaði heilbrigðisráðherra 10. apríl 1986 sérstakan starfshóp til að gera rammadrög að íslenskri heilbrigðisáætlun þar sem í fyrsta áfanga væru

m.a. tillögur um þær aðgerðir sem væru aðkallandi og svo kostnaðarlitlar að unnt væri að hrinda þeim í framkvæmd mjög fljótlega.

Hugsunin er enn fremur, eins og segir í skipunarbréfi starfshópsins, að áætlunin marki stefnu í aðgerðum til að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys svo sem verða má. Nauðsynlegt er að gera áætlun um samræmdar aðgerðir og markviss skref í þessu fyrirbyggjandi starfi.

Starfshópinn skipuðu Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður hans, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir sem annaðist fundarritun.

Við gerð áætlunarinnar miðaði starfshópurinn við íslenskar aðstæður og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar „Heilbrigði allra árið 2000" frá árinu 1977. Einnig var tekið mið af heilbrigðisstefnu og heilbrigðismarkmiðum Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1980 og 1984 og samsvarandi heilbrigðisáætlunum nágrannaþjóða okkar, einkum Finnlands.

Tillögur starfshópsins eru í níu liðum með þrjátíu og þremur markmiðum, ásamt fylgiskjali. Skipta má tillögunum í þrjá aðalþætti. Fyrst er fjallað um stefnumörkun í heilbrigðismálum, heilsugæslu og sjúkrahúsmálum og sett fram markmið. Síðan er fjallað um þau atriði sem leggja ber áherslu á til að bæta heilsufar þjóðarinnar og sett fram markmið. Að lokum er fjallað um nauðsynlegar stoðaðgerðir til að ná fram settum markmiðum. Í fylgiritinu eru tekin saman verkefni í þrjátíu og þremur liðum, sem nauðsynlegt er að framkvæma til að ná settum markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar.

1. INNGANGUR

Heilbrigði er meðal þeirra lífsgæða sem mest eru metin nú á dögum. Heilbrigði er hvort tveggja í senn dýrmætasta eign hvers einstaklings og um leið ein verðmætasta auðlind hverrar þjóðar. Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna segir m.a. að það sé grundvallarréttur hvers manns að fá að njóta bestu heilsu sem völ er á án tillits til kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, efnahagslegra eða félagslegra aðstæðna. Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 segir að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Áherslan er því ekki lögð á lækningar heldur á heilsuvernd. Á undanförnum áratugum hefur heilbrigði Íslendinga gjörbreyst og er nú með því besta sem gerist meðal þjóða. Þrátt fyrir batnandi heilsufar hafa kröfur almennings um aukna heilbrigðisþjónustu stöðugt aukist m.a. vegna nýrra og bættra meðferðarmöguleika og breyttra samfélagsaðstæðna, svo sem fjölgunar aldraðra.

Heilbrigðishugtakið hefur jafnframt breyst þannig að fólk leitar nú hjálpar heilbrigðisþjónustunnar af öðrum og minni tilefnum en áður.

Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið að lífshættir einstaklinga og umhverfið ráða miklu um heilsufar og framvindu þess. Viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar eru því ekki eingöngu að lækna og hjúkra heldur ekki síður að koma í veg fyrir sjúkdóma. Þetta gerir heilbrigðisþjónustan í samvinnu við fjölda aðila, bæði einstaklingana sjálfa, félög og stofnanir. Heilsufar Íslendinga nú kallar á breyttar aðferðir við skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu en ekki síður á breyttar áherslur í framkvæmd heilbrigðisþjónustu sem aftur gerir aðrar kröfur til heilbrigðisstarfsmanna en verið hefur. Í samræmi við þessar breyttu aðstæður þarf að setja heilbrigðisþjónustunni ný markmið. Í þeim markmiðum verði tekið tillit til þess að:

Læknisþjónusta tekur við hinum sjúka og kostar kapps um að bjarga lífi, draga úr þjáningu og örkumlum.

Heilsuvernd beinist að þekktri áhættu í umhverfi eða hjá einstaklingnum sjálfum (mengun, reykingar, offita, of há blóðfita o.fl.) og kostar kapps um að útrýma eða draga úr þeirri áhættu eins og frekast er kostur.

Heilsurækt miðar að því að gera einstaklingnum kleift að auka hreysti og efla vitund hans og vilja til að viðhalda heilbrigði.

Heilbrigðismarkmið eru sett til að stuðla að og bæta heilbrigði einstaklingsins. Þessu höfuðmarkmiði má skipta í þrjú svið:

1. Að bæta árum við lífið.

Þetta þýðir að ótímabærum dauðsföllum fækki og lífslíkur aukist.

2. Að bæta heilbrigði við lífið.

Þetta þýðir að fólkið í framtíðinni eigi fleiri heilbrigð og starfsöm ár, fólk fái færri sjúkdóma og verði fyrir færri slysum en áður.

3. Að bæta lífi við árin.

Þetta þýðir að heilbrigði aukist og að fleira fólki en nú finnist það vera hraust og stjórna starfsdegi sínum þannig að því finnist lífið ríkt af reynslu og breytilegum verkefnum.

Heilbrigði er hluti af vellíðan einstaklings og þjóðfélags. Menning og fjárhagur getur haft mikil áhrif á heilsufar einstaklinganna. Sjúkdómar eru hluti af lífi hvers manns og fötlun er hluti af lífi margra en hinir sjúku og fötluðu geta einnig notið ánægju lífsins.

Í heilbrigðisþjónustunni á fólkið ekki að líta á sig eingöngu sem neytendur. Hugmyndin er að maðurinn verði þátttakandi í heilbrigðisþjónustunni og honum sé ljóst, hvað hann getur gert fyrir sig og hvað heilbrigðisþjónustan getur gert fyrir hann.

Fullkomin heilbrigðisþjónusta næst aðeins með því móti að þjóðfélagsþegnarnir nýti hana og geri til hennar kröfur.

Heilbrigði er í dag að hluta til ákvörðunaratriði einstaklings og fjölskyldna.

Heilbrigðisþjónustan getur veitt mikla hjálp en án samvinnu við einstaklinginn er hún lítils virði og einstaklingurinn verður að gera sér ljóst að hann er samverkamaður og ekki aðeins neytandi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram markmið fyrir heilbrigði allra árið 2000.

Þau þrjú markmið, sem eru hornsteinar í þessu sambandi, eru:

1. Að stuðla að heilbrigðu líferni.
2. Að draga úr hættum sem valda heilsutjóni.
3. Að reka heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf auk heilbrigðisstjórnar samspil margra þátta, svo sem löggjafar, fjármála, stjórnunar, menntamála, upplýsinga og rannsókna og árangurinn þarf að meta.

Markmið 1.

Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa heilsufarslegt jafnrétti, að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja að tekið sé fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélagsumræðunni eftir því sem við á, einnig að ákvarðanir stjórnvalda séu ekki síður byggðar á vitneskju um heilsufarslegar afleiðingar þeirra ákvarðana en efnahagslegum og menningarlegum áhrifum. Sérstaklega er áríðandi að gefa gaum að þörfum þeirra sem verst eru settir og þjóðfélagshópa sem ekki njóta fyllsta jafnréttis til að öðlast heilbrigði eða njóta heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi er rétt að nefna sérstaklega aldraða, einstæðar mæður með börn og þá sem þjást af langvinnum sjúkdómum sem valda verulegri fötlun.

2. STEFNA Í HEILBRIGÐISMÁLUM

Á Íslandi hefur heilbrigðisþjónustan lengi verið á ábyrgð ríkisvalds og sveitarfélaga.

Síðustu hundrað ár hefur verið reynt að fjölga læknismenntuðu fólki á öllum svæðum landsins og síðustu fimmtíu ár hafa einkennst af sérhæfðri uppbyggingu eftir því sem reynsla og menntun hefur gefið tilefni til.

Sum sveitarfélög hafa tekið mjög ábyrgan þátt í þessari uppbyggingu og þar sem þau hafa verið framkvæmdaaðili hefur þjónustan orðið meiri en þar sem ríkið eitt hefur þurft að byggja upp þjónustuna.

Síðustu fimmtíu ár hafa einkennst af uppbyggingu stofnana, einkum sjúkrahúsa.

Lögin um heilsuverndarstöðvar skiptu sköpum á sínum tíma í þjónustu ungbarna og mæðraverndar.

Lögin um heilbrigðisþjónustu 1973 skiptu verulegu máli í sambandi við að koma upp nútímalegri heilbrigðisþjónustu um landið allt og það má segja að sú þjónusta nái til alls landsins nú nema Reykjavíkur og Garðabæjar.

Á tímabili var læknaskortur í landinu og þess gætti mjög í þeim tillögum sem settar voru fram um 1970 en nú er svo komið að læknafjöldi á Íslandi er meiri en þarf til þess að sinna heilbrigðisþjónustu í landinu.

Það sem einkennir nú heilbrigðisþjónustu á Íslandi er að sjúkrarúmafjöldi er meiri en víðast annars staðar en skortur hjúkrunarfræðinga veldur því að stofnanir eru ekki reknar í þeim mæli sem hægt væri.

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur, síðan lög um almannatryggingar komust á, verið greidd af opinberum aðilum að mestu leyti og nú er svo komið að enginn Íslendingur þarf að greiða fyrir dvöl á sjúkrahúsi og aðeins lítilræði fyrir aðra heilbrigðisþjónustu.

Markmið 2.

Verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að saman fari ábyrgð á fjármögnun og rekstri.

Jafnframt verði ríki og sveitarfélögum heimilt að gera samning við einkaaðila og félagasamtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti.

Árlega verði á Alþingi lögð fram stefnumörkun í heilbrigðismálum í tengslum við fjárlagafrumvarpið.

3. STEFNA Í HEILSUGÆSLU OG SJÚKRAHÚSSMÁLUM

1. Heilsugæslustöðvar.

Svo sem áður sagði var heilbrigðislöggjöfin 1973 stefnumarkandi um það að byggja upp heilsugæslu í landinu öllu.

Síðasti áratugur hefur einkennst af þessum markmiðum og uppbygging heilsugæslustöðva og fjölgun heilbrigðisstarfsliðs um allt land hefur verið liður í framkvæmd þeirrar stefnu.

Erfitt er að meta árangur þessa starfs en ljóst er að dreifðar byggðir landsins una betur við hlutskipti sitt nú en fyrir 15 árum.

Með tölvuvæðingu heilsugæslunnar mun brátt verða unnt að sýna þann árangur sem náðst hefur af þessu starfi fyrir unga og aldna og líklegt er að uppbygging heilsugæslunnar eigi eftir að skila miklum árangri hvað varðar heilbrigðisþjónustu aldraðra í framtíðinni. Á síðasta ári komst tölvuvæðing heilsugæslustöðvanna vel áleiðis.

2. Sjúkrahús.

Það sem nú einkennir heilbrigðisþjónustu á Íslandi er að fjöldi sjúkrarúma er meiri en víðast hvar annars staðar.

Stefnt verði að fækkun sjúkrarúma á sjúkrahúsum en fjölgun rúma á hjúkrunarheimilum þannig að sjúklingar geti dvalist sem næst heimilum sínum sé þess kostur.

Aukin verði göngudeilda- og dagdeildaþjónusta sjúkrahúsa í þeim tilgangi að stytta legutíma og fækka innlögnum. Vistun á hjúkrunarheimili til langframa sé háð mati sérfróðra aðila um að vistun sé óhjákvæmileg.

Heimahjúkrun er nú greidd af sjúkrasamlögum samkvæmt nýjum lögum.

Markmið 3.

Stefnt skal að því að heilsugæslustöðvar verði hornsteinar heilsugæslunnar hver á sínu starfssvæði í samvinnu við göngudeildir sjúkrahúsa og sérhæfðar stofnanir (t.d. Heyrnar- og talmeinastöðina, Vinnueftirlit ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Húð- og kynsjúkdómadeild ríkisins, berklayfirlæknisembætti, skólayfirlæknisembætti, Sjónstöð Íslands o.fl.).

Leitast verði við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem íþrótta- og fræðsluyfirvöld, félagsmálastofnanir, lögreglu o.fl. í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt.

Markmið 4.

Taka þarf fyrir, til gagngerðar endurskoðunar:

1. Flokkun sjúkrahúsa, verkaskiptingu þeirra og starfssvið hvers sjúkrahúss.
2. Reglur um starfssvæði einstakra stofnana.
3. Reglur um mönnun eftir starfssviði hverrar stofnunar. Stefnt skal að því að skýrari greinarmunur verði gerður á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

4. HEILBRIGÐIR LÍFSHÆTTIR

Venjur og lífshættir hafa veruleg og sennilega úrslitaáhrif á heilbrigði einstaklingsins. Áróður fyrir heilbrigðum lífsháttum er nauðsyn í nútímaþjóðfélagi.

Of lítið hefur verið gert að því af heilbrigðisyfirvöldum á Íslandi að taka jákvæða og hvetjandi afstöðu í þessum málum.

Sérstök áhersla hefur þó verið lögð á þetta síðustu árin og því eru þessi heilbrigðismarkmið sett fram.

Allt starf að heilbrigðisfræðslu geldur þess hve lítið fjármagn fæst til að gera fræðsluefni og hvað því fjármagni er dreift til margra aðila. Mörg lög og reglugerðir sem heyra undir mismunandi ráðuneyti fjalla um heilbrigðisfræðslu í einhverri mynd en lítið verður úr framkvæmdum. Að undirbúa fræðsluefni er vandasamt verk þar sem saman þarf að fara þekking á viðfangsefninu, tæknikunnátta til skýrrar framsetningar og kunnátta í dreifingu og samskiptum við fjölmiðla.

Þær stofnanir og ráðuneyti, sem með þessi mál fara í dag, hafa yfirleitt ekki yfir að ráða þeim mannafla sem þarf til heilbrigðisfræðslu — frá hugmynd til framkvæmdar. Starfið verður því oft handahófskennt og árangur minni en ella.

Markmið 5.

Komið verði á fót stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu. Þessi stofnun annist ráðgjöf um heilbrigða lifnaðarhætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu.

Til þessarar stofnunar færist starfsemi áfengisvarnaráðs, tóbaksvarnanefndar, manneldisráðs, tannverndarstarfsemi og starfsemi CINDI-verkefnis.

Til þess að stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum verður lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun og kennslu í heilbrigðisfræðslu og kennslu í heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita. Samvinna verði hafin við skóla og félög um að þau taki þátt í herferð fyrir heilbrigðari lifnaðarháttum fjölskyldna og einstaklinga.

4.1. Manneldismarkmið og matvælaframleiðsla.

Fram á þessa öld veltu menn ekki fyrir sér manneldi á Íslandi að öðru leyti en því hvort allir hefðu mat til næsta máls.

Nú er þessu öðruvísi háttað. Allir hafa til hnífs og skeiðar og það er ástæða til að gefa ráð um hvaða fæða er holl og hvaða fæða er óholl.

Talið er að leiðbeina þurfi fólki um fæðuval, einkum af þeim ástæðum að minnka þurfi fitu, sykur og matarsalt í fæðunni.

Almenningur neytir yfirleitt of mikillar fæðu og þess vegna er offita verulegt vandamál á Íslandi.

Fæðan á að innihalda nauðsynleg efni til vaxtar, viðhalds, endurnýjunar og brennslu.

Fæðan þarf einnig að vera hættulaus og er eftirlit með aukaefnum í fæðu mikilvægt.

Markmið 6.

Næringarástand þjóðarinnar er talið gott en það þarf að sjá um að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði. Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar innlendrar fæðu. Það á að ýta með ýmsu móti undir neyslu kornmetis, fisks, kjöts sem er magurt, kartaflna og grænmetis. Stuðla skal að neyslu mjólkurvara með lágu fituinnihaldi með fræðslu og verðstýringu. Neysla matar, sem hefur mikið af sykri og neysla sætinda svo og saltaðs matar, á að minnka með upplýsingastarfsemi og verðstýringu.

Til þess að gera fæðuval auðveldara eiga upplýsingar á vörum að vera áberandi og vel skiljanlegar.

Eftirlit með aukaefnum í matvælum á að vera fullnægjandi.

Á grundvelli þeirrar vinnu og upplýsinga, sem manneldisráð hefur gert, hafa verið sett fram matvælaframleiðslu- og manneldismarkmið og ný slík markmið verði unnin fyrir árið 1990 og síðan endurnýjuð á fimm ára fresti.

Markmiðin skulu innihalda fyrirmæli um verðlagningu, framleiðslu og þá upplýsingu sem er nauðsynleg til þess að þjóðin snúi sér að heilbrigðara mataræði en nú tíðkast.

4.2. Skaðsemi tóbaksnotkunar.

Á Íslandi er áætlað að 200—300 manns deyi á hverju ári af tóbaksreykingum, beinum og óbeinum. Þess vegna er talið eðlilegt að stuðla markvisst að útrýmingu tóbaksneyslu.

Markmið 7.

Markmiðið er að draga úr og síðar útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og það sem reykir til að hætta. Til þess að ná þessu markmiði verður að auka bæði upplýsingar og áróður og taka til sérstakrar íhugunar tengsl milli reykinga og annarra lifnaðarhátta.

Það verður að minnka verulega og helst útiloka að fólk sem ekki reykir þurfi að líða tóbaksreyk.

Verð á tóbaksvörum á að hækka árlega umfram verðhækkanir almennra neysluvara þannig að tóbaksverð sé ávallt langt yfir almennu verðlagi.

Það á að útiloka áhrif innflytjenda á það að stýra útsöluverði tóbaksvara.

4.3. Skaðleg áhrif áfengis.

Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi.

Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu.

Markmið 8.

Markmiðið er að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar.

Almenna neyslu áfengis þarf að minnka. Á næsta hálfum áratug verður lögð sérstök áhersla á upplýsingastarfsemi og ráðgjöf sem heilbrigðisgeirinn veitir, svo og að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Það á að stofna til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka.

Verð áfengra drykkja þarf að hækka á næstu fimm árum þannig að verðið hækki árlega umfram verðlag og sterkt áfengi meira en létt.

Sett verði áætlun til að ná þessum markmiðum og hún endurskoðuð á fimm ára fresti, fyrst árið 1990.

4.4. Geðheilsa.

Vandamál tengd geðheilsu og persónulegum tengslum manna eru fjölmörg og virðast fara vaxandi.

Markmið 9.

Til þess að minnka líkur á geðrænum vandamálum á að auka möguleika fólks til persónulegra tengsla. Til þess að ná þeim markmiðum á að auka menntun, leiðbeiningar og hjálp í vandasömum tilvikum. Það á að aðlaga heilbrigðisþjónustuna þannig að hún hjálpi fólki að fást við vandamál daglegs lífs og jafnframt verði séð til þess að félagsleg ráðgjöf verði aukin og bætt af hálfu opinberra aðila og félagasamtaka. Víðtæku upplýsingastarfi þarf að koma á til að stuðla að eigin geðvernd einstaklinga.

Þeir sem eiga við langvarandi veikindi að stríða, svo og fatlaðir og aldraðir, þurfa sérstakrar hjálpar við til þess að ná og halda tengslum við samfélagið og annað fólk.

4.5. Líkamsrækt og þjálfun.

Samstaða er um að líkamsrækt og líkamleg þjálfun sé undirstaða heilbrigði. Líkamleg þjálfun er nauðsynleg fyrir alla aldurshópa. Breyttar þjóðfélagsaðstæður, atvinnuhættir og færri áreynslutækifæri gera meiri kröfur um líkamsrækt og þjálfun fyrir alla aldurshópa en áður.

Markmið 10.

Það á að gefa þjóðfélagsþegnum fleiri og meiri tækifæri til heilbrigðrar hreyfingar en nú er. Efla þarf aðstöðu almennings til íþróttaiðkana innan dyra og byggja í því skyni almenningsíþróttahús eða samnýta betur en nú er tiltæk íþróttamannvirki. Einnig þarf að gefa gaum að því að fólk fái tækifæri til að hreyfa sig utan dyra og setja upp sérstakar gang- og hjólreiðabrautir í þéttbýli. Skipulagsmálum skal haga þannig að fólk, einkum það eldra og þeir sem eru fatlaðir, geti notið umhverfisins með hreyfingu og þjálfun utan dyra.

5. HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Heilbrigðiseftirlit er mikilvægur þáttur heilbrigðisþjónustunnar. Það á að tryggja heilsusamleg híbýli og umhverfi, hreint andrúmsloft, neysluvatn, matvæli og neysluvörur.

Markmið 11.

Eitt af verkefnum heilbrigðisþjónustunnar er að leggja reglulega mat á hvort heilbrigði manna sé hætta búin af nánasta umhverfi. Heilbrigðiseftirlit á að vinna að því að minnka líffræðilega, eðlisfræðilega og efnafræðilega áhættuþætti.

Framlag þeirra, sem vinna við heilbrigðiseftirlit, felst aðallega í að annast eftirlit og gefa upplýsingar og leiðbeiningar.

Stýring þessara mála með sérstökum lögum og reglugerðum kann að vera nauðsynleg, en megináhersla er lögð á fræðslu og samvinnu fremur en valdboð.

5.1. Minnkun líffræðilegra áhættuþátta.

Margir sjúkdómar af völdum örvera geta smitast með fæðu og vatni og það hefur verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að hindra slíka smitun.

Þróun ónæmisaðgerða er fyrirsjáanleg og nauðsynleg með hliðsjón af veiru- og sýklasjúkdómum.

Markmið 12.

Í heilsugæslunni verður áfram sérstök áhersla lögð á rannsóknir og upplýsingar hvað varðar heilnæmi matar og vatns. Sá árangur, sem náðst hefur í smitsjúkdómavörnum, verður bættur með því að auka almennar varnaðarráðstafanir með auknum ónæmisaðgerðum og þær verða skipulagðar jafnóðum fyrir þá sjúkdóma sem ný og nothæf bóluefni verða til fyrir. Löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir verði endurskoðuð, en sú endurskoðun er nú hafin.

5.2. Minnkun eðlisfræðilegra áhættuþátta.

Aðrir áhættuþættir en líffræðilegir eru fyrst og fremst umhverfisþættir, svo sem hávaði frá umferð og iðnaði og jónandi geislun vegna lækningarannsókna og frá notkun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi eða vegna hernaðartilrauna.

Markmið 13.

Leggja skal áherslu á að fólkið verði fyrir minni jónandi geislun en nú er. Notkun röntgenskoðana verði stillt í hóf og teknar upp aðrar greiningaraðferðir þar sem þær eru til.

Þátttaka í alþjóðasamstarfi um varnir gegn jónandi geislun og kjarnorkuvá verður efld.

Sérstök áhersla verði lögð á að draga úr áhrifum hávaðamengunar og reynist það nauðsynlegt verða settar sérstakar reglur um það efni.

5.3. Minnkun efnafræðilegra áhættuþátta.

Þegar á það er litið að það eru tugir þúsunda efna og efnasambanda í notkun og í umhverfi okkar er ljóst að heilbrigðishætta af þessum efnum er oft fyrir hendi og stundum veruleg.

Stöðugt bætist við ný vitneskja um heilbrigðishættu af efnum sem geta verið í nánasta umhverfi okkar svo sem í neysluvatni, matvælum, híbýlum, á vinnustað og í andrúmslofti sem stafar af bruna lífrænna efnasambanda í iðnaði og umferð og notkun eiturefna og hættulegra efna. Auðvelda þarf almenningi og stjórnvöldum að meta þessa áhættu og gera sér grein fyrir hver áhrifin geta orðið.

Markmið 14.

Heilbrigðisáhætta og varnir gegn eiturefnum og hættulegum efnum verði athuguð sérstaklega. Frumvarp til nýrra laga um eiturefni og hættuleg efni verði lagt fyrir Alþingi fljótlega og þar verði lögð aðaláhersla á að fyrirbyggja heilbrigðisáhættu frá eiturefnum og kanna eiturefni áður en notkun þeirra er heimiluð.

Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum verði endurskoðuð og þau færð í nútímahorf til að auðvelda eftirlit með matvælum og öryggi þeirra.

Markmið 15.

Loftmengun verði athuguð sérstaklega og settir loftgæðastaðlar. Áhersla verði lögð á að dregið verði úr eiturefnum í bensíni. Loftræsting í almennum byggingum og á vinnustöðum verði athuguð sérstaklega. Þá verði hert eftirlit með og settar reglur um byggingarefni sem nota má til innréttinga á íbúðarhúsnæði og vinnuhúsnæði og þau efni sem notuð eru í húsgögn til þess að tryggja heilnæmi innilofts.

Samin verði rammalöggjöf um umhverfismál fyrir Ísland þar sem samræmd verði starfsemi þeirra aðila sem starfa að umhverfismálum.

5.4. Vinnuvernd.

Breytingar í þjóðfélags- og framleiðsluháttum hafa gert það að verkum að atvinnuhættir hafa breyst verulega. Það er því ljóst að vinnuverndarmál þarf að taka sérstökum tökum, einkum með tilliti til nýrrar tækni, og heilbrigðisvandamál tengd þeim svo sem einhæfni í starfi, slysahættu, eiturefnahættu, hávaðamengun og heyrnarskerðingu sem henni fylgir. Tryggja þarf fullnægjandi aðbúnað á vinnustöðum.

Markmið 16.

Vinnuverndarmál verði tekin til sérstakrar athugunar og landsáætlun um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum gerð af hlutaðeigandi aðilum og endurskoðuð reglulega, fyrst árið 1990. Við þá athugun verði þess sérstaklega gætt að huga að bæði líkamlegum og geðrænum heilbrigðisvandamálum sem tengd eru vinnu. Þá er stefnan að fækka slysum við vinnu um helming fram til ársins 2000. Heyrnarskaði vegna hávaða verði minnkaður með því að lækka hávaðaþröskuld sem heimill er á vinnustöðum. Annað markmið er að minnka áhrif skaðlegra efna við vinnu. Notkun hættulegustu efnanna verði bönnuð fullkomlega fyrir árið 1995.

5.5. Slysavarnir.

Slys eru vaxandi vandamál á Íslandi og hafa veruleg áhrif á kostnað þjóðfélagsins og afkomu einstaklinganna.

Flest slys er hægt að koma í veg fyrir með sérstökum ráðum og leiðbeiningum, jafnvel löggjöf, svo sem vinnulöggjöf og umferðarlögum.

Sérstaklega ber að gæta að slysum í umferð, á sjó, á heimilum, í skólum og í frítímum og íþróttum. Slys á börnum og unglingum eru tíð hér á landi og þau þarf að athuga sérstaklega.

Markmið 17.

Slysavarnir verði samræmdar og sett um þær löggjöf ef nauðsyn krefur. Sérstakt slysaráð verði stofnað til að samræma nauðsynlegar aðgerðir. Verkefni slysaráðs verði m.a. að gera landsáætlun um slysavarnir sem endurskoðuð verði reglulega og fyrst árið 1990. Tekið verði mið af tíðni og orsökum slysa og þau könnuð. Leitað verði samvinnu við þá aðila sem lögum samkvæmt annast rannsóknir á flug- og sjóslysum.

Sérstaklega verður að benda á að nauðsynlegt er að draga úr skaðlegri notkun áfengis sem slysavalds.

6. ÞRÓUN HEILBRIGÐISKERFISINS

Áður hefur verið minnst á ákveðna þætti í breytingu og þróun heilbrigðiskerfisins.

Ísland hefur lagt sérstaka áherslu á heilsugæslukerfið annars vegar og uppbyggingu mjög sérhæfðrar sérfræðiþjónustu hins vegar.

Þátt í þessu taka ríkisvald, sveitarstjórnir, félagasamtök (sjálfseignastofnanir) og einstaklingar.

Heilsugæslukerfið hefur verið byggt upp um landið allt og er betur upp byggt á strjálbýlissvæðum. Hins vegar er sérfræðiþjónustan mun meiri á þéttbýlissvæðunum. Stefnt hefur verið að uppbyggingu sérfræðiþjónustu á Akureyri, auk Reykjavíkur.

Sérfræðiþjónusta tannlækna, sérfræðinga sem vinna utan sjúkrahúsa, atvinnusjúkdómavarna, sjúkraþjálfunar og endurhæfingar er mikilvægur þáttur heilsugæsluþjónustunnar.

Markmið 18.

Í þróun heilbrigðisþjónustunnar verði sérstök áhersla lögð á heilsugæslu. Sérfræðiþjónustu verði haldið á því háa stigi sem hún er nú á.

Meiri fjármunum verði varið til málefna aldraðra, tannlækninga, geðlækninga og endurhæfingar.

Það þarf því meiri fjármuni til heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni en nú.

Starfsliði þarf að fjölga bæði til að sinna þeim nýju verkefnum sem ráð er fyrir gert að tekin verði upp og auknum verkefnum á öðrum sviðum.

Markvisst verði dregið úr þeim mun sem er á möguleikum fólks til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu.

Markmið 19.

Stefnt verði að því að gera heilbrigðisþjónustuna persónulegri og þjálli en hún er nú og reyna að hafa meðferð samfellda þannig að sjúklingar geti ávallt leitað sama læknis þegar um langvarandi meðferð er að ræða.

Meðferðaráætlanir, sem staðfestar eru af heilbrigðisstjórn, eiga að auka möguleika sjúklinga á að taka virkari þátt í og fylgjast betur með meðferð sinni.

Hér er gert ráð fyrir meðferðaráætlunum sem gerðar verða fyrir ákveðna sjúkdóma og kynntar sem slíkar.

6.1. Heilsugæslan.

Áður hefur verið minnst á þær breytingar sem urðu við setningu laga um heilbrigðisþjónustu 1973 og uppbyggingu heilsugæslukerfisins um landið.

Markmið 20.

Stefnt er að aukinni þjónustu og fjölgun starfsmanna í heilsugæslu. Fyrirbyggjandi starfsemi, göngudeildarstarf, heimahjúkrun, sjúkraþjálfun og heilbrigðisfræðsla verður aukin. Ný áætlun verður gerð um nauðsynlega mönnun á hverri heilsugæslustöð og verði markmiðum þeirrar áætlunar náð 1990.

Hvað lækna snertir verði miðað við að ekki séu færri en einn læknir á hverja 1000 íbúa eða brot úr þeirri tölu á heilsugæslustöðvum utan þéttbýlissvæðis og ekki færri en einn læknir á hverja 1500 íbúa á fjölbýlissvæði.

Gera skal áætlun um að fyrir 1990 verði tveir fastráðnir læknar á öllum H1-stöðvum þannig að þeir séu þar starfandi saman a.m.k. sex til átta mánuði á ári.

Markið 21.

Sérfræðileg göngudeildarþjónusta sjúkrahúsa og sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum fyrir heilsugæsluumdæmi verði skipulögð þannig að fyrir árið 1995 verði kostur á sérfræðiþjónustu á öllum stærri heilsugæslustöðvum og á göngudeildum sjúkrahúsa.

Markmið 22.

Stefnt verði að því að endurhæfingaraðstaða verði í hverju heilsugæsluumdæmi eða í næsta sjúkrahúsi, en sérhæfð endurhæfingarstarfsemi í Reykjavík og á Akureyri.

Endurhæfingarstarfsemi verði rekin á breiðum grundvelli og taki einnig til fyrirbyggjandi þjálfunar.

Sérstaklega ber að taka tillit til þeirra sem eru mikið fatlaðir.

6.2. Tannheilsa.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg fjölgun á tannlæknum og er fjöldi þeirra nú svipaður hér á landi miðað við fjölda íbúa og annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt hefur þáttur hins opinbera í kostnaði við tannviðgerðir barna og unglinga aukist. Þrátt fyrir þetta er ljóst að árangur í baráttunni gegn tannskemmdum er mun lakari hér á landi en í nágrannalöndum. Hluti af skýringunni er að ekki hefur verið lögð næg áhersla á varnir gegn tannskemmdum samhliða aukinni og bættri viðgerðarþjónustu. Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973 var gert ráð fyrir tannheilsugæslu, forvörnum og tannviðgerðum á heilsugæslustöðvum. Af því hefur ekki orðið. Síðasta árið hafa veruleg skref verið stigin til aukinnar tannverndar á vegum heilbrigðisráðuneytisins og framlög Tannverndarsjóðs í þessu skyni margfölduð.

Markmið 23.

Sérstakt átak verði gert til að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Kannaðar verði leiðir til að auka verulega varnir gegn tannskemmdum. Huga þarf að skipulagi tannheilsugæslunnar með það fyrir augum að áherslur séu í samræmi við meginmarkmið um bætta tannheilsu almennings. Er þá bæði átt við greiðslur hins opinbera og samræmdar aðgerðir til að draga úr tannskemmdum. Sérstaklega þarf að kanna hvernig megi tryggja betur en nú er að tannheilsugæslan sé hluti af almennri heilsugæslu og starfsemi heilsugæslustöðva.

Stefnt skal að því að fyrir árið 1995 verði tannlækningar orðnar hluti þeirrar heilsugæslu sem sjúkrasamlög greiða á sama hátt og læknisþjónustu.

6.3. Sérfræðiþjónusta sjúkrahúsa.

Markmið sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa er að sjá fyrir þeirri sérhæfðu þjónustu sem er nauðsynleg til þess að taka við þeim einstaklingum sem heilsugæslukerfið getur ekki sinnt.

Markmið 24.

Gæðum sérfræðiþjónustu verði haldið og þau aukin eftir því sem kostur er.

Hlutverk sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri verði skilgreind sérstaklega, svo og annarra sjúkrahúsa utan Reykjavíkur þar sem sérfræðingar starfa.

Tengsl milli sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði aukin svo sem greint er frá fyrr og bein tengsl verði tekin upp milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa að þessu leyti.

Beinum tengslum verði komið á milli sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum í Reykjavík og á Akureyri og heilsugæsluumdæma þannig að ákveðið sjúkrahús fái umsjón með sérfræðiþjónustu á ákveðnu heilsugæslusvæði.

6.4. Geðlækningar.

Geðlæknisþjónusta hefur tekið verulegum breytingum síðasta áratug. Vistun hefur færst á deildir við sérhæfð sjúkrahús og göngudeildarstarfsemi hefur eflst svo og öll sérfræðiþjónusta vegna nýrra starfsstétta í faginu. Óleyst vandamál eru aðallega vegna unglinga og aldraðra.

Markmið 25.

Sérstakar ráðstafanir verði gerðar vegna geðlækninga og almenn geðlæknisþjónusta aukin.

Sérstök áhersla verður lögð á að geðlæknisþjónusta komi á heilsugæslustöðvum og menntun heilsugæslulækna miðist við að þeir geti sinnt geðsjúklingum að ákveðnu marki. Gera verður ráð fyrir að geðspítalar í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði. Barna- og unglingageðdeild verði aðeins í Reykjavík.

Sjúkrarúmum fyrir geðsjúka verði ekki fjölgað en vaxandi áhersla lögð á að sjúklingar með langvarandi geðsjúkdóma fái rými á langlegudeildum eða í sambýlum með öðrum sjúklingum í þeim mæli sem unnt er. Aldraðir geðsjúklingar verði vistaðir í þeim mæli sem unnt er á almennum hjúkrunardeildum.

6.5. Öldrunarlækningar.

Ljóst er að á næstu árum fjölgar öldruðum hér á landi bæði hlutfallslega og tölulega. Heilbrigðisþjónustan verður að vera við því búin að mæta þjónustukröfum vegna þessa aldurshóps þegar á þessum áratug og í vaxandi mæli eftir það.

Markmið 26.

Þeirri uppbyggingu öldrunarlækninga, sem hafin er, verði haldið áfram. Öldrunarlækningadeildirnar í Reykjavík og á Akureyri hafi lykilhlutverk í sambandi við öldrunarmál, en stefnt verði að því að vista aldraða sjúklinga á hjúkrunarheimilum eða sjúkrahúsum í heimabyggð sinni.

Öldrunarþjónustan verði tengd heilbrigðisþjónustunni á heilsugæslustöðvum og félagslegri þjónustu félagsmálaráða svo sem lög mæla fyrir.

Lögð verði áhersla á endurhæfingu aldraðra og að þeir geti dvalist í heimahúsum með heimilishjálp og heimahjúkrun sem skipulögð er frá heilsugæslustöðvum, með starfsliði stöðvanna eða sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingum.

6.6 Sjúkratryggingar og örorkumat.

Almenn sjúkratrygging hefur verið lögboðin hérlendis í áratugi og nú eru allir sjúkratryggðir hafi þeir lögheimili hér á landi.

Sjúkratryggingar greiða allan kostnað við sjúkrahúsvist en takmarkanir eru á greiðslum fyrir aðra þjónustu. Þannig greiðir fólk að hluta fyrir lyf og læknishjálp bæði á heilsugæslustöðvum og hjá sérfræðingum.

Sjúkratryggingar greiða ekki heilsuverndarkostnað og aðeins hluta af kostnaði vegna tannlækninga, endurhæfingar og ferðalaga vegna sjúkdóma. Ýmis þessi atriði þurfa endurskoðunar við, svo og fyrirkomulag dagpeningagreiðslna.

Vaxandi gagnrýni er á fyrirkomulag örorkumats almannatrygginga og er nauðsynlegt að taka það til gagngerðar endurskoðunar.

Markmið 27.

Sjúkratryggingabálkur almannatryggingalaga og ákvæði um örorkumat verði endurskoðuð sérstaklega. Tekið verði til athugunar að færa allan sjúkrahúskostnað frá sjúkratryggingum til fastra fjárlaga.

Einnig verði tekið til endurskoðunar greiðsluform sjúkratrygginga og greiðsluhlutur sjúklinga í hinum ýmsu lækningum. Þá verði sérstaklega gefinn gaumur að sjúkradagpeningagreiðslum og launum í veikindum þannig að betra samræmi verði á þeim ákvæðum en nú er milli ýmissa stétta og starfshópa.

Við endurskoðun verði sérstaklega gætt að því að fólki sé ekki mismunað með greiðslum eftir því hvar það er búsett á landinu og þarf því bæði að taka tillit til

ferðakostnaðar og uppihaldskostnaðar sjúklinga og aðstandenda sé um að ræða sjúkdóma sem ekki er hægt að lækna í heimabyggð.

Tryggja þarf réttlátt örorkumat með hliðsjón af heilsufarslegum og félagslegum aðstæðum tryggðra.

6.7. Lyfjamál.

Fyrirkomulag lyfsölumála er þannig hérlendis nú að lyfjaheildsala er öllum frjáls sem hafa í þjónustu sinni lyfjafræðinga. Smásalan er hins vegar með þremur undantekningum bundin við að lyfjafræðingur fái leyfi forseta Íslands til rekstrar lyfjabúðar í tilteknu umdæmi.

Ekkert mælir á móti breytingum til frjálsræðis og hagræðingar í lyfjasmásölu og er hægt að gera það án þess að slaka á kröfum um sérþekkingu.

Markmið 28.

Öll málefni lyfjasölu og lyfjaneyslu verði tekin til sérstakrar athugunar.

Sérstaklega verði litið á möguleika heilsugæslustöðva til þess að annast lyfjasölu og ráða lyfjafræðinga til að sinna þeim verkefnum á sama hátt og læknar og annað heilbrigðisstarfslið.

Upplýsingar til fólks um lyf og lyfjaneyslu skulu stórauknar og sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að draga úr ónauðsynlegri og óhóflegri lyfjaneyslu hvort sem hún er á kostnað sjúkratrygginga eða ekki.

Greiðslufyrirkomulag sjúklinga á lyfjum verði tekið til sérstakrar endurskoðunar með tilliti til þess að sanngirni sé gætt hvað snertir langvarandi sjúkdóma.

6.8. Skaðabætur til sjúklinga.

Reynslan sýnir að af og til verða óhöpp við lækningar sem koma óvænt og engum verður um kennt. Sanngjarnt er að þeir sem fyrir slíku verða fái hæfilegar bætur án þess að stofna þurfi til málaferla.

Markmið 29.

Settar verði sérstakar reglur um rétt sjúklinga til bóta ef þeir verða fyrir heilsutjóni vegna læknismeðferðar eða vegna veru á sjúkrastofnun þannig að þeir þurfi ekki að standa í málaferlum til þess að ná rétti sínum fram.

7. FRAMLÖG TIL HEILBRIGÐISMÁLA OG MANNAFLI

7.1. Fjármunir.

Síðustu 25 ár hafa fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu aukist mjög verulega og er nú þannig komið að Ísland eyðir hlutfallslega af þjóðarframleiðslu jafnmiklu og aðrar Norðurlandaþjóðir, eða um 10%.

Markmið 30.

Þeir fjármunir, sem verja á til heilbrigðismála, verði auknir frá því sem nú er til þess að mæta auknum þörfum vegna öldrunar íbúanna og vegna aukningar langvarandi sjúkdóma og ráðstafana til fyrirbyggjandi aðgerða og meðferðar.

Gerð verði áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana þannig að heilbrigðisstofnanir til þess að sinna heilsugæslu verði allar komnar upp fyrir árið 1995 og fyrir árið 2000 verði að fullu sinnt stofnanaþjónustu eins og áætlunin gerir ráð fyrir.

7.2. Mannafli.

Starfsliði í heilbrigðisþjónustu hefur fjölgað mjög síðustu tvo áratugi án þess að áætlun hafi verið gerð um samræmingu menntunartilboða og starfa. Því er svo komið nú að offjölgun er í sumum starfsstéttum en skortur í öðrum. Til að leiðrétta þetta þarf samræmingu og skipulag, og launamálastefnu sem hvetur til starfa sem nú búa við skort á mannafla.

Markmið 31.

Gerð verði sérstök áætlun fyrir 1990 um heildarmannaflaþörf í heilbrigðisþjónustu og auk þess sérstök áætlun um þann fjölda sem þarf af læknum, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum og meinatæknum fram til ársins 2000.

Námsskrár skóla almennt og skóla heilbrigðistétta sérstaklega verði endurskoðaðar með sérstöku tilliti til þeirrar áherslu sem leggja skal á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu og skulu allar námsskrár þessara stétta samdar af aðilum sem tilnefndir eru bæði af menntamála- og heilbrigðisyfirvöldum.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á sameiginlegri grunnmenntun þessara stétta þannig að fólk geti skipt um starf án mikillar viðbótarmenntunar.

8. RANNSÓKNIR

8.1. Rannsóknir vegna heilbrigðisstefnunnar.

Heibrigðisþjónustan þarf að búa við virkt og öflugt upplýsingakerfi til eftirlits og mats á árangri ákvörðunartöku og aðgerða. Forsendur heilbrigðisáætlunarinnar eru þekking á heilsufari, dánarorsökum og þeim þáttum sem áhrif hafa til góðs eða ills í því sambandi eins og lífsmáti fólks, umhverfi þess, notkun og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustunnar ásamt möguleikum á virkri ákvörðunartöku og stefnumörkun um heilbrigðismálefni. Núverandi upplýsingakerfi er ófullkomið og þungt í vöfum. Það byggir aðallega á dánarmeinaskrá en tölvuvæðing á útskriftaskrám sjúkrahúsa og samskiptaskrám heilsugæslustöðva er í örri þróun.

Markmið 32.

Fullnægjandi upplýsingakerfi til eftirlits og mats á heilbrigðisþjónustunni verði skipulagt fyrir 1990. Heilbrigðisrannsóknir verði efldar og í því skyni sérstök rannsóknaráætlun fyrir 1990 til stuðnings framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Í því skyni verði tryggð nauðsynleg aðstaða og fjölgun fólks sem stundar heilbrigðisrannsóknir. Sérstaklega verði gefinn gaumur að rannsóknum á sambandi lífsmáta fólks og umhverfis á heilsufar þess, svo og rannsóknum á heilsugæsluverkefnum í heilbrigðiskerfinu sjálfu, hvernig það reynist, hvernig það starfar og hver árangur þess er.

9. ALÞJÓÐASAMSTARF

Skipti á upplýsingum og reynslu um heilbrigðismál, einkum við önnur Norðurlönd og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, eru sérstaklega mikilvægar fyrir lítið land eins og Ísland. Ísland hefur tekið virkan þátt í þessu samstarfi og verið bæði þiggjandi og veitandi. Nauðsynlegt er að viðhalda og efla þetta samstarf einkum með hliðsjón af þeim möguleikum sem Ísland hefur að miðla af eigin reynslu og góðum árangri í heilbrigðismálum.

Markmið 33.

Áætlun verði gerð um í hve miklum mæli og hvernig Ísland getur tekið þátt í alþjóðasamstarfi um heilbrigðismál.

Fylgiskjal I.

Verkefni sem þarf að framkvæma til þess að markmiðin náist.

Vegna M 1:
Afla gagnagrunns um heilsufarslega, faraldsfræðilega og lýðfræðilega stöðu landsbúa.

Vegna M 2:
Lagabreytingar um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í heilbrigðismálum.

Vegna M 3:
Tryggja að framkvæmd heilsugæslu sé sambærileg um allt landið og að sköpuð séu tengsl við aðra þætti starfs og við stofnanir í og utan heilbrigðiskerfisins.

Vegna M 4:
Setja reglugerð um starfsemi sjúkrahúsa, flokkun þeirra, verksvið, starfssvæði og mönnun.

Vegna M 5:
Setja lög um heilbrigðisfræðslu og forvarnir. Auka menntun heilbrigðisstétta hvað varðar heilbrigðisfræðslu.

Vegna M 6:
Kynna reglulega manneldismarkmið í samræmi við bestu þekkingu. Setja reglur um vörukynningu og vörumerkingar. Stefna að reglum um verðstýringu í samræmi við heilsuvernd.

Vegna M 7:
Gera áætlun um útrýmingu tóbaks fyrir aldamót. Ítarlegri aðhaldsreglur um reykingar í fjölmenni.

Vegna M 8:
Gera markvissa áætlun um samdrátt í notkun áfengis.
Ríkið hætti að vera háð tekjum af áfengissölu og meiri hagnaður af áfengissölu renni til áfengisvarna.

Vegna M 9:
Skapa skilyrði til þess að heilsugæslan geti sinnt vandamálum geðsjúkra, langvarandi veikra, fatlaðra og aldraðra í meira mæli en nú er.

Vegna M 10:
Skapa betri skilyrði til útivistar en nú er í þéttbýli og gera átak í skipulagsmálum til að koma upp sérstökum hlaupa-, göngu- og hjólreiðabrautum. Almennum íþróttahúsum fjölgi. Endurskoða skipulagsreglur um ferlimál fatlaðra.

Vegna M 11:
Tryggja þarf að gætt sé heilbrigðissjónarmiða þegar fjallað er um umhverfis- og náttúruverndarmál.

Vegna M 12:
1. Matvælaeftirlit verði endurskipulagt bæði vegna innlendrar framleiðslu og innflutnings.
2. Skipulag ónæmisaðgerða tryggi að minnsta kosti 95% aðild og stöðugt eftirlit.
3. Í nýjum lögum um sóttvarnir verði m.a. ákveðið um fyrirkomulag alnæmismeðferðar og einangrunar smitbera.

Vegna M 13:
1. Strangar reglur verði settar um hávaðamengun við vinnu, á skemmtistöðum og utan dyra.
2. Reglur verði settar um notkun röntgengreiningar og leitað leiða til minnkandi geislunar við rannsóknir.

Vegna M 14:
Ný löggjöf verði sett um eiturefni og hættuleg efni og allt eftirlit með slíkum efnum stóraukið.

Vegna M 15:
1. Settar verði reglur um blýmengun frá bensíni.
2. Byggingarreglugerðum verði breytt í samræmi við bestu þekkingu um efnisnotkun.
3. Reglur er tryggja heilnæmt andrúmsloft á vinnustöðum verði settar.

Vegna M 16:
Vinnuverndarmál verði gerð að heilbrigðismálum og þau tengd heilsugæslustöðvum þar sem það á við.

Vegna M 17:
Sett verði á fót sérstakt slysavarnaráð eða stofnun sem annast samvinnu allra aðila sem tengjast eða annast slysavarnir hvers konar.

Vegna M 18:
Lög um heilbrigðisþjónustu verði endurskoðuð með tilliti til þarfa sérstakra hópa. Verði ekki hægt að sjá fyrir þörfum þeirra innan laga um heilbrigðisþjónustu verði sérlög endurskoðuð og fleiri sett ef með þarf, sbr. lög um málefni fatlaðra og lög um málefni aldraðra.

Vegna M 19:
Valdir verði þeir sjúkdómar þar sem talið er æskilegt og nauðsynlegt að gera meðferðaráætlanir um til þess að gera sjúklingana virkari þátttakendur við meðferðina, þannig að læknir og sjúklingur geti betur gert sér grein fyrir því hvort sú meðferð, sem beitt er, er í samræmi við bestu þekkingu.

Vegna M 20:
Áætlun verði gerð um starfsemi og mönnun heilsugæslustöðva komist í það horf sem lög gera ráð fyrir. Lögin verði endurskoðuð, sbr. M 18, og breytt í það horf að fjölga læknum í heilsugæslu þannig að mönnun H1 heilsugæslustöðva breytist.

Vegna M 21:
Skýr skil verði gerð milli sérfræðistarfa á sjúkrahúsum og utan. Sérfræðingar í fullu starfi á sjúkrahúsum sinni ekki sérfræðistarfi utan sjúkrahússins. Sérstakir læknar verði ráðnir á göngudeildir sjúkrahúsanna til sérfræðistarfa og verksvið göngudeilda skýrar ákveðið.

Vegna M 22:

Við endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu verði sérstakt tillit tekið til endurhæfingarmála.

Vegna M 23:

Lög um almannatryggingar verði endurskoðuð með tilliti til þess að tannlækningar verði gerðar greiðsluskyldar á sama hátt og læknisstörf.

Vegna M 24:

Í reglugerð um sjúkrahús, sbr. M 4, verði hlutverk svæðissjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri skilgreint sérstaklega. Sérfræðingar og göngudeildir sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri verði tengd ákveðnum heilsugæsluumdæmum og komið verði upp sérstöku kerfi farandsérfræðinga í þeim sérgreinum þar sem það er álitlegt.

Vegna M 25:

Geðlæknisþjónustan verði endurskipulögð með tilliti til þess að heilsugæslustöðvar taki að sér ákveðin verkefni á því sviði. Áfengis- og fíkniefnameðferð verði endurskoðuð sérstaklega með tilliti til samræmingar stofnanaþjónustunnar og göngudeildarþjónustan verði í svo miklum mæli sem unnt er flutt inn á heilsugæslustöðvar. Áfengis- og fíkniefnamál unglinga verði athuguð sérstaklega.

Vegna M 26:

Skil verði gerð milli öldrunarlækningadeilda og hjúkrunardeilda og kappkostað að leysa allan hjúkrunarvanda svæðisbundið. Heimaþjónusta vegna aldraðra og langvarandi veikra verði skipulögð fyrir landið í heild með tilliti til þess að nýta sem best allt hjúkrunarrými.

Vegna M 27:

Almannatryggingalög verði endurskoðuð í heild með sérstöku tilliti til þess að jafna aðstöðumun fólks í landinu til heilbrigðisþjónustunnar. Ákvæði um örorkumat verði endurskoðuð og sett á laggirnar áfrýjunarnefnd.

Vegna M 28:

Lög um lyfjamál og lyfjadreifingu verði endurskoðuð með tilliti til þess annars vegar að færa lyfjaafgreiðslu til heilsugæslunnar þar sem það á við og að ráða lyfjafræðinga að heilsugæslustöðvum til að sinna lyfjasölu á sama hátt og annað starfslið heilsugæslu er nú ráðið og hins vegar til aukins frjálsræðis án þess að slaka á kröfum um sérþekkingu.

Vegna M 29:

Löggjöf verði sett eða samningar gerðir við tryggingafélög um að koma á sérstökum tryggingum vegna sjúklinga sem hljóta örorku eða miska vegna lækninga.

Vegna M 30:

Gerð verði rammaáætlun vegna bygginga heilbrigðisstofnana til næstu 10 ára og ítarleg áætlun til næstu 5 ára.

Vegna M 31:

Gera þarf áætlun um mannaflaþörf í heilbrigðisþjónustunni á öllu sérhæfðu starfsliði næstu 5 ár og næstu 10 ár miðað við breytingar í þjóðfélagi og aldursskiptingu.

Endurskoða þarf námsskrá skóla heilbrigðisstétta með tilliti til þeirrar áherslu sem leggja þarf á heilbrigðisfræðslu og heilsuvernd.

Vegna M 32:

Fullnægjandi upplýsingakerfi til eftirlits og mats á heilbrigðisþjónustunni verði komið á. Sérstök rannsóknaráætlun verði gerð vegna framkvæmdar þessarar heilbrigðisáætlunar og jafnframt tekið tillit til áætlana Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna HFA 2000.

Vegna M 33:

Sérstök athugun fari fram á alþjóðasamstarfi Íslands í heilbrigðismálum og gerð áætlun um framtíðaráform um áframhaldandi starf.

Sþ. 1055. Nefndarálit [49. mál]

um till. til þál. um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

Frá félagsmálanefnd.

Auk tillögu þessarar liggur fyrir þinginu frumvarp til laga um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 27. mál, Nd., og till. til þál. um undirbúning lífeyrissjóðsréttinda þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum, 428. mál, Sþ. Þingmál þessi fjalla öll í megindráttum um sama efni. Nefndin hefur rætt málið með hliðsjón af þessum þingmálum og náð samkomulagi um eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 1987.

Alþingi, 18. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Árni Johnsen.
Stefán Valgeirsson.	Jón Kristjánsson.	Guðrún Helgadóttir.
	Friðjón Þórðarson.	

Sþ. 1056. Svar [344. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn frá Geir Gunnarssyni um kostnað vegna samninganefnda um stóriðju og vegna stóriðjunefndar.

Iðnaðarráðherra svaraði samhljóða fyrirspurn frá Geir Gunnarssyni á 107. löggjafarþingi varðandi árin 1983 og 1984 og vísast til þess að því er varðar samninganefnd um stóriðju og stóriðjunefnd.

Lokauppgjör Ríkisbókhalds varðandi árið 1986 liggur enn ekki fyrir og byggjast upplýsingar þær sem hér eru gefnar því á bráðabirgðatölum.

1. SAMNINGANEFND UM STÓRIÐJU

Fljótlega eftir myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar skipaði þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, með bréfi dags. 14. júní 1983 sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, til þess að annast viðræður og samninga um orkufrekan iðnað eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra hverju sinni.

Í nefndina voru skipaðir: Dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar Landsvirkjunar, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, dr. Gunnar G. Schram prófessor. Með nefndinni hafa starfað: Páll Flygenring ráðuneytisstjóri, Garðar Ingvarsson hagfræðingur, sem ritari, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður sem var lögfræðilegur ráðunautur.

Fyrsta viðfangsefni nefndarinnar var að hefja viðræður við Alusuisse með það fyrir augum að komist yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenska ríkisins sem þá höfðu staðið í þrjú ár og viðræður hafnar milli aðila um hækkun orkuverðs og aðra endurskoðun gildandi samninga um álbræðsluna í Straumsvík.

Á fundum samninganefndarinnar með fulltrúum Alusuisse og ÍSAL sumarið 1983 náðist samkomulag (Bráðabirgðasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse um leiðir til lausnar á yfirstandandi deilu milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. og um ráðstafanir — að hluta tímabundnar — varðandi starfsgrundvöll, þar á meðal orkuverð, og framtíðarþróun álbræðslunnar í Straumsvík) sem staðfest var af ríkisstjórninni og undirritað af iðnaðarráðherra 23. september 1983.

Með bráðabirgðasamningi þessum var lagður grundvöllur að heildarviðræðum um málefni álversins í Straumsvík. Í honum var, auk áfangahækkunar raforkuverðs, samið um að taka upp viðræður um eftirfarandi atriði:

1. Lausn deilumála varðandi skattgreiðslur ÍSAL 1976–1980 og málsmeðferð í því sambandi.
2. Endurskoðun orkuverðs og annarra ákvæða orkusölusamningsins.
3. Endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSAL í þeim tilgangi að gera ákvæðin skýrari og tryggari og draga úr hættu á deilum um skattgreiðslur.
4. Möguleika á stækkun álversins og m.a. heimild fyrir Alusuisse til að selja hlutabréf í ÍSAL.

Með undirritun þriðja viðauka við aðalsamninginn og öðrum þeim samningum, sem undirritaðir voru 5. nóvember 1984 og staðfestir voru af Alþingi með lögum nr. 104 30. nóvember 1984, voru fyrstgreindu atriðin tvö leidd til lykta.

Í framhaldi af staðfestingu þriðja viðaukans var hafist handa um þriðja meginatriði viðræðnanna við Alusuisse, þ.e. endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSAL. Að því máli störfuðu einkum sérstakar undirnefndir samninganefnda aðilanna sem sérfræðinganefndir í skattamálum.

Í íslensku undirnefndinni voru: Garðar Ingvarsson hagfræðingur, ritari samninganefndar um stóriðju, formaður, Stefán Svavarsson löggiltur endurskoðandi, Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður og Halldór J. Kristjánsson, deildarlögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu.

Enn fremur naut nefndin sérfræðiaðstoðar frá breska endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand og íslensku samstarfsfyrirtæki þess, Endurskoðunarmiðstöðinni hf. — N. Manscher. Viðræður nefndanna stóðu fram í júlí 1985 og leiddu til samkomulags um meginatriði endurskoðunarinnar sem áður var getið og undirritað var 18. júlí 1985.

Í samræmi við ákvæði samkomulagsins var síðan unnið að gerð endanlegs texta að formlegum samningi þar sem efni þess yrði fellt inn í gildandi aðalsamning. Af hálfu ríkisstjórnarinnar unnu þrír lögfræðingar, þeir Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður og Halldór J. Kristjánsson deildarlögfræðingur, að því verki í sameiningu, ásamt Garðari Ingvarssyni og öðrum fulltrúum úr skattanefndinni.

Samkomulag náðist um endanlegan texta hinn 11. nóvember 1985 og var viðaukinn undirritaður af Albert Guðmundssyni iðnaðarráðherra og dr. Dietrich Ernst framkvæmdastjóra Alusuisse í Reykjavík sama dag. Var samningurinn lagður fyrir Alþingi haustið 1985 og öðlaðist lagagildi með lögum nr. 111 31. desember 1985.

(Allar fjárhæðir hér á eftir eru í þús. kr.)

a. Heildarkostnaður 38 291 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:

	1985	**1986**
Kostnaður	10 183.0	173.1

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:

	1985	**1986**
Dr. Jóhannes Nordal	17.1	
Guðmundur G. Þórarinsson	40.9	
Dr. Gunnar G. Schram	11.4	
Samtals	69.4	0

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun og laun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni:

	1985	**1986**
Garðar Ingvarsson	590.2	173.1
Páll Flygenring	23.2	
Ragnar Aðalsteinsson	63.1	
Lögfræðiskrifstofan Höfðabakka (Eiríkur Tómasson)	299.1	
Lögmenn (Hjörtur Torfason)	1 551.5	
Hugh Ault	136.3	
Coopers & Lybrand*	3 867.9	
Philips Weinberg	17.0	
M.F. Engineering	326.1	
Fasken & Calvin	86.4	
Doyle Reporting	2.8	
Charles Lipton	40.3	
Sigurður Stefánsson (v. dómnefndar)	468.3	
Stefán Svavarsson	157.5	
Endurskoðunarmiðstöðin, N. Manscher	29.3	
Samtals	7 659.0	173.1

* Þar af 2099 þús. kr. vegna endurskoðunar reikninga ÍSAL fyrir 1984.

	1985	**1986**
f. Ferðakostnaður	1 803.0	0
g. Annar kostnaður	651.6	0

2. STÓRIÐJUNEFND

Skipuð 14. júní 1983 til að vera iðnaðarráðherra til ráðuneytis um stefnumörkun og tillögugerð til hagnýtingar orkulinda landsins til stóriðju. Þá er nefndinni ætlað að eiga könnunarviðræður við hugsanlega samningsaðila, innlenda og erlenda, á þessu sviði.

Nefndarmenn: Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, Lárus Jónsson bankastjóri, Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, Sigurgeir Jónsson ráðuneytisstjóri og Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri. Ritari nefndarinnar er Hermann Sveinbjörnsson deildarstjóri og ráðunautur nefndarinnar er Garðar Ingvarsson hagfræðingur.

Stóriðjunefnd hefur unnið að kynningu gagnvart erlendum fyrirtækjum, viðhaldið eldri samböndum og jafnframt leitað eftir möguleikum á nýjum sviðum orkufreks iðnaðar. Hafa allmargir fundir verið haldnir hérlendis og erlendis með fulltrúum erlendra fyrirtækja um þessi mál. Er vonast til að þetta starf skili árangri í einni eða annarri mynd þegar jafnvægi kemst á í helstu greinum stóriðju og þörf verður á nýjum verksmiðjum.

a. Heildarkostnaður 3483 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:

	1985	1986
Kostnaður	1 188	411

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:

	1985	1986
Birgir Ísl. Gunnarsson	54.5	104.9
Guðmundur G. Þórarinsson	84.4	24.9
Helgi G. Þórðarson	7.2	10.0
Lárus Jónsson	7.2	10.0
Sigurgeir Jónsson	7.2	10.0
Valur Arnþórsson	7.2	10.0
Samtals	167.7	169.8

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun og laun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni.

	1985	1986
Kostnaður	347	219
Starfsmenn og ráðgjafar:		
Garðar Ingvarsson	7.2	10.0
Hermann Sveinbjörnsson	7.2	10.0
Baldur Guðlaugsson	49.5	0.0
Kísilmálmvinnslan	175.0	0.0
Háskóli Íslands	2.9	17.7
Robert Melk	42.5	0.0
Samtals	284.3	37.7
f. Ferðakostnaður	277.5	82.0
g. Annar kostnaður	458.5	121.5

3. STARFSHÓPUR TIL AÐ FJALLA UM LEIÐIR TIL AÐ FLÝTA STÆKKUN ÍSAL

Hinn 14. júlí 1986 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að fjalla um leiðir til þess að flýta stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Hlutverk starfshópsins er í aðalatriðum sem hér segir:

1. Afla gagna og gera áætlanir um rekstrarafkomu og hagkvæmni stækkunar álbræðslunnar í Straumsvík hvort sem um yrði að ræða stækkun ÍSAL eða nýtt fyrirtæki er rekið væri við Straumsvík.
2. Kanna með hvaða hætti iðnaðarráðherra geti með frumkvæði af sinni hálfu stuðlað að því að fljótlega verði ráðist í stækkun álbræðslunnar í samvinnu við aðra erlenda aðila en Alusuisse.
3. Kanna afstöðu Alusuisse til stækkunar ÍSAL og hvaða leiðir séu til samstarfs um slíka stækkun.

Í starfshópinn voru skipaðir: Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og Gunnar G. Schram alþingismaður. Starfshópnum til aðstoðar voru þeir Halldór J. Kristjánsson deildarlögfræðingur og Garðar Ingvarsson hagfræðingur.

Svo sem vikið var að hér að framan undir 1. lið hefur verið gengið frá heildarendurskoðun samninga við Alusuisse um málefni núverandi álbræðslu. Þar með er lagður grundvöllur þess að unnt verði að fjalla með ábyrgum hætti um stækkun álversins í Straumsvík.

Alusuisse hefur átt við fjárhagsörðugleika að stríða og hefur fyrirtækið undanfarið verið að draga saman seglin í áliðnaði. Breyttar áherslur stjórnar Alusuisse gera ljóst að um stækkun verður ekki að ræða með þátttöku Alusuisse. Ríkisstjórnin hefur því orðið að taka frumkvæði í vinnu að aukinni álvinnslu hér á landi.

a. Heildarkostnaður 1519 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:

	1985	**1986**
Kostnaður		1 519

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:

	1985	**1986**
Dr. Jóhannes Nordal		41.0
Birgir Ísl. Gunnarsson		30.7
Guðmundur G. Þórarinsson		39.0
Dr. Gunnar G. Schram		39.0
Samtals	0	149.7

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun og laun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni:

	1985	1986
Garðar Ingvarsson		164.7
Halldór J. Kristjánsson		41.0
Samtals	0	205.7

f. Ferðakostnaður	622.0
g. Annar kostnaður	541.6

4. KÍSILMÁLMVINNSLAN

Í maí 1983 ákvað þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni hf. á Reyðarfirði. Var þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar og Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóra að þeir störfuðu með undirnefnd stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísl. Gunnarssyni, formanni stóriðjunefndar, og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá komu hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísl. Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr stóriðjunefnd, Geir H. Haarde og Axel Gíslason samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. í viðræðunefnd til að hafa með höndum samningaumleitanir við aðila er áhuga hefðu á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar var Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar hf.

Fyrri hluta ársins 1985 var einkum rætt við norska fyrirtækið Elkem, bandaríska fyrirtækið Dow Corning og austurríska fyrirtækið Voest Alpine án þess að jákvæð niðurstaða fengist. Á miðju ári voru teknar upp að nýju könnunarviðræður við breska fyrirtækið RTZ Metals í Bristol, en rætt hafði verið við það fyrirtæki síðari hluta árs 1984. Niðurstöður þeirra viðræðna urðu þær að síðari hluta desembermánaðar ákvað fyrirtækið að taka upp formlegar viðræður við íslensk stjórnvöld um hugsanlega eignaraðild að Kísilmálmvinnslunni hf.

Í janúar 1986 skipaði Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra nefnd til að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Í nefndina voru skipaðir: Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Axel Gíslason framkvæmdastjóri, Geir H. Haarde, aðstoðarmaður ráðherra, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og Halldór J. Kristjánsson deildarlögfræðingur.

Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri og Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.

Viðræður við RTZ Metals hófust með formlegum hætti með fundi í janúar 1986. Hafa viðræðurnar gengið vel þannig að fyrir liggur að ganga megi frá endanlegum samningum milli aðila með skömmum fyrirvara. Hins vegar hafa ytri aðstæður þróast verkefninu mjög í óhag. Hefur það valdið drætti á ákvörðunum um málið.

Kostnaður hefur verið greiddur af Kísilmálmvinnslunni. Fyrirtækið hefur að beiðni ráðuneytisins látið eftirfarandi upplýsingar um kostnað vegna eignaraðildarkönnunar og samninga í té eins og þeir eru færðir samkvæmt bókum Kísilmálmvinnslunnar hf. Tekið er fram að í mörgum tilfellum sé álitamál hvort færa eigi kostnað til rekstrar Kísilmálmvinnslunnar hf. eða sem kostnað vegna eignaraðildarkönnunar og samninga. Á það einkum við um aðkeypta sérfræðiþjónustu og ferðakostnað starfsmanna Kísilmálmvinnslunnar hf.

a. Heildarkostnaður 10 846.9 þús. kr.

b. Sundurliðun eftir árum:

	1983	1984	1985	1986
Kostnaður	76.0	1 960.2	3 026.8	5 783.9

c. Frekari sundurliðun eftir verkefnum liggur ekki fyrir.

d. Þóknun og laun til einstakra nefndarmanna:

	1983	1984	1985	1986
Axel Gíslason		99.5	51.4	226.7
Birgir Ísl. Gunnarsson		161.0	193.5	535.6
Geir H. Haarde		56.2	74.0	218.4
Guðmundur G. Þórarinsson		115.4	182.6	236.1
Halldór J. Kristjánsson				252.7
Samtals	0.0	432.1	501.5	1 469.5

Greiðslur til nefndarmanna eru í samræmi við tillögur er fram komu í bréfi Kísilmálmvinnslunnar hf. til Birgis Ísl. Gunnarssonar, dags. 15. ágúst 1985, og staðfestar hafa verið af iðnaðarráðherra. Skiptast þær í fastar greiðslur fyrir fundi í nefndinni sjálfri annars vegar og greiðslur vegna samningafunda hins vegar.

e. Þóknun til einstakra ráðunauta, aðkeypt ráðgjöf og þóknun til þeirra sem starfað hafa með nefndinni:

	1983	1984	1985	1986
Baldur Guðlaugsson		59.5	304.2	640.0
Chase Econometrics		149.1		
Coopers & Lybrand				90.7
Endurskoðunarmiðstöðin			26.1	59.5
Fesil Engineering			68.5	
Garðar Ingvarsson		13.5	28.5	
Hilmar Foss		24.0		81.2
Sjóefnavinnslan			125.0	
Samtals		246.1	552.3	871.4

f. Ferðakostnaður* 76.0 1 178.0 1 644.0 2 863.0

* Til ferðakostnaðar er auk ferðakostnaðar nefndarinnar talinn ferðakostnaður sérfræðinga og starfsmanna Kísilmálmvinnslunnar hf. vegna ferðalaga þeirra í beinum tengslum við störf nefndarinnar.

	1983	1984	1985	1986
Annar kostnaður		104.0	329.0	580.0

Ed. 1057. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Stefáni Benediktssyni.

Síðari mgr. 64. gr. falli brott.

Sþ. 1058. Nefndarálit [338. mál]

um till. til þál. um úttekt á samskiptum menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til umfjöllunar og auk þess tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka deilur milli fræðsluyfirvalda í Norðurlandi eystra og menntamálaráðuneytisins (325. mál).

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Minni hl. leggur til þá afgreiðslu á málinu að brtt., sem flutt er á sérstöku þingskjali, verði samþykkt.

Alþingi, 18. mars 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.

Stefán Valgeirsson, frsm.

Sþ. 1059. Breytingartillaga [338. mál]

við till. til þál. um úttekt á samskiptum menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd er hafi það verkefni að gera úttekt á samskiptum menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra.

Nefndin hafi fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist til að skýra málið í heild og einstök atvik þess.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og kostur er og semja skýrslu um niðurstöðu af störfum sínum og verði hún birt opinberlega.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 1060. Nefndarálit [160. mál]

um till. til þál. um fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og telur að með hliðsjón af sjúkdómnum alnæmi sé full ástæða til aukinnar fræðslu um kynlíf og kynsjúkdóma, en frumskilyrði er að efla almennt siðferði varðandi kynlíf og barneignir.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir.

Alþingi, 18. mars 1987.

Gunnar G. Schram, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Árni Johnsen, frsm.
